# ALÞINGISTÍÐINDI
# 1934

## FERTUGASTA OG ÁTTUNDA LÖGGJAFARÞING

# C

## UMRÆÐUR

UM

## FALLIN FRUMVÖRP OG ÓÚTRÆDD

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1935

## Aðalefnisyfirlit og skammstafanaskrá fylgir B-deild.

# Efnisskrá C-deildar.


Atvinna við siglingar ..... 383
Atvinnudeild við Háskóla Íslands ..... 526
Barnafræðsla ..... 414
Berklavarnir ..... 377
Bifreiðaskattur o. fl. ..... 268
Bygging og ábúð jarða í almannaeign .... 401
Bæjargjöld á Akureyri ..... 1
Bændaskólar ..... 517
Efnivörur til iðnaðar ..... 357
Einkasala á fóðurmjöli og fóðurbæti ..... 499
Fangelsi ..... 520
Fasteignaskattur ..... 406
Fasteignaveðslán landbúnaðarins ..... 415
Fátækralagabreyting (frv. JS) ..... 305
Fátækralagabreyting (frv. PZ og ÞorbÞ) .. 346
Fátækralagabreyting (stjfrv.) ..... 255
Fávitahæli ..... 514
Ferðamannaskrifstofa ..... 317
Fiskiráð ..... 279
Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BJ o. fl.) .... 409
Fiskveiðasjóður Íslands (frv. JJós o. fl.) .. 389
Framfærslulög ..... 349
Friðun náttúruminja ..... 527
Frystigjald beitusíldar ..... 414
Hafnarlög Siglufjarðar ..... 529
Háskóli Íslands ..... 526
Hlutabréfakaup í Útvegsbankanum ..... 392
Húsmæðra- og vinnuskóli kvenna í Rvík 522
Innlánsvextir og vaxtaskattur ..... 404
Jarðræktarlög (frv. PM) ..... 440
Jarðræktarlög (frv. ÞBr) ..... 452
Kosningar í sveitamálum og kaupstaða (frv. SE) ..... 274
Kreppulánasjóður (frv. HV og PZ) ..... 40
Lax- og silungsveiði ..... 344
Léttverkuð saltsíld ..... 267
Líftryggingastofnun ríkisins ..... 440
Lýðskóli með skylduvinnu nemenda ..... 195
Meðlag með börnum ekkna ..... 440
Nýbýli ..... 415
Opinber ákærandi ..... 178
Prestlaunasjóður ..... 358
Ráðstafanir vegna fjárkreppunnar (frv. GG) 23
Ráðstafanir vegna fjárkreppunnar (frv. HannJ og MT) ..... 47
Rekstrarlánafélög ..... 440
Ríkisborgararéttur (frv. allshn. Nd.) .... 343
Ríkisgjaldanefnd ..... 441
Ríkisútgáfa skólabóka ..... 199
Sala Hvanneyrar í Siglufirði ..... 304
Samkomudagur reglulegs Alþingis 1935 .. 543
Símalagabreyting (frv. JBald) ..... 521
Skuldaskilasjóður útgerðarmanna ..... 61
Strandferðir ..... 306
Söfnunarsjóður Íslands ..... 426
Talstöð í milliferðaskipum ..... 477
Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins 560
Trjáplöntur og trjáfræ ..... 21
Útgerðarsamvinnufélög ..... 408
Vegalagabreyting (frv. JBald og JJ) .... 519
Vegalagabreyting (frv. ÞÞ og ÞBr) ..... 518
Verzlunarskuldir ..... 375
Vigt á síld ..... 471
Virkjun Fljótaár ..... 273
Yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi .... 505
Þingsköp Alþingis (frv. TT) ..... 277
Þjóðjarðasala og kirkjujarða ..... 382
Ættaróðal og óðalsréttur ..... 414

# Lagafrumvörp felld.

## 1. Bæjargjöld á Akureyri.

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um bæjargjöld á Akureyri** (þmfrv., A. 148).

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Forseti (JörB):** Ég vil mælast til, að hv. þm. verði stuttorðir um þetta mál, því að mörg mál eru eftir á dagskrá, sem þarf að afgreiða á þessum fundi.

**Flm. (Guðbrandur Ísberg):** Með frv. því, er hér liggur fyrir, er farið fram á heimild til handa bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar til þess að leggja sérstakt vörugjald á vörur, sem fluttar eru til eða frá Akureyri, og að gjöld þessi renni í bæjarsjóð.

Ástæðan til þess, að farið er fram á þetta, er sú, að bæjarstjórn Akureyrar telur ógerlegt að jafna niður í beinum útsvörum því, sem þarf til bæjargjalda. Það, sem einkum veldur þessu, er aukin framlög til atvinnubóta, og það, sem rýrt hefir gjaldþol bæjarmanna, er einkum það, að útgerðin hefir færzt saman á síðustu árum. Og enn má nefna eitt atriði, sem ég nefni þó ekki í þeim tilgangi að vekja deilur, að verzlunin hefir á síðustu árum færzt mjög á eina hönd, til Kaupfélags Eyfirðinga, sem er orðið mjög voldugt félag, en af gengi þess hefir leitt, að þær verzlanir, sem áður báru mikið af byrðum bæjarins, hafa nú orðið að færa saman kviarnar að miklum mun. Bæjarstjórn Akureyrar hefir því ekki séð aðra leið færa til þess að ná inn fé, sem þarf til þess að standa straum af gjöldum bæjarins, en þá, sem hér er lagt til að farin verði, og er það að tilhlutun bæjarstj., að þetta frv. er flutt.

Það liggur í hlutarins eðli, að það er ekki farið inn á þessa leið að gamni sínu. Vitanlega hefði bæjarstjórnin helzt kosið að halda sig við þá tekjustofna, sem hún hefir áður haft, en hún hefir ekki séð aðra leið færa en þá, sem hér er farið fram á.

Ég vil aðeins bæta því við, að hér er ekki um tilfinnanleg gjöld að ræða, vegna þess að vörutollur til hafnarinnar á Akureyri er ákaflega lágur. Ég hefi því miður ekki ennþá fengið uppgefið, hvað miklu hann hefir numið á síðustu árum, en með því að fá það er auðvelt að sjá, hverju því gjaldi, sem hér um ræðir, er ætlað að nema.

Ég vil leyfa mér að mælast til þess, að frv. fái að ganga til 2. umr. og til hv. allshn. til athugunar þar, og til leiðbeiningar fyrir n. vil ég geta þess, að í 3. gr. frv. er ákveðið, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1935. Það hefi ég sett í frv. vegna þess, að ég tel æskilegt, að lögin kæmu til framkvæmda í ársbyrjun. Hinsvegar kann að vera örðugleikum bundið að fá lögin staðfest svo snemma, en það verður væntanlega athugað í n.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um frv. og vil verða við tilmælum hæstv. forseta, að lengja ekki umr., og vænti, að málinu verði vísað til 2. umr. og nefndar.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skal verða við þeirri áskorun hæstv. forseta og hv. flm., að verða ekki langorður að þessu sinni. En ég vil þó ekki, að þetta mál fari til n. án þess að ég geri stutta aths. við það.

Eins og menn sjá, þá er farið fram á í till., að Akureyrarbær fái heimild til þess að leggja vörugjald á í bænum til bæjarþarfa, og að þessi heimild skuli notuð, ef niðurjöfnunarnefnd álítur, að ekki sé fært að jafna gjöldunum niður sem útsvörum.

Ég verð að segja, að þetta er mjög stórfellt mál, því að það grípur inn í eitt af þeim vandamálum, sem fyrir liggja, og það er að skipa þannig gjaldstofnum fyrir sveitar- og bæjarfélög, að sæmilega megi við una.

Ég verð nú að geta þess, að ég lít þannig á, að eftir núgildandi lögum um útsvör sé ekki skylt að miða alla útsvarsálagningu við tekjur og eignir.

Ég ætla ekki að fara út í neinar lögskýringar, en ég vil benda á, að svo að segja í öllum kaupstöðum og sveitum á landinu hefir útsvarsgreiðslan verið miðuð að einhverju leyti við annað en tekjur og eignir. Ég hygg, að eftir núgildandi lögum sé heimild fyrir þessari niðurjöfnun, sem hér um ræðir, að víkja frá því að leggja á öll gjöld til bæjarþarfa beint á tekjur og eignir. Frá því sjónarmiði hygg ég, að óþarft sé, að tillaga eins og þessi nái fram að ganga. En auk þessa vil ég taka það sérstaklega fram, að ef á að skipa þessum málum af hálfu Alþingis á einhvern annan hátt en þau nú eru, þá er hér um svo stórt mál að ræða, að frekari undirbúning þarf en nú hefir verið gerður. Í sambandi við það vil ég benda á, að ef þetta frv. verður samþ., þá er því þar með slegið föstu, að ef ekki er hægt að leggja alla skatta á sem beina skatta, þá

á að leggja þá á sem vörugjald. En það er vitanlegt, að fleira getur komið til greina. T. d. getur það komið til greina, að sveitar- og bæjarfélög noti meira fasteignaskatt en nú er gert. Það er nokkuð algengt víða erlendis, sérstaklega í Englandi.

Þess vegna lít ég svo á, að þessi till. eigi ekki fram að ganga, og vil ég skjóta þessari aths. til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, en mun ekki gera það að umtalsefni mikið frekar við þessa umr.

Ég lít þannig á, að ef gefa á út sérstök fyrirmæli frá Alþingi um það, hvernig fara á að, ef niðurjöfnunarn. treystir sér ekki til að jafna útsvörum niður á tekjur og eignir, þá segi það til um, hvað mikið eigi að nota tekju- og eignarskattsálagninguna áður en gripið er til annara tekjustofna, en að það sé ekki á valdi hverrar niðurjöfnunarn. fyrir sig að skera úr um það, og ekki heldur á valdi atvmrh., eins og getið er um í frv.

Ég álít, að Akureyri geti bjargað sínum málum í þessu efni með álagningu útsvara eftir núgildandi útsvarslögum. En ef Alþ. á að fara að gefa út l. um þetta efni, þá vil ég, að ákveðið sé, hve mikið bærinn skuli taka í tekju- og eignarskatti, áður en til annara ráða er tekið.

**Páll Zóphóníasson:** Það er eitt atriði í þessu máli, sem mig langar til að benda á um leið og málið fer í n.

Mál sem þetta tel ég í eðli sínu varhugavert að *samþ., af þeirri ástæðu, að þarna er um* að ræða vörugjald, sem á að leggjast á vöru, sem seld er í kaupstaðnum og aðrir en þeir, sem eiga heima í kaupstaðnum, nota. Með frv. er farið inn á þá braut, sem í þessu tilfelli veitir Akureyri möguleika til að velta útsvörum af íbúum bæjarins yfir á vöru, sem flutt er að og verzlað er með í bænum. Nú kaupa þessa vöru og borga því óbeint þetta vörugjald ekki aðeins bæjarbúar, heldur einnig íbúar sveitanna í kring. Útkoman verður því sú, ef frv. verður samþ., að íbúar þeirra héraða eru látnir bera að nokkru *byrðar bæjarins, og útsvör Akureyrarbúa að því* leyti flutt yfir á menn í sveitum, sem hinsvegar hafa enga aðstöðu til að taka neitt slíkt vörugjald.

Ef frv. yrði samþ., álít ég, að með því yrði skapað mjög varhugavert fordæmi, og vona, að n. athugi það vel áður en hún kemur aftur með málið fyrir hv. d.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Ég skal reyna að lengja ekki mjög þessar umr. — Ég er hræddur um, að það gæti nokkurs misskilnings hjá þeim hv. *þdm., sem mælt hafa gegn þessu frv., og þá* einkum hjá hæstv. fjmrh. Hann sagði, að niðurjöfnunarn. þurfi ekki að leita slíkra ráða sem hér er bent til, en að þeim sé auðvelt að komast aðrar leiðir, sem í flestum kaupstöðum hafi verið farnar undanfarið, og það sé að leggja á umsetningargjald. Mér er nú ekki ljóst, hver munur er á þessu tvennu. Hitt gjaldið, sem hér er farið fram á að leggja á vöruna, sem flutt er til eða frá kaupstaðnum, verður einskonar hundraðsgjald af vörum, sem fluttar eru inn til að selja þar á staðnum eða fluttar eru út til að seljast frá staðnum. Hvað er þetta annað en umsetningargjald af verzlun og fyrirtækjum? Mér finnst nákvæmlega sama útkoman, hvor leiðin sem farin yrði. Leið sú, sem frv. gerir ráð fyrir, er þó einfaldari.

Viðvíkjandi aths. hv. 2. þm. N.-M. virðist mér, að hann hefði átt að taka til andsvara fyrr gegn þessari stefnu hæstv. ráðh., að vilja velta útsvörum af hreinum tekjum og eignum og yfir á atvinnurekstur eftir því, hve hann er fyrirferðarmikill, því að auðvitað er slíkum útsvörum velt yfir á viðskiptamenn, og þá auðvitað líka á þá viðskiptamenn verzlana í kaupstöðum, sem heima eiga utan kaupstaðanna. Þetta gildir alveg eins um umsetningargjald.

Mér er það ljóst, að þessir menn hafa ekki hugsað gaumgæfilegar um þessi mál en svo, að þeir virðast reka í vörðurnar og ekki vita, hvað þeir eiga til bragðs að taka, þegar farið er að útfæra þeirra eigin kenningar með öðrum hætti en þeir hafa sjálfir gert. En ég vil benda þeim á, að þetta mál á að ganga í gegnum þrjár umr. í báðum deildum, svo að þeim gefst vonandi tækifæri til að athuga málið í ró og næði, svo að þeir þurfi ekki að hlaupa svo á sig aftur eins og þeir nú hafa gert.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég er hræddur um, að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki skilið það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Ég gerði það ekki að umtalsefni, að það væri einhver sérstakur stór munur á því, hvort vörugjald væri lagt á vöru eftir frv. eða sem veltugjald. (**JakM:** Hæstv. ráðh. skildi ekki sjálfan sig). En ég lagði áherzlu á, að ég vildi ekki, að neitt kæmi frá þinginu um það, hvaða tekjustofnar skuli taka við hjá bæjarfélögum, ef ekki er hægt að jafna öllum nauðsynlegum gjöldum til bæjarfélaga niður sem hreinum tekju- og eignarskatti, fyrr en athugað væri, hvaða tekjustofna væri eðlilegt, að bæjarfélög fengju, ef þau þyrftu viðbót við beina skatta. Með því að samþ. þetta frv. væri því af hálfu Alþ. slegið föstu, hvaða tekjustofn *Akureyri skuli nota í þessu tilfelli. Það er nokk*ur vafi á því, hvort bæjarfélögum er heimilt að leggja gjald á vöruumsetningu.

Hitt atriðið, sem ég lagði áherzlu á, var, að ef þingið ætlaði að gefa sérstaka heimild um þetta, þá yrði það að ákveða, hve langt mætti ganga í álagningu beinna skatta, áður en farið væri að leggja á óbeina skatta.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir verið að nudda um það hér í d., að rekstrarútsvör hér í Rvík hafi ég fundið upp. Þetta veit hv. þm. að er rangt. Hann veit, að gjald þetta var að meira eða *minna leyti lagt á hér í Rvík eftir að núgildandi* útsvarslöggjöf var samþ., þó að það hafi ekki verið gert að fastri reglu fyrr en eftir að ég tók við stjórn í niðurjöfnunarn. En flokksmönnum hv. þm. þótti betra að leggja þetta gjald á eftir einhverra manna áliti í það og það sinn, sem auðvitað fylgdi engum reglum.

**Páll Þorbjörnsson:** Þetta vörugjald, sem hér er farið fram á að heimila bæjarstjórn Akureyrar að leggja á vörur samkv. frv., kemur til með að

verka þannig, að það kemur mest niður á þungavöru, svo sem matvöru, af því að það er miðað við þunga eða stykkjatal, en miðast ekki við verðmæti. Þetta kemur því mest niður á brýnustu nauðsynjum almennings, en það efast ég um, að Akureyrarbúar hafi gert sér ljóst þegar þeir óskuðu eftir þessu. Þetta vildi ég taka fram, af því að mér er kunnugt um, hvernig áhrif slíkt vörugjald hefir í Vestmannaeyjum.

Ég vil í þessu sambandi taka það fram, út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að veltugjald hefir önnur áhrif en þetta gjald. Það kemur öðruvísi niður en vörugjald, af því að með veltugjaldi leggst á umsetningu verzlana og kemur því misjafnt niður á vöruna eftir verði, og leggst mest á luksusvörur.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara hæstv. ráðh., því að mér finnst það ljóst af orðum hans, að hann hafi ekki skilið sjálfan sig í fyrri ræðu sinni. Ég fæ ekki skilið, hvernig stendur á þessari ást hans á því, að niðurjöfnunarnefndir kaupstaða fari þessar leynigötur til þess að afla tekna fyrir bæjarsjóðina, í staðinn fyrir að afla þeirra eftir gildandi lögum. Hæstv. ráðh. sagði, að auðveldlega mætti ná þessum gjöldum með því að leggja á rekstrarútsvör. Nú segir hann í hinu orðinu, að það hafi orðið að fara inn á þessa braut sem nauðungarráðstöfun.

En hvers vegna vill hæstv. ráðh. ekki láta neitt orð koma um þetta frá hæstv. Alþ., það fæ ég ekki skilið — og ég skil það þó, — hæstv. ráðh. vill ekki horfast í augu við þann veruleika, að það er keyrt úr hófi með álagningu á þann tekjustofn, sem fyrst og fremst á að leggja á. Þess vegna vill hæstv. ráðh. láta fara þessar leynigötur.

**Flm. (Guðbrandur Ísberg):** Þetta frv. hefir nú fengið heldur kaldar viðtökur hér í þessari hv. d. Vonandi er, að betur rætist úr en á horfist.

Ég vildi drepa á örfá atriði.

Fyrst er þá það, að bæjarstjórn Akureyrar stendur svo að segja öll óskipt um að fá frv. lögfest.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að það er fordæmi fyrir þessu. Að vísu hefir verið sagt, að þetta hafi gefizt illa í Vestmannaeyjum, en ég er ekki alveg viss um það, a. m. k. var það meiri hl. bæjarstjórnar, sem stóð að þessu þar, og mun ekki vilja sleppa heimildinni aftur.

Þá vil ég einnig benda á það, að frv. gerir ráð fyrir þessu gjaldi aðeins stuttan tíma sem bráðabirgðalausn þess vandamáls, að afla bænum nægilegra tekna, og er alls ekki hugsað sem framtíðarskipulag. Ég mótmæli því, að með því að samþ. þetta frv. sé því slegið föstu, að þetta muni verða haft svona til frambúðar. Slík fullyrðing hefir ekki við nein rök að styðjast. Það virðist því mæla öll sanngirni með því að fara þessa leið um stundarsakir, að láta þetta vörugjald, eða óbeina hafnargjald, renna í bæjarsjóðinn.

Eins og ég hefi tekið fram, er Akureyrarhöfn einhver allra ódýrasta höfn á landinu með tilliti til upp- og útskipunarkostnaðar. Þó bætt yrði við því vörugjaldi, sem hér um ræðir, verður uppskipunarkostnaður á Akureyri mjög lágur eftir sem áður, og kemst ekki neitt í námunda við samskonar kostnað á mörgum öðrum stöðum á landinu. Á Blönduósi t. d. er uppskipunargjaldið 1.80 kr. fyrir hver 100 kg., og mun það vera þrefalt hærra en á Akureyri að hafnar- og vörugjaldi meðtöldu.

Þetta vil ég taka fram vegna ummæla hv. 2. þm. N.-M., er hann minntist á, að vörugjaldið mundi koma niður á nærliggjandi sveitum.

Að endingu vil ég vænta þess, að menn athugi þetta mál með sanngirni, og ég vona, að n. sannfærist um, að hér er aðeins um bráðabirgðaúrræði að ræða, sem eigi er rétt að leggjast á móti.

**Jóhann Jósefsson:** Ég held, að það hafi verið á vetrarþinginu 1933, að bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum fékk heimildina til þess að leggja vörugjald á vörur, sem fara í gegnum höfnina, til þess að afla tekna fyrir bæjarsjóðinn, svipað og farið er fram á í þessu frv. Bæjarstj. gerði það eftir vandlega athugun á öllum hugsanlegum leiðum til þess að fá eitthvert fé til að standast útgjöld bæjarins. Þá var það svo, og er enn í dag, að niðurjöfnunarupphæðin, sem fjárhagsáætlunin aðallega er byggð á, reyndist svo svikul í innheimtu, að það er ómögulegt fyrir nokkra fjárhagsn. eða bæjarstjórn að byggja lengur eingöngu á þeirri tekjuvon, sem niðurjöfnunarnefnd gefur í skyn með niðurjöfnun á pappírnum. Svo þegar fólk kemur til bæjarstj. og heimtar eftir lögum fé til fátækraframfæris og vegna sjúklinga, — að ég nú ekki tali um barnakennara og aðra starfsmenn, sem verða að fá sín laun greidd —, þá geri ég ekki ráð fyrir því, að þetta fólk geri sig ánægt með, að því sé vísað til þessa eða hins gjaldanda, sem á sitt útsvar ógreitt. (PP: Það er þó gert í Vestmannaeyjum). Eru mikil brögð að því? Kannske hv. þm. vilji taka til máls á eftir og segja okkur eitthvað um þetta. Jafnvel þó að slíkt væri gert, mundu menn ekki gera sig ánægða með það, að þeim væri vísað á menn, sem gætu ekki borgað eða eru óskilvísir gjaldendur. Þetta rak á sínum tíma fjhn. Vestmannaeyja til að fá heimild hjá Alþ. til að leggja á vörugjald, en sú heimild hefir þó verið mjög lítið notuð.

Mér er sagt, að hv. 3. landsk. hafi sagt, að þetta fyrirkomulag hafi reynzt illa í Vestmannaeyjum. Ég mótmæli því, að svo sé; það eru algerlega staðlausar staðhæfingar. Það er ekki enn kominn tími til að tala um það, hvort þetta fyrirkomulag hafi reynzt illa eða vel. En þessi hv. þm., eins og allir aðrir jafnaðarmenn, vill ekki, að neinu sé náð í bæjarsjóðinn á þennan hátt.

Þessi löggjöf kom til framkvæmda í Vestmannaeyjum fyrst nú eftir síðustu áramót, og mjög vægilega, sökum þess að ýmsir ákafamenn og frekar skammsýnir blésu upp mikinn mótþróa gegn málinu, á þeim grundvelli, að gjaldið kæmi mest niður á útgerðarvörum. Þetta dró málið á langinn. En samt sá bæjarstj. að lokum, að ekki var annað fært en að nota þessa heimild. Ég held, að yfirleitt sé ekkert kvartað um þetta fyrirkomulag nú. Þetta gjald er svo hverf-

andi lítið, samanborið við önnur opinber gjöld, bæði til hafnarinnar og annars, og þess gætir því svo lítið. Ennfremur sagði hv. þm., að meiri hluti bæjarbúa væri á móti þessu gjaldi. Þetta eru helber ósannindi. Það þarf ekki annað en að vísa til kosninganna við síðustu áramót. Ég og þeir, sem voru fylgjandi Sjálfstfl., vorum yfir höfuð fylgjandi þessu gjaldi. Ég hafði barizt fyrir því á Alþ., að fá lögfesta heimildina til þess. Kosningarnar sýndu því glögglega, að meiri hl. þeirra bæjarbúa í Vestmannaeyjum, sem kaus menn í bæjarstjórn, vildi hafa þetta gjald.

Verkamenn, sem oft hafa komið að galtómum bæjarkassanum, þegar þeir hafa ætlað að fá vinnulaun sín útborguð, munu þeir hafa á móti því, að bærinn hafi tekjuöflunarleið, sem er viss? (PÞ: Hefir verið meira í bæjarkassanum síðan þetta komst á?). A. m. k. hefir þetta gjald komið í hann jafnt og þétt. Ég skal ekki segja, hvort nauðsyn krefur, að þessi leið verði farin lengi.

Ég gæti trúað því, eins og stefna þingsins er um álagning beinna skatta, að það neyðist til að fara inn á þessa braut.

Ég vil að endingu bæta því við, að þetta gjald er í Vestmannaeyjum hæst á ónauðsynlegum vörum, en hverfandi lítið á nauðsynjavörum.

**Páll Þorbjörnsson:** Ég vil byrja á að mæla á móti því, sem hv. þm. Vestm. sagði, að þetta gjald sé hæst á ónauðsynlegum vörum, en lægst á nauðsynjavörum. Það er rétt hjá honum, að þetta hefir nokkuð verið flokkað, en misjafnt er álit um þá flokkun. Þrátt fyrir það, þó nokkur munur sé á því, sem þeir kalla nauðsynjavörur og ónauðsynlegar vörur, kemur mikið misræmi fram í þessu, af því að gjaldið er lagt á eftir þunga vörunnar, og er það því lagt á á skökkum grundvelli.

Ég vil nefna í þessu sambandi dæmi, sem ég þekki. Vörusending kom til Vestmannaeyja, sem var grænsápa og smjörlíki og kostaði 268 kr. Af þessari sendingu þurfti að greiða 4.25 kr. í bæjarsjóð og hafnarsjóð. Önnur sending kom einnig, skófatnaður, og var verðmæti hennar ca. 1800.00 kr. Af henni þurfti að borga 3.90 kr. í hafnarsjóð og bæjarsjóð. Ef þetta á að vera til þess að sanna, að gjaldið sé hátt á ónauðsynlegum vörum, en lágt á nauðsynjavörum, þá veit ég ekki, hvað sannanir eru.

Viðkomandi því, hvernig þetta fyrirkomulag hafi reynzt í Vestmannaeyjum, vil ég segja það, að það reynist illa, þegar mikið gjald leggst á beinar nauðsynjavörur, en lítið á þær vörur, sem verzlanir yfir höfuð leggja mikið á og í mörgum tilfellum er hægt að vera án. En vitanlega er þetta gjald öruggara í innheimtu en útsvörin, því að engin vara fæst afgreidd út úr afgreiðslunum fyrr en gjaldið er greitt.

En að verkamönnum í Vestmannaeyjum hafi fundizt kassinn fyllri síðan þetta gjald var lagt á, því mótmæli ég. Þessu til sönnunar skal ég geta þess, að ég talaði við Vestmannaeyjar laust eftir kl. 1 í dag, og var mér sagt, að verkamenn í atvinnubótavinnu þar væru í þann veginn að leggja niður vinnu, vegna þess að þeir fá ekki útborgað. Viðvíkjandi því, að Vestmannaeyingar séu fylgjandi þessu gjaldi, skal ég geta þess, að fylgismenn þessa hv. þm. (JJós) stóðu mjög höllum fæti á borgarafundi, sem haldinn var í Vestmannaeyjum, þar sem rætt var um þetta gjald, og ennfremur skal ég geta þess, að einn bæjarfulltrúi sjálfstæðismanna varð til þess að halda ræðu á móti því, en greiddi þó atkv. með því, þegar flokksstjórnin kom til og sagði honum, hvað hann ætti að gera.

**Jónas Guðmundsson:** Ég vil benda á, að þetta mál snertir öll bæjarfélög landsins mikið. Ef þetta frv. verður að lögum, þá eru tveir kaupstaðir, Akureyri og Vestmannaeyjar, búnir að fá tekjustofn, sem aðrir kaupstaðir hafa ekki. Ef þetta verður ekki lagað með því að láta þá hafa svipaða tekjustofna, þá verður að hafa útsvörin miklu hærri í þeim kaupstöðum, en þeim er nærri því öllum stjórnað af jafnaðarmönnum. Ég vil benda á það, að þetta mál og önnur tekjuöflunarfrv. má ekki afgreiða, nema hafa alla kaupstaðina í huga. Það hefir verið minnzt á það af hæstv. fjmrh., að láta rekstrarútsvör koma í stað þessa gjalds. En þau útsvör eru nú í raun og veru orðin aðalútsvörin í bæjunum. Það er ekki hægt að leggja á tekju- og eignarskatt svo háan sem þarf. Þess vegna hafa verið lögð á rekstrarútsvör. En það eru ein fyrirtæki undanþegin þeim, og það eru samvinnufélögin. Samvinnufélögin hafa í þessu efni séraðstöðu samkv. sérstökum lögum. Það er því engin furða, að þetta frv. kemur frá hv. þm. Ak. Þar er sem sé öflugt samvinnufélag, sem hefir náð undir sig miklum hluta verzlunarinnar þar. En þetta félag er undanþegið rekstrarútsvari. Þegar þetta frv. verður afgr., er full ástæða til þess að afgreiða það með aðra kaupstaði fyrir augum, sem ekki hafa gert neinar sérstakar kröfur. Það verður að gerast nú eða seinna, að löggjöfin tryggi kaupstöðunum tekjustofna.

**Jón Sigurðsson:** Hv. 6. landsk. minntist á kaupstaðina og þarfir þeirra. En það er alveg óhætt að taka sveitarfélögin með. — Þetta frv. hefir fengið heldur kaldar undirtektir. Ég veit, að margir í þessari hv. d. eru kunnugir aðstöðunni úti um sveitirnar og vita, að undir þetta mál verður tekið um allt land. Sveitar- og sýslufélögin eru í vandræðum með að inna af hendi nauðsynleg gjöld. Það hafa á undanförnum árum verið lagðar kvaðir á sveitar- og sýslufélögin um að leggja svo og svo mikið fé fram, án þess að fyrir því væri séð, að þau gætu innt þær af hendi. Ég vil sem dæmi benda á ljósmæðralögin og berklavarnalögin. Ég gæti nefnt margt fleira, þar sem löggjöfin hefir lagt kvaðir á bæjar- og sýslu- eða sveitarfélög. Það er því ekki undarlegt, að þetta frv. kemur fram. Ég er þakklátur hv. þm. Ak. fyrir að koma róti á þetta mál. Ég get hugsað mér, að það kæmu víða fram óskir, sem hnigu í þessa eða svipaða átt. T. d. væri vert að athuga, ef bæjarfélögin yfirleitt fá heimild til að leggja gjald á vörur eða umsetningu, hvort ekki væri réttmætt, að sýslusjóðirnar nytu einnig góðs af þessum gjaldstofni, þ. e. heimilaðist einnig að innheimta slíkt gjald til sinna

þarfa. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt, og ég vildi mælast til, að n. athugaði málið frá þessum sjónarhól, og reyndi að leysa það á viðtækari grundvelli en þarna er gert ráð fyrir. Það er alveg rétt hjá hv. 6. landsk., að það er orðið ókleift að fullnægja þörfum sveitar- og bæjarfélaga með útsvarsálagningunni einni. En þetta verða hreppsnefndir að gera, og þess vegna safnast fyrir útsvör, sem ekki er hægt að innheimta, af því að meira er lagt á menn en þeir geta borgað eða tekjur þeirra tilláta, svo það þyngist alltaf meir á þeim, sem geta staðið í skilum. Endirinn á þessu verður sá, að greiðslan stöðvast, og sveitarfélögin fara á sýslufélagið eða ríkið, og þess eru nú þegar nokkur dæmi. Þetta er því fullkomið alvörumál, sem þarf að taka til rækilegrar íhugunar og leysa á einhvern hátt.

**Jóhann Jósefsson:** Mér finnst mjög athugavert það, sem fram hefir komið í ræðum hv. 6. landsk. og hv. 7. landsk. Það er áreiðanlega mikið alvörumál bæjar- og sveitarfélaga, hvaða leið þau eiga að finna til þess að innheimta þau gjöld, sem þau þurfa á að halda. Þessi rödd hefir nú verið heyrð hvað Vestmannaeyjar snertir, en það virðist öðruvísi tekið í þetta mál hvað Akureyri snertir. En hvort sem horfið verður að þessu eða öðru, þá er það víst, að ekki er hægt að halda áfram að leggja á gjöld, sem ekki fást innheimt. Löggjöfin má ekki heldur losa stór verzlunarfyrirtæki undan lögboðnum sköttum.

Að því er snertir hv. 3. landsk. og söguburð hans úr Eyjum, þá virðist það vera hans hlutverk að ófrægja það bæjarfélag, sem hann hefir nú um stundarsakir tekið sér bólfestu í. Mér gefst kannske við 2. umr. tækifæri til þess að gefa upplýsingar um það, hvað mikið satt er í því, sem hann segir úr Vestmannaeyjum. Það hefir hingað til ekki komið fyrir, að menn hafi hlaupið úr vinnu í Vestmannaeyjum. Miklu frekar hafa menn sótzt eftir að fá vinnuna.

Dæmi hv. þm. um þessar tvær vörutegundir segir aðeins, að hann vill verðtoll, en ekki vörutoll. Og ef það er svo, þá þarf ekki að vera mikill ágreiningur milli okkar í þeim efnum. Í [illegible] orðinu sagði hann, að vörutollurinn í Vestmannaeyjum kæmi eingöngu niður á nauðsynjavöru, en síðar í ræðu sinni sagði hann, að hann kæmi þó lítið eitt niður á ónauðsynlegri vöru. Það er nú annars svo lítið, sem Vestmannaeyjar fá á þennan hátt, að það er óþarfi að gera það að umtalsefni. Það er gert ráð fyrir, að það séu um 30 þús., sem fást á þennan hátt, svo að það tekur því varla að rægja bæjarfélagið þess vegna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 42., 45., 46. og 47. fundi í Nd., 21., 24., 27. og 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 148, n. 464 og 601).

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: 4 af 5 nm. fjhn. hafa orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ., með þeirri breyt. þó, að lögin gildi aðeins til ársloka 1935. Eins og kunnugt er, hefir slík heimild þegar verið gefin fyrir Vestmannaeyjakaupstað, og gildir sú heimild til ársloka 1935. Þess vegna er breyt. á frv. miðuð við þetta, og líka við hitt, að mikið hefir verið um það talað, að nauðsynlegt væri að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir einhverjum gjaldstofni, til þess að tryggja tekjuöflun þeirra, og það hefir verið látið í veðri vaka, að nauðsynlegt sé, að undinn verði bráður bugur að þessu. Þess vegna er þess að vænta, í sambandi við þetta frv., að það verði gert svo snemma, að ekki komi að sök, þótt þessar heimildir falli úr gildi í árslok 1935. Verði þetta hins vegar ekki gert, er möguleiki fyrir því, að það hafi í för með sér framlengingu á heimildinni frá ári til árs.

Meiri hl. n. hefir ekki séð sér fært annað en að verða við þessum tilmælum, þar sem hann fellst fullkomlega á það, að mjög þrengir að fjárhag einstakra bæjar- og sveitarfélaga um þessar mundir, ekki síst bæjarfélaga, þar sem auk venjulegra útgjalda á þessu ári bætast við aukaútgjöld vegna atvinnuleysisins, og þeirri þörf verður að sjá borgið á einhvern hátt.

Í sjálfu sér hygg ég, að allir nm. geti verið sammála hv. 1. landsk. um það, að þessi leið, sem hér hefir verið farið inn á, sé ekki sem heppilegust. En hinsvegar hefir hv. þm. ekki bent á neina aðra leið til þess að bæta úr þeirri þörf, sem hér er fyrir hendi. En meiri hl. telur ekki fært að láta þar við sitja, að synja um þessar heimildir, án þess að benda á einhverja úrlausn í staðinn. Hann verður að fallast á þá skoðun, að það sé skylda hv. Alþ. að sjá bæjarfélögunum fyrir einhverjum tekjustofni, með tilliti til þeirra örðugleika, sem að steðja.

Ég vona, að ekki þurfi að vera langar umr. um þetta mál, því að ég hygg, að þorri hv. þdm. geti fallizt á, að þessi heimild verði veitt.

Mér er kunnugt um það, að frá ýmsum öðrum bæjarfélögum hafa komið svipuð tilmæli og þau, sem hér er um að ræða. Mér er óhætt að lýsa því yfir f. h. n., að hún muni vera fús til þess að taka þau tilmæli til athugunar til 3. umr., en hinsvegar geri ég ráð fyrir, að hv. þm. þeirra kjördæma, sem hér eiga hlut að máli, muni bera fram óskir kjósenda sinna, sem þeir hafa lagt fyrir þetta þing.

Meiri hl. er sem sagt fús til þess að taka þessar málaleitanir til greina og bera jafnvel fram brtt. þessu viðvíkjandi við 3. umr.

**Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, er ég einn í minni hl. n., sem um þetta frv. hefir fjallað. Ég hefi gert grein fyrir minni afstöðu í nál. á þskj. 601, og mun ég því ekki endurtaka það, sem þar stendur. Ég vil aðeins benda á það, að mér finnst þessi leið svo óheppileg, að hv. Alþ. verði að hugsa sig um, áður en það leggur langt inn á þá braut að veita bæjarfélögum heimild til að auka tekjur sínar á þennan hátt, sem hér um ræðir. Eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram og viðurkenndi, eru svo miklir annmarkar á þessari tekjuöflunarleið, að ég get ekki léð því lið mitt,

að lagaheimild verði gefin í þessu efni, hvorki fyrir Akureyri né aðra kaupstaði. Hinsvegar er það að vísu rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að mjög mikið hefir borið á því upp á síðkastið, og fer stöðugt vaxandi, að bæjar- og sveitarfélög hefir tilfinnanlega skort tekjustofn til þess að geta staðið straum af útgjöldunum. Það horfir vissulega sumstaðar til vandræða í þessum efnum. En leiðirnar út úr þessum ógöngum eru tvær. Væri ef til vill hugsanlegt, að báðar væru farnar að einhverju leyti. Önnur er sú, sem hv. 3. þm. Reykv. drap á: að afla bæjar- og sveitarfélögum nýrra tekjustofna, en hin er sú, að reyna að létta að einhverju leyti þeim gjöldum af, sem þyngst þjaka bæjar- og sveitarfélögin, en það er tvímælalaust fátækraframfærið, sem mest mæðir á framfærsluhéruðunum. Ég hygg, að bezta ráðið til þess að létta undir með framfærsluhéruðunum sé að semja löggjöf um rýmkun í þessu efni. Ég vona, að á næsta ári takist að afgreiða hér á hv. Alþ. tryggingarlöggjöf, alþýðutryggingar, og nýja framfærslulöggjöf, sem hefir það í för með sér, að útgjöld margra kaupstaða lækka við það. Þetta er von, sem mikil líkindi eru á, að verði uppfyllt, og þess vegna ætti að benda bæjarfélögunum, sem leitað hafa til hv. Alþ. af áður nefndum ástæðum, á þetta.

Ég er þeirrar skoðunar, að þó hv. Alþ. daufheyrist við óskum Akureyrar og Siglufjarðar um aukna tekjuöflun á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og líka eins og ein grein í hafnarlagafrv. Siglufjarðar hefir að geyma, þá myndu þessir kaupstaðir ekki eiga örðugra með að rísa undir sínum gjaldabyrðum næsta ár heldur en sumir aðrir kaupstaðir, sem ekki hafa farið þess á leit við hv. Alþ., að gripið væri til þessa neyðarúrræðis, sem þetta frv. hefir inni að halda.

Það er hreint og beint háskalegt, að sama Alþ., sem afnemur toll eða útflutningsgjald t. d. af landbúnaðarafurðum, skuli um leið ætla að samþ. löggjöf, sem hefir í för með sér aukin útflutningsgjöld af áðurgreindum vörutegundum.

Ég skal játa það, að í hafnarreglugerð Akureyrar um vörugjöld er þeim gjöldum mjög stillt í hóf, og þau eru lægri en t. d. í Vestmannaeyjum, enda hafa hækkuð vörugjöld í Vestmannaeyjum komið mjög tilfinnanlega niður á nauðsynja- og neyzluvörum almennings. En þótt vörugjöld á Akureyri séu ekki mjög há, þá er það samt hjákátlegt, að hv. Alþ. skuli, um leið og það ákveður, að ekkert útflutningsgjald þurfi að greiða af landbúnaðarafurðum, samþykkja, að greiða skuli útflutningsgjald af kjöti, sem flutt er frá Akureyri. Það er að vísu aðeins 15 aur. á hverja tunnu, því að gjaldið er eins og í hafnarlögunum, og bætast þá 15 aur. við. Þetta gjald nær meira en til Akureyringa einna. Það nær líka til þeirra, sem í nærsveitunum búa og hafa viðskipti við Akureyri. Þannig væri þá Akureyri aflað tekna af gjaldi af landbúnaðarafurðum í Eyjafjarðarsýslu. Mun þeim hv. þm., sem sérstaklega telja sig fulltrúa fyrir sveitir og bændakjördæmi Íslands, finnast þessi gjöld nokkuð hörð aðgöngu, enda kom það fram í ræðu hv. 2. þm. N.-M.

Einnig er lagt talsvert tilfinnanlegt gjald á nauðsynjavörur til útgerðarinnar, svo sem kol og salt. Eftir hafnarreglugerð Akureyrar er lagt 1 kr. gjald á hverja smálest, en ef heimildin er notuð til þess ýtrasta, bætist við 1 kr. enn á hverja smálest af kolum og salti. Mönnum finnst þetta e. t. v. vera lágt gjald, en eftir þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið í þessari hv. deild um afkomu sjávarútvegsins yfirleitt, virðist það ekki vera ráðlegt að auka þau gjöld, sem hvíla á þeim vörum, sem óhjákvæmilegar eru til rekstrar sjávarútveginum yfirleitt. Vil ég þess vegna mæla á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga, og á þessu þingi tel ég, að ætti að stöðva þá gátt, sem opnuð var á síðasta Alþ. með heimildinni til Vestmannaeyja.

Ég vil benda þessari hv. deild á það, að ef þetta frv. verður samþ., þá er örðugt að ganga framhjá 10. gr. hafnarlagafrv. Siglufjarðarkaupstaðar, sem nú liggur fyrir hv. efri deild. Hækkun hafnargjalda á Siglufirði mun gera það að verkum, að veruleg úflutningsgjöld verði lögð á afurðir síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði, og er það í raun og veru beinn tekjumissir fyrir ríkissjóð. Í sjálfu sér er eðlilegt, að síldarverksmiðjurnar greiði eitthvað til Siglufjarðarkaupstaðar, þó það sé harla hæpið að veita Siglufjarðarkaupstað heimild til þess að skattleggja afurðir verksmiðjanna.

Ég tel óheppilegt, að hv. Alþ. leggi inn á þessa braut óréttlátrar skattastefnu, sem felst í þessu frv., heldur væri réttlátara að láta þessa bæi á næsta ári glíma við að sjá sér farborða með þeim tekjuöflunarleiðum, sem heimilaðar eru með landslögum.

Ég skal ekki um það segja, hvort Akureyri hefir notfært sér útsvarsheimildina á þá leið, sem aðrir bæir hafa þurft að gera til þess að standa straum af útgjöldum sínum. Akureyri er ekki vandara um í því efni en öðrum bæjum. Það er ekki ástæða til þess að veita Akureyri eða Siglufirði nein sérstök fríðindi fram yfir aðra bæi, t. d. Hafnarfjörð, Ísafjörð, Neskaupstað og jafnvel Reykjavík. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, til hvers það leiddi, ef allir kaupstaðir fengju sömu heimild eins og í frv. þessu felst. Ef tekjuöflun þessi yrði notuð af Reykjavíkurkaupstað, þá yrði það um leið skattur á vörum, sem notaðar eru af meiri hluta landsmanna, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, að í gegnum Rvíkurhöfn eru fluttar vörur til meiri hluta landsbúa, til alls Suðurlandsundirlendisins og margra hafna víða úti um land. Ef gengið er inn á þessa braut, þá er stefnt til talsverðra vandræða og tekin upp skattamálastefna, sem er mjög óheppileg og óréttlát.

Hitt vildi ég, að allir hv. alþm. hefðu í huga, að nauðsynlegt er að leysa úr þeim vandræðum, sem kaupstaðir og sveitarfélög eiga við að stríða út af lögboðnum útgjöldum, en ég fyrir mitt leyti bendi á aðra leið heldur en þetta frv. hefir inni að halda. Hefi ég bent á þá leið, að lækka útgjöldin með því móti að draga úr framfærslukostnaði þessara héraða með lögfestingu á alþýðutryggingum og nýrri framfærslulöggjöf, og einnig vildi ég fyrir mitt leyti styðja að nýrri löggjöf um öflun tekna til bæjar- og sveitarfélaga, t. d. með fasteignaskatti eða öðrum réttlátum leiðum.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég vil þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls, þrátt fyrir brtt., sem hann flytur, en ég legg ekki mikið upp úr.

Ég geng út frá því, að nefndin telji nauðsynlegt að ráða málefnum sveitarfélaga, hvað snertir möguleika til útsvarsálagningar, fljótlega til lykta með nýrri löggjöf, og þessi brtt. hlýtur að miðast við, að nefndin telji æskilegt og líklegt, að það verði gert þegar á næsta þingi. Undir þeim kringumstæðum, að þetta verði gert, er brtt. nefndarinnar þó í sjálfu sér óþörf. Því um leið og ný löggjöf yrði sett, yrðu eldri lög um þetta efni, er kæmu í bága við hina nýju skipun, numin úr lögum.

Viðvíkjandi afstöðu hv. minni hl. vil ég taka það fram, að það er ekki um það að ræða að létta af útgjöldum. Þetta frv. er borið fram í þeim tilgangi að mæta nýjum útgjöldum. Það er óþarfi að endurtaka það, að bæjarsjóður Akureyrar hefir mikla þörf fyrir nýjar tekjur. Annars hefði bæjarstjórnin ekki farið fram á það, að þetta frv. væri borið fram hér á hv. Alþ. Í öðru lagi vil ég benda á það, að einn af flokksbræðrum hv. 1. landsk., Erlingur Friðjónsson, hefir vegið þessa þörf með því að gjalda því samþykki, að frv. væri flutt, og hann hefir séð nauðsyn þess fyrir bæinn að fá þessar tekjur.

Að því er bændurna snertir má geta þess, að Vilhjálmur Þór hefir lagt til, að frv. verði samþ., en hann má skoða sem fulltrúa bænda í Eyjafirði. Hann mun hafa litið svo á, að eyfirzkir bændur, er nú búa að markaðinum á Akureyri, þyrftu ekki að kvarta, þótt örlítið gjald bættist á þeirra útflutningsvörur. Það er því ástæðulaust fyrir samflokksmenn hans hér að gera þetta ógilt; Vilhjálmur Þór þekkir þetta bezt sjálfur. Ég vænti þess, að ég hafi ekki gefið tilefni til umr. með þessari ræðu minni, og að hv. d. leyfi frv. að ganga áfram sem bráðabirgðalausn á þessu máli.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 30. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Finnur Jónsson:** Þessi heimild, sem tveir bæir, Akureyri og Siglufjörður, fara nú fram á að fá og áður hefir verið gefin Vestmannaeyjakaupstað, er með nokkuð sérstökum hætti. Eftir hafnarlögunum má leggja vörugjald á vörur, sem fluttar eru frá eða til hafnarinnar, en því gjaldi ber eingöngu að verja í þágu hafnarinnar sjálfrar. Hér er hinsvegar farið fram á heimild til gjaldaálagningar, sem renna á í bæjarsjóð. Þetta kemur nokkuð undarlega fyrir og stappar nærri því að vera gagnstætt hafnarlögunum, sem í gildi eru. Auk þess er bæjarstjórnum hér gefin nær því ótakmörkuð heimild til þess að leggja á tolla, því að í 1. gr. segir, að leggja megi á „allar vörur, sem fluttar eru til eða frá Akureyri, sérstakt vörugjald, er nemi allt að tvöföldu vörugjaldi til Akureyrarhafnar eins og það nú er eða verður á hverjum tíma". Heimildin er því nær ótakmörkuð og ekki loku fyrir það skotið, ef þeir eru í meiri hluta bæjarstjórnar, sem illa er við há útsvör, að þessi heimild verði notuð til þess að lækka útsvörin, en þetta óbeina gjald lagt á í þeirra stað. Ég verð að segja, að ég er algerlega á móti frv., sem fer fram á að veita þessum kaupstað sérréttindi í álagningu skatta fram yfir aðra kaupstaði. Það má benda á, að sú stefna er nú uppi að létta tollum af sjávarafurðum, en jafnframt því, sem ríkissjóður gengur inn á að aflétta þessum gjöldum, á að gefa kaupstöðunum heimild til að leggja slíkt vörugjald á, nær því svo hátt sem þeim sýnist. Mér finnst líka óviðkunnanlegt að gefa einum kaupstað slíka heimild nema aðrir kaupstaðir fái hana líka.

**Jakob Möller:** Velkomið!).

Hv. þm. segir, að það sé velkomið. Það er auðvitað í samræmi við stefnu hans flokks, sem vill helzt taka allar tekjur með óbeinum sköttum, eða neyzlusköttum. En ég vona, að meiri hl. þingsins verði á móti þeirri skattamálastefnu og felli frv.

**Jónas Guðmundsson:** Ég get verið stuttorður, því að ég hefi í aðalatriðum sömu skoðun á þessu máli og hv. síðasti ræðumaður. Ég mun greiða atkv. á móti frv. í trausti þess, að á næsta þingi, sem væntanlega verður háð síðar í vetur, verði sett löggjöf um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. En verði frv. samþ. við þessa umr., mun ég flytja brtt. um, að heimildin nái til kaupstaðanna allra. Það nær engri átt að mismuna kaupstöðunum í þessu efni. Vestmannaeyjakaupstaður hefir nú þegar þessa heimild, og ef þetta frv. verður samþ. og sömuleiðis frv. vegna Siglufjarðar, sem einnig liggur fyrir, þá fengju 3 kaupstaðirnir af 8 þessi sérstöku hlunnindi um tekjustofna, og væru þá hinir 5 settir skör lægra, en það nær engri átt að gera þannig upp á milli kaupstaðanna.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég fylgdi þessu máli í fjhn. af þeirri ástæðu, að viðurkennt er, að kaupstaðirnir utan Rvíkur eiga í miklum örðugleikum um öflun nauðsynlegustu tekna. Ég lít svo á, að hér sé aðkallandi mál, sem ekki verði komizt hjá að leysa, og ég hefi ekki á móti því að gefa þessa heimild til bráðabirgða, til að reka á eftir því, að málið í heild verði tekið til úrlausnar fyrir kaupstaðina alla. Ég mundi fylgja því til samkomulags, að allir kaupstaðirnir fengju þessa bráðabirgðaheimild, og ég tel rétt að breyta frv. í það horf. Það gæti verið rétt að setja hér nokkrar hömlur, t. d. á það, að kaupstaðirnir legðu gjald á innl. afurðir, sem fluttar eru milli hafna hér á landi. Það má ekki koma fyrir, þó að það hafi verið gert í Vestmannaeyjum, og væri rétt að setja ákvæði um það í frv. Þá þyrfti og að girða fyrir, að kaupstaðirnir gætu notað sér þetta vörugjald til þess að lækka útsvörin óeðlilega mikið, og mundi því atriði bezt borgið með því að láta reglugerð um slíkt vörugjald í kaupstöðum heyra undir staðfestingu ráðuneytisins, svo að það gæti komið í veg fyrir, að þessi heimild yrði misbrúkuð á einn eða annan hátt. Ég hefi nú nefnt þau atriði, sem ég tel, að þurfi lagfæringar við, og ég tel rétt að breyta frv. við 3. umr. á þann veg, að öllum kaupstöðunum sé í þessu efni gert jafnhátt undir höfði.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

**Páll Zóphóníasson:** Þegar þetta mál var til 1. umr., hreyfði ég því, að varhugavert væri að gefa bæjum heimild til þess að velta af sér nokkru af útsvörum yfir á menn, sem væru búsettir í öðrum sveitarfélögum. En það virðist eiga að gera með þessu frv. Ég mæltist til þess, að þetta atriði yrði sérstaklega athugað í nefnd. Þetta hefir nú ekki verið gert — því miður.

Það er gert ráð fyrir því í frv. að leggja á sérstakt vörugjald, er nemi allt að tvöföldu vörugjaldi til Akureyrarhafnar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins. Mér hefir talizt svo til, að hafnargjöld á Akureyri hafi undanfarin ár verið 30—40 þús. kr. Það, sem hér er um að ræða, væri því 60—80 þús. Öll útsvör bæjarins eru um 280 þús. Þetta vörugjald nemur því hvorki meira né minna en kringum ¼ hluta af útsvörunum, sem þá yrði almennt gjald, sem hvildi jafnt á notendum vörunnar, hvort sem þeir eru búsettir á Akureyri eða annarsstaðar. Það mun ekki vera fjarri lagi, að það sé a. m. k. helmingur af þessari upphæð, það er að segja 30—40 þúsund krónur, sem með þessu er leyft að velta af gjaldendum bæjarins yfir á gjaldendur í öðrum sveitarfélögum. Þetta tel ég rangt. Þar að auki er með þessu ekkert tillit tekið til efna og ástæðna, heldur lagt jafnt á menn, hvernig sem þeir eru stæðir. Þess vegna er líka rangt að samþ. þetta frv., a. m. k. frá sjónarmiði þeirra, sem líta svo á, að þeir, sem hafa miklar tekjur og eignir, eigi fyrst og fremst að borga bæjarþarfirnar. — Það er svipað, sem farið er fram á með þessu frv., eins og þegar Reykjavíkurbær fleygir af sér útgjöldum yfir á þá, sem nota gas og rafmagn, og nokkur hluti ágóðans af þessum stofnunum — nú 15% — er látinn renna í bæjarsjóð. Þessari stefnu er ég mótfallinn; ég vil láta þá borga, sem getuna hafa, en ekki hina, sem safna verða skuldum til að draga fram lífið. En þó álít ég hitt ennþá varhugaverðara, að gefa þessu bæjarfélagi heimild til þess að velta af sér 30—40 þús. kr. yfir á gjaldendur í öðrum sveitarfélögum, sem þurfa að standa undir sínum gjöldum þar og alls ekki eiga að borga útsvör til Akureyrar. Ég vil því ákveðið vona, að frumvarpið verði fellt.

**Frsm. meiri hl. (Jakob Möller)** [óyfirl.]: Ég get ekki tekið undir það með hv. 2. þm. N.-M., að það sé í raun og veru svo ákaflega mikil óhæfa, þó kaupstaðir eða kauptún úti um land gerðu það, sem hann kallar að velta af sér gjöldum yfir á nærliggjandi sveitir. Það er meiri sanngirni í þessu heldur en hv. þm. vill vera láta. Það er nú rangt hjá honum líka samkv. því, sem hv. flm. þessa frv. upplýsir, að það sé verið að breyta útsvarsbyrðinni, sem hvílir á bænum, yfir í þennan skatt. Það er skýrt tekið fram, enda vel skiljanlegt, að það er fyrst og fremst tilgangurinn með þessu frv. að gera Akureyrarbæ kleift að standa straum af auknum útgjöldum, sem fara þar, eins og í öðrum bæjarfélögum, sívaxandi vegna erfiðleika atvinnulífsins, og alveg sérstaklega í sambandi við atvinnubæturnar. Það er gert ráð fyrir því, að bæjarfélögin standi straum af atvinnubótunum að ⅔ á móti ríkissjóði, og ef þetta á að vera nokkuð annað en rétt til að sýnast, verður að gera bæjarfélögum kleift á einhvern hátt að afla þessa fjár, sem er skilyrðið fyrir því, að nokkur eyrir fáist til atvinnubóta. Mér er kunnugt um það, að á Akureyri er gert ráð fyrir, að verja þurfi mjög miklu fé til atvinnubóta á næsta ári. Atvinnuvegirnir þar hafa gengið svo illa á síðastl. ári, að til stórvandræða horfir. Og það, að lagt er inn á þessa leið, er vitanlega neyðarúrræði, sem gripið er til, til þess að sjá sér einhverneveginn farborða.

Hv. 1. landsk. hefir lagzt á móti þessu frv. og hefir látið í ljós efasemd sína um það, að heimildin til þess að leggja á útsvar væri notuð út í æsar á Akureyri á sama hátt og gert væri hér í Reykjavík. Hann gerði ekki nokkra grein fyrir því, hvað hann ætti við með þessu, en ég er hinsvegar ekki í vafa um, að hann hefir átt við það, að hann efaðist um, að á Akureyri væru notuð rekstrarútsvör á sama hátt og hér í Reykjavík. Ef þetta hefir ekki verið meining hv. þm., þá væntanlega leiðréttir hann það. Ég skil ekki, hvern mun hv. þm. gerir á því, hvort þetta gjald er lagt á með útsvari, sem lagt er á rekstur eftir viðskiptaveltu, eða að gjöld séu lögð á sem vörugjald. Það, sem lagt er á viðskiptaveltu, kemur mjög svipað niður að því leyti, að það jafnast ekki niður eftir efnum og ástæðum og með því er á sama hátt velt gjöldum yfir á aðrar sveitir. Þetta kemur niður eins og tollar. Eini munurinn, sem á þessu er, er sá, að segja má, að slík álagning mundi verka nær því, sem verðtollur gerir samanborið við þungatoll, en á þessu tvennu virðist ekki vera neinn verulegur principmunur, svo ástæða geti verið til að leggjast á móti þessari heimild og vísa til þess, að það megi leggja á viðskiptagjald. Principið virðist vera það sama. Og þess vegna þykist ég vita, að hv. 1. landsk. sparaði sér það ómak að gera grein fyrir því, á hvern hátt hann ætlaðist til, að útsvarsheimildin væri notuð á Akureyri á svipaðan hátt og hér í Reykjavík. Ég get ekki hugsað mér, að það hafi vakað fyrir þessum hv. þm. þetta sérstaka ástand, sem við vitum, að er á Akureyri að vissu leyti ósambærilegt við Reykjavík, að höfuðverzlunin þar er í höndum eins aðila, sem ekki væri hægt að leggja þetta viðskiptagjald á. Ef ætti að leggja á útsvar þar með sama hætti og hér, mundi það verka sem stórkostleg vernd fyrir þetta fyrirtæki á kostnað annara, sem verzlun reka. Ég get ekki hugsað mér, að það hafi beinlínis vakað fyrir þessum hv. þm. að nota útsvörin þannig að hlaða undir eitt einstakt verzlunarfyrirtæki á kostnað annara. En hinu hefði ég getað búizt við, að þessi hv. þm. hefði getað gert sér grein fyrir, að þessar ástæður gera það að verkum, að þessi leið til tekjuöflunar er gagnslaus fyrir Akureyri, því hún nær ekki til aðalverzlunarinnar; hún sleppur gjaldfrjáls. Það er því að vísa á steina í staðinn fyrir brauð, að segja Akureyringum, að þeir geti farið þá leið að leggja á viðskiptaveltu. Þetta er Akureyringum fullljóst, þar sem á bak við þessa heimild, sem hér um ræðir, um að leggja á vörugjald, standa allir flokkar í bæjarstjórninni. Þar á sæti forstjóri þessa verzl-

unarfyrirtækis, sem mundi sleppa við þetta gjald, ef lagt væri á almennt viðskiptagjald. Hann gerir sér því bersýnilega fulla grein fyrir því, að Akureyringum væri ekkert gagn í því að fara þá leið, og hinsvegar játar hann líka, að það sé sanngjarnt, að þetta fyrirtæki leggi af mörkum fullkomlega á borð við aðra undir þeim kringumstæðum, sem nú eru þar. Það má líka benda á það, að flokksbróðir hv. 1. landsk. í bæjarstjórn Akureyrar er þessu líka fylgjandi, og má af því draga þá ályktun, að það sé einróma álit manna þarna norður frá, að önnur leið sé ekki fær eins og stendur til þess að ráða fram úr vandræðunum, sem þar er við að stríða. Þessi afstaða kaupfélagsstjóra Eyfirðinga sýnir og hitt, að hann telur ekki með öllu ósanngjarnt, að það sé gert, sem hv. 2. þm. N.-M. drap á og vitti, að velt væri gjöldum að einhverju leyti yfir á nærliggjandi sveitir. Og sú ástæða er til þess, að það er auðvitað, að á þeim erfiðleikatímum, sem nú eru fyrir atvinnuvegina, þá fer svo, að kaupstaðir og bæjarfélög leggja svo og svo mikið fé fram til þess að bæta úr atvinnuþörf nærliggjandi sveita, því að þeir, sem atvinnulausir eru í sveitunum, leita til kaupstaðanna til þess að fá atvinnu. Þess vegna er það ekkert ósanngjarnt, þó að velt væri einhverju af þeim gjöldum, sem fara til þess að ráða fram úr þessum vandræðum, yfir á nærliggjandi sveitir. Ég tel þetta líka viðurkennt af flokksmönnum hv. 2. þm. N.-M. í bæjarstjórn Akureyrar, sem eindregið hafa lagt það til, að þessi heimild verði veitt.

Ég þykist vita, að ekki þurfi að halda langar ræður um þetta mál hér, því að ég er sannfærður um það, að meiri hl. þessarar hv. d. er svo sanngjarn, að hann telur sér skylt að ráða fram úr þessu í bili á þennan hátt, fyrst og fremst af því, að ekki hefir verið hægt að benda á nein önnur úrræði til þess að ráða fram úr þessum vandræðum. Það stoðar ekki að vísa til þess, að einhverntíma á næstu þingum muni menn snúa sér að því að létta byrðunum af sveitarfélögunum, eða koma á almennum tryggingum og þess háttar. Það getur verið gott, þegar þar að kemur, en hreint ekki fyrr. Þeir erfiðleikatímar, sem nú eru, verða ekki léttbærari, þó að ráðstafanir í þessa átt kunni að verða gerðar einhverntíma í framtíðinni. Það er óforsvaranlegt, þegar bæjarfélög koma til Alþ. og biðja um aðstoð til þess að ráða fram úr vandræðum sínum, að vísa þá til einhvers, sem gert verður eftir 2 eða 3 ár. Slíkt er gersamlega óverjandi afstaða af hálfu Alþ., og ég er þess vegna sannfærður um, að meiri hl. d. samþ. frv. með brtt. þeirri, sem n. hefir gert, enda sýnir afstaða n. til málsins, að þetta er ekki flokksmál, heldur nauðsynjamál, sem verið er að ráða fram úr.

**Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég þarf ekki mörgum orðum við það að bæta, sem ég hefi áður sagt í þessu máli, vegna þess, að ekkert nýtt hefir komið fram í því, nema að hv. frsm. meiri hl. hefir fært fram ástæður hér með þessu frv., sem ég mun svara fáum orðum. Ég vil út af því, að hv. frsm. meiri hl. lýsti eftir nánari skýringum frá minni hálfu um það, hvað ég hefði átt við, þegar ég talaði um það í sambandi við útsvör á Akureyri, hvort þau hefðu verið reynd til þrautar. Ég get gefið þá nánari skýringu um þetta, að ég vildi vita, hvort svipuð útsvör hefðu verið lögð á skattborgara Akureyrarkaupstaðar og gert er í öðrum kaupstöðum landsins, hvort svipað hundraðsgjald hafi verið tekið þar af nettótekjum manna og eignum eins og t. d. í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði og Neskaupstað o. s. frv. Mér virðist, að ef Akureyri hefir ekki lagt eins há útsvör á eins og t. d. þessir kaupstaðir, sem ég hefi nefnt, þá sé ekki ástæða til þess að taka Akureyrarkaupstað einan út úr og veita honum leyfi til þess að leggja þetta vörugjald á fram yfir aðra kaupstaði, að Vestmannaeyjum einum undanskildum. Og þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um þetta atriði, þá finnst mér óeðlilegt að taka Akureyri út úr og veita henni þessi sérstæðu friðindi, fyrir utan það, sem ekki hefir verið um deilt og hv. 3. þm. Reykv. var mér sammála um, að hér er um mjög leiðinlega skattamálastefnu að ræða, þar sem fjáröflunin er lögð á nauðsynjar og neyzluvörur almennings. Hv. 3. þm. Reykv. var mér andvígur út af einu tekjuöflunarfrv., sem lagt var fyrir þetta þing — en það frv. var um hækkaðan toll á tóbaki —, vegna þess að með því að samþ. það væri verið að leggja toll á neyzluvöru almennings. Út frá sama sjónarmiði ætti hann vissulega að vera andvígur því, að lagður væri tollur á alveg óhjákvæmilega neyzluvöru almennings.

Ég sé þess vegna enga ástæðu til þess að gera frv. þetta að l., a. m. k. ekki fyrr en óyggjandi sannanir liggja fyrir um það, að Akureyrarkaupstaður hafi hér sérstöðu, og aðrir tekjuöflunarmöguleikar hafi þar verið reyndir til þrautar eins og annarsstaðar. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir, þá fyrst gæti komið til mála að gefa Akureyri þessa sérstöðu. Ef svo færi, að frv. yrði samþ. óbreytt hér við þessa umr., þá mun ég koma með brtt. við það fyrir 3. umr., um það, að nauðsynjavörur skuli undanþegnar þessu gjaldi. Ég sé, að í Ed. hefir verið sett ákvæði inn í 10. gr. frv. til hafnarl. fyrir Siglufjarðarkaupstað, um að hækkun á slíku gjaldi skuli ekki ná til almennrar neyzluvöru. Ef endilega á að samþ. þetta frv., þá mun ég stuðla að því, að ekki verði samþ. hækkun á vörugjaldi Akureyrarkaupstaðar, fyrr en færðar eru sannanir fyrir því til atvmrh., að svipuð útsvör séu lögð á á Akureyri og annarsstaðar, miðað við nettótekjur manna og eignir, og að þá verði undanþegnar þessu gjaldi neyzluvörur almennings, og t. d. íslenzkar afurðir, fluttar á milli hafna, og líka aðfluttar vörur til útgerðarinnar, og ef vel ætti að vera og í samræmi við þá stefnu, sem kemur fram á þessu þingi, þá ættu innfluttar vörur til iðnfyrirtækja að vera undanþegnar gjaldinu. Þetta má allt athuga við 3. umr. málsins, ef svo fer, að frv. verði vísað þangað.

**Guðbrandur Ísberg:** Hv. 1. landsk. fjölyrti mjög um það, að ekki mundu liggja fyrir neinar sannanir eða líkur fyrir því, að þörf væri á því að leggja þetta gjald á, sem hér er farið fram á að samþ. verði. Hann talaði um, að það lægi ekkert fyrir um það, að bæjarstjórn Akureyrar

hefði notað sér þá möguleika til þess að hækka útsvör í bænum, sem fyrir hendi væru. Ég vil upplýsa það í þessu sambandi, að það dylst engum, sem til þekkir, að útsvör eru t. d. miklu hærri á Akureyri en í Rvík. Það er erfitt að gefa um þetta beinar upplýsingar, vegna þess, að niðurjöfnunarn. Akureyrar hefir ekki birt reglur sínar fyrir niðurjöfnun útsvara á sama hátt og gert hefir verið í Reykjavík. En ég vil leyfa mér að benda á það, að nauðsynin að afla tekna og möguleikar til tekjuöflunar hafa verið athugaðir af niðurjöfnunarn. Akureyrar og sömuleiðis af bæjarstjórn Akureyrar, og þá sérstaklega hvort möguleikar væru til þess að hækka útsvörin, svo að sú hækkun gæti mætt þeim auknu útgjöldum, sem fyrirsjáanleg eru. Þetta hefir því einmitt verið athugað alveg sérstaklega, bæði af fulltrúa jafnaðarmanna og fulltrúum framsóknarmanna í bæjarstjórn Akureyrar.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. 1. landsk. á því, að með því að vera hér að heimta þá athugun, sem hann er að tala um, þá setur hann sig sem dómara yfir flokksbróður sinn í bæjarstjórn Akureyrar, sem hefir margfalt betri skilyrði til þess að athuga þetta mál og dæma út frá þeirri athugun, og hefir þegar gert það. Ég vil líka benda framsóknarmönnum hér á Alþ. á það, að fulltrúar þeirra í bæjarstjórn Akureyrar hafa tekið þetta allt upp til rannsóknar, og að þeir hafa áreiðanlega miklu betri skilyrði til þess að glöggva sig á þessu máli heldur en þeir, sem hér sitja og lítið þekkja til á Akureyri, og þeir gera sig einnig að dómurum yfir þessum mönnum, þar á meðal yfir Vilhjálmi Þór, sem er talinn einn hinna skýrustu manna, er í bæjarstjórn Akureyrar eiga sæti, og eru þar þó margir ágætir menn. Hann leggur ákveðið til, að þessi leið verði farin, vegna þess, að hann telur ógerlegt að hækka útsvörin til nokkurra muna, og sem fulltrúi nærliggjandi sveita telur hann fullkomlega forsvaranlegt að fara þá leið, sem hér er lagt til að farin verði til tekjuöflunar.

Viðvíkjandi því, hvað það sé ósanngjarnt, óeðlilegt og tilfinnanlegt að leggja þetta gjald á, þá vil ég segja það, að Akureyri er fyrir ýmsra hluta sakir einhver ódýrasti verzlunarbær á öllu landinu. Það gerir mest hin ágæta, ódýra höfn, sem þar er. Hafnarmannvirkin, sem þar eru notuð, eru miklu ódýrari en samskonar mannvirki í nokkrum hinna kaupstaðanna. Þau hafa verið byggð smátt og smátt. Aldrei lagt mjög mikið fé fram til þeirra í einu, en verið borin uppi af mikilli verzlun og því auðvelt að láta höfnina bera sig með lágum gjöldum. Af þessum ástæðum þolir verzlunin á Akureyri, alveg án þess að finna nokkurn skapaðan hlut til þess, sem um munar, að þetta litla viðbótargjald sé lagt á. Öll hafnargjöld Akureyrar eru svo lág, að þó að örfáir aurar á hver 100 kg. bætist við, þá er það alveg hverfandi lítið, og það er blátt áfram hlægilegt að vera að tala um, að gengið sé á hagsmuni nærliggjandi sveita með lítilfjörlegri aukningu á þessu gjaldi. Þó að hér geti verið um nokkra upphæð að ræða — það er gert ráð fyrir, að vörugjaldið nemi 50 þús. kr. —, þá verður maður að taka tillit til þess, að hér er um svo stórt verzlunarsvæði að ræða. Á Akureyri eru ca. 4500 íbúar, og þar við bætist öll Eyjafjarðarsýsla og nokkur hluti Þingeyjarsýslu. Þar að auki er nokkuð mikið af vörum, sem ganga gegnum Akureyri og eru seldar þaðan út um landið. Þess vegna fæ ég ekki séð, að verzlunin geti ekki borið þessa fáu aura, og a. m. k. ef mönnum þykir sér ofboðið með þessu, þá geta þeir fengið vörurnar beint annarsstaðar frá. En Akureyringar eru ekkert hræddir um, að þessi ráðstöfun muni leiða til þess, og hafa þess vegna alls ekki tekið slíkt með í reikninginn.

Ég vil aðeins bæta því við, viðvíkjandi framkominni brtt. við frv. til hafnarl. fyrir Siglufjarðarkaupstað, að ég er út af fyrir sig ekkert á móti því, að eitthvað svipað yrði samþ. fyrir Siglufjörð eins og hér er farið fram á fyrir Akureyri. Mér er þó ljóst, að þar er farið fram á hlutfallslega miklu hærra hundraðsgjald. Hitt er annað mál, sem hreyft hefir verið í því sambandi að því er snertir síldarbræðsluverksmiðjur ríkisins, að þær, að þeim till. óbreyttum, sem komið hafa fram, mundu falla undir gjaldið, þannig, að þær yrðu að borga tugi þús. til Siglufjarðar, — þá hefir frá byrjun aldrei verið til þess ætlazt, að síldarbræðsluverksmiðjurnar yrðu bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar að féþúfu, beinlínis með því að reyta af þeim gjöld. Það verður að teljast nægjanlegt, að ríkissjóður hefir lagt fram millj. kr. til að auka atvinnu í bænum, með byggingu síldarbræðsluverksmiðju, þó þessu sé ekki bætt ofan á. Virðist mér því full ástæða til að girða fyrir það, að Siglufj. nái til síldarverksmiðjanna að því er vörugjaldið snertir.

Að endingu vil ég svo segja það, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram sem bráðabirgðalausn á brýnni þörf bæjarsjóðs Akureyrar til tekjuöflunar og að mjög vel athuguðu máli.

Allir flokkar, sem eiga sæti í bæjarstj., alveg án tillits til pólitískra skoðana, hafa lagt til, að sú tekjuöflunarleið yrði farin, sem frv. gerir ráð fyrir. Og ég treysti því, að hv. þm. líti á þessa nauðsyn Akureyrar, þessa bráðabirgðanauðsyn, á meðan ekki er ráðið fram úr þessum vandamálum sveitar- og bæjarfélaga almennt með l., sem sé, að auka möguleika þeirra til tekjuöflunar. Ég legg áherzlu á það, að þangað til slík löggjöf kemur, eru einhver slík úrræði alveg nauðsynleg. Og eins og hv. 3. þm. Reykv. tók fram, þá er það alveg óforsvaranlegt, þegar bæjarfélag kemur til Alþingis og krefst slíkra ráðstafana, sem hér um ræðir, að daufheyrast við slíkri beiðni, á meðan Alþ. hefir ekki gert skyldu sína í því efni að ráða fram úr þeirri almennu þörf, sem fyrir liggur, um að auka tekjumöguleika bæjanna.

ATKVGR.

1. gr. felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JS, ÓTh, PHalld, SigfJ, SK, TT, ÁÁ, GÞ, GSv, GÍ, GTh, JakM, JJós, JÓl, JónP.

**nei:** JG, PZ, PÞ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JörB.

PO, HannJ greiddu ekki atkv.

Einn þm. (MT) fjarstaddur.

Frv. þar með fallið.

## 2. Trjáplöntur og trjáfræ.

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um einkarétt ríkisstj. til þess að flytja trjáplöntur til landsins og um eftirlit með innflutningi trjáfræs** (þmfrv., A. 436).

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — *Deildin leyfði* með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jón Pálmason):** Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta, að verða stuttorður, enda er það þægilegt, því að hér er um lítið mál að ræða og einfalt.

Frv. þetta fer fram á, að þær trjáplöntur, sem fluttar eru til landsins, séu fluttar inn þannig, að ríkisstjórnin feli skógrækt ríkisins að hafa fullt eftirlit með innkaupi og sölu og afhendingu þeirra. Frv. fer og fram á, að ríkisstj. feli einnig skógrækt ríkisins að hafa eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

Í sjálfu sér er hér að ræða um lítið mál frá sjónarmiði verzlunar eða fjárhags, því að hér er um vöru að ræða, sem er verðlítil og tiltölulega lítill innflutningur er af. En þýðing þessa frv. liggur á öðru sviði. Frv. er komið fram af því, að á undanförnum árum hefir það sýnt sig, að flutt hefir verið inn nokkuð af trjáplöntum, sem ekki eru líkur til, að þrifizt geti hér á landi, og aðrar trjáplöntur, sem tæplega eru líkur til að þrífist hér. Svona mistök hljóta að skapa ótrú á þeirri umbótastarfsemi, sem trjáræktin í landinu er. Það hefir líka dálítið komið í ljós, að með innflutningi slíkra plantna hafa sjúkdómar borizt hingað, sem gætu gert tjón, ef þeir yrðu í stórum stíl. Því verður ekki neitað, að meðferð skógræktarmálsins af hálfu hins opinbera hér á landi að undanförnu hefir ekki verið í því lagi sem skyldi. En nú mun vera hafinn allmikill undirbúningur undir það að koma þessu í betra horf heldur en verið hefir, og þetta skipulag, sem hér er stungið upp á, á ekki að vera annað en bráðabirgðaskipulag, því að vitanlega á að stefna að því, að þær tilraunastöðvar og skógræktarstöðvar, sem hér á landi eru reknar, hafi allar þær trjáplöntur, sem þróazt geta hér á landi, á boðstólum. En á meðan þetta er ekki, þá þykir okkur flm. frv. rétt að beina málinu inn á þessa braut, sérstaklega með tilliti til þess, að skógræktarstjóri hefir tækifæri samkv. frv. til þess að hafa glöggt eftirlit með því, að þær trjáplöntur séu fluttar inn, sem mestar líkur eru til, að geti þrifizt hér á landi.

Í grg. frv. er vikið að því, að af innflutningsskýrslum verði ekki séð, hve mikið hefir verið flutt inn af trjáplöntum á síðustu árum, vegna þess að allar lifandi plöntur eru þar taldar í einum lið. En síðan grg. var samin hefi ég fengið þær upplýsingar, að aðrar lifandi plöntur en trjáplöntur hafi að verðgildi verið meiri hl. af þessum innflutningi á síðustu árum.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni. En ég óska, að málinu verði vísað til annarar umr., og af því að það er fyrst og fremst ræktunarmál, óska ég, að því verði vísað til landbúnaðarnefndar.

**Hannes Jónsson:** Ég vildi nú helzt óska þess, að hv. flm. stingi þessu frv. í vasa sinn og væri ekki að ómaka það til landbn. Ég sé ekki, að nein þörf sé á því að koma með einokunarfrv. í þessa átt, því að hér er engin nauðsyn fyrir hendi. Sú trjáræktarstarfsemi, sem þegar er í landinu, getur auðvitað hæglega annazt þetta að því leyti sem þörf krefur, og sá maður, sem veitir þeirri starfsemi forstöðu, getur séð um, að öll trjárækt, sem frv. gripur yfir, sé í því sniði, sem hann telur rétt. Að segja það, að hjá okkur sé um mikinn innflutning að ræða á trjáplöntum, sem ekki geta þrifizt hér, er, að ég hygg, talað út í loftið. Það er aðeins gert til þess að punta upp á frv. að tala um þennan innflutning í sambandi við það, að það þurfi að vernda fjármagnið í landinu frá því að fara fyrir trjáplöntur, sem ekki geta þrifizt hér á landi.

Undanfarin ár mun innflutningur á trjáplöntum hafa numið 4—5 þús. kr. Um helming af þessum innflutningi hefir Sigurður búnaðarmálastjóri annazt, og hinn helmingurinn er að langsamlega mesta hluta fyrir tilstilli þeirra manna, sem skógræktarmálin hafa með höndum fyrir ríkið. Og hvar hefir núverandi fyrirkomulag valdið svo miklu tjóni, að ástæða sé til að setja þetta í einokunarfjötra? Ég veit það ekki.

Ég legg til, að frv. verði felld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 436, n. 621).

*Enginn tók til máls.*

ATKVGR.

1. gr. felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HV, JónP, JG, PZ, SigfJ, StJSt, BJ, BÁ, BB, EmJ, FJ, JörB.

**nei:** JakM, JJós, JS, ÓTh, PHalld, PO, TT, ÁÁ, GP, GSv, GÍ, GTh, HannJ.

Átta þm. (JÓl, MT, PP, SE, SK, ÞorbP, EystJ, GG) fjarstaddir.

Frv. þar með fallið.

# Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

## 1. Ráðstafanir vegna fjárkreppunnar (frv. GG).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar** (þmfrv., A. 46).

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Gísli Guðmundsson):** Í l. nr. 79 1933, um ýmsar ráðstafanir gegn fjárkreppunni, er ríkisstj. heimilað að taka að sér greiðslu lána, sem tekin hafa verið til þess að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, sem frysta kjöt til útflutnings. Nær heimildin til þess að greiða af þessum lánum ¼ af stofnkostnaðinum. Það er heimilað að greiða ¼ part af stofnkostnaði frystihúsanna. Það er í samræmi við heimild þá, sem áður hefir verið tekin í fjárlög, sem sé að greiða ¼ af stofnkostnaði mjólkurbúa. Þess vegna er eðlilegt, að þessi heimild frá 1933 næði ekki nema til þeirra frystihúsa, sem þegar er búið að reisa eða ákveðið hefir verið að reisa og búið er að taka lán til. Þær framkvæmdir, sem um er að ræða í þessu efni, eru svo víðtækar, að ekki er unnt að koma þeim áfram á fáeinum árum. Þessi heimild nær ekki til þeirra frystihúsa, sem byggð verða á þessu ári eða á næstu árum.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. fari nær um það, að þau héruð, sem hingað til hafa ekki byggt frystihús og þess vegna orðið að sætta sig við saltkjötsmarkaðinn, sem er miklu verri en markaður fyrir fryst kjöt, hafi ekki síður þörf fyrir styrk en hin, enda þótt þau hafi líka mikla þörf fyrir hann. Eins og hv. þdm. er kunnugt um, hafa bændur fengið lægst í þeim héruðum, sem eingöngu hafa flutt út saltkjöt. Það lætur nærri, að bændur í þeim héruðum, sem kjöt er fryst í, hafi fengið 0,77—0,78 kr. pr. kg., en þeir, sem seldu á innanlandsmarkað, hafi fengið 0,78—0,80 kr. pr. kg. — en aftur á móti bændur, sem seldu á saltkjötsmarkað, ekki nema 0,60 kr. pr. kg.

Annars er ekki ástæða til þess að fjölyrða frekar um þetta. Ég vona, að það sé hv. þdm. augljóst, að hér er um sanngirnismál að ræða, sem ekki þurfi að mæta neinni mótstöðu.

Óska ég svo, að málinu verði vísað til landbn. að umr. loknum. Vil ég beina því til hennar, að hún afgreiði það fljótt. Fjvn. gæti tekið tillit til þess í fjárlögum, ef áætluð verða útgjöld í þessu skyni á næsta ári.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Ég er hræddur um, að þetta frv. sé flutt af nokkrum misskilningi, af þeim misskilningi, sem byggist á 5. gr. þessara l., sérstaklega að því er snertir frystihús, sem búið er að reisa. Eins og tekið er fram í þessari gr. laganna, nær heimild ríkisstj. til allra frystihúsa, en það er ekki tekið fram, að hún nái aðeins til þeirra frystihúsa, sem þegar er búið að reisa, eða verður búið að byggja, þegar l. ganga í gildi. En það hefði verið gert, ef til þess hefði verið ætlazt, að styrkurinn gengi eingöngu til frystihúsa, sem þegar er búið að byggja. Í meðferð málsins á þingi, þegar þessi l. voru sett, er tekið fram, að þessi styrkveiting sé ekki annað en hliðstæða styrkveitinga til rjómabúa. Og frystihúsin koma undir sama rétt og rjómabúin. Þetta er augljóst mál, sem ekki ætti að þurfa að deila um. Fjárveiting til frystihúsa nær einnig til frystihúsa, sem reist verða eftir þennan tíma.

Mér er kunnugt um eitt kaupfélag, sem hefir í huga að koma upp frystihúsi og hefir fengið loforð eða a. m. k. ádrátt um að njóta þessa styrks, sem l. ákveða. Eigi frv. því að halda áfram, tel ég það óþarfa, ef til vill til hins verra, þar sem það er bundið við frystihús, sem reist eru til ársloka 1935.

Það á að draga úr styrkveitingunni frá því, sem nú er ætlazt til. Ef það reynist svo, að löggjöfin verði óskýr í þessu efni, þá vil ég láta það koma fram í brtt., svo að hún nái því marki, sem hún stefnir að, og þeim tilgangi, sem fólginn er í því, að þessari gr. er bætt í frv. á þingi 1933. Í upphafi er ekki gert ráð fyrir þessu í frv. Þess vegna má ef til vill segja, að þessi gr. sé í ósamræmi við fyrirsögnina, sem talar um ráðstafanir vegna fjárkreppu.

Þótt ekki eigi annarsstaðar betur við að koma þessu fram, þá vil ég mælast til þess, að hv. flm. taki frv. aftur, þar sem ég efast ekki um, að hann flytji það í góðum tilgangi, en ekki til þess að rýra ákvæði l. um þetta efni. Gangi frv. til n., þá flyt ég brtt. um það.

**Flm. (Gísli Guðmundsson):** Ég vil taka það fram út af ræðu hv. þm. V.-Húnv., að ég efast um, að hann geti treyst sér til þess að útskýra l. þessi, vegna fjárkreppu, frá 1933, og ég efast um, að hann geti fengið Alþingi og ríkisstj. til

þess að fallast á þetta. Eins og nú standa sakir um þetta mál, mun ég halda fast við þetta frv.

**Garðar Þorsteinsson:** Það er eitt atriði, sem ég mun skjóta fram til n., sem fær frv. til athugunar. Það, hvort ekki sé athugandi fyrir n., hvernig styrkur er veittur úr ríkissjóði til frystihúsa á þeim stöðum, þar sem frystihús eru, sem smáútgerðarmenn geyma síld sína í til frystingar eða frysta síldina í. Hvort ekki beri að setja skorður við því, hve mikið þessi frystihús taka í gjald fyrir að geyma síldina.

Á útgerðarstöðum hafa frystihúsin tekið síldina fyrir 5 kr., en selt hana úr frystihúsi fyrir 25 kr. Það er ranglátt, að frystihús fái styrk til þess að reka gróðafyrirtæki á kostnað smáútgerðarmanna. — Svo leyfi ég mér að skjóta málinu til nefndarinnar.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að bæta við það, sem hv. 8. landsk. beindi til n. Ég álít æskilegt, að n. upplýsi, hvernig styrkur er greiddur úr ríkissjóði, til hve margra o. s. frv., því að aðdróttanir hafa komið upp um það, að styrkveiting þessi væri misnotuð. Það er upplýst, að þessi styrkveiting er ætluð til þess að styrkja bændur til að koma upp ishúsum til þess að frysta kjöt til útflutnings. Einnig hefir verið greiddur styrkur til þess að kaupa eða koma upp ishúsum hér og þar, sem varla kemur til greina, að kjöt sé fryst í til útflutnings.

Þetta er grunur manna. Þetta atriði ætti þess vegna að upplýsa til hlítar, svo að enginn vafi geti leikið á því, hvort um misnotkun er að ræða.

**Flm. (Gísli Guðmundsson):** Ég vil segja fáein orð viðvíkjandi því, sem hv. 8. landsk. sagði um það, að ástæða væri til að setja skilyrði viðvíkjandi starfsemi frystihúsa, sem frysta kjöt og fengið hafa slíkan styrk. Þessi skilyrði hafa hingað til ekki verið sett. Ég vil benda á, að við styrkveitingu til landbúnaðar, t. d. í jarðræktarlögum, eru ekki sett slík skilyrði. Annars mun n. taka þetta atriði til athugunar.

Ég held, að það, sem hv. þm. talar um, að frystihús hafi fengið slíkan styrk og noti hann svo öðruvísi en til var ætlazt, sé algerlega rangt. Ég veit ekki til þess, að það hafi átt sér stað eða geti átt sér stað. Skilyrði frá hendi löggjafarinnar er ekkert annað en að frysta kjöt, og það hefir verið gert.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég tók ekki eftir því hjá hv. flm., hvort það er meiningin hjá honum með þessu frv. að takmarka réttindi frystihúsa til styrks úr ríkissjóði frá því, sem lögin ákveða, eða hvort tilgangurinn er sá, sem mér virtist í upphafi, að veita þeim rétt, sem hann álítur, að þau hafi ekki haft áður með l. sjálfum. Annaðhvort hlýtur að vaka fyrir honum. Og ef á að rýra ákvæði laganna gagnvart frystihúsum, þá skil ég ekki, hver tilgangurinn er með því. Því að það er vitanlegt, eins og hann tók fram, að ýms félög eiga enn eftir að byggja frystihús til þess að auka möguleika sína til að koma framleiðsluvörum sínum í betra verð en nú er.

Ég vonast til þess, að hv. flm. fallist á, að ef breyta á þessum l., verði þær breyt. látnar miða að þeim tilgangi einum, sem l. sjálf hafa og þau augsýnilega bera með sér, þó að eitthvað sé reynt að teygja þau og toga út í vafasaman skilning. Ég treysti því, að hann vilji búa svo um hnúta, að ekki verði um deilt, að félög bænda hafi rétt á styrkveitingu frá ríkissjóði, ekki einungis árið 1935, heldur og framvegis, alveg á sama hátt og rjómabúin hafa nú þegar. Því að styrkréttindi þeirra eru ekki bundin við neitt sérstakt tímabil.

**Flm. (Gísli Guðmundsson):** Ég sé enga ástæðu til að deila við hv. þm. V.-Húnv. út af þessu við þessa umr. Við fáum væntanlega tækifæri til að tala nánar saman við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 23. og 25. fundi í Nd., 30. okt. og 1. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 46, 69, n. 134).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir orðið ásátt um að afgr. þetta mál með dagskrá á þskj. 134.

Því hefir verið hreyft við umr. hér í hv. d., að það hafi verið með öllu óþarft að bera þetta mál fram. Þetta kom einnig fram í n., og voru þar um það skiptar skoðanir. Sumir nm. töldu það ákvæði, sem hér er um að ræða, svo skýlaust í lögunum, að engin ástæða væri til að bera fram till. um breyt. á þeim, en nokkur hluti n. áleit aftur fulla ástæðu til, að menn gætu lagt annan skilning í lögin en þann, að heimildin til styrkveitinga eigi að gilda meðan lögin standa óbreytt. En n. var sammála um, að ef samþ. væri rökst. dagskrá eins og sú, sem n. flytur á þskj. 134, sem slær því föstu, að heimildin skuli gilda um öll þau frystihús, sem byggð verða í framtíðinni til kjötfrystingar, þá sé þar með fengin fullnægjandi ályktun frá þinginu um það, hvernig beri að skilja þessi tvíræðu ákvæði l.

Til sönnunar því, að eðlilegt er, að menn leggi mismunandi skilning í þessa lagagrein, skal ég lofa hv. þdm. að heyra, hvernig hún hljóðar (með leyfi hæstv. forseta):

„Heimilt er ríkisstjórninni að greiða eða taka að sér greiðslu á lánum, allt að ¼ stofnkostnaðar, er tekin hafa verið til að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings.“ — Nú má leggja tvennskonar skilning í orðin „tekin hafa verið“. Fyrst þann, sem flm. frv. hefir gengið út frá, að átt sé við þau lán, sem tekin höfðu verið þegar lögin voru gerð. Hinsvegar þann, að þetta nái til þeirra lána, sem „tekin hafa verið“ í hvert skipti, sem frystihús er byggt. N. lítur svo á, að þannig beri að skilja lögin, og þannig verði þau að skiljast framvegis, ef sú rökst. dagskrá er samþ., sem n. ber fram.

Enn meiri ástæða er til þess, að menn hafa verið í vafa um, hvernig bæri að skilja þessi ákvæði, þegar það er athugað, að þau koma fram í l. um ráðstafanir vegna fjárkreppunnar, sem liggur mjög nærri að skoða yfirleitt sem bráðabirgðaákvæði, og í forsögu málsins kemur fram, að greiða átti þetta úr Kreppusjóði á einu stigi málsins, þó endanleg niðurstaða yrði sú, að það skyldi greiða úr ríkissjóði. Á einu stigi málsins var greinin orðuð þannig (með leyfi hæstv. forseta):

„Heimilt er ríkisstjórninni að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu á lánum þeim úr Viðlagasjóði og Búnaðarbankanum, er hvíla á frystihúsum, er frysta kjöt til útflutnings og eru eign samvinnufélaga eða sýslufélaga, allt að ¼ stofnkostnaðar." — Á þessu stigi er það skýlaust, að heimildin átti aðeins að ná til þeirra frystihúsa, sem búið var að byggja. En eins og málið liggur fyrir nú, má eins taka það svo, að heimildin nái einnig til frystihúsa, sem eftir er að byggja.

Við 1. umr. var því hreyft hér af tveimur hv. þdm., að eigendur frystihúsanna mundu nota þau til ýmislegs annars heldur en lögin, sem heimila styrkveitingu til frystihúsa, gera ráð fyrir. Óskaði hv. 3. þm. Reykv. upplýsinga um það frá n., hvort styrkur hefði verið veittur til frystihúsa, sem væru mestmegnis notuð til að frysta beitusíld. Ég hefi leitað mér upplýsinga um þetta, og því fer fjarri, að svo sé. Ég skal lesa upp, hvaða frystihús hafa fengið styrk: Það er frystihús Kaupfélags Stykkishólms, Verzlunarfélags Hrútfirðinga, Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, Sláturfélags Austur-Húnvetninga, Sláturfélags Skagfirðinga, Kaupfélags Skagfirðinga, Kaupfélags Eyfirðinga, Kaupfélags Svalbarðsstrandar, Kaupfélags Þingeyinga, Kaupfélags Norður-Þingeyinga, Kaupfélags Vopnfirðinga, Kaupfélags Héraðsbúa og Sláturfélags Suðurlands. Um öll þessi frystihús má segja það, að þeim berst meira kjöt til frystingar heldur en þau eiginlega nægja til, og sum þeirra verða að frysta tvisvar sinnum yfir haustið það, sem þau geta tekið á móti. Hinsvegar get ég upplýst það, að Samband ísl. samvinnufélaga og Kaupfélag Eyfirðinga hafa keypt frystihús, sem notuð eru eingöngu til síldarfrystingar, og hefir hvorugt fengið styrk til þeirra kaupa. Svo hefir S. Í. S. keypt frystihús hér í Reykjavík, Herðubreið, sem að vísu er notað nokkuð til síldarfrystingar, en aðallega til kjötfrystingar, og hefir það ekki heldur fengið neinn styrk til þess.

Þannig er óhætt að fullyrða, að öll þau frystihús, sem styrk hafa fengið, eru ýmist eingöngu eða aðallega notuð til kjötfrystingar. Á sumum stöðum eru frystihúsin notuð til þess að fullnægja þörf manna fyrir beitusíld, þann tíma árs, sem þau ella standa auð, en ekki nema að litlu leyti. Aðallega hefir síldarfrysting samvinnufélaganna farið fram í þeim frystihúsum, sem þau hafa sérstaklega keypt til þess. Kaupfélag Eyfirðinga frystir nokkuð af síld í frystihúsinu á Akureyri og á Svalbarðseyri, en mér er sagt, að um ⅔ af þeirri beitusíld, sem félagið verzlar með, sé fryst í frystihúsi þess á Siglufirði, sem enginn styrkur hefir verið veittur til.

Þá var hv. 8. landsk. að óska eftir upplýsingum um, hvort kaupfélögin notuðu frystihúsin, sem þau fengju styrki til að koma upp, til þess að geta okrað á beitusíld. Ég þykist hafa svarað þessari fyrirspurn með því, sem ég hefi nú skýrt frá, að það er að mjög litlu leyti fryst síld í þeim frystihúsum, sem ríkið hefir veitt styrk til. Hinsvegar verzlar S. Í. S. og Kaupfélag Eyfirðinga talsvert mikið með beitusíld fyrir félaga sína. Hv. þm. nefndi sem dæmi, að síld hefði verið keypt ný á 5 aura kg. og seld út aftur fryst á 25 aura kg., og bað n. afla upplýsinga um, hvort þetta væri rétt. Starfsemi frystihúss Kaupfélags Eyfirðinga á Siglufirði byggist á því, að það kaupir síld með gangverði yfir síldveiðitímann og selur hana út aftur á vertíðinni með því gangverði, sem þá er á beitusíld yfirleitt, eða því sem næst. Það mun vera rétt hjá hv. þm., að síldin hafi verið keypt á 5 aura kg. og seld á 25 aura kg., þegar hún er seld í smásölu til einstaklinga ósamningsbundið allan veiðitímann. Þetta kann að þykja mikil álagning, að óathuguðu máli, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið frá mönnum, sem verzla með þessa vöru, þá er langt frá því, að hér sé um nokkurt okur að ræða. Frystingin er dýr, og áhættan við þessa verzlun mikil, þannig að oft kemur fyrir, að ekki selst nema lítill hluti af því, sem fryst er; hinu verður að moka út. Því til sönnunar vil ég geta þess, að Ólafsfirðingar hafa komið upp sínu eigin frystihúsi, og þeir selja 22 aura að frysta síldina og geyma hana án þess að taka nokkra ábyrgð á henni. Hún kostar þá 27 aura kg., ef hún selst öll upp, en annars miklu dýrari. N. er kunnugt um það, að síðan Kaupfélag Eyfirðinga fór að verzla með beitusíld, hefir hún talsvert lækkað í verði. Og það er síður en svo, að sú starfsemi sé gróðafyrirtæki; með þessu útsöluverði á síldinni er tæplega að hún beri sig. Þegar síldin er seld með samningi fyrirfram, er verðið töluvert miklu lægra. Og til samanburðar við þetta verð skal ég upplýsa, hvað síldin var seld hér við Faxaflóa síðastl. vetur. Hér í Rvík var hún seld á 37 til 38 au. kg., í Sandgerði 40 au. kg., í Keflavík 35—37 au. kg., á Akranesi 37—38 au. kg. og í Grindavík 40 au. kg. Af þessum upplýsingum sést, að þó Kaupfél. Eyfirðinga selji beitusíldina á 25 aura kg., þá er það langódýrasti seljandi þessarar vöru. Það fellur að vísu nokkur kostnaður á síldina við það að flytja hana hér suður, ef hún er flutt að norðan, en sá kostnaður mun þó ekki vera yfir 3—4 au. á kg. og samsvarar því ekki verðmuninum nyrðra og hér.

Ég vona, að ég hafi þá gefið hv. þm. þær upplýsingar, sem þeir báðu um, og að þær hafi sýnt, að því fer fjarri, að þær ásakanir séu réttmætar, sem bornar hafa verið á Kaupfélag Eyfirðinga í sambandi við þetta mál.

**Jón Pálmason:** Ég vil taka það fram út af yfirlýsingu hv. þm. Mýr., að landbn. var alls ekki sammála um, að það hefði verið ástæða til að bera þetta frv. fram. Ég gat ekki betur skilið en meiri hl. hennar teldi frv. með öllu tilefnislaust. Það er ekki aðeins að það sé óþarft, þar sem ákvæði þess er þegar í lögunum, heldur er þar tiltekið, að ákvæðið skuli gilda aðeins til

ársloka 1935, og það var n. sammála um, að væri til spillis. Hinsvegar gátu allir nm. fallizt á þá dagskrá, sem n. flytur, því hún slær því einungis föstu, að frv. sé óþarft með öllu. Það er augljóst mál, að að óbreyttum lögunum ber ríkisstj. að veita styrk til frystihúsa, sem „tekin hafa verið“ lán til, hvenær sem það er gert. Hinsvegar gerir hvorki til né frá, þó dagskrá n. sé samþ.; það tekur vitanlega af allan vafa í þessu efni.

**Gísli Guðmundsson:** Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta frv., sem fyrir liggur til 2. umr., sökum þess að ég er flm. þess, og sökum þess að um það hafa orðið nokkrar umr. í þá átt, að það væri að tilefnislausu fram borið. Vil ég sýna fram á, að það umtal byggist á því, að menn hafa ekki kynnt sér málið nægilega; sérstaklega beini ég því til hv. þm. A.-Húnv. En til þess að það verði ljóst, verð ég að fara nokkrum orðum um afgreiðslu málsins á þingi 1933 *í sambandi við það frv., sem hér liggur* fyrir. Ég get strax tekið það fram, að frv. er flutt aðallega vegna áskorana frá mönnum í minu kjördæmi, sem ætla sér að koma upp frystihúsi, en telja ekki tryggt, að þeir geti orðið þess styrks aðnjótandi samkv. löggjöfinni frá 1933, sem önnur frystihús hafa notið. Þegar ég fór að athuga lögin nánar, virtist mér augljóst, að hér gæti a. m. k. verið um allmikinn vafa að ræða, og taldi ég mér skylt að sjá um, að enginn vafi gæti á því leikið, að þau frystihús, sem byggð verða eftirleiðis, njóti sama styrks og þau, sem þegar hafa verið byggð. Við 1. umr. gerði ég grein fyrir, hvað óréttmætt væri, að þau héruð, sem hingað til hafa setið að hinum slæma saltkjötsmarkaði, fengju ekki sama stuðning til þess að koma upp frystihúsi eins og veittur hefir verið áður; ætla ég ekki frekar út í það.

Nú er það svo, þegar um lagaákvæði er að ræða, sem ekki er fullkomlega víst, hvernig skilja ber, að þá er athuguð sú meðferð, sem málin hafa fengið í þinginu, og ef til úrskurðar dómstólanna kemur, fara þeir mjög eftir því, sem fram hefir komið hjá flm., n. og öðrum, sem taka þátt í umr. í þinginu. Því var mitt fyrsta verk, þegar ég fór að athuga þetta mál, að kynna mér, hvaða meðferð það fékk á þinginu 1933. Að vísu fylgdist ég þá allmikið með gangi mála á þingi sem áheyrandi, en til frekari fullvissu hefi ég rannsakað Alþt. Skal ég nú skýra hv. þd. frá því, sem fram kom við meðferð málsins, og vona ég, að það nægi til að kveða niður umtal einstakra hv. þm. um þetta frumvarp.

Þegar l. um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar voru til meðferðar í þinginu, voru þau ásamt l. um Kreppulánasjóð til athugunar í sérstakri n., sem kölluð var kreppunefnd. Og það var einmitt þessi kreppun., sem bar fram þá brtt. við frv. til l. um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar, að greiddur skyldi styrkur til frystihúsa, sem næmi ¼ stofnkostnaðar. Þetta var upphaflega þannig til komið, að hv. fyrrv. þm. N.-Þ. hafði vakið máls á því í d., að ekki væri sanngjarnt að láta mjólkurbúin njóta þessa styrks, nema frystihúsin fengju hann líka. Þessa aths. tók kreppun. til greina og bar fram áðurnefnda tillögu.

Frsm. kreppun. var fyrrv. þm. Str., Tryggvi Þórhallsson. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp, hvað hann segir, að kreppun. eigi við með því að bera fram þessa till. um framlag til frystihúsa. Hann segir hér, í B-deild Alþt. frá 1933, 2220. dálki:

„Það felst í brtt., að bætt sé inn í frv. nýrri grein um, að stjórninni sé heimilt að veita til frystihúsa styrk, er nemi allt að ¼ stofnkostnaðar, til lækkunar á skuldum frystihúsanna. Það kom fram hjá hv. þm. N.-Þ. í sambandi við annað mál, að réttmætt væri að styrkja þau héruð, sem hafa komið sér upp frystihúsum. Flest þessi frystihús starfa aðeins stuttan tíma ársins. Rjómabúum hefir verið veittur ¼ af stofnkostnaði, en frystihúsin hafa ekkert fengið. Þó hafa kjötafurðir fallið enn meira en mjólkurafurðir. N. vill því leggja til, að stj. heimilist að greiða frystihúsunum ¼ af stofnkostnaði, þó ekki til að veita þangað *nýju fjármagni*, heldur til að létta skuldabyrðar frystihúsanna. Þessi styrkur mun nema alls um 300 þús. kr.“

Þegar þess er gætt, að það er frsm. kreppun., sem talar, þá getur ekki leikið nokkur vafi á því, hvað n. hefir meint, þ. e. að þessi styrkur skyldi aðeins greiddur til þeirra frystihúsa, sem búið væri að reisa. Frsm. segir, að styrkur þessi eigi ekki að veita *nýju* fjármagni til frystihúsanna, heldur létta skuldabyrðar þeirra. Upphæðin á að nema 300 þús. kr. Hann gefur á eftir yfirlit um fé það, sem þegar hefir verið lagt í byggingu frystihúsa, og stenzt það, að 300 þús. kr. er mjög nálægt því að vera ¼ af þeirri upphæð. — Eins og málið lá fyrir, urðu ákvæðin ekki skilin öðruvísi en svo, að styrkurinn skyldi aðeins greiðast til frystihúsa, er þegar hefðu verið reist. Lögfræðingar, er hér eiga sæti, samsinna því líka, að þessi skilningur sé réttur. Var því ekki um annað að ræða fyrir mig en að bera fram brtt., til að tryggja, að ákvæðin yrðu skilin eins og ég óskaði.

Hv. landbn. hefir nú haft frv. mitt til meðferðar, og hefir hún orðið ásátt um, að sá skilningur skuli lagður í l., að þau nái einnig til frystihúsa, er reist verði hér eftir. Tel ég, að þessi yfirlýsing hv. landbn., ef samþ. verður í dagskrárformi, nægi til að festa þann skilning, sem þar er lagður í l., og taka af öll tvímæli, ef ekki koma mótmæli frá hæstv. stj. gegn þessum skilningi. Því get ég, ef ekki koma fram mótmæli, sætt mig við skilning landbn. og greitt dagskrártill. hennar atkvæði. En ég vildi aðeins taka þetta fram til að sýna, að ummæli þeirra, sem segja, að ekki hafi verið þörf á að bera fram þetta frv., byggist á því, að þeir hafa ekki kynnt sér málið.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Þetta mál er nú komið inn á þann farveg, sem ég geri ráð fyrir, að allir geti sætt sig við. Því er slegið föstu í dagskrártill. landbn., að frystihúsin skuli fá styrk, er sé hliðstæður þeim styrk, sem mjólkurbúin fá. Allt orðagjálfur um það, hvort frv. hafi verið nauðsynlegt eða ekki, er því gagnslaust.

Ég benti á það strax við 1. umr., að þessi á-

kvæði væru í gildandi l. Hv. flm. hefir nú enn haldið sig á þeirri mottunni, sem hann var á þá, að þetta lægi ekki í þeim l. Ég vil leyfa mér að minna á orð hv. frsm. landbn., er hann sagði, að þeir, sem héldu, að svo væri ekki, hefðu ekki fylgzt með gangi þessara mála. Þeir hafa ruglazt eitthvað í ríminu, og af slíkum ástæðum er þetta frv. fram borið.

Hv. flm. vitnaði í ræðu frsm. kreppun. á síðasta þingi, máli sínu til stuðnings. Hv. þm. styður sinn skilning með því, að frsm. kreppun. las upp lista, er sýndi, hversu mikið þau frystihús hefðu kostað, er þegar hefðu verið reist. En þetta sannar ekki hans mál. Það var auðvitað sjálfsagt að gera þingheimi ljóst, hversu mikil útgjöld af þessu mundu verða þá þegar. Var því nauðsynlegt að sýna, hve mikið fé hefði þegar verið lagt í þessi fyrirtæki, því að vitanlegt var, að öll þau frystihús myndu nota sér þessa heimild. En hitt var ekki hægt að sjá, hve mikil útgjöldin yrðu gagnvart þeim frystihúsum, sem ekki var búið að reisa. Ef ætlazt hefði verið til, að styrkurinn næði aðeins til þeirra frystihúsa, sem til voru, hefði það verið tekið fram í l. sjálfum. Er enginn vafi á því, að slík takmörk hefðu verið sett, ef þetta hefði átt að takmarka á annað borð. En það skín alstaðar í gegn í meðferð málsins á þingi, að ætlazt var til, að þessi ákvæði væru hliðstæð þeim ákvæðum, sem um mjólkurbúin giltu. En það getur ekki orðið með öðru móti en því, að ný frystihús njóti sama styrks og hin eldri.

Þá var sjálfsagt að taka það fram, að styrkurinn til þeirra húsa, sem búið væri að reisa, skyldi ganga til afborgunar á skuldum þeirra. Var það þægilegra fyrir ríkissjóð að taka að sér styrkveitinguna í því formi, að taka að sér skuldabyrðar, er á húsunum hvíldu.

Mér er ekki verst við það, að frv. er illa orðað. Það gerði ekkert til, ef það hefði þá verið þannig stílað, að einskis væri misst af því, sem í sjálfum l. liggur. Mér er verst við það, að í frv. er styrkveitingin takmörkuð við árslok 1935. Að mínu áliti er þarna beinlínis verið að skerða þann rétt, sem frystihúsunum hafði þegar verið veittur. Ég bar því fram brtt. mína við frv., sem hefði sýnt ótvírætt, að styrkurinn ætti að haldast áfram, eins og ég tel, að felist í l., og hv. frsm. landbn. hefir viðurkennt í sinni ræðu.

Annars er ástæðulaust að þjarka mikið um þetta mál, eftir að það er á þennan hátt komið inn á hinar réttu brautir. Hv. frsm. gengur nú lengra en í frv. sjálfu og vill nú láta styrkinn gilda áfram, en ekki aðeins til ársloka 1935, eins og þar er gert ráð fyrir. Má þá taka af allan vafa í því efni með öðru tveggja, að samþ. dagskrá landbn. eða till. mína.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um málið. En af orðum hv. þm. A.-Húnv. mátti skilja, að ég hefði ekki skýrt rétt frá afstöðu n. Ég hefi aldrei sagt, að n. hafi verið sammála um, að þörf væri að bera fram þetta frv., heldur sagði ég, að það hefði komið skýrt fram í landbn., að ástæða væri til að koma með brtt., sem tæki af allan vafa um það, að styrkurinn gilti einnig fyrir þau frystihús, sem reist yrðu eftir að l. voru samþ. Var lagt til, að á eftir orðunum: „er tekin hafa verið“ væri bætt inn orðunum: eða tekin verða. Varð samkomulag um það í n. að afgreiða málið í þessum anda, til þess að kljúfa ekki n. Þetta hefi ég sagt.

Við færum sem ástæðu fyrir því, að þessi skilningur skyldi lagður í l., að á ýmsum stigum málsins á þingi hefði komið ótvírætt fram sá skilningur, að styrkurinn skyldi aðeins ná til frystihúsa, er þegar hefðu verið reist, eins og hv. frsm. benti á. En málið tekur þeirri breytingu, að almennt er litið svo á, að hann skuli jafnframt ná til annara frystihúsa. Vegna þessa tvískinnungs þótti okkur rétt, að allur vafi væri af tekinn um þetta. Vona ég, að menn fallist á það og samþ. þessa rökstuddu dagskrá.

**Gísli Guðmundsson:** Það er rétt hjá hv. þm. V.-Húnv. og hv. frsm. landbn., að ástæðulaust er að hafa mörg orð um málið, þar sem þeir, sem talað hafa, eru sammála um þann skilning, er leggja beri í l. Ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að ræða frsm. kreppun. á s. l. þingi gefur ótvíræðan vitnisburð um, hvað fyrir honum vakti í þessu efni og eins n. Hann segir þar, að ekki sé til þess ætlazt með styrknum, að nýju fjármagni sé veitt til frystihúsanna, heldur sé það tilætlunin að taka yfir á ríkissjóð nokkuð af þeim kostnaði, sem eigendur frystihúsanna hafa komizt í við stofnun þeirra. Þar sem síðan er tekið fram, að þessi styrkur megi nema alls 300 þús. kr., er enginn vafi um það, hvernig hann hefir skilið l., því að þessi upphæð er einmitt $^1/_4$ af stofnkostnaði þeirra frystihúsa, sem þá voru til. Annað mál er það, að l. mátti skilja á tvo vegu. Vildi ég ekki eiga á hættu, að svo yrði framvegis, og bar ég því fram þetta frv.

Ég hefði greitt atkv. með brtt. hv. þm. V.-Húnv., ef hún hefði komið til atkv. En ég fór ekki lengra í frv. mínu en það, að takmarka styrkinn við árslok 1935, því að það gat komið til mála, að þessu yrði breytt aftur innan skamms. Maður veit aldrei, hvenær koma kunna nýjar breytingar í þessum efnum, og fór ég því ekki fram á meira en að styrkurinn yrði framlengdur um næsta ár.

**Thor Thors:** Ég skal ekki lengja umr. mjög mikið.

Ég lít á málið eins og hv. landbn. virðist gera, að í l. felist það, sem hv. flm. ætlar að ná með frv. sínu. Mun ég því greiða atkv. með dagskrártill. landbn. Hún er bara kurteislegt form til að vísa málinu frá og benda hv. flm. á, að frv. hans er fram borið að nauðsynjalausu. Hinsvegar get ég ekki skilið, að hann þykist geta greitt dagskrártill. landbn. atkv. Ef hans skilningur á gildandi lögum er réttur, þá getur þessi dagskrártill. engu breytt þar um. Rökstudd dagskrá getur ekki breytt l. Hafi frv. verið borið fram af þörf, þá er enn fyrir hendi hin sama þörf til að samþ. það. En til að afnema fyrri vilja löggjafans þarf ný l., og duga þar til ekki rökstuddar dagskrár.

**Jón Pálmason:** Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þdm. séu samþykkir þessari dagskrártill., og er

ekki ástæða til að hafa um hana mörg orð. En út af þeim orðum hv. þm. N.-Þ., að það stafaði af þekkingarleysi mínu og annara, er við teldum frv. óþarft, vil ég aðeins benda hv. þm. á, að þarna er um misskilning að ræða hjá honum, því að það, hverja meðferð mál hefir fengið á þingi, sannar ekkert um það, hvernig l. beri að skilja; það sýnir einungis, hver endanleg afgreiðsla þess hefir orðið. Og endanleg afgreiðsla þessa máls hefir orðið þann veg, að það beri að skilja eins og hv. landbn. gerir.

Hv. frsm. n. hefir í ræðu sinni skýrt rétt frá afstöðu n. Það, sem ég sagði, var einungis það, að n. hefði ekki verið sammála um þetta atriði.

**Garðar Þorsteinsson:** Aðeins nokkur orð viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um það, sem ég tók fram við 1. umr. Ég gat þess þá, að óviðfelldið væri, ef rétt reyndist, að samvinnufélög, sem fengið hefðu úr ríkissjóði miklar upphæðir til greiðslu stofnkostnaðar frystihúsa, notuðu þennan styrk, sem þeim er veittur umfram aðra frystihúsarekendur, til þess að auðgast á frystri beitusíld.

Ég vil nota tækifærið til að reka ofan í ritstjóra Nýja dagblaðsins, hv. þm. N.-Þ., það, sem hann sagði, sem sé, að ég væri að fjandskapast við kaupfélögin. Ég get ekki séð, að það sýni nokkurn fjandskap, þótt Alþingi ræði um það af sanngirni, hvernig kaupfélögin verji þeim tugum þúsunda, er þau fá í styrk úr ríkissjóði. Það er því ekki rétt, sem hv. þm. sagði utan þings, að ég hefði sýnt kaupfélögunum fjandskap, þó að ég minntist á þetta.

Þá vil ég geta þess, að ég er ekki viss um, að hv. frsm. hafi farið rétt með þær tölur, er gilda um frysta síld. Hann kvað frystihúsið í Ólafsfirði taka 22 aura fyrir hvert kg. Ég skal ekkert um þetta fullyrða. Í Ólafsfirði munu allir útvegsmenn vera saman um frystihús. Ég veit nú, að frystingin kostar ekki meira en 4 aura á kg., en geymslukostnaður er 1 eyrir fyrir hvert kg. á mánuði. Ef þessar tölur eru réttar, held ég, að það séu sæmileg kjör, ef kaupfélög þau, sem hv. frsm. minntist á, taka síldina á 5 aura kg. og selja hana síðan á 25 aura. Veit ég ekki, hvað sagt yrði um einstakling, sem ávaxtaði svo vel sitt pund. Og þetta er víst ekki eins dæmi um kaupfélögin.

Frystihús eru dýr í rekstri, en það veldur því, að samkeppni sú hlýtur að verða lítil, sem annars gæti ef til vill leitt til lægra verðlags. Fer ég ef til vill síðar nánar inn á þetta í sambandi við annað mál.

Mér finnst ekki óeðlilegt, að Alþingi vilji hafa íhlutunarrétt um þau frystihús, sem fengið hafa hjá því ¼ hluta stofnkostnaðar, upphæð, sem skiptir hundruðum þúsunda kr. Er ekki undarlegt, þótt ríkissjóður vilji hlúa að því, að útgerðarmenn, sem þurfa að láta frysta síld, njóti þessa að einhverju.

**Gísli Guðmundsson:** Ég þarf ekki margt að segja, en vil aðeins láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að hv. þm. Snæf. hefir skilið lögfræðina eftir heima. Reyndar efast ég ekki um, að hann sem lögfræðingur hljóti að vita, að það er ég, sem rétt hefi fyrir mér, en ekki hann. Myndi hann viðurkenna þetta, ef hann talaði við mig einslega.

Þá var hv. 8. landsk. að hnýta í mig, og verð ég að kalla það nokkuð mikla viðkvæmni hjá honum að geta ekki stillt sig um að geta þess hér á þingi, sem ég sagði um hann í blöðunum. En þó að þau orð hafi verið höfð um þennan hv. þm., að hann hafi sýnt kaupfélögunum fjandskap, þá get ég ekki fallizt á, að það sé ofmælt, og ætla ég hér með að endurtaka þau ummæli á Alþingi. Get ég ekki kallað það annað en fjandskap í garð kaupfélaganna, þegar hv. þm. er með dylgjur um, að þau okri á vörum sínum og opinberum styrk, eins og hann gerði við 1. umr. Því berari er þessi fjandskapur sem hann getur ekki bent á tölur, máli sínu til sönnunar, því að tölur þær, sem hann var með áðan, voru út í loftið. Hv. frsm. landbn. skýrði málið nú fyrir skömmu.

Hv. 8. landsk. bar sakir á samvinnufélögin, sagði, að þau okruðu á frystri síld, án þess að geta nefnt tölur eða gert grein fyrir, hver kostnaður væri við frystingu síldar, og ekki heldur um verð síldar í innkaupi til frystingar. Hv. frsm. landbn. hefir bent á, að útsöluverð K. E. A. á frystri síld er mjög lágt eftir því sem tíðkast hér í Rvík. Skal ég svo ekki taka lengri tíma að sinni.

**Hannes Jónsson** (óyfirl.): Ég vildi ekki láta því ómótmælt, sem kom fram hjá hv. 8. landsk., að frysting síldar kostaði 4 aura pr. kg. Þetta er svo dæmalaus endemis fjarstæða og vitleysa, að því má ekki láta ómótmælt. Ég hefi fengizt dálítið við frystingu síldar og veit, að það nær engri átt að halda því fram, að kostnaðurinn sé ekki meiri, því hann er miklu meiri, og það er ekki aðeins vitlaust að halda svona fjarstæðu fram, heldur getur það verið og er skaðlegt. Ég veit, að það getur oft kostað 22 aura að frysta síld; það hefir e. t. v. verið dýrt, en það er að snúa út úr að nefna ekki nema einhvern hluta kostnaðarins, svo ekki er vitað, við hvað er átt. Mér finnst afar hæpið að halda því fram, að okrað sé á þessari starfsemi kaupfélaganna, og get ekki fundið, að það sé til annars en vekja óþarfa tortryggni til þeirra, sem fyrir þessu standa. Ég vildi ekki láta hjá líða að benda á þetta, vegna þess að ég hefi fengizt við frystingu síldar og veit af reynslunni, að kostnaðurinn er miklu meiri en 4 aur. pr. kg., auk ýmsra annara ástæðna, sem geta komið til greina.

**Garðar Þorsteinsson:** Mér þykir vænt um, að hv. þm. N.-Þ. skuli vilja standa við orð sín innan þings, eða þau ummæli, sem hann hefir viðhaft um mig utan þings í blaði því, sem hann nefnist ritstjóri við. Ég hélt, að það væri fátt af því, sem hann segði og þyrði að standa við, nema svo sé, að hann sé öruggur um að verða ekki látinn bera ábyrgð orða sinna. Hann sagði, að ég hefði orðið ber að fjandskap við samvinnufélögin. Ég játa það, að ég hefi aldrei skilið þá menn, sem standa að samvinnufélagsskapnum og þora hvorki né þola að heyra sannleikann um sína stofnun. Ég fæ ekki skilið þessa menn,

sem bera utan á sér helgislepju samvinnustefnunnar, og þola helzt ekki að neinn líti í áttina til Sambandshússins án þess að taka ofan. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það sé almenningi fyrir beztu að þegja um það, sem miður fer, og tel ókarlmannlegt og ódrengilegt að þola ekki gagnrýni á gerðir stofnunarinnar. Ég tel hugmyndina um samvinnu vera til heilla, en svo bezt, að félagsskapurinn þoli og þori að standa reikningsskap af gerðum sínum.

Ég sagði, að þau félög, sem kaupa síld fyrir 5 aura kg. og seldu eftir nokkra daga fyrir 25 aura, þau okruðu. Ég fæ ekki séð, að þessi félagsskapur frekar en aðrar verzlanir eigi að taka margfalt verð fyrir vöruna eða megi okra þannig. — Hv. þm. N.-Þ. sagði, að ég hefði talað út í loftið og slegið þessu fram án þess að nefna tölur. Ég hefi ekki hingað til í umr. nefnt nema tvær tölur: keypta síld fyrir 5 aur. pr. kg. og selda fyrir 25 aur. Það vill nú svo vel til, að hv. frsm., form. landbn., hefir staðfest. að þessi ummæli eru rétt, að ákveðið kaupfélag hefði gert þetta. Hv. frsm. landbn., flokksbróðir þessa hv. þm., hefir því staðfest, að þessar tölur voru ekki út í loftið. Hvaða aðrar tölur hefi ég nefnt?

Ég sagði, að kaupfélögin hefðu fengið í ríkisstyrk fleiri tugi þúsunda króna, og skal ég þá nefna nokkur dæmi:

| | | |
|---|---|---|
| Verzl.fél. Hrútfirðinga hefir fengið í styrk | kr. | 18179,80 |
| Kaupfél. Svalbarðseyrar | — | 15736,46 |
| — V.-Húnv. | — | 26678,95 |
| — Þingeyinga | — | 43642,22 |
| — Stykkishólms | — | 21104,65 |
| — Eyfirðinga | — | 50481,10 |
| — Héraðsbúa | — | 23310,65 |
| — N.-Þing. | — | 26842,50 |
| — Vopnfirð. | — | 15477,65 |
| — Skagf. | — | 30058,28 |
| Sláturfél. A.-Húnv. | — | 30625,20 |
| — Skagf. | — | 15260,20 |
| — Suðurlands | — | 56711,40 |

Ég þykist því ekki hafa farið með fleipur, að kaupfélögin hafi fengið hundruð þús. kr. styrk til þessarar starfsemi. Ég er ekki að segja, að þetta sé of mikið. Það eina, sem ég hefi sagt, er, að úr því ríkið hefir greitt þennan styrk, á þingið íhlutunarrétt um, að þessi félög okri ekki á smáútvegsmönnum með frysta síld. En það kalla ég okur að kaupa síld á 5 aura kg., en selja hana aftur á 25 aura. (PZ: En hvað þá ef hún er seld á 40 aura?). Það er auðvitað ennþá meira okur. Ég sagði heldur ekki, að þetta væri eins dæmi, eða kaupfél. væru verri en aðrir. Ég benti aðeins á, að þau eiga að vera betri, vegna þess styrks, er þau hafa notið.

Ég veit, að enginn maður getur láð Alþingi, þó það vilji hlynna að smáútveginum, með því að láta hann njóta þeirra hlunninda að einhverju, sem ríkið hefir veitt kaupfélögunum í þessu skyni. Ég geri líka ráð fyrir, að smáútvegsmennirnir hafi greitt sinn hluta af þessum ríkisstyrk með gjöldum sínum í ríkissjóð, eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Bæði hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. N.-Þ. hafa farið rangt með, hver kostnaður væri við frystingu síldar. Ég var svo heppinn að hitta mann frá Ólafsfirði, sem er staddur hér í þinginu og hefir einhverja meðgerð með frystihúsið í Ólafsfirði. Hann skýrði mér frá því, að þeir hefðu fryst síld fyrir Þorstein Jónsson, Dalvík, fyrir 5 aura pr. kg. Hann upplýsti mig ennfremur um það, að Ásgeir Pétursson, sem engan styrk hefir fengið, frystir síld fyrir 15—16 aura pr. kg. og geymir hana. (**HannJ**: Hvaða kostnaður er það?). Sá, að frysta síldina og afhenda úr pönnu og geyma hana. Ég þykist því hafa sannað, að ég hafi ekki farið með neinar tölur út í loftið. En það er hv. þm. N.-Þ., sem fálmar út í loftið. Hann heldur, að unnt sé að breyta lögum með dagskrártillögu. (**HannJ**: Hvað kostar þá að geyma síldina?). Kunnugir menn hafa sagt mér, að það kosti 1 eyri pr. mán. Og það eru menn, sem vita eins vel um þetta og hv. þm. V.-Húnv., og miklu meira en hv. þm. N.-Þ., sem segir, að menn vilji læða inn tortryggni gegn félagsskapnum, ef menn vilja ekki koma fleðulega fram eða breyta eins og þessir hræsnarar, sem ekki þora að heyra sannleikann og kalla það fjandskap að benda á það, sem miður fer. Mér er alveg sama, þó hann tyggi það í Nýja dagbl. daglega, að ég sé fjandsamlegur samvinnufélögunum; hann getur aldrei hrakið það, sem ég sagði. Og tölurnar, sem ég las upp áðan, hefi ég fengið úr fjármálaráðuneytinu. Ég hefi sannað ummæli mín, að síldin er tekin til frystingar fyrir 5 aura kg. á Ólafsfirði og Ásgeir Pétursson frystir og geymir síld fyrir 15 aur. kg. Ég hefi því fært óyggjandi sannanir fyrir mínum tölum, og hefi betri rök en þeir, sem tala um fjandskap minn við samvinnufélögin.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Hv. 8. landsk. hefir lesið upp lista yfir styrk þann, sem samvinnufélögin hafa fengið úr ríkissjóði til frystihúsabygginga. Ég sé nú ekki, hvað þetta kemur málinu við. (**GÞ**: Má ég grípa fram í? Þm. N.-Þ. hélt því fram, að ég hefði farið með tölur út í loftið, og ég vildi sanna, að svo væri ekki). En það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er, hvort kaupfélögin hafa notað þá aðstöðu, sem þau hafa haft, til að okra á meðbræðrum sínum í þjóðfélaginu. Og að gefa það í skyn er að segja vitandi eða óvitandi ósatt, svo maður ekki segi, að það sé hreinn fjandskapur, sem felst á bak við. Hv. 8. landsk. heldur því fram, að það sé okur að kaupa síld á 5 au. og selja aftur á 25 aura. En það vill nú svo einkennilega til, að kaupfélögin hafa fengið orð fyrir það hjá hinum frystihúsunum, að þau noti styrkinn til að undirbjóða aðra. Hefir þessi orðrómur gengið svo langt, að komið hefir fram í grein, sem birtist í tímariti Fiskifélagsins, „Ægi". Þetta fer dálitið í bága við það, sem hv. 8. landsk. hélt fram. Sannleikurinn er sá, að síðan kaupfélögin fóru að fást við að frysta síld, hefir síldarverðið lækkað. Og sennilega hefir Ásgeir Pétursson ekki selt frystinguna dýrari en 15 au. vegna þess, að Kaupfél. Eyf. selur eins lágt og unnt er. Ég er líka sannfærður um, að það er betra að taka síld til frystingar fyrir 15—16 au. kg., eins og Ásgeir Pétursson, heldur en að kaupa hana, frysta og geyma, og bera þannig alla áhættuna. Ég er viss um, að það er betra að fá fyrir frystinguna 15

au. heldur en geyma síld og selja fyrir 25 au. Þegar Ólafsfirðingar koma sér upp frystihúsi og selja sjálfum sér fyrir 25 aura, þá dettur engum í hug, að þeir okri á sjálfum sér.

Ef það er okur að selja síldina á 25 aura, hvað má þá segja um 40 aura verðið? Þá má segja, að okrið sé gífurlegt hér við Faxaflóa. Sannast að segja er útkoma frystihúsanna ekkert glæsileg, og þeir, sem reka þau, berjast flestir í bökkum og eru ekki of vel haldnir. Það getur því ekki verið satt, að kostnaðurinn við frystinguna sé ekki nema 4 aurar pr. kg., enda hefir hv. þm. V.-Húnv. borið þetta ofan í hv. 8. landsk., og hann er kunnugur þessu, því hann hefir fengizt við stjórn frystihúss.

Ég held því, að allt tal um okur kaupfélaganna sé hjal út í bláinn, og stafar annaðhvort af þekkingarleysi eða óvild til samvinnufélaganna. Ef hv. 8. landsk. vill véfengja þær tölur, sem ég hefi farið með, og efast um réttar heimildir, get ég sagt hvaðan þær eru. Tölur þær, sem ég nefndi að norðan, hefi ég frá Vilhjálmi Þór, og ég ætla að halda því fram og trúa því, að þær séu réttar. En tölur þær, sem ég nefndi um verðið hér við Faxaflóa, hefi ég frá Óskari Halldórssyni útgerðarmanni, og ég ætla að halda því fram, að þær séu réttar, þar til annað er sannað af hv. 8. landsk. eða einhverjum öðrum.

**Páll Zóphóníasson:** Ég ætlaði ekki að blanda mér mikið í þessar umr., en af því að hv. 8. landsk. sagðist sanna mál sitt með óyggjandi tölum, langar mig til að gera til hans eina fyrirspurn. Vill hv. þm. sanna, að þessi félög hafi fengið styrk til að reka frystihúsin? Hvaðan hafa félögin fengið styrk til þess að reka þessa starfsemi? Vill hv. 8. landsk. svara þeirri spurningu?

**Thor Thors:** Ég skal vera mjög stuttorður. En mér þykir leiðinlegt, hvað hv. þm. N.-Þ. á bágt með að skilja lög eða gildi laga. Hann virðist gersneyddur allri þekkingu um, hvert gildi laga er. Hann heldur því fram, að lögin breytist, ef samþ. er rökst. dagskrártill. Og hann ber fram frv., sem bæði ég og hv. landbn. virðist sammála um, að sé nú í lögum. Hann segir svo í grg. sinni fyrir frv.:

„En í lögunum er eingöngu heimilað að greiða styrkinn til frystihúsa, sem lán höfðu verið tekin til **áður** en lögin gengu í gildi. Þetta er bersýnilega ranglátt. Þau héruð, sem nú á næstunni myndu vilja koma sér upp frystihúsum, hljóta að gera kröfu um sömu aðstoð frá ríkinu og áður hefir verið veitt. Væri það hróplegt ranglæti, ef slík héruð ættu að gjalda þess, að þau hafa sætt sig við saltkjötsmarkaðinn."

Ég get fyllilega viðurkennt, að þetta væri hróplegt ranglæti, en ég held því fram, að það sé ákveðið í lögum, að þau njóti sömu réttinda. En hann heldur fram því gagnstæða og vill nú álíta, að rökst. dagskrártill. frá annari d. þingsins breyti gildandi lögum. En þeir, sem dæma eftir lögunum, geta vissulega ekki farið eftir því, hvað Nd. Alþ. eða einstakir þm. segja með dagskrártill. Þeir verða að dæma eftir lögunum sjálfum eins og þau eru. Hv. þm. getur því ekki greitt atkv. með rökst. dagskránni, nema játa að frv. hafi verið byggt á röngum skilningi. Ef hann gerir það, skal ég játa, að hann er farinn að öðlast örlitinn skilning á lögum. Hann hélt því fram, að ég hefði skilið lögfræðinginn eftir heima. Ég hygg, að þm. geti séð af þessu, að svo er ekki. Hinsvegar hefir þessi hv. þm. ekki skilið lögfræðinginn eftir heima, af þeirri einföldu ástæðu, að hann hefir engan að geyma.

**Gísli Guðmundsson:** Ég þarf ekki að svara hv. þm. Snæf. mörgu. Það er alveg rétt, að ég hefi ekki skilið lögfræðinginn eftir heima, af því ég er ekki lögfræðingur, en ég vil benda honum á það, að ég er kunnugur lögfræðingum og get því aflað mér vitneskju um skilning á gildandi lögum.

Út af því, sem hv. 8. landsk. sagði, þá hefir hv. frsm. gengið svo gersamlega frá honum, að ekki þarf að moka meira á hann. Þær tölur, sem hann fór með, voru auðvitað út í loftið. Það er alveg út í loftið t. d., ef ég færi að tala um okurálagningu á kaffi, og tilfærði aðeins verðið á kaffi hér, en gæti komið með það verð, sem brazilisku framleiðendurnir fá fyrir kaffið. Þannig fór fyrir hv. 8. landsk. Hann nefndi tölur um kostnað á frystingu síldar alveg út í loftið, því hann gat ekki tilfært, hver kostnaðurinn var við hvern lið. Hann fór út, og segist hafa fundið mann frá Ólafsfirði og fengið hjá honum tölur. Það sýnir, að hann hefir þótzt standa illa að vígi. En þær tölur sýna aðeins, að það er sitthvað að frysta síld fyrir aðra eða kaupa síldina, frysta hana og geyma og selja síðan öðrum. Ég er enginn sérfræðingur frekar en hann um frystingu síldar, en hann hefir ekki frekar en ég vit á þessum hlutum. Viðvíkjandi helgislepju gagnvart samvinnunni, sem hann var að tala um, hefi ég lítið að segja. Hann var að tala um, að ég vildi helzt, að menn tækju ofan, er þeir kæmu niður í Sambandshús. Ég verð að segja það, að ég ætlast til, að hv. 8. landsk. taki ofan þegar hann kemur niður í Sambandshús, af því ég ætlast yfirleitt til, að hann sé svo kurteis að taka ofan þegar hann kemur inn í hús.

**Garðar Þorsteinsson:** Hv. frsm. hélt því fram, að það væri aðalatriði, hvort samvinnufélögin notuðu styrkinn til að okra á borgurunum eða ekki. Það er rétt, en hann hefir ekki enn fært rök að því, að það sé ekki óhæfileg álagning, sem hér er farið fram á. Það bætir ekki úr skák, þótt vera kunni, að aðrir selji síld jafndýrt eða okri eins á henni. Það bætir ekki málstað glæpamannsins, þótt aðrir fremji sama glæp. Ég skaut því til n. þeirrar, sem hv. þm. Mýr. á sæti í, hvort hún vildi ekki athuga, hvort ekki fyndust þess dæmi, að samvinnufélög keyptu síld á 5 aura og seldu hana aftur á 25 aura. Hann hefir nú staðfest þetta. Nú vil ég upplýsa, að samvinnufélag Hríseyinga hefir selt hana á 30 aura. Ég lét mér nægja að nefna lægri töluna, því að mér ofbauð sú hærri.

Það verður nú ekki hrakið, að það kostar ekki nema 4—5 aura að frysta kg. af síld. Hv. þm. talaði um upplýsingar, er hann hefði fengið hjá Óskari Halldórssyni. Ég hefi líka fengið upp-

lýsingar hjá honum. Frystingin kostar á kg. 4—5 aura, geymslan 1 eyri á mánuði, og þetta að viðbættu kaupverðinu er þá allur kostnaðurinn. Er það óneitanlega alveg óhæfilegt, að þessu athuguðu, að selja kg. á 25—30 aura. Það bætir ekki úr skák, þótt aðrir selji líka dýra síld, því síður sem samvinnufélögin hafa fengið mikinn styrk úr ríkissjóði.

Það getur rétt verið, að áhætta sé talsverð við að kaupa síld og frysta. En þetta síldarverð, sem ég nefndi, 25—30 aurar, á aðeins við einn stað við Eyjafjörð, en þar getur áhættan ekki verið mjög mikil, því að margra ára reynsla er fyrir um það, hve mikillar síldar er þörf. Þar hafa um langt skeið róið jafnmargir bátar, jafnmarga róðra, og fer því sem næst jafnmikil beita í hvern róður. Er því ekki nema einfalt dæmi að reikna, hve margar tunnur af beitusíld hver bátur þarf að fá, svo að áhættan getur ekki verið mikil. (**Forseti**: Ég vil minna hv. þm. á, að þetta átti aðeins að vera stutt aths.). Hæstv. forseti hefir ekki takmarkað ræðutímann við suma, sem hér hafa talað þrisvar og jafnvel fjórum sinnum. (**Forseti**: Þetta er ekki rétt).

Hv. 2. þm. N.-M. reis upp og spurði, hvort samvinnufélögin hefðu fengið styrk til að reka frystihúsin. Það getur verið, að ég hafi komizt þannig að orði. Í l. segir, að þeim skuli veittur $^1/_4$ hluti stofnkostnaðar. Á þessu tvennu er raunar ekki nema orðamunur, hvort það heitir styrkur til endurgreiðslu stofnkostnaðar eða rekstrarfé. Svona hugsanagrautur getur víst ekki þrifizt í heila annara en hv. 2. þm. N.-M.

Hv. þm. N.-Þ. þarf ég ekki að svara. Ég hefi þegar sýnt honum fram á, að tölur hans eru fleipur út í bláinn. Mér er nóg, að þingheimur trúir mér og mínum tölum, enda get ég nefnt heimildarmenn að þeim.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson)**: Hv. 8. landsk. hélt því fram, að ég hefði ekki afsannað, að það væri okur að selja á 25—30 aura síld, sem keypt væri á 5 aura. Ég veit ekki, hvað hv. þm. tekur gilt í þessu efni, þegar það er sannað, að allir, sem frystihús starfrækja hér á landi, selja beitusíld allt að tvöfalt dýrara. Þegar hin frjálsa samkeppni hefir úrskurðað, að síldarverðið skuli vera svona hátt, þá ætti það a. m. k. að vera sönnunargagn í augum þessa hv. þm., sem trúir á ágæti hinnar frjálsu samkeppni. En þegar svo kemur fram á sjónarsviðið fyrirtæki, sem selur síldina ódýrara en öll önnur, hvernig ætlar þá hv. þm. að sanna, að það sérstaklega leggi fyrir sig okur, þó að einnig sé upplýst, að þessi starfsemi á fullt í fangi með að bera sig með þessu söluverði sínu?

Ég get að vísu ekki greint nákvæmlega frá einstökum kostnaðarliðum, en ég veit, að þessu er svona farið. Hv. þm. taldi upp eftirfarandi kostnaðarliði: Kaupverð 5 aurar, frysting 4—5 aurar, geymsla 1 eyrir á mánuði. Segjum, að geymslukostnað verði að greiða í 9 mánuði. Þá eru komnir 19 aurar. Eru þá eftir 6 aurar, sem frystihúsin hafa fyrir áhættuna, þá, að þau verði e. t. v. að liggja með síld, sem ekki selst. Hefir það þráfaldlega komið fyrir í frystihúsum, bæði á Suður- og Norðurlandi, að henda hefir þurft miklum birgðum af síld, og verður slíkt vitanlega að leggjast á þá síld, sem seld er. Hér er því ekki um neitt okur að ræða. En svo ber þess að gæta, að aðrir þm. telja það fjarri lagi, að frystingin kosti aðeins 4 aura.

Þykist ég nú hafa sýnt, hversu fráleitt það er, að þessu athuguðu, að tala um okur hjá því fyrirtæki, sem selur síld ódýrast allra hérlendra seljenda.

**Forseti (JörB)**: Þá er umr. lokið. Hv. 8. landsk. hefir að vísu kvatt sér hljóðs, en þar sem hann hefir þegar talað þrisvar sinnum í þessu máli, sé ég ekki ástæðu til frekari umr. (**GÞ**: Það eru ekki aðrir en jafnaðarmenn, sem fá að tala fjórum sinnum). Hv. þm. hefir ekki ástæðu til að kvarta. Hann hefir engum órétti verið beittur. Hann getur flutt sinn sannleika annarsstaðar en hér. (**GÞ**: Hv. 2. þm. Reykv. fékk að tala oftar um daginn). Ég leyfi mér að skírskota til gerðabókar. (**HV**: Ég talaði einu sinni sjaldnar en hv. þm. G.-K.).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 134, frá landbn., samþ. með 23 shlj. atkv.

## 2. Kreppulánasjóður (frv. HV og PZ).

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 frá 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð** (þmfrv., A. 251).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Héðinn Valdimarsson)**: Í 1. um kreppulánasjóð, nr. 78 frá 19. júní 1933, hljóðar fyrri hluti 20. gr. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Kreppulánasjóðs fram til 31. desember 1935 skipa þrír menn, aðalbankastjóri Búnaðarbankans, og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis. En eftir þann tíma skal stjórn Búnaðarbankans falin stjórn sjóðsins án endurgjalds".

Eftir þingtíðindunum er svo að sjá, sem samþ. hafi verið, að stj. Kreppulánasjóðs skyldi skipuð til ársloka 1934, en það hefir síðan verið leiðrétt í Stjórnartíðindunum eftir till. forseta.

Við hv. 2. þm. N.-M. berum fram lítið frv. um breytingu á stj. Kreppulánasjóðs. Störf sjóðsins fara nú minnkandi, og mætti þarna spara nokkurt fé, með því að leggja stofnunina undir Búnaðarbankann. Má þó búast við, að næsta ár verði þetta talsvert starf, og leggjum við því til, að hvorum af bankastjórum Búnaðarbankans, utan aðalbankastjóra, séu greiddar 3000 kr. sem aukaþóknun það ár. Aðalbankastjórinn hefir þegar svo há laun fyrir bankastjórnina, 19200 kr., að óþarft er að bæta við hann.

Villa er í grg. frv., þar sem segir, að hinir bankastjórar Búnaðarbankans hafi 7200 kr. laun. Það á að vera 6400 kr.

Vænti ég þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

**Hannes Jónsson:** Ég minnist þess, að svipað frv. hefir áður verið til umr. hér á þingi. Er nákvæmlega sama mark á þessum tveim frv. Þau eru bæði stíluð fyrst og fremst gegn einum manni í stj. Kreppulánasjóðs, Jóni í Stóradal. Það er eins og lögð sé sérstök áherzla á að koma honum úr sjóðstj. Hver er ástæðan? Ég held, að enginn hafi leyft sér að bera brigður á, að hann hafi leyst af hendi störf sín þar eins og vera ber. Enda mun hér ekki vera um það að ræða að fækka mönnum, heldur að færa starfið af Jóni í Stóradal yfir á hv. þm. Mýr. Nú efast ég um, að þetta sé að nokkru leyti gert í samráði við hv. þm. Mýr. Ég efast um, að honum sé nokkur þægð í því, að Jóni sé sparkað til þess að koma honum sjálfum að.

Þessir miklu sparnaðarmenn beina ekki skeytum sínum í réttar áttir. Gæti ég trúað, að annarsstaðar mætti fá allt eins góðan höggstað.

Þó að margir hafi nú sótt um lán úr Kreppulánasjóði og margar þessar lánbeiðnir hafi verið afgreiddar nú þegar, er eftir að vinna úr miklum hluta lánbeiðnanna, sem fyrir liggja. Úti um land er nú verið að undirbúa nýjar lánbeiðnir. Og þó að mikið hafi þegar áunnizt í þessum efnum, er þó enn margt eftir að gera. Þó að margir bændur séu þegar komnir með lánbeiðnir, er það víst, að margir munu enn bætast þar við. Aðstaðan mun verða sú við lok þessa árs, að verða mun knýjandi nauðsyn fyrir marga bændur að leita til Kreppulánasjóðs, ef þeir eiga að geta haldið áfram búskap sínum, þótt sumir hafi ætlað að draga það í lengstu lög.

**Flm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég skal engan dóm á það leggja, hvernig Jón í Stóradal hefir leyst af hendi störf sín í Kreppulánasjóði. Hefi ég a. m. k. ekki heyrt neinar kvartanir um hann eða aðra starfsmenn þar. Enda er frv. ekki af neinum slíkum rótum runnið. Ástæðan til frv. er sú, að þegar aðalstörf sjóðsins virðast búin, þá sýnist það vera nauðsynjalaust að greiða 21600 kr. fyrir stj. hans, þar sem ekki er hægt að telja það ofætlun bankastjóranna í Búnaðarbankanum að annast störf hans. Er ekki ástæða til að ætla, að þó að Jón í Stóradal hætti að hafa þessi 7200 kr. laun, þá verði starfið ekki sæmilega af hendi leyst. Þessi breyting myndi ekki heldur ganga út yfir hann einan, heldur líka bankastjórana Tryggva Þórhallsson og hv. 2. þm. Rang. Tryggvi Þórhallsson hefir nú 26400 kr. við Búnaðarbankann og Kreppulánasjóð, og myndu þau laun lækka niður í 19200 kr. Tekjur hv. 2. þm. Rang. myndu einnig lækka um 7200 kr. Það er skoðun okkar flm., að bankastjórar Búnaðarb. geti vel leyst af hendi þetta starf.

Viðvíkjandi orðum hv. þm. V.-Húnv. vil ég taka það fram, að hv. þm. Mýr. hefir ekki verið hafður í ráðum um þetta frv. Það erum við flm. einir, sem þar höfum átt hlut að máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til landbn. með 14:8 atkv.

---

Á 34. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 251, n. 367).

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Í n. hefir orðið samkomulag um afgreiðslu málsins. Að vísu vorum við 2 flm. þeirrar skoðunar, að bezt væri að afgr. frv. eins og það liggur fyrir. En við höfum þó ekki viljað láta n. klofna á þessu atriði, þar sem aðalatriðinu má nú á annan hátt, sem sé með þeirri rökst. dagskrá, sem n. ber fram. N. hefir orðið sammála um, að óþarft sé að greiða sjóðstj. á næsta ári jafnmikið fé og áður, og sérstaklega sé óþarft, að aðalbankastjóri Búnaðarbankans hafi þessa miklu þóknun fyrir aukastarf sitt þar. Við hefðum álitið réttast að fela stjórn Búnaðarbankans sjóðstjórnina frá næstu áramótum, en höfum þó orðið sammála um að leggja til, að núv. fyrirkomulag haldist til áramóta 1935—36, meðal annars af því, að stjórnendurnir hafa verið skipaðir til tveggja ára af fyrrv. ráðh., Þorsteini Briem. Þykir sumum óviðkunnanlegt að hrófla við þessu.

Um það, að minna starfs megi vænta af stjórn Kreppulánasjóðs á næsta ári en áður hefir verið, liggur fyrir vottorð sjóðstj. sjálfrar. Af 2800 lánbeiðnum, sem borizt hafa, hafa þegar verið afgreiddar 2000, en synjað hefir verið eða líkur eru til, að synjað verði um 300 lánbeiðnir. Eru þá eftir óafgreiddar um 500 lánbeiðnir, og eru líkur til, að þær sé hægt að afgreiða fyrir áramót að mestu leyti. Höfum við því lagt til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi rökst. dagskrá: [Sjá þskj. 367].

**Guðbrandur Ísberg:** Ég hefi skrifað undir nál. landbn. með fyrirvara. Ég er því samþykkur, svo framarlega sem það er rétt, að störfum Kreppulánasjóðs sé að verða lokið, að athuga beri, hvort ekki er hægt að spara laun sjóðstj., sérstaklega aðalbankastjóra Búnaðarbankans, sem hefir mikil laun fyrir. Held ég, að ekki sé ástæða til að greiða þessum manni fyllstu embættislaun að auki.

Minn fyrirvari miðast aðallega við það, að í stj. Kreppulánasjóðs er einn maður, sem unnið hefir þetta sem aðalstarf og hefir ekkert aukastarf á höndum. Miðað við laun, sem menn hafa í sambærilegum stöðum, virðast laun hans ekki sérstaklega há.

Þegar ég gekk inn á að afgreiða þetta mál þannig, sem hér liggur fyrir, gerði ég það í trausti þess, að sá maður yrði ekki færður niður í launum, meðan hans ráðningartími stendur. Það væri brigðmælgi gagnvart honum.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég lít svo á, að hvort sem er um að ræða aðalstarf eða aukastarf, þá verði að gera ráð fyrir því, að menn irnir verði að leysa jafnt starf af hendi allir, svo að ekki sé ástæða til að greiða þessum eina manni meira en hinum fyrir þetta starf.

**Hannes Jónsson:** Það þarf sennilega að skýra málið og rökst. dagskrána betur en hv. frsm.

n. hefir gert. Hann fer óeðlilega fimlega gegnum sjálfan sig, þegar hann talar um frv., og virðist mér hann annars ólíklegur til að gera þetta svo fimlega sem orðið hefir. Í nál. landbn., sem hann hefir samþ. og undirritað, er sagt, að ekki sé rétt að taka launin af einum manninum í sjóðstj., sem vinnur þar aðalstarf. Þá talar hann um, að aðalbankastjóri Búnaðarbankans eigi ekki að taka laun fyrir þetta aukastarf sitt. Í rökst. dagskránni er sagt, að landb.ráðh. eigi að gera nýja ákvörðun um þóknun fyrir stj. sjóðsins. Og svo segir hv. frsm. í stuttri aths. rétt áðan, að gera verði ráð fyrir, að allir í sjóðstj. vinni jöfn störf, og sé því ekki ástæða til að gera mun á launum þeirra.

Hv. frsm. gengur út frá því, að launin verði alveg tekin af einum manninum. En samkv. umsögn hv. þm. Ak. hefir orðið samkomulag um það í n., að ekkert yrði tekið af launum þessa manns. Svo segir hin rökst. dagskrá, að alla þrjá skuli færa niður í launum, og hv. frsm. segir sjálfur, að gera verði ráð fyrir, að allir þrír vinni jöfn störf, og sé því ekki ástæða til að launa þá misjafnt. Hvernig á nú að skilja þetta? Hverjum af þessum ummælum á að trúa, þar sem þeim ber svona herfilega saman?

Eftir dagskránni horfir málið allt öðruvísi við en í frv. Er því ekki hægt að segja, eins og hv. frsm. gerði, að með henni sé náð því sama og með frv.

Í nál. er sagt, að ekki þyki ástæða til að taka störfin af stj. sjóðsins, þar sem hún sé skipuð af fyrrv. ráðh., og er það rétt; l. gera ráð fyrir, að Búnaðarbankinn taki ekki við stj. sjóðsins fyrr en í árslok 1935. Rökst. dagskráin gerir ekki annað en vikja því til ríkisstj., hvort ekki sé rétt að fella niður laun aðalbankastjórans, er hann hefir við Kreppulánasjóð, og lækka laun hins bankastjórans. En gengið er út frá því sem sjálfsögðu, að laun þriðja mannsins haldist óbreytt. Er ekki hægt að skilja dagskrána öðruvísi, miðað við það, sem segir í nál. Ég vil undirstrika það sem réttan skilning hjá hv. frsm., að þegar menn leggja fram sömu vinnu, á að borga þeim jafnt fyrir. En hví þá að gera þessa breytingu, að taka starfið af einum manninum síðara árið? Ég skal ekki vera að verja hin háu laun aðalbankastjórans; það mætti e. t. v. segja, að svo hefði átt að vera frá upphafi, að hann hefði ekki þessi miklu aukalaun. Og um hina er ekki hægt að vitna í þessi háu laun.

Ég er þeirrar skoðunar, að ekki sé hægt að breyta þeim ákvæðum, sem sett hafa verið gagnvart þessum mönnum. Það verður að líta á þau sem samning við þá. Og alveg fráleitt er að lækka nú laun þess manns, sem vinnur þarna sitt aðalstarf. Þó að 600 kr. mánaðarkaup séu allgóð laun, ber þó á það að líta, að þetta er ekki litið starf. Stjórnendur Kreppulánasjóðs hafa, eins og gefur að skilja, lagt á sig mikið starf við afgreiðslu þeirra mála, sem þar hafa legið fyrir.

Það er eins og lagzt sé sérstaklega djúpt um aðfinnslur, þegar í hlut eiga menn, sem launaðir eru af Búnaðarbankanum, en aftur er hlaupið yfir samskonar starfsmenn í öðrum bönkum. Það myndi líka koma óþægilega við kaun hv. frsm. En hann ætti að líta lengra í þessum efnum.

Ég skal ekki tala á móti hinni rökst. dagskrá, því að mér virðist það vera ljóst, hvað í henni felst, þó að hún komi ekki heim við ræðu hv. frsm. Tek ég meira tillit til dagskrárinnar en orða hans, ekki sízt þar sem maður úr landbn. hefir lýst afstöðu n., sem fellur alveg saman við dagskrána.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég lít svo á, að bankastjórar við Búnaðarbankann eigi ekki að þurfa að leggja þar fram alla sína starfskrafta. Geri ég ráð fyrir, að starf það, sem eftir er við Kreppulánasjóð, sé ekki meira en það, að það myndi þá fylla út tíma þeirra. En það, sem ég vildi sagt hafa, er það, að þótt þriðji maðurinn yrði framvegis við stjórn sjóðsins, þá ætti hann ekki að hafa sömu laun árið 1935 sem 1934, þar sem svo lítið starf er eftir. Fer ég svo ekki frekar út í það mál, en þetta mætti e. t. v. jafna á einhvern hátt.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að bréf þau, er snerta þetta mál, eru gefin út af Þorsteini Briem. Er um þetta sérstakt bréf frá 20. júní 1933, en í bréfi dagsettu 9. nóv. 1933 kemur ákvörðunin um, að launin skuli vera 600 kr. á mánuði. En það er með þau laun sem önnur starfslaun, að þeim má breyta.

**Bjarni Ásgeirsson:** Eins og tekið er fram í nál., hefi ég leitt þetta mál hjá mér í landbn., og geri ég ráð fyrir, að ég muni einnig láta það afskiptalaust við atkvgr., þar sem það viðkemur mér persónulega. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á þær miklu umr., sem orðið hafa í sumum blöðum um þá miklu ósvinnu, að aðalbankastjóri Búnaðarbankans skuli hafa þegið sérstök laun fyrir Kreppulánasjóðsstj., auk launa sinna við bankann. Ég finn ekki að því, þótt Alþingi færi niður laun hátt launaðra starfsmanna. En það er ekki rétt að nefna í því sambandi sérstaklega þennan mann, því að ýmsir hátt launaðir menn í þjóðfélaginu hafa jafnan haft á hendi mörg aukastörf og miklu hærra launuð en þessi maður. Menn hafa stundum haft þreföld og fjórföld aðallaun sín með ýmsum aukalaunum fyrir aukaverk. Aðrir bankastjórar hafa haft mörg aukastörf og margföld á við þennan mann. Vona ég, að tillit verði tekið til þessa, þegar réttlætistilfinningin knýr hv. þm. til að koma með till. um breytingar í þessu efni. Þess ber að gæta, að þetta aukastarf er svo óvinsælt, að leitun er á öðru eins. En það leikur ekki á tveim tungum, að þessi maður hefir leyst það vel af hendi, svo að ekki er á margra færi að leika það eftir. Hefir hann í þessu starfi sýnt þvílíka lipurð og lagni, að hann á ekki skilið að vera úthrópaður, og á það eitt minnzt, að hann tekur laun fyrir, ekki sízt þar sem svipað er látið óátalið, þegar aðrir eiga í hlut.

**Ólafur Thors:** Ég hygg, að þetta frv. sé eitt þeirra frv., sem borin eru fram á Alþingi í þeim tilgangi sérstaklega að bekkjast til við andstæðinga stj. Frá því sjónarmiði mun ég taka afstöðu til málsins.

Mér er kunnugt um, að allir, sem unnið hafa að þessum störfum, hafa gert það hver öðrum betur. Er enginn vafi á því, að samningur sá, er fyrrv. ráðh., Þorsteinn Briem, gerði við þessa menn, á að gilda til ársloka 1935. Ég er viss um, að ef hér hefðu átt hlut að máli stuðningsmenn stj., þá hefði slikt frv. ekki komið fram, jafnvel þótt þeir hefðu ekki lagt fram slíkt starf sem þessir menn. Ég er því andvígur frv. eins og það lá fyrir, en get þó greitt atkv. með dagskrártill., ef skilja má hana þannig, að launin skuli haldast óbreytt til ársloka 1935. Að þeim tíma liðnum geri ég ráð fyrir, að störfum þessum verði að mestu lokið, og er þá tími til að gera nýja ákvörðun í málinu, en fyrr ekki.

Það er rétt, að aðalbankastjóri Búnaðarbankans hefir mikil laun, meiri en flestir aðrir, enda þótt ég haldi, að hann beri ekki meira úr býtum en sumir þeir, sem hæst gala hér. Þetta get ég fullyrt fyrir guði og mönnum og staðið við á dómsdegi. En það er e. t. v. minna leyndarmál um laun þessa manns en sumra af hinum. Það má vel vera, að bankastjórinn hafi óeðlilega há laun, miðað við það, sem okkar fátæka þjóðfélag getur greitt sínum starfsmönnum. En það liggur ekki í því, að laun hans við Kreppulánasjóð séu of há, heldur liggur það í hinu, að hann hefir of há laun sem búnaðarbankastj. Í því liggur engin till. fyrir hér, svo mönnum gefst ekki kostur á að taka afstöðu til þeirrar hliðar málsins. Það má vel vera, að orðalag dagskrártill. útiloki skilning minn á efni hennar hvað snertir aðalbankastjóra Búnaðarbankans. Ef svo er, þá mun ég greiða atkv. á móti henni, en er reiðubúinn til þess að ræða við þessa flm. og aðra úr stjórnarfl. um lækkun á launum þessara manna og annara hálaunamanna, er ráðað var á bitlingafjötuna á fyrri stjórnartíð þessara flokka á árunum 1927—'30. Um það er ég reiðubúinn til samninga, en ekki ef undir yfirskini helgrar réttlætistilfinningar er ráðizt að pólitiskum andstæðing, sem innt hefir mikið og gott starf af hendi.

**Guðbrandur Ísberg:** Það virðist upplýst, að meginhluta af störfum Kreppulánasjóðs sé lokið, þannig að ekki þurfi að gera ráð fyrir, að þurfi 3 menn til þeirra starfa, sem ólokið er. Mér finnst því eðlilegt og sjálfsagt, að aðalbankastjórinn létti af sér þessum störfum næsta ár og að samið verði við hann um launalækkun. Ef lækkað verður við hann, mun starfið lenda á þeim, sem með honum hafa verið, og finnst mér þá eðlilegt, að ekki verði lækkað við þann manninn, sem hefir haft þetta sem aðalstarf og ráðinn sérstaklega til þessa starfs og við hann samið. Ég get ekki fallizt á, að farið sé að rjúfa samninga á honum, og mundi því greiða atkv. gegn dagskrártill., ef sú væri ætlunin.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég vil leggja það til við þm. G.-K., að næst þegar hann tekur til máls, lesi hann áður um það mál, sem hann ætlar að tala um, svo ekki komi fyrir það sama og nú, að hann mælir með rökst. dagskr. gangandi út frá, að í henni standi allt annað en er. Í henni er gert ráð fyrir, að landb.ráðh. geri þessar ráðstafanir um næstu áramót. En í lok ræðu sinnar, er hann hefir lesið dagskrána, tekur hann allt aftur, sem hann sagði í fyrri hlutanum.

Hann tekur fram í ræðu sinni, að vegna þess að hann álíti, að þetta sé af pólitiskum toga spunnið, vilji hann halda áfram að greiða sömu laun. Ég verð að segja, að það er torskilinn „morallinn“ í þessu hjá þm.

Margt mætti segja um forsögu þessa máls, en ég ætla ekki að fara inn á það, til að lengja ekki umr. En það er vitanlegt, að margir ætluðust til, að stjórn Kreppulánasjóðs yrði skipuð á annan veg en þann, sem varð, og er vitanlegt, að endaði með því, að tveir af þeim, sem í henni sitja, kusu sjálfa sig og hvor annan til starfans.

**Hannes Jónsson:** Mér sýnist horfa óvænlega um rökst. dagskrána. Ég sé ekki annað en að nm. sjálfir séu ósammála um, hvað í henni felst. Ég vil því leggja til, að henni sé vísað til landbn. aftur, svo hún átti sig á því, hvað það er. Það er dálítið óviðfelldið að samþ. það, sem annar segir að þetta felist í, en hinn segir hitt. Ef á að taka tillit til samþykktar dagskrártill., verður að vera ágreiningslaust af flytjendum hennar, hvað í henni felst. Annars er ekki hægt að taka mark á henni.

Ég vil leggja þá spurningu fyrir frsm. n., hvort um það var talað í n., að laun Jóns í Stóradal ættu að lækka, og hvort henni hefir dottið í hug, að laun meðbankastjórans ættu að lækka, ef aðalbankastjórinn hætti þessum störfum. Þetta þarf að vera ljóst, hvað átt er við með dagskránni, svo hægt sé að snúast við henni.

Ef umr. verða um málið, má vel vera, að vekjist upp fleiri dm. og hugleiði, hvort það er virkilega rétt, sem frsm. segir. Mér fannst hann tala óljóst. Ég býst við, að dm. hafi heyrt, að hann sagði, að ekki væri ástæða til, að launin væru misjöfn, því að stjórnendurnir afköstuðu svipuðu starfi. En það kemur allt annað fram í dagskránni sjálfri og því, sem frsm. segir um málið að öðru leyti. Þetta, að gera þurfi nýja ráðstöfun, — ja, sennilega er gert ráð fyrir því, að það komi til framkvæmda um áramót, eða hvenær á það að koma til framkvæmda? (**HV:** Það stendur í dagskránni). Nú er það víst, að enn er eftir að vinna að allmörgum lánbeiðnum, og annað er líka alveg víst, að það koma fram margar nýjar lánbeiðnir, og um það getur enginn sagt, hve margar. Það eru margir, sem ætluðu að sækja, en vildu fyrst sjá árangurinn af framkvæmdinni, sjá útkomuna hjá hinum, sem sóttu, og hafa því beðið. Ég veit um fjölmarga, sem svo er ástatt um, og ætla nú að fara í Kreppulánasjóð og taka lán. Það eru einnig aðrir menn, sem verða að fara í Kreppulánasjóð, vegna þess að á þá falla ábyrgðir, kröfur, sem þeir verða að standa ábyrgð á, en geta ekki nema leita á náðir Kreppulánasjóðs. Það er enginn vafi á því, að þær umsóknir verða nokkuð margar, og ekki víst, að þær verði allar greiðar úrlausnar. Það verða því mikil störf á næsta ári fyrir stjórn sjóðsins. Ég veit ekki, hvort n. ætlast til, að einn maður starfi áfram í sjóðstjórninni, en ef svo er, þá er ekki gott að fá þann meiri hluta, sem á að vera til staðar til að taka ákvarðanir um

mál vegna Kreppulánasjóðsins sjálfs, eins og gert er ráð fyrir í lögunum.

Af þessum ástæðum öllum sé ég ekki, hvernig hægt er að ganga út frá að leggja niður starf stjórnarinnar að mestu leyti um næstu áramót. Ég sé ekki heldur, að ríkisstjórnin sjái, hve margar lánbeiðnir koma hér eftir, eða hvað því líður um áramót, þó líkur séu fyrir hendi, að Kreppulánasjóðsstjórnin gæti verið búin með það, sem nú liggur fyrir, ef ekkert bættist við, t. d. á miðju næsta ári, þá getur enn aukizt við meira en ókunnugir gera ráð fyrir að óreyndu. Mér sýnist því dagskráin algerlega óhæf fyrir stjórnina að styðjast við eða taka ákvarðanir eftir um næstu áramót. Fyrst þegar búið væri að taka ákvarðanir um þær lánbeiðnir, sem fyrir lægju, gæti komið til orða að breyta til. Ég efa ekki, að það mun hægt að komast að samkomulagi um það við þá menn, sem í stjórninni eru.

Ég verð því að vænta þess, ef dagskráin verður samþ., að henni fylgi sú skoðun þingsins, að ekki sé það krafa um, að stjórnin geri breyt. um áramót, heldur geymi það, þar til séð er, hvort störfum er að verða lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., 14. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 367, frá landbn., samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StJSt, ÞorbÞ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍ, GTh, HV, JónP, JG, PÞ, SE.

**nei:** SK, TT,[1]) ÁÁ, GÞ, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JS, MT, ÓTh, SigfJ.

BÁ, GSv, PO, JörB greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (PZ, PHalld) fjarstaddir.

## 3. Ráðstafanir vegna fjárkreppunnar (frv. HannJ og MT).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar** (þmfrv., A. 50).

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Hannes Jónsson):** Með lögum nr. 79 19. júní 1933 var stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilað að veita greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og landsnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun. Á sama hátt var stjórn Landsbanka Íslands heimilað að veita greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af landbúnaðarlánum úr veðdeild bankans.

Jafnframt þessari heimild til bankanna um frest á greiðslu afborgana, var ríkisstjórninni heimilað að greiða úr ríkissjóði allt að 1½% af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg, á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiddi sjálfur 4½% á ári.

Með yfirfærslu á skuldum bænda í Kreppulánasjóð er létt af þeim að verulegum hluta vaxtaþunganum, sem á þeim hvíldi, af þeim skuldum, sem ekki voru veðtryggðar. Vaxtakjör Kreppulánasjóðs eru 4%, og má því segja, að vaxtakjör þeirra bænda, sem hafa getað fært skuldir sínar í Kreppulánasjóð, séu nú komin í viðunandi horf. En þær veðskuldir, sem ekki var hægt að yfirfæra í Kreppulánasjóð, hvíla enn með óeðlilegum þunga á bændum vegna óhagstæðra vaxtakjara.

Við flm. þessa frv. leggjum því til, að ákvæði gildandi laga um framlög ríkissjóðs til vaxtalækkunar á veðskuldum bænda verði ekki látin falla niður á þessu ári, heldur framlengd um óákveðinn tíma, með nokkrum breytingum, sem ég skal nú koma að.

1. Af venjulegum fasteignalánum leggjum við til, að vaxtatillagið verði allt að 2% í stað 1½%, sem gildandi lög ákveða, þó aldrei meira en svo, að lántakendur greiði 4%. Vextir af þessum lánum munu vera allt að 6% og greiðslufrestur þeirra, flestra, skemmri en hliðstæðra lána í Kreppulánasjóði. Lánskjör þessara manna eru því til muna verri en þeirra, sem höfðu óveðbundnar, eða lítt veðbundnar, fasteignir að láta til tryggingar lánum úr Kreppulánasjóði. Hér er því aðeins um að ræða að samræma stuðning hins opinbera gagnvart þessum mönnum.

2. Af lánum frá Byggingar- og landnámssjóði leggjum við til, að vaxtatillagið verði allt að 1%, þó þannig, að lántakendur greiði af lánum til endurbygginga íbúðarhúsa 3%, og 2% af lánum til nýbýla. Þrátt fyrir það, þó lán þessi hafi verið með tiltölulega vægum vaxtakjörum, þá hafa þau orðið mörgum erfið í eftirdragi, sérstaklega fyrir það, að ekki var gætt nægilega hófs í stærð húsanna, og urðu því lánin hærri en menn þoldu. Það hefir og ætíð verið viðurkennt, að lán þessi þyrftu að vera með lægri vöxtum en önnur lán bænda. Af þessum ástæðum berum við fram þetta nýmæli og teljum það nauðsynlegt til samræmis við aðrar tillögur okkar. Ég skal taka það strax fram, til leiðbeiningar fyrir þá nefnd, sem væntanlega fær málið til meðferðar, að við flm. erum fúsir til að ganga talsvert lengra í vaxtalækkun nýbýlalána en hér er lagt til. Væri jafnvel álitamál, hvort nokkra vexti ætti að greiða af þeim lánum, enda mun ekki hafa verið til þess ætlazt í upphafi, því byrjað var með því að veita vaxtalaus nýbýlalán og til þess varið 70 þús. kr. Síðan hafa nýbýlalán verið veitt að upphæð samtals kr. 175 þús., og þó að þau 2%, sem við flm. gerum ráð fyrir, að lántakendur greiði í vexti, yrðu felld niður, mundi það ekki auka vaxtabyrði ríkissjóðs vegna þessara ráðstafana um meira en kr. 3500.00.

Árleg útgjöld ríkissjóðs vegna ákvæða frv. þessa, ef að lögum verða, munu nema 50—60 þús. kr. fram yfir það, sem núgildandi lög heimila, en það varð á árinu 1933 rúml. 100 þús. kr.

1) **TT:** Með því ég tel launaákvæði stjórnar Kreppulánasjóðs samningsbundin til áramóta 1935, segi ég nei.

Að lokum vil ég taka það fram, að frv. þetta er flutt sem bráðabirgðaráðstöfun, enda þótt ekkert tímatakmark sé sett. Við flm. litum svo á, að ekki verði hjá því komizt að vinda bráðan bug að því að endurskoða og færa í hagkvæmara skipulag lánakjör landbúnaðarins. — Alstaðar hjá öðrum þjóðum, þar sem ég hefi til spurt, er lögð áherzla á það, að lán landbúnaðarins séu með sem vægustum vaxtakjörum. Bæði vegna þess, að undantekningarlítið eru þessi lán mjög vel tryggð og tryggari en flest önnur lán, og þar að auki er það þjóðhagsleg nauðsyn að tryggja sem bezt þennan atvinnuveg, svo jafnvægi haldist milli sveita og kaupstaða.

Ég er reiðubúinn til samvinnu við alla góða menn um frekari lagfæringu á þessum málum en hér er farið fram á. Legg ég svo til, að frv. verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr. og vænti skjótrar og góðrar afgreiðslu frá hennar hendi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég hygg, að flestum sé ljóst, að að því beri að stefna, að ekki þurfi að greiða úr ríkissjóði vaxtamismun á almennum lánum, hvorki til landbúnaðarins né til annara atvinnuvega. Hitt er annað mál, að það getur vitanlega komið til mála, og hefir verið tiðkað, að styrkja vissar framkvæmdir, eins og t. d. byggingar, með framlagi úr ríkissjóði, sem komi fram m. a. í vægari vaxtakjörum. Nú er áreiðanlegt, að l., sem nú gilda um greiðslu á nokkrum hluta vaxta af fasteignalánum bænda, eru hugsuð sem bráðabirgðaráðstöfun, þannig að mismunur skyldi greiddur 1933 og 1934. Er það miðað við það tímabil, þegar verið var að koma kreppumálum landbúnaðarins í horf. Nú er, eins og menn sjá í stjfrv., ekki gert ráð fyrir neinum útgjöldum til að greiða vaxtamismun af slíkum lánum, með tilliti til þess, að stj. lítur svo á, að þetta mál verði að leysa sem fyrst til frambúðar, og sú lausn komi í framkvæmd á næsta ári. Að tilhlutun stj. hefir þetta mál verið athugað, og vonandi koma till. úr hv. landbn. frá þeim, sem hafa málið með höndum fyrir stj.

Ég vil benda á það, að það eru náttúrlega margháttaðir örðugleikar í vegi þess, að hægt sé að ná hæfilegum vaxtakjörum á almennum lánum, — og fyrst og fremst fólgnir í því, að við störfum hér á landi með svo miklu af erlendu lánsfé með háum vöxtum. Búnaðarbankinn starfar með 6% fé að verulegu leyti. Lánardrottnar eru erlendir, sem ekki er auðvelt að fá til að breyta lánakjörum sínum, bráðlega að minnsta kosti. Það eru því allmiklir örðugleikar á því að færa vextina niður. Ef við störfuðum að mestu leyti með okkar eigin fé, þyrftum við ekki annað en skipa til um útlána- og innlánsvexti svo sem hæfilegt væri. En það er ekki því að heilsa, og þess vegna verða vextirnir hærri en við óskum.

En ég er ekkert á móti því, að þessu frv. sé vísað til landbn. til athugunar, og vildi þó taka fram, að stj. hefir hugsað sér, að hjá slíkri ráðstöfun yrði ekki komizt, en að hún gæti komið bráðlega til framkvæmda á þann hátt, sem ég áður benti á. Hvort stj. getur náð því marki með sínum till., sem hv. þm. V.-Húnv. gerir sig ánægðan með, skal ég ekki segja. En það er ekki nema eðlilegt fyrirbrigði, að þeir, sem eru í minni hlutanum, geri sig óánægða með það, sem meiri hlutinn gerir. — eðlileg afleiðing af því fyrirkomulagi, sem við eigum að búa við í stjórnmálunum. Ég geri ráð fyrir, að hvað sem við gerðum í þessu máli, sem nú sitjum við völd, yrði hv. þm. V.-Húnv. ekki ánægður.

En ég vil ekki láta hjá líða að benda á, að stj. hefir veitt þessu sérstaka athygli, eins og líka kemur fram í samningunum við stjórnarmyndunina, sem gerðir voru opinberlega.

**Flm. (Hannes Jónsson):** Það er náttúrlega ekki nema gott við því að segja, ef stj. leggur fram frv. til l. um betra skipulag á lánakjörum landbúnaðarins. Og ég er ekki hræddur um, að mér komi ekki saman við hæstv. ráðh. og Framsfl. um þá hluti. Því að ég er vel tilleiðanlegur til að ganga lengra í þeim efnum en ég geng í þessu frv., enda hefir Framsfl. lýst yfir því opinberlega, að hann vildi ganga lengra en frv. þetta fer. **(Fjmrh.:** Hvar er sú yfirlýsing?). Það má benda hæstv. ráðh. á það, ef hann hefir ekki lesið „Tímann" síðasta árið.

En með þessu frv. er aðeins gert ráð fyrir því að gefa stj. heimild til endurgreiðslu samkv. þessu frv. Og jafnvel þó að svo færi, að annaðhvort á þessu þingi eða næsta þingi yrði sett endanleg löggjöf um lánaþörf landbúnaðarins, þá er engin hætta af því að lofa þessu frv. að ganga fram. Hæstv. ráðh. ætti ekki að vera neitt óánægður með heimild til slíkra ráðstafana. Ég er ekki í vafa um, að hann álítur landbúnaðinum fulla þörf á vaxtaívilnunum, annaðhvort með endurgreiðslu frá ríkissjóði til stofnana, sem bændur skulda, eða í öðru lagi, sem er miklu æskilegra og eðlilegra, að lánin séu yfirfærð í önnur hagkvæmari lán. Hér er því ekki um annað að ræða en nokkra tryggingu fyrir ríkisstj. fyrir að mega gera lánakjör landbúnaðarins sæmileg, ef svo færi, að ekki tækist á þessu þingi — eða svo snemma, að til framkvæmda kæmi á næsta ári — að setja fullkomna löggjöf um lánaþörf landbúnaðarins. Það er líka hægurinn hjá fyrir hæstv. ráðh. að kippa að sér hendinni um fjárveitinguna, ef hann sér engin tök á fyrir ríkissjóð. Vitanlega ætlumst við til, að heimildin verði notuð. Og ég á bágt með að trúa því, að ekki væri hægt með fjárlagafrv. sjálfu, eins og það liggur fyrir, að færa svo til á því, að þetta frv., þótt að lögum yrði, þyrfti ekki að valda neitt verri útkomu á ríkisbúskapnum en stefnt er að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., utan dagskrár, mælti

**Hannes Jónsson:** Snemma á þingi flutti ég hér frv. um niðurfærslu vaxta af veðlánum landbún-

aðarins. Þetta frv. hefir nú fengið að hvíla sig um mánaðar tíma í hv. landbn. Ég hefi verið að grennslast eftir því hjá nm., hvað því liði, en fengið heldur mismunandi svör, og einn nm. vissi ekki einu sinni til þess nú í morgun, að málið lægi fyrir n. Mér virðist þess vegna, að það muni hafa verið unnið heldur slælega að þessu máli í n., og verð ég að vænta þess, að hæstv. forseti reki eftir því, að n. skili því frá sér. Ef hún getur ekki skapað sér neina skoðun á því, getur hún a. m. k. skilað því til d. án greinargerðar; aðalatriðið er, að hún svæfi það ekki alveg.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég get glatt hv. þm. V.-Húnv. með þeim upplýsingum, að málinu líður ágætlega hjá landbn. Annars er ástæðan til þess, að það er ekki komið fram, sú, eins og hv. þm. er kunnugt um, að fyrir landbn. liggja mjög víðtækar till. um almenna vaxtalækkun á lánum landbúnaðarins, sem fljótlega munu verða afgr. frá n. í heild. Okkur virtist ekki ástæða til að taka einn lið út úr og afgr. hann sérstaklega, heldur munum við afgr. frv. hv. þm. V.-Húnv. í sambandi við hin önnur samkynja mál, sem n. hefir til meðferðar, og vænti ég, að þau komi fram næstu daga. Vona ég, að hv. þm. V.-Húnv. verði þolinmóður þangað til.

**Hannes Jónsson:** Ég veit auðvitað, að frv. muni líða vel hjá n., eins og hverjum þeim hlut, sem er læstur niður í skúffu. En það er ekki slík meðferð, sem ætlazt er til, að mál fái hjá nefndum. Það er málefnið, sem í frv. felst, sem ég ætlaðist til að væri það mikils virði, að a. m. k. form. n. vildi sinna því eitthvað. Ég hygg, að þeir hafi beðið lengi vel eftir einhverjum öðrum till. í málinu, en ég sé ekki, að velferðarmálum bænda sé neitt misboðið með því, þó þetta frv. fái að halda áfram göngu sinni í gegnum þingið, því ég get búizt við, að það verði nokkuð seint, sem heildarlausn þessara mála kemur frá n. Ég held þess vegna fast við það að fá mitt frv. afgr. frá n. á einhvern hátt. Svo getur hún komið fram með sínar till. um þessi málefni að öðru leyti í hvaða formi sem henni þóknast.

**Bjarni Ásgeirsson:** Það er vitanlegt, að n. afgreiðir frv. á sínum tíma. En eins og ég sagði, er ekki hægt að taka eitt mál út úr mörgum samkynja, því afgreiðsla þessa máls fer nokkuð eftir því, hvaða undirtektir önnur atriði þess, sem n. ber fram, hljóta. N. getur ekki tekið fasta afstöðu til frv. fyrr en hún hefir komizt að fastri niðurstöðu um önnur atriði málsins. Mun ekki líða á löngu áður en það verður.

**Hannes Jónsson:** Ég vil einungis leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort þetta séu gildar ástæður fyrir því, að n. haldi málinu hjá sér. Það er hægt að halda áfram að bera því við þingtímann út, að n. sé að hugsa um eitthvað annað og meira heldur en í frv. felst. Vona ég, að hæstv. forseti reki eftir afgreiðslu málsins, ef hann telur n. ekki hafa rétt til að sitja á því allan þingtímann.

Fjárlögin eiga nú að koma til umr. eftir fáa daga; virðast litlar líkur til, að þetta mál eigi að fá að koma fyrir áður, og sjá þá allir, hvernig fara mun um það, jafnvel þó það komi í einhverjum betri búningi, að áliti hv. form. n., heldur en frv. er nú í.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég hygg, að hv. þm. V.-Húnv. sé svo vanur að sofa á málum frá Alþfl., að honum ætti ekki að bregða í brún, þó sofið væri á málum frá honum.

**Forseti (JörB):** Mér virðist á svörum hv. form. landbn., að hann vilji gjarnan greiða fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég vil skilja hann svo, að n. sé að vinna að málinu, ásamt fleiri samskonar málum, og meiningin sé að afgreiða það svo fljótt, sem hægt er. Ég fyrir mitt leyti óska eftir, að hv. n. sinni málinu og afgreiði það, og ég get heitið hv. flm. því, að ég mun gefa því gætur, hvort afgreiðsla málsins dregst mjög úr þessu. **(HannJ:** Hún er nú þegar búin að dragast lengi).

**Hannes Jónsson:** Það er gott fyrir hv. d. að heyra það frá einum af landbnm. sjálfum, að það er ásetningur að sofa á þessu máli. Og ef hv. form. landbn. er í sömu sæng og sá, sem yfirlýsinguna gaf, og sefur þar á málinu með honum, þá kann ég honum litlar þakkir fyrir.

**Forseti (JörB):** Ég óska, að þessar umr. fari nú að styttast.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég veit ekki, hvort hv. þm. V.-Húnv. hefir nokkurntíma orðið var við það, að það getur verið svo, þó tveir séu í sama rúmi, að þá vaki annar en hinn sofi. Það hefir meira að segja komið fyrir hér í hv. d., að sumir hafa vakað en sumir sofið. Annars get ég sagt það, að hv. 2. þm. Reykv. er málið vel ljóst, og má því segja um hann í þessu efni, að hann lætur sem hann sofi, en samt mun hann vaka.

**Forseti (JörB):** Mér virðist af þessu, að hv. landbn. vaki, og a. m. k. mun hún nú vaka hér eftir.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 624).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Nefnd þeirri, sem um þetta mál hefir fjallað, hefir verið fundið það til foráttu, að hún hafi legið nokkuð lengi á afgreiðslu þess. Ástæðan fyrir því, að þetta mál hefir ekki fengið fyrr afgreiðslu frá n., var sú, að um svipað leyti og þetta frv. barst til n. barst henni einnig annað frv., sem fjallaði um sömu mál og frv. það, sem n. hefir haft til meðferðar og athugunar síðan og gert nokkrar breyt. á frá því sem áður var, og reynt að komast að samkomulagi um þetta mál og um leið reynt að fá vissu fyrir því, að þessu máli væri tryggður framgangur hér á þingi. Á meðan ekki er hægt að fá örugga vissu fyrir því, að afstaða manna, sérstaklega hv. nm., til þessa máls tryggi því framgang, fannst okkur ekki hægt að afgreiða hitt málið, því að mál hv. þm. V.-Húnv. er, eins

og hv. þdm. er kunnugt um, að nokkru leyti innifalið í máli því, sem n. ber fram.

Eins og tekið er fram í nál., hefir n. aðallega haft það að athuga við þetta, að til þess að samþ. það, þurfi fyrst og fremst að sjá ríkissjóði fyrir allmiklum tekjum, til þess að standa straum af þeim gjöldum, sem frv. hefir í för með sér.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja þessu viðvíkjandi, má gera ráð fyrir, að þetta hafi í för með sér um 300 þús. kr. árleg útgjöld fyrir ríkissjóð, ef heimildin er notuð út í yztu æsar.

Eins og hv. þm. veit, er erfitt að koma fjárl. þannig fyrir, að hægt verði að sýna fram á, að þau standi undir þeim útgjöldum, sem frv. gerir ráð fyrir. En á meðan ekki er séð fyrir sérstökum tekjum móti þessum stóra lið, óttaðist n., að jafnvel þótt þessi heimild yrði samþ., þá kæmi að því, þegar ætti að framkvæma þetta, að hæstv. ríkisstj. gæti ekki komið þessu í framkvæmd, svo að lögin yrðu aðeins á pappírnum. Hinsvegar viðurkennir öll n., að mikil þörf sé á því að létta fasteignaveðsvextina. Þegar lögin um Kreppulánasjóð voru afgr., urðu þessir vextir útundan. Kreppulánasjóðslögin náðu aðeins til lausaskulda, sem nú eru komnar í fast horf með 4%. En fasteignaveðslánin hvíla enn á bændum og sum þeirra með fyllstu vísilvöxtum. Því meiri ástæða er til að lagfæra þetta, sem afurðir hafa lækkað mjög í verði síðan mörg þessara lána voru tekin, en vextirnir hvíla enn á lántakendum með fullum þunga. En n. lagði áherzlu á það, að afgreiða málið þannig, að tillögur hennar kæmu að raunverulegum notum, en yrðu ekki aðeins pappírsgagn.

Í frv. því, sem landbn. ber fram, er lagt til, að vextir af lánum Ræktunarsjóðs lækki niður í 5%. Þessa lækkun á sjóðurinn að greiða sjálfur að nokkru leyti eða öllu, með því að n. leggur til, að sjóðurinn leggi eftirleiðis í varasjóð 2½% ársvexti af höfuðstól ásamt tekjuafgangi sjóðsins, í stað 3½% áður.

Þá er og lagt til að lengja lánstímann og létta þannig afborgunarþungann um 1%. Samtals verður lækkunin þá 1,7% á ársgreiðslum til sjóðsins.

Þá eru vextir af lánum í Söfnunarsjóði færðir niður úr 6% í 5%. Þessi lækkun er í okkar frv. færð yfir á Söfnunarsjóð sjálfan, en átti samkv. frv. hv. þm. V.-Húnv. að lenda á ríkissjóði.

Þá er gert ráð fyrir, að hægt sé að breyta lánum í sparisjóðum og sparisjóðsdeildum bankanna, en þau lán eru öll með háum vöxtum og veitt til skamms tíma. Er lagt til að „konvertera" þessum lánum með stofnun nýrra veðdeildarflokka við Búnaðarbankann.

Tillögur okkar eru allar raunhæfari en frv. þeirra hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. landsk., því að í till. okkar er jafnframt bent á tekjur til að koma þeim í framkvæmd. Þótt við hefðum að sumu leyti haft tilhneigingu til að aðhyllast tillögur þeirra, sjáum við þess engan kost, að hægt verði á þessu þingi að afla tekna til að standast þann kostnað, sem af þeim leiðir.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgr. með svo hljóðandi rökst. dagskrá: [sjá þskj. 624].

**Hannes Jónsson:** Ég skal taka það fram, að það var óþarfi fyrir hv. frsm. að vera að fjölyrða um það, að í frv. mínu fælist engin framtíðarlausn. Ég tók það einmitt fram við 1. umr., að ekki væri unnt að koma með framtíðarlausn á þessum málum eins og stendur. Þetta væri aðeins bráðabirgðalausn, vegna aðkallandi nauðsynjar.

En það er auðsætt á till. landbn., að þær eru heldur engin framtíðarlausn. Ég get ekki skilið, að hv. n. geti ætlað, að bændur þoli að standa undir 5% vöxtum framvegis. Eitt af úrræðum landbn. er það, að ríkissjóður taki 5 millj. króna lán til að greiða fyrir konverteringu, og er sagt, að líkur séu til þess, að ríkissjóður sleppi skaðlaus. Nú má telja það alveg víst, að ekkert lán fáist undir 5%, þegar afföll eru reiknuð með, og vitanlega er ekki hægt, sér að skaðlausu, að lána fé út með alveg sömu vöxtum. Í þessu máli þarf að fara allt aðrar leiðir til framtíðarúrlausnar, en ég efast um, að þær leiðir séu opnar nú. Þess vegna þarf þetta mál bráðabirgðaúrlausn, og hún felst einmitt í frv. okkar.

Hv. frsm. gerði mikið úr því, hvílíkur baggi vaxtatillagið yrði fyrir ríkissjóð. Samkv. útreikningi Búnaðarbankans nemur það þó ekki meiru en 228 þús. kr., þótt allar okkar kröfur séu teknar til greina.

Landbn. virtist leggja of mikla áherzlu á það, að till. okkar fælu enga tryggingu í sér, vegna þess, að óvíst væri, að stj. hefði fé til þess að fullnægja þeim. En því er þá 3. kaflinn í frv. n. tekinn úr frv. okkar og settur inn í hitt frv., að vísu í afskræmdri mynd? Er það gert með það fyrir augum, að stj. noti ekki heimildina, sem í honum felst?

Það má undrun sæta, ef ekki er hægt að fullnægja okkar kröfum sökum féleysis, þótt þær séu á annað hundrað þús. kr. hærri en till. n. Það gegnir mikilli furðu, ef ekki er hægt að greiða þetta eins og margt annað, þegar þess er gætt, að á þessu ári hafa verið greiddar miklu hærri upphæðir úr ríkissjóði alveg að ástæðulausu.

Hv. frsm. fór að afsaka það, að n. skyldi hafa legið á þessu frv. okkar í tvo mánuði, en bar það fyrir sig, að fyrir n. hefði legið annað frv., samið af nefndarmönnum sjálfum. Hefði nú mátt ætla, að þeir hefðu verið svo kunnugir sínu eigin frv., að þeir hefðu ekki þurft að vera í tvo mánuði að endurskoða sjálfa sig. En endurskoðun væri þó ekki óþörf á frv. ennþá, því að ómögulegt er að samþ. það óbreytt í þeirri mynd, sem það kemur frá nefndinni.

Í kaflanum „Ákvæði til bráðabirgða", sem er inni í miðju frv., er lagt til að fella þessi lög inn í meginmál laga um Ræktunarsjóð, ef frv. verði samþ., þrátt fyrir það, þótt langflest ákvæðin komi Ræktunarsjóði alls ekkert við!

En ástæðan til þess, hve lengi n. hefir legið á frv. okkar, er alls ekki sú, sem hv. frsm. lét í veðri vaka. Ég leyfi mér líka að efast mikið um, að frv. nefndarinnar hafi orðið til fyrr en nokkru eftir að okkar frv. kom fram. En ástæðan til þess, að n. lagðist á frv., var sú, að bandamenn Framsóknar, sósíalistar, vildu ekkert í þessu máli gera. Þess vegna hefir Framsókn í hvoruga löppina þorað að stíga.

Ég vil benda á það enn, að n. hefir tekið heim-

ildarákvæði upp úr frv. okkar, sem hún þó segir, að sé einskis virði. Hefir stj. fremur til peninga, ef ákvæðin verða að lögum fyrir tilstilli hv. frsm., en ekki okkar? Eða er hann að bera á stj., að hún fari eftir því, hver ber málin fram? Ég setti þetta sem heimildarákvæði í frv., af því að ég var sannfærður um, að fjmrh. myndi nota heimildina.

Tilraunir n. til að finna framtíðarlausn á málinu eru einskis virði. Allar vaxtalækkanir eru teknar frá lánsstofnununum sjálfum og þær þar með rýrðar. Þetta er með öllu óforsvaranlegt. Þessar ráðstafanir eiga ekki að verða til þess að veikja lánsstofnanir landbúnaðarins, heldur koma lánunum fyrir á hagkvæmari hátt en áður.

Ég legg áherzlu á, að hin „rökstudda“ dagskrá verði ekki samþ., því að þetta mál þarf að leysa á allt öðrum grundvelli en þeim, sem nefndin leggur til.

**Jón Pálmason:** Ég hefi skrifað undir nál. landbn. með fyrirvara, og vil ég því gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Ég er ekki allskostar ánægður með frv. landbn., þótt ég fylgi því vegna þess, að eftir þá rannsókn, sem fram hefir farið, er ekki líklegt, að frekari ívilnanir fáist en þær, sem farið er fram á í frv. landbn.

En þörfin er mikil, og enn hefir ekki verið séð nógu vel fyrir henni. Í fyrra var öll áherzlan lögð á það, að fá skuldaskil fyrir lausaskuldir bænda. Mun nú vera búið að geta eftir af þeim skuldum um 4 millj. króna. Mestur hluti þessara eftirgjafa kemur niður á þeim hluta bændastéttarinnar, sem ekki fær lán úr Kreppulánasjóði. Sveitamenn eiga margir hver hjá öðrum og eru í ábyrgðum hverjir fyrir aðra, og auk þess koma eftirgjafirnar að miklu leyti niður á sjóðum kaupfélaganna, en það eru í raun og veru sjóðir bænda.

Útkoman verður því sú, að þeir, sem hafa hagað fjármálum sínum gáleysislegast undanfarin ár og tekið mikið af lausum lánum tryggingalaust, sleppa miklu betur en þeir, sem tekið hafa föst lán.

Tökum til dæmis tvo bændur, sem skulda 10 þús. kr. hvor um sig. Annar skuldar 8 þús. kr. í fasteignaveðslánum og 2 þús. kr. í lausaskuldum, en hinn 2 þús. kr. í fasteignaveðslánum og 8 þús. kr. í lausaskuldum. Annar fær eftirgjöf á mestum hluta skulda sinna, en hinn enga. Þeir, sem skulda tryggð lán, standa því verst að vígi allra manna, þegar búið er að afgreiða lánin úr Kreppulánasjóði.

Ég held, að rétta aðferðin í þessum efnum sé sú, að lækka vextina sem mest, en fara ekki inn á eftirgjafabrautina. Ef þessa hefði verið gætt í upphafi, þegar lögin um Kreppulánasjóð voru sett, hefðu þeir, sem skulda fasteignaveðslánin, ekki orðið svo afskiptir sem raun hefir á orðið. En fyrir slæman frágang á lögum Kreppulánasjóðs hefir ekki verið séð fyrir þessu. Eðlilegast hefði verið, að lækkun fasteignaveðsvaxtanna hefði verið greidd úr Kreppulánasjóði. En í stað þess voru samin sérstök lög um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar, sem eru hin leiðinlegustu lög með hinum mesta ólmususvip. Þetta eru bráðabirgðalög, sem eiga að falla úr gildi um næstu áramót. En kostnað við vaxtatillagið er ekki hægt að greiða úr ríkissjóði til lengdar, og því verður Kreppulánasjóður að vera þar milliliður.

Í landbn. vildu sumir ekki taka eyri úr ríkissjóði í þessu skyni, og það var þegar augljóst, að þingið var svo klofið í þessu máli, að þótt sumir okkar hefðu viljað koma frv. hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. landsk. fram, hefði það ekki tekizt. — Þó að þetta frv. verði samþ., þá mun það koma að litlu gagni, því að frá minu sjónarmiði a. m. k. eru ekki neinar líkur til, að þetta verði framkvæmt á næsta ári, eins og hv. þm. gerði ráð fyrir. Þess vegna hefi ég í þessu máli gengið inn á þá braut, sem mér er þó að sönnu ógeðfelld, að taka hið minna heldur en að fá ekkert — heldur en að halda kröfunum fullum fram og eiga það jafnvel víst að fá þá ekkert í því efni, sem hér um ræðir.

Ég verð að segja það, að þótt þetta frv., sem landbn. stendur að, gangi ekki langt að því er snertir niðurfærslu á vöxtum, þá er að því talsverður léttir frá því, sem ekkert væri gert í þessu efni. Og ég verð að taka undir það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði, að þótt á frv. séu nokkur smíðalýti, sem þurfi að laga, og n. hefir nú þegar flutt brtt. því til lagfæringar, að þá er það ekkert aðalatriði, heldur er hitt aðalatriði, að n. er með þessu frv. að gera ráðstafanir til þess, að fasteignaveðslán landbúnaðarins verði ekki á næsta ári með hærri vöxtum en 5%. Það er svo ástatt í okkar atvinnugrein, að hún þolir illa þá vexti, en þó er hitt, eins og ég hefi þegar vikið að, öllu óeðlilegra, að mönnum er mjög mismunað með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið á þessu sviði, og einkum á þann hátt, að þeir, sem gætilegast hafa farið á undanförnum árum, eru útilokaðir frá þeim hjálparráðstöfunum, sem gerðar hafa verið.

Með þessum skýringum vænti ég, að þeim hv. dm., sem mál mitt heyra, sé það ljóst, hvað því veldur, að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Það er mín skoðun, að það verði að vísa þessu máli frá — frv. hv. þm. V.-Húnv. — til þess að geta náð einhverju til lagfæringar á þessu sviði. — Um þetta skal ég svo ekki að sinni fara fleiri orðum, en þykir það ekki óeðlilegt, að hæði þessi mál séu að nokkru leyti rædd saman.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Hv. þm. V.-Húnv. var að tala um, að þessi till., sem lægi fyrir þinginu frá landbn., væri síður en svo til frambúðar, vegna þess, að það væri alls ekki hægt að ætla íslenzkum bændum að bera 5% vexti af fasteignaveðslánum. Ég veit það vel og ætlast ekki til, þótt þessar till. okkar nái fram að ganga, að þær verði neitt eilífðarfyrirkomulag. En þegar ég talaði um framtíðarfyrirkomulag, ætlaðist ég til, að það stæði eitthvað lengur en frá ári til árs, en ekki eins og till. hv. þm. V.-Húnv., sem allar voru háðar fjárlagasamþykkt um tekjur til þess að standa straum af slíkum lánum. Vitanlega er það ekki til frambúðar að ganga þannig frá lánum. **(HannJ:** Geta þær alls ekki komið að gagni nema í sambandi við fjárlaga-

samþ.?). Ég vil segja, að okkar ráðstafanir séu frekar til frambúðar, því að m. a. er gert ráð fyrir, að hægt sé að breyta sparisjóðslánunum, sem eru örðugust allra lána, í framtíðarlán, og það kannske á næsta ári.

Ég skal játa það, að 5% vextir eru örðugir, og það er rétt hjá hv. þm., að það væri mjög mikil þörf á því að finna möguleika til þess að lækka þá, en ég hefi ekki rekið augun í það í fljótu bragði, hvaða ráð ætti að fá til þess annað en að verja til þess fé úr ríkissjóði. Hér á landi er fjármagnið svo lítið, að verðbréfasalan á frjálsum markaði gengur þannig, að verðbréf með 5% vöxtum, ríkistryggð, eru seld jafnvel niður í 70% manna á milli. Af þessu er hægt að sjá, hvað auðvelt það er að afla fjár með góðum kjörum á innlendum markaði.

Um erlendu lánin er það að segja, að þau eru neyðarúrræði, og mörgum af þeim, sem þegar er búið að taka, er ekki hægt að létta af eins og sakir standa. Þau eru samningsbundin til margra ára, eins og t. d. enska lánið frá 1930, sem ekki er hægt að segja upp fyrr en 1940, svo að ekki er hlaupið að því að fá þessu breytt í fljótum hasti.

Þá var hv. þm. V.-Húnv. að spyrja um, við hvað n. ætti, þegar hún héldi því fram, að frv., sem þessi hv. þm. og hv. 2. landsk. bera fram, mundi hafa 300 þús. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, ef það næði fram að ganga. Ég skal segja hv. þm. það, að ég hefi fyrir mér upplýsingar, sem ég hefi getað fengið í gegnum skjöl, sem til eru í Kreppulánasjóði. Þar hefir verið búin til tafla yfir þau lán, sem af er greitt vaxtatillag, og vil ég benda hv. þm. á, að í þeirri töflu er sleppt um 4 millj. kr. af fasteignaveðslánum, sem eru bæði í sparisjóðum úti um land og í deildum bankanna. Á þeirri töflu eru talin lán, sem nema um 1500 þús. kr., en alls nema þau 5600 þús. kr., en að þau eru ekki talin með hér, kemur til af því, að þau eru svo blönduð þannig, að þau eru tryggð að nokkru leyti með sjálfskuldarábyrgð manna. Þess vegna hafa þau ekki verið talin undir þennan flokk í þessari töflu, en við höfum talið þau með fasteignaveðslánum, af því að þau hvíla að nokkru leyti á fasteignaveði. Ef það væri meiningin að sleppa öllum þessum lánaflokk í burt, þá yrði það ekki fullnægjandi hjálp, sem hv. þm. vill veita bændum, því að þetta eru örðugustu lánin. Ég hygg, að þegar hv. þm. er búinn að bæta við þessum 4 millj., þá fái hann tölu, sem ekki er langt frá 300 þús. kr.

Þá var hv. þm. að tala um, að það væri ósamræmi hjá mér og n. að halda fram, að það sé ótryggt, að hans frv. verði að nokkrum notum, sem ekki er byggt á öðru en heimild, en halda fram, að full not geti orðið af okkar frv., sem að nokkru leyti er byggt á heimild.

Ég vil benda hv. þm. á, að það er nokkuð annað, hvort búizt er við, að heimildin hafi í för með sér 60—70 þús. kr. útgjöld eða 300 þús. kr. útgjöld. Það er hægara að fá fé fyrir minni upphæðinni heldur en þeirri stærri. Svo vil ég jafnframt benda á, að jafnvel þótt svo færi, að ríkissjóður sæi sér ekki fært að borga minni upphæðina, þá er að þeim öðrum ráðstöfunum, sem eru í frv., svo mikil hjálp, að það út af fyrir sig er miklu betra en ekki neitt, og í því sambandi vil ég benda hv. þm. á, að vaxtatillaginu samkv. okkar frv. á aðallega að verja til þess að lækka vexti á sparisjóðslánum. Það getur vel farið svo, að það takist á næsta ári að breyta þessum sparisjóðslánum í ódýrari lán í veðdeild Búnaðarbankans, og þá þyrfti ekki á þessum vaxtagreiðslum að halda, sem gert er ráð fyrir í okkar frv.

Þá var hv. þm. að gera að gamni sínu, að þetta frv. væri útbúið af mér og hv. 2. þm. N.-M., og við hefðum verið neyddir til að liggja lengi yfir því til þess að gera það þinghæft — að færa það í þann búning, að hægt væri að bera það fram. Ég get sagt hv. þm., að það var ekki það, sem aðallega tafði, heldur hitt, að fá samkomulag um flutning málsins og framgang þess hér á þinginu. Ég er nú þannig gerður, að ég vil ekki bera fram mál eingöngu til þess að punta upp á mig eða minn flokk, heldur að það sé tryggt í upphafi, að það nái fram að ganga. Það hefir alltaf verið mín venja síðan ég kom á þing. Ég hefi ávallt reynt að fá þá n., sem ég hefi átt sæti í, til þess sameiginlega að flytja þau mál, sem ég hefi viljað, að næðu fram að ganga, til þess að tryggara yrði um framgang þeirra, en ekki flutt þau sjálfur, til þess svo á eftir að benda á, að þetta mál hefði ég sjálfur flutt. Eitt af þeim málum, sem ég hefi flutt og fengið n. til að flytja með mér, var fyrsta tilraunin til þess að skipuleggja mjólkursöluna, og fékk ég n. með mér til þess að tryggja betur framgang þess, og slíkt mun ég gera áfram með hvert það mál, sem mér er annt um, að nái fram að ganga, þó að á það verði bent, að það hafi verið n., en ekki ég, sem flutti málið. Af þeim ástæðum var það, að við köstuðum ekki okkar frv. fram, þó að við værum ánægðir með það, heldur vildum við klæða það í þann búning, að sem mestur hluti — helzt öll n. — fengist til að flytja það með okkur.

En út af þeim smávillum, sem komust inn í frv., skal ég ekki segja mikið, en mér finnst hv. þm. V.-Húnv. lúta að litlu, ef hann ætlar að blása sig stóran út af því máli. En upphaflega var hugsað að flytja þetta mál sem mörg frv., sem hvert tilheyrði sínum ákveðna lagabálki, en svo var horfið að því ráði að flytja þau sem eitt frv., og þá skal ég játa, að ekki var nægilega athugað formsfyrirkomulagið, svo að nokkrar misfellur slæddust inn í frv., en þær verða leiðréttar með þeim brtt. frá n., sem liggja nú fyrir hv. d.

Þá var hv. þm. V.-Húnv. að tala um, að allar þær ívilnanir, sem gera ætti samkvæmt okkar frv., væru þannig, að þær kæmu niður á lánsstofnununum. Ég skal játa, að lækkun vaxta á ræktunarsjóðslánum kemur þannig fram, að sjóðurinn vex nokkuð minna en hann ella hefði gert, þó að það sé ekki til þess að eyðileggja sjóðinn, eins og mér skildist á hv. þm. En úr þessu bættum við aftur gagnvart Búnaðarbankanum, með því að við ætlumst til þess, að Viðlagasjóður, sem samkv. Búnaðarbankalögunum eingöngu hefir verið að láni, verði fenginn Búnaðarbankanum, og það kemur til með að vega upp á móti því, sem við kunnum að skerða vaxtarmöguleika

bankans með því að lækka vextina. En ég verð að segja, að þótt þessi vaxtalækkun yrði þess valdandi, að Búnaðarbankinn gæti ekki veitt eins ör lán í framtíðinni eins og ella mundi vera, þá met ég meira að létta undir með þeim mönnum, sem eru að bogna undan sínum byrðum, heldur en að þenja lánsmöguleika bankans eitthvað út í framtíðina. Ég held, að nauðsynlegra sé að veita þeim líkn, sem lifa, heldur en að gera sérstakar ráðstafanir vegna þeirra, sem óbornir eru.

Þá var það eitt atriði, sem hv. þm. var að spyrja um, hvað þýddi, þar sem á einum stað í frv. er talað um, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán handa Búnaðarbankanum með því móti, að ríkissjóður verði skaðlaus af. Þetta ákvæði er nákvæmlega tekið upp úr eldri Búnaðarbankalögunum, og ef hann hefir kynnt sér þau lög, þá geri ég ráð fyrir, að hann geri sér grein fyrir, hvað þetta hefir átt að þýða. Ég býst við, að það hafi átt að þýða, að vaxtabréf Búnaðarbankans gæfu það mikla vexti, að hægt væri að standa straum af erlenda láninu 1930, sem átti að verja til kaupa á vaxtabréfum bankans. En þar sem alltaf er óvissa um það, hvort ekki geti breytzt gengisafstaða milli Íslands og Englands, þá var ekki hægt að tryggja það fyrirfram, að bréfin gæfu þá vexti, sem undir öllum kringumstæðum stæðu undir láninu, ef íslenzka krónan skyldi hrapa miðað við enska peninga. Ég geri ráð fyrir, að þetta ákvæði beri að skilja á þennan veg. En úr því að hv. þm. er farinn út úr d., hefi ég ekki meira við hann að segja að sinni.

**Hannes Jónsson:** Ég ætla þá fyrst að víkja að því, sem hv. þm. Mýr. sagði, að eftir frv. okkar hv. 2. landsk. mundu útgjöld ríkissjóðs aukast um 300 þús. kr. Þessi skýrsla, sem hv. þm. vitnaði í, er búin út af Kreppulánasjóði, og býst ég við, að hún sé rétt.

Þau blönduðu lán, sem hv. þm. minntist á, eru mörg þannig löguð, að þau hafa gengið í gegnum Kreppulánasjóðinn sjálfan. Það eru ábyrgðarlán með baktryggingu, sem eru alveg jafntrygg fasteignaveðslánum, en geta þó ekki talizt fasteignaveðslán. En jafnvel þótt svo hefði farið, að þessi upphæð hefði orðið eitthvað meiri, sem reyndist þó 1933 ekki nema 127 þús. kr., hefði hún með þeirri hækkun, sem við gerum, aldrei átt að verða nema í kringum 160 þús. kr. En jafnvel þótt hækkunin yrði meiri en hv. þm. talaði um, þá er nauðsynin í sjálfu sér engu minni, heldur þeim mun meiri að létta undir í þessu efni.

Það, sem ég hefi ekki minnzt á enn þá í þessum umr., er það atriði, sem n. hefir gengið algerlega framhjá, að létta undir með þeim mönnum, sem hafa tekið byggingar- og landnámssjóðslán. Þessi lán voru upphaflega veitt með vægari vaxtakjörum en önnur fasteignaveðslán. Nú er svo komið, að venjulegar lausaskuldir manna eru komnar niður í þau vaxtakjör, sem voru áður í Byggingar- og landnámssjóði. En þó að þessi lán væru með sæmilegri kjörum en menn höfðu áður orðið við að búa, þá eru þau nú orðin svo þung, og sérstaklega kannske fyrir það, sem ekki er hægt að segja, að sé þeirra sök, að byggingarnar urðu fyrst framan af mjög dýrar. Ég veit um menn, sem af þessum ástæðum verða að borga um 700 kr. á ári. Hvernig geta nú bændur risið undir þessu, sem ekki hafa nema eitthvað á annað hundrað fjár? Tekjurnar af búi þeirra færu allar til þess að borga vexti og afborganir. Það er orðið svo breytt frá því, sem áður var um möguleika fyrir bændur að standa undir þessum lánum, að þá hlýtur að daga uppi fyrr eða síðar. Ég hygg, að einmitt þessi flokkur lána sé engu síður þess verður, að þar sé eitthvað bætt um fyrir bændum, heldur en aðrir lánaflokkar, og sérstaklega með tilliti til þess, að það var til þess ætlazt, að þessi lán væru með vægari kjörum en önnur lán.

Ég benti á það í framsögu við 1. umr. þessa máls, hvílíkt óréttlæti væri orðið á afgreiðslu skuldamála bænda yfirleitt, og hv. þm. A.-Húnv. hefir einnig bent á þetta nú. Þær ráðstafanir, sem gerðar voru með kreppulánalöggjöfinni, voru gerðar til þess að létta undir með bændum, en ekki til þess að koma á ósamræmi á hjálpinni til bænda. Sú bráðabirgðaráðstöfun, sem þá var gerð gagnvart fasteignaveðslánum bænda, var bending í þá átt, hvað ætti að gera í þessum málum, en hún var aðeins til bráðabirgða, og gert var ráð fyrir, að endanleg lausn fengist á þessum málum síðar. En að hugsa sér, að það eigi að vera endanleg lausn þessara mála, sem hv. landbn. leggur til, er ekki hægt, og ég sé ekki, að það opni neina leið til þess, að hægt sé að breyta þessum fasteignaveðslánum svo við megi una. Við verðum að bjarga þessum málum áfram með bráðabirgðaráðstöfunum, og það er engu síður þörf á því með byggingar- og landnámssjóðslánin en önnur lán. Hv. frsm. veit líka, hvað miklu af lánum væri hægt að breyta með nýrri lántöku. Það er ekki hægt að hugsa sér að fé fáist, sem hægt sé að lána fyrir minna en 5½%. Ég sé ekki, að sú hugsun hafi við nokkur rök að styðjast. Það eina, sem fyrir hv. frsm. virðist hafa vakað, eftir því sem hann segir nú, hefir verið að reyna að fá samkomulag um þetta mál. Reyndar lýsti hann yfir því, að það þyrfti að gera það, sem við hv. 2. landsk. förum fram á, en það hefði bara ekki fengizt samkomulag um það. Ég á nú bágt með að trúa, að svo sé komið hér á hv. Alþingi, að ekki sé hægt að fá lausn á jafnsjálfsögðu máli eins og þessu, og ef það er ekki hægt, þá á að koma fram, hverjir það eru, sem ekki vilja leysa þetta mál, svo sjálfsagt sem það er.

En vegna þess að hæstv. forseti vill ljúka þessu máli fyrir kl. 4, og ég vil gjarnan flýta fyrir afgreiðslu þess, og ég býst við, að ekki þurfi að rökræða mikið um það, af því fyrirfram eru ákveðin afdrif þess, þá vil ég ekki standa í vegi fyrir því, þó að ég hafi tilhneigingu til að rekja þetta nokkru nánar, svo að menn fengju að sjá rökfærslu á báða bóga um þessi mál hér á Alþingi. Ég mun því taka þann kostinn að reyna að fá eitthvað fram um þetta efni, þó að það sé ekki nema helmingur á við það, sem þyrfti að vera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 624, frá landbn., samþ. með 16:6 atkv.

## 4. Skuldaskilasjóður útgerðarmanna.

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna** (þmfrv., A. 280).

Á 27. og 28. fundi í Nd., 3. og 5. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Þetta mál hefir fengið sérstakan undirbúning í milliþn., og tel ég mér skylt að skýra nokkuð frá þeim undirbúningi.

Aðdragandi málsins er sá, eins og kunnugt er, að þessi hv. d. samþ. á reglulegu þingi 1933 þáltill. um að skora á ríkisstj. að láta rannsaka og safna skýrslum um fjárhagsástæður og afkomuhorfur sjávarútvegsmanna um allt land, og gera till. til úrlausnar vandamálum sjávarútvegsins vegna yfirstandandi krepputíma. Till. var í 6 liðum, en þetta var aðalatriði hennar.

Flm. till. gerðu þá grein fyrir henni, að sjávarútvegurinn væri svo hart leikinn eftir hin erfiðu verðfallsár, sem yfir hann höfðu gengið, að það lægi við borð, að þessi mikli atvinnuvegur stöðvaðist að meira eða minna leyti. Þá voru til meðferðar í þinginu ráðstafanir til viðréttingar landbúnaðinum, en þm. töldu ekki fært að taka sjávarútveginn þar með, af því þá rannsókn skorti, sem þáltill. gerði ráð fyrir.

Ríkisstj. skipaði síðan milliþn. til þess að leysa þetta verk að hendi. Ég mun ekki skýra frá starfi þeirrar n. nema að því er snertir þann lið þáltill., sem hér er um að ræða. N. var skipuð haustið 1933 og hefir starfað síðan. Í hana voru skipaðir þeir Jón A. Jónsson alþm., Jóhann Þ. Jósefsson alþm. og Kristján Jónsson erindreki *Fiskifélags Íslands. En mannaskipti urðu í n.* á síðastl. vori; Jón A. Jónsson sagði af sér starfinu, en ég var skipaður í hans stað.

Ég skal svo leyfa mér að skýra nokkuð frá, hvernig n. hagaði störfum sínum, og svo hver hefir orðið árangur af rannsóknum hennar. N. hóf að sjálfsögðu störf sín með því að safna þeim skýrslum, sem fyrir hana var lagt að afla. Ég skal þegar taka fram, að hún hafði í upphafi sett sér það mark, að fá áreiðanlegar skýrslur um fjárhag allra útgerðarmanna á landinu, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu sinni, og jafnframt fá glöggt yfirlit yfir, hvernig útgerðin hafði borið sig síðustu árin. Ástand útgerðarmanna fjárhagslega var miðað við áramótin 1932—1933, eða næstu áramót áður en nefndin tók til starfa. Nefndinni virtist hún ekki geta fengið glöggt yfirlit um rekstrarafkomu útgerðarinnar nema með því að fá upplýsingar um fleiri ár, og varð niðurstaðan sú, að safna skýrslum um fjögur næstu ár á undan, sem voru árin 1929—1932, *að báðum meðtöldum.* Ég skal geta þess í þessu sambandi, að samskonar rannsókn, sem farið hafði fram á hag landbúnaðarins, var að því leyti frábrugðin, að þar var ekki rannsökuð rekstrarafkoma landbúnaðarins, enda hafa fæstir bændur þannig reikningsfærslu, að það sé hægt. En langmesta fyrirhöfnin fyrir sjútvn. var við að safna skýrslum um rekstrarafkomu útgerðarinnar. Það var vitanlega mjög miklum erfiðleikum bundið, sérstaklega að því er smærri útgerðarfyrirtæki snerti. N. byrjaði á því að snúa sér til allra hreppstjóra og lögreglustjóra á landinu og fá hjá þeim skýrslur yfir öll skip, sem gerð voru út á fiskveiðar, allt frá opnum vélbátum og upp í togara, og alla útgerðarmenn á landinu. Að fengnum þeim skýrslum sendi n. öllum hreppstjórum og öllum þeim embættismönnum, sem skrá á skip, eyðublöð til útfyllingar, og fól þeim að koma þeim til réttra hlutaðeigenda og safna þeim síðan saman aftur. Þessi skýrsluform voru send milli *80—90* hreppstjórum og sýslumönnum til útbýtingar. Það kom auðvitað brátt í ljós, að menn voru ekki einfærir um að útfylla þessar skýrslur, og því varð n. að gera ýmsar ráðstafanir til þess að fá þær rétt útfylltar. Ég skal taka það fram, að skýrslunum um rekstrarafkomu útgerðarinnar áttu að fylgja svör við ýmsum spurningum, sem n. taldi sér þörf á að fá leyst úr, svo sem um það, hvað skipunum hefði verið haldið lengi úti, á hverskonar veiðar, hvað hlutir höfðu verið háir, hvaða kaup þeir hefðu borið úr býtum, sem ráðnir voru upp á fast kaup, o. s. frv.

*Eins og ég sagði, komst n. fljótt* að raun um, að ekki höfðu nema sumir af útgerðarmönnum tök á að útfylla þessar skýrslur; sumpart vegna þess, að þeir voru slíku óvanir, og sumpart vegna þess, hvað bókfærsla smærri útgerðarfyrirtækja er ófullkomin. Hreppstjórar hjálpuðu mörgum í þessu efni, en í stærri útgerðarplássum varð n. að fá sérstaka menn til þess að fara um og leiðbeina mönnum um skýrslugerðina. N. taldi óviðunandi annað en að fá tæmandi skýrslur um efnahagsástæður útvegsmanna, og lagði því mjög mikið erfiði í þessa skýrslusöfnun. Það kom brátt í ljós, að skilagrein varð betri að því er snerti efnahagsreikninga heldur en rekstrarreikninga, og efnahagsreikningarnir voru bersýnilega miklu áreiðanlegri en rekstrarreikningarnir.

N. tók nú það ráð, til þess rannsóknir hennar yrðu sem ábyggilegastar, að senda öllum þeim, sem líkindi voru til að útgerðarmenn hefðu átt skipti við, skýrsluform til útfyllingar yfir skuldir útgerðarmanna. Vitanlega skrifaði n. og sendi út bréf svo þúsundum skipti alls, en þessi bréf, sem send voru til að leita upplýsinga um skuldir, voru samtals 1340. Úr svörunum, sem n. fékk við þessum bréfum, samdi hún spjaldskrá yfir skuldir útgerðarmanna.

Upp úr öllum þessum krafstri hafði n. efnahagsskýrslur frá 877 útgerðarmönnum, en rekstrarreikninga fékk hún samtals 1922, og þeir ná eins og áður er sagt til 4 ára. Þetta sýnir, að n.

hefir fengið tiltölulega fleiri efnahagsreikninga, og er það eðlilegt, m. a. vegna þess, að í smærri útgerð er algengt, að fleiri en einn eigandi séu að einu skipi, þó það sé ekki félag, sem kemur fram sem einn aðili. Skilar þá hver af eigendunum sérstakri efnahagsskýrslu, að sjálfsögðu yfir allar eignir sínar og skuldir. En eins og ég tók áður fram, eru þeir einir teknir með, sem hafa útgerð að aðalatvinnu. Rekstrarreikningarnir var ekki ætlazt til að yrðu alveg tæmandi. Það er svo um marga, sem smáútgerð stunda, að þeir reka jafnframt mikinn annan atvinnurekstur, og mundu rekstrarreikningar þeirra fremur raska en fylla út þá heildarmynd af rekstrarafkomu útvegsins, sem n. vildi fá. Öðru máli gegnir um efnahagsreikningana; þá var um að gera að fá sem mest tæmandi.

Þegar n. hafði fengið skýrslurnar inn og gert sín síðustu áhlaup, vil ég segja, til þess að fá sem allra mestar upplýsingar, sem hún gæti byggt á áreiðanlegt yfirlit og rökstuddar till., var byrjað að vinna úr þessu mikla efni. Vil ég með fáum orðum skýra frá því, hvernig vinnubrögð n. voru, með því að ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. vilji komast að raun um, hvort vinnunni hafi verið hagað þannig, að niðurstöður n. megi teljast nokkurnveginn áreiðanlegar.

Fyrst skal ég víkja að efnahagsreikningunum. Þeir voru þegar teknir fyrir og yfirfarnir nákvæmlega, og var reynt að sannprófa hvern einstakan reikning, svo sem föng voru til. N. sá undir eins, að á efnahagsskýrslum manna voru ýmsir gallar. Eignirnar, sem taldar voru fram, voru sumstaðar bersýnilega metnar af viðkomandi mönnum sjálfum, eftir mjög mismunandi mælikvarða. Stundum var tilfært það verð á skipunum, sem þau voru vátryggð fyrir, og stundum var sett á þau það verð, sem eigendurnir töldu sæmilegt fyrir þau. Á stærri skipunum var oft tilfært svokallað bókfært verð, sem útgerðin hafði ekki getað afskrifað svo sem þurfti fyrir verðfalli og fyrningu skipanna. N. leitaði upplýsinga kunnugra manna um þetta, eftir því sem unnt var, en fór annars mjög eftir aldri skipanna og flokkun þeirra, eða „klössun“ svokallaðri. Breytingarnar, sem n. gerði, gengu allar í þá átt að lækka verð skipanna. Um aðra eignaliði er það að segja, að á fasteignum var fasteignamatið látið halda sér, og lausafé var yfirleitt látið halda því mati, sem menn höfðu sjálfir á það sett. Útistandandi skuldir var ekki hægt að sannprófa sem skyldi, en n. reyndi að leita sér um þær upplýsinga kunnustu manna. Skuldaframtalið reyndi hún að sannprófa með því að bera framtöl útgerðarmannanna sjálfra saman við spjaldskrá þá yfir skuldirnar, sem ég sagði frá áðan. — Á þennan hátt komst n., að því er henni virtist, að nokkurnveginn áreiðanlegri niðurstöðu um raunverulegar eignir útgerðarmanna. Alstaðar þar, sem var tilfært hlutafé og stofnfé eða varasjóðir, var athugað, hvort það fé mundi vera tapað, og það strikað út, þar sem svo virtist vera.

Þegar þessu var öllu lokið, flokkaði n. útgerðarmenn niður, eftir því hvað miklar eignir þeirra voru móti skuldunum. Var fylgt samskonar reglum við þá flokkun eins og landbúnaðarnefndin fylgdi á sínum tíma við flokkun bænda. Í 1. flokki voru þeir menn hafðir, sem skulduðu minna en 50% móti eignum, í 2. flokki þeir, sem skulduðu frá 50—75% móti eignum, í 3. flokki þeir, sem skulduðu frá 75—100% móti eignum, og í 4. flokki þeir, sem skulduðu meira heldur en 100% móti eignum og áttu þannig ekki fyrir skuldum.

Síðan var unnið úr reikningunum efnahagsyfirlit, þannig að fyrst var gert yfirlit yfir hvern hrepp fyrir sig, þau yfirlit síðan dregin saman í sýslu- og kaupstaðayfirlit, og svo loks gert heildarefnahagsyfirlit yfir landið allt.

Það er rétt að skýra frá því, að af þeim útgerðarmönnum, sem töldu fram, eru 856 bátaeigendur. Af þeim eru 272 í 1. flokki, og eru skuldir þeirra að meðaltali 22,6% móti eignum. Í öðrum flokki eru 178, og er skuldameðaltal þeirra 63,3% móti eignum. Í þriðja flokki eru 164, og skulda þeir að meðaltali 83,4% móti eignum. En í 4. flokki eru 242, eða meira en fjórði hluti allra bátaeigendanna, og eru skuldir þeirra að meðaltali 142,8% móti eignum. Alls eru eignir þeirra manna, sem eiga skip eða part í skipi upp að togarastærð, 16219118 kr., en skuldir þeirra nema 14039532 kr. Meðaltal skulda á móti eignum hjá öllum eigendum skipa frá opnum vélbátum og upp að togurum er 86,6%.

Togaraeigendur voru teknir út úr, og er efnahagur þeirra þannig, að eignir þeirra samtals nema sömu upphæð og eignir bátaeigendanna. En skuldir þeirra reyndust 12481918 kr., og er það 77% á móti eignum. En eignir allra skipaeigenda á Íslandi, sem að sjávarútveginum standa, reyndust samtals 32438236 kr. og skuldir þeirra samtals 26521450 kr. Skuldir alls móti eignum 81,8%.

Þetta er niðurstaðan af þeirri athugun á hag íslenzkra sjávarútvegsmanna, sem fram hefir farið, og mun ég síðar koma að því að minnast á hana nokkru nánar. Þó vil ég strax taka fram, að það er álit n., að þó þessar niðurstöðutölur séu ekki glæsilegar, þá sé þó efnahagur sjávarútvegsmanna lakari nú heldur en þær benda til. Ástæðurnar til þess eru þær, að í fyrsta lagi er framtalið ekki gersamlega tæmandi, og í öðru lagi er n. sannfærð um, að þau nærri tvö ár, sem liðin eru frá þeim tíma, sem athugunin er miðuð við, hafi verið svo óhagstæð sjávarútveginum, að hlutfallið milli eigna og skulda hafi versnað. Þó ég vilji ekki gizka á neitt ákveðið í þessu efni, þá þykir mér líklegt, að hlutfallið sé nú komið í 90% skuldir móti eignum.

Ég skal aðeins vekja athygli á því nú, en vík nánar að því síðar, að við athugun þá, sem gerð var á efnahag bænda, kom í ljós, að eignir þeirra mundu vera um 63 millj., en skuldir um 33 millj. Það er því sýnt, að eignir útgerðarmannanna eru nálega helmingi minni. Þannig stendur miklu minna fé fast í útgerðinni heldur en landbúnaðinum, en skuldir sjávarútvegsins eru aftur tiltölulega miklu meiri.

Til þess að segja hv. þm. greinilega frá því, hvað mikil vöntun muni vera í framtali eigna og skulda sjávarútvegsmanna, skal ég geta þess, að n. lét gera skrá yfir öll þau skip, sem ekki eru tekin með í framtalinu. Í fljótu bragði virð-

ast þau nokkuð mörg, því að þau eru yfir 200, en til skýringar skal ég geta þess, að um helmingur þeirra er opnir bátar, og flest eru þau í eigu manna, sem n. virtist ekki stunda sjávarútveg sem aðalatvinnuveg. Allmargt af þessum skipum er notað til flutninga. Þó vantar að sjálfsögðu nokkra útgerðarmenn í yfirlitið, og það stafar blátt áfram af því, að einstaka manni hefir ekki verið hægt að koma í skilning um nauðsyn þessara rannsókna, og sumpart af því, að alltaf er eitthvað af skipum í einskonar millibilsástandi, þannig, að þau eru að ganga á milli útgerðarmanna og lánstofnana og enginn telur sér beinlínis skylt að telja þau fram eða gera grein fyrir rekstrarafkomu þeirra.

Þá skal ég víkja að starfi n. í þá átt, að komast að raun um, hvernig rekstur útgerðarinnar hefir gengið á undanförnum árum. Það er hv. þm. sjálfsagt ljóst, að n. hlaut að líta svo á, að hún gæti ekki gert till. til verulegrar úrlausnar á þessu máli, nema gera sér fyrst ljóst, af hverju það hörmulega ástand stafaði, sem sjávarútvegurinn er kominn í. Og ástandið stafar vitanlega af því, hvað rekstur útgerðarinnar hefir verið erfiður á undanförnum árum.

Þegar n. hafði safnað þeim rekstrarreikningum, sem fáanlegir voru, fór hún að vinna úr þeim. Og hún fór svipað að því og við efnahagsreikningana, reyndi að sannprófa hvern lið út af fyrir sig. Fyrst tók hún fyrir tekjuliðina. Nú höfðu menn t. d. talið aflann fram í ýmsu ásigkomulagi, sumir töldu hann fram fullverkaðan, sumir upp úr salti o. s. frv. N. tók það ráð að leggja alstaðar til grundvallar saltfisksverðið og nema burt verkunarkostnaðinn, eftir því sem við átti. Var það nauðsynlegt til þess að fá samræmi í allt saman.

Þegar n. hafði gert fiskinum skil hvað þetta snerti, snéri hún sér að því að athuga og bera saman aflamagn skipanna. Var það athugað, hvað fiskmagnið væri mikið. Þá var líka reynt að sannprófa alla útgjaldaliði. Var tekinn fyrir hver einstakur liður, svo sem salt, beita, olía, og eyðslan borin saman við stærð skipsins, aflamagn og útgerðartíma, svo og verð þessara vara. Vátrygging var alstaðar talin með, eins þó ekki væri allt vátryggt, en n. áleit, að svo ætti jafnan að vera. Fyrning á skipunum var talin 6%. N. taldi til útgjalda vexti af eigin fé manna í útgerðinni, ef það fé var ekki tapað.

Þegar rekstrarreikningarnir voru sannprófaðir með alúð og vandvirkni, eins og n. gerði, þótti rétt að flokka skipin niður eftir stærð. Var þá skipað í

1. flokk opnum vélbátum.
2. — þiljuðum vélbátum minni en 12 smál.
3. — þiljuðum vélbátum frá 12—27 smál.
4. — þiljuðum vélbátum yfir 27 smál.
5. — línuveiðagufuskipum.
6. — togurum.

Síðan hefir verið gerð skýrsla um rekstrarafkomu skipa í hverjum þessara flokka árin 1929—32. Í fyrsta lagi fyrir hvern hrepp eða kaupstað, í öðru lagi fyrir hvern landsfjórðung, og loks fyrir landið allt. Árangurinn af þessari skýrslugerð mun bráðlega liggja fyrir í prentaðri skýrslu, og munu hv. þm. þá geta fengið hana til athugunar. Ég skal taka það fram, að af skýrslugerðinni er ekki hægt að sjá töp útgerðarinnar í heild, af því að n. hefir ekki getað fengið tæmandi yfirlit um þau. En hún hefir þó fengið nægar upplýsingar til þess að geta gefið yfirlit um, í hverju töpin liggja. Rekstrarreikningarnir, sem fyrir liggja, eru tæpir 2000 frá þessum 4 árum. Flestir eru þeir frá síðasta árinu. Eftir því sem lengra var um liðið, reyndist erfiðara að fá áreiðanlega reikninga. Fyrsta árið, sem reikningarnir ná yfir, árið 1929, varð ekki tap á útgerðinni í heild, þó að hagnaðurinn yrði lítill. Aftur varð tap öll árin 1930, 1931 og 1932. Nemur þetta tap á þeim skipum, sem ég hefi yfirlit um, tæpum 9 millj. króna þessi ár. Er það geysimikið. En hagnaðurinn árið 1929 nemur aðeins 330 þús. kr. á öllum flotanum, að meðtöldum togurum.

Þegar n. hafði látið gera þetta yfirlit um allan flotann, komst hún að þeirri niðurstöðu, að til þess að geta gert till. til umbóta, yrði hún að afla sér yfirlits um það, í hverju útgerðarkostnaðurinn fælist helzt og í hverju töpin lægju aðallega. Lét því n. gera nokkrar töflur um þau efni, og fylgja þær áliti hennar. Eru þar settar fram hlutfallstölur, er sýna, hve mörg % af öllum tekjunum hver tekjuliður er, og eins er farið að um útgjöldin. Geta þessar tölur orðið mikilsverð bending, þegar athuga skal, á hvern hátt hægt sé að láta útgerðina bera sig sem bezt.

Um síldveiðarnar voru gerðar sérstakar skýrslur.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. skilji af því, sem ég hefi sagt, að verk n. hefir verið bæði seinlegt og erfitt. Höfum við gert okkur far um að láta þessar skýrslur gefa sem gleggst yfirlit um efnahag útgerðarmanna og það, hvernig atvinnurekstur þeirra hefir gengið undanfarin ár.

En nú ber að athuga, hvað hægt er að byggja á þessum skýrslum. Ég tek það fram, að bráðlega verður bætt um þessa ófullkomnu lýsingu á vinnubrögðum n., er lögð verður fyrir hv. þm. skýrsla sú, sem ég gat um áðan. N. var búin að semja skýrslur þessar í lok ágústmánaðar. Síðan voru þær látnar í prentun. Verða þær á 3. hundrað bls. í þingtíðindaformi. Allt er þetta handsett og prentunin því mjög seinleg. Er því ekki að undra, þótt prentunin taki alllangan tíma. Þó mun óhætt að segja, að skýrslurnar muni verða til innheftar og búnar í hendur hv. þm. fyrir næstu helgi.

Þá vil ég minna á, að oft hefir verið talað um, að í sjávarútveginum sé bundið mikið fé, ekki aðeins fé bankanna, heldur og mestallt lánsfé, er landsmenn ráða yfir. Nú munu menn sjá svart á hvítu, að það er ekki ýkjamikið fé, sem í sjávarútveginum liggur bundið. Skýrslurnar sýna, að allur skipastóll landsmanna, allt frá opnum bátum upp í togara, nemur aðeins rúmum 12 millj. kr., en allar verkunarstöðvar, með húsum og öðru þar til heyrandi, eru nálægt 4,3 millj. kr. virði. M. ö. o., það, sem útgerðarmenn hafa fast í skipum og verkunarstöðvum, ásamt húsum og öðru, er ekki nema rúml. 17 millj. kr. Þetta er það fasta kapital, sem árlega veltir úr sjó 50—60 millj. kr. virði. Sjá menn því, hvílíkur geysiarður er að þessum atvinnurekstri fyrir

þjóðina. Ég er því ekki kunnugur, hversu mikið kapital þarf til að velta upp auði í öðrum löndum, en ég held, að það jafnist á við auðugustu námur þar, er 17—20 millj. kr. kapital framleiðir á ári 50—60 millj. kr.

N. gerði athuganir um útfluttar sjávarafurðir síðustu ár. Nam útflutningurinn 53,3 millj. kr. á ári að meðaltali síðustu 5 ár. Er það yfir 90% af verði allra útfluttra vara. Vænti ég, að þessar skýrslur leiðrétti þann mikla misskilning, að í sjávarútveginum liggi mestöll fjárhagsgeta landsmanna. Og þó að rekstrartap hafi orðið á útgerðinni upp á síðkastið, sést, hversu mikið verðmæti hún ber á land, en verðmæti útgerðartækjanna er ekki eftir því mikið.

Það verður ekki hjá því komizt í þessu sambandi að minna hv. þd. á, að undir þessum atvinnurekstri á h. u. b. helmingur landsmanna afkomu sína. Ríkisbúið er grundvallað á þessum miklu tekjum, svo að ekki er að undra, þótt lítið sé á það með miklum áhyggjum, hvernig nú er komið fyrir þessum atvinnuvegi. Þegar búið er að reka hann í 5 ár með milljónatapi árlega, hlýtur það að koma fram í því, að atvinnurekstrinn rýrnar og færir saman kviarnar, þar til allt hrynur í rústir. Þegar atvinnurekstur þessi hefir verið rekinn með svona miklu tapi síðustu 5 ár, enda þótt hann hafi borið á land 50—60 millj. kr. árlega, þá er sýnilega hrun fram undan, ef ekki er tekið í taumana.

Þá leiddi athugun á aldri fiskiveiðaflotans í ljós geigvænlegan sannleika. Togaraflotinn er 36 skip, en efnahagsreikningarnir ná aðeins yfir 32 skip. Stafar þetta af því, að sum skipin voru ekki í eign útgerðarmanna, þegar skýrslan var gerð. Meðalaldur íslenzkra togara er sem næst 14½ ár, svo að flotinn er sýnilega að því kominn að sökkva. Þó er ástandið enn verra með línuveiðagufuskipin. Meðalaldur þeirra er 30¼ ár, og þetta eru flest járnskip. Þessi floti er því enn nær því kominn að sökkva.

Þegar það er nú athugað, að í þessum skipastóli liggur ekki meira fé en það, sem ég gat um áðan, rúml. 12 millj. kr., eða því sem næst, þá virðist það ekki vera neitt grettistak að endurnýja þennan flota.

Nú býst ég við, að margir muni leggja fyrir sig þá spurningu, hvernig standi á því, að atvinnugrein, sem ber landsmönnum svona miklar tekjur, skuli vera komin á heljarþrömina. Hví eru útgerðarmenn ekki yfirleitt ríkir menn? Ástæðan er aðeins sú, að of mikið hefir verið heimtað af útgerðinni. Tökum lítið dæmi:

Um aldamót eru fjárl. Íslands samin með ¾ millj. kr. útgjöldum. 700 þús. kr. eru þau útgjöld, er ríkið leyfir sér. En 1930 eru tekjur ríkissjóðs ordnar á 18. millj. kr. Hvar hefir þessu verið á lagt? Langmest á útgerðina. Nú er það víst, að þetta er of langt gengið. Uppgripin hafa blekkt menn, svo að þeir héldu, að útgerðin bæri meira en hún gat borið. Því hefir verið hlaðið á hana gjöldum. Sést það, hversu tregir menn eru til að trúa þessu, á því, að eftir að útgerðin hefir verið rekin í 5 ár með milljónatapi, er enn verið að skattleggja hana til styrktar öðrum atvinnurekstri, sem að vísu þarfnast styrks.

Það er ekki til að hallmæla íslenzkri löggjöf að ég vek athygli á því, að meðal annara athugana, er mþn. gerði, var sú, sem leiddi í ljós, hvernig aðrar þjóðir í Norðurálfunni búa að sínum útgerðarmönnum. Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hefir safnað skýrslum um þetta frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Bretlandi, Þýzkalandi og Frakklandi. Kom það í ljós, að aðbúð útgerðarinnar er að vísu ólík í þessum löndum. En sérstaklega áberandi er þó það, að þessar þjóðir hafa komið auga á erfiðleika útgerðarinnar. Þær hafa komið auga á, að létta beri af henni byrðunum og koma verði henni til hjálpar. N. reyndi að fá skýrslur um það, hvern beinan styrk útgerðin fengi hjá þessum þjóðum, og síðan um hitt, hvern óbeinan styrk hún fengi. Er það mikið fé alstaðar. Vaxtakjör á fé því, er lánsstofnanir leggja í hendur útgerðinni, eru og mjög góð. Sumar þessara þjóða hafa lagt útgerðinni beinan styrk, en engin fiskveiðaþjóð Norðurálfunnar leggur beinan skatt á framleiðslu útgerðarinnar. Íslendingar eru eina fiskveiðaþjóð Norðurálfunnar, sem tekur útflutningsgjald í ríkissjóð af sjávarafurðum, og nemur það gjald 1½—7%. Auk þess taka Íslendingar einnig útflutningsgjald af sjávarafurðum til hafnarsjóða og bæjaþarfa. Eru þessa ekki dæmi í Evrópu, nema í Noregi, þar sem tekið er örlítið gjald af útfluttu verðmæti sjávarafurða til hafnarsjóða. Sýnir þetta, hve hér er mikill munur á. En sumar þjóðir greiða beinlínis verðlaun fyrir útfluttar sjávarafurðir, er nemur allt að 38 kr. fyrir hvert útflutt skippund.

Í þessu sambandi vil ég með nokkrum orðum geta þess, hvernig íslenzkir útgerðarmenn standa að vígi í samkeppninni við aðrar þjóðir, sem fisk selja á sömu mörkuðum og þeir. Allir vita, að útgerðarmenn hafa verið sakaðir um, að þeir fari óforsjállega með afurðasöluna. En það er rétt að gera sér grein fyrir því, við hvað íslenzkir fiskútflytjendur hafa að stríða. Markaður þeirra er aðallega tvennskonar: Saltfiskmarkaðurinn í Suðurlöndum, þar sem þeir keppa við Norðmenn fyrst og fremst, og svo ísfiskmarkaðurinn í Englandi, þar sem þeir keppa við Englendinga sjálfa. Á saltfiskmarkaðinum þjóða Íslendingar sömu fisktegundir og Norðmenn, verkaðar á sama hátt, veiddar á samskonar skipum og á sömu og svipuðum miðum. Er þar mikill aðstöðumunur: Íslendingar verða að kaupa veiðarfæri, kol, olíu og salt hærra verði en Norðmenn. Norðmenn hafa alla menn á flota sínum ráðna fyrir hlutdeild í afla, en Íslendingar borga mörgum skipverjum fast kaup eða premíu af brúttóafla. Íslendingar greiða háa útflutningstolla, en Norðmenn greiða enga slíka skatta.

Þegar tillit er tekið til kostnaðarins við að verka aflann hér á landi, sést þessi aðstöðumunur greinilega. Kaupgjald er lægra í Noregi en hér, um 90 aurar á tímann, en hér er það 1,36. Kvenfólki greiða Norðmenn 60 aura í kaup, en við 80 aura. Norðmenn láta mjög þurrka fisk sinn í ákvæðisvinnu og greiða 33—35 kr. fyrir verkun 1000 fiska, en það er mjög ódýr verkun. Allt verður þetta til þess, að þeir verða betur samkeppnisfærir en við.

Á enska markaðinum keppa Íslendingar við Englendinga sjálfa. Þeir veiða mikið af fiski sín-

um á íslenzkum miðum. Englendingar hafa á sínum fiskveiðaskipum 14 menn, en við 20. Útgerðarvörur er stórum ódýrari í Englandi en hér. Englendingar kaupa kolin í Englandi innan við 20 kr. pr. tonn, en hér kosta kolin 36 kr. pr. tonn. Við verður að greiða hér 1½% í útflutningsgjald og að auki 8% í toll í Englandi, en þeir greiða engan toll. Þó ég taki ekki fleira fram, þá ætla ég, að þetta sýni greinilega aðstöðumuninn. Ég veit, að það hefir ekki öllum verið ljóst og að mörgum er ókunnugt um, af hverju stafar tap íslenzku útgerðarinnar. En ég vona, að þeim verði nú skiljanlegra en áður, að útgerðin þarf betri aðbúðar og að hún þarf að breytast geysilega mikið.

Ég vil svo víkja nokkrum almennum orðum að þörfum útgerðarinnar og að því, hvernig allt stendur og fellur með henni. Við erum í þann veginn að afgr. fjárlögin, og veit ég, að við þurfum miklar tekjur. Ennþá hvílir mikið af tekjum ríkisins á útgerðinni, bæði beint og óbeint. Ef hún hrynur í rústir, þá mun margt í þjóðfélaginu hrynja. Ég sé ekki, hvert er að flýja, ef þessi mikilsverða tekjulind hverfur. En það er víst, að það er ekki sæmandi fyrir þessa samkomu, sem hér situr, að haga sér eins og maður, sem sífellt mjólkar kú án þess að gefa henni, eða án þess að láta sér detta í hug, að hún þorni eða deyi. Útgerðin er nú svo hart leikin, að engar líkur eru til, að hún rétti við, nema ríkið brúi skuldafenið; ella mun það iðra aðgerðaleysisins síðar.

Þetta frv. fer fram á það, að ríkið hefjist handa og láti útgerðina hafa frið til að byggja sjálfa sig upp að nýju. Mönnum blöskrar að heyra nefndar milljónir króna, finnst þær ekki vera til. En ég vil minna á, að fyrir ári síðan, þegar landbúnaðurinn þurfti á hjálp að halda, voru nefndar 11 millj. kr., og mönnum ógnaði ekki meira en það, að það þótti sjálfsagt að rétta hjálparhönd, og enginn hreyfði mótmælum, þó um stærri upphæð væri að ræða en hér. Mér þykir undarlegt, ef mönnum getur annað til hugar komið en að útgerðin eigi líka sinn rétt, eða láti sér detta í hug annað en útgerðin þurfi aðstoð, og það er lífsnauðsyn fyrir útveginn, að hann sé tryggður, svo hann hrynji ekki í rústir. Sú aðferð, sem við stingum upp á að sé notuð, er nokkuð önnur en sú, sem notuð var gagnvart landbúnaðinum. Við viljum, að útgerðinni sé gefinn kostur á að reisa sig við sjálf, þannig að hætt sé við að heimta af henni gjöld, sem engum dettur í hug að leggja á útgerðina í öðrum löndum Norðurálfunnar, og að útgerðinni sé leyft að safna sjóðum með sínu eigin fé, til að reisa sig við fjárhagslega.

Ég geri ráð fyrir, að allir þdm. hafi lesið frv. og grg. þess, svo ég þurfi ekki að lesa neitt upp úr því.

Ég skal játa, að það er **áætlun** okkar nefndarmanna, hvað þurfi mikið fé. Við gerum ráð fyrir, að þeir flokkar útgerðarmanna, sem skulda 75% móti eignum og meira, þurfi hjálpar með. Skuldir þeirra nema um 20 millj. kr. og eignir svipaðri upphæð. Við gerum ráð fyrir, að til þess að skuldir þeirra komist niður í 65% móti eignum, sem gæti talizt nokkurnveginn heilbrigður fjárhagur, þurfi um 7 millj. króna. En þegar við svo athugum, að í 2. fl., þar sem skuldir eru 50—75% móti eignum, eru líka nokkrir menn, sem þurfa hjálpar með, og sjálfsagt nokkrir, sem vantar skýrslur um, þorðum við ekki að gera ráð fyrir minni upphæð en 8—10 millj. kr. Við gerum ráð fyrir, að ef lánardrottnar fá greitt í reiðufé, þá muni þeir fást til að gefa mikið eftir, því mikið af ótryggðum lánum munu þeir telja tapað. Því höfum við ekki gert ráð fyrir, að Skuldaskilasjóður þyrfti að vera stærri en 5 millj. kr. Við athugun útflutningsgjalda síðustu 5 ára kom í ljós, að þau nema um 1 millj. kr. að meðaltali á ári. Þó við gerum ráð fyrir, að þetta fari lækkandi vegna rýrnunar á útflutningi og %-lækkunar á útflutningsgjaldi, höfum við ekki gert ráð fyrir minni tekjum en ¾ úr millj. á ári. Þetta mun því nema á næstu 6 árum a. m. k. 4½—4¾ millj. kr. Auk þess höfum við gert ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður legði fram ¼ millj. til Skuldaskilasjóðs. Þá eru komnar 5 millj. kr. Og ef gera má ráð fyrir, að lánardrottnar gefi eftir allt að 50% af skuldum, sem þeir telja lítt innheimtanlegar, þá ætti þetta að nægja til þess, að að skuldaskilum loknum yrðu skuldirnar ekki meira en 65% móti eignum, sem sæmilegt má telja til að byggja á aðrar aðgerðir, svo að útvegurinn geti að öllu sjálfráðu borið sig.

Um einstök fyrirkomulagsatriði mun ég tala við 2. umr. En ég tel mér skylt í þessu sambandi að gera grein fyrir því, hvers vegna þetta frv. er flutt af okkur flm.

Ég geri ráð fyrir, að landsmenn líti svo á, að þetta frv. ætti að vera stjfrv., því samkv. þáltill., sem áður getur, var ríkisstj. boðið að rannsaka hag útgerðarinnar og leggja fyrir þingið tillögur um úrlausn vandamála hennar. Ástæðurnar eru þær, sem nú skal greina: Mþn. sá, að verkefnin voru svo yfirgripsmikil, að hún mundi verða nokkuð seint fyrir með þau öll. Þess vegna fór hún til atvmrh. og skýrði honum frá niðurstöðum sínum um fjárhagsástæður og afkomu útgerðarinnar, er þá lágu fyrir í skrifuðum skýrslum, og gerði jafnframt grein fyrir till. sínum. Ég vil vekja athygli á því, að nefndin er stjórnskipuð, en ekki þingskipuð, svo hún átti að standa stj. skil á gerðum sínum. Nefndin spurði ráðh., hvenær mætti í síðasta lagi koma með frv. svo það yrði stjfrv. Ráðh. svaraði því, að hann mundi fá sjútvn. til að flytja frv., ef málið væri þannig vaxið, að hann sæi sér það fært. Síðar varð samkomulag um það, að því lægi ekki nauðsynlega á fyrir þingbyrjun, enda var þá form. milliþn. erlendis í stjórnarerindum. Við skiluðum því ekki frv. fyrr en 10. f. m., en áður hafði n. látið ráðh. í té frv. til skuldaskila í uppkasti. Síðan hefir afgreiðsla málsins dregizt nokkuð lengi, og var n. orðin óróleg, þegar fór að líða að þeim tíma, er ekki má bera frv. fram á Alþ. án sérstaks leyfis. N. var því sífellt að spyrja ráðh., hvað frv. liði. Hann svaraði því, að það tæki tíma að athuga jafnyfirgripsmikil mál — og það er auðvitað satt —, en hann væri að athuga þau og láta flokksmenn sína athuga þau. Þegar svo var komið fram að mánaðamótum, lagði ráðh. frv. fyrir sjútvn. Nd. og bað hana að flytja frv. um vátryggingu opinna vélbáta, en

skýrði n. jafnframt frá því, að þetta frv. sæi hann sér ekki fært að leggja til, að næði fram að ganga á þessu þingi, nema séð yrði fyrir nýjum tekjum handa ríkissjóði. Við tveir mþnm., sem sæti eigum í sjútvn. þessarar hv. d., töldum sjálfsagt, að þingið sæi fyrir nýjum tekjum, og þess þarf sannarlega hvort sem er. Því það er þýðingarlaust að mjólka þessa horuðu kú lengur. Við teljum því sjálfsagt, að séð verði fyrir því, að þingið geti afgr. fjárlög án tekjuhalla, þó þessar tekjur missist. Við fórum því fram á það við sjútvn., að hún í heild flytti frv., og töldum sjálfsagt að koma því á framfæri, þótt ekki væri búið að sjá fyrir öðrum tekjum handa ríkissjóði. Meiri hl. sá sér ekki fært að samþ., að n. flytti málið að svo komnu. Þó höfðu tveir meirihlutamannanna a. m. k. talið sig velviljaða þessari viðreisn, en sáu sér samt ekki fært að flytja frv.

Nú var okkur, sem unnið höfðum í mþn. og kunnugir erum hag útgerðarinnar, ljóst, að miklu minna kapp var lagt á lausn þessara mála en t. d. landbúnaðarins, og þar sem liðinn var mánuður af þingtíma, sáum við, að málið var tæpt komið, þegar hv. meðnm. höfðu ekki meiri áhuga en svo fyrir málum þessum, að þeir voru ekki farnir að kynna sér frv., þó langt sé síðan ráðh. sagðist vera að kynna þau flokksbræðrum sínum. Við töldum okkur því bera skyldu til, verandi í mþn. og skiljandi hvað við lá, að koma málinu á rekspöl. Úrræði okkar var því að flytja málið sjálfir, þó okkur hefði þótt eðlilegast og æskilegast, að sjútvn. deildarinnar hefði staðið öll að flutningi þess.

Og til þess að tryggja málinu alveg sérstaklega stuðning þeirra manna, sem hér í þessari hv. deild eru umboðsmenn sjávarútvegshéraða, höfum við fengið í lið með okkur þá hv. þm., sem eru meðflm. okkar að frv. En vona vil ég, að allir þeir hv. þdm., sem hafa látið vingjarnleg ummæli falla í garð þessa máls, sýni viljann í verkinu, þótt sýnt hafi því verið nokkru meira tómlæti hingað til en það verðskuldar. Vona ég, að rætist vel úr og málið fái góða afgreiðslu.

Við flm. munum ekki láta á okkur standa að greiða fyrir þessu máli og að gera ráðstafanir til, að aflað verði þeirra tekna, sem ríkið þarfnast til að bæta upp tekjumissinn.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv. við þessa umr., en mælist til þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn. Ég veit, að frv. fær þar fljóta afgreiðslu, þegar n. hefir kynnt sér það.

**Bergur Jónsson** (óyfirl.): Ég skal ekki vera langorður um þetta frv., sem hér liggur fyrir, við 1. umr., vegna þess að ég á sæti í þeirri n., sem um það fjallar.

Ég get verið sammála tilgangi frv. um að reyna að hjálpa sjávarútvegnum, sem ekki þarf þess síður með en landbúnaðurinn. Hvort þetta frv. getur bætt úr eins og ætlazt er til, skal ég ekki segja að svo stöddu. En ég mun athuga þetta frv. í n. Ég skal aðeins taka það fram, að mér þykir einkennilegt, að tekið er fram í 2. gr. frv. og í grg., að sjóðurinn þurfi 5 millj. kr. stofnfé, en ég finn ekki samkv. 2. gr. frv., að þar sé bent á fjáröflun nema fyrir 4 millj. kr. Fyrst er gert ráð fyrir 250 þús. kr. framlagi úr Fiskveiðasjóði. Í öðru lagi útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem gert er ráð fyrir, að nemi kr. 750 þús. Ég býst við, að það sé of hátt áætlað, og muni ekki nema næstu ár hærri upphæð en 600—650 þús. kr., og svo í þriðja lagi er gert ráð fyrir 3 millj. kr. láni. Ef hv. flm. geta gert grein fyrir, hvernig á þessu stendur, þá er það gott. En eins og frv. lítur út nú, þá stangast ákvæðin í 1. lið gr. við síðari hluta hennar. Í öðru lagi vil ég benda á það, að ekki er bent á neina tekjustofna til að standast þann kostnað, sem af þessu leiðir. Eins og nú er um búið, þá er þetta fjarstæða. Að ætla sér að taka útflutningsgjald af ríkissjóði næsta ár, er engin lausn út af fyrir sig. Ég get ekki búizt við, að hægt sé að afla þeirra tekna, sem þarf til að koma þessu í framkvæmd. Hitt vil ég taka fram, að ef hv. flm., þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., ætlast til, að frv. nái fram að ganga, beini ég því til þeirra, að ef þeir geta bent á heppilegan tekjustofn til að afla fjár, þá skal ekki standa á mér. En vegna þess að ég á sæti í sjútvn., sé ég ekki ástæðu til að fara nánar inn á það nú. En það, sem ég vildi vekja athygli á og kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., er framkoma þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. gagnvart a. m. k. tveimur þm., er sæti eiga í sjútvn., mér og hv. 3. landsk. Til sönnunar ætla ég að lesa smáklausu, sem birtist í málgagni Sjálfstfl., Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sjútvn. Nd. eiga sæti tveir úr milliþinganefnd, þeir Jóhann Þ. Jósefsson og Sigurður Kristjánsson. Eftir að fullreynt var, að atvmrh. vildi ekki greiða fyrir þessum málum, fóru þeir Jóh. Jós. og S. Kr. fram á, að sjútvn. flytti frv. — **En rauðliðar þrír í nefndinni, þeir Finnur Jónsson (form.), Bergur Jónsson og Páll Þorbjörnsson felldu þá tillögu.**

Flytur því sjútvn. aðeins frv. um vátryggingu opinna vélbáta, en þeir Jóh. Jós. og Sig. Kristjánsson flytja hin frv. ásamt nokkrum fleirum sjálfstæðismönnum.

**Þessar urðu þá undirtektir stjórnarinnar og rauðu fylkingarinnar, þegar um er að ræða langstórfelldustu umbótamálin, sem nokkru sinni hefir verið farið fram á til viðreisnar hinum hrynjandi sjávarútvegi landsmanna.**

**Þessir umboðsmenn „hinna vinnandi stétta" fengust ekki einu sinni til að koma málunum á framfæri á Alþingi!**

**Þó á öll þessi mikla umbót sjávarútvegnum til handa að byggjast upp af atvinnurekstrinum sjálfum. Ríkið á ekki að leggja fram einn eyri í hreinum útgjöldum, aðeins að leyfa þessum atvinnurekstri að reisa sig við, með því að sleppa hinum beina skatti á framleiðslunni — útflutningsgjaldinu."**

Vitanlega dettur mér ekki í hug, að hv. 6. þm. Reykv. eða hv. þm. Vestm. beri ábyrgð á greinum þeim, sem koma í Mbl., enda er það nú orðin venja þeirra sjálfstæðismanna að afneita öllu, sem birtist í blöðum þeirra, og jafnvel neita að þiggja það að gjöf. En hvað sem því líður, annaðhvort hafa þeir skýrt Mbl. rangt frá eða a. m. k. ekki skýrt frá þeim ástæðum, sem við færðum

fram fyrir því, að við gætum ekki þá þegar orðið við þeim tilmælum. Mér skildist af viðtali, sem ég átti við hv. 6. þm. Reykv., að hann hefði eingöngu skýrt Mbl. frá því, að fellt var að flytja frv. af nefndinni. Þeir hafa því gert sig seka um fölsun á málsmeðferð. Mér kemur það ekkert einkennilega fyrir sjónir með hv. 6. þm. Reykv., því hann hefir verið keppinautur minn í framboði til þings, og ég veit, að hann er ekki vandur að virðingu sinni og á til að hagræða sannleikanum sér í vil. En hitt kom mér einkennilega fyrir sjónir með hv. þm. Vestm., því ég hefi ekki þekkt hann að slíku fyrr. En nú skal ég upplýsa fyrir alþjóð, hvað hæft er í þessum ummælum, hver sannleikurinn er í þeim fregnum, sem þessir menn eru búnir að sima út um allt land. Þá skal ég sanna, að það kom fram slík krafa, að enginn óvitlaus maður hefði gengið að henni eins og sakir stóðu. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr fundargerð frá 9. fundi sjútvn., sem haldinn var þann 30. okt.:

„IV. mál. Jóhann Jósefsson og Sig. Kristjánsson báru fram svo hljóðandi till.:

„Nefndin samþykkir að flytja þau frv. frá milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, sem atvinnumálaráðherra afhenti n. hinn 27. þ. m.“ Till. var borin undir atkv. og felld með 3:2 atkv. Meiri hl. (FJ, BJ og PÞ) greindu þær ástæður fyrir mótatkvæðum sínum, að frv. væri í prentun og hefðu þeir ekki átt neinn kost á að lesa frv., en FJ hafði að vísu lesið frv. fljótlega yfir einu sinni.“

Hv. þm. hafa tekið eftir, hvaða ástæður það eru, sem við hv. 3. landsk. bárum fram fyrir því, að við gátum ekki samþ. till. hv. sjálfstæðismanna í sjútvn. um að flytja þetta frv. Þetta er sannleikurinn, og þetta vita þessir hv. þm. báðir. Samt leyfa þeir sér að bera í opinber blöð, að við „rauðliðar“, sem þeir svo kalla, höfum viljað drepa málið. Ég vil bera það undir athugun hvers einasta þm., sem hér er viðstaddur, hvort honum mundi ekki hafa farizt á sama veg og okkur. Ég get lagt eið út á það hvenær sem er, og sama býst ég við að hv. 3. landsk. geti líka, að við höfðum ekki séð einn staf af frv. Hvernig gátum við þá á þessari stundu samþ. till. um að flytja frv. inn í þingið?

Til upplýsingar þessu máli skal ég geta þess, að 27. fyrra mánaðar — næstsíðasta laugardag — var haldinn aukafundur í sjútvn. í ráðherraberginu. Þar mætti hæstv. atvmrh. og lagði fram frv. mþn. í sjávarútvegsmálum, þar með frv. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna og frv. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands. Á þeim fundi tók hann fram ástæður sínar fyrir því — eins og hv. 6. landsk. réttilega tók fram —, hvers vegna hann vill ekki leggja með því, að frv. sé flutt. Hinsvegar var ekkert bókað, hvorki eftir mér, hv. 3. landsk., hv. þm. Ísaf. né hv. sjálfstæðismönnum í n. Hvorugur þeirra sagði eitt einasta orð, hvorugur bað um nokkra bókun, og virtust þeir alveg ganga inn á ástæður hæstv. atvmrh.

Sömu mennirnir koma svo á þriðja degi, þriðjud. 30. okt., með till. í sjútvn. um að flytja þessi tvö frv. Þó vissu þeir, að form. n. fór burt með frv. af fundinum beina leið í prentsmiðjuna, til þess að því yrði útbýtt meðal þm. daginn eftir. Sá frestur til að greiða atkv. um þessa till., sem hv. sjálfstæðismenn fóru fram á, til miðvd. 31. okt., hefði ekki komið að gagni, vegna þess að frv. var útbýtt að kvöldi þess dags. Hinsvegar hefði sá frestur, sem form. n. talaði um, fram á fimmtudag, mátt duga til þess, að þessir hv. þm. hefðu séð frv. prentað sem handrit og gætu kynnt sér það.

Ég ætla ekki að segja, að með þessari framkomu hafi hv. sjálfstæðism. í n. slegið af sér fylgi okkar hv. 3. landsk. við þetta frv. Ég er búinn að segja það áður, að ég vil lita vinsamlega á frv. og láta það ganga fram, ef hægt er. En þetta er a. m. k. tilraun til að skipa okkur í andstöðuflokk, að hrópa okkur út um allt land og segja, að við séum að leggjast á móti nauðsynjamálum þeirra manna, sem eru margmennir í kjördæmum þeirra og yfirleitt í landinu. Þessa lélegu tilraun til lýðskrums fyrirlít ég og mun ekki láta hana hafa nein áhrif á mig.

Hv. 6. þm. Reykv. kvað hæstv. atvmrh. hafa lofað að flytja þessi frv. fyrir mþn. í sjávarútvegsmálum, ef honum líkaði þau. Ég þarf ekki að svara fyrir hann. En vitanlega liggur í hlutarins eðli, að ráðh. getur ekki tekið á sig að flytja frv., þegar það var svo seint tilbúið. Og hvernig stendur á því, að þessir tveir flm., sem báðir eru í mþn. í sjávarútvegsmálum, komu ekki nógu snemma fram með frv., til þess að frv. gæti orðið stjfrv. Sýnist mér skeytið koma úr hörðustu átt til hæstv. atvmrh., þar sem n. á sjálf alla sökina.

Þá vil ég benda á annað atriði. Nál. frá þessari n. hefir enn ekki komið fram. Hv. 6. þm. Reykv. fór hér með langa rollu áðan, sem kunnugir segja, að muni vera inntak nál. En hvernig stendur á, að það er ekki komið á prent? Ef þessir hv. þm. álíta nauðsynlegt, að þingdeildin kynnist rannsókn þeirra í mþn., hvers vegna þá ekki að prenta nál., svo að hv. þm. gæfist kostur á að rannsaka ástæður, svo að þeir gætu tekið afstöðu til frv.? Ef um vanrækslu er að ræða, þá er hún eingöngu hjá þessum hv. þm. sjálfum. Og þó að þeir reyni nú einhverja útúrdúra eða kattarþvott, til þess að bera í bætifláka fyrir þessa óheilu lýðskrumaraframkomu sína, þá mun þeim ekki takast. Þessi grg., sem ég ber fram, sem báðir þessir hv. þm. vita að er sönn, hún kemur í blöð landsins og mun sýna, hverjir það eru, sem leika loddaraleik frammi fyrir hinni íslenzku þjóð.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.]: Fyrst vil ég víkja að meðferð málsins, sem hefir verið nokkuð dregin inn í umr., bæði af hv. 1. flm., frsm. málsins, og hv. þm. Barð.

Það er rétt, að nokkru fyrir þing áttu tveir af nm. í mþn. í sjávarútvegsmálum tal við mig, sögðu mér aðalniðurstöður af rannsókn sinni á fjárhag útgerðarinnar í landinu, þær tölur, sem birtar eru í grg. frv. og segja, að eignir útgerðarinnar í heild á móti skuldum nemi hér um bil 82%.

Nokkru síðar létu þeir mér einnig í té — án grg. — frv. um skuldaskil útgerðarmanna, mjög svipað a. m. k. í öllum aðalatriðum því frv.,

sem liggur fyrir. Sjálft frv. með grg. barst mér ekki að ég ætla fyrr en 10. okt., og afgr. ég það til n. 27. okt., hafði það 17 daga til athugunar. Vil ég skjóta því til hv. þdm., hvort það muni vera of langur tími, eins og störfum er háttað á þingi. Ég tjáði þá n., að ég sæi mér ekki fært að flytja þetta frv. né heldur að óska þess, að n. flytti frv. óbreytt, af þeim ástæðum, sem ég greindi og hv. frsm. að nokkru leyti drap á. Fyrst og fremst af því, að ekki var séð fyrir tekjuöflun fyrir ríkissjóð á móti þeim útgjöldum, sem af samþ. frv. leiddi. Í öðru lagi vegna þess, að ekki lágu fyrir nál. mþn., né heldur heildarskýrsla um efnahag og afkomu útgerðarinnar. Ég hafði þá að vísu rétt séð prentaða skýrslu um efnahaginn, mikið bákn, 150 bls. að ég ætla, en nál. var ekki komið svo langt, að ég gæti séð það, með þeim hugleiðingum, sem n. hefir séð ástæðu til að gera út af skýrslunni. Hinsvegar þótti mér rétt og sjálfsagt, þar sem um svo stórvægilegt atriði var að ræða, að þeir, sem hefðu hug á því, að málið yrði birt hið fyrsta, fengju tækifæri til þess. Því lét ég n. í té þessi frv. eftir ósk mþnm. í sjútv.málum. Hinsvegar verð ég að segja það, að mig undrar það nú nokkuð, að þeir skyldu ekki bíða eftir, að útbýtt væri meðal þingmanna niðurstöðum af heildarskýrslum, sem n. hefir látið semja, sem vera bar, um fjárhagsafkomu útgerðarinnar, né heldur nál. mþn. í heild. Það segir sig sjálft, að það er afar torvelt fyrir þdm. að átta sig, meðan þessi gögn vantar. Því að sú grg., sem frv. fylgir, er ekki nægileg til að skýra fyrir mönnum ástandið í heild sinni. Ég þykist nú vita, að hv. 1. flm. hafi í ræðu sinni viljað bæta nokkuð úr þessu. En hann veit jafnvel og ég, að það er ekki þægilegt fyrir þm. að átta sig á þessu máli, þó að þeir heyri stutta ræðu.

Ég get svo látið þetta nægja til að skýra meðferð málsins, en vil bæta nokkru við, sem hvergi kom fram í ræðu hv. frsm.

Þegar ég ræddi við mþn. í sjávarútvegsmálum, þá tjáði ég henni, eins og ég áðan sagði, að stj. treysti sér ekki til að mæla með því, að frv. yrði flutt óbreytt á þessu þingi, nema bent yrði á leið til tekjuöflunar á móti. En jafnframt óskaði ég þess, að sjútvn. fengi nál. mþn. í sjávarútvegsmálum ásamt heildarskýrslunni, og reyndi að rannsaka, hvort ekki væri hægt að taka einhvern þátt af útgerðinni út úr og afla þess fjár, sem þyrfti til þess að styrkja þann þátt nú þegar. En það er ekki eðlilegt, að sjútvn. hafi getað við þessu snúizt enn, þar sem áðurnefnda heildarskýrslu og nál. vantar enn þá. Vænti ég, að hv. sjútvn., sem fær þetta mál til athugunar, taki þessa ábendingu mína til greina og athugi þennan möguleika. En frv. eins og það liggur fyrir í heild álít ég ekki gerlegt að afgreiða. Þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 5 millj. kr. til Skuldaskilasjóðs útgerðarmanna. Og í öðru frv., sem er á dagskrá í dag, frv. um Fiskveiðasjóð Íslands, er gert ráð fyrir, að hann leggi fram sem svarar 250 þús. kr. á ári til þess sjóðs, og þó 83 þús. kr. betur á næsta ári. Og til þess að Fiskveiðasjóður geti lagt fram 250 þús. kr. til Skuldaskilasjóðs, verður a. m. k. á einhvern hátt að afla þess fjár, hvað sem verður um frv. um Fiskveiðasjóð í heild sinni.

Þá vil ég benda á, að athugun hv. þm. Barð. um áætlun útflutningsgjaldsins, eins og upplýsingar liggja fyrir — og sérstaklega ef samþ. verður breyt. sú, sem liggur fyrir þinginu — hún er rétt. Áætlun mþn. um tekjur af útflutningsgjaldinu er of há, þannig að ef 5 millj. eiga að fást, þarf að lengja tímann og bæta tekjustofnum við.

En svo að maður haldi sér við hv. frsm. og frv. um Fiskveiðasjóð, þá eru útgjöldin á næsta ári sem svarar 1050 þús. kr. að minnsta kosti; — þá játa ég hispurslaust, að eins og sakir standa sé ég ekki fram á, að þetta þing geti afgr. fjárlög svo að í lagi sé og jafnframt tekið þessa upphæð til sérstakrar ráðstöfunar. Í þessu sambandi vil ég segja, að mér urðu það nokkur vonbrigði, hversu einhliða mþn. í sjávarútvegsmálum hefir litið á þetta mál. Eftir því, sem ég bezt veit, hefir hún lagt mikla vinnu í að safna miklum gögnum um ásigkomulag útgerðarinnar. Og það skal ég játa, að sú leið, sem lagt er til í frv. um Skuldaskilasjóð að fara, er heppilegri en við skuldauppgerð bænda, þar sem bundið er greiðslufé í skuldabréfum til langs tíma með áhættu fyrir ríkissjóð, sem ómögulegt er að gera sér að fullu grein fyrir, hver er. Það er líka aðgætandi í þessu sambandi, eins og n. líka hefir athugað, að sem veðtrygging bak við slíka skuldabréfaútgáfu eru eignir útvegsmanna tæplega eins veðhæfar og eignir bænda, þær eru miklu lausari, jafnvel þó eitthvað sé með af fasteignum. Ég get sem sé fallizt á, að grundvallarhugsun þessa frv. sé rétt hjá mþn. í sjávarútvegsmálum. En þrátt fyrir það verð ég að telja, að hún hafi vanrækt annan meginþáttinn í starfi sínu, þann, að benda á tekjuöflunarmöguleika á móti þeim útgjöldum, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af þessari ráðstöfun. Ef þm. vilja fá afgreidd tekjuhallalaus fjárlög, eins og hv. frsm. var að tala um í sinni ræðu, þá þarf að benda t. d. á leið til sparnaðar, þannig að jafnvægi fáist. Hvorugt af þessu hefir mþn. nokkra minnstu viðleitni til að benda á, og verð ég að harma, að hún skilaði frv. þannig inn í þingið. Þegar málið kom til mín, var búið að semja tekjuaukafrv. stj. og í heild búið að gera sér í hugarlund, eins og stj. gat gert þá, hvernig hægt er að ná nokkurn veginn útkomu á rekstri ríkisbúskaparins á næsta ári. Það segir sig sjálft, að yfir ein milljón kr. hlýtur að raska þeim grundvelli, ef ekki koma nýjar tekjur á móti.

Eitt atriði vil ég spyrja hv. flm. um, því að það, sem ég hefi séð af skýrslunni, ber það ekki með sér. Eru í skuldaframtölum útgerðarmanna taldar með upphæðir, sem lánsstofnanir hafa talið tapaðar, þótt ekki sé búið að gefa mönnum kvittun fyrir þessum upphæðum? Mér er kunnugt um, að nokkuð víða í lánsstofnunum eru lagðar til hliðar tapaðar skuldir, sem álitnar eru, án þess þó, að gefin sé kvittun til hlutaðeiganda. Og ég hygg, að a. m. k. frá útibúinu á Seyðisfirði hafi verið tekið fram um slíkar skuldir. Þessar skuldir geta í heild numið ekki óverulegri upphæð.

Eins og ég drap á áðan, mæltist ég til við sj-

útvn., að hún tæki til athugunar, hvort ekki væri hægt að hjálpa einhverjum þætti útgerðarinnar með minna fjárframlagi en gert er ráð fyrir í þessu frv., og ég vil víkja nokkrum orðum að því, hvað ég átti sérstaklega við.

Eins og ræða hv. flm. ber með sér, er hér í frv. og eins í yfirlitsskýrslu nefndarinnar talað í einu lagi um alla útgerð í landinu. Ég hefi ekki getað kynnt mér það enn til hlítar, hvernig hlutfallið í þessu efni er milli stórskipaútgerðarinnar og hinna einstöku tegunda smáskipaútgerðarinnar. En að órannsökuðu máli verð ég að segja það, að í hinum stóru fyrirtækjum eru svo miklar fjárhæðir bundnar hjá einu einstöku, að vafasamt er, hvort ástæða er fyrir ríkissjóð að fara að leggja fram fé til uppgerðar á þeim. Bankarnir hafa hingað til orðið að gera þetta sjálfir. Hér er um tiltölulega fáa viðskiptamenn að ræða, en svo stóra, að það getur haft gífurlega mikil áhrif á það, hversu mikið fé þurfi, hvort stærri fyrirtækin eru tekin með eða ekki. Hinsvegar verð ég að líta svo á, að það, sem geri nauðsyn fyrir aðgerð hins opinbera knýjandi í þessu efni, er það, ef sýnt væri fram á, að það lægi við borð, að svo og svo mikill hluti útgerðarinnar kynni að stöðvast, ef ekki yrði hlaupið undir bagga, og af stöðvuninni stafaði svo atvinnuleysi og stórkostlegt verðmætatjón fyrir landsmenn í heild. Ég hygg, að það sé minni ástæða til að ætla þetta um stórútgerðina heldur en a. m. k. um nokkurn hluta smáútgerðarinnar. Mér hefir eftir þeim lauslegu athugunum á skýrslunni sýnzt, að með ekki ákaflega miklu framlagi mætti í bili létta talsvert mikið fyrir nokkrum hluta smáútgerðarinnar, ef kröftunum væri öllum beint í þá átt, en hinn þáttur útgerðarinnar látinn enn bíða átekta. Og ég vil enn á ný mega beina því til sjútvn., að hún reyni að athuga þetta að fengnu nál. og skýrslu nefndarinnar.

Þá má heldur ekki því gleyma, að þótt það sé að sjálfsögðu mikilsvert að fá uppgerð á skuldum útgerðarinnar, sérstaklega ef með því er tryggt, að starfsemi haldi áfram, sem ella mundi verða að stöðva, þá er það engu minna vert og knýjandi nauðsyn að gera ráðstafanir til þess að gera rekstur þessara útgerðarfyrirtækja auðveldari en nú er. Og þingið má vel gá að því, að ríkissjóður bindi ekki svo getu sína í skuldauppgerð, að hann hafi ekki mátt til að veita þá hjálp, sem miðar beinlínis til áframhaldandi rekstrarstarfsemi.

Nú hefir komið frá mþn. í sjávarútvegsmálum í dag frv. um rekstrarlán handa útgerðinni. Hefi ég ekki getað kynnt mér það enn, en mun leggja það fyrir sjútvn. einhvern næstu daga.

Eins og ég hefi sagt áður, er ómögulegt að taka fulla afstöðu til annars þáttar þessa máls án þess að líta á hinn. Ég skal svo ekki við þessa umr. hafa fleiri orð. Geri ráð fyrir, að frv. verði vísað til sjútvn.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Atvmrh. hefir að mestu tekið af mér ómakið í þessu máli. Ég vil aðeins, vegna þess hve stórvægilegt þetta mál er, segja fá orð, frá því sjónarmiði, hver áhrif samþykkt þessa frv. hlýtur að hafa á tekjuöflun ríkissjóðs. Ég vil benda á það, að hv. flm. eru allir þingm. Sjálfstfl., og ég skoða því þetta frv. sem fram komið frá þeim flokki.

Eins og kunnugt er, er í frv. farið fram á, að útflutningsgjald af sjávarafurðum renni í Skuldaskilasjóð. Í samræmi við það, sem áætlað er, kemur þetta frv. til með að baka ríkissjóði um 750 þús. kr. útgjöld á næsta ári, ef það nær fram að ganga, jafnhliða þeirri breytingu, er verður á Fiskveiðasjóði og hefir í för með sér 160 þús. kr. aukin útgjöld. Hv. sjálfstæðismenn hafa á þessu þingi borið fram tvö frv., sem hafa í för með sér rúmlega 800 þús. kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Hv. sjálfstæðismönnum hefir verið bent á það, að fjárlagafrv. er lagt fyrir þingið með 1 millj. og 800 þús. kr. tekjuhalla. Þrátt fyrir það hafa þeir beitt sér gegn öllum leiðum til tekjuöflunar, en hinsvegar lagt fram tvö frv., er hafa í för með sér rúmlega 800 þús. kr. aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Ef frv. þessi næðu fram að ganga, mundi halli fjárl. nema um 2 millj. og 700 þús. kr. Auk þessa hafa hv. sjálfstæðismenn borið fram margar fleiri till. um æðimikil aukin útgjöld. Það virtist ekki nema sanngjarnt, að hv. flm. reyndu að gera grein fyrir því, hvernig með skuli fara, ef halli fjárl. kemur til með að nema 2 millj. og 700 þús. kr. Hv. sjálfstæðismenn hafa beitt sér gegn öllum leiðum til tekjuöflunar, en svo framarlega, sem þeir benda ekki á neinar leiðir í þá átt, er varla hægt að taka þetta frv. alvarlega. Það hvílir sú skylda á hv. flm., að þeir reyni a. m. k. að gera grein fyrir því, á hvern hátt till. yrði framkvæmd. Þótt mikil löngun kunni að búa með þessum mönnum til þess að taka sig vel út og flytja stór frv., ættu þeir að eiga þá ábyrgðartilfinningu. (**JakM:** Guð hjálpi mér! — **ÓTh:** Almáttugur!). Já, mig skal ekki furða á því, þótt þessir menn ákalli sér eitthvað æðra og máttugra, því að það er ekki auðvelt að sjá, hvernig flokkurinn ætlar að standa að þessu. Ég tel mér skylt að benda á þetta við 1. umr. frv. Hitt er rétt, að þetta eru þörf mál, er nú bíða úrlausnar, en fyrir þessar sakir verður frv. ekki afgr. óbreytt.

**Ólafur Thors:** Ég hafði ekki hugsað mér að hafa veruleg afskipti af þessu máli við 1. umr., en ég kvaddi mér hljóðs til þess að lýsa yfir því, að Sjálfstfl. er eðlilega fús til samninga um það, hvernig ríkissjóði verði séð fyrir nægum tekjum til tekjuhallalausra fjárlaga, enda þótt hann sé sviptur þessum gjaldstofni. Lýsi ég yfir því f. h. Sjálfstfl., að hann er þess reiðubúinn að tryggja það. Vona ég þá, að stjórnarliðið sjái sér fært, eða réttara sagt, sjái sér ekki annað fært en að fylgja frv.

Fyrsti flm. frv. hefir getið þess, að frv. hafi ekki fengið þær móttökur hjá sjútvn. eða ríkisstj., sem eðlilegar hefðu mátt teljast. Hv. þm. Barð. talaði hér með nokkrum þjósti, en ég sé ekki ástæðu til að svara honum verulega, því að ég gat ekki betur heyrt á ræðu hans en að áhuginn væri ekki meiri en það, að hann væri ekki farinn að lesa frv. (**BJ:** Jú). Hann kvartaði undan því að hafa ekki séð frv. og að hafa ekki haft tíma til þess að kynna sér það, og hann

virtist ekki einu sinni hafa lesið 1. gr. frv. (**BJ**: Þetta er bara venjuleg rangfærsla hjá hv. þm.). Hann sló því fram, að í 2. gr. væri sjóðnum eigi tryggðar nema 4 millj. Mér virðist það benda ótvírætt til þess, að hann hafi ekki lesið greinina, því að í henni stendur, að Fiskveiðasjóður leggi fram ¼ millj. og að útflutningsgjaldið, 750 þús. kr. á ári, renni til sjóðsins í 6 ár. (**BJ**: Hvar stendur, að það geri það í 6 ár?). Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa greinina fyrir þm., svo að hann hafi þó a. m. k. heyrt hana áður en málið fer út úr deildinni. 2. gr. hljóðar svo:

„Stofnfé Skuldaskilasjóðs er 5 milljónir króna. Skal þess aflað sem hér segir:

1. Fiskveiðasjóður Íslands leggur sjóðnum til kr. 250 þús. í reiðufé.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, eins og það nú er ákveðið með lögum nr. 70 27. júní 1921, og lögum um breyt. á þeim lögum, nr. 11 29. maí 1925, og í lögum nr. 60 27. júní 1921 rennur óskert í Skuldaskilasjóð árin 1935 til 1940, að báðum þeim árum meðtöldum".

Ég þarf svo ekki að lesa lengra, því ég veit, að hv. þm. skilur þetta, þegar hann hefir heyrt mig lesa það. Ég veit líka, að hann skilur það, að frá 1935—1940, að báðum þeim árum meðtöldum, eru 6 ár, og að 750 þús. á ári í 6 ár verða 4,5 millj., því að hv. þm. hlýtur að kunna einföldustu margföldun. Ég sé, að hv. þm. „nikkar" til samþykkis, og er það vel. Þá á hann ekki eftir að játa öðru, sem ég hefi sagt, en því, að hann hafi ekki lesið frv. Þetta vil ég að hann bæti við yfirlýsingu þá, sem hann ætlar að gefa í blöðunum, og geri hann það ekki, þá skal ég sjá um, að þjóðin fái að vita þetta. (**BJ**: Hefir þm. ráð á nokkru blaði?). Ég fæ alltaf að skrifa í blöð þegar með þarf. Ég hefði vel getað skilið það, að hv. þm. hefði sagt, að hann vildi hafa örugga vissu fyrir því, að ríkissjóði yrði tryggðar einhverjar tekjur vegna þessa frv. Það liggur í hlutarins eðli, að það verður að gerast, enda sagði fyrsti flm., að það yrði gert, og erum við því reiðubúnir til samstarfs í þeim efnum.

Ég efa ekki, að hv. þm. hafi sagt það satt, að hann hafi ekki haft aðstöðu til þess að vera búinn að lesa frv., þá er hann varð að taka afstöðu til málsins í sjútvn., en hinu er ég hissa á, að hann skuli rísa hér upp og tala um, að hann væri ekki búinn að lesa frv. Þó að hv. þm. hafi ekki verið búinn að lesa frv., þá skipti það ekki máli, þegar hv. þm. Ísaf. er búinn að lesa það og tjá sig andvígan því í nefndinni. Það hefir oft komið í ljós hér á Alþingi, að hv. þm. Barð., sem er miklu greindari og dómbærari maður en þm. Ísaf., lætur sér sæma að fylgja honum í blindni, sem er sá aumasti einfeldningur, sem nokkru sinni hefir komið inn fyrir dyr þessara þingsala. (**Forseti** hringir).

Hæstv. atvmrh. sagðist hafa þurft 17 daga til þess að athuga þetta mál. Sjútvn. sagðist aftur hafa haft of lítinn tíma til þess að kynna sér málið. Við flm. getum aftur sagt það, að við þurftum ekki mikinn tíma til þess að skilja það, að hér var um að ræða nauðsynjamál sjávarútvegsins og alþjóðar, sem hægt var að taka fljóta afstöðu til eftir þeim skýrslum mþn., sem fyrir lágu. Það má kannske leita skjóls í þessum afsökunum um tímaleysi o. fl., en ég hygg, að það skjól verði ekki haldgott. Afstaða þessara háu herra til málsins ber því aðeins vott um skort þeirra á samúð með þessum atvinnuvegi, sem hér á hlut að máli. Þeir vilja ekki rétta honum hjálparhönd, enda þótt þeir sjái þörfina. Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri sín skoðun, að ekki væri hægt að afgreiða málið á þessu þingi, vegna þess, að farið væri fram á svo mikinn tekjumissi fyrir ríkissjóð, að hann væri ekki verjandi. Út af þessum ummælum hæstv. ráðh. vil ég beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann telji þau 13—14 millj. kr. útgjöld, sem fjárlfrv. ber með sér nú, öll þarfari en þennan stuðning til sjávarútvegsins. Þessu vænti ég, að hæstv. ráðh. svari. Samtímis vil ég benda honum á, að hæstv. fjmrh. er ekki hræddur við að bera fram frv. um geigvænlegar skattaálagningar á þegna landsins, aðeins til að standa undir útgjöldum fjárl. Þannig hafa komið fram 3 ný frv., sem fara fram á á þriðju millj. kr. nýja skatta á skattþegnana. Vilji hæstv. ráðh. bera það á borð fyrir þingheim, að það, sem greiða á með því fé, sé nauðsynlegra en útgjöld til endurreisnar sjávarútveginum, sem að dómi okkar flm. o. fl. þolir enga bið, þá verður hann að færa einhver skynsamleg rök fyrir því.

Það er ekki mitt að svara fyrir mþn. í sjávarútvegsmálum, en það þykir mér undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli bera það fram, að hún hafi brugðizt annari höfuðskyldu sinni, sem sé þeirri, að benda á leiðir til tekjuöflunar til þess að standast þau útgjöld, sem af frv. þessu muni leiða. Mér finnst þetta langt gengið til þess að ófrægja þá nefnd, sem skilað hefir viturlegum tillögum til úrlausnar þessu vandamáli. Það ber og vott um skort á samúð með málefninu. Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. ráðh. á, að ekki kom nefnd sú, sem rannsakaði hag bænda, með neinar till. um tekjuöflun fyrir ríkissjóð til þess að standast útgjöld hans vegna viðreisnar bændastéttarinnar. Og mér vitanlega áfelldi hana enginn fyrir það.

Hæstv. fjmrh. þarf ég ekki að svara. Það varð almennur hlátur, þegar hann sagði, að enda þótt menn væru ginnkeyptir fyrir kjósendafylginu, yrði að gæta alls velsæmis. Ég held nú, að hæstv. ráðh. hefði gott af því að kynna sér þingtíðindi frá árunum 1927—30, þegar lærifaðir hans og núverandi flokksforingi fór með völdin, þá myndi hann kannske geta lært það, að ekki sé sérlega vel til fallið, að hann sé að leggja okkur lífsreglur í þessum efnum.

**Flm. (Sigurður Kristjánsson)**: Enda þótt hæstv. atvmrh. talaði ekki fyrstur í þessu máli, eftir að ég lauk framsöguræðu minni, þá mun ég byrja á að svara honum, því að það er nær því það eina, sem er svaravert af því, sem fram hefir komið til andsvara mér. Okkur hefir ekkert borið á milli um gang málsins, og ég hefi ekkert áfellzt hann fyrir það, hvernig hann hefir tekið þessu máli, en mér finnst, að hann hafi dregið það nokkuð lengi að leggja það fyrir sjútvn. Hann hefir afsakað sig með því, að hann hafi

verið að kynna sér málið, og má vera, að það sé að nokkru leyti rétt, en hitt mun réttara, að hann hafi verið að kynna flokksmönnum sínum það, svo sem hann og hefir tjáð okkur millibinmönnum.

Mér finnst það líka afsakanlegt, þó að hann hafi ekki viljað bera frv. fram sem stjfrv., heldur láta sjútvn. flytja það. Þá finnst mér ekki nema eðlilegt, þó að hann vilji, að bent sé á tekjuauka fyrir ríkissjóð áður en lýkur, fyrir þær tekjur, er hann missir við þetta. Hitt er ekki nema fyrirsláttur, að það hefði átt að gerast fyrirfram, því að það er algengt, að efnt sé til stórra útgjalda fyrir ríkissjóð án þess að um leið sé bent á tekjuauka. Annars vil ég í þessu sambandi benda á, að fyrir þinginu liggja nú 6—8 tekjuaukafrv., og sum alveg ný. Hvort þau ganga fram, er vitanlega ekki sýnt ennþá, en ég býst við, að um þau sé eins og ýms önnur mál, að það hafi verið samþ. utan þings, að þau gengju fram. Um hitt get ég ekki sagt, hversu miklar tekjur þau *muni* gefa, því að hæstv. fjmrh. virðist ekki hafa glögga hugmynd um það sjálfur, eða a. m. k. hefir hann ekki gefið það upp. Þá eru og á prjónunum ýms frv., þar sem farið er fram á að einoka vörur, sem skipta millj. kr. í innkaupi. Það er því ekki óliklegt, eftir þeirri álagningarfrekju, sem ríkisstofnanirnar yfirleitt eru haldnar af, að þar komi nokkrar tekjur fyrir ríkissjóðinn. Ég fæ því ekki séð, að stj. þurfi að kvarta um, að hún hafi ekki nýjar tekjuvonir. Auk þess höfum við flm. lýst því yfir, að sjálfsagt sé að reyna að sjá ríkissjóði fyrir tekjum í stað þeirra, er hann kann að missa, ef frv. þetta nær fram að ganga. Það er alveg misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að hér sé verið að heimta gjöld úr ríkissjóði. Það er þvert á móti farið fram á það, að ríkissjóður hætti að heimta bein gjöld af útflutningsvörum þessa atvinnuvegar. Á þessu er mikill eðlismunur. Þetta finnst mér, að ráðh. ætti að skilja, þó aldrei nema hann sé ungur.

Eins og ég hefi áður tekið fram, þá hefir oft verið stofnað til útgjalda hér á Alþingi án þess að benda um leið á tekjur í staðinn. Í því efni hefir hæstv. núv. atvmrh. staðið mjög framarlega, hæði að því er snertir kjördæmi sitt og um framlög til atvinnubótavinnu o. fl.

Mér þótti fyrir, að hæstv. atvmrh. skyldi flaska á því að hafa eftir útreikning hv. þm. Barð., því að hann var rangur, en útreikningur n. réttur. Hv. þm. Barð. er vitanlega í þessu máli sem öðrum úti á þekju. Það sannaðist t. d., að hann hefði aldrei lesið frv., hvað þá meira. Um það, sem hann annars sagði, mætti margt segja, en mér leiðist alltaf að eiga við menn, sem ekkert vita, um hvað er verið að tala. Á ég þar ekki við það, þó að honum yrði þessi reikningsskekkja á; hún er afsakanleg, því að maðurinn var að því er virtist í mjög æstu skapi. En afstaða hans til málsins er mjög tortryggileg. Hann vildi ekki, að sjútvn. flytti frv.; þó vissi hann, að ekki var hægt að koma því inn í þingið, nema með sérstöku leyfi; því sá frestur var þá liðinn, sem leyfður er til þess að bera fram frv. án sérstaks leyfis deildar. Honum var boðinn frestur til þess að lesa frv. og kynna sér málið, en það vildi hann ekki þiggja. En nú lætur hann stjórnast af reiði við Morgunblaðið m. a., og segir, að það hafi skýrt rangt frá. Það, sem gerir hann svona reiðan við Morgunblaðið, er fyrst það, að blaðið segir, að atvmrh. hafi ekki séð sér fært að leggja til, að frv. yrði að lögum á þessu þingi, nema því aðeins, að séð yrði fyrir nýjum tekjum. Þetta er rétt. Þá segir Morgunblaðið, að það hafi verið fellt í sjútvn., að n. flytti frumvarpið. Þetta er rétt. Ennfremur segir blaðið, að þetta séu undirtektir rauðliða undir þetta mikla nytjamál. Þetta er líka rétt. Ég held því, að það hafi verið alveg misráðið af honum að vera að sprikla þetta hér í deildinni og sýna nekt sína jafntilfinnanlega og hann gerði. — Gælur hans við málið í sjútvn. eru ekkert nema látalæti. Hann þorir ekki að taka neina afstöðu þar, af því að hann er undir flokkssvipu, og enga skoðun þorir hann að hafa, af því að hann óttast aðra svipu frá kjósendunum. Það er hörmulegt fyrir hv. þm. að vera flengdur úr tveimur áttum og vita því ekkert, í hverja áttina hann á að flýja. Þá var hann eitthvað að tala um það, að hann hefði ekki búizt við nema ósannindum af mér, því að við höfum einhverntíma orðið samferða í kosningaleiðangri. Það fór nú þá fyrir mér eins og fleirum, að mér fannst sára leiðinlegt að dragast áfram með hann, af því m. a., að hann vissi ekkert um þau mál, sem hann var að reyna að tala um, ekki einu sinni um þau mál, sem komið höfðu fyrir á þeim þingum, er hann hafði átt sæti á. Ég get vel skilið, að hann hafi kunnað illa föruneytinu, því að hann kann bezt við sig með hinum verstu mönnum og á hinum verstu stöðum, eins og bezt má sjá á því, við hverja hann leggur lag í flutningi mála hér á þingi. Annars hélt ég, að hann hefði mátt þakka mér fyrir uppeldið, því að ég gaf honum ýms holl ráð, sem hefðu mátt verða honum að gagni, ef hann hefði borið gæfu til þess að hagnýta sér þau. En það hefir sannazt á honum hið fornkveðna: „Þótt náttúran sé lamin með lurk, þá leitar hún heim um síðir“. Fari nú svo, að hv. þm. fylgi máli þessu eftir allt, sem hann er búinn að segja, þá er það aðeins af ótta við kjósendurna, og ég held, að það sé rétt að láta hann kenna á þeirri svipunni, sem hann óttast mest og mun vera svipa kjósendanna.

Hæstv. fjmrh. talaði um það af mikilli vandlætingu, að við flm. skulum „leyfa“ okkur að bera fram frv., sem fari fram á gjöld úr ríkissjóði. Slíkur er tónninn frá hans hendi um frv., *sem á að reisa við höfuðatvinnuveg* þjóðarinnar. Það er til minnkunar, að úr fjmrh.sæti komi orð, sem votta slíkt gersamlegt ábyrgðarleysi og skilningsleysi á því, sem fram undan er í atvinnulífi þjóðarinnar. Það getur vel verið, að flm. þessa frv. leyfi sér að fylgja því fastar eftir en hæstv. ráðh. kærir sig um, og ég hygg, að þar sé unnið fyrir þjóðina og ríkið með því að flytja málið af einurð og dugnaði.

Svo er hæstv. ráðh. að tala um, hvort eigi að „taka þetta mál alvarlega“. Ég skal segja honum það, að það er ekki hægt að taka krakka alvarlega. Ég skoða hann sem milli vita, ef ekki óvita í máli sem þessu.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að menn flyttu

mál til að taka sig út í augum kjósenda. Ég skal ekki segja um, hvað hann hefir gert til þess. En það veit ég, að framkoma hans í þessu máli og yfirleitt þeim málum, sem hann hefir tekið þátt í, hefir aldrei orðið til þess, að hann tæki sig út í augum skynsamra manna, en það getur verið, að finnist þeir menn, sem hægt er að skarta fyrir með slíkri framkomu. (**Fjmrh.**: Heldur hv. þm., að það séu tómir heimskingjar, sem hafa kosið mig?). Meiri hlutinn, býst ég við, nema þá þeir, sem hafa verið kúgaðir til þess. En hvort sem þm. veita meiri eða minni mótstöðu, þá gengur þetta frv. fram. Fólkið krefst þess sjálft. Og það er nú svo um þá menn, sem hafa sýnt þessu máli svo mikinn kulda, að þeir eru við ekkert hræddari en kröfur fólksins. En ég vona, að í hópi þeirra þm., sem styðja þá stj., sem nú situr að völdum, illu heilli, séu einhverjir þeir, er vilja sýna þessu máli vinátttu, ef ekki þeirra sjálfra vegna, þá fyrir það, að þeir hafi opin augun fyrir því, hve afskaplega mikið er hér í húfi, ef sjávarútveginum verður ekki bjargað, áður en hann er sokkinn of djúpt.

**Bergur Jónsson** (óyfirl.): Hv. þm. G.-K. var yfirleitt hógvær núna, sem er þó ekki hans vandi, því að hann mun teljast með þeim, sem sízt hafa hógværð til að bera. Hann var samt hógvær í minn garð nú, og þakka ég honum það ekki heldur. Honum er það sjálfum fyrir beztu, svo að hann verði sér þó ekki eins til skammar. (**Forseti** hringir).

Hv. þm. taldi, að ég hefði ekki lesið frv. og taldi það sem rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að ég sagði, að samkv. 2. gr. frv. væri stofnfé sjóðsins 4 millj. kr., en hann vildi telja það 5 millj. kr. Ég get sagt hv. þm., að ég hefi lesið þessa gr. og ég hefi skilið hana eins vel og hann, og býst við, að flestir skynsamir menn álíti, að minn skilningur sé réttari en hans. Ég skoða stofnfé sjóðs eða félags það fé, sem lagt er fram, þegar sá sjóður eða félag er stofnað og byrjar að starfa. Eftir 2. gr. frv. á Fiskveiðasjóður að leggja fram 250000 kr. Þar næst á að taka útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem ég segi, að muni verða um 600000 kr., en hann segir 750000 kr., og ef það er lagt til grundvallar, þá er þar komin 1 milljón. Loks heimilar 3. liður 2. gr. stj. að útvega 3 millj. kr. lán handa sjóðnum. Þá er þetta stofnfé réttar 4 millj. kr.

Nei, hann dregur þá ályktun, að ég hafi ekki lesið gr., út frá því, að hann telur með útflutningsgjaldið fyrir árin 1935—1940. Nú vil ég biðja hann, sem mun, þegar hann var í skóla, hafa verið einna beztur í þessari námsgrein, reikningi, að reyna nú til að reikna út, hvað útflutningsgjaldið verður mikið í þessi 6 ár. Þó að það sé ekki reiknað hærra en ég geri ráð fyrir, þá verður það 6×600000, þ. e. a. s. 3600000. Hvað kemur þá út? Þá kemur það út, að stofnféð verður 6850000 kr. En ef lögð er til grundvallar fullyrðing hans, að útflutningsgjaldið verði 750000 kr., verður það í þessi 6 ár 4500000 kr. Þá er fiskveiðasjóðsgjaldið 250000 og lánið 3000000. Þá verður stofnféð 7750000 kr., svo að það er alveg sama, hvernig hv. þm. tekur þetta, hvort sem hann reiknar út það, sem sjóðnum er ætlað fyrsta árið, eða hann tekur með útflutningsgjaldið öll 6 árin, þá kemur það alltaf vitlaust út hjá honum. Það eru 4 millj. eftir fyrri skilningnum, en 6850000 eftir þeim síðari samkv. minu áliti, en eftir því sem hv. þm. G.-K. álítur, sem er auðvitað vitlaust, er það 7750000 kr., sem er stofnfé þessa sjóðs. En auðvitað liggur svo í málinu, að hv. þm. G.-K. er ekki svo skyni skroppinn, að hann veit, að með stofnfé er aldrei átt við annað fé en það, sem lagt er fram þegar í byrjun, alveg eins og við tölum um stofnfund og eigum þar aðeins við fyrsta fundinn.

Það er enginn af öllum þeim hv. þm., sem hér eru, svo skyni skroppinn, að hann skilji ekki, að þessi hv. þm., sem ætlaði nú að slá sig til riddara á mér, alveg eins og hann ætlaði sér í fyrsta sinn, sem ég kom hér inn í þingsalinn, er nú kominn í úlfakreppu, og henni kemst hann ekki úr, hvort sem fyrsta árið eða öll 6 árin eru lögð til grundvallar í sambandi við skilning á 2. gr. Það stendur ekki í fyrri hluta gr., að Fiskveiðasjóður skuli leggja fram 250000 árlega, en ég veit ekki nema hv. þm. meini það. Maður veit yfirleitt lítið, hvað hann meinar hér, — gott ef hann veit það sjálfur. En ef það er meiningin, hvað verður þessi upphæð samtals í 6 ár? Ekki færumst við þá nær því, sem hv. þm. fékk út. Það þýðir því ekki neitt fyrir hv. þm. að reyna á neinn hátt að sanna þetta, hversu miklu greindari sem hann þykist vera en ég og hversu miklu meira vit, sem hann þykist hafa á sjávarútvegi heldur en ég. Hann hlýtur að verða að kannast við, að hann veður hér reyk, hefir hætt sér út á hála braut og misskilur frv., sem hann er sjálfur flm. að.

En nú er ekki nóg með þetta. Það er rík ástæða til að halda, að sumir þeir hv. þm., sem þessir nm. úr mþn. í sjávarútvegsmálum hafa fengið til að flytja frv. með sér, þeir hafi alls ekki lesið frv. Einn af þessum flm. er gamall prófbróðir minn, hv. þm. Ak., sem ég tel greindan mann og heiðarlegan mann og sæmilega viti borinn. Hann hefir áður á þessu þingi borið fram brtt. við frv., að þriðjungur þessa útflutningsgjalds skuli fara til strandgæzlu hér á landi, og nú er hann flm. að frv., sem gerir ráð fyrir, að allt útflutningsgjaldið skuli fara til þessa skuldaskilasjóðs. Ég er viss um, að ef hv. þm. Ak., sem ég vil gefa alla kosti, ósjálfráða og sjálfráða, hefði lesið þetta frv., þá hefði hann aldrei gerzt flm. þess, aldrei hætt sér út á þann hála ís að ganga á móti sjálfum sér í till. hér á þingi. Ástæðan til þess hlýtur að vera sú, að hann hefir ekki lesið frv., sem hann er meðflm. að. Ég er hræddur um, að í öllum ákafanum, sem var í þessum hv. sjálfstæðismönnum í sjútvn. að koma þessu frv. fram og fá mótatkvæði okkar, sem aldrei höfðum séð frv., hafi það orðið til þess, að sumir flokksbræður þeirra, fleiri en hv. þm. Ak., hafi gerzt meðflm. að frv., áður en þeir höfðu lesið það. Ég get sagt hv. þm. G.-K., að ég hefi lesið frv. Ég skal ekkert um það segja, hvor okkar skilur það betur. Ég er ekki alinn upp í sjávarútvegsfirma, og um reynslu okkar skal ég ekki dæma. En ég skil þó mælt mál, og ég þori að leggja minn skilning undir hér um bil hvern

meðalgreindan mann, sem vera skal. Annars skal ég taka það fram, að hv. þm. G.-K. sat óvenjulega mikið á strák sínum, þegar hann svaraði mér, og ég vil alls ekki gefa honum neinar hnútur fyrir það, þó að hann hagi sér nú heldur með betra móti í þetta skipti. (ÓTh: Ég skal reyna að taka hv. þm. til bænar seinna). Já, það er rétt fyrir hann að reyna það, hann þykist eiga það mikið undir sér, síðan búið er að tylla honum í formannsstöðu Sjálfstfl., hversu mikil sem ánægjan er þar yfir þeirri ráðstöfun.

Hv. 6. þm. Reykv. var að reyna að svara mér, þó að ekki væri þar mikil rök að finna, sem varla var heldur við að búast. Hann taldi hafa verið reikningsskekkju hjá mér, en því hefi ég þegar svarað í svari mínu til hv. þm. G.-K.

Hann segir, að ég hafi ekki viljað samþ. frv. í sjútvn. Því svaraði ég í fyrri ræðu minni í dag, og ég veit, að allir skynbærir menn hafa skilið, að það voru sjálfstæðismenn í sjútvn., sem urðu til þess, að mér gafst ekki kostur á að verða meðflm. að þessu frv., sem vel hefði getað verið, að ég hefði viljað flytja, ef ég hefði getað. Það þýðir ekkert fyrir þá að halda áfram á þessari braut, af því að þeir hafa viðurkennt það sjálfir á fundi í sjútvn., að þeir hafi vitað, að hv. þm. Ísaf. hafði aðeins einu sinni hlaupið yfir það lauslega og ég og hv. 3. landsk. höfðum aldrei séð það.

Hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að okkur hefði verið boðinn frestur. Sér var nú hver frestur-inn! Þeir buðu okkur frest til þriðjudags, og frv. kom út seinni part miðvikudags. Geta þá allir hv. þdm. séð, hvaða gagn okkur hefði verið í þessum fresti, sem okkur var boðinn. Að bjóða okkur þennan frest var því alveg sama og að neita okkur alveg um að fá að lesa þetta frv.

Mér þótti það gott vegna hv. þm. Vestm., sem ég met miklu meira en hv. 6. þm. Reykv., að það skyldi koma fram, að það var hv. 6. þm. Reykv., sem gaf Morgunblaðinu þær fölsku upplýsingar um þetta mál. Hv. 6. þm. Reykv. sagðist hafa sagt Morgunblaðinu satt, því að það hafi verið fellt að flytja frv. Já, það var satt! Það var þessi gamli, hálfi sannleikur, aðeins sagt sumt af því, sem fyrir lá, og ekki tilgreindar neinar ástæður.

Ég veit ekki, hvað mikinn þursaskap menn heimta af þm., ef það er heimtað, að þeir flytji frv., sem þeir hafa aldrei séð, og eins og ég hefi margsannað, þá hafði ég aldrei séð eða heyrt þetta frv. þegar atkvgr. fór fram um það. Það var haldinn fundur í ráðherraherberginu laugardaginn 27. okt. Þar var þá hæstv. atvmrh., og var þá bókað, að hann vildi ekki leggja með, að frv. yrði flutt. Hinsvegar sá ég aldrei frv., það veit hv. þm. Vestm. sjálfur. Hann vissi það líka, að form. sjútvn. tók frv. og fór með það beina leið í prentsmiðjuna. Ég vona því, að hv. þm. Vestm., sem ég met talsvert mikils, saurgi sig ekki á því sama og hv. 6. þm. Reykv., sem var nú þegar orðinn það blettóttur, að þar sá ekki á svörtu, þó að eitthvað bættist við.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um það, að ég hefði ekki vitað um þetta frv., þegar við í hitteðfyrra deildum vestur í Barðastrandarsýslu. Ég þarf ekki annað en að benda honum á úrslit kosninganna til að sýna fram á, hvor okkar hafi þar verið tekinn trúanlegri. Hitt get ég þó líka tekið fram, að hv. 6. þm. Reykv. hafði þá með sér vasabók, og ég vissi aldrei til, að hann vissi neitt nema það, sem í þessari vasabók stóð. Hitt var annað mál, hvort það kom honum að svo miklu gagni.

Hann segir, að ég fylgi ekki frv. nema af kjósendadekri. Ég hefi sagt, að ég mundi fylgja frv., ef ég sæi mér fært, að það gæti komizt í framkvæmd. Hann hefir enga heimild til að segja þetta, en af því að það er hann, sem segir það, stendur mér á sama. Hann segir, að við mótstöðumenn hans viljum ekki láta ganga fram þau frv., sem alþjóðarnauðsyn krefur. Ég vil skora á hann að fylgja skattafrv. stj., sem alþjóðarnauðsyn krefur, að komist fram, svo að ríkissjóður geti búið hallalaust næsta ár. Nú er komið fram frv. frá mér um útgerðarsamvinnufélög. Ég vil ráða honum til, ef honum er einhver alvara með að fylgja frv., sem alþjóðarnauðsyn krefur, að fylgja því frv. og snúa alveg við blaði sínu og fylgja stjórnarflokkunum, því að þeirra mál eru alþjóðarnauðsyn. Honum er það fyrir beztu að fylgja ekki stjórnarandstæðingunum, þegar þeir koma fram með mál eingöngu til að sýna sig í augum kjósenda.

**Páll Þorbjörnsson:** Út af því, að því hefir hér verið sveigt að mér, að ég hafi ekki viljað flytja þetta frv., vildi ég segja nokkur orð.

Hv. 1. flm. hefir haldið því fram, að hæstv. atvmrh. hafi haft frv. um nokkurn tíma og verið búinn að kynna það flokksmönnum sínum. Hann hefir haft það í 17 daga. Ég get skýrt frá því hér, að hæstv. atvmrh. hafði skýrt okkur frá því, í hvaða átt frv. stefndi, en þrátt fyrir það hafði ég aldrei tækifæri til að lesa frv., eins og menn geta skilið, þar sem hæstv. ráðh. hafði aðeins eitt eintak af frv., en í þingflokki okkar eru 10 þm.

Eins og hv. þm. Barð. skýrði frá, þá var á aukafundi í sjútvn. rætt um þetta frv. og að hæstv. atvmrh. var á þeim fundi. Þá bar hv. form. sjútvn. fram þá spurningu, hvort til væru það mörg eintök af frv., að nm. gætu fengið eitt eintak hver til að kynna sér frv. Milliþnm. svöruðu því, að það væri ekki, það hefðu verið til fáein eintök af frv., en þeim hefði verið útbýtt til Fiskifélagsins, Útvegsbankans og ráðherra. Hversu mörgum þeir hafa úbýtt til sinna flokksmanna, skal ég ekki segja um, en ef það hefði verið meiningin, að frv. hefði verið flutt af sjútvn., hefði verið æskilegt, að nm. hefðu getað haft frv. til athugunar nokkurn tíma.

Út af því, sem kom fram hjá þeim, að ekki væru til fleiri eintök af frv., þá var rætt um að koma frv. í prentun, svo að sjútvn. ætti kost á að kynna sér frv. Þetta var laugardaginn 27. okt. Næsta þriðjudag var haldinn fundur í sjútvn. Þá óskuðu þeir hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. eftir því, að sjútvn. flytti frv. Við hv. þm. Barð. bárum það þá fram, að við hefðum ekki átt þess kost að lesa frv., en hv. þm. Ísaf. hafði átt þess kost að hlaupa einu sinni yfir það lauslega. Hinsvegar var búizt við, að frv. kæmi

úr prentun í síðasta lagi daginn eftir. Við fórum fram á að fá frest til fimmtudags, svo að við gætum tekið ákvörðun um málið, en hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. voru ófáanlegir til að fresta þessu, heldur knúðu þeir okkur til að greiða atkv. á móti flutningi frv.

Ég veit ekki, hver er regla þeirra í þingmálum, en ég býst þó við, að margir séu þar eins og ég, því að mér dettur ekki í hug að flytja frv., sem ég hefi ekki lesið áður. Hinsvegar væri ekki ófróðlegt að gera þá tilraun við þessa hv. þm., að reyna að fá þá til að flytja frv., sem þeir vissu ekkert um nema aðeins nafnið eitt, því að það er það, sem þeir hafa hér farið fram á.

Eins og ég gat um í sjútvn., þá er ég þessu máli hlynntur og vil fylgja því eftir því sem ég tel fært. Hér er a. m. k. að nokkru leyti reynt að ráða bót á þeim fjárhagsörðugleikum, sem sjávarútvegurinn er nú í. Hinsvegar vil ég taka það fram, að það hefir ekki verið skýrt enn, hvernig því verður við komið, að láta allt útflutningsgjaldið fara í þennan sjóð, en ekki í ríkissjóð.

Ég býst við, að það verði bið á, að hægt verði að taka alla útgerðina fyrir á þennan hátt. Býst ég þá við, að hér ætti fyrst og fremst að snúa sér að smáútgerðinni. Stórútgerðin þarf svo mikið fjármagn til viðreisnar, að það er spursmál, hvort það verður ekki fyrst og fremst mál bankanna. En til að rétta við smáútgerðina tel ég rétt að setja l. frá þinginu, og því mun ég fylgja þessu frv.

**Jóhann Jósefsson:** Það er í sjálfu sér gott að heyra, að það er þó einn hv. þm. úr stjórnarliðinu, sem lýsir því yfir, að hann vilji fylgja þessu mikla nauðsynjamáli.

Mér þykir satt að segja ræður manna hafa snúizt mjög um það, hvernig þetta mál er komið í deildina, þ. e. a. s. þeirra, sem virðast ekki vera málinu fylgjandi.

Hv. þm. Barð. sagði, að þetta mál væri flutt af lýðskrumi. Þetta eru mjög ómakleg orð í okkar garð. Tildrög þessa máls hafa skapazt víðsvegar í landinu út af þeirri sterku þörf, sem sjávarútvegurinn hefir nú fyrir stuðning í þessum efnum, og hinsvegar við það, að Alþingi hefir afgr. stórfellda löggjöf til hjálpar bændum. Á þeim tveim meginstoðum hvílir þetta frv., þörf sjávarútvegsins annarsvegar og jafnrétti við hinn aðalatvinnuveg landsins hinsvegar.

Hæstv. atvmrh. og ég vorum einskonar samherjar í því, þegar l. um Kreppulánasjóð voru á ferðinni, að gera tilraun til þess að láta ákvæði þeirra l. ná að einhverju leyti til smáútgerðarinnar. Þá var því vísað á bug af þeim ráðandi flokki, sem þá var Framsfl., á þeim grundvelli aðallega, að það vantaði allar upplýsingar um það, hvernig hag sjávarútvegsins væri komið. Þál. frá 1933 spratt af þeirri þörf að rannsaka ástandið og finna grundvöll til þess að byggja hjálpina til útvegsins á. Störf mþn. hafa gengið í þá átt og fram á þennan dag hefir verið unnið á þessum grundvelli að þessum málum, en alls ekki af lýðskrumi, eins og hv. þm. Barð. lét sér sæma að viðhafa um n. og þá menn, sem flytja þetta mál hér í d.

Að því er snertir undirbúning frv., þá er búið að lýsa því fyrir hv. dm., að mþn. gerir stj. fyrst kunnar sínar till. í aðalatriðunum í septembermánuði. Það má meira að segja heita, að frv. hefði verið óbreytt, þegar því svo 10. okt. var skilað til hæstv. atvmrh. með eindreginni ósk frá mþn. um, að þessi mál yrðu lögð fyrir Alþ. Þá 17 daga, sem hæstv. atvmrh. hafði þessi mál með höndum, átti ég oft tal við hann um þau, til þess að ýta á eftir þeim, og æskti ég þá eftir, að meðmæli stj. fylgdu. Hæstv. atvmrh. sagðist þá hafa yfirvegað þessi mál og talað um þau við sína flokksmenn. Þetta hefir hv. 3. landsk. líka staðfest, þó í raun og veru þyrfti þess ekki með, því vitanlega hefir hæstv. ráðh. sagt satt. En hv. 3. landsk. staðfesti, að hann hefði verið búinn að fá vitneskju um efni þessa frv. hjá hæstv. ráðh. áður en fundurinn í sjútvn. var haldinn. Þessi fundur, sem hæstv. ráðh. sat með n., var haldinn 27. okt. í viðurvist hv. þm. Barð., hv. þm. Ísaf. og hv. 3. landsk. Hæstv. ráðh. lét þess þá getið, að hann treysti sér ekki til þess, vegna peningaástands ríkissjóðs, að mæla með því, að frv. yrði flutt, og lét bóka alllangt mál um það. Nú lýsti hv. þm. Barð. því yfir, að vegna þess að ég og hv. 6. þm. Reykv. hefðum ekki mótmælt bókuninni, þá bæri að skoða það sem við hefðum verið henni sammála. Þetta er algerlega rangt. Við höfðum vitanlega ekkert við það að athuga, sem hæstv. ráðh. lét bóka í n. Það hefði verið ókurteisi af okkur að vera að deila við hæstv. ráðh. út af því, vegna þess sérstaklega, að hann lét þess getið í fundarbyrjun, að hann færi þessa leið, að sitja á fundi með n., í stað þess að skrifa henni. Þetta skeði þá. — En svo 30. okt. er háður fundur í sjútvn., og þá báðum við um, að borin yrði upp þessi till., að málið yrði flutt, því við álitum, að meginstefna frv. væri nm. kunn, og það er líka játað af hv. 3. landsk., að hæstv. ráðh. hafi verið búinn að skýra þeim í flokknum frá frv., og þá náttúrlega hv. þm. Ísaf. líka. Að hv. þm. Barð. hafi ekki fylgzt með þessu, þykir mér næsta ótrúlegt, þar sem hann sat fundinn 27. okt. og heyrði þar talað um málið. En það þarf ekki að deila um þetta, því það var auðfundið, að það var ekki sá andi ríkjandi hjá þessum mönnum, þegar talað var um þetta mál, að þeir væru fúsir á að leggja því lið. Þess vegna sáum við okkur ekki annað fært en að krefjast atkvgr. um það. Nú vildi meiri hl. í n. fresta því til næsta reglulegs fundardags. Ég bað þá um það, að frestað væri ákvörðun til næsta dags, og þá var gert ráð fyrir því, að nm. yrðu búnir að fá málið í hendur. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Barð., að þessi frestur þýddi það, að þeir gætu ekki kynnt sér málið, heldur þvert á móti, að þeir gætu kynnt sér málið og tekið afstöðu til þess næsta dag. En því var líka hafnað. Hv. þm. Ísaf. viðhafði þau orð, að hann gæti engu um það lofað, og þar með sáum við, að það var í sjálfu sér ráðið að vera þessu máli frekar til trafala heldur en hitt. Og þetta, sem hv. þm. Barð. hefir borið hér fram, er engin afsökun fyrir hann, að hafa skorizt úr leik við að flytja frv., því hann er svo vel að sér, að hann þarf eigi að stafa sig fram úr hverri grein frv. eins og þessa, sem hér er til umr., til þess að geta látið

í ljós, hvort hann er fylgjandi meginhugsun frv. eða ekki. Þetta er bara ein tegund af flótta frá sínu eigin ósjálfstæði, því vitanlega var engin ástæða fyrir hann að vilja ekki styðja þetta mál önnur en sú, hvað hv. þm. Ísaf. tók kuldalega í það, að málinu yrði sinnt í n. Hv. þm. Barð. las upp nokkuð af því, sem bókað var á þessum fundi, en hann las það ekki allt, ekki það, að ég lét bóka til athugunar í framtíðinni gegn þeirri staðhæfingu hv. þm. Ísaf., að hann væri ekki búinn að kynna sér þetta, að bæði þessi frv. hafa legið fyrir fiskiþinginu, og þar hefir hv. þm. Ísaf. átt sæti. Hv. þm. hefir því haft tækifæri til þess að kynna sér þetta mál, og vitanlega vissi hann, hvað hér var um að ræða, en það var aðeins það, að hann vildi ekki fylgja okkur í því að koma málinu fram. Þegar svona var í pottinn búið, getur enginn láð þeim mönnum, sem virkilega vita, hvernig ástandið er og hversu brýna þörf sjávarútvegurinn hefir fyrir þessa stoð, þó að þeir kæmu málinu á framfæri á annan veg, úr því að sýnt var, að meiri hl. n. vildi ekki styðja að því.

Það er einkennilegt, að þetta kapp hjá hv. þm. Barð. — og einnig nokkuð hjá hæstv. atvmrh. — gekk mest út á það að færa rök fyrir því, hvers vegna svona mál ætti ekki að ganga fram á þinginu. Hv. þm. hafa ráðizt á einstakar gr. frv. og reynt að gera þær tortryggilegar. M. ö. o., það er í rauninni neikvæð afstaða, sem hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa til málsins. Hæstv. ráðh. var að tala um það, að ekki hefði verið búið að útbýta nál. mþn. og því hefði ekki verið frambærilegt að bera þetta mál fram strax. Í grg. frv. er alveg nægilega mikið tekið upp af áliti n., að það út af fyrir sig var engin ástæða til þess að draga málið á langinn, þó nál. væri ekki prentað í heild. Nál. er annars sama sem fullprentað, og það getur sjálfsagt verið komið inn í þingið áður en 2. umr. fer fram. En þetta, að verið er að finna alla mögulega agnúa á þessu frv., sýnir bezt þennan óvilja og hina neikvæðu afstöðu, sem tekin var til málsins. En ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég harma það mjög, að svona skuli vera tekið í þetta mál, þegar það loks er borið fram. Ég held satt að segja, að það hefði verið tímabært, að mál sem þetta hefði verið borið fram löngu fyrr, og að þeir, sem nú hlaupa hver í kapp við annan að ásaka minni hl. fyrir það að vilja koma málinu á framfæri þrátt fyrir andúð meiri hl., hefðu miklu frekar átt að ásaka þingmeirihl. fyrri þinga fyrir það, að hafa ekki gert meira í þessum efnum en raun er á.

Hæstv. atvmrh. kom með dálitið einkennilega ásökun í garð mþn. í sjávarútvegsmálum, og hæstv. fjmrh. vék líka nokkuð á það lagið. Þessi ásökun var sú, að n. hefði ekki bent á neina leið til tekjuöflunar fyrir rikissjóð í staðinn fyrir það, sem hún leggur til að gangi til sjávarútvegsins. Ég hefi nú hlustað á flestar þær umr., sem fram fóru um kreppulánasjóð, þegar það frv. var borið fram, og ég hefi lesið langa ræðu eftir núv. atvmrh. í því máli, og ég veit ekki til, að neinstaðar sé hægt að finna í þeim umr. samskonar ásökun í garð þeirrar n., sem rannsakaði hag bændanna og kom með umbótatill. á þeirra fjárhag. Það var alls ekki til þess ætlazt og verður ekki til þess ætlazt með sanngirni, að mþn. í sjávarútvegsmálum komi með þess háttar till. á þingi í sambandi við þessi mál. Hún bendir á leið, sem er fær að okkar áliti, og það er þingsins að taka afstöðu til þess, hvort það vill leggja inn á þessa leið til þess að styrkja sjávarútveginn.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að þingið er nú í þann veginn að losa landbúnaðinn við að greiða útflutningsgjald af sínum afurðum. Við, sem flytjum þetta frv., förum fram á það, að sjávarútvegurinn haldi að vísu áfram að greiða sitt útflutningsgjald, en að því sé varið til þess að byggja upp þennan sama atvinnuveg. Sé þessi leið ekki álitin fær til þess að byggja upp sjávarútveginn, þá veit ég satt að segja ekki, hvaða leið stj. vill fara í þessu efni, a. m. k. hefir ekki komið fram frá henni till. í aðra átt, en ákaflega mikill semingur og andúð móti því, að þetta verði gert til viðreisnar sjávarútveginum.

Hæstv. fjmrh. lét sér sæma að fara um þessi mál þeim orðum, að þetta væri ekki til þess að taka alvarlega. Ég ætla ekki að eyða neinum orðum við hæstv. ráðh. út af slíkum staðhæfingum. Hann mun finna það þessi hæstv. ráðh. á sínum tíma, að það er miklu meiri neyð og þröng fyrir dyrum hjá sjávarútvegsmönnum víðsvegar um landið en svo, að það sé sæmandi fyrir nokkurn mann í ábyrgðarstöðu hjá ríkinu að tala um það, þegar borin er fram till. eins og þessi, sem hér liggur fyrir, að það sé varla í alvöru.

Þetta mál fer vonandi til n., eins og hv. frsm. hefir óskað, og það verður þá tækifæri til þess fyrir þá sjútvnm., sem ekki vildu flytja þetta mál, að endurskoða sína afstöðu til þess.

Ég vil geta þess í sambandi við hv. 3. landsk., að eftir að hann hafði greitt atkv. móti því, að málið yrði flutt af n., lét hann svo um mælt við mig, að hann væri ekki frá því að gerast flm. þess, — þó ekki yrði nú úr því. En það gleður mig að heyra, að hann virðist hallast að því, að hér þurfi eitthvað að gera, og er þá að sjá, hvað vel hann reynist.

Annars er búið að tala hér allt of mikið um lítilsvert atriði í þessu máli. En það er fulltrúi Framsfl. í sjútvn., sem hefir staðið fyrir því. Hitt verð ég að vona í lengstu lög, að hv. þm. sjái, að það er ekki unnt að láta fátæka útvegsmenn eiga lengur í því basli og þeirri baráttu, sem þeir eiga nú við að stríða, án þess að löggjafinn a. m. k. geri tilraun til þess að létta undir með þeim.

Hæstv. atvmrh. lagði áherzlu á það, að hann hefði látið það uppi við mig í viðtali, að honum virtist aðalatriðið vera það, að þessi atvinnuvegur stöðvaðist ekki, bæði vegna þeirra manna, sem hann stunda beinlínis, og svo vegna þeirra verkamanna, sem hafa óbeinan stuðning af honum. Þetta er að vísu stórt atriði. En hitt er engu minna atriði, að reisa við þá menn, sem ýmist eru komnir á kné eða jafnvel lengra og orðnir eru óstarfhæfir að andlegum og líkamlegum efnum vegna skulda og basls. Það er engu minna atriði til viðhalds þessum atvinnuvegi að hlaupa undir bagga með þessum mönnum, því það standa fleiri verðmæti hér á spili heldur en beinlínis

bátar, húseignir og veiðarfæri og því um líkt. Það standa dýrmætustu verðmæti þjóðarinnar í hættu, og þau eru vinnuþrek þeirra manna, sem þennan atvinnuveg stunda; það er sálarþrek þeirra til þess að halda útgerðinni gangandi, ef ég mætti svo að orði komast, sem hér er komið í hættu. Útvegsmenn, sem árum saman eru búnir að gera út báta sína og tapa á þeim ár eftir ár, eru komnir í skuldaöngþveiti og mega búast við því hvern daginn, að bankarnir gangi að þeim og geri þá upp. Þessir menn tapa af eðlilegum ástæðum þori og þreki, sem er þó fyrsta skilyrðið til þess, að menn geti ráðizt í að halda áfram þessum atvinnurekstri. Skuldirnar steðja að þeim á alla vegu; hið opinbera heimtar af þeim gjöld eins og ekkert hafi í skorizt; efni og áhöld, sem til útgerðarinnar þarf, kosta engu minna heldur en í fyrra og árið þar áður, svo ekki er við öðru að búast en að heill hópur manna gefist upp af vonleysi um að geta nokkurn tíma rétt úr skuldafeninu. Það er til hjálpar þessum mönnum sérstaklega, sem frv. er stefnt, til þess að gefa þeim trúna á sjálfa sig og traust á það, að e. t. v. muni úr rakna fyrir þeim, ef þeir eru losaðir undan skuldabyrðinni, sem á þá hefir safnazt undanfarin verðfallsár. Ég býst við, að hæstv. atvmrh. sé sá eini í stj., sem hefir haft nokkuð náin kynni af þessari hlið málsins. Ég veit líka af samstarfi við hann á undanförnum þingum, að hann hefir velt fyrir sér margskonar slíkum vandamálum sjávarútvegsins. Ég þarf ekki að tala um mína reynslu í þessum efnum. Það er eðlilegt, að ég þekki vel þær áhyggjur, strit og basl, sem fátækir útvegsmenn eiga við að búa, og ég hefi ástæðu til að ætla, að hæstv. atvmrh. þekki líka vel þessa hlið málsins, en hans hugsunarháttur er bara sá, að það geri ekkert til, þó Pétur eða Páll rúlli, því þá taki bara einhverjir aðrir við; það sé bara um að gera „að reyna að halda þessum atvinnuvegi gangandi", því þá sé öllu borgið. En þetta er ekki rétt nema að mjög litlu leyti. Þessir menn hafa fengið mikla reynslu, en látið yfirbugast að hálfu eða öllu leyti af erfiðleikunum. Við vitum, og erum daglega sjónarvottar að því, hvernig það gengur, þegar bankarnir ganga að einhverjum manni og hann er tekinn og gerður upp. Það er oft og tíðum gengið að mönnum á bezta aldri með óskertu starfsþreki, bátarnir og húsin eru tekin af þeim og þeir gerðir atvinnu- og athvarfslausir. Hvað skeður svo? Lánsstofnanirnar liggja með þessar eignir í meiri og minni niðurniðslu nokkra mánuði, eða jafnvel nokkur ár, unz lánsstofnunin getur fengið einhvern til þess að taka þetta að sér, og í þeim tilfellum fer lánsstofnunin venjulega miklu neðar en hún hefði þurft til þess að hjálpa eigandanum, sem allt var tekið af. Oft verður svo að lána hinum nýja eiganda stofnfé. Fyrst er maður tekinn og gerður upp. Eftir nokkurn tíma er annar kominn í hans stað, sem lánsstofnunin hefir orðið að leggja stofnfé, og hann er gerður upp, og svo koll af kolli. Sérstaklega eins og nú standa sakir er nauðsynlegt að byrja á rétta endanum á þessu máli, og hann er sá, að hjálpa þeim útvegsmönnum út úr skuldaþrengingunum, sem verst eru komnir í þessu efni og hjálpar þurfa, til þess að þeir fái starfað og notið sín við framleiðsluna. Á þann hátt verða að þessu meiri not en ef látin er í té smávægileg hjálp á misjafnlega heppilegum tímum, aðeins að nafninu til, til þess að bátar og aðrar eignir lánsstofnananna séu starfræktar, þótt e. t. v. megi segja, að útgerðin stöðvist ekki með því móti. Ég vona, að allir hv. þdm., og þeir bændur, sem hér eiga sæti, ekki síður en aðrir, sjái, að hér er um að ræða nauðsynjamál, ekki einungis fyrir sjávarútveginn, heldur einnig fyrir alþjóð, og að þetta þing líði ekki svo, að ekki séu gerðar þær ráðstafanir, sem hér er farið fram á, til þess að rétta útveginum þá hjálparhönd, sem hann svo ákaflega mjög þarfnast. Einn af hv. þm. jafnaðarmanna sagði hér á dögunum setningu, sem ég gjarnan vil taka undir, og tók undir þá strax, ég held það hafi verið hv. 6. landsk., sem sagði hana, að um þjóðþrifamálin þyrfti að sameinast án þess að fara í flokkadeilur. Ef ég hefi ekki orðin rétt eftir, þá bið ég hv. þm. afsökunar á því, en hygg, að þessi hafi verið meiningin í þeim. Og þetta mál er eitt af þeim, sem Alþ. verður að standa saman um að leysa.

**Finnur Jónsson:** Ég þarf ekki að bæta miklu við þær yfirlýsingar, sem hv. þm. Barð. og hv. 3. landsk. hafa gefið um afgreiðslu þessa máls í sjútvn. Þetta mál er flutt með þeim eindæma hætti, að tveir nm. í sjútvn. heimta það af öðrum nm., að þeir flytji frv., sem þeir hafa ekki séð. Það hefir verið upplýst hér af hv. þm. Barð., að samstundis og n. fékk frv. í hendur, þá var spurt um það, hvort nægilega mörg eintök af því mundu vera til hjá mþn. í sjávarútvegsmálum, svo að hver nm. í sjútvn. gæti fengið eitt eintak. Því var svarað neitandi, og á þeim fundi í sjútvn. voru aðeins tvö eintök af frv., annað mun atvmrh. hafa fengið og hitt var n. ætlað. N. ákvað að taka þegar þetta frv., sem henni hafði borizt, og láta prenta það sem handrit, og láta svo útbýta því meðal þm. Greiðari afgreiðslu var ekki hægt að hafa á þessu máli, eftir að það barst n. Næsta þriðjudagsmorgun, þegar fundur var haldinn í sjútvn., komu þeir hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. síðan fram með þá till., að n. flytti þetta frv., sem var í prentun og tveimur nm. hafði ekki gefizt kostur á að lesa. Ég óskaði þá eftir, að atkvgr. um þessa till. yrði frestað til fimmtudags. Hv. þm. Vestm. vildi ganga inn á, að henni yrði frestað til miðvikudags, og gerði þá ráð fyrir, að frv. mundi liggja fyrir prentað þegar á þriðjudagskvöld, en það kom í ljós, að frv. var ekki tilbúið fyrr en eftir hádegi á miðvikudag, að því er ég bezt man. (**JJós:** Hv. þm. neitaði að verða við tilmælum mínum, án þess að hann vissi þetta). Ég neitaði því vegna þess, að ekkert lá fyrir um það, að frv. yrði tilbúið svo fljótt. Ég gerði ráð fyrir því, að þó að við fengjum frv. á þriðjudagskvöld, þá yrði naumur tími til þess að átta sig á þessu stórmáli rétt yfir blánóttina. Ég veit, að hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. dettur ekki í hug að mótmæla því, að tveir nm. höfðu alls ekki séð frv. í þann mund, sem þeir kröfðust þess af þeim, að þeir tækju þátt í að flytja það. Þeim lá svo mikið á að kljúfa sjútvn. í þessu máli, að þeir vildu ekki bíða til næsta reglulegs fundar, þegar víst var, að

allir nm. væru búnir að fá frv. og lesa það. Þessum tveimur hv. þm. lá svo mikið á að koma þessu máli út sem flokksmáli, takandi ekkert tillit til þess, að ef til vill gátu þeir fengið alla n. óklofna um málið, og greitt þannig götu þess gegnum þingið. Þetta gefur mér tilefni til þess að kveða upp þann dóm yfir þessum þm., að þeir vitandi vits og með ráðnum huga hafi hagað sér þannig í n., til þess að koma í veg fyrir, að aðrir yrðu flm. þessa frv. en þeir sjálfir og flokksmenn þeirra.

Hv. þm. Vestm. hefir borið það fram hér, að ég hafi sérstaklega haft tækifæri til þess að kynnast málinu, af því að ég hafi setið á fiskiþinginu og tekið þar þátt í meðferð málsins. Ég hefi látið bóka það í fundargerðabók sjútvn., að ég hafi ekki verið á þeim nefndarfundum í sjútvn. fiskiþingsins, þegar þetta mál kom þar til umr., og ennfremur lét ég þess getið þar, að þetta mál hefði ekki verið rætt á fiskiþinginu. Nál. kom fram síðasta dag þingsins, nokkrum mín. áður en þingfundi var slitið, og var borið undir atkv. þar órætt, og marðist í gegn með 5:4 atkv., að ég held.

Hv. þm. Vestm. lýsti því hér á deildarfundinum áðan með miklum alvöruþunga, hvert öngþveiti sjávarútvegurinn væri kominn í, og hann lýsti þeirri þörf, sem væri á því að bæta úr þessu öngþveiti sjávarútvegsins. Nú þykir mér fyrir því, að hv. þm. skuli hafa leyft sér að viðhafa þá afgreiðslu á þessu máli, sem hann hefir haft á því og talið sér sæmandi. Mér þykir fyrir þessu ef honum er það eins mikil alvara eins og hann lætur, að bæta úr öngþveiti sjávarútvegsins. En ég efast um það, að þetta sé honum svo mikið alvörumál sem hann lætur, af því að hann hefir leyft sér að viðhafa þessa meðferð á málinu, sem fram hefir komið. Því að vitanlega var það svo, að til þess að tryggja framgang þessa máls og til þess að vera viss um, að það fengi sem beztar undirtektir hjá þinginu, var sú ein leið, að fá þm. úr öllum flokkum til þess að flytja frv. En með framkomu sinni í sjútvn. hafa þeir hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. sýnt, að þeim hefir engin alvara verið með að fara þessa leið til þess að tryggja framgang frv. Alvöruleysi þessara hv. þm. kemur bezt fram í ummælum hv. þm. Ak. í þessu máli, þegar hann, á sama tíma og hann flytur þetta frv., sem gerir ráð fyrir því, að útflutningsgjald af sjávarafurðum gangi allt til þess að létta skuldum af sjávarútveginum, gerir till. um að verja talsverðum hluta af þessu útflutningsgjaldi til allt annars, og lýsir því yfir um leið, að hann búist ekki við, að þetta mál fái afgreiðslu hér í þessari hv. d., og þetta gerir hann áður en málið kemur til umr. í d.

Ég ásaka og áfelli þessa hv. nm. úr mþn. í sjávarútvegsmálum fyrir það, að þeir hafa gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að gera þetta að flokksmáli hér í d.

Það er vitanlegt, að þó að ekki sé nein leið til þess að flytja þessi frv. óbreytt, þá getur það hæglega sýnt sig við athugun í sjútvn., að hægt sé að taka einhvern hluta af skuldum sjávarútvegsmanna og reyna að koma þeim á réttan kjöl þegar á þessu þingi. Einn ónefndur þm. hefir lýst því yfir hér í d., að ég hafi séð þessi frv. og talið mig andvígan þeim. Þetta eru alger ósannindi, og ég hefi aldrei haft aðstöðu til þess að tjá mig þeim andvígan. Það eina, sem gæti hafa komið fram sem afstaða Alþfl. gagnvart málinu og um leið afstaða mín, er sú bókun atvmrh. á sjútvn.fundi, þar sem hann æskir þess, að við tökum til athugunar, hvort ekki sé unnt að taka skuldir smáútvegsins og leggja til, að á þeim verði gerð nokkur skuldaskil þegar á þessu ári. (**JJós:** Greiddi hv. þm. ekki atkv. um þetta mál á fiskiþinginu?). Ég hefi þegar skýrt frá meðferð þessa máls og atkvgr. á fiskiþinginu. (**JJós:** Hvernig greiddi hv. þm. atkv.?). Ég er nú ekki á fiskiþinginu sem stendur, og sé því ekki ástæðu til þess að fara nánar út í það atriði. En ég vildi fara nokkrum orðum um þá eftirtektarverðu staðreynd, sem hv. 6. þm. Reykv., 1. flm., benti á, nefnilega hvað lítið fé stendur í sjávarútveginum. Og manni verður að spyrja: Hvað hefir orðið af öllu því fé, sem sjávarútvegurinn hefir borið á land? Ég er á því, að hv. 6. þm. Reykv. hafi gert flokksbræðrum sínum óleik með því að sýna fram á þetta, hve lítið fé raunverulega stendur í útveginum, ef lítið er til þess, hve mikið verðmæti hefir borizt á land. Hvað hefir orðið af þessu fé? Það hefir farið í að borga hallann af útgerðinni, segir hv. þm., — já, en það hefir líka farið í há framkvæmdastjóralaun og óhæfilegan ágóða borgaðan af févana félögum. Ásamt þeim vandræðum, sem kreppan hefir nú leitt yfir útveginn, er skipulagsleysi atvinnuvegarins og forsjárleysi forráðamannanna vafalaust orsök í vandræðum útvegsins nú. — Og viðvíkjandi þeirri meðferð, sem tveir hv. nm. úr mþn. í sjávarútvegsmálum leyfðu sér að hafa á þessu máli í sjútvn., vil ég ítreka frásögn hv. þm. Barð., að enn liggur ekki fyrir n. nál. mþn. eða fullnaðarskýrslur um störf hennar. Það er auðskilið, að þm., sem hafa unnið að þessum málum í heilt ár, hafi haft tækifæri til þess að kynna sér málið, eftir því sem tök eru á, og geti komið á nefndarfund og sagt hvort þeir vilji vera með í því að flytja frv. sem þetta. En að heimta, að nm., sem hvorki hafa lesið skýrslu mþn. né haft tækifæri til þess að fylgjast með störfum hennar, flytji svona frv. athuganalaust, það er að ganga of langt, svo ekki sé meira sagt. Það má vera, að 250 þús. kr. í eitt skipti fyrir öll og eftirgjöf útflutningsgjalds í 6 ár geti létt svo undir með sjávarútvegsmönnum, að þeir fái einhverja samninga við lánardrottna sína. En ég vil þó fá að kynna mér þetta betur áður en ég legg nokkurn dóm á það. En sé þetta rétt, er ástand sjávarútvegsins ekki eins hrapallegt og hv. þm. Vestm. lýsti því, og eins og ég held að það sé. Nei, það er of mikil bjartsýni að halda, að með þessu séu leyst vandræði útvegsins, allt frá smábátaútgerð upp í togara. En hitt er líklegt, að þetta nægði til þess að leysa úr vandræðum viss hluta af smærri útgerðinni. Þetta vildum við í sjútvn. fá að athuga. En ekki var við það komandi að fá svo mikið sem eins dags frest til athugunar. Hv. þm. Vestm. kvartaði yfir því, að umr. beindust of mikið að því, hvernig frv. væri inn í d. komið. Hann má sjálfum sér um kenna, þó að talað sé nokkuð um það, með hvaða fádæmum mþn. í sjávarútvegsmálum

hefir leyft sér að koma þessu frv. inn í d. — Hv. þm. Vestm. sagði ennfremur, að það hefði verið auðfundið í sjútvn., að við, meiri hl. hennar, værum ófúsir á að leggja málinu lið. Þessari ásökun kastar þm. fram algerlega órökstuddri, og það eftir að hann er búinn að neita okkur um möguleika til þess að sýna hug okkar til málsins. Hvers vegna gerði hv. þm. þetta? Var hann hræddur um, að við kynnum að sýna málinu of mikið liðsinni? Ég verð að álíta, að hann af pólitískum ástæðum hafi ekki viljað gefa n. tóm til að taka ákvörðun í málinu, áður en það kæmi til umr. hér í d. Fullnaðarákvörðun get ég enga tekið um málið fyrr en nál. og skýrsla mþn. liggja fyrir, þess er ekki hægt að krefjast með nokkurri sanngirni. Ég vil skora á hv. þm. Vestm. að beita sér fyrir fljótri afgreiðslu þessara plagga frá n., og þegar þau liggja fyrir sjútvn., er fyrst ástæða til þess að krefjast fullnaðarákvörðunar frá henni um þetta mál. — Það er vitanlega engin afsökun, sem kom fram í ræðu eins hv. þdm. áðan, að ekki hefði verið um það spurt, hvaðan taka ætti peningana, þegar um hjálpina til landbúnaðarins var að ræða. Við verðum að spyrja um það í sambandi við kreppuráðstafanir til handa sjávarútveginum, hvaðan á að taka fé til þeirra. Og ennfremur: Verður svo mikið gagn að þessum ráðstöfunum, sem hér er farið fram á, að þær réttlæti þann tekjumissi, sem ríkissjóður verður fyrir? Þessum spurningum er ekki hægt að svara án þess að hafa kynnt sér skýrslu mþn., og verður það því að bíða þar til hún liggur fyrir.

**Guðbrandur Ísberg:** Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr. eftir að hv. 1. flm. hafði talað og rakið skýrt og skilmerkilega rök öll fyrir máli þessu. En ummæli tveggja hv. þm. hafa gefið mér tilefni til þess að taka til máls. (**BJ:** Hverra?). Hv. þm. Barð. og hv. þm. Ísaf. Þeir hafa beint til mín þeim ásökunum, að ég hafi flutt frv. án þess að þekkja efni þess, og byggja þetta á afstöðu minni í öðru máli, sem var hér til 2. umr. fyrir nokkrum dögum, nefnilega um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Ég flutti þá brtt. við það frv., þess efnis, að útflutningsgjaldinu af landbúnaðarafurðum yrði haldið að mestu, og ennfremur, að ½% útflutningsgjalds af sjávarafurðum skyldi renna til landhelgisgæzlunnar sem varanlegt gjald. Þetta var fram borið tveim dögum áður en ég sá þetta frv., sem hér liggur fyrir. Mér varð strax ljóst, að ákvæði þessa frv. og brtt. mín rákust að nokkru leyti á, en ákvað þó að halda brtt. áfram, sem hafði að geyma ákvæði um **varanlegt** gjald í sérstökum tilgangi. Ég bjóst við, að till. mínar væru dauðadæmdar, því að ég vissi um marga samflokksmenn mína, sem voru þeim andvígir. Ennfremur bjóst ég við því, að þetta mál, sem nú er hér til umr., mundi eiga erfiða leið gegnum þingið. Ég bjóst við þessu af því, að ég veit ekki til, að sá flokkur, sem aðallega ræður stj., hafi nokkru sinni tekið vel undir hagsbótamál sjávarútvegsins. — En hér var þó ekki í raun og veru um annað að ræða en tilfærslu milli vasa. Ef till. mínar um útflutningsgjaldið hefðu verið samþ., svo að ½% af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum gengi til sérstakrar notkunar, svo sem þar var gert ráð fyrir, er augljóst, að þar væri létt af ríkissjóði jafnmikilli upphæð, og lá þá beint við að bera fram brtt. þess efnis, að jafnmikil upphæð yrði greidd beint úr ríkissjóði í skuldaskilasjóðinn tiltekið tímabil. Þetta hefði ég að sjálfsögðu gert, ef brtt. við útflutningsgjaldsfrv. hefði verið samþ. Það, að ég hélt þannig á málunum, gaf hæstv. fjmrh. tilefni til þess að kasta í mig skætingi, sem ég þó hirti ekki um að svara. Mér er mjög óljúft að leggja rökin til hliðar og grípa til þeirra vopna, sem mér virðast sumum hv. þm. of töm, sem sé persónulegs skætings og útúrsnúninga. Þessu veldur bæði skapgerð mín og uppeldi. En nú hafa aðrir hv. þm. höggið í sama knérunn. Svo sem kunnugt er, þýðast flestar skepnur gott atlæti, og flestir menn meta það að nokkru, að þeim sé sýnd almenn kurteisi a. m. k., jafnvel þótt þeir eigi lítið til af henni sjálfir. En það eru til þær skepnur, t. d. sumir gamlir húðarjálkar, sem eru svo skapillir og kargir, að þeir ganga ekki undan neinu nema svipunni. Og það eru til menn, meira að segja þm., sem ekki virðast taka nein önnur rök til greina en skammir, og þá helzt óbótaskammir.

**Ólafur Thors:** Ræður hv. stjórnarliða í þessu máli gefa von um það, að þótt þeir hingað til hafi reynzt tregir, já, ófáanlegir til þess að gerast stuðningsmenn þessa þjóðþrifamáls, þá muni þeir að athuguðu máli sjá sér þann kost vænstan að fylgja því. Mér er þetta gleðiefni, ég sé í þessari afstöðu aukna von um framgang þessa þjóðnytjamáls. En því er ekki að leyna, að við sjálfstæðismenn töldum mestar líkur til þess, að málið næði fram að ganga nú á þinginu, ef það væri borið tafarlaust fram. Hér er um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að við vissum, að strax þegar fregnin um frv. kæmist út meðal almennings, mundi skapast svo mikil samúð með málinu hjá þurfandi útgerðarmönnum og sjómönnum, að hún mundi nægur sproti á þá þm., sem ekki fengjust til þess að fylgja málinu að öðrum kosti. Þessi spádómur hefir rætzt nú þegar, og ég vona, að við flm. verðum ekki heldur fyrir vonbrigðum um framgang málsins. Hitt er aukaatriði, þótt vert sé að minnast á það, tilraunir hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Barð. til að villa fólki sýn um það, hvers vegna þeir eru nú með frv. Og hv. þm. Ísaf., sem nýtur þess óverðskuldaða heiðurs að vera form. sjútvn., og hefir sem slíkur skyldu til þess að kynna sér öll þau mál, er koma fyrir þingið og að sjávarútvegi lúta, hann bregzt þeirri skyldu sinni algerlega. Honum var í lófa lagið að kynna sér þetta mál þá 17 daga, sem flokksbróðir hans, atvmrh., hafði það í sínum vörzlum. Og það er raunar upplýst, að hv. þm. Ísaf. var búinn að kynna sér málið, eftir því sem hans takmörkuðu hæfileikar leyfðu, og það er því hinn aumlegasti kattarþvottur, þegar hann reynir að afsaka andúð sína í málinu með ókunnugleika. En nú hefir almenningsálitið knúð hann og félaga hans til fylgis við málið. Og þessi þm., sem stöðu sinnar vegna á að vera forvígismaður sjávarútvegsmálanna í þessari hv. d., hann átti að láta sér nægja þá vitneskju, að högum út-

vegsins er nú svo komið, að eignir útvegsmanna eru ekki taldar meiri en svo í samanburði við skuldir, að skuldirnar nemi 82% af eignunum. — hann átti að láta sér nægja þessa vitneskju til þess að gerast tafarlaust og einlæglega stuðningsmaður þessa frv. En þetta er nú aukaatriði. Aðalatriðið er það, að við höfum knúð hann og aðra stjórnarliða til fylgis við málið. Ég met að vísu ekki mikils stuðning hv. þm. Ísaf. við þetta mál eða önnur. Þó er ekki fyrir það að synja, að hann hefir atkvæðisrétt hér á þingi, og er rétt að nota sér það í þeim fáu tilfellum sem hægt er að nota þau réttindi hans í þjónustu góðs málefnis. — En ég vil leyfa mér að bera upp sömu spurningu fyrir þennan hv. þm. og hv. þm. Vestm. greip fram í ræðu hans með: Hvernig greiddi hv. þm. Ísaf. atkv. um mál þetta á fiskiþinginu? Ég vænti þess fastlega, að þm. svari þessu, og þvoi af sér þann grunsemdarblett, að hann hafi byrjað óvild sína við málið með því að leggja á móti meðmælum fiskiþingsins með því. En reynist þessi grunur að vera réttur, stendur hv. þm. svo ber uppi í þessu máli, að honum koma engar varnir að liði.

Hv. þm. Barð. fór að bregða mér um ósæmilega framkomu sem þm., form. Sjálfstfl. o. s. frv. Ég veit, að ég þarf ekki að deila um það við neinn, allir hv. þdm. munu mér sammála um það, að einmitt þessi hv. þm. ætti ekki að ráðast á aðra með slíkum ásökunum. Ég vil þó taka fram nokkur atriði viðvíkjandi þessari persónulegu árás á mig. Hv. þm. hélt því fram, að innan míns flokks væri mikil óánægja með mig sem flokksformann. Ég skal fræða þennan hv. þm. á því, að á sameiginlegum fundi miðstjórnar Sjálfstfl. og þingflokksins var ég kosinn formaður flokksins með öllum atkvæðum nema tveimur, og var það atkv. mitt og hv. þm. Snæf., sem ekki kunni við það að greiða bróður sínum atkv. í slíka virðingarstöðu. Ég held, að hv. þm. Barð. mætti þakka fyrir slíka einingu í sínum flokki. Þar var ekki fyrir alllöngu gerð tilraun til að sparka formanni flokksins úr því embætti. Núverandi forsrh. átti að verða formaður flokksins, en snérist á síðustu stundu gegn þessari stjórnarbyltingu. Þrátt fyrir það dreifðust atkv. mjög mikið og fékk hann þannig 5 atkv. af 15, en núv. formaður hlaut af **þessum** ástæðum meiri hluta. Ég segi þetta ekki af því, að ég sé þar með að halda fram, að ég hafi þetta meiri foringjahæfileika en formaður Framsfl., heldur til þess að benda bæði hv. þm. Barð. og öðrum á það, hversu mikil eining ríkir í Sjálfstfl.

Ég veit ekki, hvort ég á að taka það, sem hv. þm. Barð. sagði um efnishlið þessa máls, í alvöru. Hann réðist á mig með mesta þjósti fyrir það, að ég hefði lagt þann skilning í 2. gr. frv., að sem stofnfé Skuldaskilasjóðs skuli fyrst og fremst talið framlag Fiskveiðasjóðs, 250 þús. kr., og þar að auki tekjur þær, sem ákveðnar eru í 2. lið 2. gr., nefnilega útflutningsgjald af sjávarafurðum næstu 6 árin. Og þessi hv. þm., sem er lögfræðingur og sýslumaður, hellti sér út yfir þá fáfræði mína, að ég skyldi telja annað til stofnfjárins en það, sem lagt væri fram strax. Ég skil ekki í öðru en hv. þm. viti, hvað þessi skilningur er ákaflega algengur í löggjöfinni. En með leyfi hæstv. forseta ætla ég til frekari fullvissu að fræða hv. þm. Barð. um þetta. Ég skal benda hv. þm. á, að í lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 31 14. júní 1929, stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Ennfremur leggur ríkissjóður deildinni til **stofnsjóð**, að upphæð 300 þús. kr., er greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.“ Hér hefir löggjafinn í þessu máli sem mörgum öðrum talið það **stofnfé**, sem ætlað er stofnuninni, en byggt á fyrirheiti um greiðslu. Ég get bent á fleiri dæmi, sem sanna hið sama, t. d. lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928. Þar segir í 5. gr.: „Innskotsfé það, 2 millj. króna, er ákveðið var með lögum nr. 50 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum, skal teljast **stofnfé** seðlabankans. Auk þess skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram úr ríkissjóði viðbótarstofnfé handa seðlabankanum, allt að 3 millj. króna.“ — Nú hlýtur hv. þm. Barð. að vita, að þessi lög frá 1913 mæla svo fyrir, að ríkissjóður greiði Landsbankanum 100 þús. kr. á ári í 20 ár, en eigi að síður er það talið stofnfé, af því að það er fyrirheit um greiðslu. Ég get enn haldið áfram og vitnað í lögin um Búnaðarbankann, nr. 31 14. júní 1929. Þar stendur í 13. gr.: „Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til **stofnfé** að upphæð minnst 1250000 króna. Stofnfé þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við því af skuldabréfum viðlagasjóðs, sem ekki afhendist bústofnslánadeild.“ — Hér er líka um að ræða fé, sem á að greiðast smám saman. Ég veit ekki, hvernig á að lýsa þm., sem leyfir sér að fara með svona rugl. En raunar þarf ekki annað en að tilgreina þetta, sem ég hefi bent á, til þess að allir sjái, hverskonar þvætting þm. hefir farið með. Mér þykir hart að þurfa að fræða lögfræðing um hluti, sem jafnalgengir eru í lögum og þetta, og ég hefði leitt það hjá mér, ef hv. þm. hefði ekki ráðizt á mig með fruntalegum orðum út af þessu. Hann sagði: „Enginn maður er svo skyni skroppinn að vita eigi, að stofnfé er aðeins það fé, sem lagt er fram til fyrirtækisins í upphafi.“ Hv. þm. leyfði sér að kalla mig „skyni skroppinn“ og „aula“ og fleira þesskonar. En allir, sem komnir eru til vits og ára, sjá og skilja, að ég hefi rétt fyrir mér um þetta atriði, en hann rangt.

Ég verð að segja, að ég veit ekki, hvort ég á að taka alvarlega hjal þm. um ummæli mín í sambandi við hans fyrri ræðu, er hann hafði gerzt ber að því að hafa ekki lesið frv., sem hann var að tala um. Hann hafði sagt, að stofnfé sjóðsins yrði aðeins 4 millj. kr. samkv. frv. Ég benti á, að ætlazt væri til, að framlag Fiskveiðasjóðs yrði 250 þús. kr. þegar í stað, og ennfremur að útflutningsgjald af sjávarafurðum rynni í sjóðinn í 6 næstu ár. Sjálfur hafði hann í fyrstu áætlað útflutningsgjaldið 750 þús. kr. Svo reyndi hann að færast undan því, þegar í ógöngveiti var komið, og vildi segja, að hann hefði talið það 600 þús. Síðan ruglaði hann saman lántökuheimild og stofnfé og fór með svo mikinn þvætting í sambandi við þessar tölur, að erfitt er að svara á viðeigandi hátt. En í 3. lið 2. gr. felst aðeins heimild um lántöku eða útvegun á láni handa Skuldaskilasjóði. Þar er ekki um stofnfé að ræða,

heldur er lánið ætlað til að veita sjóðnum handbært fé, sem hann á svo að greiða af stofnfénu jafnóðum og það rennur til hans. Til leiðbeiningar hv. þm. Barð. skal ég geta þess, að 5 undanfarin ár hefir útflutningsgjaldið af sjávarafurðum verið 5 millj. og 900 þús., og þó að það verði skert á þessu þingi með lækkun síldartollsins, er víst, að það fer ekki niður í þá upphæð, sem hann var að nefna, eftir að hann hafði farið með aðra tölu réttari.

Ég mun svo ekki orðlengja þetta frekar. En ég vænti þess, að flutningur málsins á Alþingi verði til þess að knýja þá til fylgis við það, sem ekki hafa þó viljað gerast flm. þess. Þess er að vænta, að þeim skiljist, að þörf þjóðarinnar í þessu efni gerir svo háværar kröfur, að ekki verður í móti staðið. Á þessu byggjum við sjálfstæðismenn vonir okkar um framgang málsins á þessu þingi.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 7. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

**Páll Zóphóníasson:** Það er í þessu mikilsverða máli ýmislegt, sem mig langar til að fá upplýsingar um. Verið getur, að ég fái einhverjar upplýsingar, þegar nál. mþn. í sjávarútvegsmálum verður lagt hér fram. En ég er ekki viss um, að ég í því fái allar þær upplýsingar, sem ég vildi, og því vildi ég leyfa mér að spyrja hv. flm. nokkurra spurninga.

Ég tók svo eftir af hv. flm. þessa máls hér í hv. d., að það væru 877 menn, sem þeir hefðu rannsakað efnahag hjá. Ég vissi það fyrr, að útgerðin væri í höndum fárra manna. En mér datt ekki í hug, að aðeins um 0,8% allra landsmanna hefði allan skipastól landsmanna til útgerðar með höndum. Ég er hræddur um, að þetta stafi af misskilningi, og ég býst við því, að af þessum 877 mönnum muni sumir þeirra vera júridiskar persónur, þannig, að á bak við þá standi hlutafélög, og þannig sé skipastóll útgerðarinnar í fleiri manna höndum en þessara 877. Það, sem mig langar til að fá að vita, er, hve margir menn standa að útgerðinni, ef þetta er tekið með í reikninginn. Eða á maður virkilega að ætla, að aðeins 0,8% af þjóðinni hafi þennan skipastól í sínum höndum og atvinnu og ráð þeirra þúsunda, er að útgerðinni vinna?

Þá hefir einnig verið talað um, að rannsakaðar hafi verið eignir þessara manna. Ég vildi í því sambandi fá að vita um tvennt. Í fyrsta lagi: Mér er kunnugt um það með nokkra af þessum mönnum, að þeir hafa sumir þann sið, að láta konur sínar eiga mikla eign, sumir svo skiptir tugum þúsunda, sumir hálfa eignina, sumir einn þriðja eða einn fimmta hluta af allri eigninni, sem þeir hafa undir höndum. Eru þessar upphæðir utan við þessa rannsókn, eða eru þær teknar með? Þetta skiptir vitanlega nokkuð miklu máli um niðurstöður rannsóknanna. Í öðru lagi: Ef svo er, að hlutafélög standa að baki sumra af þessum 877 mönnum, hvernig eru þá eignir þeirra manna gerðar upp? Eru þá hlutafélögin gerð upp sem hlutafélög, eða er líka tekið tillit til eigna einstakra manna, sem í hlutafélögunum eru? Þetta þarf að koma skýrt fram, þegar ákveða skal, hvað gera á viðvíkjandi því, að hjálpa þessum atvinnuvegi, og hvernig lagt verður til að hafa þetta. Það hefir a. m. k. áhrif á mína aðstöðu til þessa máls.

Þá var það upplýst, að 272 menn skulda 26,6% móts við eign. af þeim, sem skipastól útgerðarinnar hafa með höndum, og þurfi engrar aðstoðar við. Aftur væru 242, sem skulduðu 142,8% móts við eign og væru óhæfir án aðstoðar að reka atvinnuveg sinn áfram. Hefir n. reynt að gera sér ljóst, hvað muni orsaka þennan mismun? Er ekki eitthvað sameiginlegt í rekstri þessara útgerðarmanna, sem gæti gefið bendingar um leiðir til lagfæringar á málum útgerðarinnar, til þess að koma henni á heilbrigðari grundvöll heldur en hún hefir verið rekin á að undanförnu? Mér kæmi það ekki á óvart, þó að finna mætti, við athugun á fyrirkomulagi útgerðar þessara manna, leiðir til slíks. Og þar sem ég veit, að þessir menn í mþn. í sjávarútvegsmálum hafa sett sig inn í þetta mál, þá þykist ég vita, að þeir hafi lagt sig fram til þess að vita, hvað muni orsaka það, að þessir 272 menn standa svo miklu betur að vígi heldur en hinir allir, hvaða sameiginlegar ástæður muni vera til staðar hjá þeim, sem geri það að verkum. Það langar mig mjög til að fá að heyra frá nm., hvort þeir hafi athugað þetta. Ég gæti hugsað mér, að hlutaskiptatilhögun réði nokkru hér um og hvernig útgerðin er að öðru leyti rekin, hvort hún er rekin í stórum eða smáum stíl. Mig langar að vita, hvernig útgerðarmenn flokkast í skuldaflokkana fjóra, eftir stærð útgerðartækjanna. Því að auk þess, sem sagt hefir verið, hefir það ennfremur verið upplýst, að af útgerðarmönnum séu 178 menn, sem mundu ekki þurfa aðstoðar við, sem neinu næmi, sem skulda um 63% á móts við eignir.

Þá eru eftir 427 menn, sem þurfa á þeirri hjálp að halda, sem löggjöf þessi á að veita. Og mér skilst, að ástandið sé þannig hjá þeim, að þeir þurfi að fá eftirgefið af skuldum sem nemur 8 millj. kr. og lánaðar um 5 millj. kr., sem stæðu sem afborgunarlaus lán hjá þeim fyrstu 3 árin og þar á eftir með 3% vöxtum. Mér kæmi það ekki á óvart, þó að í þessum 427 manna hóp væri það tiltölulega fámennur hópur, sem þyrfti að fá aðaleftirgjafirnar. Þess vegna gæti ég vel búizt við því, að hægt væri með tiltölulega miklu minna fjármagni að hjálpa fjöldanum af þessum 427 mönnum, sem hafa verið taldir hjálpar þurfa. Nú má hjálpa á fleiri vegu heldur en með því að strika út skuldir. Mér skilst, að þeir mþnm. í sjávarútvegsmálum, sem flutt hafa þetta frv. hér í þessari hv. d., líti svo á, að ef hægt sé að koma því þannig fyrir, að skuldir séu strikaðar út, svo þær færist niður í 65% á móts við eignir, þá geti útgerðin með núv. verðlagi, tilkostnaði og vaxtakjörum staðið straum af skuldunum. Ef þetta er rétt, þá er líka hægt að koma hinu sama til vegar með því að láta núv. skuldir útgerðarinnar standa, en breyta vaxtakjörum hennar. Ef útgerðin rís undir ⅔ hlutum af einhverri skuld með 6% vöxtum, þá getur hún einnig staðið undir 100% af sömu skuld með 4% vöxtum. Með því jafnframt að lengja lánstíma um þriðjung hyrfi allur munur. Því það er eins gott að

skulda 30000 með 4% og afborga á t. d. 30 árum, og 20000 með 6% og afborga á 20 árum. Hér er því auðsætt, að fleiri leiðir geta komið til greina heldur en sú leið að strika út skuldir.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að hér hefir legið frammi frv. um innlánsvexti og vaxtaskatt. Í því hefir verið reynt að sýna fram á leið til þess að koma vöxtum niður, svo að útlánsvextir verði í kringum 4%. Ef það sýndi sig, að hægt væri að hjálpa útgerðinni með þeirri leið, sem frv. þetta á þskj. 312 gerir ráð fyrir, þ. e. með því að gera vexti að miklum mun lægri en þeir eru nú, þá væri það líka veruleg hjálp fyrir atvinnuvegina í heild, ekki aðeins fyrir útgerðina, heldur líka fyrir landbúnaðinn. Ég held, að með þessari leið væri hægt að rétta útgerðinni þá hjálp, sem hana munaði mjög mikið um, og ef til vill væri henni nægileg. Vildi ég biðja hv. þdm. að athuga það.

**Jóhann Jósefsson:** Hv. 2. þm. N.-M. lagði hér ýmsar spurningar fyrir aðalfrsm. þessa máls, sem ég geri ráð fyrir að hann muni svara, að svo miklu leyti sem unnt er á þessu stigi málsins. En burtséð frá því vil ég minna á, að þegar til umr. var hér frv. um kreppulánaráðstafanir til hjálpar bændum landsins, þá voru engar slíkar yfirheyrslur í garð bænda álitnar nauðsynlegar né látnar fram fara. Ekki var heldur kastað fram neinni ósvífinni áreitni í garð bænda líkt og skeð hefir í framkomu hv. þm. Ísaf. í þessu máli. Ég undanskil hv. 2. þm. N.-M. frá hinu síðastnefnda. Hann spurði á engan hátt sérandi eða meiðandi. En hitt vil ég benda honum á, að þessar spurningar voru ekki gerðar, þegar vandræðamál bænda voru rædd hér á Alþ. Hv. 2. þm. N.-M. taldi að öðru leyti, að með lækkun vaxta mætti gera mikið, sem miðaði í áttina til að rétta við hag sjávarútvegsins, og jafnvel, að gera mætti nægilega mikið til þess með lækkun vaxta.

Þegar hið mjög umtalaða nál. mþn. í sjávarútvegsmálum verður lagt hér fram, þá mun það sjást, að mþn. gerði það, sem í hennar valdi stóð, gagnvart báðum bönkunum hér, til þess að leita eftir leið til að fá útlánsvexti lækkaða. En hvað annan bankann snerti, Útvegsbanka Íslands, þá varð það upplýst, að því takmarki yrði ekki náð, nema með breyttri löggjöf, eða a. m. k. alveg breyttum aðbúnaði við Útvegsbankann af hálfu Landsbankans.

Um Landsbankann er það að segja, að þau svör, sem bankaráð þess banka gaf mþn. í sjávarútvegsmálum viðvíkjandi fasteignaveðslánum, voru þannig, að við verðum að telja, að Landsbankinn hafi skuldbundið sig til þess með bréfi bankaráðsins að gera þær ráðstafanir nú þegar á þessu hausti, sem færir vextina af fiskveðslánum niður í takmark lægstu útlánsvaxta, eða í sama horf og svokallaðir vöruvíxlar eru í nú.

Hv. þm. Barð. er hér ekki viðstaddur, annars hefði ég viljað mæla til hans nokkur orð í sambandi við aðstöðu hans í þessu máli. En hv. þm. Ísaf. er hér í hv. d. Hann talaði langt mál, hart og heimskulegt í garð okkar, sem flytjum þetta mál, og þá einkum í garð okkar hv. 6. þm. Reykv. og mín, fyrir það, sem hann kallaði fádæmi, að ég hefði borið málið fram í þessari d. án þess að bíða eftir duttlungum þessa þm., án þess að láta hann teyma okkur á eyrunum lengra heldur en stj. var búin að gera. Hv. þm. Ísaf. sagðist ætla að kveða upp dóm yfir mér, og seinna í ræðu sinni sagðist hann ákæra mig. Hann fór utan við málið, eins og hv. þm. Barð. líka gerði, og leitaðist við að gera að aðalatriði málsins það, sem er aukaatriði, nefnilega það, hvernig málið er borið hér fram. Nú hefir það verið upplýst hér í hv. d. og játað af hæstv. atvmrh., að þessi málefni vor voru borin undir hæstv. ráðh. og honum færð þau skjallega og með grg. 3 vikum áður en við réðumst í að bera þau fram hér í hv. d., og það var fyrst eftir að hæstv. ráðh. í viðurvist sjútvn. hafði látið bóka þau ummæli í gerðabók n., að stj. treysti sér ekki til að mæla með því, að mál þetta næði fram að ganga, — það var þá fyrst, sem við heimtuðum úrskurð í sjútvn. um það, hvort n. tæki málið að sér eða ekki.

Nú vita allir, að „örlög Karþagóborgar" voru ráðin þegar hæstv. ráðh. var búinn að láta það uppi, að hann treysti sér ekki til að mæla með málinu. Þá vissum við, að engar líkur voru til þess, að framsóknarmenn í sjútvn. færu að breyta á móti vilja stj. í málinu. Hæstv. ráðh. var búinn í mörgum viðtölum við okkur í þessar 3 vikur að taka það fram, að hann væri að ræða málið við sinn flokk. Við gátum því gengið að því vísu, að bókun hæstv. ráðh. 27. okt., sem gekk í þá átt, að hann mætti ekki mæla með þessu máli á þessu þingi, væri vilji flokksins. Að báðir stjórnarflokkarnir hafi staðið að þessum gerðum hæstv. atvmrh., það sýna bezt undirtektir hæstv. fjmrh.

Hinn þungi dómur, sem hv. þm. Ísaf. þóttist vera að kveða upp yfir mér hér í þessari hv. d., fellur þess vegna alls ekki á mig eða okkur, sem borið höfum fram þetta frv., heldur á þá, sem ekki hafa viljað sinna þessum málum eða ljá þeim lið.

Auk þess, sem hæstv. atvmrh. hefir rætt þetta mál við hv. þm. Ísaf. þær umtöluðu 3 vikur, hefir hv. þm. haft tækifæri á hverjum degi á þeim tíma til að kynna sér þetta mál sem fiskiþingsmaður, því að á fiskiþinginu hefir hann átt sæti allan þann tíma, og þar var hann í sjútvn. og þar lágu þessi frv. alltaf fyrir.

Þeir af fiskiþingsmönnum, sem vildu, að þessi mál næðu fram að ganga, báru fram till. um, að fiskiþingið lýsti ánægju sinni yfir því, að frv. þessi væru komin fram, og var till. samþ. með 5:3 atkv. Hv. þm. Ísaf. var einn af þeim 3 mönnum á fiskiþinginu, sem greiddu atkv. á móti till. þessari. Hann hefir þess vegna á fiskiþinginu opinberað afstöðu sína á móti því, að skuldaskilasjóðsfrv. væri borið fram og að frv. um sjávarútveginn væri borið fram. Svo er þessi æðsti prestur skinhelginnar og hræsninnar hér á Alþ. að berja sér á brjóst yfir því, að hv. 6. þm. Reykv. og ég höfum brotið á móti hans hágöfugheitum þar í n. með því að heimta, að atkvgr. þar færi fram um málið.

Til þess að gera þessa sök hv. þm. Ísaf. eins bera og unnt er og láta þennan skinhelga þm. standa eins strípaðan og naktan frammi fyrir

hæstv. Alþ. eins og hann hefir til unnið, ætla ég að lesa upp þá ályktun, sem fiskiþingið samþykkti í þessu máli, og hún er þannig:

„Fiskiþingið lýsir ánægju sinni yfir störfum milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum og framkomnum tillögum til hjálpar sjávarútveginum, en telur þó, að fjármagn það, sem nefndin leggur til, að haft sé í þessu augnamiði, sé of lítið, og verði því að sjá fyrir auknum tekjum til Fiskveiðasjóðs og meira fé handa Skuldaskilasjóði".

Það var þessi till., sem hv. þm. Ísaf. greiddi atkv. á móti, og þetta gerðist áður en hæstv. ráðh. hafði látið bóka umsagnir sínar um málið, og löngu áður en sjávarútvegsnefndarfundurinn var haldinn, þann 30. október.

Hér getur nú hv. d. séð heilindin hjá þessum hv. þm. Ísaf., form. sjútvn., í garð sjávarútvegsmanna. Þegar svo málið kemur fram hér á Alþ., gefur hann í skyn, að það hefði getað vel verið, ef farið hefði verið nógu vel að honum, að hann hefði þá aðhyllzt málið. Og svo hrópar hann um dóm(!!) og ákærur(!!) gagnvart þeim mönnum, sem berjast fyrir þessu nauðsynjamáli. Það voru engin fádæmi, sem skeðu, þó að við vildum fá málið borið fram hér í hv. d. og til þess sæktumst eftir styrk þeirra manna, til tryggingar framgangi málsins í d., sem við vissum, að voru af alhuga málinu fylgjandi.

En það mega heita fádæmi, að sá maður, sem slysazt hefir inn í sjútvn. Alþ., skuli á ráðstefnu eins og fiskiþinginu, sem að eðlilegum hætti ætti að vera mjög ráðgefandi fyrir Alþ., leggjast á móti því, að meðmæli frá fiskiþinginu kæmu með því, að samþ. væri frv. eins og þetta, sem hér er um að ræða, sem miðar að því að rétta við sjávarútveginn. Það eru fádæmi.

Við, sem stóðum að þessu máli, gengum ekki að því gruflandi, að hv. þm. Ísaf. og sá meiri hl., sem nú hefir snúizt þannig öndverður í þessu máli, mundi gera þetta að árásarefni hér í hv. d. Við vissum, að andúð þeirra var undirbúin af flokkslegum ályktunum, baktjaldamakki niðurrifsmannanna. Andúð þeirra stafaði frá stjórnarflokkunum. Þessir menn voru aðeins peðin, sem hæstv. ríkisstj. skákaði fyrir sig í sjútvn., til þess að ganga á móti því, að frv. kæmi fram, og það féll í hlut hv. þm. Ísaf. að hafa í þessu orðið fyrir nm.

Hv. 3. landsk. hrökklaðist í þessu máli á milli hræðslu við stj. og hræðslunnar við skylduna gagnvart bátaútvegsmönnum í Vestmannaeyjum. Hann hefir látið uppi, að hann sjálfur teldi rétt að fylgja málinu, en rennur sennilega frá því, ef að líkindum lætur.

En um hv. þm. Barð. var það svo, eins og gerist með þá menn, sem eru meðflokksmenn sósialista um stjórnarmyndunina, að hann hafði ekki leyfi til þess að hafa í þessu máli sína eigin skoðun. Hann varð að beygja sig fyrir hv. þm. Ísaf. og fylgja honum í þessu máli, nauðugur viljugur. Þessu líkt skeður svo að segja daglega í þeim herbúðum, og við erum ekkert fremur hissa á því í þetta skipti heldur en önnur. Þetta er þó hörmulegt um svo prýðilega gáfaðan og menntaðan mann eins og allir vita, að hv. þm. Barð. er, og er eitt af sorglegum dæmum þess, hvernig þessi flokkur, sem hann er í, verður í einu og öllu að lúta því boði og banni, sem kemur frá sósialistum. Hv. þm. Barð. er það ekki nema vorkunnarmál, þó að hann reyni að leyna þessu með því að ráðast á okkur hv. 6. þm. Reykv.

Það vita allir, að þetta er bægslagangur þess manns, sem er innikróaður og á enga aðra úrkosti en að hlýða og beygja sig undir hnútasvipuna, sem veifað er yfir höfði hans. Hv. þm. Ísaf. sagði, að þeir í sjútvn. verði að vita, hvar þeir eigi að taka fé til framkvæmda, og ef það væri til, þá yrðu þeir að vita, hvaða gagn það gerði, og hvort þær framkvæmdir, sem gerðar væru, svöruðu kostnaði. Því skyldi hann ekki mega vita um þessa hluti? Það væri líka ekki úr vegi, að hv. þm. reyndi að setja sig inn í það, hvaðan ætti að taka fé í ríkissjóð, þegar útvegsmenn hafa gefizt upp við útgerðina. Hann ætti líka að reyna að kynna sér það, hvaða ógagn það er fyrir sjávarútveginn, þegar menn láta flokkaduttlunga ráða gerðum sínum. Hann ætti líka að reyna að setja sig inn í það, hvort það svari kostnaði fyrir Alþ. að drepa niður allar tilraunir í þessu efni.

Það skein í gegnum ræðu þessa hv. þm., að þeir, sem skipa meiri hl. í sjútvn., álíti, að hér sé um gott mál að ræða. En af því að 2 nm. hafa bakað sér „reiði keisarans", þ. e. a. s. hv. þm. Ísaf., þá er borin von, að litið verði á nauðsyn sjávarútvegsins, eftir orðum hans að dæma. Þessu öllu er haldið fram eftir að sýnt er og sannað, að stjórnarflokkarnir vilja ekki, að málið gangi fram á þessu þingi, og eftir að stjórnarflokkamennirnir í sjútvn. hafa neitað að fylgja málinu í n. Með því að þyrla ryki upp um aukaatriðin eiga höfuðatriðin að hverfa. Svo langt er gengið, að þegar hv. þm. Barð. hefir, í fálmi sínu og ráðaleysi eftir að finna agnúa á frv., komið með þá endileysu, að í frv. sé milljón kr. reikningsskekkja, og eftir að búið er að margreka það ofan í kok á honum, kemur stjórnarblaðið í dag með vitleysuna og ósannindin.

Hv. þm. Ísaf. gerði sig að dómara og ákæranda í ræðu sinni. Það fer auðvitað eftir siðferðishugsjónum hans, að sá sami eigi að ákæra og dæma. Ég ætla ekki að kveða upp ákæru í garð manna. En hann hefir sjálfur kært sig og dæmt með framkomu sinni á fiskiþinginu. Það verða aðrir til þess að kveða upp dóminn yfir hv. þm. Ísaf. og þeim, sem honum fylgja í því að drepa þessa tilraun, sem hér er gerð til þess að hjálpa sjávarútveginum. Það verður sá mikli hópur manna, sem beygður undan skuldum væntir þess, að Alþ. leggi þeim lið. Það verða þessir menn, sem kveða upp dóminn yfir hv. þm. Barð. og öðrum slíkum, sem reyna með því að troða illsakir við einstaka menn að leiða athygli Alþ. frá þessu mikla nauðsynjamáli.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Mig furðaði á síðari hlutanum í ræðu hv. þm. Vestm. Hann fullyrti, að ríkisstj. og flokkar þeir, sem styðja hana, væru ákveðnir í að veita frv. mótstöðu, og hefðu otað fram peðum sínum, eins og hann komst að orði, til þess að hefta framgang málsins. Ég veit ekki, hvaða heimild

hann hefir til þess að segja slíkt. (**JJós**: Bókanir sjútvn.). Ég kysi þá, að þær bókanir, sem varða mig sem atvmrh., yrðu lesnar upp. Annars skal ég segja það, að þetta er einber tilbúningur. Ég mæltist eindregið til þess, að málinu væri vísað til n. og óskaði þess, að það væri sérstaklega athugað, hvort ekki væri á einhvern hátt *hægt að leysa málið*. Hitt hefir við engin rök að styðjast, og það er ekki til þess að létta framgang málsins, ef komið er með slíkar sakir. (**JJós**: Heyrði hæstv. ráðh. ekki ræðu hv. þm. Ísaf.?). Jú, en ég heyrði líka ræðu hv. þm. G.-K., þar sem hann gaf yfirlýsingu þess efnis, að Sjálfstfl. væri reiðubúinn til að benda á leiðir til þess að afla tekna, svo jöfnuður fáist á fjárlögum. Eftir þessa yfirlýsingu liggur málið öðruvísi fyrir en þegar mþn. lagði það fyrir þingið. Ef byggja má á þessari yfirlýsingu, en þess er að vænta, og samkomulag næst um að afla tekna til jöfnunar á fjárl., þá býst ég við, að ekki *standi á stjórnarflokkunum* að styðja framgang málsins. En það verður að virða mér til vorkunnar, þó að ég hafi séð litlar líkur til þess, að málið gengi fram eins og það var borið fram í upphafi. Tekjuöflunarfrv. stj. hafa yfirleitt ekki fengið svo góðar undirtektir hjá hv. sjálfstæðismönnum, að ástæða væri til að fara lengra á þeirri leið, að leggja sérstök gjöld á landslýðinn. Því meiri ástæða var til þess að efast um framgang málsins, þegar einn eða fleiri flm. frv. höfðu í öðru frv. gert ráð fyrir öðrum ráðstöfunum á því fé, sem eftir þessu frv. á að ganga til Skuldaskilasjóðs. Ég er fús til að leita samvinnu við hv. Sjálfstfl. í þessu efni. Ég taldi tormerki á því, að finna leiðir til að afla þessa fjár, sem leggja á fram samkv. frv., en það nemur um 1 milljón kr. á ári í 6 ár, og lengur þó, ef útflutningsgjald er áætlað of hátt. Ég verð að segja það, að ég var vondaufur um, að það lánaðist að finna svona háa upphæð. Ég tók það þó fram í ræðu minni í gær, að þó að það tækist ekki að leysa málið að fullu, þá væri engin ástæða til að örvænta. Það mætti e. t. v. taka einn þátt út úr og leysa hann.

Ég vil benda á, að jafnhliða þessu verður að athuga hverjar leiðir er hægt að fara til þess að *létta rekstrarafkomu útgerðarinnar*. Því það er ekki mikið fengið, þó skuldaskil séu gerð í bili, ef útgerðin getur svo ekki gengið áfallalítið. Það hefir verið drepið á það í umr., að vaxtakjör og tryggingakjör smábátanna eru með endemum erfið. Vextir og iðgjöld nema oft um 15% af andvirði bátsins. Það segir sig sjálft, hvílíkur baggi þetta er á útgerðinni. Það munar miklu, ef hægt er að komast að auðveldari *kjörum*. *Olíufélögin* selja t. d. olíuna með 10% verðmun, eftir því hvort hún er greidd strax eða um lán er að ræða. Þetta nemur ekki svo litlu, og svona mætti eflaust lengi telja.

Ég benti á það í gær, að við mættum ekki standa svo sneyddir að orku, þegar búið væri að afgreiða þetta frv., að ekki væri hægt að gera neitt til þess að létta undir rekstrarafkomuna. Ég lít svo á, að það, sem liggi hér fyrir að gera, sé ekki það, að brýna hver annan með óheilindum í þessu máli, heldur að reyna að komast að samkomulagi um það, hvað mikið fé sé hægt að leggja fram og á hvern hátt það geti komið að sem beztum notum. Mér var því ánægja að *heyra yfirlýsingu* hv. þm. G.-K., því það er rangt hjá hv. 6. þm. Reykv., að hægt sé að taka afstöðu til þessa máls án þess að vita, hvort hægt sé að afla fjár til þess að framkvæma það. Það verður jafnframt að taka afstöðu til þess, hvernig hægt er að afla fjárins, því annars verður þetta aldrei annað en pappírsgagn.

Ég skal svo ekki tefja umr. um þetta mál. Ég kysi svo, að það færi sem fyrst til sjútvn. og að hún tæki það til athugunar að fengnu nál. mþn. og heildarskýrslum hennar, — en það er bagalegt, að þær skuli ekki liggja hér fyrir, — svo að hægt sé að athuga, hvort ekki mætti létta *fyrir einhverjum hluta útgerðarinnar*, þó ekki væri lagt fram eins mikið fé og gert er ráð fyrir í frv.

**Bergur Jónsson** (óyfirl.): Hv. þm. Vestm. sagði réttilega, að hæstv. atvmrh. hefði tekið fram í bókun sjútvn., að hann teldi sér ekki fært að leggja með því, að frv. væri flutt inn í þingið, nema séð væri fyrir fjárhagshlið málsins. Ég vil benda á það, að ég er ekki bundinn af afstöðu hæstv. atvmrh. Hv. þm. sjálfstmanna hafa með framkomu sinni í sjútvn. slegið vopnin úr hendi sér í því að sanna það, að ég vildi ekki vera flm. *málsins*. *Ég hefi lýst því yfir við umr.*, að ég er hlynntur málinu og tel nauðsyn á því að veita sjávarútveginum hjálp. En með því að bera fram till. í sjútvn. og flytja svo málið, án þess að ég hefði aðstöðu til að athuga það, hafa hv. þm. sjálfstæðismanna útilokað, að ég gæti orðið flm. frv. Eftir að hafa borið fram till. á röngum tíma og byggða á röngum forsendum fara þeir svo til flokksbróður síns, hv. þm. Ak., og fá hann til þess að gerast meðflm. frv., þó að hann væri búinn að bera fram brtt., sem færi í bága við þetta frv. Það þýðir enginn kattarþvottur fyrir hv. þm. Ak. í þessu máli. Það getur *enginn þm. með fullu viti borið fram till.*, þar sem á að verja ¼ af sjóði í þessum tilgangi og svo jafnframt borið fram frv., þar sem á að verja öllum sjóðnum í allt öðrum tilgangi. Ég vil ekki gera of lítið úr hv. þm. Ak. og geng því að því sem vísu, að hann hafi ekki lesið frv. áður en hann flutti það. Ef hann hefir lesið frv. og haft aðstöðu til þess að kynna sér það, þá er hann of mikill til þess að hann geti setið hér á hv. Alþ. Það er alveg sama, hvað hv. þm. Ak. gerir sig háværan, og hvað miklar áherzlur hann leggur á orð sín og hve mikil rök hann reynir að tína fram. Þetta er svo einfalt mál, að hver þm. *hlýtur* að skilja það, að svona tviskinnungur, svona mótsögn getur ekki átt sér stað nema hv. þm. bíði hnekki á því. Ég vil benda á það, að það er stutt síðan hv. þm. Ak. gerði hlut hér í þinginu, sem hann hefir líklega gert óvart. Hann bar fram brtt., sem var í algerðri mótsögn við meiningu hans sjálfs. Hann hélt því fram í því sambandi, að hann væri búinn að búa til sérstök *úrfellingsmerki*, sem væru þannig gerð, að sum orð féllu úr, en önnur ekki. Hver þm. skildi brtt. á réttan hátt. En hæstv. forseti bar till. upp með röngum skilningi, sem fór í bága við orð í till. Ég er ekki að ásaka hv. þm. Ak., þó

hann beri fram slíka vitleysu, en ég ásaka hann fyrir að vera sá þrákálfur að verja þessa vitleysu. Hann átti að vera svo heiðarlegur maður og lítillátur að viðurkenna, að hann hafði gert vitleysu og taka aftur till. Ég vona, að hv. þm. hafi fengið þá lexíu í þessari útreið sinni, þrátt fyrir góðvilja hæstv. forseta og hv. þm., að hann reyni að hlaupa ekki svona á sig aftur.

Hv. þm. Ak. biður um orðið. Ég þekki hann það mikið, að ég veit, að hann bætir sig ekki með því að halda fleiri ræður, nema hann ætli þá að koma fram sem iðrandi syndari og viðurkenna, að hann hafi flaskað á almennustu reglum rökfræðinnar. Ég tek þetta dæmi til þess að sýna það, að mþn. í sjávarútvegsmálum hefir fengið mann til þess að flytja frv., sem ómögulegt er, að hafi lesið það yfir.

Hv. þm. Vestm. talaði um einhverja ókurteisi, sem meiri hl. sjútvn. hefði sýnt minni hl. Það er nú alls ekki sannað, að hann og flokksbróðir hans í sjútvn. séu í minni hl. Það hefir engin atkvgr. farið fram um málið í sjútvn. Ég hefi ennþá ekki orðið var við svo nákvæma kurteisi af hendi hv. sjálfstæðismanna. En hv. 6. þm. Reykv. get ég trúað til allra hugsanlegra skammarstrika.

T. d. í framsöguræðu sinni í gær notaði hann nál. meðnm. sinna til að halda langa ræðu. En nál. hefði átt að prenta til gagns fyrir þm. Annars vil ég benda þessum hv. þm. á, að öllum þm. leiðist að hlusta á hann. Hann er ættaður úr Barðardalnum eins og hv. þm. S.-Þ., og er samflokksmaður hv. þm. G.-K., sem hatar hv. þm. S.-Þ. Þrátt fyrir það veit ég ekki til þess, að hann hafi þorað að ráðast opinberlega á hv. þm. S.-Þ. Ekki veit ég, hvort það er gömul bræðralagshugmynd, sem eimir eftir. Ég tel, að heppilegra hefði verið fyrir þennan hv. þm. að sleppa ekki höfuðpaur Framsfl., þegar hann ræðst á okkur hina framsóknarmennina.

Hann hefir víst ekki lengur þessi hv. þm. ráð á neinu blaði. Sjálfstfl. hefir notað hann til þess, en er orðinn þreyttur á honum. Ég hefi heyrt sagt, að hann hafi fengið 600 kr. fyrir 9 mán. undanfarið við blaðastarf. Ég met það starf náttúrlega ekki meira, en hygg að hann hafi verið í þörf fyrir þær tekjur til að framfleyta lífinu. Ég verð því að gefa hv. þm. sama ráð og hv. þm. Ak., þó ekki sé af sömu ástæðu og ég meti hv. þm. Ak. talsvert meira sem mann, þá verð ég að ráðleggja honum að fara ekki lengra út í deilur á þeim hála ís, sem hann hefir gengið, með því að gefa Mbl. falskar upplýsingar um nefndarstörf hér í þinginu. Því hann er með því búinn að skapa sér fyrirlitningu allra góðra manna, með því að gera þessa lýðskrumstilraun, sem er sú stærsta, er gerð hefir verið hér á landi. Mér þykir ánægjulegt, vegna þess að ég er framsóknarmaður, að það skyldu vera 2 sjálfstæðismenn, sem stóðu fyrir þessu lýðskrumi, en einkum þó að það skyldi vera hv. 6. þm. Reykv. Mér þykir leiðinlegra, að hinn skyldi vera hv. þm. Vestm., því ég met hann töluvert mikils. Vil ég því kenna hv. 6. þm. Reykv. algerlega um þessar hrapallegu heimskulegu aðfarir. Þeir þurfa ekki að halda það, hversu lengi sem þeir halda áfram, að þeir geti þvegið af sér þennan smánarblett, sem þeir eru búnir að setja á sig, með því að ætla að gera þetta mál að kosningabombu, að við tveir sjútvnm., sem ekki höfðum séð frv., skyldum ekki vilja gerast meðflm. Það vill nú svo einkennilega til, að ég hefi átt einkaviðtöl við hv. 6. þm. Reykv., og hann hefir játað það — hann var einstaklega bljúgur þá —, að hann hafi sagt Mbl., að till. hafi verið borin upp á nefndarfundi og felld. Þessi hv. þm. er heimskur, en þó ekki heimskari en gerist og gengur; hann vissi því, að þetta var ekki nema hálfur sannleikur. Hann bar fram falsrök, gaf blaðinu falskar upplýsingar. Ég þekki a. m. k. annan ritstjóra þessa blaðs það vel, að ég veit, að hann hefði ekki birt málið eins og hann gerði, ef hann hefði vitað sannleikann.

Hv. þm. Vestm. var yfirleitt hógvær í minn garð, en ég skal taka það fram, að mér leiddust þau hrósyrði, sem hann lét falla í minn garð, og ég skildi þau ekki almennilega. Ég hefi e. t. v. ekki átt þau skilið, en mér þykir óviðfelldið, þegar andstæðingar mínir viðhafa þau orð eins og ég sé tilbúinn svikari við minn flokk, sem þurfi að ánetja. Ég held, að ég verði því að afbiðja mér slíkt orðbragð eða slík hrósyrði, þó svo að ég eigi þau kannske skilið. Hann sagði, að hv. 3. landsk. hefði játað í gær, að talað hefði verið um þetta mál í Alþfl. Ég skal ekkert um það segja; ég veit, að hv. 3. landsk. og hæstv. atvmrh. geta sagt um, hvort svo er. En hitt er mér óhætt að fullyrða, sem form. sjútvn. getur vottað og hæstv. atvmrh. líka, að þetta frv. hafði aldrei komið fyrir sjónir mínar fyrr en 31. okt., er því var útbýtt hér í deildinni og hin fræga atkvgr. í sjútvn. var afstaðin. Mér þótti leiðinlegt, að hv. þm. Vestm. skyldi efast um, hvort ég hefði séð frv. eða ekki, en ég get lagt eið út á, að ég sá það ekki fyrr en það var borið fram. Ég verð að segja það, að þessi aðferð mþn.manna í sjútv.málum var alveg sérstaklega áberandi lýðskrum, gert í því skyni að skaða Framsókn og Alþfl. En ég skal taka það fram enn einu sinni, að þrátt fyrir þessa óheyrilega heimskulegu framkomu og ódrengskap, sem þeir hafa sýnt bæði mér og meðnm. mínum, mun ég ekki láta það í neinu hafa áhrif á aðstöðu sína í þessu máli; ég mun fylgja því að svo miklu leyti, sem mér er unnt.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hefi áður sagt, að það sé eins mikil nauðsyn að hjálpa sjútv. og landbún., og full ástæða sé til að koma sjútv. á réttan kjöl, þó sú hjálp væri ekki eins aðkallandi og til landb., vegna þess gífurlega verðfalls, sem varð á landbúnaðarafurðunum. Ég mun því, þrátt fyrir undirferlislega framkomu sjálfstæðismanna í sjútvn., líta hlutdrægnislaust á þessi mál, og fylgja þeim svo langt sem fært er og til gagns fyrir almenning í landinu, en ég mun aldrei fylgja því út fyrir takmörk þau, sem ríkinu er fært. Hv. þm. Vestm. sagði, að ég hefði snúizt illa við brtt. hv. þm. Ísaf. og verið á móti till. hans. Ég skal játa það, og ég býst við, að hv. þm. Ísaf. játi það líka, að það var eingöngu fyrir mitt tilstilli, að till. kom til atkv. í n., og ég gerði það bara af þeim ástæðum, að ég vildi sjá, hve langt þessir hv. meðnm. vildu ganga í ósómanum. Jafnframt skal ég taka fram, að ég svara ekki fyrir hv. þm. Ísaf., dettur það

ekki í hug, en ég svara fyrir mig sérstaklega, og ég held, að mér sé óhætt að svara fyrir hv. 3. landsk., að hann hafði ekki séð frv. Form. sjútvn., hv. þm. Ísaf., getur svarað fyrir sig, hvers vegna hann var ekki tilbúinn að greiða atkv. Ég skal taka það fram, að mér þykir eðlilegt, að hv. þm. Ísaf. sýndi mér og hv. 3. landsk. það loyalitet, að greiða ekki atkv., þar sem hann vissi, að við höfðum ekki séð frv. Að lokum þetta, sem er höfuðatriðið og hver einasti þm., sem ekki er algerlega skyni skroppinn, hlýtur að skilja, að hér var um lýðskrumstilraun að ræða, og ekkert annað, og það skal ég upplýsa fyrir þjóðinni, svo hún geti kveðið upp sinn dóm. Ég skal taka fram, að mér þykir leiðinlegt, að hv. þm. Vestm. hefir verið með að leika þennan stærsta loddaraleik, sem leikinn hefir verið í íslenzkum stjórnmálum.

**Jónas Guðmundsson:** Ég verð að byrja á því að leiðrétta mismæli hjá hv. þm. Barð. Hann mun hafa átt við 6. þm. Reykv. í ræðu sinni, er hann nefndi 6. landsk. (**BJ:** Mér er ljúft að taka það til greina. — **ÓTh:** Ljúft að breyta öllu sem hann sagði. — **BJ:** Því mikill er mannamunur, þó báðir hafi töluna 6).

Ég ætlaði að mótmæla þeim misskilningi, sem virtist koma fram hjá hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., að Alþfl. sé mótfallinn eða fjandsamlegur þessu máli. Viðvíkjandi þeim deilum, sem orðið hafa um það, hvernig þetta mál er komið inn í deildina, álít ég, að það sé sérstakt mál og eigi að ræða sérstaklega, en ekki blanda því inn í þessar umr. um frv.

Mitt álit er, að þetta mál sé komið of fljótt inn í deildina, ekki vegna þess, að það sé ónauðsynlegt, heldur vegna þess, að það vantar grundvöllinn, vantar upplýsingarnar, sem frv. er byggt á. Þetta er stórmál, og ég vil gera ráð fyrir því, að hv. þm. vilji ekki binda millj. kr. af tekjum ríkisins og leggja því ábyrgðir á herðar, án þess að athuga vandlega, hvað verið er að gera, og afla sér þekkingar um málið. Þess vegna átti málið ekki að koma fram áður en fylgiskjölin eru komin. (**JJós:** Er ekki grg. með frv.?). Jú, grg. er góð, en ekki svo góð, að unnt sé á henni að byggja. Ég vil taka það fram, að þegar farið verður að fjalla um þetta frv., þarf betri grundvöll en er, og vildi því mega vænta þess, að skýrslur mþn. kæmu sem allra fyrst að unnt er, svo styðjast megi við þær. (**JJós:** Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að þær verði til á föstudagskvöld). Það er ágætt. Þetta er langt mál og yfirgripsmikið, og við þm., sem sitjum hér í þinghúsinu frá því kl. 9 að morgni og fram til kl. 7 að kvöldi eða lengur, eigum ekki gott með að lesa langar skýrslur og kynna okkur stór mál, vegna þess að við höfum lítinn afgangstíma, nema hafa nokkurn fyrirvara.

Ég get látið nægja að mestu leyti að vísa til þess, sem hæstv. atvmrh. sagði í sinni ræðu f. h. Alþfl. Ég álít, að það sé nauðsynjamál að létta skuldafjötrunum af sjávarútveginum. En að komið er eins og raun ber vitni er að miklu leyti sök Alþingis, eða þeirrar stefnu, sem Alþ. hefir fylgt undanfarin ár, og á því ber Alþfl. ekki ábyrgð, heldur fyrst og fremst þeir flokkar, sem með völdin hafa farið í þjóðfél. á undanförnum árum. Stefnan hefir verið sú, að ganga á útgerðina — jafnt stórútgerð og smáútgerð — og iðnaðinn í landinu, sem er lítill. Það hefir verið gengið á þessar aðalatvinnugreinar þjóðfélagsins, og viðreisn landbúnaðarins var byggð á þessum atvinnugreinum, að þær legðu fram fé til landbúnaðarins. Þetta var þægilegasta leiðin til að hjálpa landbúnaðinum í svipinn, en það getur ekki gengið til lengdar. Þetta getur ekki endað á annað veg en þann, að þessar atvinnugreinar hljóta að veslast upp. Ef við lítum á fjárl. þessa árs, sjáum við, að styrkir til landbúnaðarins nema um 2 millj. króna. Í 16. gr. fjárl. eru áætlaðar 1450 þús. kr. í þessu skyni. Þetta er ekki minna en ⅙ hluti af öllum tekjum ríkisins. Nú er svo komið, að útgerðin — jafnt stórútgerð sem smáútgerð — getur ekki risið undir þessu lengur. En það er ekki til neins að ætla fé úr ríkissjóði til viðreisnar, það er ekki hægt fyrir ríkissjóð að veita þessari atvinnugrein líka styrk. Ég álít, að þessi stefna Alþ. hafi verið skökk, en handhægust í svipinn, og það er ekki hægt að rétta við til fulls á þessu þingi. Ég býst við, að sökin á því, að þessari stefnu hefir verið fylgt, sé hjá tveimur aðalflokkum þingsins, Framsfl. og Sjálfstfl., og hún hefir byggzt að miklu leyti á ranglátri kjördæmaskipan, af því það hafði pólitíska þýðingu að vera vinur bændanna, og við verðum enn varir við þetta hér á þinginu.

En atvinnuvegir kaupstaðanna þola þetta ekki lengur, og það verður að leita úrlausnar. Viðreisnin er tvíþætt. Í fyrsta lagi verður að létta skuldabyrði atvinnuveganna og afla þeim rekstrarfjár, og í öðru lagi verður að sjá um, að tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga við sjávarsíðuna verði þannig hagað, að þegar ríkið léttir af útgerðinni, þurfi þau ekki að níðast á henni. Fyrra atriðið er hér verið að reyna að leysa; virðist skynsamleg hugsun liggja bak við frv. og vera stefnt í rétta átt. En þetta rekur sig á gömlu stefnuna, rekur sig á gamlar syndir, — það má ekki létta gjöldunum af sjávarútv. vegna ríkissjóðs, vegna þess að sjávarútvegurinn hefir verið látinn leggja of mikið fram til ríkissjóðs.

En megingallinn á frv. er sá, að það hefði átt að vera í tvennu lagi, smáútgerðin sér og stórútgerðin sér. Það er þægilegra að leysa málið á þann hátt. Skuldir þær, sem hvíla á smáútveginum, eru allt annars eðlis en skuldir stórútgerðarinnar, sem eru aðallega skuldir við banka, en skuldir smáútgerðarinnar eru í miklu fleiri stöðum. Að undanteknum þeim stöðum utan Rvíkur, þar sem eru bankaútibú, eru skuldir hennar miklu meiri annarsstaðar en við bankana. Þeirra skuldamál verður því að leysa á annan hátt. Ég vil því eindregið beina því til sjútvn., hvort hún sæi sér ekki fært að taka frv. og skipta því í tvennt. Taka fyrst smáútgerðina og reyna að gera skuldaskil hennar á þann hátt, sem bezt er og fljótlegast. Taka síðan stórútgerðina sér og leysa hennar mál næst.

Ég mun fylgja þessu máli eins og vit og orka leyfir og ég sé heppilegast fyrir þjóðina. Ég býst við, að það taki mörg ár að breyta þeirri

stefnu, sem hefir verið, en á þessu þingi mætti þó hefja þá stefnubreytingu, og væri þá vel.

Það mætti ef til vill nú taka smáútgerðina, sem er meginþáttur allrar útgerðar utan Rvíkur, til skuldaskila, eins og gert er ráð fyrir, svo smásveitarfél. eða byggðarlög, sem mjög er að þrengt, þurfi ekki að gefast upp.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 8. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Þorbergur Þorleifsson:** Við umr. um kjötlögin hér í d. fyrir skemmstu komst hv. 6. þm. Reykv. svo að orði, að framsóknarmenn reyndu að gera öll mál að kosningabeitu. Þetta sagði hann í miklum umvöndunar- og heilræðistón. En það virðist fara svo fyrir þessum hv. þm. — eins og mörgum öðrum, bæði fyrr og síðar —, að honum gangi betur að kenna heilræðin en halda þau.

Í fyrstu ræðu sinni, framsöguræðunni um þetta mál, sem hér liggur fyrir, reyndi hann þegar að túlka málið þannig, að nota það sem agitations"mál gegn stjórnarflokkunum. Allar þær ræður, sem sjálfstæðismenn hafa flutt um þetta mál hér í d. síðan, hafa meira og minna gengið út á það, að reyna að sverta þá menn, sem standa að hæstv. ríkisstj., og ætla þeim hinar verstu hvatir í þessu máli. Þetta er nú að vísu alls ekki ný bóla hvað okkur framsóknarmenn snertir, þó að það sé reynt að klína því á okkur, að við séum yfirleitt fjandsamlegir útgerðinni og sjávarútveginum yfir höfuð. Mun aðalorsök þess vera sú, að við höfum viljað stuðla að aukinni menningu sveitanna og því, að við landbúnaðinn sé beitt nútíma tækni, en ekki miðaldalaginu gamla, og svo af því, að við erum fyrst og fremst fulltrúar sveitanna hér á Alþingi. En ég minnist þess ekki, að jafnaðarmenn í heild hafi verið vændir um það fyrri, að bera kala til sjávarútvegsins. Og þótt það kunni að takast að fá einhverja til að trúa því, að við framsóknarmenn séum fjandsamlegir sjávarútveginum, þá trúir enginn því, að jafnaðarmenn vilji þann atvinnuveg feigan, svo að það er í raun og veru vel við unandi fyrir okkur þm. Framsfl. að vera undir sama númeri og hv. þm. jafnaðarmanna í þessu máli, sem margir eru þekktir að því að bera hag sjávarútvegsins mjög fyrir brjósti og hafa meira og minna starfað fyrir þann atvinnuveg og eru fulltrúar fyrir það fólk, sem að honum stendur og byggir sitt líf og tilveru á gæfu hans og gengi. En þrátt fyrir þetta ætla ég ekki að láta því ómótmælt hér á Alþingi, að ég sem framsóknarmaður beri nokkurn kala til sjávarútvegsins eða vilji leggja stein í götu hans eða nokkurs annars heiðarlegs atvinnuvegar, er þjóðin stundar. Ýms þau ummæli, sem hafa fallið hjá sjálfstæðismönnum undir umr. um þetta mál í garð okkar, sem stöndum að hæstv. ríkisstjórn, eru mjög svo óviðeigandi og dæma sig sjálf. Jafnvel hv. þm. Ak., sem gaf sjálfum sér þann vitnisburð — og ég held alveg með réttu —, að hann hefði bæði góða skapgerð og væri vel upp alinn, — jafnvel hann talaði í æsingu um þetta mál og lýsti yfir því, að sá flokkur, sem stendur að hæstv. ríkisstj., hafi aldrei nokkurn tíma tekið vel þeim málum, sem horfa sjávarútveginum til góða. Þegar svona lætur nú í hinu græna tré í þessu falli, þá er ekki að furða, þó að nokkuð iskri í greinum hinna visnu. En hvað mikið sem þeir reyna til, hv. sjálfstæðismenn, þá mun þeim aldrei takast að fá menn almennt til að trúa því, að það séu nokkrir menn svo heimskir og illgjarnir á Alþingi, að þeir vilji láta falla í rústir annan aðalatvinnuveg landsmanna, og þá þann atvinnuveg, sem eins og nú er komið heldur mest uppi ríkisbúskapnum. Og ég fyrir mitt leyti geri engan mun á þessum tveimur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Ég vil gengi þeirra beggja. Þjóðin getur ekki lifað í landinu, svo að nokkurt líf geti talizt, nema báðir þessir atvinnuvegir gangi vel. Og hvað sjávarútveginn snertir, þá vil ég fullyrða, að á Alþingi er enginn sá maður, sem ekki veit, að það er undir gengi þess atvinnuvegar komið, hvort við getum staðið við skuldbindingar okkar við útlönd. Það væri því mjög óviðeigandi og heimskulegt að vilja þann atvinnuveg feigan. Og svo standa hv. sjálfstæðismenn upp hver eftir annan hér í d. og tala allir um það, að stjórnarflokkarnir vilji ekkert gera fyrir þennan atvinnuveg. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að þeir geti framvegis sparað sér þá fyrirhöfn. Enginn trúir þeim.

En svo að ég víki nú beinlínis að málinu sjálfu, sem hér liggur fyrir, þá er þar skemmst af að segja, að þessu máli verður að taka vel. Framsöguræða sú, sem hv. 6. þm. Reykv. flutti um málið, hvort sem hún nú var úr einhverri grg. um málið eða hugsuð af honum sjálfum, var ágæt allt þar til hann fór að tala um hvatir okkar stjórnarliða í málinu. Þá fór honum að vefjast tunga um tönn, sem sýnir, að þessi hv. þm. er þó ekki svo gerspilltur, að hann hikstar á ósannindunum. Vandræði útgerðarinnar verður að leysa, en það virðist svo, að málið sé ekki nægilega undirbúið til þess, að hægt sé að leysa það á þessu þingi, þar sem enn hefir ekki verið bent á neina tekjuöflunarleið, sem hægt er að fara til að standast þann kostnað, sem framkvæmd væntanlegrar löggjafar um þetta mundi hafa í för með sér. Að vísu hefir hv. þm. G.-K. látið í ljós, að hann mundi benda á leið til tekjuöflunar, og hæstv. atvmrh. lýsti því yfir í gær, að það mundi verða tekið til athugunar í stj., hvort takast mætti að leysa málið á þeim grundvelli nú þegar á þessu þingi.

Mín skoðun er sú, að til Skuldaskilasjóðs útgerðarmanna ætti að stofna á svipaðan hátt og Kreppulánasjóðs, og ef sú leið væri farin, mætti leysa málið nú þegar á þessu þingi. Að fara þá leið þykir ýmsum ófært, vegna þess að það leiði til þess, að festist of mikið veltufé landsmanna í bönkunum um langan tíma. En því er þar til að svara, að þá er ekki annað en að taka lán, ef ýtrasta nauðsyn krefur, til þess að auka veltufé bankanna, eða þá að auka seðlaútgáfuna. Að vísu má þá segja, að allt beri að sama brunni, ef einhverntíma verður að taka lán til þessa, og betra sé að taka lán strax til að standa undir væntanlegum Skuldaskilasjóði. En frestur á lántöku í lengstu lög getur aldrei verið skaði. Frest-

ur er á illu beztur. Og oft er það svo í lífinu, að sá, sem vinnur tíma, vinnur allt. Ég held því að öllu athuguðu, að enginn geti bent á aðra heppilegri leið í þessu máli til að leysa það á þessu þingi heldur en að til þessa skuldaskilasjóðs verði stofnað á sama hátt og Kreppulánasjóðs.

**Finnur Jónsson:** Ég þarf að svara nokkru síðustu ræðu hv. þm. Vestm. Hann fullyrðir það, að við Alþfl.menn höfum frá því fyrsta verið þessu máli fjandsamlegir, og vitnaði þar til afstöðu minnar til málsins á fiskiþinginu. Ég hefi áður lýst því, hvernig þetta mál bar þar að, það var tekið fyrir í n., sem ég átti sæti í, en ég var ekki á fundi, þegar málið var tekið fyrir, eins og hv. þm. Vestm. líka veit, þar sem hann las upp nál. um málið, sem var samþ. á fiskiþinginu, þar sem ég var ekki undirskrifaður.

Ég hefi áður lýst því, að þetta mál hafi komið fram á fiskiþinginu rétt í þingslitin, till. hafi komið fram órædd og ætlazt til, að menn greiddu undir eins atkv. um málið. Þannig hafa þessir hv. þm. hvað eftir annað gert sig seka um opinber ósannindi í þessu máli.

Við atkvgr. í þessu máli greiddi ég og tveir aðrir atkv. á móti till., en eins og tekið er fram í grg. okkar þriggja fyrir atkvgr., þá bar ekki að skilja okkar mótatkv. þannig, að við vildum ekki greiða fyrir málinu, heldur bar að skilja atkvgr. okkar svo, að við mótmæltum þeirri meðferð, sem fiskiþingið hafði á þessu máli. Þetta var alveg sama aðferðin og þessir tveir hv. þm. leyfðu sér að viðhafa í sjútvn. Nd., að gengið yrði til atkv. um þetta mál algerlega órætt og óathugað. Ég svara sjálfur fyrir mína afstöðu í þessu máli, og ég veit, að hinir tveir fiskiþingsmennirnir, sem greiddu atkv. eins og ég á fiskiþinginu, munu svara fyrir sig eins og ég geri, en þeir láta ekki bjóða sér að greiða atkv. með máli, sem þeir þekkja ekki og hefir ekki verið rætt.

Hv. þm. Vestm. hefir leyft sér að halda því fram, að Alþfl. hafi tekið þessu máli óvingjarnlega. Ég lýsi hann ópinberan ósannindamann að þessu. Leyfi ég mér að staðhæfa, að hann beri það fram á móti betri vitund. Ég vitna þar til fundagerða sjútvn. um þetta mál og vil leyfa mér að lesa hér upp úr fundargerðabók sjútvn. þessu til sönnunar.

Ég ætla að byrja á því að lesa kafla úr bókun frá fundi sjútvn. hinn 27. okt. síðastl., þegar tekin var til umr. till. frá hv. sjálfstæðismönnum í n. um að sjútvn. skyldi flytja þetta frv. Bókunin er á þessa leið:

„Allir á fundi. Mættur er á fundinum atvinnumálaráðherra ásamt Kristjáni Jónssyni nefndarmanni úr milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum. Atvmrh. lagði fyrir nefndina eftirtalin frv.:

1) Frv. til laga um skuldaskilasjóð útgerðarmanna.

2) Frv. til laga um fiskiveiðasjóð Íslands.

3) Frv. til laga um vátryggingar opinna vélbáta.

Ráðherrann óskaði þess getið, að frv. þessi væru öll samin af mþn. í sjútvm., sem hefði óskað eftir því, að sjútvn. Nd. fengi þau til athugunar nú þegar, þó að nál. og heildarskýrslur hennar væru eigi enn fullprentaðar. Þar sem ríkisstj. hefði eigi borizt frv. þessi fyrr en nokkru eftir þingbyrjun, hefði ríkisstj. ekki getað haft hliðsjón af þeim við samningu frv. til fjárlaga og tekjuaukalaga og treystist því ekki til að óska eftir því, að frv. verði samþ. á þessu þingi, nema jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess að mæta þeim útgjöldum og tekjumissi fyrir ríkissjóð, sem leiða mundi af samþykkt tveggja hinna fyrrtöldu frv."

Ég bið hv. þdm. að taka vel eftir því, að hæstv. atvmrh. lætur þá þegar bóka þetta, að hann geti ekki lagt til, að frv. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna verði samþ., nema jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess að mæta þeim útgjöldum og tekjumissi, sem frv. mundi baka ríkissjóði, ef það yrði samþ. Síðan lætur hæstv. ráðh. ennfremur bóka:

„Hinsvegar óskar ríkisstj. þess, að sjútvn. taki frv. til athugunar og tekjumöguleika í sambandi við þau, og jafnframt að hún rannsaki sérstaklega, þegar fyrir liggur heildarskýrsla mþn., hvort eigi sé unnt að gera þegar á þessu þingi ráðstafanir til þess að hjálpa einhverjum hluta útgerðarinnar til að fá samninga um skuldaskil, þótt eigi þætti fært að gera slíkar ráðstafanir fyrir alla útgerðina, stærri sem smærri, að svo stöddu."

Það er m. ö. o., að hv. þm. Vestm., sem með óþinglegum orðum hefir lýst afstöðu minni til þessa máls, hann stendur hér afhjúpaður sem visvitandi opinber ósannindamaður að ummælum í minn garð og hæstv. ráðh. Ég verð að álíta, að hv. þm. Vestm. sé ekki svo skyni skroppinn, að hann viti ekki, hvað bókað er í gerðabók sjútvn. og lesið hefir verið yfir honum nú fyrir nokkrum dögum. Ég lýsti því yfir í upphafi þessarar umr., að afstaða mín í málinu væri hin sama og afstaða hæstv. atvmrh., sem hann lét bóka, sem sé sú, að þegar heildarskýrslur mþn. í sjávarútvegsmálum væru komnar, vildi hann láta athuga það, hvort ekki væri hægt að finna leið til þess að gera ráðstafanir um skuldaskil fyrir nokkurn hluta útgerðarinnar á þessu ári. Þessari afstöðu hefir hæstv. ráðh. lýst, og þessari afstöðu til málsins lýsti ég f. h. Alþfl. Allt annað, sem þessi hv. þm. og aðrir flokksmenn hans hafa sagt um afstöðu okkar til málsins, er blekking ein, og eingöngu flutt í því skyni, að þetta mál geti orðið þeirra flokki sú mesta kosningabeita, sem þeir nokkru sinni hafa haft. Hagandi atkvgr. og flutningi málsins á nefndum fundi sjútvn. eins og þeir gerðu, sáu þeir, sjálfstæðismenn í n., að það var ómögulegt fyrir aðra en þá að samþ. að flytja frv., meðan við hinir höfðum ekki fengið tækifæri til þess að kynna okkur það. Þetta leyfi ég mér að ákæra og dæma neðan við allar hellur. Hv. þm. þótti ég illa að mér í réttarfarslöggjöfinni, þar sem ég gerði mig bæði að ákæranda og dómara. Ég veit ekki betur en að fyrir undirrétti hafi dómarinn bæði ákæruvald og dómsvald. Í hæstarétti hafa dómararnir aðeins dómsvaldið. Ef hv. þm. meinar það, að ég sé einskonar hæstiréttur í þessu máli, þá má ég því náttúrlega vel una. Hv. þm. talaði um, að ég hefði hv. þm. Barð. og hv. 3. landsk. í taumi í sjútvn. Nú er það svo, að sjútvn. hefir

ekki klofnað nema í tveimur málum af þrettán, sem fyrir n. hafa komið frá byrjun þessa þings. Ef því það er rétt, sem hv. þm. segir, að ég hafi hv. þm. Barð. og hv. 3. landsk. í taumi í sjútvn., þá lítur út fyrir, að ég hafi einnig nokkurt taumhald á hv. fulltrúum Sjálfstfl. í n. Annars verð ég að mótmæla þessum ummælum, sem hv. þm. Vestm. hefir viðhaft, bæði um sjálfan sig og aðra hv. nm. Ég held, að þeir allir greiði þar atkv. eftir eigin sannfæringu, og að það sé ekkert óeðlilegt við það, þó að n. hafi orðið sammála um ellefu mál af þrettán. Hann var að tala um það, hv. þm. Vestm., að hann vildi ekki láta mig teyma sig á eyrunum. Ég get vel trúað því, að hann vilji það ekki, þó eyru hans séu vel sköpuð til taumhalds.

Það er alveg sama, hvernig hv. sjálfstæðismenn reyna að verja þennan ranga málflutning sinn. Hann mun vera einsdæmi í þingsögunni sá málflutningur, sem hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm. hafa leyft sér að hafa í sjútvn. í sambandi við þetta mál. Það hefir nú komið í ljós, hvað meint var með þessum málflutningi. Hv. þm. Vestm. hefir skýrt frá því í þessari hv. d., með því að segja, að dómurinn verði ekki felldur af sér, heldur af þeim mikla fjölda manna, sem hjálparinnar eiga að njóta. Það er m. ö. o. ljóst og viðurkennt, að þeir hafa haft þessa óviðurkvæmilegu flaustrslegu meðferð á málinu til þess að útiloka okkur jafnaðarmenn og hv. þm. Barð. frá því að geta verið flm. frv., til þess síðan að geta notað málið sem kosningabeitu. Fyrir þessu eru svo órækar sannanir, að ég hika ekki við að kveða upp yfir þessum hv. þm. verðskuldaðan dóm.

**Páll Þorbjörnsson:** Í ræðum hv. þm. Vestm. og hv. 6. þm. Reykv. hefir það komið berlega í ljós, að það er af þeim talið algert aukaatriði, hvort sjávarútvegsnefndarmenn, eða þeir, sem urðu flm. þessa frv., höfðu lesið það áður en þeir gerðust flm. þess. Hv. sjálfstæðismenn, sem fluttu frv., máttu láta sér nægja það, að valinkunnir menn höfðu samið frv., og því var sjálfsagt, að þeir flyttu það. Þetta kemur berlega í ljós, þar sem hv. þm. Ak. flytur brtt. við annað frv. 30. okt. um að verja ¼ af útflutningsgjaldinu til strandgæzluskipanna, en 31. okt. gerist hann svo meðflm. að frv. um skuldaskilasjóð, þar sem lagt er til, að allt útflutningsgjaldið renni í þann sjóð. Af þessu kemur greinilega í ljós, að það er talið aukaatriði í Sjálfstfl., hvort flm. lesa þetta frv. áður en þeir gerast flm. þess eða ekki. Út frá þessu verður það ekkert undarleg krafa, sem gerð var til mín og hv. þm. Barð., að við tækjum að okkur að flytja frv., þó við hefðum ekki haft tækifæri til að kynna okkur efni þess. Hv. þm. Vestm. hélt því fram um Alþfl., að hann hefði fyllilega tekið afstöðu gegn frv. (**JJós:** Hv. þm. Ísaf. var núna einmitt að lýsa þessari afstöðu). Það var engin afstaða til málsins, heldur til meðferðar á því. Hv. þm. Vestm. sagði, að ég sveiflaðist fram og aftur í málinu af ótta ýmist við ríkisstj. eða skulduga útvegsmenn. Það er skiljanlegt, að hv. þm. Vestm. talar um ótta og skoðanaskipti í sambandi við sjávarútvegsmál. Það munu vera fá dæmi þess, að nokkur þm. hafi á þingi leikið annan eins skollaleik í máli og þessi hv. þm. gerði í sambandi við norsku samningana, þar sem hann talaði alltaf á móti þeim, en greiddi svo atkv. með þeim að síðustu. Það er því ekki að undra, þó hann tali um skoðanasveiflur og ótta.

Það hefir nú verið greinilega rakið, hvernig farið hefir verið með þetta frv., og lýst þeim ósanngjörnu kröfum, sem til okkar hafa verið gerðar. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að tala um það frekar að sinni, en eins og við höfum tekið fram, Alþfl.menn, erum við staðráðnir í því að fylgja frv. svo vel sem hægt er. Strax þegar heildarskýrslur koma fram í málinu frá mþn., munum við taka til athugunar, hvort ekki er hægt að taka út úr þann hluta útgerðarinnar, sem mesta þörf hefir fyrir hjálp, og hvernig hægt er að greiða götu hans.

**Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Það er nú orðið afarlangt síðan ég tók til máls um þetta mál, og hefir afarmargt verið sagt í minn garð í sambandi við málið síðan. A. m. k. þriðjungur af því öllu hafa verið persónulegar skammir til mín, út af starfi mínu í mþn., og er ekki að búast við því, að ég geti verið að elta það allt uppi.

Ég skal byrja á því að bæta úr vanrækslu hjá mér síðast þegar ég svaraði hæstv. atvmrh. Hann spurði, hvort við í skuldaframtali því, sem n. gerði fyrir sjávarútveginn, hefðum tekið með svokallaðar biðskuldir, þ. e. a. s. þær skuldir, sem í raun og veru hvíla á útgerðinni, en hafa þó verið dregnar út úr, og sem eigendur þeirra ekki greiða vexti af, a. m. k. í sumum tilfellum. Hann sagði, að þetta mundi vera mikið fé, og það get ég hugsað, að sé rétt. Ég get svarað því, að við höfum talið allar skuldir, sem hvíla á þessum atvinnuvegi; annað var ekki hægt. En síðan um áramót 1932 — en við þann tíma er framtal skuldanna miðað — hafa allmiklar breytingar orðið á skuldunum, m. a. hafa verið strikaðar út sumar af þessum biðskuldum. Ég ætla ekki að nefna nöfn í því sambandi.

Það hefir verið talað um að taka einstakar greinar sjávarútvegsins út úr og hjálpa þeim, en ég held, að það sé ekki rétt. Ég hefi haft spurnir af þeim skuldaskilum, sem bankar hafa verið að fást við, en ég get ekki séð, að þau séu til fyrirmyndar. Við höfum talað um þetta í n., og okkur hefir fundizt sjálfsagt, að sömu menn önnuðust uppgerð fyrir allan sjávarútveginn, til þess að það væri allt gert eftir sama mælikvarða. Við gerum ráð fyrir, að ekki sé hægt að gera upp á milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, þannig að hjálpa sumum, en sumum ekki. Ég held, að það verði að fara eftir efnahag hvers einstaklings. Til þess að sýna, hvernig bönkunum fer úr hendi slík uppgerð sem þessi, vil ég nefna dæmi úr einni slíkri hreingerningu um útgerðarfyrirtæki, sem átti mjög örðugt og skuldaði mikið. Bankinn neitaði því ár eftir ár um nokkra hjálp. Síðast var gengið að fyrirtækinu og að lokum gengið af því dauðu. Bankinn selur síðan öðrum útgerðina, en þegar nýi eigandinn hefir haft hana í eitt ár, er honum gefinn eftir helmingur skuldanna. Ég skal sýna annað dæmi um hreingerningu, sem banki gerði

allt í einu. Hann tók sig til og færði niður skuldir í einu byggðarlagi:

47000 kr. skuld færði hann niður í 10500 kr.
48250 — — — — — - 12000 —
30784 — — — — — - 6500 —
55600 — — — — — - 7500 —
15300 — — — — — - 3600 —
23433 — — — — — - 8500 —

Allar skuldirnar færði bankinn úr 214067 kr. í 48600 kr. Slíkar hreingerningar eru gerðar alveg af handahófi. Það er hlaupið í þetta, tekið fyrir eitt þorp eða einn fjörður. Við álítum slíkt ekki hæfilegt, við álítum, að sami mælikvarði eigi að gilda um alla. Þess vegna verð ég að telja það ekki forsvaranlegt að nota aðra aðferð en þá, sem við leggjum til að notuð verði.

Það er enginn hér viðstaddur úr hæstv. stj., svo ég verð víst að gefa henni frí í svipinn, og er þá líklega bezt að byrja á byrjuninni, með að svara hv. ræðumönnum. Eins og tekið hefir verið fram, hefði verið heppilegra, að engar umr. hefðu orðið við þessa umr. aðrar en framsöguræða mín og ræða hæstv. atvmrh. Þetta mál er svo sjálfsagt og eðlilegt, og ég held, að ég hafi ekki í minni framsöguræðu gefið neitt tilefni til þeirrar deilu, sem risið hefir í sambandi við málið, því ég forðaðist alla áreitni í framsöguræðu minni, og hið sama má segja um hæstv. atvmrh. Ræða hans var líka blátt áfram og eingöngu um málið. En sá, sem leiddi asnann, eða öllu heldur sjálfan sig inn í herbúðirnar, var hv. þm. Barð. Ég sé nú ekki þessa hv. persónu hér í salnum og verð því líklega að gefa honum frí, þó illt sé að gefa það mörgum. En raunar ætlaði ég þó að gefa honum frí, hvort sem var. Ég geri ráð fyrir, að það sé þegjandi krafa flestallra hv. þm., að með þögninni sé lofað að fenna yfir það, sem hann sagði um þetta mál. Hann á bæði sök á þessum óþörfu umr. og eins því, að tvisvar hefir orðið að fresta umr. og hverfa frá málinu. Ég ætla því að lofa þögninni að hylja afrek hans í þessu máli.

Þá skal ég snúa máli mínu til hv. 2. þm. N.-M. Hann spurði um nokkur atriði viðvíkjandi málinu, og sýna spurningar hans, að málið er ekki sérlega ljóst fyrir honum. Hann spurði, hvort eignir giftra kvenna væru taldar við efnahagsuppgerð sjávarútvegsins, þeirra, sem hefðu aðskilinn fjárhag. Sannast að segja gekk ég ekki inn að hvílurúmi hjóna við rannsókn mína. Mér datt ekki í hug önnur regla en sú, að telja fram eignir einstaklinganna, sem atvinnuveginn stunda. Ég átti ekkert við að spyrja konurnar, hversu eftirlátar þær væru mönnum sínum í fjárhagsmálum. Þá spurði hv. þm., hvort hjá hlutafélögum aðeins væru taldar eignir hluthafanna í félögunum, en ekki þær eignir, sem þeir sjálfir ættu utan við hlutafélögin. Sagði hann, að sig grunaði, að þetta mundi svo vera. Ég held, að ekki þurfi nú mikla skarpskyggni til að sjá, að svo muni vera. Það er vitanlega svo, að mörg útgerðarfélög eru með takmarkaðri ábyrgð, og það segir sig sjálft, að hjá þeim félögum eru aðeins taldar eignir félaganna.

Þá spurði hv. þm., hvernig á því stæði, að sumir skulduðu ekki nema 26% móti eignum, en aðrir skulduðu yfir 100%. Ja, það yrði nú langt mál að rannsaka og skýra það, en það gæti t. d. leitt af því, að efnahagurinn hafi verið mismunandi í upphafi. (PZ: Ég spurði ekki að því, heldur hvort ekki væri hægt að sjá einhverja sameiginlega ástæðu fyrir skuldum útgerðarmanna í sama flokki). Jú, það er hægt að sjá þá sameiginlegu ástæðu fyrir því, að reksturinn hefir verið óhagstæður. Það má annars vera, að margt hafi farið framhjá mér, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði. Mér gengur yfirleitt illa að heyra til hans og skilja það, sem hann segir, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann leggi honum til túlk næst þegar hann talar.

Þá er hv. 6. landsk. næstur í röðinni. Hann talaði yfirleitt vingjarnlega um málið og þakkaði mþn. starf hennar, þó hvergi meira en vera ber. Hann vildi mótmæla því harðlega, að Alþfl. hefði beitt sér móti málinu. Ég hefi ekki sagt, að Alþfl. hafi snúizt gegn málinu, heldur einstakir menn í flokknum. Þess er ekki að dyljast um nokkra, eins og t. d. hv. þm. Ísaf. Hv. þm. sagði, að málið væri of fljótt fram komið, en þetta er mesta fjarstæða. Þetta mál hefir verið fyrir milliþinganefnd. Það var margsinnis farið fram á það við stj., að hún flytti málið. Eftir að þ. kom saman hefir þetta dregizt, svo að út var runninn sá frestur, sem einstökum þm. er heimilt að bera fram frv. án sérstaks leyfis þd. En þá kom málið loksins fram. Það er því hinn mesti misskilningur, að málið hafi komið of snemma fram. Nú eru sumir hv. þm. að reyna að hanga í því, að nál. vanti. En ég hygg, að það sé ekki venja, að frv. séu öllu betur undirbúin, þegar þau eru lögð fyrir hv. Alþ., en þetta mál. Þetta frv. er undirbúið í mþn., sem er sjaldgæft að mál fái þvílíkan undirbúning; því fylgir grg., sem hefir að geyma meiri fróðleik og rökstuðning en venja er til, að frv. hafi. Slíkar mótbárur eru því firrur einar. En rétt er það, að þetta mál er stærra en flest þau mál, sem lögð hafa verið fyrir þ. En enginn getur hinsvegar með nokkurri skynsemi sagt, að svona mál megi ekki koma til 1. umr. fyrr en hver einasti þm., hversu þykkur haus, sem á honum kann að vera, hefir skilið það til hlítar. Það er því alrangt, að ótímabært sé, að mál með annan eins undirbúning fái að koma til 1. umr.

Ég er að hugsa um að gera að smáfiskinum fyrst, og ætla þá að víkja nokkrum orðum að hv. þm. A.-Sk. Hann talaði um þetta mál eins og hann væri því hlynntur, en guðspjallið, sem hann lagði út af, hljóðaði svo: Frestur er á illu beztur. (ÞorbÞ: Byrjaði ég á því?). Og ræðan var skrifuð, eins og presta er siður að hafa þær, og vil ég þá spyrja hv. þm., hvort hann hefir sjálfur skrifað þessa ræðu. Því að þau góðu orð, sem hann mælti, hafa miklu meira gildi, hafi hann skrifað þetta sjálfur. Eh hafi hann flutt hana í leyfi síns flokks, eða fyrir hann, gæti vel komið til mála, að flokkurinn skipti um skoðun og hv. þm. yrði þá að gera það líka. Ræðan hefir sem sagt mismunandi gildi, eftir því hver hana hefir samið. Hv. þm. sagði, að ég hefði í minni framsöguræðu gert málið að flokksmáli. Þetta er fjarstæða, enda viðurkennt af hæstv. atvmrh., að hann hafði ekkert út á mína framsöguræðu að setja, nema það eitt, að ég hefði vanrækt að

koma með eða benda á tekjur til þess að vega á móti þeim tekjumissi, sem samþ. frv. myndi hafa fyrir ríkissjóð.

Ég skal þá koma að því, sem ég ætlaði að segja viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðh., því ég sé að hann er nú mættur. Hæstv. ráðh. sagði, eins og ég hefi þegar tekið fram, að hann hefði það eitt út á mína framsöguræðu að setja, að ég hefði ekki bent á neina tekjuöflunarleið. Honum er nú kunnugt um það, hæstv. ráðh., að oft eru á Alþ. borin fram frv., sem hafa í för með sér stórkostleg útgjöld, bein eða óbein, fyrir ríkissjóð, án þess að bent sé á tekjur í staðinn. Mér er ekki heldur kunnugt um, að þessi krafa væri gerð svo ákaflega strangt til n. þeirrar, sem um kreppumál landbúnaðarins fjallaði. Út af því máli var ekki gerður eins mikill hávaði, og þó til þess ætlazt, að meiru fé væri fórnað en þetta frv. fer fram á. Það er líka fjarstæða, að málið mætti ekki koma fyrir þ. nema þetta atriði væri tryggt fyrirfram. Það er nú svo, að undir meðferð málsins er líklegast, að til alvöru hefði komið með öflun teknanna. En ég vil einnig benda á það, að hæstv. stj. hefir borið hér fram mörg tekjuaukafrv., og mörg frv. um einkasölur á afarverðmætum vörum, sem mikil álagning er á, þótt engin skýrsla liggi fyrir um það, hvað þessi frv., ef að l. verða, muni við framkvæmd gefa í ríkissjóðinn. Ég vil um leið og ég geng um hlýði hæstv. stj. klappa á kollinn á drengnum, og spyrja fjmrh., hvort hann hafi látið gera nokkra áætlun um það, hvað þessi tekjuaukafrv. og einkasölufrv. komi til með að gefa mikið fé í ríkissjóðinn. Ég get upplýst hann um það, að þær vörutegundir, sem ráðgert er að taka einkasölu á, hafa verið fluttar inn fyrir 4—5 millj. kr. árlega, og eftir álagningaraðferð ríkisstj. mætti búast við, ef innflutningur yrði svipaður eða e. t. v. meiri, að árlega fengjust milljónir króna í tekjur af þessum vörum. Og þegar þess er gætt, að innflutningshöftunum hefir verið beitt vægðarlaust gagnvart einstaklingunum, en verður ekki beitt svo gagnvart ríkisstj., má fastlega búast við geysimiklu fé úr þessari átt. Ég vil nú áður en fjmrh. fer að gera sig stóran yfir gerðum okkar nm. mælast til þess, að hann reyni að gera þ. grein fyrir því, hve mikils fjár er vænzt, ef þessi frv. verða að l., að ég krefst þess, að hann láti þá rannsókn fara fram af kunnáttumönnum, en framkvæmi hana ekki sjálfur, því að víst er um það, að kunnáttu hefir hann ekki til slíks.

Það er ekki rétt að ganga framhjá því, sem hv. þm. Ísaf. sagði hér. Hann er sá hv. þingmanna, sem hefir látið sér farast herfilegast í þessu máli. Hann var að tyggja upp að hann ákærði mþn.menninа. Ég veit ekki, hvaðan þessum hv. þm. kemur vald til þess að nota slík orð. Ég hygg hann mest ákæruverðan allra manna í þessari hv. d. af framkomu sinni hér, og ég skal færa að því fullkomin rök. Hann segist vilja spyrja mig, hvað hafi orðið af því fé, sem fengizt hefði fyrir þann afla, sem á land hefði borizt, og segir, að í útgerðartækjum útgerðarmannanna liggi innan við 20 millj. kr., en meðalverðmæti aflans undanfarin 5 ár hafi verið 50—60 millj. króna. Hann spyr, hv. þm., hvað hafi orðið af þessu. Svona spyr enginn maður, mér liggur við að segja, með réttu ráði. Því að það er fyrir allra sjónum, hvað af þessu fé hefir orðið. Hv. þm. er kunnugt um það, að það, sem í fyrsta lagi hefir skapazt af þessum mikla afla, er útgerðin sjálf. Hún hefir vaxið upp úr því að vera sáralítil, og upp í það, að útgerðarmenn eiga nú um 32 millj. kr., þrátt fyrir tap undanfarinna 3 ára, um eða yfir 10 millj. kr. En þetta er sennilega minnst. Ég held, að ekki þurfi víða að líta til þess að sjá, hvað orðið hefir af þessu fé. Það þarf ekki annað en að líta á vegi, brýr, allar byggingarnar, skóla og símastöðvar og aðrar opinberar byggingar o. s. frv., það blasir alstaðar við, hvert það hefir farið verðmætið, sem úr sjónum hefir komið. Það blasir a. m. k. við hverjum heilskyggnum manni og heilvita, þar sem hægt hefir verið að byggja hér upp ríkisbúskap með 20 millj. kr. útgjöldum í stað þess, að fyrir þremur áratugum voru öll útgjöld ríkisins um 750 þús. kr. Allur þessi búskapur er, að heita má, byggður upp fyrir það, sem úr sjónum hefir komið. Þeir einir geta svo komið og spurt, hvað orðið hafi af þessu fé, sem hreint ekkert skyn bera á opinber mál. En þar að auki hefir orðið ýmislegt af þessu fé annað, sem ég vona, að hv. þm. sé ekki mjög leitt að heyra, nfl. það, að mikill hluti þjóðarinnar hefir haft lífsuppeldi sitt af sjávarútveginum, og þeir menn, sem af honum lifa, eru bezt launuðu mennirnir í landinu, hafa rýmstar ástæður og geta helzt lifað menningarlífi. En ég get trúað því, að þessi hv. þm. hafi ekki hugmynd um neitt af þessu. hann, form. sjútvn., sem ég verð að telja blett á hv. d., spyr svona álfalega, verr en hann væri kominn út úr hól, því að venjulegur þurs myndi koma auga á, hvað orðið hefði af afrakstri sjávarútvegsins. Nú er þetta maður, sem sjálfur stjórnar fyrirtæki, sem allt hefir fengið lagt upp í hendurnar: Ríkisábyrgð, bæjarábyrgð, lán eftir þörfum, og getað vaðið í peningum og fengið þau útgerðartæki, sem á sínum tíma báru af öllum tækjum sinnar tegundar, er hér voru notuð. Aflinn óhemjumikill eftir stærð skipanna. En hvernig hefir þetta farið í hans höndum? Hver skildingur tapaður af frum-„kapitalinu“ og skuldir í hverju horni. Það virðast allir hafa borið skarðan hlut frá borði, sem nálægt því fyrirtæki hafa komið, nema framkvæmdastjórinn. Þetta fyrirtæki, sem ríki, bæjarfélag og bankar hafa staðið að og margir velviljaðir menn, er samt svona herfilega komið, þrátt fyrir það, að eignir þess séu sjálfsagt bókfærðar stórum of hátt. Ég tel það því óþarft af hv. þm. Ísaf., framkv.stjóranum, að vera að kasta hnútum til annara framkvæmdastjóra. Hann hefir aldrei þurft að hafa neinar áhyggjur af atvinnurekstrinum, og hefir ávallt verið að reyna að hlaupa frá öllu saman yfir í einhverja feita stöðu, og kvað hann nú vera að undirbúa vel feitt embætti handa sér. Hann getur því ekki sett sig í spor þeirra manna, sem ár eftir ár berjast áfram, beygðir af áhyggjum og basli, í stöðugri baráttu við skilningsleysi og óvild frá því opinbera, þunglamalega og neikvæða starfsemi lánsstofnananna, og fjandskap manna eins og hv. þm. Ísaf. og ýmsra annara, og látlausan rógburð af hans vörum og hans nóta,

sjáandi ekki annað en að lífsstríð þeirra og barátta fyrir áhugamálum sínum muni stranda þá og þegar, sumpart á skilningsleysi, sumpart á fjandskap og sumpart á eðlilegum örðugleikum. Þessi hv. þm. hefir tekið þessu máli þannig, að hann hefir látið sér mest til skammar verða af öllum, sem hlut hafa átt að máli. Til viðbótar því, sem hv. þm. Vestm. sagði og sannaði á hann hér, skal ég bæta þessu: Hann var sá maðurinn, sem allra manna mest, að undanskildum atvmrh., hafði skilyrði til þess að setja sig vel inn í þetta mál. Hann er flokksmaður ráðh., en hann hafði málið í 3 vikur til þess að kynna það flokksmönnum sínum. Hv. þm. sat fiskiþingið, og þar lá málið við nefið á honum í sjútvn., og að þessu öllu saman loknu hefir hann ekkert annað um málið að segja en það, að greiða atkv. **gegn** því, að fiskiþingið lýsti velvilja sínum til þess, og að því væri lýst á Alþ. Hv. þm. hefir borið fram, að hann hafi ekki að órannsökuðu máli getað greitt því atkv. á fiskiþinginu, en á móti því gat hann greitt atkv. rannsóknarlaust. Fjandskapur hans til málsins þurfti ekki rök. Hann gat ekkert nema sparkað á móti því. Maðurinn, sem hefir sett þennan smánarblett á sína framkomu, leyfir sér að koma fram sem ákærandi. Þetta er svo ósæmilegt, að hann ætti að hafa sig burtu úr þingsalnum. — Ég skal ekki fara mikið fleiri orðum um það, sem hv. þm. Ísaf. hefir orðið sér til minnkunar í þessu máli, en ég vil, án þess að ég hafi þar nokkru sérstöku að svara, fara örfáum orðum um þá till., að skipta fiskiflotanum niður til skuldaskila, og gera þau annaðhvort á fleiri árum, eða eins og ég gat um áður, að fela bönkunum að gera skuldaskil hjá einhverjum hluta útgerðarmanna. Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að þar sem ætlazt er til, að gerð séu skuldaskil, er ekki um venjuleg útgjöld að ræða úr ríkissjóði. Það er meiningin, að fiskiflotinn rétti sig við sjálfur með þeim gjöldum, sem frá sjávarútveginum hafa runnið í ríkissjóð, og sem engri Norðurálfuþjóðanna dettur í hug að leyfa sér að krefja af sinni útgerð. Augu manna hljóta líka að opnast fyrir því smátt og smátt, að ekki er réttmætt að leggja ríkisskatt á framleiðslu til útflutnings. Og úr því að fiskiflotanum er ætlað að leggja þetta fé fram, ætti ekki vel við að undanskilja nokkurn hluta flotans frá því að njóta þeirra hlunninda, sem hinn sameiginlegi skattur myndi veita. Í annan stað er það helzt að heyra, að stórútgerðin ætti ekki að fá neina hjálp, en ætti að leggjast undir hnífinn. En ég vil upplýsa það, að langminnstur hluti þess, sem úr skuldaskilasjóði myndi ganga til skuldaskila, myndi fara til togaraútgerðarinnar, og ég efast um, að það dragi nokkuð verulega þótt sú útgerð yrði höfð útundan. Af því að ég vil aldrei hræsna í neinu máli, þá vil ég láta það skýlaust uppi, að það, sem ég tel vaka fyrir þeim mönnum sérstaklega, sem minna er annt um togaraútgerðina en aðra útgerð, en það eru sósialistarnir, sem nú eru 17 í þessari hv. d., að koma henni á kné til þess að geta sjálfir byrjað útgerð á rústunum. Þetta vakir að vísu ekki fyrir öllum þeim hv. þm., sem hafa ymprað á þessu, en það vakir fyrir mörgum þeirra illur tilgangur. — Þá held ég, að rétt sé að minna hv. þm. á það, að þegar landbúnaðurinn kom með sín vandamál til þ., þá var ekki farið að tala um það, að hjálpa skyldi þeim, sem byggju á 10 hundraða jörðunum og þaðan af minni, en leggja hina undir hnífinn. Það var ekki heldur hreyft þeim óskapa andmælum gegn því máli og minnzt á, að n. hefði gleymt að sjá fyrir fé til að standast kostnaðinn, sem af því leiddi, en allir voru á einu máli um, að því þyrfti að flýta. Hv. þm., sem hafa áfellzt okkur flm., vita og skilja sjálfir, að svona hörð mótmæli og gagnrýni geta ekki átt rætur sínar að rekja til velvilja eins til málsins. Ég leyfi mér því að skjóta því til þeirra eigin meðvitundar, hvort þeir í raun og veru finna ekki, að allur þessi hávaði er ekki sprottinn af velvilja. Nú vil ég gefa þessum mönnum eitt ráð, úr því að þeir endilega vilja leggja sig undir járnburð til að hreinsa sig, að fylgja málinu tregðulaust það sem eftir er, því að óhætt er að segja, að fjárhagslegu hliðina þarf ekki að óttast. Við flm. munum koma með sómasamlega lausn á því, ef hæstv. stj. getur sýnt fram á, að einokunarfrv. hennar nái ekki fram að ganga, eða gefi ekki nægilegar tekjur til þess að standast kostnaðinn eða bæta ríkissjóði upp tekjutapið. — Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en vitanlega er mörgu ósvarað af því, sem beint hefir verið til mín. En ég vil þó ekki lengja þetta þref meira með því að eltast við það. En ef það er satt, sem ég veit að vera muni hjá sumum, að þeir séu þessu máli velviljaðir, þá vænti ég, að frv. verði ekki limlest við 2. umr. og gangi greiðar gegnum þingið hér eftir en hingað til.

**Forseti (JörB):** Það hefir hlaupið mikið kapp í þessar umr., og meira en venja er til, og mér virtist svo snemma í umr., að ýmsir ættu högg í annars garði, og hefi ég því lítið hlutazt til um, hvernig sem ummæli hafa fallið og þó þau hafi verið allhörð. Ég mæli þetta ekki sérstaklega til hv. seinasta ræðumanns, því að ámóta ummæli hafa fallið hjá ýmsum öðrum hv. þm., en ég vil biðja hv. þm. að gæta þess, að stilla máli sínu í hóf, þótt sumum kunni að þykja miður, hvernig ummæli hafa fallið í þeirra garð.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 6. þm. Reykv. vék að því áðan í ræðu sinni, og vék að því í sínum fyrri ræðum um þetta mál, að ekki fyndist honum neitt óeðlilegt eða óvanalegt, þótt borin væru fram frv., sem færu fram á tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð eða útgjaldaauka, án þess að jafnhliða væru bornar fram till. um það, hversu vega skyldi upp á móti. Það kann að vera rétt hjá hv. þm., að þetta sé ekki svo óvenjulegt, en til fyrirmyndar er það samt sem áður ekki. Og ef á að hafa sæmilega afgreiðslu hér á fjárlögum og fjármálum yfirleitt, þá verður það að vera með þeim hætti, að jöfnuður sé milli tekjuöflunarfrv. annarsvegar og útgjaldafrv. hinsvegar. Síðar í ræðu sinni fór þessi hv. þm., að því er mér skildist, að reyna að færa líkur að því, að í þeim tekjuöflunarfrv., sem stj. hefir þegar lagt fyrir þ., sé nægilega séð fyrir þeirri tekjuskerðingu, sem frv. um skuldaskilasjóð hefir í för með sér. Hann var a. m. k. að benda til þessara frv. og kvarta undan skýrslnaskorti vegna þess, að ekki væri hægt

að sjá, hverra tekna þarna væri að vænta. Það hefir verið tekið hér fram af minni hálfu, hvers er að vænta af þessum frv., sem fyrir liggja, að undanskildu einu þeirra. Það kom glöggt fram í fjárlagaræðu minni í þingbyrjun, og get ég ekki ásakað mig um það, þótt hv. þm. kunni að hafa troðið upp í eyrun við það tækifæri. Ég upplýsti þá, að búizt væri við, að þótt þau tekjuöflunarfrv., sem þá voru fram komin, yrðu samþ., yrði um 400 þús. kr. tekjuhalli á fjárlagafrv. M. ö. o. var gert ráð fyrir því, að frv. myndu gefa af sér nærfellt 1 millj. og 600 þús. kr. samtals. Þetta sundurliðaði ég þannig, að vænzt væri 850 þús. kr. í tekju- og eignarskatt, 400 þús. kr. af tveimur tollalagabreyt., um 100 þús. kr. tekjuauka af tveimur litlum einkasölufrv., og 250 þús. kr. af frv. til l. um hækkun á benzínskattinum. Og þó að öll þessi frv. næðu samþykki, mætti ætla, að 400 þús. kr. vantaði til þess, að fullur greiðslujöfnuður yrði á fjárl.

Síðan hefir komið fram frv., sem ég geri ráð fyrir, að gæti orðið ríkissjóði til nokkurra tekna, þó að ekki yrðu miklar á næsta ári, sem sé frv. um einkasölu á bifreiðum og fleiri vörum. Undirbúningur verður að vera svo mikill undir framkvæmd þessa frv., að næsta ár er ekki mikils tekjuauka að vænta. Þó vil ég reikna með því, að með þeim hætti fengjust 100 þús. kr. þegar á næsta ári.

Það er því síður en svo, að frv. þau, sem nú hafa verið lögð fyrir þingið, geri meira en að vega á móti útgjöldum þeim, sem nú eru í fjárl. Er því ekki hægt að leggjast á móti þessu tekjuaukafrv. nema með því að flytja um leið till. um að fella niður einhver af útgjöldum fjárl.

Það sýnir átakanlega hug hv. 6. þm. Reykv. gagnvart þessum málum, að hann vísar í frv., sem borin eru fram af stj., en hann og hans flokkar eru á móti, þegar um það er að ræða, að afla tekna. Hann vísar okkur á ágóðann af einkasölufrv., sem Sjálfstfl. er á móti. Þó að hæstv. forseti minnti menn á það áðan að vera ekki stórorða, get ég ekki annað en kallað þetta skripaleik, sem hv. 6. þm. Reykv. stendur fyrir, þar sem hann krefst útgjalda án þess að tekna sé aflað á móti. Fer vel á því, að hann standi fyrir slíku. Hitt er aftur enginn skripaleikur, að vilja í alvöru leysa þetta vandamál útvegsins. Ef hv. þm. ætlar sér að standa fyrir slíkri lausn, ætti hann að fylgja fram þeim tekjuöflunarfrv., sem stj. ber nú fram, og beita sér fyrir lækkuðum útgjöldum á fjárl. eða þá nýrri tekjuöflun.

Þó að hv. þm. segi, að stj. fjandskapist við sjávarútveginn, hljóta allir að sjá, að staðhæfingar hans eru úr lausu lofti gripnar. Hver maður hlýtur að sjá, að við getum ekki leyst okkur úr skuldafjötrunum nema með því að taka með karlmennsku á tekjuöflunarmálunum. Þykir mér leitt um svo mikið mál og viðkvæmt, sem þetta er, að reynt skuli hafa verið af sumum hv. flm. að þyrla upp um það orðaskvaldri og ávítum til þeirra, sem ekki hafa síður en þeir hug á að leysa það eins og bezt má verða, en hafa þó ábyrgðartilfinningu til að líta á báðar hliðar málanna.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., 9. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Forseti (JörB):** Ég vil eindregið beina þeirri ósk til hv. þdm., að þeir viðhafi ekki miklar málalengingar um þetta mál, svo að það geti gengið til n. Sérstaklega vil ég beina þessu til þeirra hv. þm., sem hafa nú kvatt sér hljóðs um málið og eiga eftir að tala.

**Guðbrandur Ísberg:** Vegna þessarar áskorunar hæstv. forseta um, að menn stytti mál sitt, og einnig sökum þess, að sá hv. þm., sem ég helzt þurfti að beina máli mínu til, er ekki viðstaddur, mun ég nú falla frá orðinu. (**Forseti:** Þetta er vel mælt).

**Páll Zóphóníasson:** Ég hefi áður við umr. um þetta mál beint spurningum til hv. mþn. Þeim hefir dálitið verið svarað, sérstaklega tveimur þeirra, af hv. 6. þm. Reykv., frsm. málsins. Ég spurði, hvernig því væri farið með útgerðarmenn, sem væru giftir, hvort eign konunnar væri talin eign mannsins eða ekki. Hann svaraði því, að hann hefði aldrei farið inn að rúmum hjónanna, til þess að grafast eftir séreign þeirri, sem konurnar kynnu að hafa þar, þá menn þeirra væru á sjónum. Mér fannst þetta lítið svar og lítið í sambandi við orsökina til þess, að ég spurði. Mér er kunnugt um það, að það eru margir í öðrum stéttum en útgerðarmannastétt, bæði í verzlunarmannastétt og ýmsum fleiri stéttum, sem hafa þann sið, að setja hluta af eignum sínum á nafn konunnar. Ég þekki t. d. útgerðarmann, sem þannig er ástatt fyrir, að ef séreign konunnar er sleppt, kemur út að hann skuldi 77% út á eignirnar, en ef séreign konunnar er tekin með, þá verður útkoman aðeins 47%. Fyrir öðrum útgerðarmanni, sem ég veit um, er þannig ástatt, að ef hans eigin eign er talin, er útkoman 98%, en ef séreign konunnar er talin með, verður útkoman 32%. Og sú af konum útgerðarmanna, sem látin er eiga mesta séreign, á 170000 kr. Þess vegna skiptir það miklu máli, hvort tekið er tillit til þessa eða ekki. Og ef það er ætlazt til þess, að 8 millj. króna verði gefnar upp án þess að tekið sé tillit til eigna þeirra, sem taldar eru séreign konunnar, þó þær séu í rauninni sameign hjónanna, þá mun ég ekki verða með þeim ráðstöfunum á almannafé.

Sömuleiðis spurði ég hv. þm., hvernig því væri farið með útgerðarfélög og hlutafélög, sem upp eru tekin í yfirlitið, hvort tekið væri tillit til eigna þeirra manna, sem að þeim stæðu, eða ekki. Ég bjóst ekki við því, að það væri gert, og hann viðurkenndi, að það væri rétt. Þetta skiptir líka miklu máli, því að það eru ekki fá félög, sem gáfu hluthöfum sínum arð á góðu árunum. Af því hafa þeir sumir orðið stórríkir. En svo þegar illa gengur, þá á þjóðfélagið að hlaupa undir bagga og taka á sig töpin frá slæmu árunum, svo að útgerðin geti haldið áfram, en ekki að taka tillit til efnahags hluthafanna sjálfra og getu þeirra til að bjarga sínu eigin hlutafélagi, sem áður gaf þeim öll efni þeirra. Þetta skiptir miklu máli fyrir afstöðu mína.

Ég hefi lítið á þessa skýrslu, sem útbýtt hefir

verið hér í hv. d. frá mþn. í sjávarútvegsmálum. Hún er fróðlegt og merkilegt rit, sem mikil vinna hefir verið lögð í, og sýnir hún ýmislegt, sem þeir menn, er að sjávarútvegi vinna, ættu að gera sér far um að athuga vel. Hún sýnir það m. a., að hásetarnir, sem vinna á skipunum, bera því meira úr býtum hlutfallslega, þess minni sem skipin eru. Í 1. fl. hafa þeir 48,3% í kaup, en í stærsta flokki á togurunum hafa þeir ekki nema 31,2%. Hvorttveggja er miðað við öll gjöld útgerðarinnar. Að sama skapi sem hlutur þeirra manna minnkar, sem vinna líkamlegt erfiði á skipunum, þá vex **ýms kostnaður**, en hann er fyrst og fremst laun þeirra manna, sem í landi vinna við skrifstofur, stjórn o. fl. Hann vex frá 4% og upp í 13%. Þetta eru mjög athyglisverðar tölur, sérstaklega fyrir þá, sem telja sig vera leiðtoga hinna vinnandi stétta, og ættu þeir að athuga, hvort ekki mætti færa þetta til betri vegar.

Útsvarið og opinberu gjöldin, sem hv. sjálfstæðisþingmenn hafa margsagt, að væru að drepa útgerðina, eru 0,7—1,4% af öllum kostnaðinum. Undir þessu er útgerðin að sligast. En undan 12,8% af öllum útgjöldunum, sem fara til forstjóra, finnur hún ekki. Hvernig stendur á því?

Annars þykir mér mjög leitt, að ekki skuli vera sama flokkun á útgerðarmönnum í eignarflokkana og rekstrarflokkana. Væri svo, er ég sannfærður um, að í ljós kæmu sameiginlegar ástæður til þess, að efnahagurinn er misjafn, og þá mætti fá þarna mikinn lærdóm.

Ég vil mælast til þess, að ef það á fyrir þessu máli að liggja að komast í gegnum þingið, og það er mjög nauðsynlegt, þá verði tvenns gætt í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Í fyrsta lagi, að eignir, sem raunverulega eru eignir útgerðarmanna sjálfra, enda þótt þær séu á nafni konu eða barna, komi til greina sem eign útgerðarinnar, og að þeim sé ekki sleppt, og í öðru lagi, að þess verði gætt, hvernig aðstaða hluthafanna í félögunum er, hve mikið þeir áður hafi auðgazt á útgerðinni, og þeir sjálfir látnir leggja fram þann hluta aftur, áður en farið er að leggja fram opinbert fé til viðreisnar þeirra félagi.

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég bað um orðið á meðan hv. 6. þm. Reykv. var að tala um ræðu mína. Ég hélt, að hann ætlaði að svara ræðunni, en það varð ekki af því. En fyrst ég bað um orðið, er rétt að ég kvitti fyrir skammirnar frá hv. þm. Hann lét falla í minn garð persónulegan skæting, sem kom málinu ekki minnstu ögn við. Hann ávarpaði mig á þann hátt, sem enginn hv. þm. hefir áður gert. Þessi hv. þm. virðist eiga sökótt við marga hér á þingi, enda hefir hann fengið áminningar hjá sumum, og er það ekki nema réttmætt, ef hann heldur áfram uppteknum hætti.

Það er svo, samkvæmt einhverju órjúfanlegu lífslögmáli í mannlegri tilveru, að á öllum tímum er snúizt eins við samskonar fyrirbærum. Þessi hv. þm. virðist helzt hafa tekið sér til fyrirmyndar Þorkel Hák, eða hann virðist vera hans andlegur afkomandi — enda upprunninn á söma slóðum —, og mun líka uppskera eftir því. Hv. þm. virðist hafa orðið allbumbult af ræðu minni og þótt hún góð, og sagði að hún hefði verið skrifuð. Þótt það skipti nú að vísu engu máli, hvort ræða er skrifuð eða óskrifuð, þá vil ég benda hv. þm. á það, að hann getur bara ekkert um það sagt, hvort ræðan var skrifuð eða ekki. Hann veit ekkert um það. Ég hélt á nokkrum blöðum fyrir framan mig meðan ég talaði, sumum skrifuðum, öðrum óskrifuðum, eins og þm. og aðrir, sem flytja ræður, eru vanir að hafa. Hann getur því ekkert um það sagt, hvað ég hafði skrifað af því, sem ég sagði, og hvað ekki. Hann veit ekkert um það, og kemur það heldur ekkert við. Ég mun ekki spyrja hv. þm. neitt um það, hvenær ég tala af blöðum hér í þinginu og hvenær ekki. — Hv. þm. spurði, hvort ég hefði samið ræðuna sjálfur. Það er eðlilegt hann spyrji svo. Það hefir verið upplýst, að sú ræða, sem hann flutti við framsögu þessa máls, sé samin af öðrum, jafnvel nefnd manna. Hann á því sjálfsagt erfitt með að gera sér grein fyrir, að hægt sé að semja góða ræðu án hjálpar. Sjálfur hefir hann flutt eina góða ræðu í þinginu, og hún er þá svona tilorðin.

En fyrst þessi hv. þm. er að tala um skrifaðar ræður og finnst þær eitthvað athugaverðar, er rétt að minna hann á það, sem hv. þm. Barð. hefir upplýst, að þessi sami hv. 6. þm. Reykv. hafi á framboðsfundum í Barðastrandarsýslu lesið allt, sem hann hafði að segja, upp úr skrifaðri vasabók, en þegar vasabókina þraut, þá gat hann ekkert meira sagt. Þá var hann alveg tómur. Ég held, að það færi vel á því, að hv. þm. tæki aftur upp hér í þinginu þennan vasabókarsið. Það er miklu betra að lesa frambærilegar ræður upp úr vasabók en að halda jafnauðvirðilegar ræður eins og þessi hv. þm. hefir gert hér í þinginu vasabókarlaus.

Hv. þm. talaði um, að ég hefði haft fyrir texta að ræðu minni „Frestur er á illu beztur“ — nefnilega þessu máli, sem hér er verið að ræða um. Annaðhvort skilur nú ekki þessi hv. þm., hvað texti er, eða þá að hann er svo vanur fölsunum í ræðu og riti, að hann hefir þarna ekki getað brugðið vananum. Ég endaði nefnilega ræðu mína á þeim orðum, sem hann sagði, að ég hefði haft fyrir texta. Ég endaði á því, að það væri bezt að geta sem lengst frestað því að taka lán, ef mögulegt væri að komast hjá því. En það sýndi ég fram á, að væri hægt í þessu falli, með því að stofna til Skuldaskilasjóðs útgerðarmanna á sama hátt og Kreppulánasjóðs. Texti minn var allt annar. Ég veit ekki, hvort hann finnst í vasabók hv. þm., en hann var nokkur orð tekin úr ræðu þessa sama hv. 6. þm. Reykv., sem hann hélt hér í þinginu og hljóðuðu um, að við „framsóknarmenn reyndum að gera öll mál að kosningabeitu“. Ég lagði út af þessum orðum og sýndi fram á, að það er einmitt þessi hv. þm., sem er að reyna að gera þetta mál að kosningabeitu. Þessu gat hann engu svarað, en í reiðinni yfir því, að ég skyldi dirfast að fletta ofan af blekkingum hans í þessu máli, belgir hann sig svona upp og svarar með skömmum og persónulegum skætingi í stað raka. Það hefir jafnan verið háttur þessa hv. þm. hér í þinginu, þá stuttu stund, sem hann er búinn að vera hér, að rökræða ekki málin sjálf,

en ausa menn auri og illyrðum og reyna að velja þeim hæðileg orð. Hann hélt víst, að hann væri fyndinn, þegar hann kallaði nokkra þm. smáfiska og aðra þingpeð. Það lítur út fyrir, að hann viti ekki, hve grátbroslegur hann er sjálfur og hlægilegur, samfara því að vera brjóstumkennanlegur, þegar hann er að halda ræður hér í þinginu utan við efnið og innihaldslausar, fullar af skömmum, dylgjum og allskonar óþverra. Það fylgir alltaf einhver óhugur orðum þessa hv. þm.; það fara um mann einhverjir óþægilegir straumar, þegar hann er að tala, eitthvað, sem minnir mann á dauðann, en ekki lífið. Þrátt fyrir liðugt tungutak talar hann aldrei eins og sá, sem vald hefir. Hann virðist halda, að hann sé einhver reginstórfiskur á hafi mannlífsins og drottning í stjórnmálatafli íhaldsins í landinu. Viljann mun hann ekki vanta til stuðnings við hinn verri málstað, hvað sem um annað er að segja. Má vel vera, að hann með réttu geti talizt illhveli á hinu mikla úthafi, en í tafli stjórnmálanna verður hann aldrei annað en peð, sem aldrei kemst upp í borðið og ekkert gagn gerir. En þetta er nú allt gott og blessað, hitt er verra, að þessi hv. þm. hefir gert sig sekan um það, sem ég hygg, að enginn láti sér sæma, sem teljast vill drengur góður. Hann hefir hvað eftir annað sveigt að því, sem mönnum er ósjálfrátt, eins og t. d. málfar manna. Hann má vita það, þessi hv. þm., að það eru þeir menn hér í d., sem ekki munu líða honum átölulaust slíka þursmennsku, svo að ég viðhafi hans eigin orð. Hann hefir, þessi hv. þm., látið sér sæma að kalla samþm. sína ferhyrnda og þursa. „Maður, líttu þér nær". Ég held, að hann sjálfur ætti að líta sér nær. Það er einmitt hann sjálfur, sem er að reyna, af veikum mætti þó, að hnifla menn. Það er einmitt hann, sem um langan tíma — og heldur því áfram hér í þinginu — hefir verið að reyna að blekkja og slá ryki í augu þjóðarinnar, hann, sem hefir rekið bergþursapólitík. Það er hann, sem hefir, með sinni blaðamennsku, verið að reyna að villa íslenzku þjóðinni sýn, gera hana rangsýna, svo að hún geti ekki greint rétt frá röngu, og alþýðuna ánægða með sitt auma hlutskipti. Hann gæti einmitt, þessi sami hv. þm. Reykv., tekið sér í munn orð „Dofrans" í „Pétri Gaut": „Í vinstra augað ég sker örlitla rispu, svo skekkist sjáin, og svo ætla ég að stinga út hægri skjáinn, — svo afbragð sýnist þér allt, sem þú sér". Það er þetta, sem hv. þm. hefir verið að reyna að gera við íslenzku þjóðina, og sama er hann að reyna hér á hv. Alþingi í þessu máli. En eins og vökumenn þjóðarinnar hafa verndað hana fyrir því að verða ofurselda bergþursunum og þeirra pólitík, eins munu þeir líka vernda hana fyrir blekkingum hv. þm. í þessu máli. Það eru blekkingar, hvernig hann snerist við ræðu minni. Ég tók þessu máli vel og sagði, að það yrði að leysa málið, ef unnt væri, á þessu þingi. En ég benti jafnframt á, að málið væri illa undirbúið, og því hæpið, að hægt væri að ganga frá því nú þegar, nema bent yrði á, eins og hv. þm. G.-K. gaf í skyn að hann ætlaði að gera, einhverjar leiðir, sem færar væru til tekjuöflunar, til þess að sjá fjárhagshlið málsins borgið. Hinsvegar benti ég á leið, sem auðvelt hefði verið að fara til þess að leysa málið nú þegar á þessu þingi, og sú leið var að stofna til Skuldaskilasjóðs útgerðarmanna á sama hátt og Kreppulánasjóðs. — Ég sé ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum að þessu, hv. þm. svaraði engu af því, sem ég sagði, og þótt ég neyddist til að taka þm. í gegn, vildi ég helzt komast hjá því og ræða eingöngu málin sjálf. En hv. þm. þarf ekki að halda, að hann geti komizt upp með þá framkomu, er hann hefir haft við mig hér í þinginu.

**Finnur Jónsson:** Þess hefir verið krafizt af tveimur nm. í sjútvn., að þeir greiddu atkv. um þetta mál án þess að hafa séð það eða kynnt sér það. Það hefir og verið gert að árásarefni á sjútvn., að hún vildi ekki flytja þetta frv. að órannsökuðu máli. Ég hefi tekið það fram áður, að ég var ókunnugur frv. þegar hv. sjálfstm. í sjútvn. kröfðust, að ég tæki það til flutnings, og ég ítreka það hér. Þessi krafa til okkar Alþflm. og framsóknarm. í sjútvn. gæti ekki byggzt á öðru en því, að þeir, sem heimta þetta, væru svo kunnir ágætismenn með þekkingu á þessu sviði, að afskipti þeirra af málinu væru næg trygging fyrir ágæti þess.

Viðvíkjandi hv. þm. Vestm. er það að segja, að við höfum töluvert unnið saman, og get ég margt vel um hann sagt. Hann hefir oft rifið sig undan járnhörðum aga Sjálfstfl., ef skoðanir hans hafa fallið saman við skoðanir andstæðinganna. Um hv. 6. þm. Reykv. er allt öðru máli að gegna. Viðkynning mín af honum er þannig, að hann er frá mér einskis trausts verður. Það traust, sem þessi hv. þm. krefst, að borið sé til sín, hefði átt að byggjast á því, að hann væri bæði kunnugur og velviljaður þessum atvinnurekstri, er hér um ræðir. Ég álít hinsvegar hvorttveggja fjarri sanni. Ég mundi ekki fara að draga þetta inn í umr., ef hv. þm. hefði eigi sjálfur byrjað á því. Hann hefir oft vikið að gömlum deilum milli okkar, sem ekki virðist ástæða til að vera að rekja hér á Alþingi. Ég hefi ekki hirt um að svara þessu hingað til, en sé nú hinsvegar ekki ástæðu til þess að þegja alltaf við því. Þessi hv. þm. gerir miklar kröfur um það, að borið sé traust til hans í atvinnumálum. Ég fyrir mitt leyti ber lítið traust til hans í þeim málum. Ég hefi unnið með þessum hv. þm. í bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar í mörg ár. Öll þau ár bar þessi hv. þm. aldrei fram neina nýtilega till., er til framfara horfði. Hann var auk þess latur og setti sig illa inn í þau mál, er hann átti um að fjalla. Hinsvegar var þessi hv. þm. alla tíð skömmóttur, og kem ég að því síðar, hve dýr þessi ágalli hans varð flokksmönnum hans á Ísafirði. Ég gat þess áður, að eitt af því, sem krafan um, að við flyttum frv. þetta óséð, hefði átt að eiga stoð sína í, væri það, að þessi hv. þm. hefði sýnt velvilja sinn til atvinnuveganna. En ég hefi ljóst dæmi um, að það verður eigi um hann sagt. Íhaldið á Ísafirði var í mörg ár búið að vera í minni hluta. Það var tekið að örvænta um framtíð sína og beitti öllum brögðum, þar á meðal atvinnukúgun, en ekkert stoðaði. Þá var það, að flokkurinn tók það ráð, að áeggjan hv. 6. þm. Reykv., að selja burtu skipin úr bænum, til þess að reyna að svelta alþýðuna á

Ísafirði til hlýðni. Á einu ári voru seld 11 skip frá annari peningastofnuninni á Ísafirði. Og hv. 6. þm. Reykv. hlakkaði yfir þessu í blaði sínu. Hann hlakkaði yfir því, að nú yrði alþýðan á Ísafirði að krjúpa að krossinum og kyssa á steyttan hnefa Íhaldsins. En þessu var afstýrt, og ég átti minn þátt í því. Samvinnufélag Ísfirðinga var stofnað. Það var ekki af áhuga fyrir að verða framkvæmdarstjóri, að ég tók að mér að veita félaginu forstöðu, heldur var það fyrir áeggjan flokksbræðra minna, að ég gerði það. — Þeim voða, er fólkinu á Ísafirði var búinn, var þannig afstýrt, og ég hefi í 5 ár verið að reyna að bæta fyrir þetta illvirki, sem flokksmenn hv. 6. þm. Reykv. frömdu á Ísafjarðarkaupstað. Það verk, sem Alþfl. á Ísafirði lagði í, var bjargráðastarf við niðurrifsstarfi Íhaldsins. Og svo leyfir hv. 6. þm. Reykv. sér að ráðast á mig í tilefni af þessu, og notar tækifærið til þess að meiða mig persónulega, enda þótt hann viti, að ég er enn að vinna að þessu björgunarstarfi.

Þessi hv. þm. hefir barizt á móti sérhverri framfaraviðleitni í þeim kaupstað, er hann hefir lengst af alið aldur sinn í, og með það fyrir augum hefði sjútvn. samt átt að flytja frv., af því að það væri frá honum runnið. Nei, það má hver lá mér, sem vill, að ég fylgi ekki blint till. þessa hv. þm., honum hafa ekki farizt svo vel þau störf úr hendi, sem ég þekki til, að honum hefir verið trúað fyrir. Hvernig getur hv. þm. ætlazt til, að ég sýni honum slíkt traust? Til glöggvunar fyrir hv. þm. vil ég lýsa þessu stuttlega. Ég vil byrja á því, er þessi hv. þm. stundaði barnakennslu. Þá afhendir hann börnunum sem lesbók söguþætti Gísla Konráðssonar. Í þessari bók er fullt af frásögnum um morð, þjófnaði, nauðganir og annað þvílíkt. Fyrir þetta fékk hv. þm. áminningu frá fyrrv. fræðslumálastjóra, Jóni Þórarinssyni. Þá stundaði þessi hv. þm. búnaðarstörf, og það er gaman fyrir bændurna hér í þinginu, sem hann ætíð er að setja sig á háast hest við, að athuga, hvernig honum hafi farnazt þau störf. Hann hafði á hendi framkvæmdarstjórn fyrir Búnaðarfélag Vestfjarða á gróðrarstöð félagsins á Ísafirði. Þessi spilda er um 4—5 dagsláttur. Hann eyddi í þessa spildu á tveimur árum 30 þús. kr., og er hann skildi við hana, óx þar ekkert annað en arfi. Þetta eru störf hans í þágu landbúnaðarins, og er ekki nema eðlilegt, að hann tali digurbarkalega um landbúnaðarmál, þegar þau eru rædd hér í þinginu. Ég býst við að hv. þm. bendi nú á sér til málsbóta, að hann hafi stofnað útgerðarfyrirtæki. Flestir hluthafarnir í þessu fyrirtæki bjuggu í umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, en togarinn, sem keyptur var, var ekki skrásettur á Ísafirði, heldur á Önundarfirði, til þess að Ísfirðingar nytu ekki atvinnunnar. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í stjórn þessa fyrirtækis, en niðurstaðan varð sú, að félagið fór á höfuðið, og ég ætla, að hv. þm. hafi stjórnað því þá er fyrst keyrði um koll. Hvort sem litið er til lands eða sjávar, er sami sortinn yfir starfi þessa hv. þm. Það hefir aldrei komið fyrir, að hv. þm. með verkum sínum ynni sér traust þeirra, er veitt hafa þeim athygli. Samfara barnakennslu stundaði þessi hv. þm. ritstjórn. Því lengur, sem hann stjórnaði blaði Íhaldsins á Ísafirði, þess dýpra sökk Íhaldið, og það á rót sína í því, að hv. 6. þm. Reykv. drepur það undir sér, sem honum er trúað fyrir. Það átti rót sína að rekja til þess, hve illyrtur og skömmóttur hann var. Það átti rót sína að rekja til fáfræði hans í þeim málum, sem hann fékkst við, og skeytingarleysis hans í því, að setja sig inn í málin. Og auk þess sem framkoma hans gagnvart andstæðingunum var illkvittnisleg, var hún um leið svo heimskuleg, að hún varð þeim æfinlega fremur til gagns en glötunar.

Ég skal játa það, að ég tel ekki alveg brennt fyrir það, að hv. þm. hafi fjármálavit á sína vísu. **(Forseti:** Ég bið hv. þm. að fara að stytta mál sitt, því að umr. eru farnar að verða allmjög utan við málið sjálft). Ég mun verða við þeirri ósk hæstv. forseta, að stytta mál mitt. En ég þóttist hafa ástæðu til að bera hönd fyrir höfuð mér og vildi ennfremur gera grein fyrir því, hvers vegna ég gat ekki gengið inn á tillögur hv. 6. þm. Reykv. án þess að grannskoða þær niður í kjölinn. Ég þóttist til neyddur að segja skoðun mína á manninum, þar sem hann ætlaðist til, að sjútvn. gengist inn á tillögur frá sér áður en hún hafði kynnt sér þær. Ég vildi gefa upplýsingar um það, hvort rétt hefði verið að treysta till. frá slíkum manni að óséðu.

Hv. 6. þm. Reykv. gaf mér það ráð, að ég skyldi hypja mig af þingi. Hann hefir áður gefið mér það ráð, að víkja úr vegi fyrir sér. En þrátt fyrir það varð það hann, sem hypjaði sig frá Ísafirði á flótta fyrir þeim framfaramálum, sem hann hafði alla æfi barizt á móti, og skildi mig eftir sigrandi á vígvellinum. Hv. þm. hefir alla tíð verið mylnusteinn um háls flokks síns og velunnara. Og nú vil ég að síðustu mæla svo um, að hann megi verða hinn sami mylnusteinn um háls Íhaldinu hér syðra og hann var fyrir vestan og sökkva allri þess pólitík niður í hin yztu myrkur.

**Flm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég skal ekki verða langorður, en víkja aðeins nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Ísaf. Hv. þm. A.-Sk. þarf ég ekki að svara. Það má vel vera, að hann hafi ekki lesið allt upp af blöðum. — Hv. 2. þm. N.-M. svara ég síðar. Ég mun hinsvegar svara hv. þm. Ísaf. nokkrum orðum. Hann hefir sýnt því mikla þrifnaðarmáli, sem hér liggur fyrir, fullan fjandskap einn allra þingmanna, þótt málið hafi fengið daufar undirtektir hjá sumum öðrum. Og þessi maður er fulltrúi fyrir bæ, sem lifir nær eingöngu á útgerð.

Þessi hv. þm. notaði aðstöðu sína í sjútvn. fiskiþingsins til þess að beita sér gegn því, að sjávarútveginum yrði veitt nokkur úrlausn, og greiddi atkv. gegn þessu máli þar. Hann segist ekki hafa kynnt sér málið, og ber það fyrir, að ég sé flm. þess. En þetta er nú ekki alveg rétt hugsað hjá hv. þm., því að ég var þá ekki flm. þess nema að einum þriðja hluta. Og eftir þeirri lýsingu, sem hann gaf af mér, býst ég ekki við, að hann haldi því fram, að ég hafi ráðið fyrir samnefndarmönnum mínum.

Þegar hv. þm. Ísaf. talaði hér fyrst í þessu máli, fór hann óvingjarnlegum og ósanngjörnum

orðum um sjávarútveginn og spurði meðal annars, hvað orðið hefði af afla þeim fyrir 50—60 milljónir á ári, sem á land hefði komið, fyrst ekki lægju í veiðitækjum útgerðarinnar nema 20 millj. Taldi hann, að óhæfil. mikið hefði farið í dýra framkvæmdastjóra, og vildi jafnvel telja, að sú eyðsla hefði ráðið niðurlögum útgerðarinnar. Mér þótti þetta ómaklega mælt af dýrum framkvæmdastjóra við fyrirtæki, sem hefir orðið fyrir þeim hörmungum að sigla sig í kaf, þrátt fyrir alla mögulega aðstoð hins opinbera. Til þess að jafna þetta, tók hann það til bragðs að fara að lesa upp æfiágrip mitt, sem hann hefir sjálfur samið, og vænti ég þess, að hæstv. forseti hafi ekki á móti því, að ég sýni fram á, hver sannindi fylgja máli hans.

Hv. þm. Ísaf. gaf mér það að sök m. a., að ég hefði orðið þess valdandi, að útgerðartæki hefðu verið seld frá Ísafirði. Skal ég nú skýra það mál og sýna fram á róg og blekkingar hv. þm. Ísaf. í þessu sem öðru. Það er rétt, að fyrir nokkru voru seldir frá Ísafirði 5 vélbátar, 20—30 smálestir, eign firmans Karl & Jóhann. Orsökin til sölu bátanna var í senn mörg aflaleysisár í röð, og auk þess látlaus rógur hv. þm. Ísaf. og hans nóta á hendur útgerðinni á Ísafirði. Bátar öfluðu svo illa, sökum fiskileysis, að vestfirskir bátar komu stundum með allan afla sinn í sér eftir Faxaflóavertíðina. — Samt hélt þetta útgerðarfélag uppi vinnu fyrir fjölda fólks í mörg ár, þótt útgerðin væri alltaf rekin með stórtapi. Ofan á þetta allt bættist þrotlaus rógur hv. þm. Ísaf. og flokksbræðra hans. Til dæmis um hug hv. þm. Ísaf. til útgerðarinnar þá, sagði hann, að öll útgerð hlyti að stórgræða, nema framkvæmdastjórarnir stælu.

Mér er nú kunnugt um öll útgerðarfyrirtæki vestra í seinni tíð, nema Ásgeirssons verzlanirnar gömlu, og mér er ekki kunnugt um, að nokkur framkvæmdastjóri hafi haft þar eins há laun og hv. þm. Ísaf. tekur frá sínu fyrirtæki meðan það er að sökkva í botnlausar skuldir og tapar ár frá ári, hvort sem það er samkv. þeirri skýringu, sem ég skýrði frá áðan, að hv. þm. Ísaf. hefði gefið á tapi útgerðar yfirleitt. En svo að ég snúi aftur að sölu þessara mótorbáta, þá fór svo, að firmað neyddist til að selja bátana. Ekki minnist ég þess, að hv. þm. Ísaf. byðist til að kaupa neinn þeirra til að halda honum í bænum. Ég hafði aldrei haft nein afskipti af þessari útgerð, og má nærri geta, hvaða áhrif ég gat haft á það, hvað um skipin varð.

Þá sagði hv. þm., að ég væri frægur fyrir það að hafa látið börn þau, er ég kenni, hafa Sögu þætti Gísla Konráðssonar til lestrar, og hlotið áminningu fræðslumálastjóra fyrir. Þetta eru fullkomin ósannindi. Sökum fátæktar var bóksalinn á Ísafirði beðinn að láta skólanum á Ísaf. í té ódýrar lesbækur, og hann lánaði þangað m. a. þessa bók. Ég átti þar engan hlut að máli. Ég býst við, að hv. þm. Ísaf. muni ganga það einna erfiðlegast að rægja mig fyrir framkomu mína í þessu starfi. Hv. þm. var skólanefndarmaður þá, og ég bauð honum út af rógferðum hans og flokksbræðra hans, að ég skyldi segja af mér kennarastarfinu við skólann, ef einn tíundi barnanna, eða einn fimmti foreldranna krefðust þess. En málinu lauk með því, að hv. þm. Ísaf. fékk engu áorkað öðru en að fá sjálfur áminningu frá fræðslumálastjóra fyrir afskipti sín af málinu sem skólanefndarmaður.

Þá gat hann þess, að ég hefði haft á hendi framkvæmdastjórastörf fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða í gróðrarstöðinni á Ísafirði. Rétt er það hjá honum, en ekki mun ég bera neinn kinnroða fyrir það starf mitt. Ég skildi svo við það félag, að það var orðið efnað, og hefir síðan getað, fyrir þá sök, orðið landbúnaði á félagssvæðinu að góðu liði. Annars býst ég við, að í bréfasafni Búnaðarsambandsins sé enn geymt bréf frá sambandinu með þakkarorðum til mín fyrir unnið starf.

Þá nefndi hann það, að ég hefði verið viðriðinn útgerðarfélag á Ísafirði, sem gerði út togara. Ég kom því máli harla lítið við. Það var lagt að mér að leggja fé í þetta fyrirtæki, og það varð úr, að ég tók fé að láni til þess, af því að þetta hafði verið túlkað fyrir mér sem nauðþurftarmál þess bæjar, sem ég var borgari í, en annars hefi ég haft litla gleði af hlutdeild minni í því fyrirtæki. Skipið kostaði um 360 þús. kr., tapaði 109 þús. kr. árið eftir og stóð þá í 470 þús., en er nú metið á 150, en arður hefir alls ekki verið greiddur hluthöfum, svo að það verður varla sagt, að ég hafi spunnið silki við þetta. Ég var sjálfur aðeins meðstjórnandi um tíma, og bar víst lítið eða ekkert úr býtum fyrir það. Ég held, að afskipti mín af þessari útgerð þoli allan samanburð við framkomu hv. þm. Ísaf. gagnvart þeirri útgerð, sem hann stjórnar og tekur fyrir 10—20 þús. kr. árlega, og hefir jafnvel heimtað aftur þá hluti, sem hann hefir lagt í hana.

Ég gæti sagt margt um framkomu hv. þm. við fyrirtæki sitt, en ég læt mér nægja að staðhæfa, að hann hefir notað aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri til að auðga fyrirtæki sjálfs sín, og ég ætla, að ef það athæfi hans væri allt rannsakað, ætti hann ekki sæti hér.

**Finnur Jónsson:** Ég er hræddur um, að hv. 6. þm. Reykv. sé farinn að smitast af hinu ættgenga minnisleysi úr nágrenninu, er hann heldur því nú fram, að bátar þeir, sem seldir voru frá Ísafirði, hafi ekki verið nema 5. Þeir voru þó auglýstir 11 í einu í hans eigin blaði, svo að þetta er rangt hjá honum, eins og allt annað.

Hv. þm. segir, að enginn framkvæmdastjóri vestra hafi tekið eins há laun og ég, og telur laun mín 10—20 þús. kr. En framkvæmdastjóralaun mín hafa aldrei farið fram úr 6000 kr. á ári, og þetta er hv. þm. vel kunnugt sem skattanefndarmanni. Auk þess hefi ég frítt húsnæði, sem svarar 100 kr. á mánuði.

Hv. þm. var að tala um, að ég væri undir sakamálskæru, en þetta eru hans venjulegu ósannindi. Fyrrv. bæjarstjóri, Jón Auðunn Jónsson, hefir kært mig og annan bæjarfulltrúa fyrir atkvgr. okkar í bæjarstjórn, í hefndarskyni af því að við höfðum kært hann fyrir ríkisstj., en þessi kæra er ekki alvarlegri en svo, að hann bauð okkur, að ef við vildum láta niður falla okkar kæru, þá skyldi hann sömuleiðis láta sína kæru niður falla. Þetta er bókað í gerðabók bæjarstj.

Ísafjarðar. Þetta var tilboð Jóns Auðunns bæjarstjóra, en við neituðum hrossakaupunum. Kæran á hendur mér er því ekki alvarlegri en það, að það er boðið að láta hana niður falla á fundi, þar sem saman var kominn fjöldi manns. Og hún átti að falla niður gegn því, að önnur kæra félli niður. Það er ekki til neins fyrir hv. 6. þm. Reykv. að reyna að hrekja neitt af því, sem ég hefi sagt. Hann getur það ekki.

Þegar hv. 6. þm. Reykv. var á Ísafirði, var hann þjónn íhaldsins þar. Einn gáfaðasti maður á Vestfjörðum sagði, að hann væri eyrnamarkaður íhaldinu. Hann sagði raunar meira, hann sagði, að hann væri soramarkaður því. Og þetta fylgir honum, því ég veit ekki betur en að hann sé soramarkaður svartasta íhaldinu hér í bænum.

**Garðar Þorsteinsson** (óyfirl.): Það er nú búið að ræða þetta mál meira og minna í fjóra daga, og ég verð að segja, að ef kviðdómur ætti að dæma um það, hvernig málið hefir verið flutt á báðar hliðar, þá þyrfti góðan dómstjóra til þess að skýra fyrir áheyrendum, um hvað hefði verið deilt, og rökstyðja dóm með þessum umr.

Þetta er nú 1. umr. um mál, sem allir hv. þdm. eru meira og minna sammála um að efni til. Í fyrstu spratt upp deila um það, hvers vegna hv. jafnaðarmenn og hv. framsóknarmenn vildu ekki vera flm. frv. Þegar það síðar upplýstist í málinu, að hv. þm. Ísaf. hafði á fiskiþinginu tekið afstöðu gegn málinu, þá snýst deilan um það, að þessi hv. þm. fer að reyna að verja sína afstöðu, og endar hann með því að hella yfir andstæðing sinn meiri persónulegum skömmum og svívirðingum heldur en dæmi eru til, að forseti hafi leyft nokkrum þm. að viðhafa. Þessi hv. þm. hefir þannig gert tilraun til að reyna að draga athygli hv. þdm. frá sinni óforsvaranlegu framkomu í málinu, með því að fara út í persónulegar rótarskammir. Það er ákaflega skemmtilegt fyrir „rauðu" flokkana í þinginu, sem bæði hér í þinginu og í blöðum sínum eru að ræða um málþóf sjálfstæðismanna á þingi, að maður úr þeirra hópi skuli hér halda klukkutímaræðu án þess að snerta á því máli, sem fyrir liggur, í þeim tilgangi að reyna að leiða athygli frá óhæfilegri framkomu sinni í þessu máli. Hv. þm. veit, að hann getur ekki annað en verið málinu fylgjandi, eins og flokksmenn hans, hv. 6. og hv. 3. landsk., og ennfremur hv. þm. Barð. Hv. þm. Ísaf., sem eins og kunnugt er hefir nú snúizt í málinu frá því sem hann kom fram á fiskiþinginu, hangir nú eins og hundeltur göltur fastur á hárinu í því tré, sem hann sjálfur hefir reist sér frá rótum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

---

Á 52. fundi í Nd., 6. des., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

**Jóhann Jósefsson:** Ég hafði ætlað mér, áður en gengið væri til dagskrár, að biðja hæstv. forseta að taka sem fyrst á dagskrá frv. til l. um Skuldaskilasjóð. Það mál var búið að vera 23 daga í höndum sjútvn., þegar við minnihl.mennirnir í n. neyddumst til að gefa út minnihlutanál., en því var svo útbýtt 4. þ. m. Aðspurður á fundi í sjútvn. taldi meiri hl. sig ekki hafa gefið út neitt nál., og eftir fyrri framkomu hans að dæma, mun hann ekki gera neitt til þess að flýta fyrir málinu. Hinsvegar berast Alþ. áskoranir hvaðanæva af landinu um að sinna þessu máli, og öðrum þeim málum, sem mþn. í sjávarútvegsmálum hefir undirbúið. En mestur áhugi er hjá útgerðarmönnum um það, að frv. um Skuldaskilasjóð gangi fram. Ég þykist þess fullviss, að hæstv. forseti virði svo þann þjóðarvilja, sem kemur fram í hinum mörgu áskorunum, sem Alþ. berast, og hæstv. forseti hefir sjálfur tilkynnt úr forsetastóli, að hann muni verða við þeirri beiðni, að taka málið á dagskrá næstu daga. Ég tel þetta mál svo þýðingarmikið, að það megi ekki bíða.

**Finnur Jónsson:** Hv. þm. Vestm. er vel kunnugt um það, hvernig á því stendur, að dráttur hefir orðið á því, að sjútvn. afgreiddi þetta mál. Honum er vel kunnugt um það, af því að hann hefir sjálfur tekið þátt í fundahöldum um þetta mál með hæstv. ríkisstj. og bankastjórum Landsbankans og Útvegsbankans. Hv. þm. Vestm. var settur í undirnefnd til að ræða þetta mál við hæstv. stj. og bankastjórana, og hygg ég, að síðasti fundur þeirrar n. hafi verið á föstudaginn var. En laugard. 1. des. var þingfrí, og menn mættu því ekki á fundi sjútvn. En daginn áður en reglulegur fundur átti að vera kusu 2 nm. að gefa út álit án þess að bera það undir meðnm. sína. Þessum hv. þm. er kunnugt um það, að af hálfu stjórnarflokkanna hefir komið fram samvinnutilboð um þetta frv., sem hans flokkur hefir ekki viljað fallast á. Það hefir verið tekið fram, að fyrir næstu vertíð er ekki hægt að gera neinar ráðstafanir til skuldaskila. Ég vænti, að hv. þm. staðfesti þá sameiginlegu skoðun, að þó að þetta mál gangi nú fram á þinginu, þá verði ekki hægt að koma á skuldaskilasjóði fyrir næstu vertíð. Það kemur því í sama stað niður fyrir sjávarútveginn, ef hægt er að leysa málið með samkomulagi á næsta þingi, sem mun eiga að koma saman um miðjan marz.

**Forseti (JörB):** Ég vil mjög beina því til hv. þdm., að þeir lengi nú ekki umr. frekar um þetta efni. En viðvíkjandi ósk hv. þm. Vestm. skal ég geta þess, að það væri mjög æskilegt, ef fyrir lægju álit frá báðum nefndarhlutum, áður en málið er tekið á dagskrá. Ég skal svo kynna mér, hvernig ástatt er hjá hv. meiri hl. sjútvn., og tala við hv. þm. Vestm. að þeim upplýsingum fengnum.

**Jóhann Jósefsson:** Það var óþarfi fyrir hv. þm. Ísaf. að færa fram afsakanir fyrir drætti málsins í n., því engar sakir voru bornar á hann sérstaklega. En ég get upplýst það, úr því

að hann gaf tilefni til þess, að mér brugðust tvisvar loforð hv. þm. Ísaf. um að halda fund í sjútvn. Það var fyrst eftir að við sáum, að ekki var hægt að treysta loforðum hv. þm. Ísaf., og að drátturinn var gerður að yfirlögðu ráði, að við hv. 6. þm. Reykv. tilkynntum, að við myndum setja fram nál. Það var ekki þannig, að við hefðum kosið að gera þetta, eins og hv. þm. Ísaf. sagði, heldur neyddi hann okkur til þess. Ég vil svo leiðrétta það, sem hann sagði, að okkur minnihl.mönnunum hefði borizt samvinnutilboð frá hæstv. ríkisstjórn. Þetta er ekki rétt. Það er að vísu rétt, að undirnefnd fjallaði um þetta mál, og að á fundi, sem hún hélt, voru viðstaddir einn af forstjórum Landsbankans, Magnús Sigurðsson, hæstv. atvmrh., 6. þm. Reykv. og ég. Ennfremur var viðstaddur form. sjútvn., hv. þm. Ísaf. Þar varpaði hæstv. atvmrh. fram nokkrum aths. frá eigin brjósti, sem ég tel mig ekki hafa leyfi til að bera fram opinberlega. En í þeim aths. fólust engin ákveðin tilboð um þetta mál. Hann tók það einmitt fram, að hann gæti enganveginn ábyrgzt, að hinn stjórnarflokkurinn væri samþykkur sínu hugarfari.

Hæstv. forseti sagði, að hann kysi helzt, að fyrir lægju nál. frá báðum nefndarhlutum. Ég vil nú segja honum það, að það bólar ekki enn þá á hreyfingu hjá meiri hl. n., þó að hann hafi haft nógan tíma til þess að koma með nál., og má því hæstv. forseti sjá, að það er af ásettu ráði, að hann kemur ekki með nál. Ég vil því ítreka beiðni mína og vona, að hæstv. forseti taki hana til greina.

**Forseti (JörB):** Ég vil nú beina því til hv. þdm., að þeir fari ekki að leiða saman hesta sína, áður en málið er tekið á dagskrá. Ég hét hv. þm. Vestm., að ég skyldi leita mér upplýsinga hjá sjútvn. og eiga svo tal við hann. Ég vænti þess, að hann láti sér það lynda, þó að ég gefi ekki nein ákveðin loforð.

**Sigurður Kristjánsson:** Það var aðeins örstutt leiðrétting. Það gæti litið svo út, sem við minnihl.mennirnir í sjútvn. hefðum ekki komið réttilega fram við meirihl.mennina í n. Ég vil þá skýra frá því til viðbótar því, sem hv. þm. Vestm. tók fram, að þegar málið var búið að vera yfir 20 daga í sjútvn., þá var því lofað af hv. þm. Ísaf. að hafa aukafund í n. um málið. Hann átti að vera á föstudaginn var, en hann var aldrei boðaður. Reglulegur fundur átti að vera á laugard. Þá mættum við hv. þm. Vestm., en ekki aðrir. Hv. þm. Vestm. náði í síma tali af form. n., hv. þm. Ísaf., en honum (FJ) tókst ekki að ná í hina nm. Hann lofaði svo að halda fund á mánud. kl. 11 árdegis, en sá fundur var síðan afboðaður af form. n., hv. þm. Ísaf. Ég held, að við minnihl.mennirnir höfum gert það, sem við gátum, til þess að n. gæti orðið samferða um málið.

Af því að hæstv. forseti taldi æskilegt, að nál. frá báðum nefndarhlutum fylgdu málinu, þá vil ég segja það, að hann ætti varlega að treysta skýrslu hv. þm. Ísaf. um málið. Það er bert, að honum er ekki óljúft að draga málið á langinn. En ég verð að segja það, að við minnihl.mennirnir gerðum ekkert til þess að tefja n. Við gerðum þvert á móti það, sem við gátum, til þess að n. gæti orðið samferða.

---

Á 55. og 56. fundi í Nd., 10. og 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 280, n. 642 og 739).

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég hefi ekki neitt sérstakt að segja um þetta mál að sinni, en vil vísa til nál. meiri hl. n. sem er mjög ýtarlegt.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Það er komið á annan mánuð síðan þetta mál kom til sjútvn. Það mun ekki talið neitt smámál, enda hefir þurft langan tíma til að melta það í n. Ég þarf ekki að endurtaka mikið af því, sem undan er gengið, en ég tel þó rétt að rifja það upp í stórum dráttum, af því að meðferð þessa máls mun lengi verða fræg í sögu Alþ. Ég veit ekki um hliðstætt dæmi, og vænti, að það muni ekki finnast.

Eins og öllum er kunnugt, var svo, að þegar atvinnuvegirnir voru komnir í þá niðurníðslu, að Alþ. þótti ekki mega svo búið standa án þess að það gerði ráðstafanir til viðreisnar þeim, þá var það, að samþ. var að skipa nefnd til rannsóknar á landbúnaði landsmanna. Sú nefnd skilaði áliti, og varð samkomulag um það, að ríkið fórnaði 11 millj. kr. til þess að tryggja þann þátt í þeim atvinnuvegi, sem almennt er kölluð efnahagshliðin, eða m. ö. o. að gera skuldaskil hjá þeim, sem stunda búskap sem aðalatvinnu. Allir vita, að sá arður, sem landbúnaðurinn aflar til lífsviðurværis þjóðarinnar eða til opinberra þarfa, er ekki nema $^1/_7$ eða $^1/_8$ af því, sem úr sjónum kemur. Það var því ekki undarlegt, þó því væri hreyft þá, að framtíð landsins og ríkisins væri ekki síður undir því komin, að athugað væri, hvort sjávarútvegurinn hefði þá undirstöðu, sem nauðsynlegt væri. Það var engin ástæða til að halda, að hið illa árferði hefði gengið framhjá þeim atvinnurekstri, og ekki heldur ástæða til að halda, að hagur þjóðarinnar gæti verið óbreyttur, þó hryndi undan $^3/_8$ hlutum af atvinnurekstri þjóðarinnar, ef tryggt væri, að $^1/_8$ hluti stæði. En þó var ekki tekið vel í það í bili, að koma þeim atvinnuvegi til hjálpar. Því var borið við, að málið væri ekki rannsakað. En það var ekki farið fram á, að frestað væri viðreisn landbúnaðarins, heldur að þessar tvær atvinnugreinar væru látnar fylgjast að. Allir þm. virtust sammála um, að látin væri fara fram rannsókn á hag sjávarútvegsins eins og landbúnaðarins. Það kom engin rödd fram um það, að Alþ. skyldi sjálft skipa fyrir um það, hverjir framkvæmdu þá rannsókn, heldur var ríkisstj. látin sjá um það. Rannsókn þessi hefir nú farið fram. Um það má auðvitað deila, hve áreiðanleg hún er, en það var ekki deilt um það, þegar rannsókn hafði farið fram á landbúnaðinum, hvort sú rannsókn væri nægilega ljós eða rétt, að fært þætti að koma þeirri atvinnugrein til hjálpar. En nú heyri ég, að fram koma raddir um það,

að það sé ekki unnt að koma sjávarútveginum til hjálpar, af því að rannsóknin sé ekki nógu greinagóð. Þessar raddir fara að vísu ekki hátt, en þær koma fram í nál. meiri hl. sjútvn., sem ég fékk í hendur rétt áðan, en ég veit ekki, hvort allir eru búnir að lesa það, því ég hefi aðeins getað hlaupið gegnum það einu sinni. En það þarf ekki ýtarlegan lestur til að sannfæra sig um það, að heili þess, sem skrifaði það, hafi ekki verið í sem æskilegustum skorðum, og innrætið hefir ekki svikið frá því, sem ég áður þekkti það þar. Ég ætla að geyma þangað til síðar í ræðu minni að taka til athugunar, hverjum aðferðum var beitt til þess að fá þessa rannsókn, og á hve traustum grundvelli hún er byggð, en þetta er vefengt í nál. meiri hl.

Ég vil þá taka upp þráðinn þar, sem ég gekk *frá honum. — Þegar Alþingi hafði afráðið að láta* þessa rannsókn fara fram, skipaði stj. þriggja manna nefnd til þess að framkvæma þetta. Ég skal játa það, að mér þótti miður, að stj. skyldi sjálf skipa n., ekki af því, að hún gæti ekki skipað *jafngóða menn*, heldur af hinu, að þm. hefðu kannske fundið sig meira bundna af gerðum nefndarinnar, ef þeir hefðu valið mennina, en um það þýðir ekki að sakast, en deilan er þá um það, hvernig verk n. er unnið.

N. skilaði áliti í október, en nál. kom ekki út fyrr en liðið var fram á þing. Menn verða að hafa það í huga, að n. starfaði ekki fyrir þingið, heldur stj., og nm. fóru þegar til ráðh. um mánaðamótin ágúst og september, mánuði áður en þing átti að koma saman, til að spyrjast fyrir um það, hvenær hún mætti í síðasta lagi skila frv. til stj. til þess að stj. gæti gert það að sínu frv. Hún fékk þau svör, að það lægi ekki á, sökum þess, að stj. mundi ekki beint flytja frv., heldur fela það sjútvn. þingsins. Í september kynnti n. atvmrh. till. sínar, færði honum og uppkast að þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það var a. m. k. hálfum mánuði áður en þing átti að koma saman. Síðan færði n. stj. 10. okt. aðalfrv., sem hún hafði samið, og þar með fylgdi *grg., og þegar verið er að tala um* það, að skýrsla sú, er frv. er byggt á, hafi ekki komið fyrr en löngu seinna, þá vil ég benda á það, að í grg., sem frv. fylgdi, eru tekin upp þau höfuðatriði, sem þessar till. eru byggðar á, og þeir menn, sem hefðu viljað hafa fyrir því að lesa greinargerðina, hefðu getað fengið þar aðalupplýsingarnar, en það hefir gengið tregt að fá hv. þm. til að lesa frv. og grg., en það stafar af því, að það er hér andúð gegn þessu máli, og hún hefir ekki sizt komið fram í því, að hv. form. sjútvn., eftir að hafa lesið það yfir, greiddi atkv. á móti því, að Fiskifélag Íslands léti í ljós vilja sinn með þessari viðréttingu sjávarútvegsins. Hann gerði þar þá grein fyrir því, að hann væri ekki búinn að kynna sér málið, en hann gat þó greitt atkv. á móti því án þess að vera búinn að kynna sér, hvort það væri rétt eða rangt. Það sýnir, að hann var fyrirfram ákveðinn til andstöðu við málið, eins og glögglega kom fram síðar. Þannig hefir afstaða flestallra stjórnarsinna í d. verið til þessa máls. Þeir hafa ekki fengizt til að kynna sér málið, en þeir hafa verið flestir við því búnir að vera á móti því án þess að kynna sér það. Mér liggur því við að kalla það hræsnisfullar yfirlýsingar, sem þessir menn hafa verið með, þegar þeir hafa verið að skýra frá velvilja sínum til þessa máls, jafnframt því sem þeir hafa reynt að gera allt málinu til tjóns og tafar. Ég ætla, að viljinn sýni sig bezt í því, að málið ætlaði aldrei að fást hér til 1. umr., og þegar það kom, þá mætti það fáheyrðum árásum og fádæma persónulegum skömmum í garð flm. frv., sem ég veit ekki til, að gæti stafað af öðru en óvild til málsins, sem síðan lenti á flm.

Ég skal þá ekki dvelja lengur við forsögu málsins, en það er fyrst *10. nóv., sem málinu fæst* fyrst vísað til n., þ. e. a. s. að þá er 1. umr. um garð gengin í fyrri d. Nú vita allir, hvað áliðið er tímans, kominn 12. des., svo að það er meira en mánuður liðinn síðan málið fór til n. *En svo að ég segi sögu málsins í sjútvn.*, þá var málið þar ekki tekið fyrir fyrr en 16. nóv. Þá var ákveðið, að n. skyldi fá umsögn bankanna um málið. Það var þó ekki gert strax, ég held þó eftir tvo daga, en það mun ekki hafa verið seinna en 18. f. m., sem bönkunum var skrifað. Ég kem að því síðar, að það tafði málið mikið, að gera ekki áttað sig á þessum svörum fyrr en nú fyrir tveimur dögum síðan, því að svarið frá Landsbankanum kom ekki fyrr en 6. des. og frá Útvegsbankanum 7. des., en minni hl. hefir ekki fengið að sjá þau fyrr en nú í dag.

Þegar eftir það, að búið var að skrifa bönkunum, var samþ., að fyrst og fremst skyldi rannsaka, hve mikillar hjálpar togaraflotinn mundi þurfa að beiðast samkv. frv., ef skuldaskil yrðu, og í öðru lagi að fá það uppgefið hjá hæstv. fjmrh., hve mikilla tekna mætti vænta af þeim tekjuaukafrv., sem lögð hafa verið fyrir þingið af stj. eða að tilhlutun hennar. Minni hl. n. hefir athugað þetta, eftir því sem hægt var, og fjmrh. *mætti á fundi hjá n., til þess að gefa sína skýrslu.* Mér þykir það mjög miður, að hæstv. fjmrh. er ekki við, því að ég þarf einmitt að minnast á þessa skýrslu hans. En að beðið var um þessa skýrslu, stafar af því, að það kom fram, að meiri hl. n. mundi þunglega á móti togaraflotanum, en gæti komið til mála, að hann yrði með einhverri leiðréttingu á málefnum smærri flotans, ef stærri flotinn væri undanskilinn; en að óskað var eftir skýrslu fjmrh. um hitt atriðið, stafar af því, að það hefir mikið verið fært fram þessu máli til foráttu við 1. umr., að milliþn. hefði ekki gert ráðstafanir til að afla fjár í ríkissjóð í stað þess fjár, sem ríkissjóður mundi missa, ef útgerðin fengi sjálf að nota útflutningsgjaldið um ákveðið árabil. Ég þarf ekki að skýra frá því, hvaða upphæð það var, sem okkur sýndist, að togaraflotinn þyrfti að fá, ef skuldaskil yrðu, en það er mikill minni hluti af því, sem þyrfti fram að leggja eftir þeirri athugun, sem gerð hefir verið. En skýrsla hæstv. *fjmrh. var í stuttu máli sagt, að sá tekju*auki, sem vænta mætti af tekjuöflunarfrv., væri þessi: Tekju- og eignarskattur, miðað við hæn viðauka, sem áður hefir verið, 40%, um 300000 kr., en annars 850000 kr., ef miðað er við skattinn eins og hann er nú samkv. l., af tollbreytingum 400000, af einkasölum 200000. Þessar upphæðir, sem mundu vera um 900000 kr., ef tekið er

tillit til gengisviðaukans, 40%, sem ég hygg, að sé 450000 kr., þá er þetta upphæð, sem nær ekki nokkurri átt, ef nokkuð gengur fram af tekjuöflunarfrv. Það er næstum því, að það taki engu tali að ræða þetta, það er svo bersýnileg fjarstæða. En við minnihl.menn fórum fram á að fá áætlun um þetta, af því að því hafði áður verið marglýst yfir af flm. frv., að Sjálfstfl. væri reiðubúinn til að styðja tekjuöflunarfrv., sem fram kæmu til að bæta upp þann tekjumissi, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna þessa frv., að svo miklu leyti, sem frv. stj., er samþykki væri tryggt, nægðu ekki til að mæta því tekjutapi.

Eftir þetta var ákveðið að eiga fund með bankastjórum Útvegsbankans og Landsbankans og ríkisstj. í heild, og það var tilkynnt þann 24. f. m., að fundur væri ákveðinn laugardaginn. Á þeim fundi var tilnefnd 3 manna nefnd, Magnús Sigurðsson bankastjóri, Haraldur Guðmundsson ráðherra, og svo áttum við úr n. að nefna til einhvern mann, en það varð úr, að þrír mættu, hv. þm. Ísaf., hv. þm. Vestm. og ég. Á öllum þessum fundum var rætt um málið, aftur og fram, en ég verð að segja, að það var líkt því, sem þar væru kettir að fara í kringum heitan soðpott. Þar var lítið sagt ákveðið, og leit út fyrir, að þar væri hver og einn hræddur við skuggann sinn, og kannske hver við annan, en ekki get ég annað sagt en að erfitt væri að fá þar ákveðna umsögn. Enginn mælti þó á móti því, að sjávarútvegurinn væri hjálparþurfi, og enginn mælti á móti því, að hann væri hjálparverður, en leiðirnar til þess voru ákaflega lauslega ræddar. Og af því að engin ákvörðun var tekin og þessir fimm menn gátu ekki komið sér saman um neina till., þá vorum við flm. frv. í nokkrum vafa um það, hver árangurinn mundi verða, og áttum tal um það við hv. form. sjútvn., hvort vonlaust væri um samkomulag, svo að við ættum að gefa strax út nál. Hann lofaði þá að kalla saman aukafund í n. næsta föstudag. En þegar til kom, var ekki hægt að ná nm. saman á hann, svo að ekkert varð af honum. Næsta dag átti svo að vera reglulegur fundur. Við hv. þm. Vestm. mættum þar, en engir aðrir. Hv. þm. Vestm. náði þá símasambandi við hv. form. sjútvn. og spurði hann, hvers vegna hann kæmi ekki á fundinn. Hann hafði góð orð, sagðist ætla að reyna að ná í hina, hv. þm. Barð. og hv. 3. landsk. Svo hringdi hann nokkru síðar og sagði, að annar fyndist ekki, en hinn neitaði að koma. Af þessum fundi varð því ekkert, en þó lofaði hv. form. að halda aftur aukafund næsta dag kl. 11 árdegis. Þegar við hv. þm. Vestm. mættum, þá fór þar á sömu leið, að það var ekki hægt að ná í hina. Þess vegna gat ekki heldur neitt orðið af þeim fundi.

Ég ætla því, að þegar þannig hafði þrisvar sinnum misheppnazt að fá n. saman á fund, og þegar liðnir voru 23 dagar frá því að málið fór í n., að engum þurfi að koma það á óvart, þó að við sæjum ekki ástæðu til að bíða lengur eftir hinum nm., sem ýmist virtust ekki vilja muna eftir málinu eða ekki vilja sinna því.

Ég skal taka það fram, að hæstv. atvmrh., sem hafði áður spurt um það, hvort ekki mætti skipta fiskveiðaflotanum niður og taka fyrir smærri útgerðina fyrst og svo togaraútgerðina sér í lagi, hann hafði beðið okkur um athugun á því og skýrslu um það, hvað mikið fé mundi þurfa til þess að gera skuldaskil fyrir bátaútveginn allan, ef togarar og línuveiðaskip væru undanskilin. Þessa athugun gerðum við og sendum bæði hæstv. ráðh. og hv. form. sjútvn. grg. fyrir þessu, eða áætlun um þetta, eins glögga og við bezt gátum gert hana. En það bólaði ekkert á því, að þeir vildu neitt með þetta gera, en í hinu nýútkomna nál. þeirra eru teknar upp tölur, sem er áætlað, að þurfi til skuldaskila bátaútvegsins, sem sýnilega eru bláber vitleysa, svo að ég noti þau réttu orð. Þar er ekki byggt á nokkrum hlut, heldur er þessu bara skellt á pappírinn algerlega órökstuddu.

Þetta mál er þá svona komið, að við hv. þm. Vestm. höfum í 23 daga dekrað við meðnm. okkar, leitað að þeim, kallað á þá á fund, lagt upp í hendurnar á þeim allt, sem þeir hafa beðið um, og yfirleitt með öllu móti reynt að fá þá til að sinna þessu máli á einhvern hátt. Við höfum innt þá eftir, hvort þeir vildu þá ekki koma með brtt., því að við sögðum þeim það strax, að málið væri ekki svo rígskorðað í þessu formi frá okkar hendi, að við vildum ekki ræða um brtt. til samkomulags, en þeir hafa ekki heldur fengizt til þess. Og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, af hverju þetta er. Það er frá upphafi af óvild til málsins og óvild til þeirra, sem reka þennan útveg, því að þessum einstaklingsrekstri vilja þeir koma á kné. Þess vegna hafa þeir alltaf látið úr hömlum dragast og öllum brögðum beitt til að draga málið svo á langinn, að það gæti ekki fengið afgreiðslu, en mér finnst, að nokkuð hafi skort á það, að þeir hafi getað dulið þennan tilgang. Það þýðir ekkert fyrir meiri hl. að vera að halda fram öðru eins og því, að við höfum alltaf hlaupið frá þeim með þetta mál. Við höfum dekrað við þá sem unnt var, til þess að þeir létu sér ekki til minnkunar verða, og það má hver og einn meta eftir sinni greind, hvort við höfum sýnt nokkra ósanngirni eða óþolinmæði í því að liggja yfir þeim með málið þessa 23 daga eftir að það kom til nefndarinnar.

Álit okkar minnihl.manna hefir nú legið fyrir d. á 3. viku, og allan þann tíma hefir orðið að bíða eftir áliti hv. meiri hl., og ég verð að segja, að það er fágætt, að svo lengi þurfi að bíða eftir áliti frá öðrum nefndarhl. Það hefði ekki þótt sæma um mál, sem eru þó lítilfjörlegri en þetta virðist vera.

Nú liggja bæði þessi nál. fyrir, og þetta, sem ég hefi nú sagt, er vitanlega ekki nema inngangur að framsöguræðu minni, og ég veit ekki, hvort hæstv. forseti vill nú taka fyrir framhald ræðunnar þegar klukkan er nú orðin 7, en ég geri ekki ráð fyrir að geta komizt af með minna en klukkustund til að ljúka máli mínu. Vil ég því bera það undir hæstv. forseta, hvort ekki sé nú rétt að fresta framhaldi ræðu minnar. (**Forseti**: Það á ekki að hafa næturfund, svo að það væri gott, ef hægt væri að ljúka ræðunni af nú). Ég get ekki lokið ræðunni á skemmri tíma en ég hefi sagt. [Frh.].

**Varaforseti (PZ):** Fyrst hv. þm. á eftir svo mikinn hluta ræðu sinnar, þá er umr. frestað.

---

Á sama fundi, þá er forseti hafði lesið upp dagskrá næsta fundar, mælti

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil bera það undir hæstv. forseta, hvort honum finnist ekki meðferð þessa frv., frv. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, nógu óviðeigandi, þó að það sé ekki sett neðst á dagskrána á morgun, þegar aðeins fékkst að byrja á einni ræðu um það nú á þessum fundi. Mér finnst slík meðferð sem þessi, á jafnmikilsverðu máli sem þessu, alveg óviðeigandi, og vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann ætli því sómasamlegt sæti á dagskránni á morgun.

**Forseti (JörB):** Það er rétt hjá hv. þm., að frv. þetta er neðarlega á dagskránni, en svo stendur á því, að ég var búinn að ákveða röð málanna, áður en ég vissi, hve skammt komst með umr. þessa máls nú. Mun ég því á morgun taka það fyrir á undan ýmsum þeim málum, sem ofar standa á dagskránni, og vænti ég, að hv. þm. geti gert sig ánægðan með það.

---

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson)** [frh.]: Þegar ég hvarf frá þessu máli í gærkvöldi, var ég kominn að því að tala um álit meiri hl. sjútvn., og skal ég þá halda áfram með þetta mál.

10. desember, rúmum 10 vikum eftir að hæstv. ráðh. fékk þetta frv. í sínar hendur og tók að kynna sér og sínum flokksmönnum efni þess, eftir því sem hann hefir sjálfur lýst yfir, þá fyrst kemur álit meiri hl. n. Ég ætla, að það sé dagsett 10. desember, en í gær kom það fyrst inn í d. Eftir þennan útungunartíma gæti maður nú ætlað, að meiri hl. hefði einhver rétt rök fram að færa og einhverjar skynsamlegar og velviljaðar till. til úrlausnar á málinu, byggðar á athugun og skilningi á þeim mikla vanda, sem hér liggur fyrir, og á frv. sjálfu. En af nál. er það í fæstum orðum að segja, að það er í raun og veru ekkert annað en niðrit. Það er spunnið úr vanþekkingu, óvild og mjög fágætum dónahætti, vil ég segja, og morandi í beinum ósannindum, því miður mörgum alveg vísvitandi. Ritsmíð eins og þetta nál. meiri hl. á auðvitað sinn líka. Það á eflaust sinn líka í greinum sorpblaða, en í þingskjölum held ég, að það eigi engan sinn líka, að ógleymdu áliti sömu n. um frv. til l. um fiskiráð. Ég mun finna öllum þessum orðum mínum stað í framhaldi þessarar ræðu minnar, bæði með tilvitnunum í nál. sjálft og jafnframt með tilvitnunum í það, sem áður hefir gerzt í málinu. Meiri hl. segir í upphafi álits síns, að atvmrh. hafi komið á fund í sjútvn. 27. okt. og lýst því yfir, að frv. þetta hefði komið svo seint fram eða til stj., að hún hefði ekki getað tekið tillit til þess við samningu fjárlagafrv. fyrir 1935 og hefði þess vegna ekki séð sér fært að mæla með samþ. þess á þessu þingi, nema því aðeins, að séð væri jafnframt fyrir fjáröflun í þessu skyni. Hinsvegar hefði ráðh. æskt þess eindregið, að sjútvn. tæki til athugunar, hvort ekki væri unnt að gera ráðstafanir um skuldaskil smáútvegsins þegar á þessu þingi.

Það, sem hv. meiri hl. hefir hér eftir ráðh., er eitt af því fáa, sem er rétt hermt í nál., og þess vegna er bezt að athuga það fyrst.

Það atriði, að frv. hafi borizt stj. of seint til þess að hún gæti tekið tillit til þess við samningu fjárlagafrv. fyrir 1935, er auðvitað persónulegt álit ráðh. sjálfs, en að mínu áliti er þessi skoðun hans röng, eins og ég skal leitast við að færa rök að. Eins og ég hefi áður sagt, þá skýrði mþn. atvmrh. frá því í lok ágústmánaðar í sumar, hver niðurstaðan væri um efnahag útvegsins og hvað n. mundi leggja til, að gert yrði í þeim málum. N. óskaði eftir samvinnu við ráðh., sem sjálfsagt var, því að samkv. stöðu sinni var hann oddviti í þessu máli. Ráðh. tók máli n. vel, og um miðjan september færði n. ráðh. uppkast að þessu frv., sem hér liggur fyrir. Þá var jafnframt hæstv. fjmrh. kynnt þetta frv. og honum fært það af nm., og hann óskaði eftir, að ákveðnum manni í stjórnarráðinu yrði sýnt frv. og hann látinn fara yfir það og athuga sérstaklega hina teknisku hlið frv. Það er þess vegna mín persónulega skoðun, að frv. hafi komið nógu fljótt úr höndum n. til stj., svo að hún gæti tekið fullt tillit til þess við samningu fjárlagafrv. Hitt er annað mál, hvað er skoðun hæstv. atvmrh. í þessu efni. Hann segir, að það sé sitt álit, að það hafi ekki verið hægt. En sannleikurinn í þessu máli er sá, sem öllum hv. þm. á að vera kunnugt, að það var stj., sem hafði allar skyldur í þessu máli. Alþingi fól henni eða fyrirskipaði að láta þessa rannsókn fara fram og koma fram með till. til úrlausnar. Milliþn. starfaði aðeins fyrir stj. Það þýðir ekkert að vera að halda fram öðru eins og því, að stj. hafi þarna aðeins verið að athuga, hvort og hvernig hún ætti að taka undir mál mþn. Það var hún, stj. sjálf, sem átti að koma með og leggja fyrir þingið samkv. þáltill. till. til úrlausnar þessara mála, auðvitað byggðar á þeirri rannsókn, sem hún lét gera. Það er firra — og ég vona, að það sé í síðasta skiptið, sem ég þarf að mótmæla henni —, að allar skyldur í þessu efni hafi hvílt á mþn., en engar á stj. Því er alveg snúið við. Sannleikurinn er sá, að höfuðskyldan gagnvart þessu máli hvílir á stj., en ekki mþn. Mþn. var bara til aðstoðar stj., og ég þykist hafa fært að því sæmileg rök, að n. flýtti rannsókn sinni eins og hún gat og kynnti stj. niðurstöðurnar svo tímanlega, að það var nægilega rúmur tími til þess að taka tillit til frv. í samningu fjárlagafrv. fyrir árið 1935, og n. lagði við það alla alúð, að kynna stj. þetta mál og fá samvinnu hennar um úrlausn á þessum vanda.

Hitt atriðið, sem er haft eftir ráðh. og er alveg rétt, er það, að hann gæti ekki mælt með því, að frv. næði samþ. þessa þings, nema því aðeins, að séð væri fyrir tekjuöflun í þessu skyni. Þessi orð ráðh. skildum við í mþn. þannig, að hann ætlaðist til, að frv. næði fram að ganga á þessu þingi, ef séð væri fyrir fjáröfluninni. Allur Sjálfstfl. hér á þingi var sammála

um það, og form. flokksins lýsti því yfir hér í deildinni, að flokkurinn mundi leggja sitt lið til þess, alveg ákveðið, að fjárl. yrðu afgr. tekjuhallalaust, og vinna að því að ríkissjóði bættist sá tekjumissir, sem hann yrði fyrir, ef þetta frv. yrði samþ.

Til þess að framkvæma þetta varð fyrst og fremst að gera sér það ljóst, hver yrði tekjuöflun ríkissjóðs samkv. tekjuöflunarfrv. þeim, sem fram voru komin, bæði frá stj. og fyrir hennar atbeina, og í þessu skyni var það, að a. leitaði álits hæstv. fjmrh. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að skýrslur hans um þetta efni nái ekki nokkurri átt. Ég þarf ekki að endurtaka það frá því í gærkvöldi, hver hans skýrsla var. Hann telur t. d., að einkasölufrv. gefi einar 200 þús. kr., og þar er ekkert tillit tekið til þess tekjuauka, sem leiðir af afnámi bannlaganna. Þar var gert ráð fyrir, að tollbreytingar mundu gefa 400 þús. kr., sem er mjög lág upphæð, en þó er það allra mest áberandi, að það er ekki gert ráð fyrir, að einkasölurnar gefi ríkissjóði svo sem neinn arð. Það er því svo langt frá því, að hér hafi fengizt nokkur samvinna við meiri hl. sjútvn. og stjórnarflokkana á þingi að gera rétta rannsókn á þessu máli, að hér er ekkert undir það tekið, alls ekkert. Og það vita allir, hvernig fór með samvinnuna við sjálfstæðismenn að rétta við fjárhaginn með niðurfærslu á útgjöldum. Allar slíkar till. voru hispurslaust drepnar af stjórnarflokkunum báðum hér á þingi.

Ég má nú til, af því að hið einstaka plagg, nál. meiri hl., er komið mér í hendur, að fara um það nokkrum orðum. Í þessu nál. er það endurtekið, að minni hl. sjútvn. og flm. þessa frv. hafi flýtt því svo, að meiri hl. hafi engan kost átt á að athuga það. Ég skýrði frá því í gærkvöldi, hver gangur þessa máls hefir verið, og hirði ekki um að endurtaka það; það er nóg að benda á það, að nú er komið á 11. viku síðan mál þetta var fyrst fengið hæstv. ráðh. í hendur með þeirri grg., sem frv. fylgdi. Og þegar hv. nm. segja, að þeir hafi engan kost átt á að kynna sér málið, áður en það var borið fram af okkur flm., þá vil ég enn benda á það, að hæstv. atvmrh. skýrði frá því, og hann hefir ekki verið véfengdur, að hann hefði haft málið hjá sér þessa 17 daga, sem hann hafði frv., **til að kynna samflokksmönnum sínum það.**

Ég vil álíta, að það muni vera rétt, einkanlega þegar mér er orðið kunnugt um það, að hæstv. atvmrh. hefir einmitt gert talsvert til þess að ná einhverju samkomulagi til úrlausnar á þessu, en hefir sýnilega lent þar í minni hl.

Í nál. segir svo, að málinu hafi verið hraðað það mikið, að ekki hafi verið hikað við að brjóta alla þingvenju til þess að ná því marki að koma málinu út og gera það að flokksmáli. Þetta eru svo blygðunarlaus ósannindi, að mig furðar, að það skuli vera sagt af sömu mönnum, sem vita það, að frv. er ekki flutt fyrr en fyrst í nóvember, en var fengið ráðh. í hendur fullbúið með grg. 10. okt. og hann leggur það fyrir sjútvn. 27. okt., og við gengum eftir meðnm. okkar um það að vera meðflm.

Þá segir hér í þessu nál., að það hafi verið sýnt, að ekki fengist samkomulag í n. um flutning frv., því að sjálfstæðismenn hefðu haldið fast við að taka sem mest af útgerðinni, og helzt alla, undir skuldaskilin og afgr. málið þegar á þessu þingi, en ekki getað bent á leiðir til fjáröflunar vegna þess tekjumissis, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna samþykktar frv., enda hefði flokkur þeirra á þingi staðið gegn öllum tekjuaukafrv. stj.

Manni blöskrar eiginlega ekkert, sem kemur frá þessum mönnum, og þar með verður að láta svo heita, að manni blöskri þetta ekki heldur. Það er ekki undarlegt, þó að sjálfstæðismenn haldi fast við það, að taka helzt alla útgerðina undir skuldaskil. Það er einmitt ágreiningurinn, að þeir vilja það, en hinir ekki. Hér er meiri hl. n. því eiginlega að löðrunga sjálfan sig, líklega óafvitandi, því að hann sýnist ekkert vita, hverja hann ber. Svo er því bætt við í nál.: „En ekki gátu þeir bent á leiðir til fjáröflunar vegna þess tekjumissis, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna samþykktar frv.“ Við höfum mörgum sinnum boðizt til þess að gangast fyrir tekjuöflun, ef tekið væri á því, að láta frv. ganga fram. En tekjuöflun í þessu skyni, þegar þverneitað er að láta frv. ganga fram, það sér hver maður, að væri ekkert nema vitfirring. Slík hugsun getur ekki fæðzt í nokkrum heilbrigðum heila. Og svo koma þessi rakalausu ósannindi, að sjálfstæðismenn hér á þingi hafi staðið á móti öllum tekjuaukafrv. Ég veit ekki betur en að búið sé að samþ. tekjuaukafrv. með atkv. sjálfstæðismanna, og ég veit heldur ekki betur en að þeir hafi komið fram með till. um allmikinn sparnað á fjárl., en þær voru allar strádrepnar. Sjálfstfl. hefir margsinnis boðizt til þess að gangast fyrir tekjuöflun vegna Skuldaskilasjóðs, að svo miklu leyti sem tekjuöflunarfrv. stj. ekki nægðu, en þeir eru ekki svo gersneyddir þeirri ábyrgðartilfinningu, sem stjórnarflokkarnir virðast vera sneyddir, að þeim detti í hug að leggja álögur á þjóðina, nema full þörf sé þar fyrir hendi. Þess vegna dettur sjálfstæðismönnum ekki í hug að leggja á nýja skatta vegna þessa frv., nema frv. sé um leið tryggður framgangur. Ef það er ekki sýnt, að tekjuöflunarfrv. þau, sem samþ. verða, nægi ekki til þess, að fjárl. verði afgr. tekjuhallalaust, þó að skuldaskilasjóður yrði stofnaður, þá kemur ekki til mála, að sjálfstæðismenn gangist fyrir nýjum álögum þar að auki.

Hér stendur, að meiri hl. hafi hinsvegar haldið þeirri skoðun hæstv. atvmrh. fast fram, að smábátaútvegurinn og vélbátaútvegurinn skyldi styrktur af ríkinu til þess að ná skuldaskilasamningum. Engu í þessa átt hefir meiri hl. haldið fram. Hann hefir ekki fengizt til neins samkomulags um þá hluti. Ég sé nú ekki neinn úr hv. meiri hl. hér í salnum, enda er mér sama hvar þeir flækjast. Þeir skulu ekki með flótta sínum hefta mig í því að segja það, sem segja þarf. Ég veit, að það er sama og að stökkva vatni á gæs, að ræða við þá með rökum. Þess vegna hirði ég hvergi, þó þeir snúi nú baki við, þar sem þeir ættu að beita brjóstinu, enda er bakhlutinn kannske engu ógöfugri. Þeir hafa aldrei orðað það, að smábátaútvegurinn ætti að fá hjálp. Þeir hafa skvaldrað um málið vítt og breitt, en alls ekki komið með neinar till. til

samkomulags um hjálp handa smábátaútgerðinni. „*En bankarnir yrðu að sjá fyrir stórútgerðinni*“, segir hér, „línuveiðurum og togaraútgerðinni“. Ég býst við, að bankarnir telji sér ekki fremur skylt að hjálpa togaraútgerðinni en öðrum greinum útgerðarinnar. Ég býst við, að þeir reyni að inna af höndum skyldur sínar og hjálpa þessum atvinnuvegi eftir því sem á stendur í hverju einstöku tilfelli, en miði þá hjálp hvorki við skipastærð né persónur.

Þá segir hér í nál. meiri hl. n., að svo virðist, sem það sé skoðun allra, sem ræða um málið, bæði bankastjóra og flm. frv., að engin skuldaskil geti orðið fyrir næstu vertíð, þótt frv. næði fram að ganga á þessu þingi. Ég sé nú ekki, hvernig nokkrum manni hefði getað flogið það í hug, að skuldaskil gætu orðið áður en næsta vertíð hefst, þar sem bátavertíðin byrjar nú næstu daga og togaraveiðin í febrúar. Mþn. datt ekki í hug, að þetta lánaðist á styttri tíma en tveimur árum. Þessi orð meiri hl. sjútvn. eru því sögð út í loftið og sýna, að hann hefir aldrei botnað neitt í þessum skuldaskilamálum. Ég geri ráð fyrir, að allir skynbærir menn skilji, að skuldaskilasjóðurinn er enn ekki nema frv., sem fyrst þarf að verða að lögum, og þar næst þarf að afla fjár í sjóðinn og síðan þarf hann að fá í hendur öll nauðsynleg gögn til þess að geta annazt lánveitingar.

Svo þegar meiri hl. fer að ræða um, hvert hafi átt að vera verkefni mþn., þá hefir hann látið prenta upp í nál. þál. um starf n. frá 1933, sem bæði er prentað í grg. frv. og áliti mþn., auk þess sem hún er í Stjórnartíð. frá 1933, og segir svo: „Verkefni mþn. voru mjög stór samkv. þál., sem birt er hér að framan, en í till. n. felast ekki úrlausnir á þeim nema að mjög litlu leyti. Má í því efni vitna til skýrslu n. sjálfrar um afkomu útvegsins.“ Þetta bendir til þess, að meiri hl. hefir ekki einu sinni lesið nál., eða ef hann hefir gert það, þá hefir hann ekki skilið það, og er hvorttveggja jafnsennilegt frá mínu sjónarmiði. Í þál. stendur, að stj. eigi að láta rannsaka og safna skýrslum um fjárhagsástæður og afkomuhorfur sjávarútvegsmanna um land allt. Ég held, að því verði ekki neitað, að n. hefir gert það, eftir því sem hægt var á ekki lengri tíma. Í öðru lagi segir, að undirbúa skuli till. til úrlausnar á vandamálum útvegsmanna, einkum um ráðstafanir af hálfu hins opinbera, til að firra þá vandræðum vegna yfirstandandi krepputíma. Þessir 2 liðir í þál. eru auðvitað höfuðverkefni n. Nú er það vitanlegt, að n. hefir framkvæmt þessa rannsókn og borið fram þær till. til úrlausnar á vandamálum sjávarútvegsins, sem fyrst og fremst stefna að því, að skapa útveginum fjárhagslega sjálfstæðan grundvöll. Og það er álit n., að þetta sé sú umbót, sem fyrst þurfi að gera á þessum atvinnuvegi, áður en lengra er farið. Og ég hefi ekki heyrt neinn mótmæla því áliti n., nema ef á að skoða sem mótmæli það skvaldur, sem er að finna í nál. hv. meiri hl. n.

Þá var það annað, sem n. komst að við rannsókn sína, en það var, að útgerðartækin hafa í seinni tíð mjög gengið úr sér. Þetta á sér einkum stað, þegar hart er í ári, að útgerðarmenn eiga erfitt með að halda við skipum sínum. Þetta stafar af því, að hér er engin stofnun, sem veitir *stofnlán til útvegsins, nema lítill vísir til slíkrar* stofnunar, þar sem Fiskveiðasjóður er. Eftir að n. hafði komizt að því, að það þurfti að endurnýja fiskiflotann, og þá sérstaklega stóru skipin, komst n. að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að efla þá stofnun, sem veitir stofnlán til sjávarútvegsins. Þess vegna hefir n. flutt frv. um að efla Fiskveiðasjóð, og ég hefi ekki heyrt vefengt, að þær till. mundu koma að gagni.

Í þriðja lagi átti n. að athuga leiðir til þess að bæta rekstur útvegsins. Það hafði verið bent á það, að vátrygging smábáta væri í ólagi. N. fékk því sérfræðinga til þess að athuga þetta, og það kom í ljós, að vátryggingum þessum er mjög ábótavant. Þess vegna skilaði n. frv. um vátryggingar báta, sem gerir það að verkum, ef að lögum verður, að gera áhættu þeirra minni, sem lána fé til bátanna og hafa tekið mjög háa vexti af þeim lánum, fyrir það hve áhættan er talin mikil. Þá er það viðurkennt, að útgerðin hefir víða borgað miklu hærra verð fyrir ýmsar útgerðarvörur en líklegt væri, að þyrfti að vera, ef útgerðarmennirnir hefðu samtök með sér um útvegun hagkvæmra lána, til þess að kaupa þessar vörur, og þess vegna hefir n. samið frv. um rekstrarlánafélög fyrir smábátaútveginn. Það hefir komið í ljós, að smábátaútvegurinn, sérstaklega á afskekktum stöðum, sætir mjög hörðum kjörum í þessum efnum, og ég hefi ekki heyrt því mótmælt, að öflun þessara vara yrði ódýrari og rekstrarlánin áhættuminni, ef þessi félög yrðu leidd í lög.

Ég ætla, að þessi atriði afsanni þá firru hv. meiri hl. sjútvn., að mþn. hefði að mjög litlu leyti leyst þau verkefni, sem henni var falið að leysa. — Þá ræðir í nál. um tekjuhalla sjávarútvegsins, og segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Árin 1930, 1931 og 1932 er hinsvegar samkv. skýrslunni tekjuhalli á útgerðinni, sem nemur samtals kr. 8669870“. „Aurum sleppt“, segja þeir neðanmáls, þessir vitru menn. En það er töluvert meira en aurarnir, sem sleppt er. Það er skýrt fram tekið í nál. og skýrslum mþn., að þessar tölur séu miðaðar við það, hvernig útgerðin hefir gengið, en ekki hver rekstrarhallinn hafi orðið í heild. Tekjuhallinn hefir orðið miklu meiri, því þessar tölur eiga aðeins við þá útgerðarmenn, sem n. hefir fengið rekstrarreikninga frá. Hér er því sleppt meiru en aurum; hér er sleppt milljónum. Þetta sýnir það enn, að hv. meiri hl. sjútvn. hefir annaðhvort ekki lesið skýrslur mþn. eða þá að *hann hefir ekki skilið* þær. Þá ályktar n. út frá þessum forsendum, að á þessum þremur árum hafi útgerðin ekki greitt vexti af lánsfé nema rúmar 3 millj. kr., og af eigin fé hafi útgerðin greitt í vexti rúmar 640 þús. kr., og þá segir n., að tekjuhallinn fram yfir það sé nærri 5 millj. kr. Svo undirstrikar hv. meiri hl. n.: „Og leiðir skýrslan það í ljós, að jafnvel þótt skuldirnar hefðu verið allar strikaðar út, og útgerðin hefði enga vexti þurft að greiða af skipunum, varð samt um 5 millj. kr. tekjuhalli á rekstri þeirra skipa, er skýrslur n. ná yfir á þessum þrem árum“. Með þessu virðast þeir ætla að sanna, að þýðingarlaust sé að losa útgerðina við vextina. En þetta er auðvitað hin

mesta kórvilla. Það þarf að reyna að losa útveginn við skuldirnar og lækka vextina. Það er sennilega enginn svo grunnhygginn, nema þessir hv. nm., að halda, að hægt sé að hjálpa með því einu að lækka vextina, en hinsvegar geta allir séð, að það gæti hjálpað mikið. Eins og sýnir sig á skýrslu mþn., eru vextir útgerðarinnar af lánsfé á fjórðu millj. kr. á þessum þremur árum, og er þó vitað, að mikið vantaði af rekstrarreikningum, er skýrslan var samin, og töluvert miklir vextir eru þarna ótaldir af svonefndum biðskuldum.

Ég hefi heyrt það á sumum mönnum, að vaxtalækkun þýði lítið fyrir útveginn, úr því hallinn sé miklu meiri en það, sem vöxtunum nemur, en þetta er hin mesta villa. Þetta er þó einn þáttur í viðreisn útvegsins, og til þess að útvegurinn geti starfað á eðlilegan hátt, þarf að létta skuldabyrði hans, sem er orðin honum um megn.

Það yrði of langt mál að eltast við allar þær blekkingar, sem meiri hl. sjútvn. hefir hrúgað upp í áliti sínu, en hér segir, að mþn. hafi fengið skýrslur um kaupgjald og hlutarráðningu frá Noregi, „og virðist n. telja hvorttveggja til fyrirmyndar, enda þótt þaðan komi á hverju ári fregnir um sult og bágindi fiskimanna og tekjur sjómanna hér séu svo lágar, að þær þurfi að hækka, þó hærri séu en í Noregi". Ég veit ekki, hvað hæft er í þeim fréttum, sem hér er vitnað í um sult í Noregi, en ég vil geta þess, ef allir hv. þdm. eru ekki búnir að lesa álit mþn., að n. safnaði skýrslum frá mörgum löndum, öllum í gegnum sendiráð Dana, um marga hluti, sem ég man ekki alla upp að telja, en þó fyrst og fremst um það, hvað hinar ýmsu þjóðir gera mikið fyrir sína útgerð. Og það var alstaðar mjög mikið. Hvergi nema hér er lagt útflutningsgjald til ríkissjóðs á sjávarafurðir. Aftur á móti er víða veitt einskonar premía fyrir að afla mikið og flytja mikið út, og allar þjóðir hafa gert ráðstafanir til þess að bæta lánskjör þessa atvinnuvegar, margar með beinum fjárstyrk til veiðarfærakaupa eða skipabygginga, margar þjóðir hafa lagt fram fé til lækkunar vaxta og til rekstrarlánastarfsemi, en um þetta getur meiri hl. ekkert; honum finnst kannske, að þetta sé allt einskis virði fyrir útveginn. Meiri hl. n. — og að því er virðist meiri hl. þings — hefir allt annan skilning á sjávarútveginum hér heldur en aðrar þjóðir í Norðurálfunni hafa á sínum sjávarútvegi. Sá munur er svo mikill, að það er ekki undarlegt, þó á hann sé bent. Þegar á að koma sjávarútveginum hér á réttan kjöl, er því ekki að undra, þó leitað sé upplýsinga um þá aðbúð, sem sjávarútvegurinn hefir hjá nágrannaþjóðunum, sem nota sömu markaði og við, og við þá athugun kemur glöggt í ljós, að hún er öll önnur en gerist hjá Íslendingum. Hitt er nokkuð einkennilegt, að meiri hl. skuli nota þessa skýrslusöfnun mþn. til þess að hrúga upp blekkingum í málinu. Mþn. útvegaði þessar upplýsingar að eins til þess að sýna fram á mismunandi kjör sjávarútvegsins hér og annarsstaðar, og til þess að leita fyrirmynda hjá öðrum þjóðum í þessum efnum.

Þegar svo meiri hl. n. er búinn að tala um sult og seyru sjómannanna í Noregi, sem mþn. telji til fyrirmyndar, þá er haldið áfram, og segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þá minnist n. einnig á útgerðarvörur, svo sem olíu, kol, salt, beitu og veiðarfæri, sem seldar eru hér á landi hærra verði en í nálægum löndum. Þó n. sé þetta ljóst, kemur hún ekki með neinar frambærilegar till. um að færa þetta til réttlætingar". Kannske meiri hl. ætlist til, að mþn. hefði borgað þennan mismun? Hvað átti n. annað að gera en að benda á, hvernig þetta er, og á hvern hátt hún telur tiltækilegast að lækka verð á þessum vörum? Hún benti á, að verð á þessum vörum væri hátt, m. a. fyrir innflutningshöft, sem meiri hl. sjútvn. eru ekki á móti skapi. Og mþn. benti á, að helzta leiðin til þess að lækka verð á þessum vörum væri sú, að útgerðarmenn gætu greitt þær við móttöku, til þess að ekki þyrfti að fá þær að láni hjá þeim, er verzla með þessar vörur. Af þessum ástæðum lagði n. til, að útgerðarmönnum væri gert mögulegt að stofna félög, til þess að fá bankalán til kaupa á útgerðarvörunum. Það er nú svo, að fjöldinn allur af útgerðarmönnum hefir ekkert til þess að kaupa þessar vörur fyrir í byrjun vertíðar, eða til þess að greiða önnur óhjákvæmileg gjöld, svo sem vátryggingu og skrásetningargjald. Og ef þeir hafa ekki fé fyrir hendi til þess að greiða þessi gjöld, eða útgerðarvörur, svo sem veiðarfæri, olíu, beitu og salt, þá verða þeir að fá þessar vörur að láni, en um leið eru þessar vörur komnar í geipiverð. N. hefir bent á það, ef stofnuð yrðu félög í hverri verstöð meðal útgerðarmanna, er útveguðu þeim lán til staðgreiðslu á þessum hlutum, þá mundi útgerðarkostnaðurinn mikið lækka. Líklega hafa þessar till. mþn. farið framhjá meiri hl. sjútvn. og þess vegna fer hann með þessar staðleysur og ósannindi.

Svo segir þessi nefndarhluti: „Hinn mikla mismun á verði á útgerðarvörum, sem menn eiga við að búa í verstöðum innanlands, minnist n. ekki á, svo að séð verði".

Þetta er nú einmitt eitt af því, sem mþn. hefir gert gleggsta grein fyrir, hinn mikli munur á verði útgerðarvara. Þess vegna ber hún fram frv. um rekstrarlán útvegsmanna. Bæði í grg. þess frv. og hér í hv. d. hefir ljóslega verið gerð grein fyrir því, að þessi mikli verðmunur stafar af því, eins og öllum skynbærum mönnum er kunnugt, að þegar menn geta ekki fengið heila skipsfarma í einu og greitt vöruna við móttöku, þá verður að kaupa hana dýrara verði á öðrum höfnum og fá hana síðan flutta í smáskömmtum á útgerðarstaðinn. Við slíkan flutning er geysimikill kostnaður. Þetta verður ekki leiðrétt nema menn geti fengið vöruna beint. Það er vitanlegt, að það hefir komið fyrir að salt hefir verið selt þriðjungi og jafnvel helmingi hærra verði í einstökum afskekktum stöðum heldur en það kostar komið í höfn hér í stórum förmum. Þó er ég alls ekki viss um, að þeir, sem flutt hafa saltið til þessara staða og selt það, hafi tekið meira fyrir það en þeir þurftu. Þetta stafar af óhentugu fyrirkomulagi.

Þegar svo n. hefir fimbulfambað um þetta, sumpart af ókunnugleika og sumpart af þörf til þess að segja skammir um mþn., kemur þessi gullvæga setning: „Ástæðan til þess, að skýrsl-

an greinir ekki ljóslega frá þessum útgjaldalið, gæti legið í því, að meiri hl. n. er úr þeim stjórnmálaflokki, sem að mestu leyti styðst við þá, sem lifa á þessari verzlun".

Ég hefi aldrei séð neitt hliðstætt þessu í þskj. Þetta eru auðvitað heimskuleg og vísvitandi ósannindi, en þar að auki er svo fjarri því, að nokkur maður trúi slíku, að það er óskaplegt, að fullorðnir menn skuli bera það fram. Þó í einstökum tilfellum hafi verið selt mjög dýrt salt á afskekktum stöðum, þá veit enginn, hverjir það hafa gert, og það liggur ekkert fyrir, sem bendir til þess, að nokkur hafi haft af því óeðlilegan gróða. Hið háa verð stafar af fyrirkomulagi sölunnar. Það er alveg merkilegt, að menn skuli vilja heimska sig á öðru eins og því að segja, að meiri hl. Sjálfstfl. lifi af því að selja salt! Auk þess er það svo fúlmannlegt að bera fram svona getsakir á hendur mþn., sem hefir starfað algerlega hlutdrægnislaust, að það gegnir furðu, að slíkt skuli borið inn í þingið. Gátu ekki þessir aumingja menn fengið sér eitthvert afdrep áður en þeir lögðu þennan óþverra af sér? Eða er sómatilfinningin alveg gersamlega vikin frá þeim?

Áður en ég skil við þetta atriði, ásakanirnar í garð mþn. um það, að hún hafi ekki athugað og tekið tillit til þess, að hinn hái rekstrarkostnaður útgerðarinnar liggur í fleiru en vaxtagreiðslum, þá vil ég benda hv. þm. á það, að mjög mikið af verki n. gekk einmitt til þess að láta gera skýrslur og rannsóknir um, hvar væri helzt að ráðast á, til þess að koma útgerðarkostnaðinum niður. Og n. tók það fram strax í upphafi í nál. sínu, þó hv. meiri hl. sjútvn. hafi e. t. v. hvorki lesið það né skilið, að henni væri ljóst, að ekkert þýðir að gera skuldaskil sem þessi, nema þar fari á eftir aðrar aðgerðir til þess að leiðrétta hinn óhagstæða rekstur. En hún segir jafnframt, að þessu verði að halda hverju út af fyrir sig, því skuldaskilin verði að koma fyrst. Síðan bendir n. á, að hún hafi látið gera margskonar skýrslur og rannsóknir, sem eigi að sýna, hvað *mikill hluti af útgerðarkostnaðinum* hver útgjaldaliður er, og hvernig þeir hafa breytzt ár frá ári, til þess að menn geti betur áttað sig á, hvaða liðir eru óeðlilega háir. Þar að auki bendir n. sérstaklega á ýmsa af þessum kostnaðarliðum og hvernig þá mætti leiðrétta. Svo segir hv. meiri hl. sjútvn., að n. hafi ekkert sinnt þessari hlið málsins, og það muni vera af því, að meiri hl. mþn. sé af þeim stjórnmálaflokki, sem að mestu leyti styðjist við menn, sem selja salt.

Í þessu sambandi kemur svo hv. meiri hl. að því, að það liggi svo mikill stjórnarkostnaður á útgerðinni. Ég kalla það alllitla feimni af þeim, sem að þessu plaggi standa, að tala um slíka hluti. Ég er ekki kunnugur stjórnarkostnaði útgerðarinnar yfirleitt, en ég er þó kunnugur einu togarafélagi, og öll þau ár, sem það félag starfaði, hafði framkvæmdarstjórinn lægst laun af öllum, sem við félagið unnu. Enginn háseti hafði svo lága ársþénustu, að hann hefði ekki meira. Skrifstofukostnaður, framkvæmdastjórn og ferðakostnaður nam 6000 kr. á ári, og þar af mun framkvæmdastjórinn hafa haft um 3000 kr. Aftur er hv. form. sjútvn. framkvæmdarstjóri þess útgerðarfélags, sem mun hafa haft tiltölulega hæstan stjórnarkostnað af öllum íslenzkum útgerðarfyrirtækjum. En þar er sú sérstaka aðstaða, að hægt hefði verið að velta rekstrarhallanum yfir á bæjarfélagið hans og pína hann út frá borgurunum með útsvörum, og sumpart yfir á ríkið og pína hann þannig út með sköttum á fyrirtæki og alþýðu í landinu.

Þá talar nál. meiri hl. um, að auðsafn talsvert hafi orðið hér á landi síðan um aldamót fyrir aðgerðir útgerðarinnar. Þetta er eitt af því fáa, *sem satt er í áliti þessa nefndarhluta*. Svo heldur hann áfram:

„Stórútgerðin hefir dregið mestan hluta auðs þessa að landi, en skipunum, sem fært hafa landsmönnum þennan auð, er nú lýst af formanni í félagi eigendanna sem fúadöllum, ryðkláfum og manndrápsbollum. Peningarnir, sem sjómennirnir hafa hætt lífi sínu fyrir, hafa ekki gengið til endurnýjunar skipunum, heldur til ýmislegs annars, sem margt er sjómönnum alveg óviðkomandi. Jafnframt því sem skipin hafa gengið úr sér og ekki verið endurnýjuð, hafa þau safnað skuldum, að nokkru leyti hjá bönkunum og að nokkru leyti hjá einstökum verzlunarfyrirtækjum, sem oft eru búin að græða upphæð, er skuldinni nemur, eða meira, á því að selja skipunum útgerðarvörur.

**Þessar skuldir vill minni hl. sjávarútvegsnefndar nú setja að nokkru leyti yfir á ríkissjóð, án þess þó að gera nokkrar ráðstafanir til að bjarga skipunum frá að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið og án þess að gera ráðstafanir til þess að þau verði endurnýjuð.**

Meiri hl. nefndarinnar getur ekki, að athuguðu máli, fylgt þessu".

Ég verð að eyða nokkrum orðum til að fara í *gegnum þetta. Þarna er hrúgað saman þeim firnum* af fávizku og níði, að ekki er fljótgert að moka öllum þeim óþverra burt. Það er vitanlegt, að stórútgerðin hefir dregið á land stórfé á undanförnum áratugum, og það eru heldur kaldar kveðjur, sem hún fær nú fyrir. Síðan um aldamót hafa útgjöld ríkissjóðs vaxið úr $^3/_4$ millj. upp í 25 millj. á einu ári. Árlegar tekjur hans eru komnar ofarlega á annan tug millj. Það er vitanlegt, að mest af þessu fé er frá sjávarútveginum komið. Og ég veit ekki betur en allur landslýður hafi notið þessa fjár. Fyrir það hafa verið gerðar allar framfarir síðari ára, sem miða að því að gera lífsnautn þeirra, er landið byggja, meiri en áður. Og það er ómótmælanlega sannað með skýrslum, að útgerðin hefir veitt mönnum meiri tekjur heldur en nokkur önnur starfsemi í landinu. Hæst kaup hefir stórútgerðin veitt sjómönnum, þó sérstaklega sé hér hlaðið á hana skömmum.

Nefndarhlutinn segir, að skipum útgerðarinnar sé nú lýst eins og fúadöllum og ryðkláfum. Það er ekkert leyndarmál, að síðan áníðsla ríkisins á sjávarútveginum komst í algleyming, síðan farið var að fétletta hann beinlínis í þágu hins opinbera, þá hefir ekki verið unnt að endurnýja skipastólinn. Jafnaðaraldur togaranna er kominn á 15. ár og jafnaðaraldur línuveiðaranna er yfir 30 ár, enda hafa þeir flestir verið keyptir inn

í landið gamlir. Það er því ekkert ósatt í því, að þetta séu orðnir ryðkláfar, og engin ástæða til að dylja það. En í hvaða sambandi var talað um þetta? Það var verið að fara fram á, að sjávarútvegurinn fengi leyfi til að endurnýja sig sjálfur, til þess að hann geti haldið áfram að bera auð að landi. Þetta á að vera einhver óskapleg goðgá!

Svo segir, að minni hl. sjútvn. vilji færa skuldasöfn útvegsins að nokkru leyti yfir á ríkið. Minni hl. hefir aldrei farið fram á neitt í þá átt. Það hefir bara aldrei komizt inn í hinn ferkantaða haus þeirra meirihl.manna, hvað mþn. meinar. Hún segir skýrum orðum, að hún ætlist til, að sjávarútvegurinn rétti sig við af eigin rammleik. Það er farið fram á, að sjávarútvegurinn fái að halda útflutningsgjaldinu til eigin þarfa. Þar er ekki um að ræða neina eign, sem ríkissjóður á, heldur gjald, sem lagt er á þennan atvinnurekstur sjálfan. Svo bætir þessi virðulegi nefndarhluti við: „án þess þó að gera nokkrar ráðstafanir til að bjarga skipunum frá að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið og án þess að gera ráðstafanir til þess, að þau verði endurnýjuð."

Eru þessir menn alveg gengnir frá vitinu? Þetta segja þeir einmitt þegar þeir eru að fjalla um frv. frá mþn. um að sjávarútvegurinn fái leyfi til að leggja sjálfur fé í sjóð til þess að endurnýja flotann. Ég sé, að eitt flónið hlær. En ég vil leyfa mér að segja það, að réttast væri, að þingið gerði samþykkt um, að þetta plagg væri gert upptækt og brennt, mér liggur við að segja í lúkum þeirra manna, sem sett hafa það saman. Svo mikil skömm er að því, að slíkt skuli vera lagt fram á Alþingi, að það ætti að afmá það með öllu.

Hv. nefndarhluti segist ganga inn á, að smáútveginum sé hjálpað, en vera ófáanlegur til að láta stórútgerðina velta sínum skuldum yfir á ríkið. Hver hefir beðið um það, að ríkið taki við skuldum stórútgerðarinnar? Enginn, mér vitanlega. Það hefir aðeins verið talað um, að þessi útgerð fengi að halda einhverju af sínum eigin tekjum til þess að lækka skuldirnar og endurnýja skipastólinn. Fram á annað hefir ekki verið farið. — Hér segir síðan:

„Einstaklingar hafa ekki orðið þess megnugir eða ekki hirt um að endurnýja stórútgerðina. Það opinbera, ríki eða bæjarfélög, verður því fyrr eða síðar að hlaupa undir bagga og gera það eða veita aðstoð til þess, eigi ekki sá hluti útgerðarinnar, sem beztan arð getur gefið og mesta atvinnu á sjó og landi, að leggjast í rústir. Til þessa álítur meiri hl. n. að nota beri fé og lánstraust ríkisins, en ekki í skuldafenið og hin gömlu sökkvandi skip einstaklinga."

Hvað meinar hv. nefndarhluti með því, að ekki eigi að nota fé í hin „sökkvandi skip einstaklinganna"? Meinar hann, að eigi að sökkva þeim skipum, sem til eru, og láta bæjarfélögin og ríkið kaupa skip í staðinn? Hvar hafa bæjarfélögin fé til slíkra hluta? T. d. það bæjarfélag, sem hv. form. sjútvn. hefir verið að látast stjórna? Ætli það verði ekki svo, að útgerðin sjálf verði að leggja til þetta fé?

Það er nú komið í ljós við rannsókn, að útgerðarmenn eru öreiga. Ég veit ekki, hvers þeir eiga þá að gjalda sem auðvald, þegar þeir eiga ekki neitt. Eiga þeir að gjalda þess, að hafa byggt upp þjóðfélagið og gert það þess megnugt, sem það hefir verið, þó nú sé það að verða loppið í höndum fáráðlinga? Eiga þeir að gjalda þess, að útgerðin hefir lagt fram fé til þess að koma upp skólum, sjúkrahúsum, söfnum, vegum, síma og öðrum gagnlegum hlutum, að hún hefir gert þjóðinni fært að lifa menningarlífi, þó enn virðist vera hér til menn, sem ekki hafa tekið menningunni?

Þeir, sem andað hefir kaldast frá til útgerðarinnar, hafa fundið henni það til foráttu, að hún væri auðvald í landinu. Það hefir verið aðalbrennsluefnið, þegar kynt hefir verið undir til þess að gera útgerðinni sem erfiðast fyrir, að útgerðarmenn væru svo ríkir, að það væri meiningarleysa að slaka á kröfunum, því þeir rökuðu saman fé og níddust á alþýðunni, sem lifði við sult og seyru. Nú eru þetta orðin gatslitin ósannindi, og því hefir alveg verið snúið við blaðinu. Nú er aðalsynd útgerðarmannanna, hvað þeir eru fátækir. Nú er sífellt hamrað á því, að það þýði ekkert að vera að halda þessum mönnum uppi. Meira að segja sanngjarnasti maðurinn, sem um þetta hefir rætt, sagði í útvarpsræðu, að það væri útgerðarmönnum sjálfum að kenna, hvað útgerðin hefði gengið illa. Furðaði mig á slíkum ósannindum frá þeim manni; hefði verið verðugra, að þau hefðu verið sögð fyrir reikning meiri hl. sjútvn.

Ég ætla svo samkv. tilmælum hæstv. forseta að ljúka þessum kafla ræðu minnar og geyma þar til eftir kaffihléið að ræða um þá rökstuddu dagskrá, sem borin hefir verið hér fram. [Frh.].

**Forseti (JörB):** Við 1. umr. þessa máls var allmikill ágreiningur milli manna og fóru þá ýms hörð ummæli manna á milli. Það má vera, að hv. 6. þm. Reykv. finnist af litlum skilningi tekið á þessu máli af ýmsum öðrum dm., en þó svo kunni að vera að hans áliti, er eigi rétt að viðhafa óþingleg orð, þegar rætt er um þau málefni, er fyrir Alþingi koma. Vil ég því biðja hv. 6. þm. Reykv. og aðra að viðhafa ekki framvegis óþinghæf ummæli, þó nokkuð skerist í odda um skoðanir manna.

**Sigurður Kristjánsson:** Það er vitanlega sjálfsagt, að menn eiga ekki að viðhafa óþingleg orð, og ég skal taka áminningu hæstv. forseta vel að því leyti, að ég tel sjálfsagt, að þess sé gætt almennt. En ég vil benda hæstv. forseta á, að ég hefi hér fyrir mér árásarskjal, sem ekki á sinn líka meðal þingskjala, þar sem bornar eru þungar sakir með grófum orðum á mig og samstarfsmenn mína, og farið með bein ósannindi. Orðið lygi er t. d. ljótt orð, og ég hefi skirrzt við að nota það, en þegar um það er að ræða, sem er lygi, þá er ekki hægt að komast hjá því að nefna þau hugtök, sem þar eiga við, ef maður vill segja satt og rétt frá.

Þegar ég aftur á móti á að mæla um svona plagg, þá get ég ekki gengið svo á bak við sannleikann, að ég ekki hafi einhver orð í þá átt, sem við eiga. Ég vil þó leggja áherzlu á það, að

vegna þeirrar hv. samkomu, sem við erum á, og vegna hæstv. forseta hefi ég mjög slegið af þeim orðum, sem við hefðu átt, og annars hefðu mátt vera stórum sterkari, eftir tilefni þeirra.

**Finnur Jónsson:** Ég mótmæli því algerlega, að þetta nál., sem fyrir liggur og hv. 6. þm. Reykv. talaði um, sé óþinglega orðað, og ber ég það undir dóm hv. þdm. Nál. þetta er að öllu leyti prúðmannlega orðað og rækilega rökstutt. Í sambandi við þær ávítur, sem hæstv. forseti beindi til hv. 6. þm. Reykv., vildi ég biðja þeim hv. þm. nokkurra griða, því að mér er það kunnugt af langri samvinnu við þennan hv. þm., að hann getur ekki lifað án þess að velta sér upp úr soralegu orðbragði, bæði í ræðu og riti. Og vegna þessarar lífsnauðsynjar hv. 6. þm. Reykv. vildi ég biðja hæstv. forseta að gefa honum nokkuð lausan tauminn í þessu máli.

**Forseti (JörB):** Ég vil ekki, að menn fari að leiða hesta sína saman nú á þennan hátt. Ef svona samræður eru óumflýjanlegar þessum hv. þm., hafa þeir tækifæri til þeirra á öðrum vettvangi.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég vil frábiðja mér grið. En ég fer fram á, að hv. þm. Ísaf. sé hér skoðaður sem sjúklingur. Ég held, að fyrir liggi sæmilegt læknisvottorð um, að hann sé ekki heilbrigður. Hann hefir einn þingmanna gert sig sekan um það að lesa hér upp á hæstv. Alþ. skrifaða níðræðu, þar sem bornar eru slíkar sakir á nafngreindan mann, sem óumflýjanlega mundu leiða þann mann í tugthúsið, sem þau eru stíluð um, ef nokkur hæfa væri í þeim.

**Finnur Jónsson:** Ég mótmæli því, að ég hafi nokkurn tíma farið hér inn á einkamál hv. 6. þm. Reykv. En ég hefi rætt hér nokkuð opinbera framkomu þessa hv. þm. frá þeim tíma og frá þeim stað, þar sem við höfum sérstaklega unnið saman, til þess að sýna, hvers trausts hann mætti vænta af mér í samvinnu um opinber mál. Inn á einkamál þessa hv. þm. hefi ég aldrei farið. Ef mönnum finnst það ljótt, sem ég hefi sagt um þennan þm., þá er orsökin sú, að framkoma þessa þm. hefir verið ljót, því ég hefi eingöngu skýrt frá staðreyndum.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson)** [frh.]: Hér liggja fyrir bréf um þetta mál frá bankastjórum beggja bankanna, en þeir höfðu báðir fengið frv. til umsagnar. Stjórn Útvegsbankans kveðst ekki geta gefið álit um frv., þar sem hún hafi ekki haft tíma til að setja sig inn í málið, en sýnilegt sé, að frv. nái ekki fram að ganga á þessu þingi, enda er það nú orðið öllum ljóst.

Bréf Landsbankans er nokkru fyllra. Bankastjórnin segir hið sama og stjórn Útvegsbankans, að þar sem komið sé að þinglokum, sé sjáanlegt, að þessi löggjöf komi ekki að gagni fyrir næstu vertíð. Þetta er nú ekki annað en það, sem allir vita, því að þótt frv. hefði verið samþ. í þingbyrjun, hefði aldrei verið hægt að gera skuldaskil fyrir næstu vertíð, sem er þegar byrjuð hjá bátunum, og hefst eftir 2 mánuði hjá togurum. Mþn. hafði gert ráð fyrir, að skuldaskilum gæti orðið lokið á tveim árum.

Hv. deild sá ekki ástæðu til þess að taka tillit til álits bankanna á þessum málum, en þeir hafa þó orðið að stríða mjög við ýms vandamál í sambandi við fiskverzlunina. En enda þótt álit þeirra, sem ég tel mjög merkilegt, yrði tekið til greina, þá geri ég naumast ráð fyrir, að hv. meiri hl. þessarar deildar legði mikið upp úr því. Það er tekið fram af hálfu Landsbankans, að hann muni ekki nota sér það neyðarástand, sem útgerðarmenn eiga við að búa, til þess að ganga að þeim venju fremur, þótt þetta mál nái ekki fram að ganga á þessu þingi, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki muni takast. Mér þykir þetta mikilsvert, og þar sem mér hefir skilizt á sumum hv. þdm., að þeim virtist koma liðstyrkur frá bönkunum við ásetning þeirra að sýna máli þessu mótþróa, þá vil ég taka það fram, að augljóst er, að það er þvert á móti að svo sé. Jafnvel þótt Útvegsbankinn segi þetta ekki berum orðum, þá má þó glöggt skilja, að hann tekur í sama streng og Landsb. Landsbankinn telur brýna nauðsyn á þessu, og í samræmi við þá umsögn bankans er álit það, sem við sjálfstæðismenn höfum látið í ljós um þetta mál.

Hv. meiri hl. sjútvn. hefir hafnað þessu áliti, með því að bera fram till. um, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Vilji menn líta á ástandið eins og það blasir við núna, þá er óþarfi að viðhafa slíka afgreiðslu þessa máls. Stuðningsmenn stj. hér eru nú að ráða niðurlögum þessa máls í hv. deild. Það er öllum orðið ljóst, að þinginu verður slitið einhvern næstu daga, og fleiri mál verða þá ekki afgr. Þess vegna er þessi rökst. dagskrá alveg þýðingarlaus. Skal ég því ekki ræða um hana frekar.

En þótt séð sé fyrir endann á þessu sanngirnismáli hér á þessu þingi, vil ég samt leggja áherzlu á, að það er engan veginn séð fyrir endann á því fyrir það. Góðum málefnum fylgir einu sinni svo mikill styrkur, að hann hlýtur fyrr eða síðar að leiða málin heilu og höldnu í höfn. Svo mun og fara um þetta þjóðþrifamál. Þegar landsmenn hafa fundið, að brýn þörf einhverra aðgerða er óhjákvæmileg, þá er gagnslaust að leggjast á móti málinu. Það verður þá aðeins tafið, en ekki drepið. Enda þótt málið verði ekki afgr. á þessu þingi, hefir samt mikið unnizt á við flutning þess. Það, sem hefir sérstaklega þokað þessu máli áfram, er áskorun þúsunda manna úti um allt land um, að hv. Alþ. sinni því citthvað. Ég hygg, að hv. þdm. muni vera kunnugt um það, að á skömmum tíma hafa borizt áskoranir til þingsins um samþykkt frv. frá þúsundum manna við sjávarsíðuna. Þetta fólk skilur, að það, sem á milli ber í þessu máli hér á hv. þingi, er það, hvort leyfa eigi þessu fólki að draga fram lífið á eðlilegan hátt, eins og verið hefir undanfarið, eða hvort ríkið eigi að fá heimild til þess að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að svo geti orðið. Þetta er það stærsta, sem unnizt hefir á í þessu máli, enda þótt tekizt hafi að hindra framgang málsins á þessu þingi.

Í öðru lagi hefir það áunnizt, að annar bankinn a. m. k., og í rauninni báðir, hafa lýst yfir því, að þeir mundu ekki hindra það, að sjávarútvegurinn geti gengið sinn vanagang á næsta ári.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að skuldir útgerðarmanna, sérstaklega þeirra smærri, eru ekki allar bankaskuldir. Mikill meiri hl. skulda stórútgerðarmanna er í bönkunum, en þeir smærri skulda verzlunum einnig stórfé, svo að það eru fleiri en bankarnir, sem geta gengið hart að þeim með skuldainnheimtu. Það er engum vafa undirorpið, að næstu vertíð verður mun erfiðara heldur en undanfarið fyrir útgerðarmenn að fá lánaðar útgerðarvörur, vegna þess að alltaf harðnar í búi hjá þeim. Þess vegna vil ég nota tækifærið og bera fram ákæru á hendur andstæðingum Sjálfstfl. hér á þingi fyrir það að hafa ekki sinnt að neinu þeim málum, sem hafa verið fram borin og mþn. í sjávarútvegsmálum hefir undirbúið. Má þar sérstaklega tilnefna frv. um rekstrarlán til smáútvegsins, því að það er vitanlegt, eins og áður hefir verið tekið fram, að það er einmitt smáútvegurinn, sem mest hefir gert að því að taka lán utan bankanna, og eins og oft hefir verið tekið fram í sambandi við þetta frv., eru það lánsfjárvandræðin, sem eru þess valdandi, að smáútvegsmenn verða víða að sæta miklu verri kjörum um kaup á útgerðarvörum en vera myndi, ef hægt væri að láta staðgreiðslu koma fyrir þessar vörur.

Þriðja atriðið, sem ég tel vera ávinning fyrir þetta mál og áunnizt hefir bæði við umr. á þingi og eins utan þings, það er í því fólgið, að andstæðingar málsins hafa að nokkru leyti misst kjarkinn. Óvildin gegn því hefir smátt og smátt snúizt upp í flótta, og ég hygg, að nú séu fáir, sem þora að láta í ljós andstöðu sína við þetta mál. En það má vera, að reynt verði að gera úrlausnina sem gagnsminnsta. Til þess bendir það, að þetta nál., sem ég gerði að umtalsefni í fyrri hluta ræðu minnar, talar um $1^1/_2$ milljón kr. til skuldaskila sjávarútvegsins. Ég hefi bent á það áður, að það vakir fyrir andstæðingum þessa máls, að kreista út úr sér svo auðvirðilega hjálp til útgerðarinnar, að hún yrði aðeins kák eitt.

Ég vil taka það fram, að þeir, sem eiga alla sína afkomu undir sjávarútveginum, munu vafalaust ganga svo fast eftir sínum rétti í þessu máli, að það verði undir öllum kringumstæðum knúð fram á endanum.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Það var farið að draga niður í hv. 6. þm. Reykv. í lok ræðu hans, enda er hann búinn að sýna mælsku sína í tæpar tvær klst. hér í d. á þennan einstæða hátt, sem honum er laginn. Þessi hv. þm. hefir hrúgað saman meiri ósvífni og ljótara orðbragði í umr. um þetta mál heldur en dæmi eru til í nokkurri þingræðu, ef til vill að nokkrum hans fyrri ræðum undanskildum. Ég vil undirstrika það, að hver sá, sem telur sig hafa góðan málstað, má biðja forsjónina um að vernda sig frá því óláni, að hv. 6. þm. Reykv. gerist málsvari hans. Allur málflutningur þessa hv. þm. sýnir þetta ljóslega og sannar.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara út í mörg atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann talaði ákaflega digurbarkalega um það rökstudda nál., sem fyrir liggur í þessu efni. Hann fullyrti, að nál. væri níðrit, spunnið upp úr fágætum dónahætti, morandi af vísvitandi lygi. Þannig var tónninn yfirleitt í ræðu hv. þm. Hann hélt því einnig fram, að í sjútvn. hefði komið fram óvilji í garð þessa máls. Ég mótmæli þessu harðlega og vitna bæði til þess, sem ég hefi áður sagt, til ummæla hæstv. atvmrh. og til bókunar á fyrsta fundi sjútvn., þegar málið var tekið til meðferðar þar. Ennfremur get ég, til þess að sanna ósanngirni hv. 6. þm. Reykv. í þessu máli, vitnað til nál. sjútvn., þar sem beinlínis er bent á það, að það þurfi nauðsynlega að leysa úr skuldavandræðum vélbátaútvegsins. Þetta er allt rakið í nál., og hv. 6. þm. Reykv. hefir viðurkennt þann gang málsins, sem þar er haldið fram.

Það, sem á milli bar hjá okkur hv. 6. þm. Reykv. í þessu máli, var það, að hv. þm. vildi, að gengið væri frá afgreiðslu þessa máls á yfirstandandi þingi, en meiri hl. sjútvn. hélt því fram, að svo væri áliðið þingtímann, að ekki væri unnt að koma fram skuldaskilum fyrir þessa vertíð, og þess vegna væri ástæðulaust að samþ. frv. á þessu þingi, ekki betur undirbúið af hálfu mþn. en raun ber vitni um.

Hv. 6. þm. Reykv. hefir viðurkennt tvö höfuðatriði í nál. meiri hl. n. Það fyrra er, að ekki sé hægt að koma fram skuldaskilum fyrir þessa vertíð, enda þótt frv. hefði verið gert að lögum, og það jafnvel tiltölulega tímanlega á þessu þingi. Hitt atriðið, sem hv. þm. hefir og viðurkennt, er, að skuldaskilin séu aðeins nokkur hluti þess, sem gera þarf sjávarútveginum til viðreisnar, ef byggja má á skýrslum mþn. í þessum efnum. Um þetta atriði fórust hv. 6. þm. Reykv. þannig orð, að n. hefði tekið fram, að þýðingarlaust væri að láta fram fara skuldaskil, nema því aðeins, að jafnframt væri færður niður allur kostnaðarliðurinn fyrir útgerðina. Um þessi tvö atriði málsins eru bæði meiri og minni hl. sjútvn. sammála.

Í nál. er bent á þá veilu, sem kom fram í till. mþn. í sjávarútvegsmálum, að koma ekki með neinar frambærilegar till. í þessu máli. Það er gengið framhjá því, að samkv. skýrslum, sé á annað borð eftir þeim farandi, verður útkoman á rekstri útgerðarinnar árin 1930, 1931 og 1932, eins og tekið er fram í nál. meiri hl. sjútvn., sú, að enda þótt útgerðin yfirleitt hefði ekkert þurft að borga í vexti af skipunum, þá væri samt mikill rekstrarhalli á útgerðinni. Það hefir komið í ljós, að aðeins í þrem flokkum hefir það komið fyrir á einu ári, að vextir hafa verið hærri en tekjuhallinn. Í öllum hinum flokkunum hefir öll árin tekjuhallinn verið langtum hærri en vaxtaútgjöldin. Segi þá hver, sem vill, að skuldaskilin séu einu verulegu bjargráðin fyrir útgerðina.

Mér er ljóst, að óhjákvæmilegt er að framkvæma skuldaskil útveginum til hagsbóta, en ég er jafnsannfærður um hitt, að þau eru einungis lítill hluti af öllu því, sem gera þarf sjávarútveginum til viðreisnar, til þess að bæta rekstrarhalla hans. Það, sem fyrst og fremst er árið-

andi atriði í þessu efni, er það, að séð verði um, að útgerðin fái allan verzlunarhagnaðinn, bæði af seldum vörum og keyptum. Ég veit vel, að hv. þm. viðurkennir það, ef ég tala um það við hann í einrúmi, að það eru engin líkindi til þess, að nein útgerð geti borið sig hér á landi, nema hún njóti sjálf rekstrarhagnaðarins. Það er fyrsta og fremsta skilyrðið fyrir því, að útgerðin geti borið sig.

Hv. 6. þm. Reykv. bar fram ákæru á hendur meiri hl. sjútvn. fyrir það, að hafa ekki sinnt frv. því, sem mþn. í sjútv.málum lagði fram viðvíkjandi rekstrarlánsfé. Hv. þm. vitnaði í umsögn Landsbankans í þessu efni. Hann vitnaði í umsögn Landsb. um fiskimálan.frv. og líka í skuldaskilamálinu, eins og meiri hl. sjútvn. gerði að vísu, og hann virtist vitna í umsagnir beggja bankanna um þetta rekstrarlánafrv. Landsbanki Íslands segir svo m. a.:

„.... Virðist oss, þegar frá er skilin 9. gr., að eigi sé í frv. um nein ný lagafyrirmæli að ræða eða framkvæmdir. Slík rekstrarlánafélög mun mega setja á stofn án nokkurra nýrra laga. Er þá hér aðeins um að ræða að vekja athygli á slíkum félagsskap og hvatning til þess að hann komist í framkvæmd, en það getur verið álitamál, hvort þessi leið er eðlilegust og heppilegust til þess að ná tilætluðum árangri. Teljum vér líklegt, að slíkur félagsskapur geti komið að gagni, þótt honum, eins og hér er gert ráð fyrir, sé ekki ætlað víðtækt verkefni; verður það jafnframt að teljast kostur, þar sem aukið verkefni kemur af sjálfu sér, ef vel tekst með félagsskapinn.

Að því er 9. gr. snertir, þá gerum vér ráð fyrir, að tilgangur gr. sé sá, að veita ríkisstj. sjálfri heimild til þess að afla fjár með lántöku í þessu skyni. Það þarf vart að vekja athygli n. á því, að eigi getur verið um að ræða, að ríkisstj. hafi framkvæmdir um lántöku handa bönkum, nema þá fyrir liggi tilmæli hlutaðeigandi banka.“

M. ö. o., Landsbankastjórarnir leggja þann dóm á þetta, að frv. feli ekkert annað í sér en það, sem hægt yrði að framkvæma samkv. núgildandi lögum.

Útvegsbankinn bendir á, að æskilegt væri, að lánsstofnanir hefðu nóg fé til þess að geta lánað til útgerðarinnar, en það bendir bankinn á, að sé ekki fyrir hendi.

Ef rekstrarlánafrv. hefði bent á fjáröflunarleið, til þess að útgerðarmenn gætu fengið meira rekstrarfé, þá væri öðru máli að gegna. En það er ekki því að heilsa. Frv. er því, eins og það kemur frá n., algerlega tilgangslaust og gagnslaust. Ég hygg því, að ákæra hv. 6. þm. Reykv. á hendur meiri hl. sjútvn. hafi ekki við nein frambærileg rök að styðjast.

Annars vildi ég spyrja hv. 6. þm. Reykv. að því, hvar bent sé á það í skýrslu mþn., að mikill munur sé á verði á útgerðarvörum í einstökum verzlunum. Hv. þm. var að nokkru leyti að afsaka þennan mismun, sem hann telur vera á útgerðarvörum í einstökum verzlunum. Meiri hl. sjútvn. gat þess í nál., að orsökin fyrir því, að mþn. í sjútv.málum kom ekki inn á þetta merkilega atriði í sinni till., lægi að nokkru leyti í því, að meiri hl. er skipaður úr þeim flokki, sem styðst við þá menn sérstaklega, sem fást við verzlunarrekstur. Ég veit, að hv. 6. þm. Reykv. getur ekki mótmælt þessari staðreynd með nokkrum rökum. Það er hverjum manni vitanlegt, sem eitthvert skyn ber á þessi mál, að máttarstólpar Sjálfstfl. eru þeir menn, sem verzlun stunda hér á landi. Slíkir menn geta að vísu fundizt í öðrum flokkum, en þeir eru þar ekki innviðir, eins og í Sjálfstfl. Þessa staðhæfingu vildi hv. þm. kalla heimskuleg ósannindi og fór um hana mörgum orðum, en það er nú svo um þennan hv. þm., að hann hefir mestan part æfi sinnar lifað á þeim molum, sem dottið hafa af borði kaupmannanna á Vesturlandi og annarsstaðar.

Ég hirði eigi um að fara út í spaðatining um gífuryrði og ósannindaflækju þessa hv. þm. En svona rétt til dæmis um það, hvað þessum manni er algerlega meinað um að fara með rétt mál, vil ég drepa á það, að hann lagði út af því í ræðu sinni, hve kjánalegt væri að halda því fram í nál. meiri hl. sjútvn., að allur rekstrarhallinn á útgerð landsmanna væri 5 millj. króna. Þessu er hvergi haldið fram í nál. meiri hl. sjútvn. Þvert á móti. Hv. þm. byrjaði upplestur þessa kafla með því að halda fram, hve kjánalegt þetta nál. væri, þar sem sagt sé, að rekstrarhallinn af allri útgerðinni á þessum 3 árum hafi orðið 5 millj. kr. Svo heldur hann áfram og vefur í löngu máli, og endar á því að lesa upp þessi orð úr nál. meiri hl.: „... **varð samt. um 5 milljóna króna tekjuhalli á rekstri þeirra skipa, er skýrslur nefndarinnar ná yfir á þessum þremur árum**“.

M. ö. o., þessi hv. þm., sem á svo bágt með að segja satt, afsannar sjálfur í sama vetfangi það, sem hann er að segja, þegar hann ber mér á brýn kjánaskap og ósannindi. Annað atriði úr skýrslu mþn., sem hv. 6. þm. Reykv. fannst ekki ástæða til, að krafizt hefði verið að væri athugað, er stjórnarkostnaður fyrirtækjanna. Og mér skildist hann vilja færa þau rök fyrir því, að ég væri forstjóri fyrir fyrirtæki, sem hefði mestan stjórnarkostnað, miðað við umsetningu, af öllum útgerðarfyrirtækjum á landinu. Ef þetta væri svo, þá væri sannarlega ástæða til þess að rannsaka þetta, hvort sem um það fyrirtæki er að ræða, sem ég veiti forstöðu, eða einhver önnur, og ég geri ekki ráð fyrir því, eftir því sem framkoma hv. 6. þm. Reykv. hefir verið hér í d. og áður fyrr í langri viðkynningu, að það hafi verið af hlífð við mig, að hann sleppti að minnast á þetta atriði í sinni skýrslu. Nei, ástæðan til þess, að hann í skýrslu mþn. hefir ekki gengið inn á þessa braut, er allt önnur en sú, að hann hafi viljað hlífa mér eða mínu fyrirtæki, sem hann hefir alltaf ofsótt eftir megni. Ástæðan er sú, að þetta atriði þolir ekki dagsljósið. Það er snöggur blettur á þessu, ekki hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga, og það veit hv. þm. ofurvel. Hann hefir um mörg ár verið skattanefndarmaður á Ísafirði og hefir getað kynnzt því, hvað kostnaðurinn er mikill. Hann hefir í gegnum skýrslur mþn. getað kynnt sér þetta og borið saman við samskonar kostnað annarsstaðar. Og það, að rekstrarkostnaður Samvinnufélags Ísfirðinga sé hlutfallslega langhæstur slíks kostnaðar hjá öllum útgerðarfyrirtækjum á landinu,

sagði hv. þm. móti betri vitund, eins og svo margt annað, sem hann leyfir sér að fara með hér á Alþ. (**Forseti**: Ég vil benda hv. þm. Ísaf. á það, að ef hann á enn mikið óflutt af ræðu sinni, væri heppilegra fyrir hann að fresta því þangað til eftir kaffihléið). Ég á einungis eftir sem svarar 10 mínútna ræðu, og vildi mælast til að fá að ljúka því nú. — Ennfremur sagði þessi sami hv. þm., að rekstrarhalli samvinnufélagsins hefði verið lagður á bæjarbúa með útsvörum. Þetta lýsi ég ósannindi. Og ég skora á hv. 6. þm. Reykv. að finna þessum orðum sínum einhvern stað. Hv. þm. vildi segja, að í þessu nál. væri hlaðið skömmum á útgerðina. Ég mótmæli þessu algerlega sem tilhæfulausu. Það er engum skömmum beint til útgerðarinnar í nál., en það er haft eftir formanni Sjálfstfl., það sem hv. 6. þm. Reykv. líklega kallar skammir um útgerðina, og ef hann finnur ástæðu til þess að kvarta undan því, þá verður hann að snúa sér til hv. þm. G.-K., sem sagði hér í útvarpsræðu þau orð, sem eftir eru höfð í nál. — Hv. þm. vildi bera á móti því, að eftir till. mþn. í sjávarútvegsmálum væri skuldaböggunum velt yfir á ríkissjóðinn, og sagði, að sjávarútvegurinn ætti að greiða þetta sjálfur. Nú er það vitanlegt, að till. mþn. eru þær, að létta sérstökum skatti á sjávarútveginum, sem nú rennur í ríkissj., og tekið sé lán í því skyni að framkvæma skuldaskilin. Það er líka vitanlegt, að með þeim árangri, sem undanfarin ár hefir verið af rekstri útgerðarinnar, þá er ekki líklegt, að skuldaskilin geti bjargað útveginum þannig, að hann geti endurgreitt þetta lán. Því hlýtur það að koma á ríkissjóð fyrr eða síðar. Við í meiri hl. sjútvn. höfum lagt til, að gert yrði upp á milli stórútgerðarinnar og vélbátaútvegsins, og við höfum gert það vegna þess, að stórútgerðin er að mestu leyti rekin í ágóðaskyni fyrir einstaka menn, og hún hefir ekki verið endurnýjuð á undanförnum árum. Vélbátaútvegurinn er miklu meira rekinn í atvinnuskyni fyrir þá einstaklinga, sem að honum standa, og hann hefir verið endurnýjaður á undanförnum árum, og því leggjum við til, að hann sé fyrst tekinn til meðferðar og styrktur. Mér er óhætt að segja, að í dagskránni felst yfirlýstur vilji stjórnarflokkanna í þessu máli, og hann er sá, að málið verði tekið til rækilegrar meðferðar á næsta þingi og lagðar fyrir þingið till. um skuldaskil smáútgerðarinnar, og ég ætla, að hv. 6. þm. Reykv. geti verið mér sammála um það, að það sé æskilegt, að þessi dagskrá komi til atkv., því að í henni felst vilji þingsins, ef samþ. verður, sá vilji, sem fer í þá sömu átt, sem minni hl. sjútvn. heldur fram, þótt á nokkuð öðrum grundvelli kunni að vera, og ennfremur að taka beri til nánari athugunar og meðferðar þessi mál heldur en minni hl. hefir lagt til. Ég skal víkja að því aftur, að þar sem hv. frsm. minni hl. hefir viðurkennt 2 höfuðatriði í nál., þá er ekki eins mikið, sem á milli ber, og hann vill vera láta. Það er að vísu talsvert, að meiri hl. vill ekki láta ríkissjóð taka að sér skuldir stórútgerðarinnar, álítur, að það eigi að vera hlutverk bankanna og eigendanna að gera það. En í dagskránni felst, eins og ég tók fram áðan, mjög rækilegt aðhald til ríkisstj. um það, að láta fara fram rannsókn á þessum málum og leggja fram till. um skuldaskil vélbátaútgerðarinnar.

Ég get sleppt því alveg hér að tala um það, hvort þessi skýrsla mþn., sem hér liggur fyrir, er rétt eða ekki. Ef hv. 6. þm. Reykv. hefði hér verið einn að verki, þá myndi ég vegna langrar viðkynningar mjög geta dregið það í efa, og ég vil segja það, að ég tel það, að setja þennan hv. þm. til slíkra starfa, raunverulega fullkomið hneyksli. Hv. þm. gengur afarilla að fara með rétt mál, hvort heldur í ræðu eða riti, og það liggur við, að sá brestur hans gangi svo langt, að skipun hans í þessa n. megi jafna við það hneyksli að senda Lauga landa til útlanda í erindum síldarútvegsins. Fyrrv. dómsmrh., Magnús Guðmundsson, mun hafa framkvæmt báðar þessar skipanir, og líklega að mestu leyti sama daginn, enda eru þær hliðstæðar. Nú má ekki láta útgerðina gjalda þessa óhappaverks fyrrv. dómsmrh., heldur er rétt að taka á málinu með sanngirni og festu, þannig, að þeim, sem hjálpina eiga að fá, geti orðið gagn að, og undirbúa till. svo vel, að þær geti legið fyrir næsta þingi. Þessi er vilji meiri hl. sjútvn. í málinu.

**Forseti (JörB)**: Ég lét í ljós í gær í umr., að ég óskaði eftir því, að menn gættu þess að nota ekki óþingleg orð. Vel má vera, að hv. þm. Ísaf. hafi fundizt hann eiga um sárt að binda, en ekkert græðist á stóryrðum, og vona ég, að þm. gæti þessa betur hér eftir en hingað til.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson)**: Hv. frsm. meiri hl. hefir nú leyst mig frá þeim vanda, að þurfa að segja hér miklu meira en það, sem ég áður hefi sagt. Hann talaði stutt og svaraði fáu úr ræðu minni, enda hafði ég ekki miklu til hans vikið, og minna en vert var. Þó eru nokkur þau atriði í ræðu hans, sem ég finn ástæðu til þess að minnast á. Hv. þm. sagði, að mþn. í sjávarútvegsmálum hefði ekki komið fram með neinar frambærilegar till. um lausn á vandræðum sjávarútvegsins, aðrar en þetta frv. um Skuldaskilasjóð. Þetta er hreinasta fjarstæða. Hv. þm. hafa flestir kynnt sér álit mþn. og þau frv., sem borin hafa verið fram að tilhlutun hennar, og þar eru mörg fleiri vandamál útvegsins tekin til lausnar en skuldaskilamálin. Við nm. lögðum aðaláherzluna á þörfina á því, að færa niður kostnaðarliði útgerðarinnar. Og við lögðum í allmikla fyrirhöfn og kostnað til þess að afla okkur sem beztra upplýsinga um það, hvað útgerðin kostaði í einstökum greinum, og gerðum svo samanburð á því, hvað útgerðarvörur kostuðu hér og í nágrannalöndunum. Þetta gerðum við með það fyrir augum, að reynt yrði að gera ráðstafanir til þess, að nauðsynlegustu útgerðarvörurnar gætu lækkað í verði. Ég hefi sérstaklega talað um brennsluefni, kol og olíu, beitu, veiðarfæri og vexti. Ég veit, að hv. þdm. er það kunnugt, að auk þessa frv. hefir n. borið fram frv. um vátryggingu opinna vélbáta, og frv. um rekstrarlánafélög. Og með því að koma fyrir lánum til útgerðarinnar á hagkvæman hátt hefir verið bent á, að megi færa kostnaðarliði mikið niður. Ég veit ekki, hvað er meiri fjarstæða en að halda því fram, að n. hafi gengið framhjá

þessu atriði. Ég get ekki í fljótu bragði talið upp öll þau atriði, sem n. bendir á í þessa átt. Með frv. um rekstrarlánafél. er að mínu áliti, ef ekki tryggt, þá a. m. k. opnuð leið til þess, að menn geti gert, ekki aðeins félag um kaup með staðgreiðslu, og fært þannig kostnað við útgerðarvörur niður, heldur auk þess, eftir frv. ef að l. yrði, yrði smáútgerðarmönnum fært að taka verzlunargróðann af fiskinum í sínar hendur gegnum sölusambandið. Þetta hefir hv. þm. skotizt yfir, og verð ég að álíta, að hann hafi ekki lesið grg., því þó að ég hafi ekki borið lof á þennan hv. þm., verð ég að halda hann svo greinagóðan mann, að hann hefði skilið þetta, ef hann hefði lesið það. Hv. þm. sagði, að fyrsta skilyrðið fyrir því, að útgerðin gæti borið sig, væri það, að hún gæti tekið verzlunargróðann í sínar hendur. Þetta er einmitt tilætlunin og lögð áherzla á það í frv. um rekstrarlánafélög og á mörgum stöðum í nál., að þetta geti orðið. Það er ekki rétt, að bankarnir hafi slegið því föstu, að í nál. væri ekki lagður grundvöllur að þessu, þó í umsögn þeirra á einum stað segi, að þetta megi gera með þeim l., sem nú eru; en það þýðir ekki að segja það, þegar það er ekki gert. En hér hefir verið brotinn ísinn, og er hin mesta fjarstæða, að frv. þetta, ef að l. yrði, gæti engu til leiðar komið til hjálpar. Hv. þm. hafði þau orð, að frv. væri tilgangslaust og gagnslaust, og eru það allt önnur orð en hann sagði í sjútvn. Þar voru ummæli hans byggð á skilningi, sem nú virðist hafa yfirgefið hann í hitanum um þetta mál.

Þá sagði hv. þm. að aldrei hefði verið minnzt á þann verðmun, sem væri á útgerðarvörum á ýmsum stöðum á landinu. Þetta hlýtur að stafa af því, að hann hafi ekki lesið nál. Einnig vildi hann hafa eftir mér þau ummæli, að þessi verðmunur á stærri og smærri stöðum væri ekki óeðlilegur. Ég sagði ekki þetta, heldur að ef hver einstaklingur væri að kvotlast út af fyrir sig með salt og aðrar nauðsynjar, þá yrði það dýrara en ef fengnir væru á hafnirnar heilir farmar. Þetta ætti að vera hverjum manni skiljanlegt. Við veiðistöðvarnar hér suður með sjónum, t. d. í Grindavík, er salt og aðrar nauðsynjarvörur til útgerðar afskaplega dýrt, sem stafar af því, að menn verða að fá þetta flutt með bifreiðum langar leiðir frá öðrum stöðum, og geri ég þó ráð fyrir, að flutningsgjöldin séu ekki of há, eftir því sem þeir flutningar kosta, enda óhugsandi, þar sem jafnmargir bifreiðaeigendur keppa um flutningana. Það er því mikill galli, að þessir flutningar þurfi að eiga sér stað, en geta ekki fengið vörurnar beint á höfn. Úr þessum galla álítum við að megi bæta, með því að fleiri keyptu í félagi og fengju vörurnar allar fluttar í einu fyrir vertíð.

Þá sagði hv. þm., að hvergi væri minnzt á af okkur, að stjórnarkostnaður við fyrirtækin væri óeðlilega hár. Það er nú svo, að stjórnarkostnaður var yfirleitt ekki sérgreindur í rekstrarreikningunum, og mismunandi hvernig menn telja hann. Sumir telja vinnu í skrifstofu með venjulegum vinnulaunum, og hjá flestum er þar í falinn partur af stjórnarkostnaði, og svo var það á skýrslu frá fyrirtæki því, sem hv. þm. veitir forstöðu. Þyrfti því sérstaka rannsókn til þess að ganga úr skugga um, hvort rétt er talið. Ég veit, að stjórnarkostnaður er mismunandi, þó ég telji ekki rétt að tilfæra eða nefna ákveðnar tölur, sem mér er trúað fyrir. En mér er kunnugt um eins og fleirum, að stjórnarkostnaður við það fyrirtæki, sem hv. þm. veitir forstöðu, er óeðlilega hár. Það koma því úr hörðustu átt ummæli hans og upptugga úr blöðum til þess að vekja tortryggni um, að stjórnendur þessara fyrirtækja hefðu óeðlilega há laun. Ég gæti bent á eitt slíkt fyrirtæki, sem ég þekki, og sýnt fram á, að forstjórinn hefir lægst laun af öllum þeim, sem við það vinna að staðaldri, og minna en lægst launaði hásetinn. Þetta er velkomið að sýna reikningslega, því ég hefi það á reiðum höndum, og ég býst við, að þetta verði á sama hátt þó skipt verði um framkvæmdastjóra.

Hv. þm. mótmælti harðlega, að það fyrirtæki, sem hann veitir forstöðu, hefði orðið byrði á borgurunum á Ísafirði. En þessu þýðir ekki að mótmæla. Þetta hefir verið rætt opinberlega og sýnt og sannað, að það skuldar Ísafjarðarkaupstað á annað hundrað þús. kr. auk ábyrgða, og birt opinberlega, að því hafa verið gefnir eftir vextir. Og það er ekkert ámælisvert, þó fyrirtæki, sem veitt hefir mikla atvinnu, væri gefið eftir, og ekki nema eðlilegt, þó bærinn og ríkið hlaupi undir bagga. Hitt er óeðlilegt og leiðinlegt, að fyrirtæki, sem búið er að hlaða jafnmikið undir og búa jafnvel að, skuli vera byrði á bænum, og þó einkum hve stjórnin á því hefir mistekizt herfilega. Hv. þm. var að skora á mig að sanna þetta. Ég held, að ekki þurfi annað en taka reikninga Ísafjarðarkaupstaðar og leggja fram, og þeir munu sýna þetta. Þetta held ég, að sé það eina efnislega atriði úr ræðu hv. þm., sem til mín kemur að svara.

Ég ætla ekki að vikja mikið að persónulegu aðkasti hv. þm. Hann sagði, að ég hefði mestan hluta ævinnar lifað á molum, sem dottið hefðu af borðum kaupmanna á Vesturlandi. Það er satt, að ég hefi verið nægjusamur og lifað á litlu, en borið mig að vinna fyrir því. Ég hefi lengst af setið í einni lægst launuðu stöðu þjóðfélagsins, kennarastöðunni, og unnið auk þess ýms störf í fristundum, og ekki verið undan kvartað. Hefir það ekki frekar verið hjá kaupmönnum en öðrum, en mest aukavinna í minni grein — kennslunni. Var form. í skattan. Ísafjarðar, sem ekki var hátt launað starf, og form. í fasteignamatsn. með 5—6 kr. kaupi á dag. Þeir menn, sem þessi störf vinna, munu flestir skoða það fremur borgaralega skyldu en atvinnu. Annars ætla ég ekki að þræta við hv. þm. um, hvernig ég hefi leyst þau verk af hendi.

Þá sagði hv. þm., að það hefði verið hneyksli að setja mig í mþn. í sjávarútvegsmálum, því ég væri ekki líklegur til þess að vinna þau verk samvizkusamlega. Þar er langbezt að leita umsagnar meðnm. minna og ríkisstj. um, hvernig hafi tekizt um árangur af þessu verki og öðrum, sem ég hefi verið settur til að vinna. Það hefir gengið svo, að ýtt hefir verið á mig fleiri störfum fyrir það opinbera en þægilegt hefir verið, þar sem þau eru flest lítt launuð. Ég veit ekki til, að nokkur maður hafi fundið að starfi mínu

sem form. í skattan. Ísafj. Þori ég að fullyrða, að 2 flokksmenn hv. þm., sem sátu með mér í n., hafa aldrei látið orð falla um það við hv. þm., að starf mitt þar hafi mistekizt. Ég ætla ekki að þakka það mér fremur en samnm. mínum, en ég get sagt, að fulltrúi í stjórnarráðinu lýsti yfir, að hann hefði ekki fengið eins greinagóða skýrslu og frá Ísafirði, nema úr Reykjavík; þá var hér skattstjóri Einar Arnórsson. Þetta hygg ég, að hv. þm. sé nú fullkunnugt, en annað sé mælt meir vegna þess, að hann hafi kennt nokkurs sársauka undan viðskiptum okkar hér á Alþ. — Þá held ég, að ég hafi ekki fleiru að svara.

En hvað viðvíkur afgreiðslu þessa máls nú, þ. e. a. s. atkvgr. um dagskrá þá, sem hér liggur fyrir, vildi ég segja nokkur orð, því það mun fara að líða að atkvgr. Dagskrártill. hafa hv. þm. fyrir sér, en ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

„Þar eð vandræði sjávarútvegsins yrðu ekki leyst nema að mjög litlu leyti með afgreiðslu frv. þessa og fyrir liggja umsagnir frá bankastjórum Landsbankans og Útvegsbanka Íslands h f um, að eigi þurfi að óttast stöðvun á útgerð landsmanna eða eigendaskipti umfram venju vegna skulda, fyrir næstu vertíð, og ennfremur að skuldaskil kæmu eigi heldur til framkvæmda fyrir vertíðina, þó frv. næði fram að ganga, og í trausti þess, að stj. leggi fyrir næsta þing framhaldandi till. um viðreisn sjávarútvegsins, þar á meðal till. um aðstoð ríkisins til skuldaskila vélbátaútvegsins, er fram fari á næsta ári, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er náttúrlega frá mínu sjónarmiði og okkar flm. frv. ekkert á móti því, að ríkisstj. taki málið í sínar hendur til rækilegrar athugunar og leggi það svo fyrir næsta þing, ef frv. verður ekki afgr. á þessu þingi. Á móti því getum við vitanlega ekki verið. Hitt er annað mál, að rökstuðningur dagskrárinnar er hvergi nærri viðunandi. Þar sem stendur í upphafi till., að „vandræði sjávarútvegsins verði ekki leyst með afgreiðslu frv.", er rökvilla. Þó þau hefðu ekki verið leyst nema að nokkru leyti á þessu þingi, er vanhugsað, að ekki þurfi fyrir því einhversstaðar að byrja. Ég ætla, að ég hafi fært rök að því, og þó e. t. v. betri í grg. frv., að sá þáttur í þessu máli, sem byrja verður á, er skuldaskilin — að koma fjárhag útgerðarinnar á sæmilegan grundvöll. Það verður alltaf byrjun að viðreisninni. Allar aðrar aðgerðir hljóta að bíða þar til skuldaskil eru gerð. Okkur flm. er ljóst, að frv. um rekstrarlánasjóð er í raun og veru gagnslaust, nema skuldaskilin fari fram áður. Eftir frv. er ætlazt til, að menn í sömu verstöð gangi saman í félag til að panta vörur og greiða við móttöku, en til þess að það geti orðið, þarf að setja á stofn rekstrarlánafélög og sjá mönnum fyrir einhverri frambærilegri tryggingu, því ég geri ráð fyrir, að þær verði víða af skornum skammti, og einhvern viðauka þurfi við það, sem menn hafa í fjármunum. Þennan viðauka verða menn að skapa sér með því að standa saman — að menn séu samábyrgir fyrir þær lántökur, sem teknar eru í félaginu. Hitt kemur ekki til greina um lántökur eða ábyrgðir einstakra manna. Nú eru kannske aðeins 2—5 af þessum mönnum vel stæðir, en allir hinir annaðhvort félitlir eða félausir. Þá gefur að skilja, að það yrði erfiðara að fá þá til að ganga í þennan félagsskap í þeim tilgangi að standa hver með öðrum, ef ekkert er búið áður að laga fjárhag manna almennt. Það er því búið við, að þessi félagsskapur næði ekki að komast á, ef skuldaskil hefðu ekki áður farið fram. Aftur á móti, ef búið væri að gera þannig upp fjárhag manna, svo að enginn útgerðarmaður skuldaði meira en, við skulum segja 65% móti eignum eins og stungið er upp á í frv., þá væri ólíkt aðgengilegra fyrir þá, sem eru efnum búnir, að ganga saman í samábyrgð. Ég bendi á þetta til sönnunar því, hvað það er alveg nauðsynlegt, að útgerðin sé reist við með skuldaskilum. Því er það rökvilla að halda því fram, að skuldaskil hafi enga þýðingu, hvort þau byrja ári fyrr eða síðar. Þau eru nauðsynlegt upphaf annara aðgerða, sem á eftir koma.

Þá er dagskráin rökstudd með því, að bankarnir hafi látið það í ljós, að skuldaskil gætu hvort sem er ekki farið fram fyrir næstu vertíð. Þetta er líka rökvilla. Það liggur í augum uppi, að fullnaðarskuldaskil gætu aldrei tekið stuttan tíma. Við flm. frv. höfum gert ráð fyrir, að það gæti orðið allt að 2 árum, sem það tæki að gera fullnaðarskuldaskil. Það er síður en svo, að það velti á litlu, hvenær á þessu er byrjað. Þetta sannar miklu frekar álit okkar, að nauðsynlegt sé, að þessi skuldaskil byrji sem allra fyrst. Hitt er annað mál, að ef einhver hefir þann ranga skilning á þessu máli, að skuldaskil geti gengið fyrir sig á nokkrum mánuðum, t. d. milli vertíða, að frá sjónarmiði slíkra manna mundi þessi frestur ekkert gera til, en þessi skoðun er röng og ekki byggð á athugun á málinu.

Vegna þessa rökstuðnings get ég ekki verið með þessari dagskrá, enda þótt ég sé niðurlagi hennar að því leyti samþykkur, að ég vil skora á hæstv. stj. að gera ráðstafanir til þess, að á næsta þingi verði gengið frá því að setja þær reglur, sem skuldaskilin eiga að fara fram eftir. Ég er ennfremur algerlega samþ. því, að ef unnt væri að binda atkv. þm. við frv. með samþykkt þessarar dagskrár, eins og hv. þm. tók réttilega fram, þá er það þó nokkurs virði. Ég vil ekki halda því beint fram, að á þeim loforðum væri lítið eða ekkert að byggja frá hendi stuðningsmanna hæstv. stj. Ég veit, að á slíkum loforðum væri fullkomlega að byggja frá sumum þeirra, ef maður mætti vænta, að handjárnin yrðu rýmri á næsta þingi, en ég get ekki annað en látið í ljós, að ég byggi ekki á slíkum loforðum frá öllum stuðningsmönnum hæstv. stj.

Þessar framhaldstill. um viðreisn sjávarútvegsins virðast mér benda í þá átt, að það hafi vakað fyrir þeim, sem sömdu þessa dagskrártill., að á sama þingi ætti að gera fleiri ráðstafanir en um skuldaskil. Það er náttúrlega ekki nema gott um það að segja, en það veltur þó mjög á því, hverjar þær ráðstafanir eru. Mér skilst t. d. á hv. þm. Ísaf. og mörgum fleiri, að þeir vilji t. d. kalla það ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum, sem gerðar eru með frv. um fiskimálan. En sumt í því frv. er frá mínu sjónarmiði beinlínis fjörráð við útgerðina, t. d. einkasalan. Þannig getur mönnum mjög borið á milli

um það, hvað séu ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum, og ég mundi telja það mjög mikilsverðar till. til viðreisnar sjávarútveginum, ef hv. þingmeirihl. snerist á þá sveif til næsta þings, að fylgja fram þeim till., sem fram eru fluttar í frv. um fiskiráð, því að það er enginn vafi á því, að þar er stefnt að því að ráða bót á einhverjum stærstu vandræðum útgerðarinnar, en það frv. hefir átt lítilli velvild að mæta af fylgismönnum stj. Og ég vil þá, fyrst ég minnist á það frv., nota tækifærið til að vekja athygli á því, að mþn. í sjávarútvegsmálum tók það einmitt fram, þegar hún ræddi um þær umbætur, sem þyrftu að fylgja strax á eftir skuldaskilum fyrir sjávarútveginn, og safnaði að sér ýmsum gögnum frá kunnáttumönnum, um það, hvað helzt mætti verða til þess að rýmka markaðina fyrir sjávarafurðir og koma þeim í það verkunarástand, að þær yrðu aðgengilegar á fleiri markaðsstaði en nú. Í því sambandi vísaði n. einmitt til þessa frv., sem form. Sjálfstfl. þá hafði borið fram á þingi, frv. um fiskiráð, sem að áliti n. átti að geta, ef vel hefði verið undir það tekið, einmitt bjargað við þeim þætti af vandræðum sjávarútvegsins. Ég held því, að enginn maður mundi geta sagt annað, ef hann vildi tala af sanngirni, en að mþn. hafi reynt að benda á flest þau mál, sem til viðreisnar megi verða fyrir sjávarútveginn, engu síður önnur atriði en þetta um skuldaskilin. — Ég hefi þá lokið máli mínu að þessu sinni.

**Thor Thors:** Þetta mál hefir nú verið rætt allýtarlega. Sérstaklega hefir hv. 1. flm. þessa frv., hv. 6. þm. Reykv., gert frv. sjálfu og þeim andmælum, sem fram hafa komið, mjög góð skil, eins og hans var von og vísa.

Ég veit, að það er raunar þýðingarlaust að ræða þetta mál frekar en önnur þau mál, sem Sjálfstfl. hefir beitt sér fyrir á þessu þingi. Örlög þeirra allra virðast fyrirfram ákveðin. Hversu góðan rökstuðning sem við getum flutt fyrir þeim og hversu greinilega sem við getum bent á óskir þjóðarinnar á bak við þau, þá kemur það fyrir ekki. Ég veit einnig, að örlög þessa frv. eru ákveðin með þeirri rökst. dagskrá, sem nú liggur hér fyrir frá meiri hl. sjútvn. En mér finnst viðeigandi, að hv. 1. flm. sé ekki einn um að fylgja því til grafar. Heldur vil ég, sem er að röðinni til síðasti flm. frv., halda í einn hankann á kistu þess um leið og það er nú borið út úr þinginu.

Það er ætlazt til þess í þingsköpum, að við 2. umr. séu ræddar brtt., sem fyrir kunna að liggja, svo og einstakar gr. frv. Hér liggja nú engar brtt. fyrir. Ég verð því að halda mér við aðalefni frv. og það banatilræði, sem því er veitt með þeirri rökst. dagskrá, sem fram er borin.

Ég vil þá sérstaklega víkja að þeim rökstuðningi, ef rök skyldi kalla, sem meiri hl. sjútvn. ber fram í sínu svokallaða nál. Um sjálft aðalefni frv. er það öllum hv. þm. mjög vel vitað, að það miðar að því að veita útgerðarmönnum samskonar skuldaskil og landbúnaðinum voru veitt með kreppulánalöggjöfinni. Þegar sú löggjöf var á ferðinni hér á þingi, má segja, að hún hafi mætt almennri velvild og þar hafi komið fram viðsýni sjávarútvegsmanna til þess að reisa við landbúnaðinn. Því miður verður ekki sagt, að samskonar viðsýni og skilningur hafi mætt þessari alveg sjálfsögðu og samskonar hjálp sjávarútveginum til handa. Þegar þetta bjargráð landbúnaðarins var rætt hér á þingi, þá var ekki spurt, hvar ætti að taka fé til að framkvæma það. En það hafa heyrzt mjög háværar raddir gegn þessu frv. vegna þess, að ekki eru bornar fram ákveðnar till. til þess að fá ríkissjóði fé til að standa undir framkvæmd þessa máls.

Aðalstuðningur sá, sem veita á Skuldaskilasjóði samkv. 2. gr. frv., er það, að útflutningsgjald af sjávarafurðum skuli renna í sjóðinn. Það nemur árlega um 800000 kr. En þar sem nú yrði nokkur dráttur á því, að sjóðurinn með þessu tillagi yrði þess megnugur að inna af höndum þetta starf, þá er einnig í 3. gr. frv. gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki lán, 3 millj. íslenzkra króna eða tilsvarandi upphæð í erlendri mynt, sem strax renni í sjóðinn. Síðan sé þetta tillag árlega greitt af útflutningsgjaldi sjávarafurða.

Nú er í fyrsta lagi ekki ósanngjarnt, þegar búið er á þessu þingi að samþ. að leggja niður útflutningsgjald á landbúnaðarafurðum, að þá verði gerð gangskör að því á sama þingi, að sá óréttmæti skattur, sem nú er á útfluttum sjávarafurðum, sé notaður til þess að bjarga sjávarútveginum úr þeim ógöngum, sem hann nú sökum hinnar miklu heimskreppu er staddur í. En þetta hefir þó ekki þótt sanngjarnt. Hæstv. fjmrh. hefir jafnvel viðhaft þau orð, ef ég man rétt, að það væri beinlínis hneyksli að bera fram slíkt frv. sem þetta, þar sem ríkissjóði væri ekki séð fyrir öðrum tekjum. Ég vil benda á það, að með þessum rökstuðningi, ef rökstuðning skyldi kalla, verður þetta frv. ekki drepið. Form. Sjálfstfl. hefir lýst því yfir greinilega við umr. um þetta mál, að Sjálfstfl. væri reiðubúinn til samninga um að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, fyrir það að útflutningsgjaldið væri látið renna í þennan sjóð, svo að þetta fær ekki staðizt. Og það er dálítið einkennilegt, að bera þessar móttökur saman við það tiltæki hjá stjórnarflokkunum í sambandi við hið hættulega frv. um fiskimálan., þar sem lagt er til að veita til sjávarútvegsins eina millj. kr. til ýmissa nýmæla við þá atvinnugrein. Þá hafa stjórnarflokkarnir gersamlega gleymt að spyrja, hvernig ætti að sjá fyrir tekjum í þessu skyni, heldur var það beint till. þeirra, að 1 millj. yrði tekin að láni. Þetta sýnir glögglega, að þegar mál eru borin fram af stjórnarflokkunum, þá geta allar leiðir verið opnar til framlags úr ríkissjóði eða lántöku, en þegar þau eru borin fram af Sjálfstfl., þá eru öll sund lokuð, jafnvel þó að frv. séu jafnvel undirbúin og það, er hér um ræðir, sem er rökstutt með skýrslu, sem mþn. í sjávarútvegsmálum hefir samið og lagt fyrir þingið. Það er mjög hryggilegt, að sjávarútvegurinn skuli eiga sliku kaldlyndi að mæta hér á þingi, og leitt til þess að vita, að sú viðsýni, sem sýndi sig hér á þingi við afgreiðslu kreppulaganna til handa bændunum, skuli nú ekki lengur vera fyrir hendi, þegar rætt er um samskonar þörf sjávarútvegsins.

Ég kemst ekki hjá að víkja að því, sem hv. þm.

Ísaf. sagði í sinni ræðu í garð hv. 6. þm. Reykv., að starf hans í mþn. hefði verið næsta þýðingarlítið og árangurinn af því mjög rýr, og það væri hneyksli, að hann hefði verið skipaður í n. Ég þekki hv. 6. þm. Reykv. sem sérstaklega greindagóðan mann og mikinn starfsmann, og ég veit, að það var sérstakt lán fyrir mþn., að einmitt hann var skipaður til þessa starfa. Enda er hann gerkunnugur sjávarútveginum. Hann hefir alizt upp þar, sem mikil vélbátaútgerð er rekin, og hann sem maður, er alla tíð hefir haft mikinn áhuga fyrir atvinnumálum þjóðarinnar, hefir frá því fyrsta fylgzt mjög rækilega með þeim rekstri. Ennfremur hefir hann átt sæti í stjórn togarafélags og þannig haft tækifæri til að kynna sér ofan í kjölinn rekstur þeirrar útgerðar. Ég álít því mjög vel ráðið, að einmitt hann skyldi verða valinn til þess að gegna þessu þýðingarmikla og vandasama starfi. Eins og ég hefi áður bent á, bera skýrslur þær, sem mþn. hefir skilað af sér, þess ljósan vott, að af mikilli samvizkusemi og gaumgæfni hefir verið unnið í n., en það er meira en megi segja um þær mþn., sem stj. ber meiri ábyrgð á en þessari.

Ég veit, að hæstv. forseti viðurkennir, að ég get ekki rætt þetta mál á annan hátt en að taka til greina þann rökstuðning, sem á að verða þessu máli hér að falli. Verð ég því að snúa mér að nál. sjálfu og fara um það nokkrum orðum, enda þótt hv. 6. þm. Reykv. hafi gert það mjög rækilega.

Það kemur í fyrsta lagi fram í nál., að meiri hl. vill aðeins sinna smáútgerðinni og vélbátaútgerðinni, og að aðeins þessum tveimur liðum útgerðarinnar sé hjálpað til að fá skuldaskil. En ég vil benda á, að þegar kreppulögin voru hér á ferðinni, þá var ekki verið að tala um að skipta bændum í flokka, eftir því hvort þeir höfðu smáan eða stóran búrekstur, heldur áttu allir að njóta þeirra hlunninda, sem l. fólu í sér, og ég man það glögglega, að hæstv. fjmrh. hafði einu sinni þau orð í útvarpsumr., þar sem við leiddum saman hesta okkar, að það væri ekki meining Framsfl. að skipta um menn í bændastéttinni. Það er ekki heldur meining Sjálfstfl. að nauðsynjalausu að skipta um menn í útgerðarstéttinni. Sjálfstfl. vill, að það sama nái til allra atvinnurekenda landsins.

Ég verð því að telja það fyllstu nauðsyn, að vandræðum stórútgerðarinnar sé einnig sinnt, þegar þetta mál er tekið til úrlausnar, og viljum við í því sambandi sérstaklega benda á það, hversu veigamikinn þátt stórútgerðin hefir á undanförnum árum átt í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er öllum hv. þm. ljóst, sem með einhverri sanngirni vilja líta á þetta mál, að þær stórkostlegu framfarir, sem hafa orðið á síðustu árum á sviði atvinnulífsins og framkvæmda ríkissjóðs, þær eru að mjög miklu leyti því að þakka, að menn tóku að sækja á djúpmiðin og taka í sína þjónustu hin stærri framleiðslutæki, togarana. Hver einasti sanngjarn maður hlýtur að viðurkenna, að það er þessi atvinnurekstur, sem hefir verið drýgsta mjólkurkýrin fyrir atvinnulífið og ríkissjóð á undanförnum áratugum. Hver einasti sanngjarn maður mun ennfremur viðurkenna, að það er ekki kleift fyrir þjóðina, ef hún vill lifa við sæmileg menningarkjör, að leggja þennan þátt sjávarútvegsins í rústir. Kröfur þjóðarinnar hafa vaxið svo á síðari árum, að það þarf meiri og stærri framleiðslutæki til að fullnægja þörfum hennar en þurfti fyrir nokkrum áratugum. Og menn hljóta að viðurkenna, að togararnir eru nú nauðsynleg veiðitæki.

Ég vil einnig benda á það, að hér kemur greinilega fram misræmi í stefnu Alþfl. Ég vil minna á það, hvernig sá flokkur gerði það að sínu stærsta máli fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík s.l. janúar, að keyptir væru inn í bæinn 6—10 nýir og stórir togarar. Það hefir að vísu ekkert bólað á, að flokkurinn hafi reynt að framkvæma þennan göfuga ásetning, eftir að hann hafði fengið þá valdaaðstöðu, að hann gat, hvenær sem hann vildi, komið þessu stórmáli sínu í framkvæmd. En þetta var stórkostlegt agitationsnúmer hjá þeim, meðan þeir voru í minni hl. Nú hefir hinsvegar heyrzt á þessu þingi af munni hæstv. atvmrh., að útgerðarmenn séu ámælisverðir fyrir það, hversu mjög þeir hafi hugsað um að veiða sem mest. Hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur hér, svo að ég skal ekki fara langt út í þetta, en ég hygg, að almenningur hér á landi hefði orðið var við það, ef útgerðarmenn, smáir og stórir, hefðu ekki látið sér svo mjög um hugað að veiða sem mest. Það er langt frá, að þeir séu ámælisverðir fyrir það, heldur mjög lofsverðir fyrir það, að samtímis því, sem þeim hefir tekizt að auka framleiðsluna fyrir atorku og dugnað hinnar tápmiklu sjómannastéttar, þá hefir þeim einnig tekizt að koma þessari auknu framleiðslu í verð á kostnað okkar erlendu keppinauta, sem þó að flestu leyti hafa átt við betri skilyrði og aðstöðu að búa. Ég fæ því ekki betur séð en að það sé sama nauðsynin að rétta við stórútgerðina eins og smáútgerðina, þegar að því verður horfið að koma sjávarútveginum í það horf hvað þetta áhrærir, að hann geti átt við lífvænleg kjör að búa til frambúðar. Það hefir verið sagt, að það megi ekki flaustra af þessum skuldaskilum, þar þurfi allt að vera vel undirbúið. En ég hygg, að það hafi ekki komið önnur frv. fyrir þetta þing, sem hafi verið betur undirbúin en þetta frv., með þeim rökstuðningi, sem felst í skýrslum mþn. Spurningin er aðeins sú, hvort menn vilja eða vilja ekki sinna því, þá er hitt auðgert, eftir að bent hefir verið á skýrar leiðir til þess að ná þessu marki. Þetta orðatiltæki, að flaustra málinu af, dæmir sig því sjálft við nánari athugun málsins. Vitanlega taka skuldaskil allra sjávarútvegsmanna langan tíma, en þeim mun fyrr verður þeim lokið, sem fyrr er hafizt handa.

Þá er vikið að því í sama nál., að skuldaskil verði ekki útveginum til bjargar. Er bent á það, að þó allar skuldir hefðu verið strikaðar út á árunum 1930, 1931 og 1932, þá hefði samt sem áður orðið um 5 millj. kr. rekstrarhalli á útgerð landsmanna. Ég skal ekki vefengja það, að meiri hl. n. hafi tekið þetta rétt upp úr skýrslum mþn., en ég vil benda á það, að hér eru tekin út úr þau allra verstu ár, sem yfir útveginn hafa gengið. Hér er talið með árið 1931, þegar hið mesta hrun, sem sögur fara af, kom yfir þennan atvinnuveg, þegar afli landsmanna varð lítt seljanlegur á er-

lendum markaði og fór dagfallandi. Ég hygg, að er sæmilega lætur í ári og með viðunandi verðlagi á sjávarafurðum, sem ég álít, að sé tryggt í höndum sterkra sölusamtaka útgerðarmanna, eins og S. Í. F., þá yrði það vaxtabyrðin, sem riður baggamuninn fyrir útgerðarmenn. Ef hægt væri að lækka vaxtabyrðina til mikilla muna til viðbótar við annað, sem sjálfst.menn vilja láta gera sjávarútveginum til hjálpar, þá mundi það verða tryggt að sjávarútvegurinn gæti dafnað vel. Einnig þessi rök hv. meiri hl. eru því ekki réttmæt. Þá eru í nál. nokkrar dylgjur um það að hv. minni hl. sjútvn., hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Vestm., hafi lokað augunum fyrir einum verulegum útgjaldalið útgerðarmanna, hinu háa verðlagi á útgerðarvörum, svo sem t. d. salti. Segir í nál., að ástæðan til þess, að það er ekki gert, geti legið í því, að meiri hl. n. sé úr sama stjórnmálaflokki og þeir menn, sem hafi hag af þessari verzlun. Þetta er auðvitað skætingur og ekki annað, en það er nokkuð einkennilegt, að hv. þm. Ísaf., sem a. m. k. að nafni til á að heita framkvæmdarstjóri fyrir nokkuð stóru útgerðarfélagi hér á landi, skuli ekki vita, hvernig saltverzlunin er rekin hér á landi. Það er flutt inn í stórum förmum fyrir vissa landshluta, og víða eru það kaupfélögin, sem kaupa þessa vöru og miðla henni í hinar ýmsu verstöðvar. Annarsstaðar eru það smáútgerðarmenn, sem hafa samtök um að kaupa heila skipsfarma. Að saltverðið á Hornafirði sé sérstaklega hátt, skal ég ekkert segja um, en býst við, að hv. þm. A.-Sk. geti upplýst það. En þar er það kaupfélag, sem hefir mestan hluta saltverzlunarinnar, og ég hygg, að annað verzlunarfyrirtæki stundi ekki saltverzlun eins og sakir standa í þessu kauptúni nú. Á síðari árum hefir saltverzlunin mjög hnigið í það horf, að ýmist hafa smáútgerðarmenn í ýmsum verstöðvum myndað með sér samtök um saltkaup, eða að kaupfélögin hafa tekið að sér þessa verzlun, en að hv. 6. þm. Reykv. sé studdur af þeim félagsskap, held ég að sé tómur misskilningur.

Mér þykir leitt, að hv. þm. Ísaf. skuli ekki vera hér viðstaddur. Nú, hann er þarna í ráðherrabústaðnum. Ég get skilið, að hann hafi gaman af því að sitja í þessu herbergi, hann kemst vissulega aldrei nær ráðherrasætinu en þetta. Ég vil gjarnan minnast hér á eitt atriði, sem kemur fyrir í nál., en það er, að lítil útgerðarfyrirtæki hér á landi hafi hvert fyrir sig marga framkvæmdarstjóra. Ég þekki ekkert lítið fyrirtæki, sem hefir marga framkvæmdarstjóra, en ég þekki eitt stórt fyrirtæki, sem oft er talað um og tilgreint er, að hafi 5 framkvæmdarstjóra, en þeir eru nú ekki nema 4. Og þetta félag hefir auk útgerðar 7 togara mjög stórfelld fiskkaup með höndum. Það verzlar árlega með frá 40 til 50 þús. skippund af saltfiski og verkar þennan fisk sjálft á 4 fiskverkunarstöðvum hér í Reykjavík, auk þess sem félagið á og rekur fiskverkunarstöðvar á ýmsum stöðum úti um land. Það rekur eina til tvær síldarbræðsluverksmiðjur, og ennfremur rekur félagið stórfellda verzlun með kol, salt, veiðarfæri og beitusíld. Ég hygg, ef stjórnarflokkarnir ættu að skipta þessu fyrirtæki niður í mörg smærri fyrirtæki, þá mundi afleiðingin verða sú, að framkvæmdarstjórunum yrði þar fjölgað að mun. Enda þótt fyrirtækið hafi í tvö ár rekið tvær síldarverksmiðjur, hefir ekki verið bætt við framkvæmdarstjóra þau árin. Til samanburðar má benda á það, að ríkið hefir rekið eina síldarverksmiðju, og til þess að stjórna henni hefir verið, auk framkvæmdarstjóra, þriggja manna stjórn, og það má búast við því, að stjórnarlið þessa ríkisfyrirtækis verði stórum aukið, er það færir út kvíarnar. Hitt fyrirtækið, sem ég talaði um, er hlutafélag, og hluthafarnir eru ekki aðrir en framkvæmdarstjórarnir, og séu þeir að sliga félagið, þá eru þeir ekki að sliga aðra en sjálfa sig. Og ég skal lýsa því yfir í eitt skipti fyrir öll, hve mikill stjórnarkostnaður hvílir á hverjum togara hjá þessu félagi, sem öllum er ljóst, að er hlutafélagið Kveldúlfur, og það eru 8 þús. kr. á ári, og það er allur skrifstofukostnaður, framkvæmdastjórn og verkstjórn í landi. Ég efast um, að þessi kostnaður hefði orðið minni hjá bæjarútgerðinni í Hafnarfirði, ef hún hefði haft jafnviðfeðma útgerð og verzlun og þetta félag hefir, eða að slíkur kostnaður sé hlutfallslega lægri í félagi því, sem hv. þm. Ísaf. stjórnar. Ég er ánægður yfir því að hafa fengið tækifæri hér til þess að sýna fram á, hve hinar þrálátu, ofstækisfullu og nærri því að segja ofsóknarfullu árásir á hlutafélagið Kveldúlf hafa við lítil rök að styðjast. Þá kemst hinn djúpvitri hv. þm. Ísaf. að þeirri niðurstöðu, að „skipin séu alltaf að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið", rétt eins og þetta skuldafen sé eitthvert haf, sem skipin séu að sökkva í. Honum ætti að vera það ljóst, að ef hér er um eitthvert haf að ræða, þá eru það ekki skipin sjálf, sem eru að sökkva í það, heldur eigendur þeirra, — skipin sjálf fljóta áfram.

Þá kem ég að hinu margendurtekna árásarefni um það, að eigendurnir endurnýi ekki skipin, og er því aðallega beint að togaraeigendum. En sannleikurinn er nú sá, að þeir verja a. m. k. að meðaltali á ári 30 þús. kr. til viðhalds hverjum togara. Þetta mun svara sem næst til tíunda hl. af verði togaranna, og sjá allir, að það er mikið viðhald, miðað við hið erfiða árferði, enda er það svo mikið sem unnt er fyrir eigendurna að láta það vera. Enda þótt togararnir séu nokkru eldri en æskilegt hefði verið, þá er íslenzku togurunum yfirleitt betur viðhaldið heldur en á sér stað með erlendum þjóðum.

Þá segir hv. þm. Ísaf. í dýpt síns visdóms og mikla mannvits, að „skipin séu nú brátt sokkin í skuldafenið, og þá standi landsmenn uppi skipalausir". Ég get ekki skilið þetta, og ég verð að staðhæfa, að þau verða öll áfram a. m. k. í mörg ár enn á yfirborði hafsins.

Síðan fer hv. þm. að tala um það, sem sífellt klingir við bæði utan þings og innan í sambandi við sjávarútvegsmál, að það sé ekki nóg fyrir sjávarútveginn að fá skuldaskil, heldur þurfi líka að skipuleggja afurðasöluna út á við. Ég skal ekki segja, hvort þörfin á slíkri skipulagningu er eins mikil og hv. þm. vill vera láta, en ég er sammála honum um það, enda hefir hann lært af sjálfstæðismönnum hér á þingi að skilja það, að það verður að tryggja framtíð útgerðarinnar, með því að koma afurðasölunni í fast horf og

með því að fá sem hæst verð fyrir afurðirnar. En ég staðhæfi, að eina leiðin til þess að ná því marki er sú, að útgerðarmennirnir sjálfir annist sína afurðasölu með sterkum frjálsum samtökum. En einmitt þeir, sem fjasa mest um frjálst skipulag, hafa nú dregið rýtinginn úr sliðrum og vilja hin frjálsu samtök feig. Ég skal ekki fara langt út í það mál, en trúað gæti ég því, að einhverntíma iðri þá þess, hvernig þeir nú fara að. Það hefir að vísu aldrei verið mikils vænzt af hv. form. sjútvn., en því miður hafa honum vitrari menn látið hann og hans líka ráða, en hann stjórnast eins og kunnugt er af persónulegri óvild og valdagirni.

Þá er það eitt, sem endurtekið er í rökum hv. meiri hl., að Sjálfstæðisfl. sé ekki umhugað um að bæta úr bráðum voða, sem fisksalan sé nú stödd í. Ég hefi áður í ræðu minni vikið að þessari ásökun, en ég vil nú nota þetta tækifæri til þess að undirstrika þau orð annara minna flokksbræðra, að með frv. um fiskiráð, í sambandi við markaðs- og verðjöfnunarsjóð, var gerð mjög fullkomin tilraun af Sjálfstfl. til þess að leysa hin alvarlegu vandræði, bæði um sölu á saltfiski og eins nýjungar í verkunaraðferðum.

Ég er þá kominn að sjálfum rýtingnum, hinni rökst. dagskrá, sem væntanlega verður samþ. Þar er þess getið, að skuldaskil komi útveginum ekki að gagni nema að litlu leyti. Þetta má að nokkru leyti til sanns vegar færa. Engu að síður hefir það verið krafa Sjálfstfl., og hún er studd með þeim mörgu erindum, sem Alþ. hafa borizt frá útgerðarmönnum um allt land, og ekki síður úr kjördæmum stjórnarflokkanna, að skuldamál sjávarútvegsins verði leyst þegar á þessu þingi. Það er öllum ljóst, að skuldaskil geta ekki farið fram með skjótri svipan. Þau hljóta að taka langan tíma, en einmitt það sýnir, að nauðsyn er á því, að sem allra fyrst sé hafizt handa. Ég lét þess getið í byrjun þessarar ræðu minnar, að því miður mundi hún verða líkræða yfir frv. um skuldaskilasjóð, en jafnvel þó að þetta frv. verði nú jarðsett, þá hefir það sína miklu þýðingu, að það kom fram. Það mun hafa þá þýðingu, að lánsstofnanir munu fremur en annars fresta því að ganga að illa stæðum útvegsmönnum. Með flutningi þessa frv. er það a. m. k. ljóst, að stærsti flokkurinn í þinginu hefir tjáð þessu máli sitt óskipt fylgi. Og þó að stjórnarflokkarnir hafi ekki viljað taka tillit til þessa vilja Sjálfstfl. með sína 22 þús. kjósendur að baki sér, þá hefir þetta mál vakið mikla eftirtekt og hlotið fylgi allra útvegsmanna, og jafnvel stjórnarliðið hefir látið skína í gegnum sína framkomu í málinu, að það telji þurfa að sinna því á næsta þingi. Vegna þeirrar hreyfingar, sem komizt hefir á þetta mál við framkomu þessa frv., hefir fjöldi aðþrengdra útgerðarmanna fengið einskonar gálgafrest gagnvart sínum lánardrottnum.

En það mega stjórnarflokkarnir vita, að Sjálfstfl. mun halda þessu máli vakandi. Það mun verða rætt við þjóðina fyrir næsta þing, og það mun reynast svo, að þessu máli verður fylgt eftir með svo miklum áhuga og miklu harðfylgi hjá þjóðinni, að framkvæmd þess verður ekki tafin lengur en til næsta þings.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Það hefir nokkuð breytzt í seinni tíð blærinn á þessari umr., þar sem meir kennir nú prúðmennsku og stillingar en áður hefir borið á í ræðum hv. flm. þessa máls.

Ég sé ekki ástæðu til að fara neitt út í síðustu ræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég held, að í þeirri ræðu komi ekkert nýtt fram. Sama er að segja um ræðu hv. þm. Snæf.; ég held, að í þeirri ræðu séu engin stór atriði, sem ég þarf að skipta mér af. Hann sagði m. a., að það væri svo, að örlög þeirra mála, sem Sjálfstfl. flytur á þessu þingi, væru fyrirfram ákveðin. Ég vil í því sambandi minna hv. þm. á það, að ég hefi mælt með nokkrum málum í sjútvn., sem borin eru fram af sjálfstæðismönnum. Ég man í svipinn eftir till. um að auka ljósmagn Stórhöfðavitans, og frv. um matsstjóra, sem hvorttveggja hafa gengið með meðmælum mínum og minna flokksmanna gegnum þingið. Við viljum sýna þeim málum sóma, sem sjálfstæðismenn flytja, sem við álítum, að séu til hagsbóta fyrir þjóðarheildina, en öðrum málum, sem þeir flytja og við álítum þjóðinni í heild ekki til hagsbóta, snúumst við vitanlega gegn.

Nú er það hvergi sagt í nál. meiri hl. sjútvn., að skuldaskil mundu að engu gagni koma. Hitt er sannað með óyggjandi rökum og tilvitnunum í nál. mþn., að skuldaskilin ein saman duga ekki til þess að rétta við sjávarútveginn, svo sem þörf væri á. Hv. þm. Snæf. lét þá skoðun sína í ljós, að ef togaraútgerðin fengi skuldaskil, og ef létt væri á þeirri vaxtabyrði, sem á togaraútgerðinni hvílir, þá mundi hún bera sig undir núverandi verzlunarskilyrðum. Eftir skýrslum mþn. er þetta því miður ekki rétt. Tekjuhalli togaraútgerðarinnar á þessum árum, sem yfirlitið nær yfir, þó sleppt sé árinu 1931, er langt yfir þá vexti, sem greiddir hafa verið af lánum útgerðarinnar. Nú skildist mér á hv. þm. Snæf., að hann teldi okkur ekki vilja reisa við stórútgerðina. Þetta er hinn mesti misskilningur. Við álítum, að ríki og bæjarfélög eigi að stuðla að því, en þó ekki með þau skip eða félög, sem sýnt er um, að ekki bera sig, eins og stórútgerðin er rekin nú. Þessar niðurstöður sínar hefir meiri hl. sjútvn. byggt á því, að skýrslur mþn. væru réttar.

Mér skildist, að hv. þm. Snæf. væri að frýja Alþfl. hugar um það, að flytja till. um að ríkið kaupi 10 nýja togara. Alþfl. talaði ekki um það í fyrra, að ríkið, heldur Reykjavíkurbær, keypti togara, og vissulega er Alþfl. ekki enn búinn að ná meiri hl. í bæjarstj. Rvíkur. Og hvað því viðvíkur að auka skipastólinn um 10 nýja togara, þá stendur öðruvísi á nú en þá, vegna þess að þá voru ekki þær hömlur komnar á innflutning til markaðslandanna, sem nú eru komnar. Með þessu er ég ekki að segja það, að ekki sé þörf á að bæta við togaraflotann. Ég sé það í skýrslum frá Englandi, að afli, sem þar er lagður upp á síðastl. sumri, reyndist miklu meiri og verðmeiri af nýjum togurum heldur en gömlum, þannig að nýju togararnir bera sig ágætlega, um leið og gömlu togararnir bera sig ekki. Ég fékk í gær bréf frá góðum vini mínum í Englandi, sem keypti í fyrra tvo nýja togara, og segir hann, að þeir hafi borið sig ágætlega, og ætlar

hann nú að láta byggja tvo nýja togara til viðbótar fyrir næstu vertíð, vegna þess hve útgerðin ber sig þar vel. (**PHalld:** Hvernig er kaupgjaldið þar?). Kaupgjald þar er ekki lægra en hér, og kjör sjómanna þar að mörgu leyti betri.

Hv. þm. Snæf. gaf mér, kannske óafvitandi, eitt mjög gott vopn í hendurnar, sem færir sterk rök að nauðsyn skipulagningar á togaraflotanum. Hv. þm. var að tala um, að á það hefði verið minnzt, að tiltölulega dýrari væri framkvæmdarstjórn á litlu fyrirtæki en stóru, og tók t. d. það fyrirtæki, sem hann er kunnastur, h/f Kveldúlf (**TT:** Það er ekki lítið fyrirtæki.), og vildi halda því fram, að framkvæmdastjórn þess væri ekki úr hófi dýr, en sagði um leið, að hann byggist við, að framkvæmdastjórn bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, sem hefir tvo togara, og Samvinnufélags Ísfirðinga, sem hefir sjö mótorskip, væri tiltölulega miklu dýrari. Ég get búizt við, að þetta sé rétt (**EmJ:** Það er ekki rétt.), því að eftir því sem fyrirtækið er minna, eftir því er eðlilegra, að framkvæmdastjórnin sé hlutfallslega dýrari, og eftir því sem fyrirtækið er stærra, eftir því er eðlilegra, að framkvæmdastjórnin sé hlutfallslega ódýrari. Að þessu leyti erum við hv. þm. Snæf. sammála. M. ö. o., að eftir því sem togaraflotinn er færður meira saman, eftir því gæti framkvæmdastjórnin orðið tiltölulega ódýrari. — Hv. þm. Snæf. sagði, að h/f Kveldúlfur væri ekki lítið fyrirtæki. Þó að það sé stórt fyrirtæki á okkar mælikvarða, er það lítið samanborið við ýms fyrirtæki erlendis; t. d. er það vitað, að í Þýzkalandi er togarafélag, sem hefir svo hundruðum togara skiptir, og sé það borið saman við togaraflota Íslands, sem aðeins er 37 togarar, þá mundi íslenzki flotinn vera lítið fyrirtæki, samanborið við togarafélög annara þjóða, þó að þeir væru sameinaðir undir eina stj. M. ö. o., að skipulag á togaraflotanum íslenzka, ef með eðlilegum hætti væri, gæti orðið til þess að gera stjórn og rekstur togaraflotans hagkvæmari heldur en nú er. Ummæli hv. þm. G.-K. benda nokkuð í þessa átt.

Hv. þm. Snæf. sagði, að allir framkvæmdastjórar Kveldúlfs væru hluthafar í því félagi, og ef þeir væru of dýrir, þá væru þeir of dýrir fyrir sjálfa sig. Þetta er hæpin röksemdafærsla, vegna þess, að það er fyrst og fremst verkafólkið og sjómennirnir, sem borga þessum framkvæmdastjórum, og ef þeir eru of dýrir, eru þeir fyrst og fremst of dýrir fyrir verkafólkið og sjómennina.

Þegar fyrirtæki er jafnstórt og þetta, samanborið við stærð þjóðarinnar, skiptir afkoma þess alla þjóðina. Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um skuldafenið, sagði hv. þm. Snæf., að ef eigendurnir sökkva, komi það niður á þeim sjálfum, en ekki öðrum. Þetta er ekki að öllu leyti rétt, vegna þess, að ef stórt fyrirtæki, sem safnar miklum skuldum hjá bönkunum, lendir svo í gjaldþroti, lenda skuldirnar á allri þjóðinni gegnum bankana. Þetta á því fremur hér við en annarsstaðar, að báðir bankarnir eru ríkiseign. Afkoma þessa fyrirtækis skiptir þess vegna alla þjóðina, og það er alls ekki einkamál einhverra framkvæmdastjóra, hvernig fer um rekstur þess.

Ég held, að það sé ekki mikið meira, sem ég þarf að svara hv. þm. Snæf. Ég legg áherzlu á, að dagskráin við frv. verði samþ., einkum vegna niðurlags hennar, sem er áskorun til ríkisstj. um að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um skuldaskilasjóð vélbátaútgerðarmanna.

**Ólafur Thors:** Ég þarf í raun og veru litlu við að bæta það, sem hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf. hafa sagt um þetta mál. Ætla ég þess vegna ekki að ræða málið almennt, og ekki koma inn á það sjónarsvið, sem þeir hafa rætt málið á. Ég get tekið undir þeirra ræður frá orði til orðs, en vil þó ekki láta þetta mál verða afgr. svo hér á þingi, að ég segi ekki um það fáein orð, af því að ég álít það eitt þýðingarmesta mál þingsins. Ég lít á það að því leyti eins og báðir flokksbræður mínir, sem ég áðan nefndi, að ég fagna því, að þetta mál er komið fram á Alþingi, og ég veit, að allir, sem þar eiga hlut að máli, verða Sjálfstfl. þakklátir fyrir að hafa beitt sér fyrir því. Það er enginn vafi á, að það, að málið er komið fram, leiðir til bráðra úrslita, þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, til framdráttar og farsældar. En í sjálfu sér get ég vel unað við þá afgreiðslu málsins, sem fyrirhuguð er, ef hún aðeins væri með meiri menningarblæ en raun ber vitni um. Þetta nál. meiri hl. sjútvn. er einsdæmi, en hitt, að fresta endanlegri afgreiðslu þessarar löggjafar til næsta þings, að fenginni þessari yfirlýsingu bankastjóranna, þarf út af fyrir sig ekki að leiða til neins skaðræðis, vegna þess, að úr því að frv., með því að vera lagt fram á Alþ., hefir leitt í ljós þann vilja þingsins að ráða fljótlega bót á þessum vandræðum útvegsmanna, og fyrst bankarnir lofa að taka það mikið tillit til hugarfars Alþingis í þessu efni, að ganga ekki að útgerðarmönnum, þá hefir þegar áunnizt mikið í þessu efni. Og ég er sannfærður um, að sömu afleiðingar útvegsmönnum til framdráttar verða af þeim undirtektum, sem málið fær hér á þinginu, að því er snertir aðstöðu einstakra kaupsýslumanna í garð útvegsmanna. Það er enginn vafi á því, að allur fjöldinn af þeim mönnum, sem skuldakröfur eiga á útgerðarmenn, munu, vegna þess að frv. er komið fram og vegna yfirlýsinga í sambandi við það, sjá **sínum** hag bezt borgið með því að *ganga ekki að útgerðarmönnum*. Þetta er réttlátt að viðurkenna.

Ég vil svo leiðrétta misskilning, sem fram kemur af hálfu meirihlutamanna sjútvn. í nál. þeirra, að þeir leggja of lítið upp úr þeirri hjálp, sem skuldaskilin munu veita útvegsmönnum. Það er, eins og samflokksmenn mínir hafa tekið fram, að þess þarf sérstaklega með að bæta fyrir útvegsmönnum með því að leita nýrra markaða, en eins og hv. þm. Snæf. tók fram, höfum við gert okkar till. um það, sem því miður er ekkert farið eftir. En hitt er staðreynd, sem ekki er nægilega viðurkennd við þessar umr., að ef útvegsmenn fá skuldaskil, fá þeir með því nýja og ákaflega mikið bætta aðstöðu til þess að starfrækja sinn atvinnurekstur með von um arðvænlega útkomu, og það er vegna þess, að nú eins og ástandið er, er það háttur útvegsmanna, a. m. k. hér á Suðurlandi, að þeir fá í vertíðar-

byrjun rekstrarlán. Margir hverjir hinir smærri útvegsmenn fá frá sex og upp í níu þús. kr. lán út á ófiskaðan afla, sem nemur um 30 kr. á skippund, sé miðað við 200 til 300 skippunda afla. Það er ætlazt til, að þeir verji þessu láni til þess að kaupa fyrir þarfir sínar í þágu síns atvinnurekstrar, en því er af mörgum varið til annars. Því er varið til þess að greiða gamla skuld, sem skuldareigandi vitanlega fagnar að fá greidda, en þeirri greiðslu fylgir sú kvöð, að hlutaðeigandi kaupsýslumaður veiti þessum manni, sem skuldina greiddi, nýtt lán, og það lán er í augum kaupsýslumannsins alveg í sömu áhættunni og fyrra lánið. Af þessu leiðir, að kaupsýslumaðurinn hækkar verðlagið á vörunni meira en þörf er á, ef staðgreiðsla ætti sér stað. Það verður því veigamesti þátturinn í afgreiðslu skuldaskilasjóðsins, að ef skuldaskil verða framkvæmd, geta útvegsmenn notað hið nýja rekstrarlán til þess að kaupa sínar nauðþarfir í þágu atvinnurekstrarins með hagkvæmara verði en annars, af þeim eðlilegu ástæðum, að kaupsýslumaðurinn getur lækkað verðið á nauðþörfunum þegar staðgreiðsla á sér stað. Ég hygg því, að þessi þáttur skuldaskilanna verði veigamesti þátturinn í viðreisn sjávarútvegsins, því að það vita allir, að ef þessir bátar fá aðstöðu til þess að kaupa öll sín veiðarfæri, beitu, olíu, salt o. fl., gegn staðgreiðslu, fá þeir þessar vörur fyrir 15—20% lægra verð en ella. Þá fara að breytast horfurnar með útveginn, frá að það var að verða vonlaust um, að hann gæfi arðvænlega útkomu, yfir í það, að líkur eru til, að hann gefi nokkurn hagnað. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram áður en þessum umr. er lokið, svo að enginn misskilningur þurfi um það að vera. Að öðru leyti skal ég ekki gera frv. eða rökst. dagskrána að umræðuefni; það hafa mínir flokksbræður gert svo rækilega, að ég hefi engu þar við að bæta.

**Þorbergur Þorleifsson:** Þar sem saltverð á Hornafirði hefir verið dregið inn í þessar umr. og inn í nál. meiri hl., skal ég geta þess, að ég hefi aflað mér upplýsinga um verð á þessari vöru hjá framkvæmdarstjóra Kaupfélags A.-Skaftfellinga, Jóni Ívarssyni. Hann gaf mér þær upplýsingar, að kaupfélagið á Hornaf. hefði á síðustu vertíð selt salt til útgerðarmanna fyrir 47 kr. smálestina, en í nál. er sagt, að smál. hafi verið seld á 60 kr.

Hvort saltverðið á Hornafirði hefir einhverntíma verið 60 kr. smál., get ég ekkert sagt um nú, og þó að svo hafi verið, þarf það ekki að hafa stafað af því, að um neitt okur væri að ræða, heldur vegna þess, að saltið hefir á þeim tíma verið dýrara. En það vil ég og taka fram, að það er erfiðara með aðflutninga til Hornafjarðar en flestra annara hafna á landinu og uppskipun oft dýr og erfið, vegna þess að stærri skip komast ekki að bryggju, eins og ég hefi áður tekið fram hér á hv. Alþ. Þegar á allt þetta er litið, er ekki óeðlilegt, þó að vörur kynnu að vera þar í einstaka tilfellum eitthvað dýrari heldur en annarsstaðar.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, vil ég taka það fram, að það er ekki rétt, að í nál. mþn. í sjávarútvegsmálum sé neitt skýrt frá saltverði á Hornafirði. (**ÞorbÞ:** Ég var að tala um nál. meiri hl. sjútvn. Nd.). Þá skal ég víkja orðum mínum á rétta leið. En einmitt í þessu nál. meiri hl., þar sem talað er um saltverðið á Hornafirði, er vitnað í nál. mþn. í sjávarútvegsmálum. En það verður að geta þess, að það, sem stendur þar um saltverðið á Hornafirði, er ekki frá n., því að um það er getið í fylgiskjölum, sem prentuð eru með nál., sem er bréf frá fiskifulltrúa Íslands á Spáni. Nm. er ekki kunnugt um saltverðið á þessum stað og geta því enga ábyrgð á því borið, en ég geri ráð fyrir, að fiskifulltrúinn hafi skýrt rétt frá, en það má vera, að saltverðið sé annað nú. En það eina, sem nm. hafa um þetta sagt, hefi ég sagt hér í þingræðu, og það var ekki til þess að fullyrða, að þetta væri rétt hermt, heldur sagði ég það, að mér þætti ekki undarlegt, þó að saltverðið væri hærra á svo afskekktum stað, þar sem þarf að kosta flutning með sérstökum bátum eða bifreiðum, heldur en á aðalhöfnum, sem hafa góðar samgöngur. Ég vil ekki, að það standi fyrir minn reikning eða nm. nein fullyrðing um það, hvað saltverðið hefir verið, en það er álit mþn., að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til þess, að menn á svo afskekktum stöðum geti haft einhver samtök um kaup á útgerðarvörum, þannig að þær komi á ódýrari hátt heim til þeirra en nú er, meðan hver einstakur verður að sjá fyrir flutningi sinnar útgerðarvöru út af fyrir sig.

**Thor Thors:** Það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Ísaf. Hv. þm. vildi ekki viðurkenna, að örlög þeirra mála, sem Sjálfstfl. bæri fram hér á þingi, væru yfirleitt fyrirfram ákveðin. En þingtíðindin og þingskjölin sanna það.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að frv. um fiskimatsstjóra, sem sjálfstæðismenn báru fram, hefði náð fram að ganga. Það mál fékk að lifa þrátt fyrir það, að Sjálfstfl. bar það fram, og var það m. a. af því, að fiskifulltrúinn á Spáni upplýsti það fyrir flokksmönnum sínum, að ekki mætti blanda saman fiskimatsstjóra heima á Íslandi og fiskifulltrúa á Spáni.

Hv. þm. sagðist vera því hlynntur, að ríki og bæjarfélög yrðu til þess að endurreisa útgerðina. Það hafa nú verið gerðar tilraunir með það, bæði á Ísafirði og í Hafnarfirði. Ég ætla á engan hátt að ásaka þessa útgerð, en ég vil aðeins benda á, að hún hefir á engan hátt breytt um til batnaðar frá því, sem er í rekstri einstaklinga, heldur fetar hún alveg í fótspor einstaklingsrekstrarins, sama kaupgjald er borgað, fiskurinn er verkaður og seldur á sama hátt og hjá einstaklingum, og yfirleitt er allt eins hjá þessum fyrirtækjum og hjá einstaklingum.

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að það væri ekki að marka, þó að Alþfl.menn hefðu ekki beitt sér fyrir að kaupa togara fyrir Reykjavíkurbæ, af því að þeir hefðu ekki meiri hluta í bæjarstj. Rvíkur. Ég vil benda hv. þm. á, að hann sjálfur flutti hér á þingi í fyrra frv., ásamt flokksbræðrum sínum, um sérstaka ríkisábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ til þess að kaupa 10 nýja togara. Þetta frv. er ekki borið fram á þinginu nú í ár. Af

hverju? Það er af því, að ef frv. hefði komið fram frá meiri hl. sjútvn. og stjórnarliðinu, hefði það átt vísan framgang, en þeir kæra sig bara ekkert um, að það nái fram að ganga. Hv. þm. Ísaf. sagði, að það horfði öðruvísi við nú en í fyrra, því að nú væri takmarkaður innflutningur á fiski til Spánar. En það var öllum ljóst, sem eitthvað fengust við afurðasölu, að þetta var yfirvofandi í fyrra, og ég vil benda á, að í útvarpsumr. fyrir bæjarstjórnarkosningarnar hér í Rvík í fyrra, þar sem þetta mál var mikið rætt, varð það mitt hlutskipti að benda á, hvert sverð vofði yfir höfðum okkar, sem sé takmörkun á innflutningi fiskjar til markaðslandanna, vegna þeirrar almennu reglu, sem gildir um gagnkvæm viðskipti. En þá vildu sósialistar telja þetta fleipur eitt eður hrakspár.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði gert sér greiða með því að benda á, að rekstur einstakra skipa væri ódýrari hjá stórum fyrirtækjum en smáum. Ég skal fúslega játa, að ég er hlynntur stórrekstri á vissum sviðum atvinnulífsins og vil, að þar sé ákveðið fyrirkomulag, er tryggi samvinnu verkamanna og vinnuveitenda, en ég vil benda hv. þm. Ísaf. á, að sá mikli munur er á milli okkar skoðana, að hann er hlynntur bæjar- og ríkisrekstri, en ég er hlynntur á einstaka sviðum þeim stórrekstri, sem einstaklingar standa að. Hér greinir svo mikið á milli, að enginn tími er til að rökræða um það hér, enda er þessi skoðanamunur öllum kunnur. Af þeim ástæðum er hann sósialisti, en ég er sjálfstæðismaður.

Hv. þm. var að gera samanburð á rekstri togara erlendis og hér. Ég vil benda hv. þm. á þann mikla mun, sem er á þessum rekstri hjá nágrannaþjóðum okkar og hér. Hjá nágrannaþjóðum okkar er því oftast þannig fyrir komið, að togararnir selja aflann strax og þeir eru komnir í höfn, en hér er aflinn verkaður af útgerðarmönnum sjálfum, og sér því hv. þm., hvað miklu meiri áhætta er hjá útgerðarmönnum hér á landi heldur en hjá útgerðarmönnum í nágrannalöndum okkar.

Þá var hv. þm. að segja, að það væri þæpin röksemdafærsla að halda því fram, að ef rekstur einhvers fyrirtækis væri of dýr, lenti það á hluthöfum þess. Ég vil benda á, að töpin lenda fyrst og fremst á þeim mönnum, sem hafa lagt alla sína fjármuni í þann atvinnurekstur.

Um þau töp, sem lenda á ríkinu, ef atvinnureksturinn gengur illa, skal ég ekki fjölyrða, ég er því svo ókunnugur, en ég efast ekki um, að hv. þm. Ísaf. geti um það talað, af því að hann hefir reynslu í þeim efnum og er þessu miklu kunnugri heldur en ég.

**Ólafur Thors:** Ég vil leyfa mér að bera fram brtt. við rökst. dagskrána frá meiri hl. sjútvn. Hún hljóðar þannig:

„Upphaf dagskrártill. orðist þannig: „Þar eð umsagnir frá bankastjórum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h. f um, að eigi þurfi“ o. s. frv.“

Min till. gengur út á, að úr rökst. dagskránni falli þessi orð: „Þar eð vandræði sjávarútvegsins yrðu ekki leyst nema að mjög litlu leyti með afgreiðslu frv. þessa og —“.

Rökst. dagskráin yrði þá svo hljóðandi, ef min brtt. verður samþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð fyrir liggja umsagnir frá bankastjórum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h. f um, að eigi þurfi að óttast stöðvun á útgerð landsmanna eða eigendaskipti umfram venju, vegna skulda, fyrir næstu vertíð, og ennfremur að skuldaskil kæmu eigi heldur til framkvæmda fyrir vertíðina, þó frv. næði fram að ganga, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing framhaldandi tillögur um viðreisn sjávarútvegsins, þar á meðal tillögur um aðstoð ríkisins til skuldaskila vélbátaútvegsins, er fram fari á næsta ári, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Með þessu vil ég forða hæstv. Alþingi frá að kveða upp þann dóm, að vandræði sjávarútvegsins verði ekki nema að mjög litlu leyti leyst með þessu frv. Ég held, að ekki sé rétt að gefa neinar yfirlýsingar um, að skuldaskilin létti ekki vandræðunum af sjávarútveginum. Ég held einmitt, að þau muni þvert á móti miða mikið til bóta, og þá skoðun mína rökstuddi ég áðan með því að sýna fram á, að einmitt skuldaskilin væru skilyrði fyrir því, að verðið á notaþörfum útvegsins lækkaði.

Ef þessi brtt. min verður samþ., skal ég fyrir mitt leyti samþ. rökst. dagskrána úr því sem komið er.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifleg brtt. við rökst. dagskrána á þskj. 739, og hefir hv. flm. brtt. lesið hana upp, svo að ég tel ekki þörf á að endurtaka hana, en til þess að hún megi koma til atkv., þarf tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég býst við, að atkvgr. um málið verði frestað, og þá gefst tækifæri til að athuga brtt. þangað til atkvgr. fer fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég vil lýsa því yfir f. h. meiri hl. sjútvn., að hann fellst á brtt. frá hv. form. Sjálfstfl., þar sem hann hefir lýst því yfir f. h. flokksmanna sinna, að þeir muni þá greiða dagskrártill. atkv.

ATKVGR.

Brtt. við till. til rökst. dagskrár í nál. frá meiri hl. sjútvn. samþ. með 25:1 atkv.

Dagskrártill., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.

## 5. Opinber ákærandi.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um opinberan ákæranda** (þmfrv., A. 53).

Á 8. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Gunnar Thoroddsen)**: Það frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér þá breyt. á réttarfarslöggjöfinni, að taka ákæruvaldið úr höndum dómsmálaráðuneytisins og fá það opinberum ákæranda.

Ákæruvaldið er réttur ríkisvaldsins til þess að kæra mann til refsingar fyrir ólöglegar athafnir hans. Að vísu hefir hver einstakur borgari, sem þykist vera órétti beittur, eða hefir komizt að refsiverðu athæfi, rétt til þess að kæra þann, sem brotlegur hefir orðið, og heimta að málið sé rannsakað. En þessi kæruréttur einstaklinganna er ekki það ákæruvald, sem hér er átt við. Ákæruvaldið táknar það, hvaða yfirvald í landinu hafi heimild til þess að ákveða, hvort opinber rannsókn skuli fara fram og hvort málshöfðun skuli eiga sér stað.

Þetta ákæruvald er einkum í höndum þriggja aðilja: Alþingis, sýslumanna og dómsmálaráðherra. Alþingi eitt hefir vald til að ákæra ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra og stefna þeim fyrir landsdóm. Um ákæruvald sýslumanna er það að segja, að þegar um smávægileg brot er að ræða, eða augljóst, hver hinn seki er, geta þeir upp á sitt eindæmi höfðað mál. En það er ákæruvald dómsmálaráðuneytisins, sem mestu máli skiptir, því að í flestöllum opinberum málum, sem fyrir koma, er það þetta ráðuneyti, sem tekur ákvörðun um, hvort rannsókn skuli fara fram og mál höfða.

Það hefir geysimikla þýðingu, í hverra höndum ákæruvaldið er og hvernig með það er farið. Það er hin mesta nauðsyn, að það sé í höndum góðra og réttsýnna manna og að því sé beitt með fullu réttlæti. Í meðferð þess er tvennt að gæta. Annarsvegar, að því sé beitt gegn öllum þeim, sem glæpi hafa drýgt, og hinsvegar, að því sé ekki beitt gegn saklausum mönnum. Það getur haft geigvænleg áhrif, ef maður er ákærður fyrir afbrot, sem hann er alsaklaus af, jafnvel þótt hann verði sýknaður að lokum. Ákæran ein, með öllum þeim réttarhöldum, vitnaleiðslum, varðhaldi, yfirheyrslum og umtali manna í milli, sem sakamálarannsókn eru samfara, getur gert honum slíkt tjón, bæði andlega og efnalega, að hann bíði þess seint bætur. En jafnnauðsynlegt og það er, að enginn maður sé að þarflausu eltur með sakamálarannsókn og málshöfðun, þá er hitt ekki síður hin ríkasta nauðsyn, að refsivöndur laganna sé aldrei látinn hvíla, þegar lögbrot er framið. Vanræksla á því að draga seka menn til ábyrgðar fyrir verk sín hlýtur að veikja stórlega réttaröryggið í landinu og brjóta niður virðingu manna fyrir lögum og rétti.

Það ætti nú að vera ljóst hverjum manni, að það fyrirkomulag er stórgallað, að ákæruvaldið, þetta víðtæka vald yfir æru manna og mannorði, hvíli í höndum pólitískra ráðherra. Ráðherrar eru valdir af þeim stjórnmálaflokki eða stjórnmálaflokkum, sem eiga meiri hluta á Alþingi, og þeir standa sjálfir í eldi stjórnmálabaráttunnar. Þegar jafnviðkvæmt mál og ákæruvaldið blandast inn í heiftúðugar stjórnmáladeilur, þá er mikil hætta á misbeitingu þess. Þá getur vel svo farið, að gengið sé á svig við það, sem rétt er og löglegt, og ákæruvaldið notað til ofsóknar gegn pólitískum andstæðingum, eða til þess að hilma yfir með samherjum. Og þessi hætta verður því meiri, sem flokkadeilurnar harðna og baráttan um stjórnmálin verður óvægnari.

Reynslan hefir líka staðfest þetta með dómi sínum svo óvéfengjanlega, að um það verður ekki deilt. Á undanförnum árum hefir ákæruvaldinu hvað eftir annað verið beitt á þá lund, að það er fullkomið hneyksli. Það hafa borið við dæmi þess, að andstæðingar ríkisstjórnar hafa verið eltir og ofsóttir með röngum ákærum og sakamálshöfðunum, í pólitískum tilgangi einum saman. Og dæmi hins eru líka mörg, að þegar samherjar ráðherra hafa gerzt sekir um lögbrot, hefir verið dregin fjöður yfir og refsivendi laganna leyft að hvílast.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er tilraun til þess að bæta úr göllum þessa ástands. Meginefni þess er í fáum orðum á þá leið, að ákæruvaldið verði tekið úr höndum dómsmálaráðuneytisins og falið sérstökum embættismanni, opinberum ákæranda, sem ætlazt er til, að standi utan við stjórnmálabaráttuna, eftir því sem unnt er. Þessi maður verður að vera löglærður, en auk þess er ætlazt til, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að vera málflutningsmaður fyrir hæstarétti. Sú krafa stafar m. a. af því, að hinn opinberi ákærandi á að sækja opinber mál í hæstarétti. Þetta felur í sér það, að hann þarf að hafa starfað í 3 ár við tiltekin lögfræðistörf, svo að hann hafi öðlazt þá reynslu, sem nauðsynleg er talin. Auk þess þurfa hæstaréttarmálfærslumenn að hafa staðizt prófraun, sem er í því fólgin, að þeir sýni hæfni sína til starfsins með flutningi fjögurra mála í hæstarétti. En nú kynni einhver að sækja um starfið, sem ekki væri hæstaréttarmálflutningsmaður, og hefði því ekki gengið undir þessa prófraun. Til þess að veitingin þurfi ekki að dragast um of, meðan verið er að reyna slíka umsækjendur, er því svo ákveðið í frv., að nægilegt sé, að þeir flytji 2 opinber mál, í stað þeirra 4 mála, sem annars er krafizt.

Ég tel nauðsyn á að hafa ströng skilyrði fyrir því að geta fengið þetta starf, til þess að tryggt sé, að ekki veljist í það nema færustu menn.

Um veitingu embætta gildir yfirleitt sú regla, að konungur, eða ráðherra réttara sagt, veitir þau og velur í þau menn að eigin vild. En þessi aðferð getur ekki átt við hér. Ein aðalástæðan fyrir stofnun þessa starfs er sú, að ákæruvaldinu er ekki vel borgið í höndum ráðherra. Þess vegna verður einnig að koma í veg fyrir, að sá ráðherra, sem kynni að veita þetta embætti, gæti valið í það eftir eigin geðþótta, flokksbróður og fylgismann, því að þá gæti svo farið, að þessi l. næðu ekki tilgangi sínum. Ráðherrann gæti eftir sem áður haft öll ráð yfir ákæruvaldinu, þegar hann hefði skipað einhvern þægan þjón sinn til þessa starfs.

Það er því óhjákvæmilegt, ef þessi löggjöf á að verða að einhverjum notum, að leggja hömlur á veitingarvald ráðherra. Það má gera með þeim hætti að láta einhverja stofnun, t. d. lagadeild háskólans eða æðsta dóm þjóðarinnar, gera till. um manninn, og kveða svo á, að stj. sé bundin við þær till. Það hefir nú orðið ofan á í þessu

frv. að binda veitinguna við till. hæstaréttar. Virðist það vera eðlileg leið, m. a. af þeirri ástæðu, að starf hins opinbera ákæranda verður að talsverðu leyti bundið við þann dómstól.

Verkefni hins opinbera ákæranda verður fyrst og fremst það, að taka ákvörðun um, hvenær opinber rannsókn skuli fara fram og hvenær mál skuli höfðað. Í öðru lagi á hann að ákveða, hvort dómi skuli áfrýjað, sem gengið hefir fyrir undirrétti í opinberu máli. Í þessu hvorutveggja tekur hann við þeim störfum, sem hingað til hafa *heyrt undir dómsmálaráðuneytið. Og hann á í* þessu starfi sínu að hafa það hvorttveggja fyrir augum, að sekir menn séu látnir sæta ábyrgð og að málssókn gegn saklausum mönnum eigi sér ekki stað.

Ennfremur á það að vera embættisskylda hins opinbera ákæranda að sækja fyrir hæstarétti öll opinber mál, sem þangað er skotið. Nú er tilhögunin sú, að hæstaréttarmálflutningsmennirnir eru til skiptis skipaðir til að vera sækjendur opinberra mála þar og fá þóknun fyrir hvert mál. Í öðrum löndum, þar sem opinberir ákærendur eru, annast þeir sókn þessara mála fyrir dómstólunum, og hér á landi yrði starf hins opinbera ákæranda tæplega nægilegt, ef þetta væri ekki einnig falið honum. Hinsvegar er það álit kunnugustu manna, að með því verksviði, sem honum er markað í þessu frv., sé honum fengið fullt starf í hendur.

Eftir að ég hefi nú rakið efni frv. í megindráttum, skal ég víkja nokkrum orðum að kostnaðarhlið málsins. Þær raddir munu heyrast, að ekki sé tiltækilegt að leggja út í kostnað við stofnun nýs embættis. En ég vil vekja athygli á því, að á móti þeim kostnaði, sem þetta frv. hefir í för með sér, kemur beinn sparnaður, sem líklegt er, að nemi svipaðri upphæð og útgjöldin.

Til þess er ætlazt, að hinn opinberi ákærandi hafi sömu laun og hæstaréttardómendur, m. a. vegna þess, að honum er bannað að hafa á hendi önnur launuð störf. Laun hæstaréttardómara eru á þessu ári 8690 kr. að meðtalinni dýrtíðaruppbót, en í fjárlfrv. ríkisstj. fyrir næsta ár eru þau áætluð 8000 kr. Auk launa ákærandans verður einhver skrifstofukostnaður. Hinsvegar leiðir af þessu tvennskonar sparnað. Sú þóknun, sem hæstaréttarmálflutningsmenn hafa hingað til fengið fyrir sókn opinberra mála, á nú að renna *í ríkissjóð samkvæmt* þessu frv., vegna þess að þetta verkefni verður embættisskylda hins opinbera ákæranda, sem hann fær enga aukaþóknun fyrir. Þessi upphæð nam 1933 4400 kr., og fer hún síhækkandi ár frá ári. Á þessu ætti ríkissjóður því á næstu árum að græða árlega um 5000 kr. að minnsta kosti. Í öðru lagi kemur sparnaður í dómsmálaráðuneytinu. Nú gengur mikill tími hjá starfsmönnum þar til þessara mála, og þegar þau verða tekin þaðan burtu, hljóta að sparast þar talsverðir starfskraftar. Því miður er erfitt að áætla þessa upphæð, en vissa er fyrir því, að hún mun nema þó nokkru.

Kostnaðarhliðin ætti því ekki að fæla nokkurn mann frá því að fylgja þessu þarflega máli.

Fyrir þessu þingi liggja mörg frv. um fjármál, skattamál og atvinnulíf þjóðarinnar. Vitaskuld er þess að vænta, að í þessum þýðingarmiklu efnahagsmálum takist að finna hinar heilladrýgstu úrlausnir. En það eru til fleiri mál en efnahagsmálin ein. Það eru til önnur verðmæti, eins og æra og mannorð, sem eru dýrmætari en svo, að í tölum verði talin, og óbætanleg í augum heiðvirðra manna. Þetta frv. liggur sérstaklega á því sviði. Það á að verða vörn gegn röngum ákærum, um leið og það á að tryggja, að haldið sé uppi lögum gegn hverjum, sem í hlut á. Í þeirri von, að þetta frv. mitt megi verða eitt sporið í þá átt að tryggja réttlæti í meðferð þessara mála, hefi ég borið það fram. Og í trausti þess, að það mæti velvild og skilningi hjá hv. þm., leyfi ég mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að lengja umr. um frv. Ég vil aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að stefnt sé í rétta átt með þessu frv., a. m. k. að vissu leyti. Enginn vafi er á því, að það væri framför frá því, sem verið hefir, ef svo væri *málum skipað, að ákæruvaldið væri í höndum* manns, er ekki kæmi nálægt stjórnmálum, ef hægt er annars að fá slíkan mann.

Í grg. er þess getið, að þær mótbárur kunni að koma fram, að rétt sé að fresta þessu máli, þar til hin nýja réttarfarslöggjöf komist á í heild, sem nú stendur fyrir dyrum. Í því sambandi vil ég geta þess, að fyrir liggja drög að frv. um þessi efni frá fyrrv. dómsmrh., en það frv. nær aðeins til meðferðar einkamála. Hefi ég því hugsað mér að fara fram á það við Alþingi, að það *heimili mér að skipa 3 manna n.*, er taki réttarfarsmálin til rannsóknar, bæði að því, er snertir opinber mál og einkamál, ásamt fleiru, er réttarfarinu viðvíkur.

Ég tel það varhugavert að taka eitt mál út úr heildinni á þennan hátt, sem hér er farið fram á. Mín afstaða markast af því, að ég álít, að þessi mál beri að taka til meðferðar í heild. Hitt er rétt, að réttarfarslöggjöf okkar er svo gömul og úrelt, bæði um meðferð einkamála og opinberra, að ekki má dragast, að úr verði bætt. Og sumt viðvíkjandi réttarfarslöggjöfinni er þó enn meira aðkallandi en jafnvel þetta. Má þar t. d. benda á meðferð einkamála úti um land. Slíkur málarekstur er nú svo dýr, að oft borgar sig ekki fyrir mann, sem á 3—400 kr. útistandandi, að láta innheimta það fé, því að málskostnaður getur vel orðið hærri en þessi upphæð.

Að því er opinber mál snertir, vil ég benda á það, að við búum nú við dómaskipun, sem hvergi er til lengur í Evrópu, þó að eitthvað skylt megi finna í svo sem 3 löndum. Við höldum hér í úrelt fyrirkomulag, sem ekki er lengur við unandi. Býst ég því við, að mín afstaða markist af því, að málið þurfi að taka til almennrar rannsóknar.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Fyrir síðustu kosningar lagði Alþfl. fram stefnuskrá sína fyrir næstu 4 ár. Þessi stefnuskrá, 4-ára áætlunin, tekur fram þau mál, er flokkurinn telur nauðsynlegt, að leyst verði á þessu kjörtímabili. Eitt þessara mála var skipun opinbers ákæranda. Að þessu leyti gæti Alþfl. fagnað frv. því, sem hér

liggur fyrir, þar sem það fjallar um mál, sem hann hefir fyrstur tekið á stefnuskrá sína. En síðan hefir Alþfl. gengið til stjórnarmyndunar með Framsfl., og var þá gerður samningur um nokkur mál, er stj. skyldi koma fram, en þar á meðal var breyting á réttarfarslöggjöfinni, bæði í einkamálum og opinberum málum.

Hér ræðir nú um eina breyt. á þessari löggjöf, sem æskilegt er, að komist sem fyrst til framkvæmda og er í sjálfu sér nokkurs virði. En ég tel það vafa bundið, hvort ástæða er til að taka þetta eina atriði út úr, því að ef þessi stj. situr áfram, mun hún að sjálfsögðu láta fram fara endurskoðun á réttarfarslöggjöfinni. Myndi þá ákvæðið um opinberan ákæranda koma þar til greina.

Ég álít sjálfsagt að vísa frv. til 2. umr. og allshn., þó að ég finni ekki ástæðu til að taka þetta atriði út úr heildinni og afgreiða það á þessu þingi. Held ég því, að ekki sé tímabært að ræða frv. í einstökum atriðum, enda þótt ég vildi hafa sum atriðin öðruvísi. T. d. þykir mér ástæðulaust að setja sérreglur um veitingu þessa embættis fremur en annara.

**Flm. (Gunnar Thoroddsen):** Um það munu allir sammála, að gagngerðrar endurskoðunar þurfi við á meðferð einkamála og opinberra mála. Mér þykir vænt um, að hæstv. forsrh. sagðist mundu leggja til, að sér yrði falið að skipa 3 manna n. til undirbúnings málinu. Mér var og kunnugt um, að fyrrv. dómsmrh. hafði lagt drög að rannsókn og undirbúningi málsins. Hitt er mér óskiljanlegt, hvers vegna hæstv. dómsmrh. og hv. 1. landsk. vilja fresta afgreiðslu þessa frv., þó að í vændum sé endurskoðun á réttarfarslöggjöfinni í heild. Í nágrannalöndum vorum hefir slík endurskoðun tekið mörg ár, og hver nefndin tekið við af annari til undirbúnings. Eftir að málið hefir verið lagt fyrir þingin, hefir það tekið nokkur ár að koma því til framkvæmda. Held ég, að eins hljóti að fara hér, að nokkur ár muni líða áður en málið er að fullu leyst, ef vel á að vera frá öllu gengið.

Ég hafði ástæðu til að ætla, að allir flokkar gætu orðið sammála um skipun opinbers ákæranda. Hæstv. forsrh. tók t. d. málið til meðferðar á síðasta flokksþingi framsóknarmanna og taldi þetta þá nauðsynlegt. Í 4-ára áætlun Alþfl. er því líka lýst yfir sem einu stefnuskráratriðinu. Þó er það ekki rétt, sem hv. 1. landsk. sagði, að Alþfl. hafi fyrstur tekið upp þetta mál. Því var 1931 lýst sem einu stefnuskráratriði ungra sjálfstæðismanna, en ekki tekið upp af Alþfl. fyrr en í vor. Ég vil hér nota tækifærið til að leiðrétta þessa villu.

Hæstv. forsrh. sagði, að önnur atriði réttarfarslöggjafarinnar væru meira aðkallandi en þetta, en það getur ekki verið frambærileg ástæða fyrir því, að frestað sé þessu nauðsynjamáli, sem allir virðast sammála um. Ég veit ekki, hvort skilja ber ummæli þessara tveggja hv. þm. þannig, að málinu skuli fresta, af því að þeirra flokkar hafa nú dómsmálin í sínum höndum, þar sem þeim var þetta svo mikið áhugamál áður, á meðan andstæðingar þeirra höfðu þau til meðferðar. Mér þykir einkennilegt, ef fara á að svæfa málið á þessu þingi, meira að segja án þess að fram komi aths. við frv. Hinsvegar get ég lýst yfir því, að ef fram koma till., sem horfa til bóta á frv., þá mun ég þegar fallast á þær.

**Garðar Þorsteinsson** óyfirl.: Mér komu undarlega fyrir sjónir ummæli hæstv. forsrh., þar sem hann segist munu leggja til, að sér verði heimilað að skipa 3 manna n. til athugunar þessum málum. Þetta á að vera milliþn., sem taki réttarfarsmálin yfirleitt til meðferðar. Þetta þykir mér næsta undarlegt, því að ég veit ekki betur en að fyrrv. stjórnir hafi komið þessu máli þó nokkuð áleiðis. Í fjárl. hafa verið áætlaðar upphæðir til málanna, og úr ríkissjóði hefir verið greitt fé þeirra. Er nokkuð síðan skipaðir voru menn til að undirbúa breytingar á hegningarl. og jafnframt á meðferð sakamála. Veit ég, að tveir menn hafa mikið starfað að þessu, og einn maður hefir haft föst laun a. m. k. í 2 ár, að ég held til þess að semja breytingar og koma með frv. um endurbætur á hegningarl. Veit ég ekki, hvað þessum málum er langt komið, og þætti mér því vænt um, ef hæstv. dómsmrh. vildi skýra frá því, hvað þeim líður.

Á undanförnum þingum hefir verið veitt fé til að semja ný l. um meðferð einkamála. Hefir einn dómaranna í hæstarétti, Einar Arnórsson, verið erlendis til að semja frv. þess efnis, og hefir hann nú sent það stj. Hefði að sjálfsögðu átt að leggja þetta frv. fram á Alþingi. En í stað þess að leggja fram þetta frv. og ýta undir þá menn, sem þegið hafa fé til þess að starfa að endurbótum á refsilöggjöfinni, lýsir hæstv. dómsmrh. yfir því, að hann ætli að fara fram á heimild til að mega skipa 3 manna n. til að vinna þetta. Ef slíkrar n. þyrfti við, þá held ég, að Alþingi sé skipað svo mörgum mönnum, að það gæti sjálft kosið slíka nefnd.

Ég skil ekki, hverskonar skollaleik hér er verið að leika, hvers vegna stj. vill ekki byggja á þeim grundvelli, sem fyrir er, heldur fá nýja menn til að vinna þetta. Þegar svo þessi stj. fer frá, skipar væntanlega næsta stj. aðra menn til að athuga það sama og þessir 3 menn hafa gert.

Þá er það ekkert aðalatriði að tvinna málin saman, eins og hæstv. dómsmrh. vill. Einkamál og opinber mál eru svo fjarskyld, að hvorn flokkinn má taka til meðferðar í sínu frv.

Og þó að allt væri rétt, sem hæstv. dómsmrh. og hv. 1. landsk. sögðu, þá má benda á það, að þetta frv. snertir sérstaklega löggjöf, sem til er, sem sé löggjöfina um hæstarétt. Held ég, að sú löggjöf sé ekki svo mjög á eftir tímanum, að ekki sé hægt að samþ. þetta frv. Starf hins opinbera ákæranda verður við hæstarétt, og hljóta því ákvæðin um hann að tvinnast inn í þá löggjöf, eða að vera sérstök lög.

Ég vil vænta þess, að hæstv. dómsmrh. leggi fyrir þingið áðurnefnt frv., og gefi auk þess skýrslu um það, hvers vænta megi af starfi þeirra manna, sem undanfarið hafa unnið að endurbótum refsilöggjafarinnar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Hv. 11. landsk. lét þau orð falla viðvíkjandi frv. þessu, að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar væri svo

mikið verk, að það væri ekki líklegt, að henni yrði lokið á fáum árum. En það kvað við annan tón hjá hv. 8. landsk. Hann áleit, að hægt væri að framkvæma hana á stuttum tíma. Hvorugur þessara hv. þm. hefir rétt fyrir sér. Það, sem rétt er í þessu máli, er að fara milliveginn.

Ég skal geta þess í sambandi við þetta frv., að þegar einkamálalöggjöfin verður tekin til meðferðar, þá er það ekki rétt hjá hv. 8. landsk., að hana megi taka sérstaklega. Það verður ekki hægt að komast hjá því að rannsaka um leið dómaskipunina. Það er tvímælalaust rangt, að hægt sé að taka meðferð einkamála út úr, án þess að allt sé athugað í heild.

Eins og ég hefi getið um áður, þá er þetta mál ekki meir aðkallandi en ýmislegt annað.

Það er ekki rétt hjá hv. 11. landsk., að það muni taka mörg ár að rannsaka réttarfarslöggjöfina. Því er þannig háttað, að nágrannaþjóðirnar hafa byggt upp réttarfarslöggjöf sína á undanförnum árum. Við getum notfært okkur reynslu þeirra.

Það hefir verið unnið að því að rannsaka meðferð einkamála, og mun því verða lokið seinni hluta vetrar. En ég álít það rangt, að einn maður gangi frá því máli, án þess að aðrir komi þar nálægt. Ég álít t. d. ekki rétt að ganga framhjá Félagi málflutningsmanna.

Það, sem hv. 8. landsk. sagði, að hægt væri að leggja málið nú fyrir Alþ., er rangt. Það er ekki hægt að taka það þannig út úr.

Hv. 8. landsk. spurðist fyrir um það, hvað hefði verið gert í refsilöggjöfinni. Hún hefir nú verið til athugunar tvö undanfarin ár. En þeim undirbúningi er ekki lokið enn. Strax og ég tók við starfi mínu sem dómsmrh., bauð ég að hraða undirbúningi málsins. Ég get sagt það, að það hefir verið unnið kappsamlega að undirbúningi refsilöggjafarinnar. Það er því von til þess, að hægt verði að leggja fyrir næsta þing frv. til l. um breyt. á refsilöggjöfinni.

Eins og ég gat um í upphafi, þá þarf málið ekki eins langan undirbúning og hv. 11. landsk. álítur, en þó frekari rannsókn en hv. 8. landsk. vill vera láta.

Það, sem rétt er í þessu máli, er það, að skipa 3 manna nefnd til að undirbúa málið. Þá fæst í einni heild samræmi í meðferð opinberra mála og einkamála, og þá mætti um leið taka dómaskipunina til athugunar. Þá mætti taka til fyrirmyndar ýms atriði úr löggjöfinni í norðurhluta Svíþjóðar, og öðrum löndum, þar sem strjálbýli er. En ef nú væri gengið frá einkamálalöggjöfinni, þarf e. t. v. að breyta henni fljótt aftur.

Enn er eitt atriði, sem þarf að athuga, og það er, hvort hinn opinberi ákærandi á aðeins að flytja mál fyrir hæstarétti, eða fylgjast líka með málunum frá upphafi fyrir undirrétti. Þetta þarf að taka til athugunar, en það er ekki hægt nema málið sé allt tekið um leið. En það eru nægileg rök fyrir því að fresta málinu, að það er ekki meir aðkallandi en annað. Þetta á að koma til athugunar, þegar þessi mál eru afgr. í heild.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. fallist á að skipa 3 manna n. til að athuga málið. Það hefir þegar verið varið fé til að rannsaka þessi mál. Erlendis hefir verið varið stórfé til þess. Hjá Dönum hafa t. d. 4 nefndir haft málið til rannsóknar. Ég býst við, að Alþ. fallist á það, að skipa 3 manna n. til að athuga þessi mál. Það hefði lítinn kostnað í för með sér í samanburði við það, sem aðrar þjóðir hafa varið til þessa.

**Garðar Þorsteinsson** óyfirl.: Ég þykist vita, að hæstv. dómsmrh. sé það ljóst, að þó að þessi mál komi undir hið sameiginlega nafn réttarfarslöggjöf, þá eru þessi mál svo aðgreind og aðgreinileg, að auðvelt er að semja bálka um einstaka hluti án þess að taka þau öll til meðferðar. Það má semja bæði frv. um meðferð einkamála og sakamála án þess að breytingar séu um leið gerðar á hegningarlöggjöfinni.

Ég veit, að hæstv. dómsmrh. er það ljóst, að sá maður, sem hann á við, hefir unnið að breytingu á hegningarlöggjöfinni, en lítið að sjálfu réttarfarinu í sakamálum. Sá undirbúningur hefir aðeins verið gerður vegna breytinga á hegningarlöggjöfinni. Það er ekkert því til fyrirstöðu að koma með frv. um meðferð einkamála og sakamála án þess að koma með breytingu á hegningarlöggjöfinni. Ef hæstv. dómsmrh. vill endilega tvinna þetta allt saman, þá verður það ekki lagfært á næstunni. Það þarf auðvitað lengstan tíma til þess að undirbúa refsilöggjöfina.

Þó að í frv. sé gert ráð fyrir, að starf hins opinbera ákæranda sé eingöngu gagnvart hæstarétti, þá get ég ekki séð, að það útiloki það, að löggjöfin geti gert einhverjar breytingar á þessum l. þannig, að starf hins opinbera ákæranda verði gert víðtækara.

Það má vel vera, að þessi frv. eigi að ganga til annara til umsagnar, t. d. Félags málfærslumanna. En ég sé þó ekkert því til fyrirstöðu, að stj. beri fram frv. um meðferð einkamála, sem er undirbúið af hinum langhæfasta manni til að semja svona frv. Ég geri ráð fyrir, að þó að málið væri látið ganga til Fél. málfl.manna til athugunar, þá yrði það ekki lengur að athuga það en n. í þinginu. Það er ekki ástæða til að senda öllum hlutaðeigendum frv. áður en það kemur til Alþ.

Ég veit, að hæstv. dómsmrh. viðurkennir, að þó að sá maður, sem nú vinnur að hegningarlöggjöfinni, vinni með atorku og dugnaði til næsta þings, þá verður sú löggjöf ekki fyllilega undirbúin. Það er ekki rétt að halda því fram, að breytingar á hegningarlöggjöfinni og breytingar á meðferð einkamála og sakamála þurfi endilega að fara saman. Ég veit, að þó að margir óski þess, að hæstv. núv. dómsmrh. verði sem lengst í ráðherrastóli, þá muni honum kannske auðnast að fá samþ. l. um breytingar á löggjöfinni um meðferð einkamála og sakamála, en l. um breytingar á hegningarlöggjöfinni er stærra mál en svo, að honum muni auðnast að fá það samþ. svo viðunandi sé. Ég veit, að ef hæstv. dómsmrh. vill láta mig njóta sannmælis, þá verður hann að viðurkenna, að ég fari hér með rétt mál, en hann rangt.

**Flm. (Gunnar Thoroddsen)**: Aðalástæðan gegn því, að fresta þessu máli, er sú, að endurskoðun réttarfarsmálanna tekur svo langan tíma. Ég

hefi getið þess, að reynsla annara þjóða bendir í þá átt. Hæstv. dómsmrh. viðurkennir, að frv. Einars Arnórssonar þurfi að leggja fyrir ýmsa menn til athugunar, áður en það verður lagt fyrir þingið. Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á það, að sú n., sem hefir unnið að undirbúningi hegningarlöggjafarinnar, hefir nú starfað í 4 ár, og enn ekki skilað áliti sínu. Þó að núv. stj. þykist stórvirk, þá mun hún samt ekki geta framkvæmt endurskoðun þessara mála á skömmum tíma.

Ein ástæða hæstv. dómsmrh. fyrir því að draga málið á langinn er sú, að ekki megi taka það út úr réttarfarslöggjöfinni í heild. Í því sambandi má benda á, að í vændum mun vera ný löggjöf um fátækramálin. Samt sem áður flytur hæstv. ríkisstj. á þessu þingi frv. um afnám fátækraflutnings og tekur þannig þetta eina atriði út úr heildarlöggjöfinni. Stj. sjálf fylgir því ekki þessu lögmáli, sem hæstv. forsrh. vill láta gilda hér.

**Forsrh. (Hermann Jónasson)** óyfirl.: Ég ætla ekki að tefja umr. lengi. Ég vildi leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. 8. landsk., að ég hafi sett það í samband hvað við annað, að réttarfarslöggjöfinni og hegningarlöggjöfinni mætti ekki ljúka hvorri út af fyrir sig. Það sagði ég aldrei. En ég sagði, að frv. um meðferð einkamála og meðferð opinberra mála yrði að taka í einni heild. Hv. 8. landsk. álítur, að það þurfi sérstaklega langan tíma til þess að undirbúa hegningarlöggjöfina, en miklu minni tíma til þess að undirbúa réttarfarslöggjöfina. En þetta er á misskilningi byggt. Það er nær sanni, sem hv. 11. landsk. hélt fram, að það þyrfti langan tíma til þess að undirbúa löggjöfina um meðferð einkamála. Þetta skal ég rökstyðja nánar. Allar nágrannaþjóðirnar hafa þegar varið miklum tíma til þess að rannsaka hegningarlöggjöfina. Það er því gefið mál, að þeir, sem hafa það mál til meðferðar, þurfa ekki annað en fara í gegnum þær rannsóknir. Við stöndum á svipuðu menningarstigi og þessar þjóðir, og er okkur því í lófa lagið að taka upp þessa löggjöf eftir þeim.

Það er rétt hjá hv. 11. landsk., að meðferð opinberra mála og einkamála er mikið vandaverk. En það stangast aftur alveg við álit hv. 8. landsk., að frv. um það mál megi fleygja inn í þingið án undirbúnings. Sannleikurinn er sá, að með góðri vinnu má ljúka málinu á næsta þingi. Þetta frv. getur því vel beðið eftir því.

Það er eitt atriði, sem þarf að athuga m. a., og það er, hvort lögmaðurinn eigi að vera dómari í opinberum málum eða lögreglustjórinn.

Ég vil leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. 11. landsk. að ég hafi sagt, að hinn opinberi ákærandi hjá öðrum þjóðum sækti ekki mál fyrir hæstarétti. Ég sagði, að hann sækti bæði mál fyrir undirrétti og hæstarétti. Hann fylgist með rannsókninni frá upphafi. Frv., sem hér liggur fyrir, kemur að sáralitlu gagni, því það hefir e. t. v. mesta þýðingu að fylgjast með málinu frá upphafi. Í undirrétti er grundvöllurinn lagður, og það hefir því afarmikla þýðingu að fylgjast með rannsókn málsins þar. Þetta er stórvægilegt atriði, sem þarf að athuga vel.

**Garðar Þorsteinsson:** Það er aðeins örstutt aths. Hæstv. dómsmrh. sagði í fyrri ræðu sinni, að það tæki lengri tíma að endurskoða hegningarlöggjöfina heldur en réttarfarslöggjöfina. En í síðari ræðunni sagði hann, að það tæki lengri tíma að endurskoða réttarfarslöggjöfina, vegna þess að hegningarlöggjöfina mætti þýða. Ég vil nú benda hæstv. dómsmrh. á það, að starfað hefir verið að hegningarlöggjöfinni í 4 ár, og er hún þó ekki enn tilbúin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 46., 47., 48., 56., 57., 58. og 59. fundi í Nd., 27., 28. og 29. nóv., 11., 12., 13. og 14. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 18. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 53, n. 156 og 418).

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og nál. á þskj. 156 ber með sér, þá hefir meiri hl. allshn. lagt það til, að þetta mál verði afgr. með rökst. dagskrá, með tilvitnun til þess, að með samningi þeim, sem meiri hl. núv. alþm. hafa gert sín á milli, er gert ráð fyrir því, að fyrir þingið 1935 skuli leggja gagngerða endurskoðun á réttarfarslöggjöfinni, bæði í einkamálum og opinberum málum. Meiri hl. n. treystir því, að stj. muni þegar á næsta þingi, ef unnt er, leggja fram slíka nákvæma endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, og sér því ekki ástæðu til þess að afgreiða þetta frv.

Eftir að lagt var til, að málið yrði afgr. á þessa lund, sem felst í hinni rökstuddu dagskrá, hefir það þar að auki gerzt á þinginu, að það hefir verið afgr. þáltill. í Sþ. um að skipa 3 lögfræðinga í n., er hafi með höndum að starfa að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar, en árangur þeirrar starfsemi á svo að leggja fyrir þingið. Það er einnig upplýst, að talsverð vinna hefir nú þegar verið lögð í þessa endurskoðun, og hæstaréttardómari Einar Arnórsson hefir þegar samið frv. til l. um meðferð einkamála í héraði, sem liggur hjá stj. Og má gera ráð fyrir, að þetta muni allmikið létta undir með þeim mönnum, sem hafa það með höndum að starfa að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar. Og þeim mun meiri líkur eru til þess að n. fái, áður en langt um líður, skilað því starfi, sem henni er ætlað að vinna, og geti komið með till., sem miða til gagngerðra endurbóta á réttarfarslöggjöfinni, jafnt í einka- sem opinberum málum.

Nú er það lagt til með þessu frv., sem hér liggur fyrir, að tekinn sé út úr einn þáttur þess hluta réttarfarslöggjafarinnar, er fjallar um opinber mál, og að það nýmæli verði lögfest, að skipaður verði opinber ákærandi. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, þá er sú hugmynd, sem felst í frv., mjög góð, og það eru líkur til þess, að allir flokkar hér á Alþ. geti verið sammála um það, að eitt af mörgu, sem þarf að endurbæta í réttarfarslöggjöfinni, ekki hvað síst í hinni opinberu réttarfarslöggjöf, það

sé að skipa opinberan ákæranda. Hinsvegar virðist mér, og okkur í meiri hl. allshn., ekki vera nein knýjandi nauðsyn til þess, að þessi eini þáttur sé nú tekinn út úr á þessu þingi og afgreiddur, þar sem til þess er ætlazt, að báðir höfuðþættir réttarfarslöggjafarinnar verði endurskoðaðir og endurbættir nú á næsta ári. Þó að segja mætti, að það væri framkvæmanlegt að taka þennan eina þátt út úr, þá má að sjálfsögðu segja það sama um marga aðra einstaka þætti, bæði hinnar opinberu réttarfarslöggjafar og einkaréttarfarslöggjafarinnar, að það mætti taka þá út úr og afgreiða þá nú á þessu þingi. En það eru engin sérstök vinnuvísindi í því fólgin að taka svona örlítinn þátt út úr því stóra máli, sem hér um ræðir.

Hv. minni hl. allshn., sem hefir lagt það til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. og vitnar í ummæli lagadeildar háskólans, þar sem mælt er með frv., með þeim breyt., sem minni hl. leggur til að á því verði gerðar. Ég skal um leið geta þess, út af þeim breyt., sem minni hl. allshn. vill gera á frv., að ég álít þær alveg nauðsynlegar, ef málið yrði samþ., því að engin ástæða er til þess frá minu sjónarmiði að gera sérstaka undanþágu um skipun þessara embættismanna, frekar en annara. En auk þess, að minni hl. n. leggur það til, að þessu sé breytt, þá leggur hann það til, að frv. verði samþ. nú á þessu þingi, og eins og ég hefi áður sagt, vitnar til ummæla lagadeildar háskólans. Þó að lagadeildin taki það fram, að það þurfi ekki að fresta stofnun þessa embættis vegna þess, að allsherjarendurbætur séu bráðlega væntanlegar, þá er það út af fyrir sig engin röksemd fyrir því, að það sé knýjandi ástæða til þess að taka þennan eina þátt út úr, því að eins og ég hefi áður tekið fram, þá má segja það sama um marga aðra þætti réttarfarslöggjafarinnar, sem ákaflega brýn þörf er á að endurbæta. Og þó að málið sé þannig, sem í frv. felst, að það sé til bóta, þá finnst okkur, sem erum í meiri hl. í allshn., af þeim ástæðum, sem ég hefi lýst, engin sérstök né knýjandi ástæða til þess að taka það eitt út úr og afgr. á þessu þingi. Við leggjum þess vegna til, að þetta mál verði afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem ég minntist á, þar sem gert er ráð fyrir, að á Alþ. 1935 muni fram koma frv. til l. um allsherjarendurbætur á íslenzkri réttarfarslöggjöf.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, hefir mál þetta legið fyrir allshn., og n. hefir klofnað um afgreiðslu þess, eins og raunar flestra mála, sem fyrir henni hafa legið. Meiri hl. n. vill leggja það til, að málinu verði frestað, og ber fram sérstaka rökst. dagskrá um þetta efni, og mun ég koma að því síðar. En minni hl. n., hv. 8. landsk. og ég, er þeirrar skoðunar, að þetta mál sé nytjamál og horfi til umbóta á réttarfarslöggjöf þjóðarinnar, og þess vegna sé rétt, að það nái fram að ganga. Frv. felur það í sér, að ákæruvaldið sé tekið úr höndum framkvæmdavaldsins og falið sérstökum ópólitískum embættismanni. Það er tvímælalaust til bóta, ef sú skipun verður tekin upp, og þar með ætti það að vera tryggt, að ákæruvaldið yrði eingöngu notað til þess að koma fram refsingu gegn þeim, sem brotlegir hafa orðið við landslögin, en að því yrði ekki misbeitt í pólitiskum tilgangi, til ofsókna á pólitíska andstæðinga, eins og því miður stundum hefir komið fram með þjóð vorri.

Meiri hl. allshn. heldur því fram, að þar sem nú sé búið að skipa lögfræðinganefnd, sem á að endurskoða réttarfarslöggjöfina í heild, þá sé rétt, að þetta atriði bíði eftir niðurstöðum n. þeirrar. Ég verð nú að telja, að það sé mjög tvísýnt, hvenær þessari rannsókn verði lokið hjá þessari lögfræðingan., og í öðru lagi hvenær málið verði afgr. af þinginu. Það er vitanlegt, að þetta er ákaflega mikið starf, sem n. á að framkvæma, og hún hefir verið skipuð fyrir fáum dögum og er því ekki farin að taka neitt til starfa ennþá, þar sem 2 nm. eru alþm. og hafa til þessa tíma verið bundnir við þingstörfin. Og ef þingið á að koma saman eftir nokkra mánuði, eins og virðist ráðgert af hendi stjórnarflokkanna, þá tel ég mjög litlar líkur til þess, að n. hafi lokið rannsókn sinni fyrir næsta þing, og enda þótt svo yrði, þá er þetta svo yfirgripsmikið verk og þýðingarmikið, að þess má vænta, að þingið þurfi að athuga og ræða það mál mjög gaumgæfilega. Það bendir því allt til þess, að hinar væntanlegu till. n. nái eigi fram að ganga á næsta þingi.

Eins og hv. frsm. meiri hl. n. tók fram, þá hefir minni hl. n. leitað álits lagadeildar háskólans um þetta frv., og það er einróma álit prófessora lagadeildarinnar, að þetta mál eigi nú að ná fram að ganga, en engin ástæða sé til þess að fresta því. Það segir svo í þessari álitsgerð háskólans, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagadeildin telur, að það muni yfirleitt verða til bóta, og einkum til aukningar réttaröryggis í landinu, ef skipaður verður opinber ákærandi með því starfsviði, sem ákveðið er í frv. Vald hins opinbera ákæranda er að vísu nokkuð meira samkv. frv. en slíkum embættismönnum er fengið sumstaðar annarsstaðar, en eftir því, sem til háttar hér á landi, mundi embættið ekki koma að verulegu gagni, nema því sé fengið slíkt vald, sem í frv. er ákveðið.

Þar sem starf opinbers ákæranda samkv. frv. getur mætavel fallið inn í núgildandi réttarfar og hlýtur að verða mjög svipað, þótt róttækar endurbætur réttarfarsins verði lögleiddar, þá telur lagadeildin enga ástæðu til að fresta stofnun embættisins vegna þess, að slíkar allsherjar endurbætur séu bráðlega væntanlegar. Enda hlýtur alllangur tími að líða þangað til slíkar endurbætur komast í framkvæmd, ef þær eiga að vera svo viðtækar sem nauðsyn er á."

Hér staðhæfir því lagadeild háskólans, þ. e. a. s. allir prófessorar deildarinnar, sem ættu að hafa manna bezta þekkingu og vit á þessu máli, að það sé engin ástæða til þess að fresta framgangi þess. Þetta fellur að þeirra áliti mætavel inn í núgildandi réttarfarslöggjöf, og það mundi, þó að gagngerðar endurbætur yrðu framkvæmdar, einnig, að öllum líkindum, geta fallið inn í þar.

Ég verð því að leggja ríka áherzlu á umsögn þessara manna um þetta mál og vænta þess, að

hv. þm. taki fyllsta tillit til þeirra í slíku máli sem þessu.

Minni hl. allshn. hefir gert nokkrar breyt. á frv., og eru þær í samræmi við álit lagadeildarinnar. Veigamesta breyt., sem við viljum láta gera, er sú, að konungur skipi þennan embættismann, eins og aðra slíka embættismenn, en að það ákvæði 1. gr. frv. sé fellt niður, að skipan þessa manns fari fram eftir tillögum hæstaréttar. Minni hl. allshn. getur algerlega fallizt á þá skoðun lagadeildarinnar, að það sé ekki rétt að láta hæstarétt ráða því, hvernig skipað skuli í þetta embætti, og hann telur, að það gæti orðið til þess að veikja aðstöðu hæstaréttar, og auk þess liggur það eiginlega fyrir utan verksvið hæstaréttar að taka ákvörðun um slík mál.

Þetta er nú aðalbreyt., sem við viljum láta gera á frv., en auk þess viljum við sameina öll ákvæðin um það, hvenær opinber ákærandi skuli ófær til þess að ákveða rannsókn, málshöfðun eða áfrýjun opinbers máls, og við viljum miða við þá reglu, að hann verði að víkja frá þessu starfi, þegar hann samkv. hæstaréttarl. yrði ófær til þess að dæma mál í hæstarétti, ef hann væri dómari þar.

Ég þarf ekki að fjölyrða miklu meira um þetta, en vil að lokum aðeins geta þess, að ég álít, að þessari rökst. dagskrá beri að vísa frá, þar sem hún virðist ekki hafa við nein veruleg rök að styðjast í málinu, og ég tel það mjög æskilegt, að Alþ. fari við afgreiðslu þessa máls eftir því, sem lagadeild háskólans hefir lagt til, sérstaklega þegar þess er nú gætt, að það virðist í rauninni ekki vera neinn ágreiningur um, að þetta mál eigi að ganga fram síðar. Ég hygg, að þetta sé eitt af stefnuskráratriðunum í 4 ára áætlun Alþfl., og það vill svo einkennilega til, að það mun vera tekið þangað upp úr stefnuskrá Heimdalls, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík. Þetta ákvæði um opinberan ákæranda er eitt af stefnuskráratriðum Heimdalls, og er þaðan komið inn í stefnuskrá Alþfl. Og þegar svo er ástatt, að allir flokkar eru sammála um efnishlið málsins, tel ég því síður ástæðu til að ganga framhjá þessu rökstudda áliti prófessoranna við lagadeild háskólans.

**Gunnar Thoroddsen:** Þetta frv. fer fram á, að ákæruvaldið sé tekið úr höndum dómsmrh. og fengið opinberum ákæranda, sem standi utan við stjórnmáladeilurnar. Ég þarf ekki að fjölyrða um efni frv., því að gerð hefir verið grein fyrir því áður, enda virðast allir sammála um, að frv. fari í rétta átt og að þetta sé gagnleg og nauðsynleg umbót á löggjöfinni. Hv. frsm. meiri hl. hefir fallizt á þetta, bæði nú og við 1. umr. Ágreiningurinn er aðeins um það, hvort lögleiða beri þetta skipulag nú þegar eða láta það bíða unz farið hefir fram heildarendurskoðun á réttarfarslöggjöfinni. Meiri hl. n. vill, að málinu verði frestað, en minni hl. vill, að frv. verði samþ. nú þegar. Ég þarf ekki að fara mikið út í rökstuðning hv. frsm. meiri hl. fyrir því að láta málið bíða, því að hv. frsm. minni hl. hefir þegar gert það rækilega og stutt skoðun sína m. a. við álit prófessoranna við lagadeild háskólans. Ég skal aðeins taka það fram, að ég sé ekki minnstu ástæðu til að ætla, að heildarendurskoðun réttarfarslöggjafarinnar verði lokið fyrir næsta þing. Það kemur ekki til nokkurra mála, að nefndin geti lokið störfum sínum fyrir 15. marz næstk., en þá er gert ráð fyrir, að þing komi saman. Þeir, sem þekkja til í nágrannalöndunum, vita, að slíkur undirbúningur hefir tekið þar mörg ár. Með dagskrá meiri hl. er farið fram á, að því sé slegið föstu, að þetta mál bíði endurskoðunar löggjafarinnar í heild, og er ekkert líklegra en að sú bið mundi þá vara um nokkur ár enn þá. Ég tel ekki neina nauðsyn á slíkum fresti og get ekki fallizt á rökstuðning hv. frsm. meiri hl. um það efni. Hv. frsm. minni hl. færði rök fyrir því, og sömuleiðis er það álit prófessoranna við lagadeild háskólans, að þessi breyt. geti vel fallið inn í núgildandi löggjöf, og er því engin ástæða til að fresta málinu vegna þess, að það samrýmist ekki þeim lögum, sem fyrir eru.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta að þessu sinni. Ég legg ríka áherzlu á, að þetta sé tekið í lög sem fyrst, því að ég tel mjög vafasamt að láta ákæruvaldið, þetta þýðingarmikla vald yfir æru og mannorði einstaklinganna, vera lengur í höndum pólitísks ráðherra.

Ég vil þakka hv. minni hl. n. fyrir afgreiðslu hans á þessu máli, og ég get lýst því yfir, að ég er samþykkur brtt. hans, nema þeirri fyrstu, um skipun í stöðuna. Er þar lagt til, að konungur skipi í þetta embætti án þess að leitað sé tillagna hæstaréttar. Ég lít svo á, að til tryggingar því, að skipaður verði í þetta embætti óhlutdrægur maður, en ekki t. d. ákveðinn flokksmaður pólitísks ráðherra, sé nauðsynlegt, að tillögur um val mannsins komi frá hlutlausri stofnun, annaðhvort hæstarétti eða lagadeild háskólans, og að ráðh. sé bundinn við þær till. Ef skipun þessa embættismanns væri alveg lögð á vald pólitísks ráðh., þá gæti stofnun embættisins í raun og veru orðið gagnslítil. Minni hl. n. heldur því fram, að ekki sé ráðlegt að fela hæstarétti slík störf utan hans verkahrings, en ég sé ekki, að sú mótbára sé, að því er þetta atriði snertir, á verulegum rökum byggð, enda hefir hæstiréttur nú með höndum nokkur störf, sem ekki eru dómstörf, án þess að það komi að sök.

Ég vænti, að hv. d. fallist á það af þeim rökum, sem fram eru komin, að ekki sé rétt að fresta málinu, og felli því hina rökst. dagskrá meiri hl. nefndarinnar.

**Frsm. meiri hl. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég þarf ekki miklu við að bæta til stuðnings þeirri rökst. dagskrá, sem meiri hl. allshn. hefir borið fram til afgreiðslu þessa máls. En út af því, sem hv. frsm. minni hl. n. sagði, að Alþfl. mundi hafa tekið í stefnuskrá sína tillögur um opinberan ákæranda eftir stefnuskrá Heimdallar, þá verð ég að telja það fjarri öllum sanni, að flokkurinn hafi leitað þangað til heimilda í 4 ára áætlun sína. En auðvitað gat það borið við, að stefnuskrár Alþfl. og Heimdallar féllu saman í einstökum endurbótaatriðum. T. d. má benda á það, að þegar Heimdallur kom fyrst fram, hafði hann alþýðutryggingar á stefnuskrá sinni, enda voru í þessari stefnuskrá Heimdallar, sem var félag

ungra manna, talsvert frjálslegri ákvæði en hjá móðurskipinu, íhaldsflokknum. Ég skal geta þess, að í 4 ára áætlun Alþfl. er opinber ákærandi aðeins eitt atriði af mörgum, sem talið er, að þurfi að koma fram til umbóta. Skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa 34. lið, en hann hljóðar svo: „Að koma á nýrri og **endurbættri réttarfars- og refsilöggjöf**, þar sem málarekstur verði opinber og málflutningur munnlegur, kviðdómar settir á stofn í vissum refsimálum, opinber ákærandi skipaður, þungar refsingar lagðar við fjársvikum og misbeitingu á trúnaðarstöðum, en vægum refsingum beitt við afbrot, sem meðfram eiga rót sína að rekja til fátæktar, umkomuleysis og vanþroska". — Og í 35. gr. segir: „að tryggja **öryggi æðsta dómstóls landsins**, með því að ákveða með lögum, að aukadómarar verði tilkvaddir í vandasömum málum, og að hver dómari verði skyldaður til að gera opinbera grein fyrir dómsatkvæði sínu."

Í þessum tveimur liðum er gert ráð fyrir, að fram fari gagngerðar breytingar og endurbætur bæði á einkamála- og refsilöggjöfinni. Okkur kemur saman um, að þörf sé á að fá opinberan ákæranda. Um það er aðeins deilt, hvort ástæða sé til að taka þetta atriði út úr á þessu þingi, þar sem þegar er byrjuð endurskoðun á löggjöfinni og fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi frv. til nýrrar réttarfarslöggjafar. Ég geri ráð fyrir, að bæði hv. frsm. minni hl. og hv. 11. landsk. geri of mikið úr þeim drætti, sem á þessu þurfi að verða. Við Íslendingar verðum vegna fátæktar og umkomuleysis að byggja á rannsóknum annara þjóða um þetta efni. Við verðum að leggja athuganir þeirra til grundvallar og færa síðan niðurstöðurnar til forms við okkar hæfi. Þannig hefir verið farið að í flestum löggjafarmálefnum. Þannig er með endurskoðun á meðferð einkamála í héraði, að einum manni var falið að rannsaka það mál af fyrrv. stj. Ég geri ekki ráð fyrir, að það taki mjög langan tíma að framkvæma endurskoðun á réttarfarslöggjöfinni. Nefnd sú, sem nú hefir verið skipuð til þess að vinna að endurbótum á réttarfarslöggjöfinni, getur haft stuðning í starfi sínu af rannsóknum nágrannalandanna, og þann grundvöll verðum við að sjálfsögðu að nota, af því að við höfum hvorki efni né ástæður til að kosta til slíkra rannsókna með svipuðum hætti og aðrar fjölmennari og efnaðri þjóðir. Ég vænti, að framkvæmdir í þessu efni þurfi ekki að bíða mjög lengi, og tel ég því óþarft að vera að kippa þessu atriði út úr nú. Ég mundi hafa reynt að vinna að smábreytingum á réttarfarslöggjöfinni á þessu þingi, sem ég tel mjög aðkallandi, en ég hvarf frá því, af því að til stóð, að þessi allsherjar endurskoðun færi fram. Ég skal nefna t. d. opinbera atkvgr. við æðsta dómstól landsins og sérstakan kviðdóm í vissum refsimálum. Ég tel þetta hvorttveggja nauðsynlegar breytingar, en þó ekki svo aðkallandi, að þær geti ekki beðið um stuttan tíma eftir þessari allsherjar endurskoðun á löggjöfinni. Ég lít svo á ákvæðið um opinberan ákæranda, að það sé ekki nauðsynlegra en mörg önnur atriði í löggjöfinni, sem hægt væri að taka út úr og breyta til bóta nú þegar, og geti því vel beðið ekki síður enn annað.

**Frsm. minni hl. (Thor Thors):** Það eru örfá atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem ég þarf að svara nokkrum orðum. Ég skal ekki karpa um það, hvort Alþfl. hafi tekið ákvæðið um opinberan ákæranda úr stefnuskrá Heimdallar. En ég skal þó benda á það, að þetta atriði var tekið í stefnuskrá Heimdallar árið 1931, en í stefnuskrá Alþfl. var það ekki tekið, opinberlega a. m. k., fyrr en núna rétt fyrir síðustu alþingiskosningar. Mér fannst hv. þm. viðurkenna, að hin frjálslega stefnuskrá Heimdallar hefði vakið athygli, og ég get fullvissað hann um, að þau frjálslegu ákvæði, sem þar eru nú, eru fullkomið stefnumál allra í fél. og eru meir og meir að verða sameiginlegt stefnumál alls Sjálfstfl.

Viðvíkjandi endurskoðun á löggjöfinni vil ég segja það, að ég sé ekki nokkrar líkur til, að árangur þess starfs, ef það á að verða að nokkru gagni, geti komið fyrir næsta þing, ef það á að koma saman 15. marz næstk. Reynsla annara þjóða talar þar skýrt, því að alstaðar í nágrannalöndunum, þar sem slík endurskoðun hefir farið fram, hefir hún staðið yfir í mörg ár. Reynslan hér hefir sýnt það sama, og skal ég í því sambandi benda á, að árið 1930 var Þórður Eyjólfsson skipaður til að endurskoða hegningarlöggjöfina, og hann hefir haft það starf með höndum síðan. Ég hygg, að frátafir hans hafi ekki verið meiri en svo, að hann hafi starfað að þessu óslitið í 2 ár, og hefir mér þó heyrzt á honum, að allmikið vantaði á, að þessu starfi væri lokið. Það er vitanlegt, að þó að nágrannaþjóðirnar hafi leyst af hendi ýmsar rannsóknir í þessu efni, þá verður það ekki að fullum notum fyrir okkur, því að hér er viðhorfið í mörgum greinum allt annað, og við verðum jafnan að fara eftir íslenzkum staðháttum við setning löggjafarinnar. Um dönsku löggjöfina er það að segja, að hún hefir fengið mjög rækilegan undirbúning. Sá undirbúningur hófst árið 1905 og var ekki lokið fyrr en árið 1930. En þó að þar komi margt til greina, sem við getum tekið upp, eru þar einnig ýms ákvæði, sem við getum ekki notfært okkur, t. d. munu vera mörg refsiákvæði í dönsku lögunum, sem óvíst er, að við höfum ráð á að hafa hér, því að ég ætla, að þar sé gert ráð fyrir ýmsum tegundum fangahúsa. Svo er annað, sem verður að fara fram við þessa rannsókn, en það er að leita álits og tillagna reyndustu manna hér í þessum efnum. Ég býst við, að hv. frsm. meiri hl., sem sæti á í þeirri nefnd, sem á að rannsaka alla réttarfarslöggjöfina, fyndist það órökstuddar ásakanir, ef ég færi að ásaka nefndina fyrir það 15. marz næstk., að hún væri ekki búin að ljúka störfum sínum. Ég veit, að slíkt væri ómögulegt, og það væri í fyrsta lagi, að hægt væri að leggja þessi mál fyrir þingið 1936. En ef fram koma tillögur til bóta á þessu sviði löggjafarinnar, þá finnst mér sjálfsagt að framkvæma þær endurbætur sem fyrst. Það hefir verið sýnt, að sú breyt., sem hér er um að ræða, getur vel samrýmzt núgildandi löggjöf og fellur inn í þann ramma, sem upp verður tekinn við þessa endurskoðun. Ég kem ekki auga á neina sérstök rök, sem mæla með því að fresta þessu máli, enda hygg ég, að sá frestur gæti orðið um ófyrirsjáanlegan tíma.

Út af því, sem hv. 11. landsk. sagði um brtt. okkar viðvíkjandi skipun í embættið, verð ég að segja eins og ég hefi áður tekið fram, að ég tel óheppilegt fyrir hæstarétt að taka á sig þann vanda, sem þessu er samfara. Mér finnst, að nóg hafi verið um árásir á hæstarétt, þó að ekki sé verið að freista þess að koma honum í nýjan vanda.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin í nál. á þskj. 156, frá meiri hl. allshn., samþ. með 17:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** StJSt, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, JörB.

**nei:** SK, TT[1]), GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JÓl, JónÞ, JS, ÓTh, PHalld, PO.

Tveir þm. (ÁÁ, JJós) fjarstaddir.

---

## 6. Lýðskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum** (þmfrv., A. 501).

Á 46. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til menntmn. með 19:1 atkv.

---

Á 65. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 501, n. 906).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:5 atkv.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Menntmn. hefir nú athugað þetta frv. og orðið ásátt um afgreiðslu þess. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um efni þess, því að flestum hv. þdm. mun það kunnugt. Ég skal aðeins geta þess, að frv. felur í sér heimild fyrir bæjar- og sveitarfélög til að starfrækja lýðskóla með því móti, að ungir menn í héraðinu fái þar skólavist gegn nokkurri skylduvinnu. Þetta er því a. n. l. gamla hugmyndin um þegnskylduvinnuna, sem að mörgu leyti var góð og gagnleg. Í sambandi við skylduvinnuna mætti koma að vinnukennslu, sem mörgum unglingum gæti komið vel. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um efni frv. Menntmn. hefir orðið sammála um að leggja til, að málinu verði vísað til stj. til athugunar fyrir næsta þing, þar sem nú er orðið svo áliðið þings, að ekki er hægt að koma því í gegn á þessu þingi. N. leggur því til, að málið verði að þessu sinni afgr. með rökst. dagskrá, sem prentuð er á þskj. 906. Vænti ég þess, að hv. þdm. fallist á þessa afgreiðslu, þar sem menntmn. stendur óskipt að henni.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég hefi flutt brtt. við rökst. dagskrá hv. menntmn., svo hljóðandi: „Orðin „fyrir næsta þing" í dagskrártill. falli niður." — Ég geri ráð fyrir því, að mál þetta þurfi mikillar athugunar, og því sé ekki rétt að binda ríkisstj. við að hafa það fullbúið fyrir næsta þing. Ég legg því til, að sú takmörkun falli niður, svo að víst sé, að stj. geti haft nægan tíma til athugunar málsins og undirbúnings.

**Pétur Ottesen** óyfirl.: Það er tvennt, sem ég vildi benda á í sambandi við þetta mál; í fyrsta lagi finnst mér, að með því að taka það á dagskrá nú, þá liti ekki út fyrir, að tíminn sé eins naumur og af er látið, og í öðru lagi þegar þm. er haldið þreyttum og svefnlitlum yfir þrálátum fundahöldum langt fram á nætur, væri nær að nota betur hábjartan daginn en að þvæla um annan eins hégóma og þetta frv. Það ætti heldur að nota hádegisstundina og birtuna, því það gæti þá fremur verið einhver vitglóra til staðar, heldur en þegar menn eru búnir að hanga á fundum fram á nætur. Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væru þarfari mál óafgr., sem meiri ástæða væri að taka fyrir.

Hitt er annað mál, að það sýnir sig átakanlega ljóst, að frv. er flutt af einskærri hræsni, þegar flm. leggja sjálfir til að ganga af því dauðu.

Ég held, að hér liggi nú fyrir nokkurnveginn afhjúpuð öll sú hræsni og sá yfirdrepskapur, sem alltaf hefir fylgt málinu, frá því fyrst að það kom fyrir þingið.

**Forseti (JörB):** Ég bjóst við, að málið gengi fram án verulegra umr., en verði farið að teygja umr., mun ég taka málið út af dagskrá.

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen):** Út af brtt. hv. 1. landsk. vil ég taka það fram, að ég er henni algerlega mótfallinn. Hv. þm. talaði um, að málið þyrfti svo mikinn undirbúning, að ekki væri nógu langur tími fyrir næsta þing. Ég vil aðeins benda á, að sami hv. þm. hefir talið nægan tíma til þess að endurskoða alla réttarfarslöggjöfina fyrir næsta þing, og ætti það þó ekki að vera minna verk. Ég vil því eindregið leggja til, að brtt. sé felld.

Þá var hv. þm. Borgf. að hnýta í okkur flm. þessa frv. fyrir að það væri flutt af tómum flátt-skap og hræsni, og hefði alltaf verið það. Mér er að vísu ekki kunnugt, hvernig verið hefir áður um flutning þess, því að ég hefi ekki átt sæti hér á þingi fyrr; en ég vil ákveðið mótmæla fyrir mína hönd og meðflm., að það sé ekki flutt af fullri alvöru. Annars ætti hv. þm. að skilja, að nú, þegar komið er að þinglokum, er betri afgreiðsla á málinu að vísa því til stj., til undirbúnings undir næsta þing, en að láta það falla alveg niður. Eru því ummæli hv. þm. ekki annað en fleipur. Mér þykir einkennilegt, að þessi hv.

1) **TT:** Ég er þessu máli fylgjandi, eins og ég hefi áður getið um, en ég fæ ekki séð, hvernig þeir hv. þm., sem vilja hefta framgang þessa máls, geta samþ. þessa rökst. dagskrá, þar sem sýnilegt er, að ekki er hægt að ljúka undirbúningi fyrir næsta þing.

þm., sem áður hefir fylgt frv. í meginatriðum, skuli nú rísa upp til andmæla og vera að tefja málið með málþófi, því að mér finnst ræða hans alveg óþörf. Ég vil því leggja til, að umr. verði stytt og gengið til atkv.

**Pétur Ottesen** (óyfirl.): Mér finnst hafa komið hér fram enn ný sönnun í málinu, um hve mikil alvara er á bak við flutning þess, þegar flm. telja bezt, að ekki sé á það minnzt.

Hv. frsm. sagði, að ég hefði verið stuðningsmaður þessa máls á undanförnum þingum. Ég reyndi þá að koma málinu inn á rétta braut, með því að veita Rangárvallasýslu heimild til slíkra framkvæmda. Málið er þar fætt og sýslumanni Rangæinga bezt treystandi til að koma því til framkvæmda, og mér er ekki kunnugt, að fyrir utan þá sýslu hafi það fengið nokkrar undirtektir eða fylgi, sem nokkur alvara hefir verið á bak við, og ég efast um, að í Rangárvallasýslu hafi fundizt nema einn maður, sem hefir staðið á bak við frv. Ég vil því endurtaka það, sem ég sagði áðan, að frv. er ekki vísað til stj. til þess, að hún greiði fyrir málinu, heldur komi þar fram hjá flm., að þeir þurfi að nota hræsni, og þeir geta alltaf falið hræsnina á bak við það, að málið sé komið í hendur stj. og því sé ekki ástæða til þess að taka það upp á ný. Ætli þetta sé ekki ástæðan?

**Frsm. (Gunnar Thoroddsen)**: Hv. þm. Borgf. viðurkenndi, að hann hefði fylgt málinu áður, a. m. k. viljað veita Rangæingum heimild til að starfrækja svona skóla, enda er vitanlegt, að þeir mundu verða fyrstir manna til þess að nota slíka heimild.

Annars verð ég að segja, að mér þykir það dálítið einkennilegt af hv. þm. Borgf. að rísa hér upp og ásaka flm. frv. fyrir hræsni og aðrar illar hvatir, en minnast ekki á sjálft efni frv. Ég skal svo ekki lengja frekar þessar umr.

ATKVGR.

Brtt. 1. landsk. þm. við dagskrártill. á þskj. 906 felld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** HV, JS, JG, MT, PZ, PÞ, SE, StJSt, BJ, BB, EystJ, FJ, GÍ, JörB.

**nei:** JakM, JónP, ÓTh, PHalld, PO[1]), SigfJ, SK, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, GÞ, GSv, GTh.

EmJ, GG greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (HannJ, JJós, JÓl) fjarstaddir.

Rökst. dagskráin á þskj. 906, frá menntmn., samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** TT, ÁÁ, BJ, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GG, GSv, GÍ, GTh, JakM, JónP, JG, ÓTh, PHalld, SK.

**nei:** ÞorbÞ, BB, FJ, HV, PÞ, PO, SE, StJSt, JörB.

JS, MT, PZ, SigfJ greiddu ekki atkv.

Þrír þm. (HannJ, JJós, JÓl) fjarstaddir.

---

1) **PO:** Mig langaði til þess að fá skýrt fram afstöðu þm. til þessa máls, með tilliti til frv. þess, sem hér liggur fyrir um samkomudag Alþingis. Það hefir m. a. verið borið fram sem ástæða fyrir því, að færa samkomudaginn aftur fyrir 15. febr., að sá tími væri allt of stuttur til undirbúnings þingmála fyrir stj. Nú vildi ég gjarnan fá að vita, hvernig þm. líta á þetta; hvort þeir álíta, að búið sé að hlaða nógu á stj. eða ekki, því ég býst ekki við, að þm. ætlist til, að færa þurfi samkomudag Alþingis vegna þessa frv. Það er því gaman að heyra álit þm. um þetta áður en ákveðinn er samkomudagur Alþingis. Ég mun greiða atkv. á móti brtt. og vitanlega móti dagskránni líka, því ég tel, að stj. hafi nóg á sinni könnu.

# Lagafrumvörp ekki útrædd.

## 1. Ríkisútgáfa skólabóka.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka** (stjfrv., A. 20).

Á 5., 6. og 10. fundi í Nd., 9., 10. og 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Frv. þetta er svipað frv. um sama efni, sem legið hefir fyrir undanförnum þingum. Samkv. því er ætlazt til, að bækur þær, sem löggiltar eru til kennslu í barnaskólum, séu framleiddar og seldar af ríkinu. Er það gert í þeim tilgangi, að bækurnar geti orðið sem ódýrastar. Að því miðar einnig ákvæði 5. gr., þar sem sú kvöð er lögð á skólastjóra barnaskólanna, að þeir sjái um útsölu námsbókanna hver í sínum skóla fyrir 10% þóknun.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að svo stöddu, en legg til, að því verði vísað til menntmn. að lokinni umr.

**Pétur Halldórsson:** Það má e. t. v. segja, að þetta frv. sé ekki mjög stórvægilegt í sjálfu sér, af því að þær bækur, sem hér er um að ræða, eru ekki ákaflega stór liður í búskap þjóðarinnar né hvers heimilis í landinu. En þó er það svo, að með því er gert, ef að lögum verður, töluvert rask á því sviði, sem það nær yfir, og ég held, að það hefði í för með sér ýmsar afleiðingar, sem ekki verða fyllilega séðar á yfirborðinu. Þó að þeir verði e. t. v. ekki margir, sem verða fyrir erfiðleikum í viðskiptum sínum vegna ákvæða frv., þá ber að sjálfsögðu að taka það til athugunar um leið og n. fer sínum höndum um málið, hverjar þær afleiðingar yrðu.

Það er tvennt, sem frv. fer fram á. Í fyrsta lagi, að útgáfa námsbóka í barnaskólum, og sennilega einnig í æðri skólum samkv. 7. gr., verði lögð í hendur ríkinu. Og í öðru lagi, að þessar bækur verði hafðar til sölu í skólunum af skólastjóra eða þeim, sem hann skipar til þess. Þetta á að vera með það fyrir augum, að bókakostur nemenda verði sem ódýrastur, og er það réttmæt og eðlileg höfuðástæða, ef líklegt þykir, að þeim árangri yrði náð. Um það atriði út af fyrir sig er ekki hægt að ræða við 1. umr.

Ég býst ekki við að tefja hv. d. mikið við þessa umr., þar sem hæstv. fjmrh. lagði til, að málinu yrði vísað til menntmn. Ég á sæti í þeirri n. og gefst því þar tækifæri til að koma fram með *mínar* aths. En ég vil strax benda á það, að þó sá heimur sé lítill, sem hér á að taka til „skipulagningar", þá er hann dálítið merkilegt atriði í þjóðlífi voru, og mér þykja talsverðar líkur benda til, að ef þessi hluti bóka er tekinn frá þeim, sem nú fara með bóksölu í landinu, þá geti það haft óheppilegar afleiðingar. Það má óneitanlega segja, að hér sé um að ræða þann hluta af þeirri vöru, sem bóksalarnir verzla með, sem tryggast er, að einhvern ágóða gefi. Ég á hér sízt við aðstöðu bókaverzlana hér í Reykjavík, en ég álít, að ef taka á sölu kennslubókanna af bóksölum úti um land, þá geti e. t. v. orðið erfitt að fá menn til þess að selja aðrar bækur. Það er t. d. eitt atriðið, sem búast má við, að af þessum ráðstöfunum geti leitt.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég tel sjálfsagt, að hv. menntmn. athugi það, sem hv. 5. þm. Reykv. hefir bent á. Til þess er einmitt ætlazt af nefndum, að þær athugi slíkt. En ég tel rétt að benda á, að í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir, að þeim bókaútgefendum, sem eiga birgðir af löggiltum kennslubókum nú, sé gefinn hæfilegur frestur til þess að selja þær, þannig að þeim sé ekki bakað tjón að óþörfu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

---

Á 34., 35., 36., 37., 39., 40., 41. og 42. fundi í Nd., 12., 13., 14., 15., 17., 19., 20. og 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 20, n. 351 og 366).

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** óyfirl.]: Eins og nál. meiri hl. ber með sér, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Aðalbrtt. er sú, að smásala er ekki tekin af bóksölum, en að þeim séu greidd 20% sölulaun. Þegar ríkisforlagið hefir heildsöluna, þótti ekki ástæða til að svipta bóksalana smásölunni, enda hefir það engin úrslitaáhrif á verð bókanna. N. telur, að með ríkisútgáfu og föstu skipulagi, að öllu óbreyttu, gæðum og tilbúningi, ættu bæk-

urnar að geta orðið um 40% ódýrari en nú, eða frá 30—50% að jafnaði. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en geyma mér rétt til að svara útásetningum minni hl., þegar þær eru komnar fram.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)** óyfirl.: Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú ekki nýtt að því leyti, að það hefir legið fyrir undanfarandi þingum og verið tekið til meðferðar. Einkum urðu umr. um það á þingi 1932, og var þá afgr. frá þessari hv. d. með rökst. dagskrá, á þeim grundvelli, að fræðslumálastjóra var falið að hlutast til um, að skipti skólabóka yrðu ekki um of og verð ekki óhóflega hátt.

Frv. þetta liggur hér fyrir sem stjfrv. Er margt einkennilegt við frv., og þó einkum grg. Ef hv. þdm. hafa lesið grg., hafa þeir sjálfsagt tekið eftir því, að þar er slegið fram margskonar fullyrðingum um þá hlið málsins, að nauðsynlegt sé, að ríkið taki að sér bókaútgáfuna, en ekki reynt að sýna fram á með rökum, að þessi leið sé sú rétta. Þar er sagt, að skólabækurnar séu dýrar, frágangur óvandaður og í þriðja lagi að hagnaður þeirra, sem fyrir útgáfunni standa, sé óhæfilega mikill o. s. frv. Ennfremur að sölulaun til þeirra, sem bækurnar selja, séu óhæfilega há úti um land. Þá er þar fullyrt, að mikill hluti fátækra barna eignist aldrei nauðsynlegan bókakost, og sumstaðar sé svo óskaplega ástatt, að kennararnir verði að kaupa sjálfir bækurnar og gefa börnunum, svo að þau fái þann bókakost, sem þau þurfa. Allt er þetta sagt án þess að benda á dæmi. Ennfremur er sagt, að í nágrannalöndunum, þar sem menningin sé meiri, sé þessu svo skipað, að bæir og borgir hafi tekið útgáfuna í sínar hendur. Ekkert er þetta rökstutt, og að svo miklu leyti sem ég þekki, er það ýmist mjög sjaldgæft eða ekki til. Þá er það enn, að hér sé á það að líta, að annarsstaðar sé skólabókum útbýtt ókeypis til skólabarna, en því sé ekki að heilsa hér á landi. En þetta er „positivt" rangt; a. m. k. veit ég, að það er gert hér í Reykjavík. Ég held, að svo sé fyrir mælt í lögum, að fátæk börn, sem ekki geta keypt nauðsynlegar bækur, skuli fá þær endurgjaldslaust; a. m. k. er þetta gert hér í Reykjavík, og mun vera gert einnig annarsstaðar hér á landi, þar sem það er skýrt tekið fram, að það sé lagaleg skylda. Að þessu leyti er því alveg rangt frá skýrt í grg. frv. Svo er sagt, að bækurnar séu seldar allt of háu verði. Verðið liggi í óþarfa útgáfum, óhóflegum kostnaði og óhæfilegum gróða útgefendanna. Að þessu eru engin rök færð, en allt staðlausir stafir og fullyrðingar út í bláinn, sem sýnir tilfinnanlega, að sumar eru gerðar til að hafa áhrif á afstöðu þm. til þessa máls.

Ég verð því fyrst og fremst að segja, að mér finnst frv. og sérstaklega grg. ósköp óvandað að frágangi, og mun því mega fullkomlega segja það, sem ég hefi nú sagt. Eigi raunverulega að upplýsa þm. um þetta mál, sem hér er um að ræða, verður a. m. k. að nefna einhverjar tölur — einhverjar stærðir —, sem hægt er að miða við. Eins og hv. þdm. vita, er nú svo ástatt, að til eru lög frá 1928 um eftirlit af ríkisins hálfu með útgáfu skólabóka, þar sem ríkisvaldið á að löggilda nefndar bækur. Það mun því vera litið svo á, að þeir, sem fara með þetta umboð ríkisvaldsins, eigi fyrst og fremst að hafa eftirlit með öllum innri frágangi bókanna, hvernig þær eru samdar, að ekki sé þar rangt frá skýrt o. s. frv. Það mætti að sjálfsögðu einnig setja ákveðna kosti um frágang og verð, ef þurfa þykir. Sýnist nú hv. þm. mögulegt, að þetta sé allt í eins slæmu lagi og af er látið, jafnvel og séð er fyrir íhlutun ríkisvaldsins í þessum efnum? Og því er ekki að neita, að það er eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisvaldið hafi þar nokkur afskipti, en það getur skapazt nægilega óruggt með löggildingu bókanna, þ. e. a. s., að fái bókin meðmæli umboðsmanna ríkisvaldsins um, að hún sé góð og nothæf kennslubók, þá verði hún gefin út. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um grg. frv., en vil endurtaka það, að mér sýnist margt fullyrt í grg. til þess að hafa áhrif á afstöðu þm. í þessu efni, sem ekki er viðeigandi að fylgi frv., sem stj. hefir lagt fram.

Nú er að líta á efni frv. sjálfs. Aðalatriðið er fyrst og fremst það, hvort líkur eru til, að segja megi, að svo illa sé frá þessu gengið í höndum þeirra, sem nú gefa bækurnar út og selja, að nauðsyn — eða brýna nauðsyn — beri til að láta ríkið taka þetta í sínar hendur og banna öðrum að hafa það með höndum. Í nál. minni hl. er ekki litið svo á.

Ég heyrði á frsm. meiri hl., að hann taldi líkur til, að hægt væri að lækka verð á skólabókum um 40%, svo að selja megi þær bækur, sem nú kosta kr. 2.50, á kr. 1.50, þó greidd séu 20% sölulaun úti á landi. Þetta eru að sjálfsögðu aðalrök fyrir því, að löggjafarvaldið taki útgáfuna í sínar hendur. Í öðru lagi mun eiga að líta betur eftir, að bækurnar séu vel samdar og betur gerðar en nú á sér stað. Ég held, að fyrra atriðið, að lækka verð bókanna eins og hv. frsm. sagði um 40%, geti enginn hv. þm. gengið út frá, að sé rétt. Um síðara atriðið, frágang bóka — innihald og ytri frágang — vil ég segja það, sem ég hefi áður sagt, að það mundi ekki verða betra, þó ríkið tæki útgáfuna í sínar hendur, heldur en með þeirri íhlutun, sem ríkisvaldið getur haft með því að skipa n. til eftirlits. — Ég þarf ekki að fara fjarska mörgum orðum um verð skólabókanna, vegna þess, að í nál. minni hl. á þskj. 366 er rækilega komið inn á þessi atriði. Vil ég biðja hv. þdm. að kynna sér það, því þar eru ýmsar upplýsingar í tölum.

Ég skal geta þess, að skýrsla sú um verð og útgáfukostnað, sem form. menntmn. lagði fram á fyrsta fundi n., er rétt, að svo miklu leyti sem ég þekki til. En þar sem skýrslan er fyllt út með tölum, sem er allt of langt mál til að lesa hér upp, vil ég biðja hv. þdm. að kynna sér hana vel. Hinsvegar vil ég benda á, að ef skýrslan er rétt um prentun, pappír, útgáfukostnað o. fl., kemur í ljós — tekið sem dæmi — að verð er 3 kr. Eftir nál. er gert ráð fyrir, að verðið geti lækkað niður í kr. 1.80.

Þegar reiknað er nettóverð — þ. e. a. s. að frádregnum 20% sölulaunum, sem ekki er deilt um — er meðalverð til útgefanda (nettóverð) nú kr. 2.40, en áætlað að það geti verið kr. 1.45, ef bæk-

urnar væru gefnar út af ríkinu og seldar án hagnaðar. Er það álit minni hl., að þetta geti alls ekki staðizt. Liggur það fyrst og fremst í því, að kostnaður af forlaginu heima fyrir er miklu meiri en gert er ráð fyrir í skýrslunni. Í nál. er kostnaður forlagsins áætlaður 5%, að frátöldum sölulaunum, en hann er hér eitt aðalatriði, sem reynslan sýnir, að er miklu meiri. En ég vil líka bæta því við, að hv. frsm. viðurkenndi eftir að skýrslan kom út, að 5% mundi vera of lágt, og hann ætlaði að breyta því í 10%.

Þetta er nokkuð stórt atriði og því fyrirsjáanlegt, að kostnaður verður óhjákvæmilega miklu meiri en 5 eða 10%, eins og gert er ráð fyrir. Það hefir að vísu mikla þýðingu í þessu tilfelli, hvað mikið selst. Því meiri verður kostnaðurinn, sem bækurnar eru færri á ári. Eftir því sem kostnaðurinn dreifist á fleiri liði, verður hann tvímælalaust hlutfallslega lægri % af hverri seldri bók.

Ég vil fullyrða, með tilvísun til manns, sem hefir mjög góða þekkingu í þessum efnum, að kostnaður myndi verða ákaflega nærri því, sem nál. gerir ráð fyrir, en aldrei minni en 18% — yfirleitt 18—25% eða meira —, sjaldnast undir 25%, og oft meiri. Því minna sem selst, því meiri er kostnaðurinn hlutfallslega. En ef kostnaður heima fyrir er rétt reiknaður með þeim hundraðshluta, held ég megi fullyrða, að ekki þurfi að reikna minna, þó ríkissjóður taki útgáfuna í sínar hendur. En það er engin sönnun fyrir því, að opinberir aðilar viðurkenni að fela bóksölum söluna með 40% sölulaunum, en það er einmitt það, sem ég hefi talið nærri sanni í nál. minni hl. Þar er gert ráð fyrir vissri sölu á ári, eða um 900 eint. sölu. Ég held af eigin reynslu og af viðtali við aðra, sem vit hafa á, að það sé líkleg meðalsala eftir að fyrstu sölu er lokið. Það er ofurlítið meira þá, en þetta mun fara nærri, ef byggja má á reynslu síðustu 10—15 ára. Ef reiknað er með, að ríkisútgáfan eigi við svipuð gjöld að búa við framleiðslu bókanna og nú er, kemur í ljós, að munurinn verður eigi mikill á verði bókanna frá því, sem nú er. Eitthvað má lækka þær, því neita ég ekki, en munurinn er ekki svo mikill, að hann réttlæti það, að bækurnar séu teknar úr höndum núv. útgefenda. Segjum, að ríkisútgáfan gæfi aðeins út eina bók í hverri grein, þá mætti lækka verðið frá því, sem nú er, en hitt er annað mál, hvort hentugt er fyrir þjóðfélagið, að aðeins sé ein kennslubók í hverri grein. Ef ríkið tekur þetta starf að sér, verður líkt um og þegar tóbakseinkasalan komst á. Fyrir eru birgðir í landinu af bókum, myndamótum o. s. frv., sem yrði að bæta þeim, sem nú eiga það, en eigi láta það afskiptalaust, að þar liggi verðlaust mikið verðgildi.

Þá verður að taka tillit til þeirra kennslubóka, er fyrir eru í landinu, og kaupa þær af eigendum fyrir kostnaðarverð. Er ekki sanngjarnt annað en fyrri eigendum sé haldið skaðlausum, þótt þeir hinsvegar hagnist ekki neitt á sölunni. Af þessu verður kostnaður í upphafi, og veit ég ekki, hve miklu hann kann að nema. Ef um ríkisútgáfu er að ræða um lengri tíma, er þetta náttúrlega ekkert aðalatriði, en samt atriði, sem leysa þarf á viðunandi hátt. Það má náttúrlega. ef ríkisútgáfan verður í sambandi við „Gutenberg", leyna hinum raunverulega kostnaði með því að færa hann yfir á aðra liði. En það væri ekki sanngjarnt né réttlátt gagnvart þeim, sem vilja reyna að finna hinn raunverulega kostnað. Kostnaðurinn hverfur ekki fyrir það, kemur aðeins fram sem kostnaður annars fyrirtækis.

Ég sé yfirleitt ekki, að hægt sé að vera með þessu frv. eins og það liggur fyrir. Það eitt er stórt atriði, að allar líkur benda til þess, að ekki verði nema ein bók gefin út í hverju fagi. Það er rétt að athuga þetta vel, því að það er eitt, sem kvartað hefir verið yfir, að kennarar geri sér leik að því að skipta um bækur, og þær verði því dýrari. Það er ekki vitað, hve mikil brögð eru að þessu, en hitt er vitað, að margir kennarar vilja helzt kenna einhverja ákveðna bók. Nýr kennari vill nota nýja bók. Þetta er óheppilegur kostnaðarauki í bili, en oft er það svo, að fleira en eitt barn er frá hverju heimili, og tekur þá eitt við bókinni af öðru. Annars sé ég eigi, að gott sé að færa þetta sem ástæðu fyrir ríkisútgáfu skólabóka. Það er of einfalt að leysa þetta með því að hafa aðeins eina kennslubók í hverri grein. Ég held, að það sé reynslan, að kennurum sé ekki sama, hvaða bók þeir kenna. Þeir ná betri árangri með einni frekar en annari, því að enginn kennari gerir sér þetta að leik. Við þessu má sjá með eftirliti fræðslunefndar; hún getur athugað þetta og fræðslumálastjórn komið þessu í heppilegra horf. Ég held a. m. k., að frá sjónarmiði árangurs af kennslu og upp á framför sé það ekki gott að takmarka þægindi og frelsi kennara og nemenda um of í þessu efni, enda þótt bækurnar kynnu að verða eitthvað ódýrari. Ég hygg, að þetta sé fremur afturför en framför, og ekki kaupandi fyrir dálitla verðlækkun.

Í grg. frv. er sagt, að verð bóka þeirra, er einu barni er ætlað að nota öll skólaárin, sé nú allt að 70 kr., og þessi fjárhæð vaxi til muna við niðurfærslu skólaskyldunnar. Ef þetta er rétt, deilist þessi tala með 5 eða 6, ef maður vill finna árlegan kostnað við bókakaup, og virðast þau þá vera um 12—14 kr. Þegar þess er gætt, að þetta er aðalkostnaðarliðurinn, þar sem kennslan er ókeypis, sömuleiðis matur, mjólk og lýsi veitt ókeypis þeim, er vilja, þá virðist þessi kostnaður nú ekki vera óviðráðanlegur, og það því fremur, að víða eru þeim fátækustu gefnar bækurnar af sveitarsjóði. Þá held ég, að bókakostnaður vaxi ekki við niðurfærslu skólaskyldunnar, því að jafnhliða má búast við, að styttur verði tíminn, bæði hvað hvern dag snertir og allt árið. Þá er sú stefna uppi nú, að nota minna bækur við námið en verið hefir.

Í nál. minni hl. n. er nettósala fimmtán bóka gerð 16200 kr. á ári. Þetta er því ekki stórt fjárspursmál, en það er svo margt í sambandi við það, sem athugunarvert er, að mér hefir ekki gefizt tækifæri til þess að minna á það nærri allt. En ég skal þó hlífa hæstv. forseta við frekari umr. um þetta að sinni.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** óyfirl.: Hv. frsm. minni hl. hefir nú haldið hér langa ræðu, og mun ég aðeins drepa á aðalatriðin. Hann taldi grg. frv. ónákvæma. Við höfum talið,

að kennslubækur væru dýrar, og ég hygg, að það komi fram í nál. minni hl., að þær geti verið 40% ódýrari. Þá höfum við talið, að bækurnar væru óvandaðri en æskilegt væri. Útgefandinn gefur nú út í óvissu og veit ekki, hve mikið hann má leggja í kostnað né hve stórt upplagið megi vera. Samkeppni ríkir og á þessum sviðum. Ef ríkisútgáfa yrði á skólabókum, gætu upplögin orðið stór og öryggið meira um söluna. Þá má og verja meiru í kostnað, hafa handritin betri og borga betri ritlaun. Yfirleitt mun það gefa mörg skilyrði fyrir vandaðra efni og frágangi.

Það er rétt, að það er að nokkru mishermt, að í nágrannalöndunum sé orðin ríkisútgáfa á skólabókum. En í sumum þessara landa hefir þróunin orðið sú, að ríkisútgáfa hefði orðið eins góð. Í Svíþjóð t. d. eru tvö forlög búin að sölsa undir sig alla útgáfu skólabóka í ríkinu. Þessi forlög sáu, að ef þau stóðu hvert gegn öðru, gaf það ekki eins góðan árangur og ef aðeins væri eitt forlag, og fyrir 4—5 árum slóu þau sér saman og stofnuðu eitt hlutafélag, með 6 millj. kr. hlutafé, til þess að sjá fyrir útgáfu allra skólabóka. Þetta forlag hefir næstum öll völd á þessu sviði, og álít ég, að sú þróunin sé betri, að ríkið taki þetta að sér, eins og ríkið og bæirnir reka t. d. skólana. (**HannJ**: Er ekki rétt að hafa ríkisframleiðslu á börnum?). Það verður víst lengst af einstaklingsframtakið, sem þar ræður. En enda þótt einstaklingarnir geti börnin, þá lætur þjóðfélagið þau eigi afskiptalaus. Þessar aths. eru því útúrsnúningar, því að ríkið á að hlutast til um uppeldi barna.

Það má taka símann til hliðsjónar við ríkisútgáfuna. Ríkið rekur símann og skyldar menn til þess að lána hjá sér símatækin og borga fyrir. Það hneykslast enginn á þessu og menn taka ekki eftir því, því að það er orðið svo venjulegt. Menn telja það eðlilegt, sem þeir eru orðnir vanir, en breytingar telja þeir óeðlilegar meðan þeir eru að venjast þeim. Svo er a. m. k. um afturhaldssamari menn.

Því er haldið fram í grg., að bækurnar séu of dýrar vegna öryggisleysis útgefenda og samkeppninnar sem ríki. Útgefendur eru svo öryggislitlir um útgáfur sínar, að þeir geta ekki haft upplögin nógu stór, og þess vegna verður oft að selja bækurnar með þreföldu verði á við framleiðslukostnað. Það er rétt hjá hv. frsm. minni hl., að nokkur tök má hafa á þessum málum með núv. löggildingu kennslubóka, en það verður aldrei nóg til þess að hafa full tök á því, hvernig bækurnar eru gerðar úr garði. Það er svo um eldri bækur, að fræðslumálastjórn er allaf að nokkru bundin við, hvernig útgefendur gera bækurnar úr garði. Það er ekki hægt að koma á góðu bókaeftirliti fyrr en hægt er að starfa með höfundinum og vera í ráðum með honum um það, hvernig bækurnar skuli samdar og gerðar úr garði, og fræðslunefnd og útgáfustjórn getur haft sem nánast samstarf við kennarastéttina um það, hverjar breytingar og endurbætur þurfi að gera. Þetta er frv. um ríkisútgáfu skólabóka, en ekki um það, að ríkið eigi að semja skólabækur, eins og hv. frsm. minni hl. virðist álíta. Löggildingin ein gefur ekki nægilega tryggingu fyrir gæðum bókanna, af því að hún nær til þeirra bóka, sem kannske er búið að nota lengi og geta þess vegna verið bundnar orðnar af fortíðinni. Löggildingin gefur ekki tilefni til endurbóta á kennslubókunum á við það, að fræðslumálastjórn hafi vald yfir útgáfunni frá upphafi.

Þá var hv. þm. að bera brigður á það, að sú áætlun, sem ég hefi hér borið fram fyrir hönd meiri hl. menntmn., geti staðizt. Þó var það ekki nema eitt atriði, sem hann gerði aths. við, og það var kostnaður við heildsöluna. Heildsölukostnaðurinn er áætlaður 5%. Eins og hv. þm. tók fram, lýsti ég því yfir í n., að hann mundi vera fulllágur. Ég hefi samt ekki séð ástæðu til að breyta þeirri áætlun, vegna þess, að ég tel fullvíst, að sumir kostnaðarliðirnir séu fullhátt áætlaðir, t. d. bókbandið. Ég hefi síðan fengið skýrslu um þann lið frá bókbindarafélagi hér í bænum, þar sem þessi kostnaður er talinn 40 aur. á bók, en í áætluninni er hann talinn 50 aurar. Einnig mun áætlunin vera fullhá á ritlaunum og myndamótum, því þeir liðir eru í áætluninni settir á fyrstu útgáfu. En vitanlegt er, þegar um tvær eða fleiri útgáfur er að ræða, að þá getur þessi kostnaður jafnazt á útgáfurnar, þó vitanlega sé sjálfsagt, að höfundar bóka njóti einhverrar aukaborgunar, ef bækur þeirra ganga lengi. Það mætti vitanlega nefna fleiri liði áætlunarinnar, sem væru of háir, en ég játa, að ef ætti að ganga betur frá bókunum en tíðkazt hefir, þá mætti áætla einhverja viðbót fyrir þeim endurbótum. En þó að útsöluverðið hækkaði fyrir það úr kr. 1.65 upp í kr. 2.00, þá yrði það þó 33% lægra en það er á verri bókum nú, sem kosta kr. 3.00, og er það talsverður sparnaður frá því, sem nú er. Ég vil líka geta þess, að eftir skýrslunni er miklu meiri lækkun á sumum bókum en þetta, eins og t. d. landafræði Karls Finnbogasonar. Sú bók getur kannske lækkað sama sem um helming, úr kr. 4.25 í kr. 2.15. (**PHalld**: Það er sjálfsagt betra að segja kannske). Ég hika ekki við að segja kannske, því hvorki ég eða hv. frsm. minni hl. n. getur fullyrt neitt svo ákveðið um þetta, að ekki geti munað 10 eða 15 til 20 aurum. Ég hefi rætt um heildsölukostnaðinn við ríkisprentsmiðjuna, og hefir hún talið sig geta án aukins kostnaðar annazt útsendingu bókanna. Hinsvegar mun ekki verða komizt hjá einhverjum innheimtukostnaði, en hann yrði aldrei mikill. Ég geri ráð fyrir, að innheimtuna mætti fela manni, sem ekki þyrfti að hafa hana fyrir aðalatvinnu. Það ætti að vera auðvelt fyrir einhvern duglegan og góðan kennara að hafa hana sem aukastarf. Þar sem því ríkisprentsmiðjan gæti annazt geymslu upplagsins og útsendingu án kostnaðar, eru líkur til, að heildsölukostnaðurinn verði minni en hann nú er. Það bendir einnig til þess, að heildsölukostnaður nú sé óeðlilega hár, að margir þeirra, sem nú skrifa kennslubækur, gefa þær út sjálfir, til þess að komast hjá heildsöluálagningunni. Ég hygg, að ríflega helmingur af núgildandi kennslubókum sé ekki gefinn út af bókaforlögum, heldur af einstökum mönnum og kennurum, sem hafa samið þær. Hv. þm. ræddi um það í n. og einnig nú, að það þyrfti að gera þá menn, sem nú hefðu útgáfur í gangi, skaðlausa, en hvorki þá eða nú kemur

okkur saman um, á hvern hátt þeir eru skaðlausir. Meiri hl. n. telur, að 8. gr. frv. sé fullnægjandi í því efni, þar sem svo er fyrir mælt, að útgáfustjórn, eftir að hafa rannsakað, hver er meðalsala hverrar löggiltrar kennslubókar, skal ákveða, hve langan tíma eigendur slíkra upplaga megi selja bækurnar. Með þessum ákvæðum 8. gr. er bóksölunum tryggður sami réttur og þeir nú hafa, er þeir halda sömu sölumöguleikum og þeir hafa nú, eins og greinilega kemur fram í grg. frv. Að sjálfsögðu hafa þeir áhættuna af því, að yngri bækur, sem kunna að verða gefnar út, útrými þeim eldri, en sú áhætta er alltaf fyrir hendi, og mun í verðlagi þeirra bóka hafa verið gert fullkomlega fyrir áhættunni. Ég hygg því, að með góðri framkvæmd þessara l. sé bóksölum gert svo hátt undir höfði sem sanngjarnt er. Ég held, að þetta fyrirkomulag sé farsælla heldur en hitt, að yfirtaka gömlu upplögin, svo skólabókaútgáfan sé laus við þær bækur, sem sízt eru útgengilegar og undir öllum kringumstæðum verður tap á. Er þetta sjálfsagt líka vegna þess, að flestar útgáfur þær, sem nú eru notaðar, eru allgamlar, frá árunum 1927 til 1930. Munu ekki vera til nema tvær útgáfur, síðan 1930, sem hvorug er eign bóksala, heldur eru þær báðar gefnar út af kennurum. Viðvíkjandi því, að það eigi að gera útgefendurna skaðlausa af því, sem þeir nú eiga, þá finnst mér, eftir þeirri skrá, sem ég hefi hér fyrir framan mig, að svo hljóti að vera, að útgáfurnar séu búnar að borga allan kostnað, bæði myndamót og annað. Ég get t. d. nefnt náttúrufræði Bjarna Sæmundssonar, sem búið er að nota í áratugi; hún er áreiðanlega búin að borga sig, og svo bætist við sá tími, sem heimilt verður að selja þessa bók eins og hverja aðra skólabók, sem nú er í gangi.

Hv. þm. virtist ekki vilja gera mikið úr því, þó að fleiri bækur séu notaðar í sömu námsgrein, og taldi það jafnvel kost, að hægt væri að velja á milli þessara bóka. Ég hygg þó, að auðvelt sé að segja um það, þar sem tvær eða fleiri bækur eru í einni og sömu námsgrein, hver þeirra sé bezt, og ástæða fyrir því, að kennarar noti ekki allir sömu bókina, sé sú, að þeir hafi vanið sig á að nota vissar bækur. Vaninn er voldugur drottinn á þessu sviði sem öðrum, og hefir löngum mikið að segja. Ég hygg, að ríkisútgáfan hafi svo mikið betri skilyrði til þess að gera bækurnar betur úr garði heldur en nú er gert, að það vegi meir en fullkomlega móti þeim galla, sem hv. þm. telur vera, að ekki verður um að velja á markaðinum nema eina bók í hverju fagi. Hinsvegar tel ég það einmitt kost, því foreldrar þola það illa að þurfa ár eftir ár að kaupa nýjar bækur, eftir því sem kennarar hafa vanið sig á að nota. Foreldrar vilja miklu heldur, að notuð sé ein bók í hverju fagi, sem er valin eins vel og hægt er, og er auk þess ódýrari en bækur hafa verið til þessa. Það má náttúrlega segja, að það sé ekki mikið, 16000 kr. á ári fyrir skólabækur, miðað við sumar aðrar upphæðir, eins og t. d. berklavarnakostnað, sem er 1 millj. kr. Engu að síður er þetta tilfinnanlegur skattur fyrir fátæk heimili, og heyrist oft yfir því kvartað, að foreldrum sé hann erfið viðbót við annan kostnað. Það, hve mikið eigi að gefa fátækum heimilum af skólabókum, kemur ekki við þessu máli. Hér er aðeins um að ræða ríkisútgáfu skólabóka, en ekki hitt, hve miklu fé sveitar- og bæjarfélög eigi að verja til þess að styrkja kaup skólabóka. Ég hygg, að það eigi að ganga lengra í því en gert hefir verið að gefa eða styrkja fátæk barnaheimili til kaupa á skólabókum, þó ekki liggi fyrir till. um það nú. Ég er viss um það, að með því fyrirkomulagi, sem lagt er til með frv., má gera bækurnar betur úr garði, bæði hvað stíl snertir og ytri frágang, heldur en reynslan hefir sýnt að gert hefir verið hingað til, þar sem færustu mönnum verður nú falið að semja bækurnar og velja. Ég álít æskilegt, að bækurnar séu gerðar betur úr garði í ríkisútgáfu heldur en hægt er að ætlast til, að þær verði hjá þeim, sem gefa þær út í óvissu. Loks vil ég benda á það hér, þó það sé ekki beint svar við hinni hógværu ræðu hv. 5. þm. Reykv., að hér er ekki um mikið hagsmunamál að ræða fyrir bóksalana, því útgáfur þeirra eru flestar gamlar og hafa gengið og ganga á eðlilegan hátt eftir fyrirmælum frv., og ef ég ætti að nefna þann mann, sem búast má við, að yrði fyrir mestum halla við samþ. þessa frv., þá er það ekki einn af bóksölunum, heldur er það Jónas Jónsson, hv. þm. S.-Þ., sem hefir gefið út 4 bækur, 2 hefti af Íslandssögu og 2 hefti af dýrafræði. Nú er ég ekki að segja, að ekki sé hugsanlegt, að ríkið noti þessar bækur, en á þetta vildi ég benda, til þess að sýna, að það eru ekki fyrst og fremst bóksalarnir, sem halla líða. Steingrímur Arason hefir sjálfur gefið út sínar bækur, og sömuleiðis Elías Bjarnason og fleiri, sem mætti telja. Ég held það séu ekki nema 4 bækur, sem gefnar eru út af bókaforlögum, en það eru biblíusögur Klavenes og náttúrufræði Bjarna Sæmundssonar, sem gefnar eru út af bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, og lesbókin og barnabiblían af bókaforlagi Ísafoldarprentsmiðju. Mér finnst rétt að benda á þetta, þegar verið er að taka upp nýja tilhögun á útgáfu skólabóka eftir óskum skóla og kennara, tilhögun, sem mætti kalla ríkisrekstur, þá er rétt að sýna fram á það, að lítið hefir verið á hagsmuni bóksala við samningu þessa frv. Þetta kemur töluvert málinu við, því það er jafnan viðkvæmt mál, er slíkar ráðstafanir koma í bága við hagsmuni einstakra manna.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum að þessu sinni, en það vil ég taka fram, að það er mikilsvert, að bækurnar, sem börnin eiga að læra af, séu vel úr garði gerðar. Það muna allir síðan þeir voru börn, hve mikið var varið í góða bók og vel gerðar myndir, en skólabækurnar má gera miklu fremri að gæðum en hingað til hefir verið. Hingað til hefir enginn haft neinar skyldur í þessu efni, en með því frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því, að ríki og þjóð geti haft meira gagn en verið hefir af því mikla fé, sem ríkið leggur til þessara mála.

**Sigurður Einarsson** óyfirl. : Þegar um það er að ræða, hvort betra sé að gefa skólabækur út af ríkinu eða með þeim hætti, sem hingað til hefir viðgengizt, þá eru það nokkur atriði, sem gera verður upp, með hvoru fyrirkomulaginu

náist betri árangur. Ég vil ekki ganga framhjá því, að höfuðmarkmiðið er, að nægilega mikið og nægilega vel samið les- og námsefni sé fyrir hendi handa skólunum að fjalla um. Nú er það vitað mál, að það er ekki á færi annara en æfðra kennara að velja slíkt efni og skera úr um það, hverju eigi að bæta við eða breyta í nýrri útgáfu af einhverri bók. Ég vil benda á í þessu sambandi, að þegar öll skólastarfsemi er að taka stakkaskiptum og komast af frumstiginu hér hjá okkur, þá er það vitanlega fjarstæða, ef það ætti að vera komið undir geðþótta bókaútgefenda, hvaða bækur væri kostur á að nota. Einstaklingar mundu ekki taka sig fram um neinar nýjungar á þessu sviði, heldur nota þær útgáfur, sem þegar eru til, meðan þær entust. Ef ríkið hefði þetta á hendi, væri öðru máli að gegna, þá mundi yfirstjórn fræðslumálanna sjá um, að til væru hinar beztu bækur í hverju fagi. Ég man ekki eftir því, að í nokkur ár hafi komið út bók hjá bóksala í nýjum námsgreinum, sem í raun og veru var ekki undirbúin af kennara. Í sumum námsgreinum, sem teknar hafa verið fyrir í barnaskólunum, eru jafnvel engar bækur til, t. d. í átthagafræði, sem nú er farið að kenna í barnaskólum. Þar er ekki önnur kennslubók til en lítill leiðarvísir fyrir kennara, sem einn kennari var fenginn til að taka saman. Þannig er augljóst, að þessum málum er betur borgið í höndum ríkisins en höndum bóksalanna.

Þá er það annað atriði, sem skiptir miklu og búið er að ræða nokkuð um hér, en það er frágangur bókanna. Það atriði skiptir ekki síður miklu máli um þessar bækur, sem daglega eru notaðar, og það af börnum, sem ekki kunna að fara með þær. Og þó að hv. 5. þm. Reykv. tali ókunnuglega um þetta, þá er það vitað mál, að til eru kennslubækur, sem er ákaflega mikið ábótavant í þessu efni. Ég minnist sérstaklega tveggja bóka í þessu efni, sem mjög eru lélegar að frágangi. Þær eru ekki útgefnar af forlagi, heldur af einstökum mönnum, sem sýnilega hafa ekki haft efni á að gera þær betur úr garði, sem eðlilegt er. Því verður ekki neitað, að þannig er ástatt með allmikinn hluta þessara bóka. Hitt dettur mér vitanlega ekki í hug að segja, að svo sé um allar skólabækur, sem löggiltar eru, því það nær vitanlega ekki nokkurri átt.

Ég skal játa, að löggilding skólabóka getur að vísu haft áhrif á það, hvaða bækur eru gefnar út, en hún getur ekki eins og er haft frumkvæði að útgáfu þeirra. Menn koma með handrit og óska að fá þau löggilt, og þegar ekki er vitað um, að von sé á öðru betra, þá þykir það hart, ef synjað er um löggildingu, þó menn séu ekki allskostar ánægðir með hana, en það er ekki á betra völ, eins og löggildingunni er fyrir komið.

Þegar um það er að ræða, hvort ríkisútgáfa sé heppileg eða ekki, þá er verð bókanna vitanlega eitt af því, sem skiptir miklu máli. Það er augljóst af þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, að það er hægt að selja bækur í fyrstu útgáfu ódýrar heldur en nú er gert, og með hagkvæmari nýtingu en tíðkazt hefir. Eins og á stendur nú, þá þarf hvert barn hvað eftir annað að skipta um bækur, ef það fer milli deilda, eða þó ekki sé nema skipt sé um kennara, þá er foreldrum boðið að leggja til nýjar bækur, kannske oft á vetri, kannske aðeins fyrir það, að kennarinn felli sig betur við að nota aðra bók. Þetta getur verið í einstökum tilfellum. En hitt ræður engu síður, eins og tekið var fram af hv. þm. V.-Ísf., að menn eru vanir einhverjum vissum bókum og vilja ekki draga fjöður yfir það.

Inn í þennan eltingarleik um það, hvaða bækur eigi að kaupa, geta einnig komið beinlínis hagsmunalegar „interessur“. Það eru til skólar hér á landi, sem eru áskrifendur að vissum bókum af hagsmunalegum ástæðum. Og það eru til kennarar, sem „agitera“ fyrir og nota vissar bækur af svipuðum ástæðum. Þessi togstreita, sem að vísu er um mjög smávægilega hagsmuni, en kemur þó greinilega fram, bitnar á börnunum og foreldrum þeirra, og hún dettur algerlega úr sögunni, þegar ekki er um annað að ræða heldur en að nota ríkisútgáfubækurnar. Það eru talsverð brögð að þessu, og það er leiðinlegt og veldur mikilli óánægju. Fólki sárnar eðlilega að þurfa að tvíkaupa bækur í sömu námsgrein, án þess sjáanlegar ástæður séu til. Þó næst liggi hverjum kennara að nota þá bók, sem hann fyrst hefir lagt til grundvallar við kennslu sína í hverri grein, þá ætti fæstum að vera ofætlun að skipta um. Og engum myndi finnast, að nokkru væri tapað, þó einungis væri um ríkisútgáfubækurnar að ræða. Þegar alls er gætt, eru það ekki þægindi kennaranna né hagsmunir útgefenda, heldur fólksins og barnanna, sem á að taka tillit til.

Viðvíkjandi bókaskorti barna og bókagjöfum kennara til þeirra vil ég taka þetta fram: Ég ímynda mér, að hv. 5. þm. Reykv. viti það vel, þar sem hann hefir lengi verið í skólanefnd hér, að frameftir vetri kemur hér í skólana hópur af börnum bókalaus. Þeim er skipað að kaupa bækur og áminnt um það hvað eftir annað, en samt dregst það fram eftir öllum vetri. Annaðhvort hafa þau enga aura til fyrir bækurnar, eða um er að kenna kæruleysi foreldra eða barna. Og það eru dæmi til þess, að kennurum hefir gramizt svo þetta bókaleysi, að þeir hafa sjálfir látið af hendi fé til bókakaupa. Ég veit að vísu, að til eru í lögum ákvæði um ráðstafanir, sem eiga að koma í veg fyrir, að börn þurfi að vera bókalaus fyrir fátæktar sakir, en það er einhvernveginn svo um framkvæmd þeirra ákvæða, hvernig sem á því stendur, að þessarar aðstoðar leita færri en þyrftu. Hvort sem það er af því, að tregða sé á að fá þetta, eða að almenningur veit ekki um rétt sinn í þessu efni, þá leyfi ég mér að fullyrða, að þessi lagaheimild sé minna notuð en skyldi, og það bitnar á skólastarfinu og þeim kennurum, sem eru of áhugasamir til þess að láta sér á sama standa, hvort börnin hafa bækur eða ekki.

Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að foreldrum væri ekki þungur baggi bundinn með bókakaupum eins og nú er, svo þeirra hluta vegna væri ekki ástæða til að gera mikla byltingu hvað löggjöf um bókaútgáfu snertir, og taldi til í því sambandi ýms framlög önnur, sem hið opinbera léti í té til ókeypis kennslu, matgjafa o. fl. Það er rétt, að hið opinbera ber ærinn kostnað af skólahaldi barna. En slíkt getur aldrei réttlætt það, ef

kostur væri að hafa bækur ódýrari heldur en þær eru, að það sé eigi gert. Og þótt ekki sé um meiri kostnað en þetta að ræða, þá er það þó svo, að kennslubókakaupin eru fátækum og barnmörgum heimilum talsvert þungur skattur. Svo vill það nú ganga þannig, að auk námsbókanna er ýms annar kostnaður í sambandi við skólagöngu barnanna. Þau biðja um aura til eins og annars. fólkinu leiðist, ef ekki er hægt að láta það eftir og börnin taka það oft nærri sér. Það eru til skólar hér á landi, þar sem stéttamunurinn er það mikill. að börnin finna vel til þess, hver eru illa sett í lífinu og hver eru betur sett. Og því er ástæðulaust, þrátt fyrir ókeypis kennslu, matgjafir og lýsisgjafir, að bera á móti því, að æskilegt væri að lækka bókaverðið.

Það er ekkert til að hæla sér af, þó hið opinbera beri allþungar byrðar af uppfræðslu og skólahaldi barna. Það er talin skylda þjóðfélagsins að sjá föngum fyrir viðurværi, svo þeir séu óskemmdir af þegar þeir sleppa úr fangelsi. Með lögum eru börnin skylduð til að inna af hendi visst starf ár eftir ár í þágu þjóðfélagsins. Og námið, sem á börnin er lagt, er það mikil þrekraun, að það er margviðurkennd skylda þjóðfélagsins að sjá þeim fyrir nægilegu og hæfilegu viðurværi á meðan þau fást við það. Það er a. m. k. slæm „forretning" að gera það ekki.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um, að hér væri ekki um mikið efnahagsspursmál að ræða. Það er rétt, að það eru ekki stórar fúlgur, sem kaup og sala þessara bóka veltur á. En það var nú samt að heyra á þessum sama hv. þm. við fyrri umr. málsins, að þetta væri svo mikið fjárhagsatriði, að búast mætti við, að atvinna ýmsra bóksala legðist í rústir, ef frv. kæmi til framkvæmda. Einkaútgáfa skólabókanna er líka ljósastur vottur um það, að mönnum finnst þeir hagnast á henni. Menn vita og hafa reynslu fyrir því, að margt er óefnilegra en að gefa út kennslubók. Allt að helmingur þeirra kennslubóka, sem nú eru notaðar, eru gefnar út af „privat" mönnum, vitanlega ekki þeim til tjóns, heldur þvert á móti.

Vilji menn halda því fram, að núv. ástand á þessu sviði skapi fjölbreytni og mikið úrval af bókum í sömu grein, þá vil ég benda á, að það eru ekki margar hliðstæðar og álíka góðar kennslubækur, sem við þurfum að fá, heldur mikið og gott lesefni í hverri grein, hvort sem nú heppilegra þykir að gefa það út í einni bók eða fleiri heftum. Takmarkið er ekki tvær Íslandssögur, sem hvorug ber af annari, heldur ein, sem hefir allt inni að halda, sem hæfilegt þykir, að barnið nemi í þeirri grein. Og því takmarki er auðveldast að ná með ríkisútgáfu.

Þá langar mig til að víkja að brtt. á þskj. 351. Mér skilst, að samkv. 4. brtt. eigi yfirleitt að fela bóksölum útsölu kennslubókanna gegn 20% þóknun, en skólastjórar hafi hana aðeins með höndum, ef nauðsyn krefur. Ég get sætt mig við, að þóknunin fyrir söluna sé þetta — það er ekki nema hóflega í lagt —, en að ákveða, að bóksalar hafi útsöluna þar, sem því verður við komið, þótt jafnvel skólastjóri kynni að óska eftir að hafa hana, það finnst mér of hart að orði kveðið. Ég vildi heldur snúa þessu við, þannig að skólastjórar annist útsöluna að jafnaði, en heimilt sé að fela hana bóksölum gegn þessari þóknun.

Þá er 7. brtt. þess efnis, að kennslubækur barnaskóla skuli jafnan ganga fyrir við útgáfustarfsemina. Þessi viðbót er ég ekki viss um, að sé til neinna bóta. Það má gera ráð fyrir, eins og högum er háttað hjá okkur nú, að fyrst í stað yrðu aðallega gefnar út kennslubækur fyrir barnaskóla. En í vissum námsgreinum, sem kenndar eru í gagnfræða- og lýðskólum, er svo mikill hörgull á sæmilegum námsbókum, að ef það væri ekki bannað í l., er ekki óliklegt, að beinlínis yrði farið fram á að vinda bráðan bug að því að bæta úr þeim skorti. Sé ég ekkert á móti, að slíkum bókum væri skotið inn í, þegar nauðsyn þætti til. — Fleira sé ég svo ekki ástæðu til að segja um þetta mál.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)** óyfirl.: Herra forseti! Ég skal reyna að komast hjá því að vera langorður, þó mörg séu atriðin, sem vert er að minnast á.

Ég held því fram, að við í minni hl. menntmn. höfum sýnt fram á það með rökum, sem ekki hafa verið véfengd, að með ríkisútgáfu sé ekki hægt að lækka verð skólabókanna um þá prósenttölu, sem hv. meiri hl. heldur fram. Það má náttúrlega halda áfram að kasta fram þeim fullyrðingum, að hægt sé að lækka verðið um 40%, en það hefir ekki verið komið með neinar tölur eða nein dæmi, sem gera þá fullyrðingu sennilega. Ef sýnt væri fram á með fullum rökum, að þetta væri rétt, þá mundi mér ganga illa að mótmæla hér ríkisútgáfu á skólabókum. En ég geri það vegna þess, að ég þykist hafa sýnt fram á, að það sé alls ekki hægt að lækka verðið eins og hér er haldið fram.

Hv. þm. sagði, að frágangur og band kennslubókanna væri óvandað, og sumar þeirra væru notaðar lengur en æskilegt væri, vegna þess að útgefendurnir vildu ekki endurnýja upplögin. Um fyrra atriðið, að bækurnar séu óvandaðar hvað band snertir, er það að segja, að þetta er ekki annað en ein af fullyrðingum hv. þm. Ég veit, að bókaútgefendur hafa gert miklar tilraunir til þess að vanda bandið á skólabókum sem mest. En það er annað en gaman að binda bækur þannig, að þær þoli aðra eins meðferð og kennslubækur í barnaskólum sæta oft og tíðum. Eins og menn kannast við, notar smáa fólkið bækurnar jafnvel sem vopn í bardögum og kastar þeim til og frá. Bókbindararnir segja, að það sé ekki fyrir mennska menn að binda bækur til að þola slíka meðferð eins lengi eins og maður mundi óska eftir. Einn útgefandi gerði þá tilraun til þess að koma í veg fyrir, að bækurnar losnuðu upp úr bandinu, að hann lét binda þær í gegnum kjölinn. Það þótti ljótt og vont að opna bækurnar. Það er ekki gaman við þetta að fást, og það stafar ekki af því, að útgefendur tími ekki að ganga eins vel frá bókunum og kostur er, heldur af þeim teknisku örðugleikum, sem á því eru að binda bækur svo, að þær þoli alla meðferð. Það þýðir ekki að ásaka útgefendurna, því ég hygg, að frágangur skólabóka

hér sé yfirleitt fyllilega sambærilegur við frágang slíkra bóka erlendis. Að vísu er sinn siðurinn í hverju landi og ekki hægt að gera heildarsamanburð í fáum setningum. Hvað pappír og myndir snertir, þá er vitanlega ein bókin vel gerð að þessu leyti og önnur aftur að hinu, og yfirleitt held ég, að ekki sé rétt að segja, að það sé kastað höndunum til þess að ganga eins vel frá skólabókunum eins og kostur er.

Hv. þm. hélt fram, að ef aðeins væri ein bók í hverju fagi, þá mundi hún verða betri að innihaldi heldur en ef þær væru margar. Ef hægt væri að gera sennilegt, að bækurnar verði betri, ef aðeins er um eina að ræða í hverju fagi, þá væru það vitanlega mikil meðmæli með þessu frv. En ég hefi enga trú á slíku. Eins og nú er, eru kennslubækurnar samdar af framtakssömustu mönnunum, kennurum, sem finna hjá sér hvöt, og þá um leið einhverja hæfileika, til þess verks. Kennari, sem tekur sér fyrir hendur að semja kennslubók, finnur betur en hinir, sem ekki gera það, þörfina fyrir nýja kennslubók; hann hefir a. m. k. framtakssemina framyfir þá, og þá venjulega jafnframt eitthvað fleira. Hinir kennararnir, sem síðan nota bókina, finna vitanlega galla hennar og „kritisera" hana, en þar fyrir er ekki sagt, að þeim hefði tekizt betur. Og ég hefi enga trú á, að það megi treysta því, að handrit, sem ríkisútgáfan pantar frá einhverjum sérstökum manni, ef hún telur ekki heppilegt það, sem fyrir hendi er, verði neitt betri.

Það er rétt hjá hv. þm., að nokkuð af þeim kennslubókum, sem nú eru notaðar, eru að verða gamlar og hafa gengið af sér barnaskóna, og ég játa, að það er sjálfsagt að gefa út bækur í staðinn fyrir þær, a. m. k. þegar einhver höfundur kemur með handrit, sem tvímælalaust tekur því gamla fram. En hitt er rangt, að líkur séu til þess, að bækurnar verði nokkuð betri, þó handritin séu gerð að tilhlutun fræðslumálanefndar.

Hv. þm. sagði, að þróunin nú á tímum væri sú, að menn væru farnir að álíta ríkisútgáfu skólabóka heppilegri en einstaklingsútgáfu. Studdi hann það með því, að tvö stór bókaforlög í Svíþjóð hefðu slegið sér saman, og virtist hann telja, að með því væri í aðalatriðunum komin á einkasala á kennslubókum í Svíþjóð. En það fer fjarri því, að svo sé. Þó þetta væru stór forlög, þá gefa þau ekki út nema brot af þeim kennslubókum, sem notaðar eru í Svíþjóð, og þau hafa engan einkarétt eða stuðning frá ríkisvaldinu, heldur gefa út bækur sínar í samkeppni við aðra útgefendur í landinu. Ég skal nefna lítið dæmi um það, að þó að til séu mjög stór forlög, þá er langt frá því, að þau hafi nokkurt ofurvald í þeim löndum, þar sem einstaklingsframtakið ræður. Það kom þýzkur bóksölumaður til Danmerkur í haust til þess að kynna sér ástandið í danskri bókaverzlun, þó Þjóðverjar séu að vísu lengst komnir á því sviði. Hann sá þar stórt og mikið forlag, sem Gyldendal heitir og allir kannast við. Þegar hann kom heim, skrifaði hann ritgerð í „Börsenzeitung", þar sem hann segir, að í Danmörku sé útgáfufyrirtækið Gyldendal svo voldugt, að það beri höfuð og herðar yfir alla aðra útgefendur, svo að á öðrum beri ekkert. Sé það að verða eina útgáfufyrirtækið í Danmörku, eða því sem næst. Hann segist ekki hafa séð í nokkru landi svo voldugt fyrirtæki í þessari grein. Hann sér þetta eina stóra tré, en gleymir smágróðrinum allt í kring. En kunnugir menn hneykslast vitanlega á svona upplýsingum. Þetta er að vísu stórt fyrirtæki, en það er þó að loka augunum fyrir aðalatriðum, að segja svona frá, því að af 3000 ritum, sem árlega eru gefin út í Danmörku, gefur þetta fyrirtæki ekki út nema 300. Það er ekki nema 1/10 af bókaútgáfu Dana, þó að það líti út svona stórkostlega í augum lítt kunnugs athuganda. Það má ekki telja fram sem röksemd fyrir þessu frv., að þessir tveir miklu bókaútgefendur í Stockholm hafi slegið saman reytum sínum og stofnað sameiginlegt skólabókaforlag. Þeir gefa áreiðanlega út miklu meira en eina skólabók í hverju fagi og meta sjálfir, hvaða bækur þeir gefa út. Þar gerir ríkið ekki aðrar kröfur en þær, að matið á þessu starfi sé í höndum þeirra, sem þurfa að nota bækurnar. En því fer fjarri, að þessir tveir útgefendur sjái landinu fyrir öllum kennslubókum. Þeir eru aðeins liðir í þeirri útgáfu, e. t. v. mikill liður.

Hv. frsm. sagði, sínu máli til stuðnings, að ríkið hefði nú eftirlit með uppeldi og fræðslu barna, m. a. með skólunum. Þetta er rétt. En þar af leiðir ekki, að ríkið eigi að ráða því, hvað börnum er kennt í hverri grein og hvað ekki. Í hverri grein er til mikill forði til að kenna, en í hverri kennslugrein kemst ekki fyrir nema lítill hluti af þeim forða. Hér er fram á það farið, að ríkið ráði, hvað valið er úr til að kenna börnunum. Þetta er tilraun til að einoka skoðanir. Hún kemur aðeins fram í mildara formi að því leyti, að hér er aðeins talað um barnaskóla, og er hægt að segja, að kennarar ráði, hvar þeir fara út fyrir bókina. Það er, skulum við segja, nokkuð á valdi kennara, hvað valið er til að kenna börnunum. En þetta er þó engu að síður mikilsvert atriði. — Hv. frsm. meiri hl. menntmn. og form. n. sagði, að ríkið ætti að ráða kennslufefninu, eins og skólunum og eftirliti með fræðslu barna, og þá væntanlega líka því, hvað kennarar kenni hver um sig. Ég skal játa, að það er örðugt að einoka þetta, þótt kennslubækurnar verði einokaðar, þar sem kennarar eru svo margir. En þó má komast langt í þessu efni með kennslu kennaraefna og þeirri aðstöðu, sem ríkið hefir til að ráða útsýn kennara. Og þetta er komið enn lengra áleiðis, ef fræðslumálastjóri ásamt 2 mönnum má ákveða, hvað standa skuli í bókunum. Á þetta er ekki minnzt í frv. eða grg. né heldur í nál. meiri hl. En þetta er þó mikið atriði. Menn greinir mjög á um þetta atriði víðast hvar um heim. Það eru að vísu til ríki í veröldinni, þar sem ekki er litið á annað en skyldur og heimildir ríkisvaldsins í þessum efnum. En sú stefna er fremur deyjandi en vaxandi, bæði þar og annarsstaðar.

Hv. frsm. tókst illa til, þegar hann reyndi að bera þetta saman við símatólin, sem ríkið leigir mönnum við því verði, sem því lízt. Mér finnst þetta líkjast ýmsu öðru í sambandi við símann meira en símatólunum. Fyrst og fremst er sú hlið málsins, sem snertir efni og innihald þess, sem kunnugt er, engan veginn sambærileg við símatólin. Og svo er annað, sem síminn heimtar

ekki einokun á. Það má hver segja í símann það, sem honum lízt. Hér er ekki, svo að vitað sé, censur á símtölum, þó að það eigi sér stað sumstaðar. Og síminn einokar ekki pappír. Má afhenda símskeyti á hvaða pappírsblaði sem vera skal, og fæst það eins sent fyrir því.

Hv. frsm. sagði, að löggilding á skólabókum væri engan veginn nægileg til þess að ríkið hefði óskoruð ráð að því, er bækurnar snerti. Hann sagði, að n. væri ekki einráð um það, hvernig bækurnar væru búnar úr garði, hún gæti ekkert gert, fyrr en höfundur kæmi með handrit sitt og útgefandi með myndamót og annað. Þessu væri öllu búið að ráðstafa fyrirfram og ekkert fyrir n. að gera annað en segja já eða nei. Þetta á ég bágt með að skilja. Ég er sannfærður um, að þetta er ekki rétt. Ef fræðslumálastjóri léti þá ósk í ljós við höfund nýrrar bókar, að hann semdi nú verulega góða bók í þessu fagi og lofaði því, að hún skyldi þá verða löggilt, ef hann talaði við útgefandann og segði, að ef hann veldi góð myndamót og annað því um líkt, þá skyldi verða með henni mælt og hún verða í uppáhaldi, þá er ég sannfærður um, að bókin fengist gefin út, jafnvel þótt engin ríkisútgáfa væri til. Ég er sannfærður um, að hann þarf ekki að bera það fyrir sig, að n. sé fyrirmunað að koma á framfæri bók, sem hún telur nauðsynlega, og með þeim frágangi og því verði, sem hún sættir sig við. Hann svarar e. t. v., að eins og l. er nú háttað, komi þetta hvorki fræðslumálastjóra eða n. við. En ég vil þá spyrja: Kemur þá sú skylda, að fræðslumálan. og fræðslumálastjóri skipti sér af þessu, fyrst til, ef um ríkisútgáfu er að ræða?

Hv. frsm. sagði, að heildsöluhagnaður væri nokkur á skólabókum, eins og sýndi sig á því, að ýmsir kennarar gæfu þær sjálfir út til að komast hjá heildsöluálagningu útgefenda. Það er rétt, að nokkuð af skólabókum er gefið út af öðrum en hinum eiginlegu útgefendum. Mönnum er þetta frjálst, ef þeir vilja. Svo frjálslegt er okkar þjóðfélag. Ég sem bókaútgefandi fer ekki fram á annað en að þetta haldi áfram að vera frjálst. En þetta sannar ekki, að ágóði af bókaútgáfunni sé mikill, heldur hitt, að þeir, sem gefa út bækurnar, sjá, að meðan fyrirhöfn af þessu er ekki meiri en svo, að þeir geti bætt þessu við sín daglegu störf, þá gera þeir það, og er það eðlilegt, því að þannig hagnýta þeir sér fritíma sinn. En þar með er ekkert upplýst um það, hver sá ágóði er. Mér er nær að halda, að hjá þeim, sem gefið hafa út stórar kennslubækur undanfarin ár, hafi ekki orðið mikill hagnaður, ef allur kostnaður er nákvæmlega reiknaður. Auk þess kemur æðioft fyrir í þessu frjálsa fyrirkomulagi, að sá hagnaður, sem verður á einni bók, tapast aftur á annari. Svo að það er að miklu leyti rétt, sem hv. frsm. talaði um, að það hefði mikla þýðingu fyrir rekstur stórra fyrirtækja, að enga samkeppni væri um að ræða. En þar kemur þó annað á móti. — Það má segja, að við séum aðallega ósammála um einn lið, sem er kostnaður forlagsins heima fyrir. Ég hefi áætlað hann ¼ af nettóandvirði seldra bóka. Af þessum ¼ verður að kosta reikningshald, bókfærslu, húsnæði o. fl. Og það verður ekki lítið húsnæði, sem með þarf, ef útgáfan á að vera í þessu formi. Það er hvorki meira né minna en mörg hundruð tonn af pappír, sem geyma þarf. Skrifstofukostnaður getur orðið óðýr. Aftur getur útsendingarkostnaður orðið talsverður. T. d. tekur Gutenberg hann að sér fyrir 10% þóknun. Ef reka á þetta fyrirtæki þannig, að kostnaður heima fyrir nemi ekki meiru en 10% af nettóverði, þá verður það ekki gert með öðrum hætti en þeim að koma kostnaðinum fyrir á öðrum liðum. Og ég er sannfærður um, að útsendingarkostnaður verður ekki aðeins 10%, heldur miklu meiri. Gæti ég haldið, að sá kostnaður allur yrði ekki minni en 40% af því, sem selt er.

Þá vil ég benda á, að ekki verður hjá því komizt að reikna yfirstjórn þessa fyrirtækis, þrem mönnum, álíka upphæð og þær, sem greiddar eru fyrir svipuð störf, segjum 1000 kr. á ári hverjum manni. Þann kostnað verður þá að telja með. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)** [frh.]: Ég skal þá taka til aftur þar, sem frá var horfið í gær, þegar fundi var slitið. Ég sé ekki, að komizt verði hjá því að taka tillit til þeirra manna, sem haft hafa útgáfu skólabóka á hendi, með því að gefa ekki út nýjar bækur fyrr en selt væri að mestu upplag hinna eldri bóka, sem nú eru í notkun, eða þá að ríkisútgáfan keypti þau upplög, sem óseld væru, eins og t. d. tóbakseinkasalan keypti birgðir þær, sem fyrir voru, þegar hún tók til starfa. Mér virðist það sjálfsagt skylda að draga þannig úr tjóni þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. Hv. frsm. sagði, að ekki væri réttlátt eða sanngjarnt, að ríkisútgáfan tæki við þeim bókum, sem komnar væru úr notkun. Þetta yrði vitanlega að vera samningsatriði, þar sem lagt væri til grundvallar það tjón, sem eigandi upplagsins biði í hverju tilfelli. Líkt er að segja um myndamótin. Hv. frsm. hélt því fram, að þau myndu þegar búin að borga sig. Það kann að vera, að í sumum tilfellum séu þau orðin útgefanda lítils virði, en sum geta verið ný og útgefanda í fullu verði, og er auðsætt réttlætismál, að slík myndamót yrðu keypt, þó að bókinni kynni að verða breytt svo, að þau kæmu ekki að fullu gagni í nýrri útgáfu. Þetta þyrfti allt að meta á sanngjarnan hátt. Aðalatriðið er, að ríkið viðurkenni þá skyldu, að bæta að einhverju leyti þeim mönnum, sem bíða tjón af þessari löggjöf.

Hv. frsm. minntist á fjölda skólabókanna og óánægju heimilanna út af tíðum bókaskiptum. Hann hélt því fram, að það mundi frekar ráða einhver vani hjá kennurum, hvaða bók þeir notuðu, heldur en það, að þeim fyndist betra að kenna eftir einni bók en annari. En ég held, að þessu sé ekki svo varið. Ég held, að kennslubækurnar séu miklu fremur margvíslegar vegna þess, að kennararnir séu ekki vanafastari en það, að þeir taki góða kennslubók fram yfir þá, sem fyrir er, ef hennar er kostur. Ég held, að það verði aðeins til tjóns að einskorða notkun bókanna eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég get alls ekki fallizt

á, að það sé vani, sem hér ræður hjá kennurunum, heldur það, að þeir vilji jafnan nota þá bók, sem þeir álita bezta.

Ég hefi tekið það fram áður, að mér virðist kostnaðarhlið þessa máls ekki hafa verið sýnd svo ljóst sem skyldi, og ég er ósammála því, sem hv. frsm. sagði um heildsöluálagið. Hann sagði, að hægt mundi að komast að samningum við Gutenberg um lægra gjald, en það sýnir þá bara, að prentsmiðjan vill taka á sig halla til þess að fá þetta í sínar hendur. Það gæti verið búhnykkur fyrir prentsmiðjuna samt sem áður. Hann sagði um bókbandið, sem ég lýsti, að það væri misjafnlega af hendi leyst og misjafnlega dýrt og að hægt mundi vera að fá það fyrir lægra verð en ég gerði ráð fyrir. Ég efast ekki um, að þegar talað væri um, hvað bókbandið gæti verið ódýrast, þá myndi einhver svara, að hann gæti leyst af hendi fyrir 40 aura það, sem ég áætlaði 50 aura. En það er ekki líklegt, að það yrði vinsælt af bókbindurum, að þannig væri farið niður fyrir þeirra gjaldskrá, og óvíst, hve heppilegt það væri fyrir ríkið að þrýsta verðinu svo langt niður, að hætta væri á, að vinnubrögðin versnuðu. Kostnaðurinn fer mest eftir því, hvernig verkið er leyst af hendi. Það kostar mikið að binda vel, en lítið að binda illa. Yfirleitt hefir ekkert komið fram, sem hnekkir þeim tölum um kostnaðarliðina, sem tilfærðar eru í nál. minni hl. Það þýðir ekkert að koma með fullyrðingar um það, að þetta eða hitt sé hægt að fá fyrir svona og svona lítið án þess að sýna það með rökum og reikningum. Ég vil spyrja hv. frsm. meiri hl., hvort hann hafi í raun og veru gert sér grein fyrir, hvað um var að ræða, þegar hann talaði við Gutenberg um heildsölu, geymslupláss o. s. frv. Ég held, að Gutenberg hafi ekkert húsnæði fyrir þetta, og byggi ég þar á minni reynslu um viðskipti við prentsmiðjuna. Hún gæti vitanlega byggt geymsluhús, en það mundi ekki kosta innan við 20 þús. kr., og það eykur ekki lítið kostnaðinn. Það mundi auka kostnaðinn um 2000 kr. á ári, ef miðað væri við 10%, og um 1600 kr., ef miðað væri við 8%, og það væri ekki hægt að reikna með minna. Það þarf ekkert smáræðis pláss fyrir pappirsbirgðir og upplög. Geymslan ein mundi kosta mikið fé. Menn verða að gæta að því, að hér kemur margskonar kostnaður til greina, og þó að *mönnum vaxi ekki í augum hver einstakur liður*, getur summa þeirra orðið mikil og rekstrarkostnaðurinn þungur baggi, þegar öll kurl koma til grafar.

Þá þykir mér ólíklegt, þó að kennarar hafi góðan áhuga á þessum málum, að þeir fáist til að vinna nokkuð að þeim frítt eða ókeypis. Svo vofir sú hætta alltaf yfir, að heitt sé síðasta orði, jafnvel þó form. n. og frsm., sjálfur fræðslumálastjórinn, hafi þar eftirlit.

Ég sagði, að þetta væri ekki mikið verzlunarfyrirtæki, sem ekki hefði nema 16 þús. kr. á bak við sig sem ársveltufé. Mér fannst hv. þm. hafa misskilið það, sem ég sagði. Ég hafði að vísu bent á, að kostnaður mundi ekki verða meiri en 10—12 kr. fyrir barn á ári, eða kannske lítið eitt meiri, og fannst það ekki tilfinnanlegt fyrir heimilin, þegar það er eini kostnaðurinn af barnafræðslunni og mörgum börnunum gefinn matur og jafnvel fatnaður. Hv. frsm. notaði þetta tilefni til þess að snúa því að mér, að ég væri af hagsmunaástæðum andstæður svona ráðstöfunum, en það var tilefnislaust frá minni hálfu að ræða þar um. Hitt atriðið, að gæði bókanna hljóti að aukast og betra snið að komast á allt saman, þegar það er komið undir vald kennarastéttarinnar, er í raun og veru bara blekking. Ég verð að segja, að ég tel ekki, að það sé kennarastéttin, sem semur bækurnar, gefur þær út og sér um sölu, heldur verða það alltaf einstakir menn eftir sem áður, undir eftirliti fræðslumálastjóra. Það eftirlit á hann að hafa nú, og mætti herða á því, eftir því sem ástæða þætti til. Að bækurnar yrðu betur úr garði gerðar að prentun og ytri frágangi af fræðslumálastjóra og ríkinu en í höndum einstaklinga, er hreinasta fjarstæða. Ef nefnd sú, sem eftirlit hefði með útgáfu bókanna, gerði ákveðnar kröfur um útlit og frágang, mun áreiðanlega orðið við þeim. Ég vil undirstrika þetta, og það er því engin ástæða fyrir ríkið að leggja út í bókaútgáfu til þess að koma því í betra horf — á því er vissulega engin þörf.

Það er að nokkru leyti satt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta er ekki mikið hagsmunamál fyrir bókaútgefendur. Það er heldur lítið af kennslubókum barnaskólanna á þeirra forlögum. Þetta hefir færzt í það horf á síðustu árum, að margir kennarar hafa gefið bækur sínar út sjálfir, og hinsvegar ekki mikill hagnaður af því. Það er alls ekki þess vegna, sem ég tala á móti þessu máli, að þetta sé svo mikið hagsmunamál fyrir bókaútgefendurna. Það er alls ekki aðalatriði, þó að þeir eigi sama rétt og aðrir atvinnurekendur, að fá að stunda sína atvinnu, og að aðrir eigi ekki frekar kröfu til þess. Það hafa verið talin hér upp nöfn nokkurra manna í sambandi við bókaútgáfuna, en ég mun ekki fara inn á að nefna nöfn, því mér finnst það ekki koma málinu við. Ef málið er rétt og gott og horfir til almennra nota og framfara, á það fram að ganga án tillits til þess, hvort það veldur mér eða öðrum einstaklingum óþægindum eða tjóni. En það má bæta þeim þann skaða, sem það veldur, á sanngjarnan hátt. Ef álitið er, að þetta sé til þjóðnytja, á ekki að fara eftir því, hvað einum eða öðrum kemur bezt. En ég tel, að ríkisvaldið geti stuðlað að þessu á annan hátt betur en að taka á því ríkisrekstur. Hv. frsm. sagði, að heimilin og skólarnir ættu kröfu um þetta á ríkið. Þá kröfu „respektera“ ég ekki og henni á ekki að sinna nema í samræmi við alþjóðarvilja og alþjóðarhag. En ég neita því afdráttarlaust, að svo sé hér.

Hv. 9. landsk. hafði ekki miklu við að bæta það, sem frsm. meiri hl. sagði. Þó var þar ýmislegt, sem ég vildi minnast á. Hann sagði t. d., að skólastörfin væru að taka æríð miklum stakkaskiptum og að ekki væri líklegt, að bókaútgefendur tækju þær nýjungar upp, sem tímarnir krefðust. Ég veit nú ekki, hvaðan hv. þm. hefir þessa speki. Hann nefndi bók, sem ekki hefði fengizt, og hann hefði því þurft að nota aðra, sem honum líkaði ekki. Það er satt, að það er ekki hægt að fullnægja í öllum náms-

greinum nema með tjóni fyrir útgefendurna. Ég get t. d. búizt við, að erfitt sé að fá gefna út bók, sem aðeins er kennd í kennaraskólanum og selst í ca. 20 eint. á ári. Í svona tilfellum á ríkið að hjálpa með góðum og miklum styrk, eða jafnvel að gefa bækurnar út sjálft. Þetta finnst mér réttmætt, ef um sérstaka þörf er að ræða. En ég vil í þessu sambandi benda á, að það er oft talin þörf, sem engin þörf er fyrir. Á síðustu tímum hefir komið upp sú stefna, að koma út íslenzkum kennslubókum í sem flestum námsgreinum, og munu nú vera til kennslubækur í flestum almennum fögum. Er ekki nema gott um það að segja, að þurfa ekki að nota bækur á erlendum málum, og hefir ákafleg framför orðið í því á síðustu 10—20 árum. En ég tel sjálfsagt, að ríkið sjái um útgáfu kennslubóka fyrir æðri skóla, t. d. lærdómsdeild menntaskólanna, háskólann o. s. frv. Þessar bækur er ekki um að ræða, að bókaútgefendur geti gefið út án styrks, og mætti því segja, að þar sé verkefni fyrir ríkisvaldið, en að það ætti ekki að skipta sér af þeim hlutanum, sem séð er fyrir, og því engin þörf fyrir íhlutun þess. Ég er viss um, að það þyrfti ekki aðeins 6—8 þúsund kr. á ári um næstu 6 ár, heldur miklu meira fé í svona fyrirtæki. Og hvaða ástæða er fyrir ríkið að fara að gefa út bækur í þeim fögum, sem ekki er þörf á? Það er ekki eins og það þurfi að vera afskiptalaust frá hálfu ríkisins eins og nú er. Ég held, að framtak bókaútgefendanna vanti ekki. Það hefir tekizt að fá gefnar út bækur, sem var gersamlega víst, að aldrei borguðu kostnaðinn við útgáfuna. En þeir hafa brotizt í að gefa þessar bækur út vegna þarfar, þó fyrirsjáanlegt væri, að það bæri sig ekki, en því aðeins var það mögulegt, að útgáfa annara bóka bar sig betur. Það er því óhætt að fullyrða, að framtakið er nóg, og jafnvel fram úr því. En þar fyrir utan eru verkefni, sem ómögulegt er að fullnægja nema með aðstoð ríkisins, og finnst mér, að það ætti því að snúa sér að þeim.

Hv. frsm. meiri hl. var að tala um efni bókanna og frágang. Ef hann hefði hlustað á það, sem ég sagði um þá hluti í fyrri ræðu minni, þá hefði hann getað sparað sér þau orð. Enda kom hann aðeins með venjulegar aðfinnslur, en engin rök. Börnin fara yfirleitt svo illa með bækurnar, að ómögulegt er að binda þær svo, að dugi, þegar þær eru notaðar fyrir skotvopn og barefli, eins og ekki mun sjaldgæft í barnaskólum, og jafnvel lýðskólum.

Mér þótti gaman að heyra hv. frsm. segja, að löggildingarnefndin ætti ekki að hafa frumkvæði að bókaútgáfu. Svona er það með þessar nefndir og ríkiseftirlit. En ég er búinn að segja, að ef nefndarmennirnir vildu eiga frumkvæðí að útgáfu ákveðinna bóka og setja ákveðin skilyrði um útlit og annað, þá fullyrði ég, að þeim kröfum mundi verða fullnægt. Hv. frsm. reyndi ekki að hrekja þetta, enda er það ekki hægt, því þessi fræðslumálanefnd hefir ekki átt frumkvæði að bókaútgáfu. N. sú, sem hefði eftirlit með löggildingu, þyrfti að fylgjast vel með, og ef hún teldi ástæðu til, að eiga frumkvæði að útgáfu góðra og nauðsynlegra bóka. En ég hefi enga trú á, að frumkvæði n. vakni sérstaklega við það, að ríkið taki að sér útgáfuna, þar sem hún hefir látið það undir höfuð leggjast meðan hún hafði eftirlitið. Ég hefi enga trú á, að þeir verði framkvæmdasamari, þó að þeir verði forstöðumenn fyrir ríkisfyrirtæki.

Ég vil nú spyrja: Fyrst þessi n. var svona dauf og framkvæmdalítil, hvers vegna hafði þá ekki fræðslumálastjóri frumkvæði í þessum málum? Mér þykir einkennilegt af frsm. og fræðslumálastjóra að koma hér fram fyrir Alþingi og kvarta um hitt og þetta frá undanförnum árum, án þess að rökstyðja það á nokkurn hátt. En hvar er hans eftirlit, og hvar er hans frumkvæði? Ég hefi fullyrt og fullyrði enn, að hægt sé að fá gefna út hverja þá bók, sem fræðslumálastjóri vill, án þess að ríkið taki útgáfuna í sínar hendur. Það er einkennilegt, að nú skuli allt í einu koma fram rödd um margar þarfir á þessu sviði, sem ekki hafi verið fullnægt, og heimta ríkisútgáfu, án þess nokkur gangskör hafi verið gerð að því að fullnægja þeim á annan hátt. Hefði það verið gert, mundi ríkisútgáfa ekki hafa verið talin nauðsynleg. Þetta hefir því verið rækt öðruvísi en skyldi. En sú setning hv. 9. landsk., að þessi fræðslumálanefnd og fræðslumálastjóri ættu ekki að hafa frumkvæði að útgáfu skólabókanna, er svo merkileg og fróðleg, að ef svo á að verða í framtíðinni, mótmæli ég harðlega, að það sýni eða sanni, að þörf sé á því, að ríkið taki að sér útgáfu skólabókanna.

Af því allmikið hefir verið talað um, að skipti á kennslubókum væru óþarflega tíð, vil ég bæta því við, að það er svo um þessi skipti, að þau eru ekki annað en það, að bók er keypt fyrr en nauðsynlega þyrfti, og miðast við það, að fleiri en eitt barn á að nota þær, og tekur þá eitt barnið við af öðru, því sem betur fer er það enn svo hér á landi, að á flestum heimilum eru fleiri en eitt eða tvö börn, og nota þá oft mörg sömu bókina. Oft er líka skipt um bók fyrr en ella mundi vegna þess, að ekki geðjast öllum að sömu bók. Mér leiddist sú fullyrðing, sem hér hefir komið fram, að ástæðan til bókaskiptanna væri oft hagsmunir kennaranna sjálfra. Að þeir gerðu samning við aðra kennara um að láta börnin kaupa þær bækur, sem þeir gefa út. Ég hefi nú ekki trú á, að þetta sé satt, og fannst það koma úr hörðustu átt, frá kennara við kennaraskólann. En svona er þetta; þegar kennararnir sjálfir gefa bækurnar út, þá gengur um það grunur og hvíslingar, að þeir geri það í eiginhagsmunaskyni, og getur valdið óánægju og erfiði meðal kennara. Ég verð að líta svo á, að ekki sé tilhlýðilegt að bera fram þessar ásakanir hér í þingsölunum, nema færa á þær fullar sönnur, sem hv. þm. hefir ekki gert, heldur kastar hann hér fram óverðskulduðum ásökunum á hendur kennara um, að þeir hafi sín á milli samband um að auka bókakaup heimilanna. Þessu vil ég neita sem algerlega tilhæfulausum áburði.

Það var dálítið ósamræmi í einni setningu hjá hv. 9. landsk. Hann sagði, að það væri fólkið, sem notaði bækurnar, sem ætti að ráða því, hvaða bækur það vildi hafa. Ég er nú frjálslyndur og demokrat, en þetta finnst mér þó of langt gengið, að láta foreldrana ráða um hverja bók. Þetta er því ómöguleg setning og óhæf til

framkvæmda, þó það styðjist við það, sem hann sagði að sjálfsagt væri vegna skólaskyldunnar, að ríkið gæfi allar bækur til barnaskólanna. Ég verð nú að segja, að mér þykir skörin vera farin að færast upp í bekkinn, ef þau réttindi, sem ríkið skapar, eiga að fara að teljast skyldur á þeim, sem þiggja, sem þurfi að bæta fyrir með enn meiri fríðindum. Ef rökstyðja á þetta þannig, að foreldrarnir eigi því meiri kröfu á ríkisvaldið, sem meira er gert fyrir börnin, þykir mér röksemdirnar fara að verða nokkuð einkennilegar hér á þessu háa Alþingi. Vitanlega er skólaskyldan réttindi landsmanna. Þetta stendur í grg. frv., sem mig grunar, að hv. 9. landsk. hafi samið, ef samningu skyldi kalla, því að aðeins einni setningu hefir verið breytt frá því, þegar það var lagt fyrir þingið 1932, og þá var aðeins einni setningu breytt frá því, sem áður var, 1931, þegar frv. var lagt fyrir þingið. Samt á svo að heita, að hv. þm. hafi samið þetta frv., til þess að leggja það fyrir þetta þing.

Hv. þm. segir til framlengingar á þessari fullyrðingu sinni í grg. frv., að börnin séu oft bókalaus langt fram á vetur hér í Rvík, því að hann er aðallega kunnugur þessu hér. Svo endi þetta venjulega með því, að kennarinn gefi barninu bókina. Hann segir, að þegar það sé upplýst, að fátæk börn geti ekki keypt bækur, fái þau bækurnar ókeypis hjá sveitarsjóði. Þetta er gamla sagan, sem endurtekur sig. Þetta er hugsunarháttur þeirra sósialistanna. Það er meiri uppgötvunin, að þau börn, sem eru svo fátæk, að þau geta ekki keypt bækur, fái ókeypis bækur! Það má mikið vera, ef ekki verður farið að örva menn til þess að kaupa ekki bækur, þar sem ríkið kostar börnin í skóla. Hv. þm. segir, að börnin geti ekki keypt bækur. Þetta er aðeins í samræmi við aðra málfærslu þeirra sósialistanna. Fyrst og fremst get ég ekki trúað því, að mörg börn séu bókalaus langt fram á vetur, af því að foreldrar þeirra geta ekki keypt bækur. Fyrir getur þetta komið, þótt ekki sé öllum vel við að þurfa að sækja þetta í sveitarsjóð, frekar en aðrar nauðsynjar sínar. En hv. þm. má ekki gleyma því, að til er nokkuð, sem nefnt er trassaskapur. Þetta bókaleysi stafar ekki alltaf af fátækt. Trassaskapur er jafnvel tíðari. Hv. þm. talar því út í bláinn í þessu efni. Hann segir með einni setningu það, sem þarf ef til vill heilar bækur til þess að afsanna. Það er venjulega fljótlegra að fullyrða en að færa sönnur á það, sem fullyrt er. Þetta er eitt af mörgum atriðum grg., sem eru alveg ósönnuð.

Nú vil ég koma að því atriði, sem hv. þm. sneri alveg við sannleikanum í, og það var skólaskyldan. Hann segir, að hún sé kvöð á mönnum, og á móti henni eigi helzt að koma einhver fríðindi, t. d. ókeypis bækur, matur og mjólk í skólanum. Hann sagði að vísu, að það væru vissar þarfir, sem nauðsynlegt væri, að ríkissjóður tæki að sér í sambandi við skólana. Mér datt í hug skófatnaður og annar fatnaður. Skólaskyldan er ekki kvöð á landsbúum. Þvert á móti er hún réttindi borgaranna. Þessi réttindi voru svo dýrkeypt fyrst eftir að þessum málum var komið í fast horf með löggjöf, að eingöngu sæmilega efnaðir menn gátu aflað sér menntunar. Þá var fræðslan talin svo mikils virði, að sá, sem gat tileinkað sér hana, var talinn hafa sérréttindi fram yfir aðra borgara þjóðfélagsins og betri lífsskilyrði en þeir, sem ekki höfðu efni á að eignast þessa menntun. Þegar skólaskyldan verður almenn, er þessu alveg snúið við. Þá er talið, að hún sé þvingun og bölvun, sem ríkisvaldið þurfi að bæta upp með allskonar fríðindum. Það þarf ekki annað en að benda á þetta, til þess að sýna fram á, að þetta mál er rekið á rammskökkum grundvelli. Það er mér mikið undrunarefni, að gerð skuli vera tilraun til þess að réttlæta þetta mál á þennan hátt.

Hv. þm. sagði, að ég hefði talið, að atvinna bóksala væri lögð í rústir, ef bóksalan væri tekin af þeim. Þetta vil ég leiðrétta. Ég sagði fyrst og fremst, að ef smásala bókanna yrði tekin frá bóksölunum víða á landinu og falin kennurum og skólastjórum, þá væri höggið svo stórt skarð í atvinnu þeirra manna, sem við sölu skólabóka fást, að óvíst væri, hvort það mundi taka því fyrir þá að gefa út aðrar bækur og fá mönnum viðsvegar um landið í hendur til sölu. Þetta sagði ég, og það stend ég við. Þetta er mjög veigamikið atriði. Hv. menntmn. féllst á þetta og vildi ekki stuðla að því, að bóksalan væri tekin af þeim mönnum, sem hafa haft eitthvað upp úr því að selja kennslubækur. Það er heldur ekki hægt að ætlast til þess, að sölulaun séu minni en nú tíðkast við sölu kennslubóka, enda féllst meiri hl. hv. menntmn. á það.

Skal ég nú minnast á eitt stórt atriði í þessu sambandi, sem hvorki snýr að bókaútgefendum eða *bóksölum, kennurum eða höfundum*, heldur að prentsmiðjunum í landinu. Ég þykist vita, að ef frv. verður að lögum, þá sé ætlazt til þess, að ríkisprentsmiðjan verði látin annast alla prentun þessara bóka og ríkisbókbandið verði látið annast allt, sem að bókbandi þeirra lýtur. Ég veit ekki, hvort ein af ástæðunum fyrir framkomu þessa frv. sé sú, að ríkisprentsmiðjan vilji meiri vinnu. Áður en prentsmiðjan Gutenberg varð ríkisins eign, var prentun þess opinbera, stj. og embættismanna, hagað eins og hverri stofnun þótti bezt henta. Sumir skiptu prentuninni með samningi milli prentsmiðjanna, og þær kepptu síðan um að fá vinnuna. Ég fyrir mitt leyti held, að fram á síðustu tíma hafi mátt segja, að þessa prentun bæri fremur að líta á sem einskonar styrk til prentsmiðjanna, því að þær hafa verið uppáhald landsmanna, sökum þess að þær hafa gefið mönnum kost á að lesa íslenzkar bækur á íslenzkri tungu. Ég hygg, að lengi hafi ýmsir þeirra manna, sem með málefni þjóðarinnar hafa farið, álitið, að ekki bæri að keppa að því að fá sem ódýrasta opinbera prentun, vegna þess að það væri réttlátt að stuðla að því, að prentun héldist í landinu. Nú hefir þetta allt tekið breytingum. Ég tel ekki, að sú ástæða sé lengur fyrir hendi, að ríkið styðji prentun í landinu með fjárframlögum. Svo margt hefir breytzt síðan um aldamótin síðustu, að þess gerist ekki lengur þörf. Nú hefir annar siður verið upp tekinn í þessu efni, sérstaklega með stofnun ríkisprentsmiðjunnar. Það var gott og gagnlegt verk, að hún skyldi vera keypt. En síðan prentsmiðjan komst í hendur ríkisins,

hefir þessu öllu verið snúið við. Fyrst og fremst hefir öll opinber prentun verið tekin af öllum öðrum prentsmiðjum en henni. Það hefir orðið til tjóns fyrir ríkið. Ef ríkið semdi nú við aðrar prentsmiðjur um prentun, þá yrði það áreiðanlega til tjóns fyrir ríkið að hafa ríkisprentsmiðjuna. En þessi „Mólok" þarf mikið að éta. Fyrst og fremst allt, sem það opinbera og starfsmenn þess lætur prenta. En þörfin eykst, og nú heimtar prentsmiðjan prentun skólabóka. Það stafar sjálfsagt af því, að á sumum tímum árs er litið að gera, en þetta er samt iskyggilegt. Af þessu sést nefnilega, að starfsmenn eru fleiri en þörf er á. Taki ríkisprentsmiðjan að sér prentun skólabóka, verður bætt við fleiri starfsmönnum til þess að annast prentun bókanna og afgreiðslu. Er þá örugg vissa fyrir því, að starfsmannafjölgunin verði hæfileg? Fari svo, að starfsfólkinu verði fjölgað, gæti ég ímyndað mér, að eitthvert nýtt verkefni þyrfti að finna. Þessi „Mólok" er svo ágjarn, að honum nægir ekki öll opinber prentun, sem nú er völ á, heldur heimtar hann nú prentun skólabóka líka. En það er grunur minn, að hann verði ekki saddur, þótt hann fái þessar skólabækur, heldur hafi hann það eins og refurinn, þegar hann ætlaði að skipta ostinum, og éti hann allan sjálfur. Það getur farið svo, að því verði haldið fram, að óhjákvæmilegt sé að veita ríkinu einkarétt á allri prentun í landinu. Enginn ætti að fullyrða, að ekki gæti svo farið eftir 10—20 ár. (**SK**: Eftir nokkur ár). Því skal ekki neitað, að þessi „Mólok" skilar arði í ríkissjóð. Ég sé á landsreikningunum frá 1932, að hagnaðurinn á ríkisprentsmiðjunni er talinn vera 70 þús. kr. Það er allálitlegur skildingur fljótt á litið. En sé betur að gætt, kemur það í ljós, að raunverulegur hagnaður er ekki nærri svo mikill, vegna þess að ríkisstofnanirnar mega ekki bjóða verkið prentsmiðjum einstakra manna fyrir neðan taxta ríkisprentsmiðjunnar. Með þeim taxta, sem nú gildir, er ekkert þrekvirki að sýna góðan hagnað. Þessi hagnaður ríkisprentsmiðjunnar er því að nokkru leyti tekinn óbeint úr vasa ríkisstofnananna. En sósíalistarnir standa upp og segja: Viljið þið sjá, hvernig ríkisfyrirtækið ber sig? Íhaldið er vant að setja allt á hausinn. Þetta fyrirtæki skilar 70 þús. kr. í ríkiskassann. Hvað getið þið komið með á móti? Þetta fé er að nokkru leyti tekið úr vasa ríkisins, getum við svarað.

Nú vil ég víkja nokkrum orðum að bókbandinu. Nú verður ríkið að setja upp stórt bókband. Ríkið á nú dálítið bókband. Það getur leyst bókbandsstörf af hendi í samkeppni við þessa „bókbindara-fúskara", sem ekki eru í ríkisbókbandinu, en þessi litli angi mun vafalaust vaxa á svipaðan hátt og ríkisprentsmiðjan, móðir hans. Það getur farið svo, að hann leggi undir sig alla þá, sem eru að basla við að bjarga sér á þessu sviði og eru svo fyrirlitnir nú á dögum. Ríkisvaldið vill skipuleggja þá, og það er byrjað að leggja þessa stétt að velli.

Það verður of langt að fara út í það, hvers vegna þetta er eins og drep fyrir þjóðfélagslíkamann. Bókbindarar munu fara sömu leið og prentararnir, í hið gráðuga gin þessa máttuga „Móloks".

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)**: Hv. frsm. minni hl. er í meiri hl. hvað ræðulengd snertir. Hann hefir skilið svo litinn tíma eftir handa mér, að ég vona, að hann virði mér það til vorkunnar, þótt ég falli frá orðinu og svari ekki hans miklu málalengingum um ríkisútgáfu skólabóka, sérstaklega þar sem hv. þm. virðist ekki vera á móti ríkisútgáfu langra og nokkuð óþarfra ræðna.

**Sigurður Einarsson** óyfirl.: Hv. 5. þm. Reykv. talaði hér daglangt í gær, til þess að svara hv. frsm. meiri hl. Er hann aftur í dag hafði talað, mér liggur við að segja daglangt, varð mér hvarflað út, undir ræðu hans. Mér er sagt, að á meðan ég var úti hafi hv. þm. tekið til athugunar ræðu mína í gær. Sessunautur minn skráði niður fyrir mig nokkur ranghermi hv. þm. út af ræðu minni, og vil ég taka þau til athugunar.

Það er rangt hjá hv. þm., að ég hafi sagt, að samningar væru milli kennara um skipti á bókum. Ég sagði það ekki, heldur að nokkurt reiptog væri milli sumra eldri kennara um að nota ekki nema vissar bækur, og réði þar þá stundum vinskapur við útgefendur. Ég hefi aldrei gefið í skyn í þessu sambandi, að kennarar hefðu baksamninga um bókakaup. Ég sagði hinsvegar, að sá hugsunarháttur kæmi fram í þessu, sem tæki eigi tillit til aðstæðna heimilanna, þegar börnin flytjast t. d. milli deilda. Ég hefi aldrei sagt, að foreldrar ættu að ráða, hvaða bækur börnin notuðu. Ég sagði hinsvegar, að það væru eigi þægindi kennara eða bókaútgefenda, sem taka bæri tillit til í þessu efni, heldur bæri að taka tillit til þess, hvaða bækur skólinn þyrfti að hafa, og um leið að gera foreldrum eins þægilegt fyrir og unnt væri.

Það má vera, að hv. 5. þm. Reykv. þyki það undarlegt, að börnin séu bókalaus. Hann hefir verið svo lengi í skólanefnd, en jafnan sett kíkinn fyrir blinda augað, eins og Nelson forðum. En ég get nefnt honum dæmi þess, að kennarar hafa orðið að kaupa bækurnar sjálfir, svo að börnin gætu eignazt þær. Það er kennari, sem nýtur litillar vináttu hv. 5. þm. Reykv., og kannske einmitt fyrir það.

Þá sagði hv. þm., að ég liti á skólaskylduna sem kvöð, og talaði mikið um, hve dýrt hefði verið að afla sér menntunar áður fyrr. Það færi vel á því fyrir hv. þm. að gera sér það ljóst, að það er sjálfs sín vegna, sem þjóðfélagið menntar börnin, en ekki gert fyrir rilinn eða fátæklingana.

Hv. þm. talar um matgjafirnar í skólunum í þessu sambandi og segir, að nú séu heimtaðar skólabækur, en næst muni svo koma krafa um skó og fatnað. Finnst hv. þm. það eitthvað ægileg tilhugsun, þótt beðið sé um fatnað fyrir klæðlaus börn? Það er viðurkennd regla og þannig alstaðar á litið, að þess starfs sé af börnunum krafizt, að þjóðfélaginu beri skylda til að sjá um, að líðan þeirra sé sómasamleg.

Hv. þm. talaði um, að prentun fyrir ríkið hafi verið nokkurskonar styrkur til prentsmiðjanna í Reykjavík, og svo ætti það að vera áfram. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt sem rök gegn þessu máli. Þótt prentsmiðjurnar þurfi styrk,

þá er auðséð, að ríkið getur ekki tekið tillit til þess, þegar um þetta er að ræða. Það verður að haga þessu eins og bezt er og hagkvæmast fyrir ríkið, og ef beztur árangur næst með ríkisútgáfu, þá ber að setja hana á stofn.

Það fór hrollur um mig, er hv. þm. talaði um það með ugg og kvíða, hversu mikill vöxtur væri í fyrirtækjum ríkisins, svo sem prentsmiðju þess og bókbandi. Að hugsa sér það, að kvíða fyrir því, þótt fyrirtæki ríkisins blessist, og telja það eitur og drep fyrir þjóðina. Það verður ekki annað sagt en það sé gæfa og blessun fyrir þjóðina. — Spádómarnir um græðgi ríkisprentsmiðjunnar í sambandi við þetta er smekkleysa, og að frv. sé fram borið til þess að verða vatn á hennar myllu, er vindhögg út í loftið.

Umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 24. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

**Gunnar Thoroddsen:** Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um ríkisútgáfu skólabóka. Eins og hv. þdm. er kunnugt, liggja fyrir þessu þingi mörg frv. um einkasölu ríkisins á ýmsum vörutegundum. Flest eru þessi frv. flutt í þeim tilgangi að auka tekjur ríkisins, vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs. En það er allt öðru máli að gegna um þetta einkasölufrv. Það er ekki flutt í tekjuöflunartilgangi fyrir ríkissjóð, heldur þvert á móti, þar sem það fer fram á fjárframlög úr ríkissjóði. Samkv. 6. gr. frv. á ríkissjóður að leggja fram 8000 kr. á ári í 6 ár, eða samtals 48000 kr. Þetta fé er ætlazt til, að ríkið leggi fram án þess að fá vexti, og ennfremur er ætlazt til, að það láni fyrirtækinu fé, ef þörf þykir, gegn 6% vöxtum.

Ástæðan fyrir flutningi þessa frv. mun vera sú, að með ríkisútgáfu skólabóka megi gera þær ódýrari en þær nú eru. Ég vil taka það fram, að sá tilgangur, að gera tilraun til þess að koma því til vegar, að skólabörn fái ódýrari bækur, er vitanlega góður, og sjálfsagt að hlynna að honum. Skólabækur, bæði hvað snertir barnaskóla og æðri skóla, eru dýrari en ef til vill væri þörf á, og það er engum vafa bundið, að hægt væri að gera ráðstafanir til þess að lækka verð þeirra. Það er líka öllum ljóst, að skólabækur eru mikill kostnaðarbaggi fyrir skólabörn og foreldra þeirra. En ég vil benda á, að ég tel vera fleiri leiðir færar til þess að draga úr óþarflega háu verði skólabóka en ríkisútgáfu-leiðina. Það má t. d. benda á það, sem getið er um í nál. minni hl., að hlutazt verði til um, að fræðslumálastj. setji hámarksverð á skólabækurnar, án þess að útgáfuréttur inn sé tekinn af mönnum.

Um ríkisútgáfu skólabóka er það að segja, að í kjölfar hennar siglir ýmiskonar kostnaður. Í nál. minni hl., sem er skipaður hv. 5. þm. Reykv. og mér, er farið út í kostnaðarhlið þessa máls, og þykjumst við hafa sýnt þar fram á með tölum, að kostnaðurinn við útgáfu skólabóka verður ekki færður eins mikið niður með ríkisútgáfu og látið er í veðri vaka. Annars er óþarft að fara frekar út í þessa hlið málsins, því að hv. frsm. minni hl. hefir gert það með sinni nákvæmu ræðu. En það er fleira, sem snertir þessa ríkisútgáfu heldur en kostnaðarhliðin ein.

Hv. 9. landsk. minntist á það í ræðu, sem hann hélt í gær, að það væri mikill kostur við ríkisútgáfu skólabóka, að með því fyrirkomulagi væri hægara að koma fram nýjungum í skólamálum og gefa út kennslubækur, sem mótaðar væru nýjum stefnum í þessum málum. Þessi skoðun á ekki við nein rök að styðjast. Ef ríkið tekur einkarétt á útgáfu þessara bóka og sölu þeirra í sínar hendur, og það gæfi út stórt upplag af hverri bók, eins og til mun vera ætlazt, þá er hætt við, að tregða yrði hjá ríkisforlaginu um útgáfu nýrra bóka með nýjum stefnum, meðan eitthvað væri óselt af upplagi gömlu bókanna. En þegar útgáfa bókanna er frjáls, er hægt að fá annan útgefanda til þess að gefa út nýjar bækur. Þessi röksemdafærsla hv. 9. landsk. er því á skökkum grundvelli reist. Nýjum kennsluaðferðum er miklu auðveldara að koma í framkvæmd með frjálsu fyrirkomulagi heldur en með einkarétti á þessari útgáfu.

Nú mun ég fara fáeinum orðum um hina leiðina, sem við minni hl. höfum bent á, sem sé þá, að fræðslumálastjórnin hlutist til um, að sett verði hámarksverð á skólabækur.

Í lögum nr. 19 1928, um fræðslumálanefndir, er gert ráð fyrir, að stofnuð sé fræðslumálanefnd fyrir barnaskóla. Um hlutverk hennar segir svo í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslumálanefnd barnaskólanna gerir till. til ráðuneytisins um námsskrár fyrir barnafræðslu landsins, löggildingu kennslubóka, tilhögun prófa og um hámark og lágmark kennslustundafjölda fyrir hvert barn á dag ....“

Þessi nefnd ætti að geta ákveðið hámarksverð á skólabókum í sambandi við löggildingu þeirra, með því að gera það að skilyrði fyrir löggildingunni, að þær verði ekki seldar hærra verði en hún telur hæfilegt.

Í 7. gr. þessa frv. er heimilað að taka í hendur ríkisins útgáfu og sölu kennslubóka í hærri skólum en barnaskólum. Í fyrrgreindum lögum frá 1928, 3. gr., er einnig gert ráð fyrir fræðslunefnd fyrir ungmennaskólana með sama hlutverki og fræðslunefnd barnaskólanna, og gæti hún þá ráðið verði þeirra bóka, sem kenndar eru í ungmennaskólunum.

Í samræmi við skoðun okkar minnihlmanna, að þessum sama tilgangi megi ná með því að setja hámarksverð á skólabækur, höfum við borið fram rökst. dagskrá, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að stjórn fræðslumálanna hlutist til um það, að skólabækur séu seldar við svo vægu verði sem unnt er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég skal taka það fram, að þessi dagskrá er ekki borin fram í þeim tilgangi að spilla fyrir tilgangi þeim, sem þetta frv. byggist á, að lækka verð skólabóka. Við teljum þessa leið aðeins heppilegri. Verði þessi rökst. dagskrá samþ., þá mun minni hl. bera fram frekari lagabreyt. um, að fræðslumálastjórninni sé heimilað að setja hámarksverð á skólabækur, ef menn telja, að til þess þurfi frekari fyrirmæli en nú eru í lögum. Hjá okkur er jafnmikill áhugi fyrir því, að

skólabækur séu seldar með sanngjörnu verði, þótt við teljum aðra leið heppilegri þessu máli til farsællar úrlausnar en þá, sem felst í þessu frumvarpi.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson):** Mér kom svar hv. frsm. meiri hl. hálfkynlega fyrir sjónir. Eftir að ég hafði rakið ýms atriði málsins og haldið mér fullkomlega við efnið, stóð hann upp og sagðist eiginlega ekkert tilefni hafa til þess að taka til máls..

Ég verð að taka undir með hv. 11. landsk., að afstaða okkar til málsins í öllum aðalatriðum er sú, sem fram kemur í nál. okkar, og vona ég því, að hv. þing samþ. þá till., sem þar liggur fyrir. — Að þessu sinni hefi ég ekki fleira að segja um þetta mál, en ef tilefni gefst, mun ég færa frekari rök fyrir þessu máli, eftir því sem þörf krefur.

**Jakob Möller** (óyfirl.): Það er nú að bera í bakkafullan lækinn að færa fleiri rök gegn þessu máli, því að það hafa aðrir gert, sérstaklega hv. 5. þm. Reykv. Ég get þó ekki stillt mig um að vekja athygli hv. þdm. á því, að sósialistar hafa vakið upp þetta mál aðeins af þeim hvötum, að þeir hafa öfundazt yfir þeim gróða, sem þeir hafa haldið, að einstakir menn hefðu af útgáfu þessara bóka. Hv. 5. þm. Reykv. hefir sýnt greinilega fram á það, hversu fjarri fer því, að líklegt sé, að útgáfa þessara bóka verði ódýrari í höndum ríkisins heldur en í höndum einstakra manna. Það má öllu heldur gera ráð fyrir, að hún verði dýrari. Þetta er eðlilegt, þar sem þessi tiltölulega litli þáttur í bókaútgáfunni er tekinn úr höndum einstaklingsrekstrarins og settur undir ríkisrekstur. Það liggur í augum uppi, að útgáfukostnaðurinn hjá ríkinu, fyrir utan beinan vinnukostnað í sambandi við prentun, sem verður sennilega sá sami, verður meiri, sökum þess að hann jafnast niður á svo litið útgáfumagn, eins og hv. 5. þm. Reykv. hefir greinilega sýnt fram á.

Ef það væri í raun og veru hugmyndin hjá þeim, sem bera þetta frv. fram, að gera útgáfu skólabóka ódýrari, þá er augljóst, að heppilegra væri að velja aðra leið til þess. Hv. frsm. meiri hl. n. er þetta atriði fullkomlega ljóst.

Hinsvegar eru svo miklir ágallar á því fyrirkomulagi, að ríkið einoki framleiðslu einstaklinganna, að það gegnir mikilli furðu, að nokkur maður, sem ann frelsi, skuli geta léð lið sitt til sliks. Ef nokkur leið er líkleg til þess að hefta hugsana- og þroskafrelsi einstaklinganna í þjóðfélaginu, þá er það þessi, að gefa ríkinu heimild til þess að einoka skólabækur. Það má vel vera, að þetta vaki að einhverju leyti fyrir sósialistum, þegar þeir bera fram þetta frv., því að þótt þeir gaspri um lýðfrelsi, þá leggja þeir sérstakan skilning í það hugtak, sem sé: það, sem eflir þeirra hag meðal þjóðarinnar. Þessa leið telja þeir heppilegt að fara til þess að ná þeim tilgangi. Það má sjálfsagt ætla, að þegar komið er eftirlit með löggjöf kennslubóka, þá þyki þessum mönnum tilganginum bezt náð með því að koma á fullkominni einokun. Mér finnst réttara og sómasamlegra af þeim hv. þm., sem málinu fylgja af þessum ástæðum, að meðganga það hreinskilnislega, í stað þess að vera með það-falsyfirskin, að tilgangurinn sé sá, að gera bækurnar ódýrari fyrir þá, sem á þeim þurfa að halda. Eins og hv. 5. þm. Reykv. benti á, verða bækurnar vitanlega ekki ódýrari fyrir það eitt að komast í hendur ríkisins, þótt ef til vill verði hægt að selja þær ódýrari, ef svo og svo mikill kostnaður við útgáfuna verður greiddur úr ríkissjóði, eða að lagt verður á aðrar stofnanir, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. En. eins og hv. 5. þm. Reykv. tók fram, þýðir það ekki annað en að taka úr einum vasa og láta í annan. Þetta er því vitanlega ekki beinlínis verðlækkun. Það er fyrirsjáanlegt, að það er ekkert annað en fyrirsláttur hjá þessum mönnum að láta sem þeir vilji stuðla að því, að þeir, sem eru svo efnalitlir, að þeir geta ekki keypt skólabækur, fái þær ókeypis. Þessi umhyggja er ekkert annað en fyrirsláttur, til þess að koma fram öðrum tilgangi.

Það er óþarfi að benda á það, hvað þetta fyrirkomulag, sem barizt er fyrir með þessu frv., er skaðlegt með tilliti til margbreytni bókanna. Með einokun verður bókaúrvalið miklu fábreyttara, fyrst og fremst af því, að það er ekki hægt að fá nema ákveðinn fjölda kennslubóka löggiltan, og eins líka sökum þess, að ríkisstj. hlýtur að hafa tilhneigingu til þess að hafa sem fæstar bækur á boðstólum, til þess að minnka kostnaðinn. Það er kynlegt, að hv. frsm. meiri hl., sem er fræðslumálastjóri, skuli vilja beita sér fyrir öðru eins óþarfamáli og hér er um að ræða.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** (óyfirl.): Mér virðist skammt milli ríkisútgáfu og þeirra leiða annara, sem bent hefir verið á í þessu efni. Strax þegar ríkið eða fulltrúar þess eiga að ráða algerlega samningu bókanna og verði, þá er komið svo nálægt ríkisrekstri, að mjótt er á milli.

Það hefir komið fram í þessum umr., að hér sé um það að ræða, að viss pólitískur flokkur ætli að hefta hugsunar- og þroskafrelsi barnanna með frv. því, sem hér liggur fyrir. Þessu er beint til okkar, og við erum beðnir um að vera ekki með neinn yfirdrepskap, en játa þetta hreinskilnislega. Þessu vil ég leyfa mér að mótmæla. Viðvíkjandi því, hvaða skoðanir koma fram í bókunum, eru þau skilyrði sett, að bækurnar verði að vera löggiltar. Ef menn óttast, að það eigi að takmarka hugsanafrelsi og þroskafrelsi, þá getur mikil hætta stafað af núv. ástandi í þessum efnum. Það er algeng venja hjá öðrum þjóðum, að kennslubækur séu löggiltar, og ég hefi ekki fyrr heyrt talað um, að hugsanafrelsinu geti stafað hætta af sliku. Þótt ríkið gefi út skólabækur, verður ekki annað heimtað en að 2+2=4, að Reykjavík sé á Íslandi og ýmsar aðrar staðreyndir. Þess vegna er það augljóst mál, að það er ástæðulaust að óttast, að gert verði upp á milli þeirra viðfangsefna, sem hina ýmsu pólitísku flokka greinir á um.

Því hefir oft verið haldið fram, að sagan gæfi slík tækifæri. Til þess að fyrirbyggja slíka hættu, væri sennilega heppilegast, að sögukennslan næði ekki lengra en fram að síðustu aldamótum.

Raunar þekki ég helzt til slíks ágreinings um kristindóminn. Annars hefir ekki orðið vart við

höft hér frá hv. jafnaðarmönnum, heldur frá hinum, sem ekkert vilja leyfa nema þá „viðurkenndu trú", eins og það er kallað í þjóðfundargerðinni frá 1851. Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma, en tilgangurinn með því að ráða efnisvali er sá, að það sé rétt, sem tekið er. Það dettur engum í hug að ráða því, hverju kennarar bæta við frá eigin brjósti. Höfuðatriðið er, hvernig bækurnar eru samdar, eða það uppeldisfræðilega sjónarmið. Það er fátæklegra að hafa eina bók en tvær, en það er von þeirra, er þessu máli fylgja, að þessi eina geti orðið margbreyttari en allar hinar, sem annars væru til.

Ég vil mótmæla því, að þetta frv. sé tekið upp af nokkurri öfund við gróða útgefenda. Það eru barnakennarar, sem hafa óskað, að þetta mál væri tekið upp, og það stendur sú trú á bak við, að bækurnar verði bæði betri og ódýrari. Ég hygg, að erfitt sé að bera á móti því, að ef hér væri aðeins einn bóksali, er ekki ætti við neina samkeppni að stríða, þá gæti hann gefið út ódýrari bækur. Hið sama gildir um ríkið. Hér er ekki um neina stóra baráttu að ræða milli ríkisrekstrar og einstaklingsframtaks. Eins og ríkið og bæirnir reka skólana — og enginn sér ástæðu til þess að kvarta yfir því —, eins er það ekki nema sjálfsagt, að ríkið sjái um útgáfu skólabókanna.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)** óyfirl.]: Ég vona, að hv. frsm. meiri hl. taki til máls aftur, því að hann byrjaði sína ræðu á því að segja, að það væri ekki þeirra, er málinu væru hlynntir, að gera grein fyrir því, heldur væri það hlutverk minni hl., er væri á móti málinu. Ég var hissa á því, hve lítið hv. þm. reyndi að upplýsa málið. Hann sagði bara, að það væri trú sín og kennara, að þetta skipulag mundi reynast betur. Ég benti á það í fyrri ræðu minni við þessa umr., að eigi væri mikill munur á útgáfustjórninni, sem þetta frv. gerir ráð fyrir og á að eiga frumkvæðið að samningu skólabókanna, og fræðslunefndinni, er nú situr.

Hv. þm. hélt því fram, að þörfunum á skólabókum væri ekki fullnægt og að bókunum væri ábótavant. Mér finnst það nú undarlegt, að fræðslumálastjórnin skuli ekkert hafa gert til þess að ráða bót á þessu, því að vitanlega má kippa þessu í lag án þess að sett verði á stofn ríkisútgáfa á skólabókum. Ég fullyrði það, að öllum sanngjörnum kröfum í þessa átt megi fá fullnægt. — Hv. þm. gerði lítið úr því, að skoðanir kennara á stjórnmálum kæmu fram við kennsluna. Ég held, að ekki sé rétt að fullyrða, að hættan sé lítil í því efni; ég held, að hún sé veruleg. Ég treysti honum persónulega, meðan hann er formaður útgáfun., en þegar hans missir við, er ekki gott að vita, hvað við tekur.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** óyfirl.]: Ég hefi í aðnari ræðu svarað hv. frsm. minni hl., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það. Það var því ekki það, að mér þætti hans langa ræða ekki svaraverð, sem olli því, að ég svaraði ekki, heldur hitt, að ég þóttist hafa svarað áður.

Ég vil þakka hv. þm. góða trú á mér um það, að ég muni ekki binda mig við flokksfylgi í þessum málum. Hinsvegar vil ég segja það, að ef hér er einhver hætta á ferðum, þá er hún það alveg eins þótt engu sé breytt.

Það er rétt, að sá munur er á okkar aðferð og aðferð hv. minni hl., að bækurnar verða fleiri með aðferð minni hl., en það er einmitt það, sem við viljum komast hjá, og kröfurnar verða æ sterkari um það á síðari árum, að þessu beri að kippa í lag. Það er betra að hafa ekki nema eina bók í hverri grein og gera hana því betur úr garði. Þessi svokallaða fjölbreytni er dýrari, og oft eigi meiri fjölbreytni en þó ein bók væri, þótt margar kunni að vera bækurnar. Hinsvegar mun það auka á fjölbreytni, að kennarar komi fram með óskir sínar í þessum efnum til ríkisforlagsins.

**Gunnar Thoroddsen:** Það er eitt atriði í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem ég sé sérstaklega ástæðu til að svara. Hann sagði, að eigi hefðu komið fram kvartanir hér á Íslandi út af því, að sögukennslan í skólum væri hlutdræg. Ég vil mótmæla þessu. Það hafa komið fram kvartanir, og þær á rökum byggðar, um það, að við skólana sé notuð kennslubók í sögu, sem sé mjög hlutdræg. Ég mun þó ekki fjölyrða um þetta nú, þar sem hæstv. forseta virðist vera það mikið áhugamál að ljúka við þessa umr. nú, heldur mun ég fresta því til 3. umr. málsins.

**Jóhann Jósefsson** óyfirl.]: Ég hafði ekki hugsað mér að láta þessa umr. til mín taka, þótt sitthvað sé það í sambandi við fræðslustarfsemi síðari ára, sem fær mig til þess að efast um, að þar sé allt í því rétta lagi, en það var ræða hv. 11. landsk., sem orsakaði það, að ég kvaddi mér hljóðs. Það er sannarlega fullkomið alvörumál, ef hlutdrægni er beitt í kennslunni, eins og hv. 11. landsk. fullyrti. Ég veit ekki, hvort rétt er í sambandi við þetta mál að minna á þessa hluti, því að ég veit, að þetta er viðkvæmt mál, og ég hefi orðið þess var, að hér eru vissir menn, eins og t. d., já, 9. landsk. held ég að hann sé kallaður, sem þykjast svo yfirvitrir í þessum málum, að leikmenn, eins og ég og mínir líkar séu ekki til þess bærir að dæma um þetta.

Þetta mál er þannig vaxið, að það er orðið áhyggjuefni, ekki aðeins fjárhagshlið þess, heldur eigi síður hitt, hve undarlega margar raddir eru uppi um það, að fræðslustarfsemin sé á sumum sviðum notuð til þess að koma að vissum skoðunum á landsmálum. Þess verður t. d. vart, að foreldrar álita, að fullrar varúðar sé ekki gætt af þeim kennurum, er kenna t. d. kristindóm, um að blanda ekki sínum skoðunum á þessum málum inn í kennsluna. Það getur verið af því, að kennarar eru illa launaðir hér í landi, að þeir hallast margir hverjir að ákveðnum pólitískum skoðunum. Víða mun bóla á því, að kennarar séu það, sem kallað er nokkuð vinstra megin í skoðunum, meira að segja kommúnistar, og komi þeim skoðunum sínum að á mismunandi áberandi hátt. Nú finnst mér sérstök ástæða til þess að ræða þetta mál og fá það upplýst, þegar það er borið hér fram á hv. Alþingi, að notuð sé kennslubók í sögu við skólana, sem sé hlutdræg. Ég efa það ekki, að núv. fræðslumálastjóri muni eigi þer-

sónulega hneigður til að nota bækur, sem séu hlutdrægar, en þegar maður hefir þá sannfæringu, þá er að finna skýringu á því, hvernig það megi vera, að við sögukennsluna sé notuð bók, sem eftir upplýsingum hv. þm. er talin mjög hlutdræg í fráskýringum sínum á þjóðmálum. Og þetta er í viðbót við það, sem mikið er talað um, bæði í sveitum og kaupstöðum, að við skólana séu öðrum fremur menn með ákveðnar pólitískar skoðanir og fari ekki neitt í felur með þær.

Það hljóta allir að vera sammála um, að fræðsla í almennum efnum, t. d. sögu, sé bezt á þann veg, að hún sé sannleikanum samkvæm og óhlutdræg. Ég hefi ætíð litið á það sem lífsskilyrði fyrir því, að fræðsla bæri góðan ávöxt, að hún væri óhlutdræg. Þetta er því alvarlegra, því meir sem skerst í odda og meira kapp er á það lagt að draga menn undir kenningar vissra stjórnmálaflokka, svo að sem minnst verði vart einstaklingsfrelsisins. Ég held, að allir hljóti að kannast við, að það stefnir meira og meira að því í þessu þjóðfélagi, að útiloka þau afskipti af stjórnmálalífinu, er kalla má, að stafi frá skoðun hvers einstaklings. Það hefir verið talað um þetta í sambandi við stjórnarskrárbreytinguna og því haldið fram í Nd., að breytingarnar, sem gerðar voru, hafi miðað að því að ákveða betur en áður vald flokkanna á þjóðfélagsmálum. Þegar svo er komið, þá virðist mér, að þess beri enn betur að gæta en áður, að uppfræðsla unglinganna sé ekki sett undir neinn flokkslit, heldur sé hún óhlutdræg og stefnt sé að því að gera unglingana færa um að dæma um það á sínum tíma, hvernig þær stefnur eru, sem uppi kunna að vera. Ef undirbúningurinn undir lífið, sem fyrst og fremst er fólginn í fræðslu barna og unglinga, á að fara svo fram, að kennari eða kennslubók, eða hvorttveggja, móti börnin og unglingana í sérstökum formum, og að því sé stefnt að gera þá sem móttækilegasta fyrir einhverja sérstaka trú í landsmálum, þá er hætt við, að þessum unglingum verði ekki hægt um vik að átta sig, þegar fram á þann aldur sækir, að þeir eiga að fara að velja og hafna af sjálfsdáðum.

Hv. 11. landsk. benti á það hér við umr., að þessi sýkill er þegar kominn inn í skóla landsins. Hann upplýsti það, að við nokkra barna- og unglingaskóla sé nú notuð kennslubók í Íslandssögu, sem sé alveg einstaklega hlutdræg í íslenzkum stjórnmálum. Þetta og annað eins er ekki hægt að þegja fram af sér á Alþingi. En það, að annað eins og þetta skyldi geta komið fyrir hér á landi, stafar af því einu, að það er staðreynd, að árum saman hafa valizt eða verið valdir að skólunum menn, sem sízt af öllu hafa haft það sér til ágætis að vera hlutlausir í pólitík, enda hefir oft virzt svo, sem áherzla væri á það lögð af veitingarvaldinu, að þeir væru það **ekki**.

Hv. 11. landsk. hefir því með upplýsingum sínum vakið máls á nýrri hlið á þessu máli, og þótt þetta atriði þurfi að vísu ekki að standa í beinu sambandi við frv., hefir það mjög alvarlega þýðingu, þegar litið er á fræðslu ungmennanna í heild. Frá því litla umhverfi, sem mér er kunnugast, get ég bent á átakanlegt dæmi þess, hve athugunarleysi þeirra, sem með fræðslumálin hafa farið, í því að sjá fyrir hlutlausri forstöðu unglingaskóla hefir eyðilagt alla starfsemi skólans. Þannig er þetta í þeim eina unglingaskóla, sem ég er kunnugur að nokkru ráði. Slíkur árangur af skólastarfinu er ekki skemmtilegur fyrir þá, sem bundið hafa vonir sínar við starfsemi skólans, né heldur það sveitar- eða bæjarfélag, sem efnt hefir til hans með ærnum kostnaði. Það er hreint og beint sorglegt, þegar slíkum skóla er valin forusta, sem frá uppeldislegri hlið skoðuð, er vægast sagt mjög óheppileg, vegna pólitísks ofstækis og undirróðurs skólastjórans. Aðrir kunna að hafa svipaða sögu að segja.

Það hlýtur að vera heppilegast frá sjónarmiði hvaða flokks sem er, að bæði kennurum og kennslubókum í skólunum sé haldið utan við deilur í stjórnmálalífinu og þau pólitísku áhrif og flokksstreitur, sem gera vart við sig annarsstaðar.

Ef ekki er lögð áherzla á þetta, og ég held, að þessu sé einmitt of lítil athygli veitt af kennslustjórninni, þá held ég, að skólarnir missi eitt það, sem þeir mega þó síst án vera, en það er traust og tiltrú heimilanna, sem líka ber oftast saman við það traust, sem skólinn skapar hjá nemendum sínum. Sorglegra ástand getur ekki verið til í skóla en að þar sé hlutdrægur kennari eða forstöðumaður með hlutdrægar kennslubækur, því að á þann hátt missir skólinn traust og tiltrú, og kennarastéttin sem heild vekur tortryggni, jafnt saklausir sem sekir.

Ég vona, að sú ásökun, sem hv. 11. landsk. kom með um slíka hlutdrægni, veki menn til alvarlegrar umhugsunar um ástandið í skólum landsins og verði til þess að menn sjái það mál, sem hér liggur fyrir, í nokkru skýrara ljósi en áður.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég ætla ekki að svara miklu, en ef hv. þm. Vestm. vill gera alvöru úr umkvörtunum sínum út af kennslubók þeirri, sem hann talar um, vil ég benda honum á að senda kæru í stjórnarráðið. Annars skal ég taka það fram, að þessi kennslubók er ekki gefin út af ríkisforlagi. Í henni mun vera lýst að einhverju leyti pólitískum flokkum í landinu, og skal ég játa, að ég tel það ekki heppilegt, og réttara að flokkarnir geri það sjálfir.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)** óyfirl.: Ég sé, að hæstv. forseti er þolinmóður við aðra, þótt hann gæfi mér í skyn áðan, að hann óskaði eftir að ég færi að ljúka máli mínu.

Ég get ómögulega látið hjá líða að segja nokkur orð til viðbótar um þetta mál, einkum eftir að hafa heyrt þær upplýsingar, sem hv. 11. landsk. gaf um misbeitingu á notkun kennslubókar í Íslandssögu í sumum skólum landsins. Nú má það öllum ljóst vera, úr því að slíkt getur átt sér stað þrátt fyrir það, að úr mörgum öðrum kennslubókum er að velja, hversu margföld hættan verður á hinu sama, ef um aðeins eina ríkis-viðurkennda og ríkis-útgefna kennslubók er að ræða í hverri námsgrein, ef illa tekst til. Og hvenær er trygging fyrir því, að ekki geti tekizt illa til? Þótt hv. núv. fræðslu-

málastjóri geri lítið úr þessari hættu og ég fyrir mitt leyti treysti honum til að gæta hlutleysis í þessum efnum, þá er það engin trygging, því að ekki verður hann eilífur í embætti sínu, og getur jafnvel verið, að hann verði mjög skammær í því. En mér virðist einmitt hv. fræðslumálastjóri gera mikið til þess að láta svo líta út, að afstaðan til þessa frv. sé afstaða til þess, hvort hv. þdm. hafi trú á honum sjálfum eða ekki. (**ÁÁ:** Ég hefi aldrei gefið neitt tilefni til þessara ummæla). Nei, en hann hefir sagt, að hann hefði sjálfur trú á þessu, og upp á þá trú eiga svo hv. þdm. að fella úrskurð.

Hv. fræðslumálastjóri gerir ennfremur mikið úr því, að kennarar landsins hafi trú á þessu máli. Ég hefi þó heyrt raddir koma fram frá kennurum, og það opinberlega, sem benda í allt aðra átt. Og það þori ég að fullyrða, að það er alveg vonlaust um, að allir kennarar verði nokkurn tíma ánægðir með það, hvernig tekst um val og frágang skólabóka hinnar væntanlegu ríkisútgáfu. *Ávallt* hlýtur að verða *mikill* skoðanamunur um efnisval og framsetningu í þessum bókum. Það skiptir oft ekki minna máli, **hvernig** eitthvað er sagt, heldur en **hvað** er sagt, og með framsetningunni einni er hægt að hafa margvísleg áhrif á nemendur og skoðanir þeirra. Og það verður einmitt hálfu örðugra, þegar aðeins ein kennslubók er gefin út í hverri námsgrein, að gera bækurnar svo úr garði, að þær veki ekki andúð og tortryggni fleiri eða færri foreldra og kennara.

Þegar litið er á þá hættu, sem hér vofir yfir og hv. 11. landsk. kom með svo skýrt dæmi um, þá verður kostnaðaratriðið í raun og veru aukaatriði, og eins það, hvar bækurnar eru prentaðar eða bundnar. Hv. fræðslumálastjóri var að tala um, að það *hefði þroskavænleg áhrif á nemendur* að fá kennslubækur, sem betur væru úr garði gerðar að ytra frágangi en tíðkazt hefði. Ég skal ekki mótmæla þessu, en vil aðeins benda honum á það, að hætt er við, að sá bætti frágangur kosti peninga.

Ég veit það, að sósialistar fylgja þessu máli fast fram, enda er hér verið að framkvæma *stefnumál þeirra, þjóðnýtinguna. Og ég þykist* þess líka fullviss, að það sé einmitt hinn **sósialistiski** angi kennarastéttarinnar, sem stendur að frv., en ekki hinir.

Það er undir hv. n. komið, hvort nokkurt tillit verður tekið til þessa, — en er ekki hér lagt út á hála, hættulega og varasama braut? Ég veit, að þetta síðasta, sem ég hefi nú drepið á, er stórhætta, þó ég hafi ekki í fyrstu ræðu minni talið það með aðalatriðum, en það getur orðið eitt erfiðasta spursmálið á sínum tíma í sambandi við ríkisútgáfu skólabóka.

**Sigurður Einarsson:** Ég get geymt mér til 3. umr. að svara þessum síðustu hugleiðingum hv. 5. þm. Reykv., en hann má vita það, að hann þarf ekki að búast við, að jafnaðarmenn hér í hv. d. hreyfi ekki andmælum gegn þessum aðdróttunum hans til þeirra.

**Forseti (JörB):** Þá er umr. lokið, en atkvgr. verður frestað. (**PHalld:** Ég verð að benda á það, að eiginlega er ekki viðeigandi að ljúka þessari umr. nú, er flestir hv. þm. eru farnir af fundi og sama sem engir hv. þm. hafa hlustað á). Það verða hv. þm. sjálfir að gera upp við sig, hvort þeir hlusta á umr. eða taka þátt í þeim. Hvorki hv. 5. þm. Reykv. eða ég get við því gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., 27. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá minni hl. menntmn., á þskj. 366, felld með 16:15 atkv.

1. gr. samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, JörB.

**nei:** PHalld, PO, SK, TT, GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JÓl, JónP, JS, ÓTh.

JakM, JJós, MT greiddu ekki atkv.

*Einn* þm. (BÁ) *fjarstaddur.*

Brtt. 351,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞorbÞ, ÁÁ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

**nei:** GÍ.

GÞ, GSv, GTh, HannJ, JakM, JJós, JÓl, JónP, MT, *PHalld*, PO, SK, TT *greiddu ekki* atkv.

*Þrír* þm. (BÁ, JS, ÓTh) *fjarstaddir.*

Brtt. 351,2 samþ. með 17:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 351,3 samþ. með 17:1 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 351,4 samþ. með 17:1 atkv.

*5.* gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

*6. gr. samþ. með 16:1 atkv.*

Brtt. 351,5 samþ. með 16:1 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

8.—9. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:3 atkv.

---

Á 50., 51., 52. og 53. fundi í Nd., 4., 5., 6. og 7. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 599, 673).

**Gunnar Thoroddsen:** Það liggja fyrir brtt. frá minni hl. menntmn., en frsm. er ekki viðstaddur, og ekki heldur frsm. meiri hl., svo að ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann fresti umr. um stund, því það er óviðkunnanlegt að ræða málið, þar sem vantar frsm. beggja hluta n.

**Sigurður Einarsson:** Ég vildi mælast til þess, að mál þetta væri tekið til umr. nú, því það hefir dregizt, sökum þess hve mörg mál hafa verið til afgreiðslu. Og þó að frsm. meiri hl. sé ekki viðstaddur, þá get ég upplýst það, að hann hefir farið þess á leit við mig, að ég yrði fyrir svörum, því við erum að öllu leyti sammála um málið.

Umr. frestað um stund.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)** óyfirl.: Það hefir nú þótt svo mikil réttarbót að þessu frv., að aðalefni þess mun verða samþ. Við minnihl.mennirnir höfum leyft okkur að bera fram örfáar brtt., og er það augljóst mál, hvað þær fara fram á. Stefna frv. er sú, að ríkið sjái um útgáfu skólabóka, en til viðbótar höfum við minnihl.mennirnir borið fram brtt. á þskj. 673. — 1. brtt. er um það, að aftan við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: „Nú býðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og skal boði hans þá tekið, ef hann fullnægir skilyrðum fræðslumálastjóra um frágang bókar og verð.“ — Þetta er í samræmi við það, sem við minnihl.mennirnir héldum fram við 2. umr. Það er réttmætt að leita þess fyrst, hvort útgefandi uppfyllir ekki viss skilyrði, og ef hann gerir það, að þá megi hann hafa útgáfuna með höndum. Útgáfan verður þá stundum í höndum þeirra, sem nú hafa hana, en stundum í höndum nýrra manna, því að allir, sem fullnægja vissum skilyrðum, myndu geta komið til greina. Það er sjálfsagt að hafa þetta óbundið, svo að þeir komi til greina, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem fræðslumálastjóri setur, bæði um ytri og innri frágang bókar. Mér finnst sjálfsagt, að þetta sé í l., því það er varla vilji hv. d., að ríkið gefi út bækur, ef þess er ekki þörf. Þá er það betur komið í höndum annara en ríkisins. Það er kostnaðarauki fyrir ríkið að fást við þetta, og óþarfi, ef aðrir geta leyst það eins vel af hendi.

2. brtt. er við 3. gr. og er svo hljóðandi: „Skal útgáfustjórn jafnan leita tilboða um prentun bókar og band, og skal hagkvæmasta tilboði um þetta tekið.“ — Þetta er eðlileg og sjálfsögð krafa, og trygging fyrir því, að tekið sé hið bezta og leitazt við að fá þetta sem ódýrast. Þetta er líka til hagsbóta fyrir kaupendur, og þess er gætt að vera í samræmi við vilja þeirra, sem bera þetta mál fram. Þetta liggur svo augljóst fyrir, að ekki er þörf að fjölyrða frekar um það.

Þá er 3. brtt. við 5. gr., að á eftir orðunum „allt að 20% af útsöluverði“ komi: við umboðssölu, en 25% gegn greiðslu við móttöku. — Það hlýtur að vera hentugra að fá vöruna greidda við móttöku. Það eru betri kjör fyrir seljanda og gagnlegri fyrir útgáfufyrirtækið, og hvetur þá, sem skipta við fyrirtækið, til að greiða við móttöku. Þetta er því betra fyrir báða aðila.

Þá er það 4. brtt., við 7. gr., að í stað orðanna „veggmyndir og skólanauðsynjar“ komi: og veggmyndir. — Þetta orð, „skólanauðsynjar“, grípur yfir svo margt, og gæti þá t. d. tekið yfir öll ritföng. Aðalefni frv. fjallar ekki um þessa hluti. Ég vil benda á það, að hér undir fellur svo margt, og það er alveg komið undir framkvæmdinni, hvort ekki eru einokaðar allar þarfir nemenda og skólafólks. En það er ekki tilgangurinn með frumvarpinu.

5. brtt., við 8. gr., gerir nákvæmari ákvæðin um það, hvernig farið skuli að, þegar upplag bókar þrýtur, sem nú er í notkun. Hún er í samræmi við það, sem ég sagði við 2. umr. um að leita samkomulags við þá, sem gefið hafa bókina út, og fer fram á það, að útgáfustjórn leiti samkomulags við útgefanda um kaup á leifum upplags, myndamótum og öðru, er tilheyrir útgáfu bókarinnar. — Þá skuli útgáfustjórn leita leyfis útgefanda, hver sem það er, og upplýsinga, sem þarf að fá hjá honum, og þykir mér rétt, að hann fái sanngjarna greiðslu fyrir. Þetta er svipað og þegar tóbakseinkasalan tók til starfa á sínum tíma. Þá var einstaklingum gefinn kostur á að selja henni birgðir sínar. En reynslan er sú, að þó bók sé svo að kalla uppseld, þá eru eftir nokkuð mörg eintök óseld. Að vísu ekki nægilega mörg til að fullnægja eftirspurninni, en sem útgefandi situr þá eftir með og nauðsynlegt er, að ríkisútgáfan kaupi, og er þá nauðsynlegt að gera samninga um eða leita samkomulags við útgefanda, og er útgáfustjórn falið að annast það og tilkynna bókaútgefanda, eins og tekið er fram í brtt. Nú er hægt að hugsa sér, að ekki náist samkomulag, og þykir þá rétt, að kaupverðið sé ákveðið eftir mati dómkvaddra manna, því einhver úrslit þarf að fá, og er þá helzt að fá 3 dómkvadda menn til að meta verðmæti þau, sem um er deilt.

Ég vona að hv. þdm. líti svo á, að þessar brtt. á þskj. 673 séu hóflegar og stefni í rétta átt, því þær eru ýmist til skýringar eða nauðsynleg afleiðing af því, sem frv. ætlast til. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni.

**Sigurður Einarsson** óyfirl.: Það má alveg taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að brtt. á þskj. 673 eru hógværlega orðaðar og ekki ósnotrar áferðar, en þó að svo sé, að þær breyti ekki verulega því, sem vakir fyrir flm. þessa frv., þá eru sumar þeirra þess eðlis, að frv. verður ekki nema lítil mynd af því, sem ætlazt var til, ef þær verða samþ. Skal ég sérstaklega nefna 1. brtt.: „Nú býðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og skal boði hans þá tekið, ef hann fullnægir skilyrðum fræðslumálastjóra um frágang bókar og verð.“ Það er undarlegt, að fræðslumálastjóri skuli hér eiga að meta skilyrðin, en ekki útgáfustjórn. Þetta er dálítið einkennilegt, ef miðað er við, að frv. eigi fram að ganga um ríkisútgáfu skólabóka. Það er heldur óviðfelldið, að þetta vald skuli eiga að taka af útgáfustjórninni og fræðslumálastjóri einn að skera úr um þessi tilboð. Er algerlega ástæðulaust, að það sé ekki á valdi útgáfustjórnar sameiginlega, þar sem fræðslumálastjóri á sæti, hvort taka skuli tilboðunum eða ekki. Ég vil því leyfa mér að bera fram svo hljóðandi skrifl. brtt. um, að brtt. á þskj. 673 orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 1. Tillagan orðist svo: Nú býðst útgefandi til að taka að sér útgáfu löggiltrar kennslubókar, og er þá heimilt að taka boði hans, ef hann fullnægir skilyrðum útgáfustjórnar um frágang bókar og verð, enda fari um sölu hennar eftir fyrirmælum 5. gr.“

En í frvgr. er tekið fram, hvernig og hvenær skuli tekið til útgáfu á þeim bókum, sem eru að verða uppseldar.

Um aðrar brtt. á þskj. 673 skal ég taka þetta fram í stuttu máli, að það virðist fullkomlega ástæðulaust að binda svo fast í lögunum, að útgáfustjórn skuli leita tilboða um prentun og band bóka og skuli hagkvæmasta tilboði tekið. Það

þarf ekki annað en líta á frv. sjálft til að sjá, að höfuðtilgangur þess og markmið er ekki að ríkið prenti sjálft bækur og bindi, heldur **hvaða skólabækur** skuli prentaðar og bundnar í hvert sinn. Það liggur því í hlutarins eðli, að útgáfustjórin muni leita tilboða um prentun og band hverrar bókar, þó ekki sé farið að fyrirskipa það með lögum, sem er aðeins til að hjóða heim lögbrjótum, þ. e. a. s. gefa undir fótinn þeim fyrirtækjum, sem við vitum, að eru til og aldrei setja sig úr færi að undirbjóða keppinauta sína.

Viðvíkjandi 3. brtt. á þskj. 673, við 5. gr. frv., um sölulaun, þá sé ég ekkert á móti því, að sá, sem tekur á móti bókunum og greiðir við móttöku, fái ívilnun, eða útgáfustjórn sé heimilað að ætla honum hærri þóknun en þeim, sem tekur bækurnar í umboðssölu, því þetta er hagur fyrir báða. Og úr því meiri hl. samþykkti 20% sölulaun í umboðssölu, þá sé ég ekkert á móti því, að gefin séu 25% gegn staðgreiðslu.

Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að ef fara á út í það ýtrasta, hvað séu skólanauðsynjar, þá mætti með málfræðilegu harðfylgi og kaupmennskubrögðum láta það ná yfir allt, sem hann taldi upp. (**PHalld**: Það þarf ekki til). Jú, það þarf til. En ég get fullvissað hann um, að með orðinu „skólanauðsynjar" vakir ekkert annað en það, sem ég nefndi í fyrri ræðu minni, skrifbækur, teiknipappír o. þ. h. Skal ég þá koma að því í þessu sambandi, sem nokkru máli skiptir og vafalaust er öllum kunnugt, sem fást við kennslu og skólahald, hve það er til stórra baga fyrir stofnun eins og t. d. kennaraskólann, að hvergi er til safn kennsluáhalda, sem er mjög nauðsynlegur hlutur og er einn liður í kennslu erlendra skóla, að kennaraefnin kynnist nauðsynlegum skólaáhöldum og nýjungum. En því verður ekki komið við nema þessir hlutir séu á einum stað eða öll fræðslutæki, sem notuð eru. Ég býst við, að það sé m. a. þetta, sem vakir fyrir flm. þessa frv., að ef ríkisútgáfan færi að hafa birgðir af nauðsynlegustu tækjum og skólagögnum, þá verði auðvelt að koma upp sliku skólagagnasafni, sem skortir hér mjög tilfinnanlega. Ég skil vel, að hv. 5. þm. Reykv. sér hér strandhögg inn á atvinnurétt þeirra manna, sem fengizt hafa við viðskipti og verzlun með þessar nauðsynjar, en sé ekki, að hér geti verið um svo mikinn gróða að ræða, að hann geti ekki fallizt á, ef hann athugar þetta mál betur, að tilvinnandi er að fórna þeim gróða og að ríkisútgáfan fái þessa verzlun, því það létti undir með framsýnni stjórn að koma upp skólagagnasafni, sem er mikilsverður liður í uppfræðslu kennara.

5. brtt., við 8. gr. frv. — sem hv. þm. gerði allýtarlega grein fyrir —, fer fram á, eftir því sem ég fæ bezt séð, hlunnindi til handa þeim mönnum, sem nú eru eigendur skólabóka. Mun hv. þm. vafalaust sjá við nánari athugun, að þetta eru ekki allt sanngjarnar kröfur, enda fyrir því séð í frv., að ekki sé gengið á rétt eigendanna; er þeim ætlaður góður tími til að losna við birgðirnar. Það er rétt, að alltaf verður eitthvað eftir óselt; eru það oft gömul eintök, og sum hver meira og minna skemmd af geymslu, sem eru þá orðin útgefanda verðlaus, og mundu verða jafnt hvort ríkisútgáfa væri eða ekki, því engin trygging er fyrir því með núv. fyrirkomulagi, að ekki gefi einhver annar út bók í stað þessarar. En nú er ekki nóg með það, að þessi brtt. fari fram á, að ríkisútgáfan kaupi óseld eintök, heldur líka myndamót o. fl., er tilheyrir útgáfunni. Ég get hugsað mér, að þær myndir væru ekki að öllu leyti æskilegar í nýja útgáfu, sumar úreltar, og e. t. v. hægt að fá önnur myndamót jafnheppileg ódýrari. En með þessu er verið að binda ríkisútgáfunni útgjaldabagga, sem gæti orðið alltilfinnanlegur, en lítil eða engin not yrðu af. Og eins og ég gat um áðan, er nú enginn, sem getur hindrað annan í að gefa út skólabækur í sömu grein, og hver verður að sjá um sig. Þessi vernd, sem hér er farið fram á til handa bókaútgefendum, er því alls ekki til eins og nú standa sakir, — eða hverjum er skylt að kaupa nú allt, sem tilheyrir útgáfunni, ef annar gefur kennslubókina út nú? Þetta er ekki sambærilegt dæmi við tóbakseinkasöluna, eins og hv. 5. þm. Reykv. vildi halda fram. Þegar tóbakseinkasölunni var gert að kaupa tóbaksbirgðir einstakra kaupmanna, þá geri ég ráð fyrir, að þar hafi verið um að ræða fullgilda verzlunarvöru og nothæfa. En þessar kennslubækur eru úreltar og ekki fullgild verzlunarvara, þó þær séu seljanlegar meðan fólk nær ekki í aðrar bækur, en náttúrlega eru ekki allar bækur úreltar, þó þær séu uppseldar. En ný bók þarf jafnan að vera handbær þegar þær eldri þrjóta, og verður það undir mati væntanlegrar útgáfustjórnar, hvenær efna skal til nýrrar bókaútgáfu, eða hvort endurprenta skuli þá gömlu, ef um það er að ræða, að hún sé eins hagkvæm. En náttúrlega er það hagnaður fyrir bókaútgefendur að vátryggja á þennan hátt vöru sína, sem þeim hefir aldrei komið til hugar að geta selt.

Um brtt. hefi ég þá sagt þetta: Við 1. brtt. á þskj. 673 hefi ég leyft mér að bera fram skrifl. brtt. Um 2. brtt. hefi ég leitt rök að því, að þar er um nokkra handjárnapólitík að ræða á útgáfustjórnina, sem er óþörf og ekkert tilefni er til. Um 3. brtt., að ég álít hana réttmæta og meinlitla. Um 4. brtt., að *hún er sprottin af óþörfum* ótta við, að formenn skólanefnda og útgáfustjórn kunni að misnota hana, og um 5. brtt., að hún er verndarráðstöfun um hagsmuni útgefenda, sem búið er að ganga tryggilega og rækilega frá í frv. sjálfu, eða 8. gr. þess, eins og hún liggur fyrir. Hún er ekki einungis óþörf að því leyti, heldur líka til óþurftar á þann hátt, að hún rýrir fjárhagslega getu ríkisútgáfunnar og bitur úr henni bakfiskinn. Brtt. á þskj. 673 eru ekki hugsaðar út frá sjónarmiði barnanna, sem eiga að læra bækurnar, ekki frá sjónarmiði foreldranna, sem eiga að kaupa þær, ekki eru þær heldur hugsaðar út frá sjónarmiði skólanna eða kennaranna, sem eiga að nota bækurnar við uppfræðsluna, heldur eru þær hugsaðar, samdar og bornar fram frá sjónarmiði þeirra manna, sem gefa út kennslubækur.

**Gunnar Thoroddsen**: Við 2. umr. þessa máls féllu þau ummæli frá hv. frsm. meiri hl. menntmn., að hér á landi hefðu ekki enn komið umkvartanir um, að kennslubækur væru samdar af

hlutdrægni. (PZ: Löggiltar kennslubækur). Ég mótmælti þessu þá þegar, en gat þess, til að tefja ekki umr., að ég mundi fresta til 3. umr. að færa rök fyrir þessum orðum mínum. Ég hafði hugsað mér að rökstyðja nokkuð þessi ummæli mín nú við þessa umr., og þykir mér því leitt, að hv. frsm. er ekki á fundi, en við því verður víst ekki gert, því að ég býst ekki við, að hæstv. forseti vilji fresta umr. þangað til frsm. er viðstaddur.

Ég minntist við 2. umr. sérstaklega á eina bók, sem hefði þann ágalla að vera hlutdræg, og það er „Íslendingasaga“ eftir Arnór Sigurjónsson. Ég skal geta þess, að hún er að vísu ekki löggilt, af þeirri einföldu ástæðu, að hún er kennd við héraðs- eða unglingaskóla, og þar er engin kennslubók löggilt. En hún er gefin út árið 1930 með ríkisstyrk, að ég ætla 2 þús. kr., og kennd við marga unglingaskóla; mér er a. m. k. kunnugt um tvo skóla, skólana á Laugum og Laugarvatni. Skólastjórinn á Laugarvatni, hv. 2. þm. Árn., er hér viðstaddur, og vænti ég, að hann beri á móti þessu, ef ekki er rétt með farið. — Ég vil benda á, að fyrst bók þessi er kennd a. m. k. við tvo héraðsskóla, og jafnvel fleiri, og gefin út með ríkisstyrk, þá er óhæfa, að slík bók sé hlutdræg í frásögn; og það er sérstök ástæða til að athuga þetta í sambandi við umr. um það, hvernig hagað skuli útgáfu á skólabókum.

En það er önnur bók, sem ég ætla einnig að minnast á og stendur eins á um. Það er „Þjóðskipulag Íslendinga“ eftir Benedikt Björnsson kennara á Húsavík. Hún er líka gefin út með ríkisstyrk, en mér hefir ekki tekizt að fá upplýsingar um, hvað sá styrkur var hár. Þessi bók er líka kennd við þá tvo héraðsskóla, sem ég nefndi áðan, og sennilega í fleiri hliðstæðum skólum. Það er einkum tvennt, sem einkennir þessa bók. Annað er það, hve hrúgað er saman miklu af pólitískri hlutdrægni og hinsvegar sægur af stórum villum og áberandi, svo algerlega er óhæfilegt, að hún sé kennd í skólum og skuli hafa verið styrkt af ríkisfé.

Skal ég þá víkja að nokkrum atriðum og lesa hér upp úr bókinni til að sýna, að ég fer ekki með staðlausa stafi. Einn aðalkaflinn í bókinni, VI. kafli, er nefndur „Þjóðarhagir“. Er þar farið út í að ræða stjórnmálastefnur þær, sem ríki hér á landi; það er talað um þrjár aðalstefnur, íhaldsstefnu, jafnaðarstefnu og samvinnustefnu, og eiga þetta að vera stefnur þriggja aðalflokkanna, Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl., en öll lýsingin, sem höfundurinn vill láta vera af þessum 3 flokkum, er lituð grófri pólitík. — Þegar höf. lýsir íhaldsstefnunni, lætur hann nægja fáeinar línur, eða ½ bls.; þegar hann lýsir jafnaðarmönnum, notar hann 1 bls., en þegar hann lýsir framsókn eða samvinnustefnunni, notar hann 1½—2 bls. Þetta er nú bara forsmekkurinn af hlutdrægninni, sem kemur betur fram í öðru, og skal ég nú lesa nokkrar línur til að sýna það enn betur — með leyfi hæstv. forseta.

Á bls. 89 lýsir hann íhaldsstefnunni þannig: „Íhaldsmenn láta sér hægt um stórbreytingar í skipulagsmálum. Þeir óttast röskun og rótleysi í þjóðlífinu, ef niður skal rifa það, er stórmálum skiptir, og nýtt á að byggja á rústum þess, er lengi hafði staðið. Þeir vilja síga hægt í áttina fram og þreifa fyrir sér í hverju spori. Þeir vilja engin verzlunarhöft, en halda því fram, að frjáls samkeppni eigi að njóta sín með hlífðarlausu kapphlaupi með takmörkunum sem allra minnstum. Með þessum hætti nýtur einkaframtakið sín bezt, segja þeir, jafnvel þótt athafnir undir þessum skilyrðum verði stundum skipulagslaust fálm og brall, er mistakast og valda tjóni (gjaldþrot, bankahrun).“

Ég vil nú aðeins bera það undir dóm hv. þdm., hvort þeir álíta rétt að hafa slíkan dóm um pólitíska stefnu í kennslubók, en ekki fara fleiri orðum um það, heldur víkja að því, er höf. segir um jafnaðarmenn, á bls. 89, og ætla ég, að hv. Alþflm. geti borið um, hvort gefin sé rétt lýsing á skoðun þeirra eða ekki:

„Jafnaðarmenn telja allt þjóðskipulag vorra tíma gallað og máttvana til almenningsheilla, og þeir, sem lengst ganga, telja grundvöll þess, eignarrétt einstaklingsins, óhæfilegan“. — Ég hefði nú haldið, að allir jafnaðarmenn teldu þennan grundvöll — eignarrétt einstaklingsins — óhæfilegan, en höf. er á annari skoðun. Svo lýsir hann þessu nánar á bls. 90 og segir svo: „Margt hefir þessum mönnum tekizt að ráða til bóta í einstökum atriðum. En reynslan sýnir, að lítið hefir unnizt á í heild og að kenningin sé hugsjón, sem torvelt muni að framkvæma“. — Í þessu felst ákveðinn dómur og andvígur stefnunni.

Ég skal þá víkja að samvinnustefnunni; um hana er langt mál og skrum mikið. Það er ekki fyrst og fremst dómur um stefnuna, heldur almennt lof, sem gæti átt við alla stjórnmálaflokka. Lýsir höf. fyrst höfuðatriðum í stefnu samvinnumanna, en segir síðan, bls. 92: „Þeir vilja setja á starfsemi sína lýðstjórnarblæ og þegnskaparsnið, svo að öll starfsemin verði einstaklingunum uppeldi þeirra og þroskalind til efnalegs og andlegs sjálfstæðis, án þess þó að einkaframtakið lamist. Þeir vilja stofna sjóði til tryggingar og til rekstrar framkvæmdanna, svo að þær standi fjárhagslega á eigin fótum.“ — Svo kemur niðurlagið: „Þeir vilja láta auðmagnið verða þjón almennra hagsælda, en ekki leiksopp einstaklinga. Þeir trúa á lífið og vaxtarmátt þess. Þeir vilja þróun, en ekki byltingu.“

Þetta á sérstaklega við samvinnustefnuna! — **„Þeir trúa á lífið og vaxtarmátt þess!“** — Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta til að sýna, hve óhæfileg hlutdrægni kemur fram í þessum lýsingum á stjórnmálastefnunum, og það má furðulegt heita, að svona bók skuli vera kennd í nokkrum skóla. — Höfundurinn minnist á kaupfélögin og Sambandið og lýsir hag þeirra, og um þau farast honum orð á þessa leið, bls. 93:

„Kaupfélög hér á landi hafa því nær öll á hendi bæði sölu innlendra afurða og útlendra vara. Hafa þau stofnað með sér samtök innbyrðis, sem nefnist Samband ísl. samvinnufélaga og hefir fulltrúa og afgreiðslu í Bretlandi (Leith), Þýzkalandi (Hamborg) og Danmörku (Kaupmannahöfn).“

Það er ekki verið að minnast t. d. á sendiherra Íslendinga í Kaupmannhöfn eða fiskifull-

trúann á Spáni. Nei, það er eingöngu minnzt á sendiherra Sambandsins.

Ég skal þá, til þess að tefja tímann ekki um of, víkja frá þeirri pólitísku hlutdrægni, sem kemur fram í þessari bók, en mun nú sýna fram á beinar villur, sem í henni eru, og það eitt út af fyrir sig ætti að vera nægilegt til þess, að hún væri ekki notuð til kennslu í nokkrum skóla landsins.

Um eignarréttinn segir svo á bls. 9: „Eignarrétturinn er fólginn í því, að einstaklingurinn má eignast verðmæti á þrennan hátt: 1) að erfðum, 2) að gjöf og 3) með kaupi." Hér er það talið upp, hvernig eignarrétturinn stofnast. Það sér nú hver maður, hversu mjög þessari upptalningu er áfátt. Eftir þessu geta menn t. d. ekki öðlazt eignarrétt með því, sem kallað er nám eða taka, t. d. ef maður dregur fisk úr sjó.

Á bls. 10 segir svo: „Hinsvegar leyfist ekki heimskuleg og tilgangslaus eyðing eigin verðmæta, t. d. að brenna hús, þó að eigi stafi af því almenn hætta, eða að kasta peningum í sjóinn." — Ég veit engin lagaákvæði, sem banna mönnum að kasta peningum í sjóinn. Þetta er bara vitleysa.

Þá skal ég víkja að því, sem sýnir greinilega fáfræði þessa höfundar, þegar hann er að tala um löggjöfina. Hann segir á bls. 65:

„Sektir eru dæmdar þeim, sem brot fremja á lögum um almannahcill, án þess að persónuréttur nokkurs manns sé skertur með brotinu, og ganga sektir allar til almenningsþarfa á einhvern hátt. .... Sú þegnskylda hvílir á hverjum manni að ljósta upp brotum."

Ég skal benda á það, að ef einhver rekur öðrum löðrung, þá er það brot á persónurétti mannsins, og geta legið sektir við því broti, en samkv. meiningu höfundar liggja ekki sektir við, ef um skerðingu á persónurétti er að ræða. Eins er það rangt, að sú skylda hvíli á hverjum manni að ljósta upp brotum. Engin slík almenn skylda hvílir á borgurum þjóðfélagsins.

Á bls. 66 stendur: „Glæpamál öll eru rekin sem almenn lögreglumál."

Þetta veit hver maður, að er rangt. Glæpamál eru yfirleitt rekin sem sakamál. Þetta og margskonar fleiri villur, sem þarna koma fyrir, sér hver maður í landinu, sem kominn er til vits og ára og veit betur en höfundurinn. (**Forseti**: Ég vil benda hv. þm. á, að það er naumast tilhlýðilegt að deila þannig á einstaka menn, þó að villur kunni að vera í þeim bókum, sem þeir hafa ritað, þar sem þessir menn eru hér ekki né geta borið hönd fyrir höfuð sér). Ég skal benda hæstv. forseta á, að mér finnst hann ekki hafa ástæðu til að ámæla mér fyrir of langar ræður. Ég hefi ekki heldur farið út fyrir efnið. Hér er rætt um ríkisútgáfu á skólabókum, og þá finnst mér sjálfsagt að ræða um þær skólabækur, sem nú eru kenndar í skólum, sérstaklega þær, sem eru svo gagnsýrðar af vitleysum og hlutdrægni eins og hér er um að ræða. Að hér sé verið að ráðast á höfundinn persónulega, get ég ekki heldur fallizt á. Hér er aðeins verið að kritisera það, að svona bók sé kennd í skólum landsins, og ég tel það skyldu mína að benda á það, áður en þetta frv. fer héðan úr d., hversu hlutdrægar kennslubækur hér eru notaðar.

Á bls. 68 segir svo um það, þegar máli er áfrýjað til hæstaréttar: „Þegar dómur hefir fallið í málinu, getur hvor aðili sem vill áfrýjað því til hæstaréttar. En þá geta aðiljar ekki sjálfir sótt og varið málið lengur, heldur verða þeir að fela það lögfræðingum, sem ríkisvaldið hefir veitt sérstakan rétt til þess að flytja mál fyrir hæstarétti og nefndir eru hæstaréttarlögmenn."

Þetta er algerlega rangt. Lögin um hæstarétt mæla svo fyrir, að þegar mál kemur fyrir réttinn, þá getur aðili varið eða sótt málið sjálfur, en þarf ekki að fá lögfræðing.

Ég skal svo ekki drepa á margt fleira í þessari bók, en vil þó minnast enn á eitt atriði, sem sýnir ónákvæmni höfundar. Á blaðsíðu 103 stendur:

„Langmestur hluti af útflutningsvörum Íslendinga (sem alls eru nú um 100 millj. kr. árlega) eru sjávarafurðir". Bókin er gefin út 1928, og þá hafði útflutningur aldrei komizt nærri því að vera 100 millj. kr., heldur verið undanfarin ár um 60 millj. Um þetta hefði höfundur getað fengið upplýsingar í hagskýrslum, ef hann hefði viljað, en það, sem skakkar um hjá honum, er hvorki meira né minna en 40 millj. kr.

Ég skal svo ekki hryggja hæstv. forseta með því að lesa meira upp úr þessari bók. Ég þykist hafa sýnt fram á það með fullum rökum, að ekki sæmir að kenna í skólum ríkisins slíka bók, sem hefir þá tvo stórgalla, að vera gagnsýrð af hlutdrægni og að í henni úir og grúir af beinum villum. —

Hin bókin, sem gaf mér tilefni til þessara umr., er Íslendingasaga eftir Arnór Sigurjónsson. Eins og ég gat um áðan, var hún gefin út með 2000 kr. styrk úr ríkissjóði. Ég skal ekki fara inn á efni þessarar bókar að öðru leyti en að sýna fram á, hvað hún er pólitískt lituð.

Á blaðsíðu 350 hefst kafli, sem heitir „Stjórnmál síðustu ára". Þar er lýst stjórnmálabaráttu Íslendinga á síðari árum, allt fram til 1930, þegar bókin er gefin út. Þegar höfundur hefir talað um kosningarnar 1916, kemur hann að því að lýsa upphafi Framsfl., sem svo hljóðar:

„Er til þings kom í ársbyrjun 1917, stofnuðu þessir þingmenn Framsóknarflokkinn. Sá maður, er mest vann að því að koma skipulagi á flokkinn, var þó utanþingsmaður, Jónas Jónsson frá Hriflu, ungur kennari við kennaraskólann í Reykjavík. Hann var af fátæku foreldri í bændastétt, en hafði brotizt til vegs og mennta með frábærum dugnaði. Hann var um þessar mundir aðalforingi ungmennafélaga, og hafði svo verið þá um nokkur ár. Honum varð því auðvelt að safna um sig flestum röskustu mönnum, er ungmennafélögin höfðu á að skipa, og öðrum ungum mönnum. Hann hefir alltaf síðan verið mjög mikils ráðandi um stefnu flokksins og störf. Sá maður annar, er mestu hefir ráðið um stefnu flokksins og gengi, er Tryggvi Þórhallsson. Hann er að vísu biskupsson og kaupstaðarbarn að uppruna. En tekið hafði hann í arf eftir föður sinn alúðarást á íslenzkri bændastétt, og frá bernsku hafði hann verið starfsmaður í ungmennafélögum". .... „Undir eins, er komin var

skipun á Framsóknarflokkinn, réði hann mestu um svip hinnar pólitísku baráttu í landinu. Var það hvorttveggja, að hann hafði vaska menn í fararbroddi, og að það var hann, sem hratt stjórnmálaviðleitni þjóðarinnar inn á nýjar brautir".

Þetta á að vera hlutlaus kennslubók í sögu!

Þá kemur kafli, sem nefnist „Upphaf Sjálfstæðisflokksins nýja". Þar segir svo:

„Er skipun komst á Framsóknarflokkinn, tóku foringjar gömlu flokkanna brátt höndum saman við efnamenn bæjanna, verzlunarmenn, útgerðarmenn og aðra atvinnurekendur. Í lok ófriðarins og næstu tvö árin á eftir stóð hagur þeirra manna með miklum blóma, að því er séð varð og þeir hugðu sjálfir. Einkum var svo í Reykjavík. Því er eigi að undra, að þeir ætluðu sér mikinn hlut og tryðu á hlutverk sitt og hamingju". ... „Einnig hnigu á sveif með þeim því nær allir embættismenn og margir bændur, einkum þeir rosknari og efnaðri." ... „Þessum flokki manna var eigi annt um mikla tilhlutun stjórnarvaldanna og réði því minnu um svip stjórnmálabaráttunnar en Framsóknarflokkurinn. En hann réði í fyrstu miklu meiru um þróun athafnalífsins og þær breytingar aðrar, er urðu á þjóðlífinu, bæði illar og góðar". ... „Í Reykjavík risu ný og ný hverfi af fátæklegum dýrtíðarbyggingum (er síðar hurfu að mestu) og höllum þeirra „nýríku". ... „Töpin, gjaldþrotin komu að mestu á breið bök bankanna. Til að standast þau skattlögðu þeir nýja atvinnurekendur og aðra lántakendur með háum vöxtum. En atvinnurekendur reyndu að koma byrðinni yfir á verkalýðinn og bændurna með dýrri húsaleigu, gegnum verzlunina eða eftir ýmsum öðrum leiðum".

Slík frásögn ætti betur heima í Alþýðublaðinu eða Tímanum en í hlutlausri kennslubók, sem kennd er í opinberum skólum.

Þá kemur frásögn um samruna íhaldsflokksins og frjálslynda flokksins, sem er nú, að því er ég ætla, ekki alveg hlutlaus heldur. Þar segir svo:

„Eftir að flokkurinn hafði beðið ósigur við kosningarnar 1927, breytti hann um nafn og kallar sig nú Sjálfstæðisflokk. Um leið hirti hann síðustu leifarnar af gamla Sjálfstæðisflokknum, er um hríð hafði kallað sig „frjálslyndan flokk"."

Það sjá allir það „hlutleysi", sem í þessum orðum felst.

Þá fer hann að lýsa því, þegar Framsfl. tók völd. Um það er sérstakur kafli með fyrirsögninni: „Framsóknarflokkurinn tekur við völdum". Þar minnist hann m. a. á ríkiseinkasölu á tilbúnum áburði og að með henni væri öllum jarðræktarmönnum tryggður ódýr áburður. Síðan segir m. a. svo:

„Um sömu mundir kom fram árangur af starfi ungmennafélaganna að undirbúa hugarfarsbreytingu með þjóðinni. Þó að þeir menn, er unnu að þessari sókn þjóðarinnar, skipuðu sér eigi allir í Framsóknarflokkinn, var hún mjög í samræmi við vilja hans og stefnu og varð honum mjög til eflingar. Þeir, er vaxið höfðu upp í ungmennafélögunum, urðu hver af öðrum fulltíða menn og margir drjúgir til áhrifa og flestir gengu þeir undir merki flokksins. Svo var og um flesta unga menn í kennarastétt, en sú stétt fór mjög vaxandi, bæði að mannafla og áhrifum. En áhugamál kennara fengu hvergi betri byr en hjá forvígismönnum Framsóknarflokksins. ...

„Þó að svo virðist, að Framsóknarflokkurinn láti sig sjávarútveginn minna skipta, hefir þó engu minna verið gert til að koma skipun á hann í stjórnartíð flokksins, sumt að atbeina hans, sumt meir fyrir atbeina Alþýðuflokksins. Árið 1930 var Íslandsbanka lokað, vegna þess að alltaf voru að koma til grafar hans ný og ný kurl frá djarfræðisárunum eftir ófriðinn. Þingið endurreisti bankann þegar í stað sem Útvegsbanka Íslands (Það stendur nú ekki alveg heima, að bankinn væri endurreistur „þegar í stað".) með nýju hlutafé og ýmsum styrk öðrum og setti honum nýja stjórn. Skipulag síldarútvegsins hefir verið bætt með Síldareinkasölu Íslands". ... „Um verklegar framkvæmdir ríkisins hefir á líkan hátt og í atvinnulífi þjóðarinnar tekið að svipa af nýrri öld, er tekið hefir vélar og verkkunnáttu í þjónustu sína miklu meir en áður. — Yfirleitt hefir hluttaka ríkisins bæði í athöfnum og menntaviðleitni þjóðarinnar mjög farið vaxandi síðan 1927".

„Á þinginu 1931 sögðu þingmenn Alþýðuflokksins upp hlutleysi við Framsóknarflokkinn vegna ýmislegs ágreinings. Það leiddi til þingrofs og nýrra kosninga. Kjósendur munu almennt hafa litið svo á, að baráttan stæði um það, hve mikið skyldi hlynnt að landbúnaðinum og sveitunum, í trú á aukinn viðgang þeirra. Framsóknarflokkurinn fékk meiri hluta á þingi við kosningarnar, 23 fulltrúa af 42".

Ég býst við, að allir, sem eitthvað fylgdust með stjórnmálabaráttunni á þessum tíma, viti, að það var kjördæmaskipunarmálið, sem kosið var um fyrst og fremst, en ekki það, hvort hlynna skyldi að landbúnaðinum.

Þá má geta þess, að hér er langur kafli um stjórnartímabil Framsóknarflokksins og talin upp mörg mál, sem hann hafi komið í framkvæmd ásamt Alþýðuflokknum, en það er enginn kafli um stjórnmálatímabil íhaldsflokksins 1923—1927, og ekkert á það minnzt nema lítilsháttar um fjárhag þjóðarinnar. Þar segir svo:

„Stjórn sú, er þá sat að völdum, Íhaldsráðuneytið 1924—1927, hafði og hug á að koma betri reiðu á fjárhag ríkisins. Ríkisskuldirnar minnkuðu að vísu lítið, ef miðað er við gullgildi þeirra, en það tókst fullkomlega að koma í veg fyrir, að gengishækkunin kæmi fjárhag ríkissjóðsins að sök í bráð, skuldaaukningin var stöðvuð, og ríkisskuldunum öllum komið fyrir í föstum lánum. Í stjórnartíð Framsóknarráðuneytisins hafa ríkisskuldirnar aftur farið vaxandi". En höf. er ekki lengi að finna fullar afsakanir fyrir skuldaaukningu framsóknarstjórnarinnar: „Nokkru hafa þar um ráðið miklar framkvæmdir ríkisins. En svo hefir ríkið líka orðið að drekka fjármáladreggjarnar frá óreiðuárunum í ófriðarlokin og gengishækkuninni 1925".

Ég skal þá láta þessum lestri lokið í þetta sinn. Ég býst við, að ýmsum hv. þm. finnist eftir þennan lestur, að það gæti verið rétt að athuga, hvort ekki mætti finna fleira, sem er ritað á sama hátt.

Eins og ég gat um áðan, þá þótti mér ekki rétt að láta þessari umr. ljúka svo, að ekki yrði sýnt fram á það með rökum, að það eru ekki allar þær kennslubækur, sem hér eru notaðar í skólum, svo gersamlega hlutlausar sem hv. frsm. meiri hl. vildi vera láta. Og það er sérstaklega ástæða til að minna á það, að þessar bækur eru ekki aðeins kenndar við opinbera skóla, heldur eru þær líka báðar gefnar út með ríkisstyrk. Ég skal engar ályktanir draga af þessu í sambandi við þetta frv. En fyrst framsóknarstj. hefir látið gefa út jafnóhæfar bækur og þessar, þá má geta nærri, hvort ekki verður gengið lengra í sömu átt, þegar komin er einokun á útgáfu allra skólabóka í landinu.

**Forseti (JörB):** Í lok ræðu sinnar vék síðasti ræðumaður, hv. 11. landsk., að því, að hann ætlaði ekki að draga neinar ályktanir út frá þessu atriði, sem hann var að tala um, viðvíkjandi frv., en það var einmitt það, sem máli skipti. En ef hv. 11. landsk. þykist þurfa að gera slíkar aðfinnslur að umtalsefni sínu, þá vil ég alls ekki amast við því, að hann geri það, en hann á þá fyrst og fremst að beina máli sínu til hæstv. kennslumálaráðh., sem er yfirmaður þessara mála. Það hefði því verið æskilegt, að hann hefði haft annað form á ræðu sinni en hann nú hafði. *Hér er fram komin skrifl. brtt., og þarf afbrigði til að hún megi komast hér að.*

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 735) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

**Thor Thors:** Það er aðeins út af þessari óvenjulegu ávítun hæstv. forseta til hv. 11. landsk., að ég vil leyfa mér að minna hæstv. forseta á það, að hv. frsm. menntm., þm. V.-Ísf., sagði í ræðu sinni — og ég tók greinilega eftir því —, að engin kvörtun hefði komið fram um það, að kennslubækur væru pólitískt hlutdrægar. Ég vil nú spyrja hæstv. forseta: Hvernig átti hv. 11. landsk. að hrekja þetta, ef ekki á þann hátt, sem hann gerði?

**Forseti (JörB):** Ég efast ekki um, að hv. þm. Snæf. *muni* þetta *rétt, en* við *getum* látið það liggja á milli hluta hvað þetta snertir. Þetta kemur bara ekkert við því máli, sem nú er verið að ræða. Þessar bækur, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, eru ekki ríkisútgáfa, svo að þær skipta ekki máli hvað þetta snertir.

Það eru takmörk til fyrir því, hvað langt má ganga í að deila á menn, sem eru fjarverandi og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. En ef hv. þm. hefði þurft að gera aths. við þessar bækur, þá var tilhlýðilegra að hafa það form, að snúa sér til hæstv. kennslumálaráðh. með umkvörtun sína, en fara ekki að setja það í samband við óskylt mál.

**Thor Thors:** Hæstv. forseti sagði, að þetta mál snerti ekki það frv., sem hér er um að ræða, en ég held einmitt, að það skipti máli, og það mjög verulega. Það hefir verið vikið að því af ræðumönnum Sjálfstfl., að ef ríkið ætti að gefa út skólabækur, þá mætti þar beita pólitískri hlutdrægni, og nú hefir hv. 11. landsk. tekið það mjög greinilega fram, að það sé nú þegar farið að veita ríkisstyrk til að gefa út bækur, þar sem beitt er pólitískri hlutdrægni, og hann sannaði þetta með því að lesa kafla upp úr þeim bókum. Þetta er því veigamikið atriði, og ég fæ ekki skilið, hvernig hæstv. forseti getur látið sér koma til hugar, að þetta sé óviðkomandi því frv., *sem hér liggur fyrir. Ég vænti,* að við *nánari* athugun muni hæstv. forseti sannfærast um, að þetta er mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við þetta mál.

**Gunnar Thoroddsen:** Ummælum hæstv. forseta og ávítum vil ég svara með því að undirstrika það, sem hv. þm. Snæf. sagði, að vegna þess að þær bækur, sem ég ræddi um, eru gefnar út með ríkisstyrk og kenndar í skólum ríkisins, þá skipta þær nokkru máli, þegar rætt er um ríkisútgáfu á skólabókum. Í öðru lagi vil ég benda á það, að hv. frsm. meiri hl. gaf mér tilefni til þessarar ræðu, með því að bera brigður á það, að hlutdrægni hefði gætt í kennslubókum, sem nú eru notaðar í skólum landsins. Það er þess vegna óþarfi fyrir hæstv. forseta að taka þessa óskapa rögg á sig og víta mig. Ég hefi ekki misnotað ræðutíma minn hingað til.

*Það er ekki rétt, að ég sé* að ráðast persónulega að mönnum, sem eru fjarstaddir, þó að ég gagnrýni rit, sem eru kennd í opinberum skólum landsins. Því fer fjarri, að ég hafi verið að veitast að þeim tveim mönnum, sem hafa orðið svo ógæfusamir að vera höfundar að þessum bókum.

**Forseti (JörB):** Ég vil benda hv. þm. á, að ég er ekki út af fyrir sig að finna að því, þó að hann geri kennslubækur að umtalsefni, en þá hefði hann átt að snúa sér fyrst og fremst til hæstv. kennslumálaráðh. með það, en þetta form, sem hann hefir við flutning þessa máls, er óviðeigandi. **(GTh:** Ég þarf engar leiðbeiningar um það frá hæstv. forseta). Ég held, að honum veitti samt ekki af leiðbeiningum, og hann ætti að taka þær til greina.

Annars held ég, að það græðist nú lítið á meiri umr. um þetta atriði. Mér fannst hv. 11. landsk. fullhörundssár, því að ég gerði ekki annað en góðfúslega að benda honum á, að það væri tæplega viðeigandi að gera þetta hér að umtalsefni.

Hann vildi segja, að hann hefði ekki ráðizt í garð þeirra manna, sem eru höfundar að þessum bókum. Ég skildi hann þó svo, að hann væri að ráðast á þeirra verk og fyndist þau óréttmæt, og það getur ekki talizt annað en árás á mennina. Hitt skal ég ekki gera að umtalsefni, hvort það var rétt eða rangt.

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson):** Ég fæ ekki skilið ávítanir hæstv. forseta til hv. 11. landsk., því hv. frsm. meiri hl. gaf beinlínis tilefni til þess í sinni ræðu, að málið yrði tekið þeim tökum, er hv. 11. landsk. hefir gert hér. Hér er um verulega stórt atriði að ræða, sem sé hættuna, sem kann að verða á því, að bækur, sem gefnar verða út af ríkisútgáfunni, verði póli-

tískar. Skiptir þetta vissulega máli í umr. um þetta frv. Ég fæ því ekki skilið ávítanir hæstv. forseta til þessa hv. þm.

**Forseti (JörB):** Ég minnist ekki að hafa heyrt hv. frsm. meiri hl. viðhafa þau ummæli, er gæfu tilefni til þessara umr. Annars hygg ég, að eigi græðist á frekari umr. um þetta.

Umr. frestað.

Á 55., 56. og 57. fundi í Nd., 10., 11. og 12. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 599, 673, 735).

**Sigurður Kristjánsson:** Það eru nú orðnir nokkrir dagar síðan ég kvaddi mér hljóðs til að tala um þetta mál, svo að ekki væri undarlegt, þó að ég væri farinn að ryðga í því, sem ég ætlaði að segja. En reynt mun að fægja af því ryðið. Mál þetta snertir mikið þann verkahring, sem ég hefi starfað í lengstan hluta æfi minnar, og er því ekki nema eðlilegt, að mig langi til þess að leggja orð í belg um það. Það mætti segja, að mál þetta sé svo langt komið hér í hv. d., að ég sé orðinn á seinni skipunum með aths. minar. En þó á þetta frv. eftir að fá úrslitaákvæðið um það, hvort það á að lifa eða deyja. Ég hefi í kennarastarfi mínu ekki komizt hjá því að rekast hvað eftir annað á mikla galla á kennslubókum þeim, sem fyrirskipaðar eru. Mig furðaði því stórum, þegar frv. þetta kom fram og átti ekki fyrst og fremst að bæta úr þeim ágöllum, sem allir kannast við, að eru á ýmsum algengum barnakennslubókum, heldur var það aðalatriðið, að ríkið tæki í sínar hendur útgáfu þessara bóka og ætti að sjá um prentun, bindingu og dreifingu bókanna. Ég hefi ekki orðið var við það, að vandi væri að fá menn til þess að gefa út skólabækur, eða að sérstakir örðugleikar hafi verið á dreifingu þeirra. Hitt er á allra vitorði, að mörgum þeim kennslubókum, sem notaðar eru í barna- og unglingaskólum, er ábótavant um efni og form. Þetta er ekki undarlegt, ef menn athuga það, að hinir og þessir hafa hlaupið til þess að semja kennslubækur, annaðhvort af því, að þeir hafi verið óánægðir með þær, sem fyrir voru, eða þá af hégómlegri löngun til þess að verða höfundar, — líka kunna menn að hafa álitið samningu slíkra bóka arðvænlega. Algengur galli á skólabókum er það, að höfundar þeirra hafa ekki kunnað að marka efninu rétt form. Í barnaskólunum eru t. d. í einni námsgrein kenndar bækur, sem fara algerlega andstæðar götur. Það er í náttúrufræði. Önnur þeirra er alveg miðuð við fræðilegu hliðina, og er mjög stutt. Hún á að vera nokkurskonar leiðbeining fyrir kennarann, sem með því móti verður að leggja mestan hluta fræðslunnar til frá eigin brjósti. Hin bókin er afarlöng, og hefir höfundur hennar sýnilega ekki gert sér ljóst, að lengd slíkra bóka verður að miðast við þann tíma, sem ætlaður er þeirri grein í barnaskólunum. Bókin verður því eins og ógurleg húð þanin yfir örlítið gat, bókin þarf miklu lengri tíma en til þessarar fræðigreinar er ætlaður í barnaskólum, og verður því ekki að fullu gagni. Hún er líka með allt öðru sniði. Þetta er sumpart skemmtilegar sögur um dýralíf og sumpart aumasta skvaldur. Þetta verður því miklu líkara lesbók en kennslubók, og alveg óhæf til notkunar í skólum, sem hafa mjög takmarkaðan tíma fyrir þessa fræðigrein. Það verður að vera á valdi þeirra, sem kennslumálunum stjórna, hvort á að halda þeirri stefnu að hafa bækurnar þurrar og fræðilegar, en kennarinn leggi svo til mest af efninu, eða þá lesbókarstefnuna, að hafa bækurnar til skemmtunar, en minna til staðgóðrar fræðslu. Slíkar bækur geta auðvitað ekki hjálpað nemendum til að standast fræðileg próf, en sennilegt er, að þeir fái með þessu móti nasasjón af ýmsu, sem við kemur fræðigreininni, og þá líklega fyrst og fremst því, sem æfintýralegt er og skemmtandi, en kannske þá miður áreiðanlegt. — Víst er um það, að margar þær skólabækur, sem nú eru notaðar, eru ekki sniðnar til fyrir þá skóla, sem eiga að nota þær. Ýmist eru þær of þurrar og stuttar, eða þá of langar og ófræðilegar, svo ekki er hægt að segja, að þær séu nothæfar. Auk þess er á mörgum skólabókum sá galli, að þar úir og grúir af villum. Það sýnir bezt, að það eru óvaldir menn, sem taka að sér að skrifa kennslubækur. Oft verður kennarinn að nota þessar bækur út úr neyð, af því að sæmilegar bækur eru ekki til. Það er hin mesta þrautaraun fyrir kennara að þurfa að fá nemendum sínum bók í hendur, sem hann veit, að þeir geta ekki lesið sér til gagns. Hitt er þó ennþá verra, að þurfa að fá nemendum sínum bók í hendur, þar sem manni er það ljóst, að höfundur hefir misskilið efnið í verulegum atriðum. — Það er meinlausara, þó að nokkrar beinar villur séu í bókinni, því að þær má blátt áfram leiðrétta. Þá er það ekki skemmtilegt, að þurfa að segja nemanda, að kennslubók sú, sem hann eigi að læra, sé full af skekkjum. Slíkt er ekki vel til þess fallið að auka virðingu fyrir náminu, eða styðja þá trú hans, að kennarinn og höfundur kennslubókarinnar sé hátt yfir nemandann hafinn í þekkingu. — Annar tilfinnanlegur galli á þessu kennslubókamáli er sá, hvílíkur glundroði er á því, hvaða bækur eru notaðar; þar er oft skipt um ár frá ári. Ýmist veltur þetta á vali kennara eða fyrirskipunum frá æðri stöðum. Þetta getur orðið til þess að slíta námið bagalega í sundur, t. d. ef skipt er um bók á miðjum skólatímanum. Niðurskipun efnisins er gerólík hjá einstökum höfundum, svo með þessu móti verður að hlaupa yfir sumt, og annað vantar í. Fyrir utan þessi óþægindi er þetta líka tilfinnanlegt fjárhagsatriði fyrir marga fátæka foreldra. Ég skal taka það til dæmis, að fyrir nokkru átti barn á mínu heimili að fara að læra ensku. Ég spurði, hvaða bók ætti að nota, og það var Geirsbók. Ég átti þessa bók og ætlaði að fá barninu hana, en hún var keypt fyrir nokkrum árum, og nú þurfti að kaupa nýja útgáfu. Og þessi bók kostar 5 kr. Bókin má því heita sérlega ódýr. En það bætir ekki úr, þó farið sé að kenna fleiri bækur í sömu námsgrein, og bækurnar batna ekki við það eitt, að þær séu löggiltar; þær hafa sína galla eins og áður. En það þarf ákveðið að banna bækur, sem ekki eru hæfar til kennslu, og

ekki löggilda aðrar eins bækur og bók þá, sem lesið var upp úr hér fyrir nokkrum dögum, sem á allan hátt er óhæf til kennslu. Og ég gæti lesið úr ýmsum fleiri bókum ýmislegt, sem er endileysa og óhæft til kennslu, þó ekki sé fyrir pólitiska hlutdrægni, og jafnvel ekki fyrir beinar villur, en mærðin í áður nefndri bók er óskapleg og hefir hlaupið með höf. í þær gönur, að fræðin lenda alveg út í hringiðu fyrir sjónum nemandans. Slík mælgi á alls ekki heima í skólabók. Ég hafði haldið, að ef hefjast ætti handa um að bæta skólabækurnar, þá kæmi fyrst og fremst fram till. um, hvernig þær yrðu bezt samræmdar kennslunni, að þær væru skrifaðar af hæfum mönnum og miðaðar við þann tíma, sem námsgreinunum er ætlaður, og tryggt, að bókin væri lítlaus fræðibók til þess eins sniðin að veita nemandanum þekkingu og létta kennsluna. En slíkar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar og eru ekki gerðar með þessu frv. Ég veit, að það, sem fyrir höf. frv. vakir, er að gera skólabækurnar ódýrari en þær nú eru. En það er óhætt að fullyrða, að það er ekki verð bókanna sjálfra, sem mestum kostnaði veldur heimilunum, heldur óregla í því, hvaða bækur eru keyptar, og að alltaf er verið að skipta um bækur. Þetta ætti að vera svo, að hægt væri að nota sömu bókina fyrir fleiri börn, þar sem hvert tæki við af öðru, þar sem mörg börn eru á heimili á ýmsum aldri, því það eru einmitt þessi sífelldu bókaskipti, sem er höfuðkostnaðurinn. Ég þekki af eigin reynd, að sá kostnaður er óhæfilegur fyrir barnmörg heimili.

Það getur verið, að einstöku bók yrði ódýrari, en sumar bækur eru nú svo ódýrar, eins og ég nefndi áður, að þær yrðu tæplega ódýrari, og sumar e. t. v. dýrari. En þetta yrðu a. m. k. aldrei nema smámunir hjá lækkuðum kostnaði, sem gæti verið við reglu á því, hvaða bækur eru notaðar. Það er ekki hægt að neita því, að svona brein ríkisútgáfa á skólabókum er ekki hættulaus, og þarf að gera sér það ljóst í tíma, að þó það hafi e. t. v. vakað fyrir að gera bækurnar ódýrar, er þó hitt vafalaust aðaltilgangurinn, að koma þessu undir ríkið — ríkisprentsmiðjuna og *bókbandið — og opna leið fyrir tekjur til ríkisins.*

Ég veit ekki til, að ríkisprentsmiðjan sé ódýrari á sinni vinnu en aðrir, og það er a. m. k. víst, að hún væri það ekki, ef hún væri ein og hefði ekki við aðra að keppa. Einokun er alstaðar *óheppileg, en óvíða óheppilegri en við útgáfu* bóka. Og mín skoðun er sú, að því fari fjarri, að bækurnar muni lækka í verði, en hinsvegar sé mikil hætta á, að skólabækurnar verði seldar óhæfilega háu verði. Það verður að viðurkennast, *að hver ríkisstj. hefir mikla tilhneigingu til þess* að græða á svona fyrirtæki, og hér kemur það ennfremur til greina, að sú ríkisstj., sem nú situr og ber málið fram, er alstaðar á þönum eftir tekjum í ríkissjóðinn, og mun það einmitt vera *að koma fram hér, þar sem ríkisstj. þoldi ekki,* að bókaútgáfan væri frjáls, af því hún býst við, að útgáfan gefi ríkinu tekjur, er það tekur hana í sínar hendur.

Hitt gæti komið til mála, að heppilegt væri að *hafa eftirlit með þessu, og að athugað væri um,* hver gæti gefið ódýrast út, en þó með vönduðum frágangi, traustu bandi o. s. frv. Þó er ekki hægt að neita, að því fylgir alltaf nokkur hætta, að ríkið hafi óskorað einræði til þess að fara með þessi mál.

Það má benda á, svo ómótmælanlegt sé, bók, sem gefin hefir verið út með ríkisstyrk, en er með greinilegum pólitískum lit. Og við höfum haft þá ríkisstj., sem gefur bendingu um, að þannig muni það verða, og ég er ekki svo bjartsýnn að gera ráð fyrir, að við getum ekki haft hana áfram. Hitt getur vel komið fyrir, að sjálfræði ríkisstj. til þess að ráða þeim málum verði svo mikið, að skólarnir verði gerðir að pólitískum stofnunum, enn meir en nú er, og er það gersamlega óhæfilegt og ætti að svipta þá skóla ríkisstyrk.

Það er vissulega ekki vandalaust að skipa þessum málum, og mér er ljóst, að þau þurfa aðgerða við, og líklega væri réttast að breyta löggildingarstarfseminni og fá hlutlausa n. manna til þess að ráða, hvaða bækur væru kenndar. Fræðslumálastjóri og fræðslumálaráðh. veldu menn í n. og engin bók fengi löggildingu nema öll n. væri á einu máli. Þyrfti þá n. að kynna sér, að bækur væru sniðnar eftir tíma og þörfum skólanna og þroska barnanna. En n. ætti ekki aðeins að sjá um að löggilda bækurnar, heldur að sjá um samningu þeirra og rýma burt bókum, sem ekki eru hæfar eða eru gallaðar.

Ég held, að þetta mál þurfi grandgæfilegrar athugunar, svo tryggt sé, að ekki skapist andleg einokun í skólunum og nemendunum sé beint með hlutdrægni inn á pólitískar brautir, en skoðanir barnanna fái að þroskast eftir eigin vali.

Það nær engri átt, að við stofnun, sem allir borgarar, sem standa undir gjöldum þjóðfélagsins, styrkja, séu börnin leidd inn á brautir, sem eru gagnstæðar þeirra eigin skoðunum. Slíkar stofnanir verða að vera hlutlausar.

Þá þarf jafnframt bókaútgáfunni að ræða um, hvernig útsölunni verði hagað. Það má öllum vera kunnugt, sem um bókaútgáfu hugsa, að hér er svo lítill markaður fyrir bækur, að erfitt er að gefa þær út svo að þær verði almennings eign, *því ekki er að ræða um sölu íslenzkra bóka nema* hér innanlands. Við forlagið og útsöluna þarf bæði húsnæði og fast starfsfólk, og það verður því alltaf léttir að hafa til sölumeðferðar þær bækur, sem tryggt er, að mikið selst af, þó ekki *væri á þeim beinn gróði, þá léttir það fyrir dreif*ingu annara bóka. Að kippa skólabókunum frá þeim, sem mundu gefa út aðrar bækur, gerir hið andlega fóður fólksins einhæfara, og þær bækur dýrari en þær yrðu annars — en skólabækurnar *alls ekki ódýrari. Ég held, að þau sölulaun,* sem gert er ráð fyrir, séu ekki nema fyrir kostnaði og fyrningu. Ég er ekki á móti því, að reynt sé að bæta úr þeim göllum, sem á skólabókunum eru, en ég held ekki, að það verði gert með þessum *lögum, heldur með því að velja þar til for*stöðu þá menn, sem hæfastir eru. Og ég er hissa, að sú þörf skyldi ekki koma fyrst upp í huga þeirra manna, sem um þetta vildu bæta. Ég tel því bezt, að málið fengi að hvíla sig og yrði tekið *upp á allt öðrum grundvelli. Ég er því á móti* þessu frv.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. V.-Ísf., svo hljóðandi: Sjá þskj. 808. Þar sem brtt. er skrifleg og of seint fram komin, þarf tvennskonar afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Frsm. meiri hl. (Ásgeir Ásgeirsson)** óyfirl.: Ég hefi borið fram þessa brtt. vegna þess ákvæðis í 1. gr. frv., að ríkið sé skyldugt til þess að gefa út allar þær bækur, sem löggiltar eru til kennslu, en vil ekki láta þessa skyldu ná nema til venjulegra skólabóka. Till. verður því í raun og veru í því fólgin að draga úr 1. gr. og færa undir 7. gr.

Þá er hér komin fram brtt. á þskj. 735, frá hv. 9. landsk., og er hún nokkurnveginn shlj. till. á þskj. 673. Þó verð ég að taka brtt. 9. landsk. fram yfir, þar sem gert er ráð fyrir, að útgáfustj. hafi allar ráðstafanir að útgáfunni.

2. brtt. á þskj. 673, um að bjóða út prentun og band, tel ég óþarfa, þar sem ríkisprentsmiðjan mun geta unnið þetta með ódýrara móti en aðrir, og heppilegt að geta notað til þess dauðan tíma.

3. brtt. á sama þskj., um að greiða 5% hærri sölulaun, ef bækurnar eru greiddar við móttöku en ef þær eru látnar í umboðssölu, má gjarnan vera.

4. brtt. er ég mótfallinn. Tel ég rétt, eins og 7. gr. gerir ráð fyrir, að heimild sé til þess að gefa út fleira en bækur, svo sem landabréf o. fl., sem þarf að sjá skólunum fyrir.

Þá er loks 5. og síðasta brtt. á þessu þskj., þar sem lagt er til, að útgáfustjórn skuli leita samkomulags við útgefanda um kaup á upplagsleifum, myndamótum o. fl., en ef samkomulag næst eigi um kaupverðið, skuli það ákveðið með mati 3 dómkvaddra manna. Þessari brtt. er ég mótfallinn, af því að í 8. gr. er örugg trygging fyrir því, að upplagið verði ekki gert ónýtt, og ég tel, að löggiltar kennslubækur eigi að láta gilda meðan eitthvað er eftir af upplaginu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt., en ég get tekið undir ýmislegt af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um skólabækur almennt, en ég tel vafalaust, að með því að láta ríkið gefa út þessar bækur, þá verði þær miklu betur úr garði gerðar. Pólitíska hættu tel ég litla sem enga, og mér er sama, hvaða klíkubræður yrðu í þessari n., því að þeir starfa allir gagnvart öllum landslýð, og ég tel einmitt, að með ríkisútgáfu sé fengin meiri trygging fyrir því, að hvergi verði komizt nálægt pólitík, heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Þessi stórkostlega pólitíska hætta, sem hér er svo mikið talað um, er nú ekki meiri en það, að ég veit ekki til, að neinn hafi t. d. kvartað um pólitíska hlutdrægni í kennslubók Jónasar Jónssonar í Íslandssögu. Þeir mættu þó kannske halda, að þar væri reynt að koma pólitík að, en ég hefi aldrei heyrt um neitt af slíku tægi. Þetta er þá sú reynsla, sem við höfum, og ekki ætti hún að versna, því að þótt útgáfunefnd eigi að fá að ráða útgáfunni, þá er ekki breytt eldri ákvæðum um fræðslun., en hún er skipuð fræðslumálastjóra og kennaraskólastjóra og þar að auki fulltrúa frá kennarastéttinni, sem eru mjög eðlilegir aðilar í þessu sambandi.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv. að svo stöddu, m. a. vegna þess, að umr. hafa orðið óþarflega langar um frv., og ég dreg að sama skapi úr mínu máli og aðrir hafa talað um málið lengur en þörf var á.

**Forseti (JörB):** Það eru mörg mál hér á dagskrá, sem ég hefi hugsað mér að taka fyrir í dag og reyna að koma eitthvað áleiðis, en það er sýnilegt, að umr. um þetta mál verður ekki lokið fyrir kl. 4. Ég sé mér því ekki annað fært en að fresta um stund umr. um þetta frv.

Umr. frestað.

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 599, 673, 735, 808).

**Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)** óyfirl.: Herra forseti! Ég skal ekki vera mjög langorður í þetta sinn, en meiri hl. menntmn. hefir gert ýmsar aths. við brtt. frá minni hl. á þskj. 673, og langar mig til að fara um þær nokkrum orðum. — Hv. 9. landsk. lét svo um mælt, að ef þessar brtt. okkar minni hl. yrðu samþ., þá teldi hann frv. með því skemmt og verða lélega mynd af sínum upphaflega búningi og því, sem vera ætti. Sagði hann sérstaklega í sambandi við 1. brtt. á þskj. 673, að það væri undarlegt, að ekki skyldi eiga að vera útgáfustjórn, eins og gert er ráð fyrir í frv. sjálfu, en í stað þess ætti fræðslumálastjóri samkv. brtt. að ákveða, hvenær þeim skilyrðum væri fullnægt, sem gera má við útgáfu skólabóka. Það er gert ráð fyrir því, að fræðslumálastjórinn ákveði, hvenær skilmálunum sé fullnægt hvað frágang snertir og annað verk. Mér sýnist, að það ætti að vera fullnægjandi fyrir alla, að þetta væri í höndum fræðslumálastjóra, því að hann er nú einu sinni sá maðurinn, sem af hálfu hins opinbera hefir aðalumsjón á þessu sviði, og hvað þetta snertir, þá er það ekki svo ýkjavandasamt, að ástæða sé til að skipa stóra n. til að annast þetta. Hv. þm. ber fram brtt. á þskj. 735 um þetta atriði, og fer hún í þá átt, að ekki skuli skylt að láta útgefendur taka við útgáfu bóka, þótt fullnægt sé skilyrðum, og útgáfustjórnin skuli meta það. Mér finnst, að ef svo kynni að fara, að einhverjir bókaútgefendur vildu taka að sér skólabókaútgáfu og fullnægja þeim skilyrðum, sem útgáfustjórnin setur, þá eigi ekki að koma til þess, að útgáfustjórnin þurfi nokkurt starf að vinna á meðan svo er. Það er því óeðlilegt að skipa útgáfustjórn til þess eins að meta það, hvort bókaútgefendur fullnægi þessum skilyrðum. Hún er á meðan ekkert annað er hliðstæð stofnun við fræðslumálanefnd nú. Ég gæti fallizt á að fela þeirri n. þetta starf, en fræðslumálastj. hefir ágæta aðstöðu til þess að leita þá um þetta álits hæfustu manna í hverju einstöku tilfelli. En ég tel ekki taka því að deila mjög um þetta, því að það er fyrir-

komulagsatriði, sem mér fyrir mitt leyti þykir ekki ástæða til að leggja mikið kapp á. — Um 2. brtt. segir hv. þm. svo, þar sem gert er ráð fyrir því, að útgáfustj. skuli leita tilboða og taka hagkvæmasta tilboði, þá sé óþarfi að binda þetta svo, þar sem höfuðstóllinn til þess úr ríkissjóði sé takmarkaður, og því sjálfskipað að sæta bezta boði. Þetta er mikilsverð yfirlýsing frá þeim manni, sem samið hefir frv. fyrir hönd ríkisstj. En þar sem þetta á svo að vera, þykir mér réttara, að það standi í frv. En um hitt, sem hann bar fram sem röksemd, að hvert fyrirtækið myndi undirbjóða annað, og því mætti ekki orða þetta svo í l., álít ég, að Alþ. eigi ekkert tillit að taka til þess, hvaða keppni þarna kann að myndast á milli. Það er fjarstæða, að Alþ. eigi að vera að útiloka samkeppni á milli bókaútgefenda á þessu sviði. Nú er brtt. svo rúmt orðuð, að jafnan skuli taka „hagkvæmasta“ tilboði, en það þarf ekki alltaf að vera lægsta tilboð, að útgáfustj. hefir nokkuð frjálsar hendur, og er þetta orðalag með vilja haft. — Um 3. brtt. þarf ég ekkert að segja, því að frsm. meiri hl., hv. form. menntmn., og þessi hv. þm. hafa fallizt á hana. — Út af 4. brtt. og þeim orðum hv. 9. landsk., að hún væri óþörf, að fella niður orðið „skólanauðsynjar“, því að það myndi ekki vaka fyrir aðstandendum málsins að sjá fyrir öðru en kennslubókum, þá sýnist mér, að orðið eigi tvímælalaust að falla burt, því að undir þetta má telja, að flestallir hlutir, sem notaðir eru í skólum, falli. Ef ekki á að taka einkasölu ríkisins á öllum þessum hlutum, þá á orðið að falla burt. Mér sýnist það vera úr annari átt, þessu máli óviðkomandi, sem hv. 9. landsk. minntist á, að ekkert safn af skólanauðsynjum væri til, og talaði um það í sambandi við kennslu í kennaraskólanum. En nú er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. að setja upp slíkt safn, og það sýnist því þarflaust þess vegna að hafa þetta ákvæði í l., því að það gæfi enga heimild til að setja á fót slíkt safn. Slíkt er kennaraskólanum ókleift, en með góðum vilja gæti ríkisvaldið komið því upp.

Um síðustu brtt. á þskj. 673 er nokkur meiningamunur. Mér heyrðist á hv. 9. landsk. og eins á hv. frsm. meiri hl., að þeir teldu nógu vel frá þessu gengið í frv. Ég get ekki séð, að hægt sé að fara öðruvísi með þær birgðir, sem til verða í landinu þegar einkasalan skellur á, en farið var t. d. með tóbaksbirgðir þær, sem fyrirliggjandi voru hjá kaupmönnum, þegar tóbakseinkasalan var sett á laggirnar. Þá gátu allir þeir, sem áttu eitthvað af tóbaki fyrirliggjandi, selt einkasölunni það. Hv. þm. vildi halda því fram, að hér væri ekki um sambærilegar vörur að ræða, því að tóbakið hefði verið góð verzlunarvara, og á þá líklega að skilja það svo, að bækurnar muni vera sérlega slæm verzlunarvara. En þetta tóbak, sem einkasalan keypti, þegar hún var sett á stofn, var ekki betri verzlunarvara en svo, að talsvert af þeim birgðum mun liggja óselt ennþá. Í frv. eru engin fyrirmæli um mat á þessum birgðum, aftur á móti er gert ráð fyrir því í brtt., að náist ekki samkomulag milli útgáfustjórnar og útgefanda um kaup á bókunum, skuli þrír óvilhallir menn meta verð þeirra og ákveða. Ég skil ekki, því menn þykjast hafa ástæðu til að vera á móti svona ákvæði, — ef birgðirnar væru einskis nýtar, mundu þessir dómkvöddu menn meta þær svo. En hitt verða allir að viðurkenna, að ekki er forsvaranlegt að grípa svona inn í einstaklingsrekstur án þess að bæta þeim mönnum að nokkru, sem verða fyrir tjóni vegna slíkra ráðstafana. Það er ekki sem bezt samræmi í því að segja í öðru orðinu, eins og hv. þm. gerði, að þessar bókabirgðir væru einskisverðar, og í hinu, að það mundi alveg bakbíta ríkisútgáfuna fjárhagslega, ef henni væri gert að skyldu að kaupa birgðirnar. En sé þetta síðara rétt, að svona mikið verðmæti liggi í þessum bókum, er líka alveg óhæfa að bæta ekki eigendunum þann skaða að fullu, sem þeir bíða við að mega ekki selja þær. Ég get ekki hugsað mér, að nokkrir hv. dm. geti tekið þetta sem gild rök gegn þeirri sjálfsögðu breytingu, sem í þessari brtt. felst.

Hv. frsm. meiri hl. var fyrir nokkrum dögum að tala hér í öðru máli, einkasölu á bílum, mótorum o. fl. Þar tók hann það mjög skýrt fram, að varlega yrði að fara í það, að taka þá verzlun af þeim, sem hefðu hana nú, án þess að fullar bætur kæmu fyrir það tjón, sem þeir hefðu af því að missa hana. En þessa saknaði ég úr ræðu hv. þm. um þessa einkasölu á skólabókum. Af þessu sést, hvað menn geta orðið blindaðir af því að vera sjálfir aðilar í málum, sem þeir eiga að dæma um. Hv. þm. hefir fundizt, að hann sem fræðslumálastjóri og form. menntmn. hefði hugsmuna að gæta í þessu máli, og því gleymir hann þessu mikla og sanngjarna atriði, sem hann einmitt undirstrikaði þegar um mál var að ræða, sem lá honum fjær. — Hann gekk samt ekki mjög á móti þessari síðustu brtt., og vona ég, að hann ljái henni atkv. sitt.

Að lokum vildi ég segja það, að ég er hræddur um, að þegar ríkið á að fara að gefa út allar kennslubækur, verði mjög um þær bækur deilt. Þetta kemur sjaldan fyrir nú, en þó eru það nokkrar kennslubækur, sem óánægja hefir risið út af vegna þess, að þær eru taldar litaðar af stjórnmálaskoðun höfundarins. Og ég er sannfærður um það, að þegar stjórnmálamenn eiga að ráða því algerlega, hvað börnum verður kennt hér á landi, þá hætta foreldrar að sjá í skólunum stofnanir, sem allir geti jafnt sent börn sín til. Á þessu hefir jafnvel borið nú þegar, en spá mín er sú, að þetta mundi blossa upp, ef stjórnmálamenn ættu að fara að verða einvaldir um það, hvað börn mættu læra. Og þetta fyrirkomulag er algerlega óhafandi, jafnvel þótt forstjórar þessa fyrirtækis væru valdir menn, sem dómbærir væru á fræðilega hlið námsefnisins. Ég efast ekki um, að þetta á eftir að verða stórkostlegt vandræðamál, bæði fyrir stjórnmálamennina, sem með þetta eiga að fara, og svo allan landslýðinn.

**Gunnar Thoroddsen:** Ég stóð í þeirri meiningu, að hv. 2. þm. Árn. hefði kvatt sér hljóðs og ætlaði að svara ádeilu minni frá því um daginn, vegna þess, að hann léti nota í skóla sínum tvær kennslubækur, sem ég sýndi fram á, að eru hlutdrægar í garð stjórnmálaflokka. En þetta hefir ekki orðið. Ég hefi ekki heldur heyrt nein andmæli úr öðrum áttum gegn því, að bækur

þessar væru hlutdrægar. Ádeila mín beindist fyrst og fremst að þeirri ríkisstj., sem styrkt hafði útgáfu bókanna, ennfremur að fræðslumálastjóra og þeim skólastjórum og kennurum, sem notað hafa þessar hlutdrægu bækur við kennslu sína. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta atriði frekar, þar sem engin mótmæli hafa komið fram, aðeins lýsa ánægju minni yfir þeirri viðurkenningu á réttmæti orða minna, sem í þögninni felst.

**Bjarni Bjarnason:** Það var rétt hjá hv. 11. landsk., að ég hafði hugsað mér að tala í þessu máli, en afgreiðsla þess hefir gengið svo seint, að ég hafði hugsað mér að falla frá orðinu. Hann las upp kafla úr tveimur kennslubókum, sem áttu að sýna hlutdrægni þeirra í garð Sjálfstfl. Mér væri auðvelt, ef tími ynnist til, að sýna fram á kafla í þessum sömu kennslubókum, þar sem þær eru hlutdrægar í garð annara flokka en Sjálfstfl., ef litið væri á kennslubækur frá samskonar sjónarmiði eins og hv. 11. landsk. gerði. En ég ætla samt að sleppa því nú til þess að lengja ekki umr.

ATKVGR.
Brtt. 808 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 735 samþ. með 17:4 atkv.
— 673,1 kom ekki til atkv.
— 673,2 felld með 16:10 atkv.
— 673,3 samþ. með 19:3 atkv.
— 673,4 felld með 16:14 atkv.
— 673,5 felld með 16:15 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:12 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 63. fundi í Ed., 17. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 835).

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigða synjað með 4:7 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8:1 atkv. og til menntmn. með 9:1 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 2. Fátækralagabreyting (stjfrv.).

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um bráðabirgðabreyting á fátækralögum, nr. 43 31. maí 1927** (stjfrv., A. 24).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Nd., 9. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Eins og hv. þdm. sjá, er frv. þetta kallað bráðabirgðabreyt. á fátækral. Efni frv. er það, að nema úr l. heimildina um sveitarflutning þurfamanna sveitarfélaganna. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að fátækral. þurfa mikilla og gagngerðra breyt., en tími vannst ekki til þess fyrir þing að undirbúa málið eins vel og ég hefði kosið, og tók ég því þann kostinn að koma fram með þessa bráðabirgðabreyt., því að ég taldi hana brýnasta. — Sé ég svo ekki ástæðu til frekari orðalengingar, en geri að till. minni, að frv. verði vísað til hv. allshn.

**Jakob Möller** óyfirl.: Einhverjum datt í hug, að hæstv. atvmrh. hefði misskrifað fyrirsögn þessa frv. og í ógáti ritað **bráðabirgða**breyt., af því að hann hefði verið orðinn svo vanur að gefa út bráðabirgðalög. Ég held, að a. m. k. hafi allir gert ráð fyrir því, að þessi breyt. ætti að verða meira en til bráðabirgða og að aðalákvæðinu, sem sé að afnema sveitarflutning, yrði ekki breytt aftur. En litlu máli skiptir, hvað þetta er kallað. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni, heldur vekja athugun hv. þm. á því, að sú breyt., sem hér um ræðir, hefir fyrirsjáanlega þau áhrif, að auka að verulegum mun fátækraframfæri hinna einstöku framfærsluhéraða. Þetta ákvæði sveitarstjórnarlaganna, heimildin til flutnings, er mikill hemill á fátækraframfærið. Menn basla miklu meira áfram án þess að leita opinberrar aðstoðar vegna þessa ákvæðis; þess vegna er líka að athuga í þessu sambandi, hvernig ætti að sjá sveitarfél. fyrir möguleikum til þess að standast kostnaðinn, sem óhjákvæmilega mun vaxa að verulegu leyti við burtfellingu þessa ákvæðis. Nú er svo ástatt, að fjöldi sveitarfélaga á landinu hefir þegar gefizt upp, að heita má, undir ofurþunga þess kostnaðar, sem verður að inna af hendi til annara sveitarfélaga. Og það er verkefni, sem ekki má fresta miklu lengur, að finna ráð til að bæta úr því ástandi. Ég hygg óhjákvæmilegt, að ríkissjóður taki á einhvern hátt þátt í þeirri framfærslu í náinni framtíð, og hefði talið það meira til bóta, ef ákvæði hefðu verið í frv. um það, að þessi þriðjungur, sem lagður er á dvalarsveit, hefði verið lagður á ríkissjóð. Vænti ég, að n. athugi það gaumgæfilega, og taki einnig til athugunar, hvort ekki sé hægt að hlaupa undir bagga með sveitarfélögum í þessu efni.

**Magnús Torfason:** Ég get lýst ánægju minni yfir því, að þetta frv. er fram komið, að því leyti sem með því á að binda enda á hina gömlu og leiðu sveitarflutninga. Að vísu munu þeir þegar að miklu leyti lagðir niður, og býst ég ekki við, að sveitarstjórnir beiti þeim nú orðið nema mjög brýnar ástæður þyki til. Hinsvegar munu sumar þeirra jafnvel hafa ýms brögð í frammi til þess að komast undan þeirri leiðu skyldu að flytja þurfalinga af sér sveitarflutningi. Er ekki nema gott um það að segja, að allt slíkt fer nú að verða úr sögunni.

Það má vitanlega fara ýmsar leiðir til þess að gera mögulegt að komast hjá sveitarflutningi, án þess að iþyngja um of einstökum sveitarfélögum. Sú leið, sem hér er valin, miðar í rétta átt, nefnilega þá, að jafna framfærsluþunga sveitarfélaganna frá því, sem áður hefir verið. Hinsvegar verð ég að játa, að mér finnst frv. ekki ganga nógu langt í þessa átt. Það er gert ráð fyrir, að dvalarsveit greiði $^1/_3$ af framfærslukostnaðinum, en framfærslusveit $^2/_3$. Samkv. frv. er dvalarsveit gert að úthluta fátækrastyrknum og ráða honum að öllu leyti; verður hún þannig nokkurskonar ráðsmaður framfærslusveitar hvað fátækraframfærið snertir. Úr því farið er út á þessa braut á annað borð, virðist mér réttlátt, að dvalarsveit greiði a. m. k. helming framfærslukostnaðarins. Mér finnst það geti ekki minna verið, úr því hún á að ráða styrknum, heldur en að hún beri jafna ábyrgð á móti framfærslusveitinni á því fé, sem þannig er með farið. Jafnvel finnst mér það gæti verið ástæða til að ganga enn lengra, því vitanlega verða þurfalingarnir, sem framfærslusveit eiga annarsstaðar en þeir dvelja, flestir á þeim stöðum, sem fólkið sækir mest til. Og yfirleitt hygg ég, að það muni fara nokkuð saman, að þau sveitarfélög, sem aðstreymi fólks er til, standi betur að vígi að bera þungar byrðar heldur en þau sveitarfélög, sem straumarnir liggja frá. Vænti ég þess fastlega, að þm. Framsfl. séu á svipaðri skoðun og ég um þetta efni, og heiti ég þeim fullum stuðningi Bændafl., ef þeir vilja vinna að því að létta framfærslukostnaðinum sem mest af þeim sveitarfélögum, sem erfitt eiga vegna þess hvað fáir eru eftir til að bera framfærsluþungann, en miklar eru kröfurnar um styrk til þurfalinga, sem flutt hafa burtu. Ég er ekki óhræddur um, að eins og frv. er nú úr garði gert muni það jafnvel þyngja á framfærslusveitunum frá því, sem nú er, þar sem dvalarsveit er aðeins ætlað að greiða $^1/_3$ framfærslukostnaðar. Samkv. gömlu og gildu lögmáli er sjálfs höndin hollust, og mun það gilda í þessu tilfelli sem öðrum. Þegar framfærslusveitin missir valdið yfir því, hvernig er með þá fjármuni farið, sem hér er um að ræða, hygg ég, að varla verði eins sparlega með þá farið.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Hv. 3. þm. Reykv. heldur því fram, að ef þetta frv. nái samþykki, muni það leiða til verulegrar hækkunar á framfærslukostnaði, vegna þess að ákvæði gildandi laga um sveitarflutninga verki sem hemill gegn því, að menn segi sig til sveitar. Ég held, að hv. þm. geri meira úr þessu heldur en ástæða er til. A. m. k. er auðheyrt á hv. 2. landsk., að hann gerir ekki mikið úr þessu, þar sem hann telur, að ákvæðunum um sveitarflutninga hafi yfirleitt ekki verið framfylgt upp á síðkastið, sem ég játa, að muni vera að nokkru leyti rétt hjá honum. Hitt er algerlega rétt hjá hv. 3. þm. Reykv., að það mun fyllilega vera tími til þess kominn, að fram sé látin fara rannsókn á fjárhag býsna margra sveitarfélaga. Hygg ég, að allmörg hafi þegar eða séu í þann veginn að gefast upp við að fullnægja þeim fjárkröfum, sem á þau falla. Að sumu leyti stendur þetta í sambandi við fátækraframfærsluna, en ekki að öllu leyti nema á örfáum stöðum. Ég get í sambandi við þetta bent hv. þm. á, hvers vegna þetta frv. er kallað bráðabirgðabreyting. Eins og menn muna, hefi ég flutt á nokkrum þingum frv. um alþýðutryggingar. Það er ætlun mín að láta semja lagabálk, sem í verða lög um alþýðutryggingar á svipuðum grundvelli og gamla frv., og í öðru lagi lög um „opinbera forsjá", þar sem settar verða saman í eitt allar reglur um meðferð sjúklinga, fyrirvinnulausra barna og annara slíkra, sem undir þau lög mundu falla. Drög í þann hluta bálksins eru til, t. d. að því er snertir berklasjúklinga, holdsveikissjúklinga og sjúklinga, sem hafa kynferðissjúkdóma. Þegar þetta er komið í framkvæmd, ætti hin eiginlega fátækraframfærsla, sem eftir er, að verða mjög lítil. Það yrðu þá aðeins ýmiskonar vandræðamenn og þeir, sem af einhverjum ástæðum yrðu á milli hinna flokkanna. Það frv., sem hér liggur fyrir, er því miðað við bráðabirgðaástand. Ég ætla að vinna að því eftir því sem í mínu valdi stendur, að sú lagasetning, sem ég hefi nú talað um, komist á sem allra fyrst. Og ég hygg, að slíkar ráðstafanir séu hin mesta og bezta hjálp, sem hægt er að veita þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem eiga við örðugan fjárhag að búa vegna óvenju mikils fátækraframfæris.

Það er að nokkru leyti tekið tillit til þess, að af samþ. þessa frv. kunni að leiða aukinn kostnað við framfærslu, með því að gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., að framlag ríkisins til jöfnunar á framfærslukostnaði hækki úr 100 þús. kr. upp í 200 þús. kr. Það er sumpart vegna vanfærslu frá fyrra ári og sumpart vegna þeirrar hækkunar, sem kann að leiða af þessu frv.

Um að færa meira af framfærslukostnaðinum af framfærslusveitinni á dvalarsveit er það að segja, að ég get ekki fallizt á það. Ég tel ekki fært að ganga lengra en það, að dvalarsveit og framfærslusveit greiði kostnaðinn eftir sömu hlutföllum eins og samkv. gildandi lögum meðan ekki er framkvæmdur sveitarflutningur, og við það er frv. miðað.

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Þegar rætt hefir verið um sveitfestistímann á undanförnum þingum í sambandi við breytingar á fátækralögunum, þá hefi ég látið þá skoðun í ljós, að framfærslukostnaðurinn ætti eingöngu að hvíla á dvalarsveitinni. Þessi skoðun hefir hlotið sterka undirstöðu margra hv. þm., en þeir hafa þó orðið að láta það undan síga, að sveitfestistíminn er nú kominn niður í tvö ár. Ef fara ætti einhverja millileið milli þeirra tveggja skoðana, sem uppi hafa verið um þetta efni, þá nær ekki nokkurri átt, að sú leið sé farin, sem frv. gerir ráð fyrir, að dvalarsveitinni sé gert svo miklu léttara fyrir heldur en framfærslusveitinni. Ég er í þessu efni sammála hv. 2. landsk., álít, að sá hluti af framfærslukostnaðinum, sem framfærslusveitinni er ætlað að bera, meðan það skipulag helzt, að framfærsluskyldan hvílir ekki einungis á dvalarsveitinni, megi alls ekki vera stærri heldur en hinn hlutinn, sem lendir á dvalarsveitinni, og helzt ekki nema einn þriðji hluti. Ég held, að með því að láta kostnaðinn koma að mestu eða jafnvel öllu leyti á dvalarsveitina sjálfa væri hún

knúin til þess að reyna að koma sem praktískustu fyrirkomulagi á framfærsluna. En ráðstafanir í þá átt myndu aftur gera henni kleift að standast kostnaðinn. Verði ekki þannig ýtt á þá aðila, sem með fátækraframfærsluna fara, að finna þær praktiskustu leiðir, sem fáanlegar eru, þá er hætt við, að minna verði um það hugsað, þegar dvalarsveitin býst við að fá svo og svo mikið endurgreitt af kostnaðinum. Því hefir verið mótmælt hér á þingi, að slíkur hugsunarháttur væri til hjá bæjar- og sveitarstjórnum, en ég hygg, að reynslan myndi sýna það, ef svipað fyrirkomulag og frv. gerir ráð fyrir væri tekið upp, að framfærslukostnaðurinn ykist geipilega.

Þó til sé í gildandi lögum ákvæði um framlag úr ríkissjóði til jöfnunar á framfærsluþunga bæjar- og sveitarfélaga, þá er ekki þar með sagt, að framfærslukostnaðurinn geti ekki vaxið og orðið óhæfilega þungur á hverju einstöku framfærsluhéraði, þegar þessi breyting er komin á. Framfærslukostnaðurinn mundi aukast tiltölulega svipað á flestum framfærsluhéruðum og verða til þess að hækka meðaltalið, en úr ríkissjóði er aðeins veitt endurgreiðsla á því, sem fer fram yfir meðalframfærslukostnað. Því er ekki nein vissa fyrir því, að framlag ríkisins verði í samræmi við heildarkostnaðinn. Þetta væri auðvelt að sanna með rökum, ef fyrir lægju upplýsingar um framfærslukostnað allra framfærsluhéraða á landinu.

Ég taldi rétt að benda á þetta þegar við þessa umr. Sé það föst ákvörðun stjórnarflokkanna að halda fast við þau hlutföll, sem frv. gerir ráð fyrir við skiptingu framfærslukostnaðarins milli framfærslusveitar og dvalarsveitar, þá geri ég ekki ráð fyrir að geta léð því atkv.

**Jakob Möller** óyfirl.: Það er sjálfsagt nokkuð *hæft í því hjá hv. 2. landsk.*, að sveitarflutningar séu mjög að leggjast niður. En það er misskilningur hjá honum — og þann misskilning hefir nú hæstv. ráðh. tekið upp eftir honum —, að möguleikinn fyrir sveitarflutningi geti ekki verkað í þá átt að halda framfærslukostnaðinum niðri. Það vita allir, sem sækja um fátækrastyrk utan sinnar framfærslusveitar, að krafan um sveitarflutning vofir alltaf yfir höfði þeim. Slíkar kröfur munu vera bornar fram oftar heldur en hv. 2. landsk. gerir ráð fyrir; mér er kunnugt um, að það kemur ekki svo sjaldan fyrir. Og það er víst, að einmitt þeir menn, sem svo er ástatt um, að þeir dvelja ekki í sinni framfærslusveit, þeir leggja meira að sér til þess að komast hjá að leita sveitarstyrks vegna þessa ákvæðis.

Hvað snertir hina glæsilegu framtíðardrauma hæstv. atvmrh. um allsherjar-alþýðutryggingar og afnám alls fátækraframfæris, þá held ég, að ekki sé rétt af honum að víðra fram af sér að gera þær breyt. á fátækralöggjöfinni, sem nauðsynlegar kunna að þykja, þeirra drauma vegna. Ég hygg, að það eigi enn þá langt í land, að slíkir draumar verði að virkileika. Það verður áreiðanlega það langt þangað til fátækraframfærsla getur lagzt niður vegna alþýðutrygginga, að full þörf er á því að koma fátækramálunum þegar í eins gott horf eins og kostur er. Allar þær tryggingar, sem hæstv. ráðh. dreymir um, munu gera æðimiklar kröfur til framlaga af opinberu fé, sem eins og nú standa sakir eru ekki sjáanlegir miklir möguleikar til að fullnægja. Ég álít því ráðlegra — heldur en að vera að káka við breytingar á fátækralögunum, eins og hér er lagt til — að taka skrefið fullt út og gera landið að *einu* framfærsluhéraði. Þá félli líka niður allt þetta reiptog milli sveitarfélaga, sem hv. 2. landsk. hefir gert sig að sérstökum talsmanni fyrir, ekki aðeins á þessu þingi, heldur einnig á undanfarandi þingum. Er útlit fyrir, að hann hafi nú fengið góðan liðsmann í flokksbróður sínum, hv. þm. V.-Húnv., sem virtist nú jafnvel enn grimmari í reipdrættinum. Það er skiljanlegt, að forsjármenn sveitarfélaga hugsi til þess sem girnilegs ástands, að þurfa ekki annað en vísa fátæklingunum í kaupstaðina til þess að koma þeim af sér. (**HannJ**: Geta kaupstaðirnir þá ekki gert hið sama?). Ég var nú einmitt að hugsa um það undir ræðu hv. þm., að skeð gæti, að kaupstaðirnir gætu leikið einhverjum svona brögðum á móti, þegar svo væri komið, að dvalarsveit skyldi sjá fyrir þurfalingunum að öllu leyti. En ég held, að þessi reipdráttur sé ekki svo æskilegur, að gera ætti mikið til þess að magna hann frá því, sem nú er.

**Bergur Jónsson** óyfirl.: Það er enginn vafi á því, að full nauðsyn er að gera breyt. á fátækral., og ég veit, að hæstv. atvmrh. mun samþ. þá skoðun mína. En ég get ekki séð, að með þá nauðsyn fyrir augum sé það nein meining að koma fram með jafneinskisverða kákbreytingu sem þetta frv. Ég get ekki séð, að með því sé eiginlega bætt nokkurn skapaðan hlut úr aðalgöllum fátækralaganna. Hæstv. ráðh. minntist á þröngan fjárhag sveitarfélaga. Hvar í frv. er gerð tilraun til þess að ráða bót á því böli? *Ég skal ekki dæma um orsök þess, en ég veit*, að það eru mjög mörg sveitarfélög á landinu, jafnvel fleiri en hæstv. ráðh. grunar, sem eru svo illa stödd fjárhagslega, að þau geta ekki staðið við skuldbindingar sínar, hvort sem það nú eru skyldur, sem lögin leggja þeim á herðar, eða aðrar. Ég get bent á eitt atriði, sem er áberandi orsök þess, að svona er komið, og það er ákvæðið um, að fæðingarsveit beri skylda til að sjá um framfærslu þurfalinga, sem ekki hafa unnið sér sveitfesti annarsstaðar. Eftir því sem fækkar í sveitunum, fleiri fara burt og greiðslugetan þar af leiðandi minnkar, eftir því fjölgar þurfalingunum, sem dvelja annarsstaðar á landinu og njóta framfærslu í dýrari héruðum. Við þetta bognar greiðslugetan. Ég þekki vitanlega bezt til í þeirri sýslu, þar sem ég starfa. Þar eru tveir hreppar af ellefu, sem geta nokkurnveginn staðið straum af þeim framfærslukröfum, sem til þeirra eru gerðar. Hinir verða að leggja kröfurnar, sem þeim berast frá Reykjavík, Hafnarfirði og víðar að, til hliðar án þess að svara þeim. Þeir **geta** bara ekki borgað. Það er alveg sama, hvernig að er farið, hvað sem sýslumaðurinn vill vera strangur og hvað sem stjórnarráðið segir, þá geta þessi sveitarfélög ekki borgað. Þau eru orðin svo fámenn og fátæk, að það eru engir gjaldendur til að standa undir meiru en aðeins lögbundnu útgjöldunum heima fyrir.

Mér finnst það harla undarlegt, úr því farið er að gera breyt. á þessum l., að þar skuli aðeins eiga að verða um kák eitt að ræða. Með þessari breyt. er að engu leyti bætt úr þeim vandræðum, sem sum sveitarfélög eru komin í vegna mikils fátækraframfæris, og munu þau vera fleiri *en margan grunar*, sveitarfélögin, sem nú liggur við gjaldþroti af þessum ástæðum. Þess má líka minnast, að Alþingi hefir fyrir ekki löngu síðan fellt frv., er fór fram á hjálp til sveitarfélaga þeirra, er harðast verða úti vegna fátækraframfæris. Tel ég ákvæði þetta einskis virði. Það, sem gera þarf, er að fella niður fæðingarákvæðið, og að dvalarsveit verði framfærslusveit. En eins og nú standa sakir eru sveitarþyngslin orðin það mikil, að telja má undir mörgum tilfellum tímaspursmál, hvenær þeir gjaldendur, sem einhvers eru megnugir, flýja undan álögunum. Lenda þeir þá tíðum í Rvík eða öðrum betri stöðum. Vænti ég þess, að jafnvel þm. Reykv. geti skilið áhrif slíkra ákvæða. Aftur á móti fæ ég ekki séð, að frv. atvmrh. sé til nokkurra bóta, eins og það liggur nú fyrir. Það er þýðingarlítið að þenja sig hér út og gaspra um, hvað fátækraflutningarnir séu óskaplegir, og leggja síðan fyrir þingið frv. í þessu efni, sem aðeins er kák eitt. Nær væri þá að stíga sporið heilt og gera landið að einu framfærsluhéraði, eins og hv. 3. þm. Reykv. minntist á. Honum virtist reyndar líka ógnar vel við fátækraflutningana, en þetta yrði þó til þess, að ekki þyrfti lengur að deila í þingsal um, hvort flytja skyldi fátækraflutningi eða ekki. Mín reynsla er sú, að ákvæðið um fátækraflutning sé einungis orðið pappírslög. Að vísu má nota þetta ákvæði sem pressu á einstöku menn, sem annars myndu leggja minna að sér til að forðast sveit. Við hv. 3. þm. Reykv. þurfum ekki að *rífast um þetta* að þessu sinni. Frv. fer væntanl. til n., og vonast ég til, að henni takist að gera eitthvað úr því í samráði við hæstv. atvmrh. En eins og ástandið er nú í mörgum sveitarfélögum, horfir til stórvandræða. Ég skal geta þess, að í þeirri sýslu, sem ég þekki bezt til, munu 9 af 11 hreppum nálgast það að vera gjaldþrota, og hvorki ég né hæstv. atvmrh. getum þar neinu ráðið, ef svo heldur áfram.

**Magnús Torfason:** Ég þarf ekki að svara hæstv. atvmrh. mörgu. Hann segir enga ástæðu til að víkja frá þessari till., taldi það ekki fært, en færði þó ekki fyrir því nein rök. Það vantaði líka rök öll hjá hv. 3. þm. Reykv., sem ég býst við, að hafi talað fyrir munn síns flokks. Þeirra hugsun virðist enn vera sú fyrst og fremst að ná til sín fólkinu, en reyna síðan sjálfir að sleppa sem allra bezt við byrðarnar, en hugsa minna um, þó öðrum sveitarfélögum blæði út. Sú mundi og verða raunin, ef þetta hlutfall verður látið haldast, sem frv. gerir ráð fyrir, sem sé, að framfærslusveit sé skyld að greiða $^2/_3$, en dvalarsveit $^1/_3$ framfærslukostnaðar.

Ég hélt, að ég væri eins kunnugur sveitamálum og hv. 3. þm. Reykv., og ég vil þá segja honum það, að að vísu koma ennþá fram kröfur um sveitarflutninga, en þeim er bara sjaldnast framfylgt, því viðkomandi fer þá oftast til læknis og fær vottorð um, að heilsan leyfi ekki slíkt, honum sé bráður bani búinn ef hreyft sé við honum, og þetta getur verið rétt, hann hafi fengið of mikinn hjartslátt eða þess háttar.

Ef ekki verður tekin til greina till. um breytta hlutfallstölu, þá tel ég þetta frv. geta orðið hið mesta skaðræði. Ég verð að játa, að ég teldi æskilegast, að landið yrði eitt framfærsluhérað, en það mun nú eiga nokkuð langt í land, því útgjöld til fátækraframfæris mundu við það aukast að miklum mun, og er þó sízt á það bætandi.

**Hannes Jónsson** óyfirl.: Ég vil mótmæla því, sem hv. 3. þm. Reykv. ber hér fram, að hér sé verið að beita kaupstaðina brögðum með frv. þessu, þó farið sé fram á, að dvalarsveit sé framfærslusveit. Flutningur fólksins úr sveitinni í kaupstaðina er augljós og eðlilegur. Eftir skýrslum, sem liggja fyrir, er það mestmegnis unga fólkið, sem flyzt úr sveitunum; eftir eru börn og gamalmenni. Er það mjög að vonum, að fólkið leiti sér atvinnu þar, sem hennar er að vænta, alveg á sama hátt og hv. 3. þm. Reykv. hefir flutt til Rvíkur utan af landi í von um betri atvinnu. Þetta mistekst oft og einatt, og fólkið stendur uppi með tvær hendur tómar, og þá verða sveitirnar að taka við því aftur, þar sem það hefir ekki unnið sér inn sveitfesti annarsstaðar. Segjum, að barn hafi fæðzt í einni sveit, flytji síðan stað úr stað, vinni sér hvergi sveitfesti og lendi að lokum á fæðingarsveit sinni. Hvað er eðlilegt við þetta fyrirkomulag? Á það hefir verið bent af hv. 2. landsk., að ef landið yrði gert að einu framfærsluhéraði, mundi kostnaðurinn hækka gífurlega, og það er alveg gefinn hlutur, að svo verður. Ég verð að líta svo á, að þau bæjarfélög, sem tekið hafa við fólkinu úr sveitunum, beri í rauninni ábyrgð á því. Þess vegna tel ég, að framfærslusveit eigi ekki að borga meira en í mesta lagi $^1/_3$ hluta framfærslukostnaðar. Ég verð að segja það, að ég sé því ekki, að hér sé um að ræða nein brögð eða sérstakan reipdrátt gagnvart bæjarfélögunum. Þó að hv. 3. þm. Reykv. berji í borðið og höfðinu í steininn, get ég ekki fallizt á, að hér sé um of gengið á hluta bæjanna. Hv. 3. þm. Reykv. hefir oft ferðazt um landið í endurskoðunar- og embættiserindum. Setjum nú svo, að hann í sínum ferðalögum eignaðist krákka í hverri höfn, þar sem hann kæmi, og gæti ekki séð fyrir þeim. Það gæti orðið dálaglegur útgjaldabaggi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög, að kosta uppeldi þeirra og verða síðan að sjá þeim fyrir fátækraframfæri.

**Jakob Möller:** Ég fæ ekki séð, hvers vegna hv. þm. V.-Húnv. talar um, að hér eigi að beita brögðum. Ég minntist aðeins á reipdrátt í fyrri ræðu minni, en reipdráttur á ekkert skylt við brögð, því hann er aðeins leikur eða áreynsla til að sýna aflsmun, en þessi hv. þm. og hv. 2. landsk. hafa gerzt hér talsmenn reipdráttarins, þrátt fyrir það þó þeim hafi ekki enn tekizt að toga svo dygði, sem stafar þá eflaust af því, að einhverjir aðrir hafa togað linlega.

Hv. þm. Barð. var að gera mér upp einhverja sérstaka ást á fátækraflutningnum, en ég vil benda á, að ég lít aðeins á fátækraflutning sem

nauðvörn, sem geti þó verið aðhald á vissa menn. Það er fjarri því, að ég hafi nokkra ást á þeim; þeir geta líka verið hemill á þá stefnu, sem talsmenn reipdráttarins halda fram, að velta sem mestu yfir á kaupstaðina.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég verð nú að segja það, að ég skil hreint ekkert í sálarástandi hv. þm. Barð. Maður á því ekki að venjast, að hann sé svo æstur sem hann virtist vera í ræðu sinni áðan. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. landsk. sögðu um hlutfallstölu þá, sem gengið er út frá í frv., vildi ég segja það, að ég tel ekki hægt að komast öllu nær sanngirni. Með þessu er gerð tilraun til að jafna framfærslukostnaði milli dvalar- og framfærslusveitar miðað við landið í heild sinni. Ég verð að segja, svo ég snúi mér aftur að hv. þm. Barð., að ég tel ræðu hans einskisverðan blástur og hreinasta kák. Hann spyr mig, hvar í frv. sé bent á ráð til að bæta hag illa stæðra sveitarfélaga, en ég vil segja það, að þetta frv. er ekki hugsað sem sérstök löggjöf til hjálpar *sveitarfélögum, heldur er þetta frv.* — eins og ég tók fram í framsöguræðu minni — flutt sem bráðabirgðabreyt. á fátækralögunum. Í náinni framtíð hefi ég hugsað mér að bera fram viðtækari breytingar og alger nýmæli í löggjöf á þessu sviði, þar sem eru alþýðutryggingar, sérstök lög um opinbera forsjá o. fl. þ. u. l. En sá ótti hv. 3. þm. Reykv., að afnám sveitarflutnings muni draga úr ábyrgðartilfinningu manna, eða það aðhald, sem hann hefir veitt, sé nauðsynlegt, held ég ekki sé á rökum byggður. Þá sagði hv. þm. Barð. í sambandi við þetta, að 9 af 11 hreppum í hans kjördæmi væru að fara á höfuðið, og við það *réðum* við ekki. En ég sé nú ekki, hvað hann hefir að sakast við mig, þó svona sé ástatt í Barðastrandarsýslu. Neyð þessara hreppa stafar af því, að atvinnuvegirnir hafa gengið illa og atvinna fólksins dregizt saman; í sumum byggðarlögum hefir svo að segja allur atvinnurekstur lagzt niður og ekkert komið í staðinn, þannig að ekki hefir verið mögulegt að leggja á svo há útsvör, að nægðu í útgjöld hreppsins. Ég verð að segja, að það er ekki ófyrirsynju, að frv. þetta er fram komið. Þetta ákvæði fátækralaganna er til skammar, og við vitum líka allir, að því hefir verið beitt af sumum sveitarstjórn*um mjög harðneskjulega, enda* þótt aðrar hafi farið hægara í sakirnar. Ég veit líka, að sumir læknar eru svo góðsamir, að þeir hafa leiðzt út í að gefa jafnvel hæpin vottorð. Ég skal að lokum taka það fram, af því ég býst við, að mál þetta gangi til allshn., að ef n. vill heldur hverfa að því ráði, að gerbreyta fátækral. í svipað form og við Alþýðuflokksmenn höfum haldið fram að þörf væri á, þá mun ekki standa á mér, en með þessu frv., sem hér liggur fyrir, tók ég aðeins það, sem hendi lá næst og þarfnaðist skjótrar úrlausnar.

**Bergur Jónsson** óyfirl.: Ég sé það á síðustu ræðu hæstv. atvmrh., að honum hafa sárnað ummæli þau, er ég hafði í fyrri ræðu minni um þau kákvinnubrögð, er hann hefir hér í frammi. Hann hyggst að kasta spjótinu til baka og segir, að ræða mín hafi verið kák. Ég vil nú leyfa mér að efast um, að svo hafi verið, fyrst hún gat komið þeim hita í hæstv. ráðh., sem raun bar vitni, nema ef ég á að skilja sem svo, að til þess þurfi ekki annað en kák að hita honum. Ráðh. vildi halda því fram, að fjárþröng sveitarfélaga snerti þetta mál ekki svo mjög, en ég verð að líta svo á, að úr fjárþröng sveitarfélaganna verði fyrst og fremst að bæta, ef unnt á að vera að hlýða fátækralögunum. Ég verð því enn að halda því fram, að breyt. þær, er felast í frv., séu algert kák, þar sem með því er á engan hátt bætt úr þröng sveitarfélaganna, þau jafnilla stödd eftir sem áður. Úr því ræða mín hefir haft þessi áhrif á hæstv. ráðh., að koma í hann skapi, svo hann er ekki frá því að fylgja brtt., er vonandi, að eitthvað verði bætt um það kák, sem frv. nú er. En undarlegt verður það að teljast, að fyrsti maður, sem sæti á í landsstjórn úr Alþfl., sem lagt hefir svo mikla áherzlu á að breyta fátækralöggjöfinni, skuli byrja með lögum, sem eru ekkert annað en kák. Hæstv. ráðh. byrjar því endurbótastarf sitt á Alþingi með kákbreytingum einum, sem engum mega að gagni verða. Það var nfl. áður búið að breyta lögunum um fátækraflutning þannig, að hann er svo að segja úr sögunni, og tel ég það sízt illa farið.

Þá sagði hæstv. ráðh., að orð þau, sem ég hefi látið falla hér í d. um þetta mál, væru gaspur eitt, og vildi jafnframt leggja þann skilning í þau, að ég væri andvígur afnámi sveitarflutningsins, en þetta er hreinasti misskilningur eða útúrsnúningur, þar sem ég tók það einmitt fram, að hann væri að vonum mjög illa séður, þar sem hann væri framkvæmdur með harðýðgi og tilfinningaleysi. Annars finnst mér, að hæstv. ráðh. ætti sem minnst að tala um gaspur, ekki aðeins vegna sín sjálfs, heldur og sakir flokksbræðra sinna, sem ekki geta talizt saklausir af því að gaspra hér á Alþingi. Því að engir menn hafa gert fleiri góð mál að gaspursmálum en einmitt þeir. Þetta veit hæstv. ráðh. eins vel og ég, og jafnframt það, að þau eru mörg góðu málin, sem spillt hefir verið hér á Alþingi með gaspri og heimsku. Það, sem ég lagði aðaláherzluna á í ræðu minni, var, að það væru minnst áberandi gallarnir á fátækralöggjöfinni, sem hér ætti að breyta. Aðalástæðan fyrir því, að hæstv. ráðh. rann svo mjög í skap sem raun varð á, var því sú, að hann fann sannleika þessarar staðhæfingar minnar. Hann sá, að hann hafði hlaupið á sig með því að bera fram svona nauðalitið og lélegt frv. í einu aðalmáli sósialista, máli, sem þeir hafa gasprað um í fleiri ár.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Ég mun ekki svara miklu að þessu sinni. En það var eitt atriði í ræðu hv. þm., sem ég vildi drepa á. Hann var að tala um það, að sér fyndist undarlegt, að fyrsti ráðh. jafnaðarmannaflokksins skyldi bera fram svona nauðalítilfjörlega breyt. á fátækralöggjöfinni. Ég hefi vitanlega svarað þessu áður, en skal rifja það upp aftur fyrir þessum hv. þm., úr því að hann hefir verið svo mjög annars hugar, þá er ég flutti ræðu mína, að hann hefir ekki mátt vera að taka eftir því, sem ég sagði. Ég lýsti því yfir áðan, að ég myndi

flytja á næsta þingi stóran lagabálk um þessi mál. Að ég gat ekki gert það nú þegar á þessu þingi, var eðlilega sökum þess, hve tíminn var naumur, og ég veit, að hv. þm. skilur það vel, að 2 mánuðir eru ekki nægilega langur tími til þess að semja og umsteypa stórum lagabálkum. Það, sem ég því geri nú, er aðeins að afnema stærsta smánarblettinn á fátækralöggjöfinni, — en það tel ég vera fátækraflutninginn. Að þessi breyt. hafi áhrif á fjárhagsafkomu sveitarfélaganna, er hin mesta firra, og ég er þess fullviss, að hv. þm. veit betur í þessu efni en hann talar.

**Bergur Jónsson** [óyfirl.]: Mér þykir næsta undarleg sú skoðun, sem kom fram í ræðu hæstv. atvmrh., að breyt. á framfærslulögunum skipti ekki fjárhag sveitarfélaganna. Ég vil því taka hann í svolítinn kennslutíma, eins og hann væri á fyrsta ári í lagadeild háskólans, og segja honum það, að þau lög, sem mestu skipta sveitarfélögin, eru: sveitarstjórnarlögin, fátækralögin og útsvarslögin. Þessir 3 lagabálkar grípa mest inn í fjárhag sveitarfélaganna. Má því alltaf búast við, að allt krafs í þessi lög komi nálægt sveitarsjóðunum, og það ætti hæstv. atvmrh. ekki að vera vorkunn að vita, þar sem hann á að heita yfirmaður þessara mála.

Þá sagði hæstv. ráðh., að hann væri að undirbúa almenna tryggingarlöggjöf fyrir næsta þing. Það má vel vera, að hann beri þá fram einhverja tryggingarlöggjöf, en þó verður mér á að efa það, því ég man ekki betur en að þessi hæstv. ráðh. væri fyrir nokkrum árum, að mig minnir 1925, skipaður ásamt öðrum í nefnd til þess að athuga tryggingarmálin, en frá þeirri nefnd hefir bara aldrei komið neitt frv. enn þann dag í dag. Aftur kom nokkrum árum síðar frv. um tryggingar frá jafnaðarmönnum, og mun hæstv. núv. atvmrh. hafa flotið þar með sem flm., og mun sá kattarþvottur hafa átt að leysa hann frá þeirri sjálfsögðu skyldu að bera fram af nefndarinnar hálfu frv. um þessi mál. Annars má hæstv. atvmrh. vita, að það verður erfitt að finna þá leið í tryggingarmálunum, sem allir geta orðið í aðalatriðum sammála um. Ég held því, að hann ætti ekki að bíða lengi í óvissu með að bæta úr framfærslulöggjöfinni, og hafa það þá jafnframt hugfast, sem ég hefi haldið fram hér, að aðalatriðið í þessum málum er fjárhagsástand sveitarfélaganna.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég á dálítið erfitt með að átta mig á þessari miklu sálarangist hv. þm. Barð. Eins og ég er margbúinn að benda honum á, þá hefir þessi litla breyt., sem ég flyt hér á fátækralögunum, engin áhrif á framfærslukostnað í landinu, enda hefir enginn bent á það með rökum. Að hér sé tekinn burt sá hemill, sem haldi gjöldum sveitarfélaganna niðri, eins og hv. 3. þm. Reykv. vildi halda fram, er því hin mesta fjarstæða, því að málið er alls ekki flutt þannig, að það snerti fjárhag sveitarfélaganna.

Þá hvarflaði hv. þm. Barð. dálítið frá þessu frv. og fór að tala um tryggingarmál og tryggingarlöggjöf og afstöðu mína til þeirra mála. Ég verð nú að segja, að svo hissa sem ég varð á því að heyra hann halda því fram, að frv. þetta væri flutt í sambandi við fjárhagsmál sveitanna, þeim mun meira varð ég þó hissa á öllum þeim vitleysum, sem hann kom með um mig í sambandi við þau mál. Hann sagði t. d., að ég hefði verið skipaður í einhverja þingnefnd 1925. Þetta er bara haugalygi, sem ég fæ ekki skilið, hvernig hefir komizt inn í höfuð hv. þm. Ég kom nfl. ekki inn í þingið fyrr en 1927 og gat því ekki hafa verið skipaður í þingnefnd fyrir þann tíma. Þá sagði hv. þm., að ég hefði ekki sem nm. í n. þessari borið fram neitt frv., heldur hefði ég nokkru síðar fengið að hanga sem meðflm. að frv. um tryggingar, sem jafnaðarmenn hefðu borið fram í þinginu, og það hefði verið kattarþvottur minn í þessu máli. Ég held nú, að það sæti frekar á einhverjum öðrum en þessum hv. þm. að tala digurbarkalega um þetta mál, því ég veit ekki betur en það hafi tvívegis verið lagt fyrir allshn., sem hann hefir verið form. fyrir, en aldrei afgr. þaðan, og ég þori að fullyrða, að hann hefir aldrei nennt að lesa frv., hvað þá meira. Hann ætti því allra manna sízt að tala svo mjög digurbarkalega um þetta mál. Og veit hann kannske ekki, að það er í samningum milli Framsfl. og Alþfl., að sett verði almenn tryggingarlöggjöf á næsta ári, sem komi til framkvæmda í ársbyrjun 1936? Hv. þm. veit hreint og beint ekki, hvað hann hefir sjálfur vanrækt að gera og hvað hann hefir undirgengizt að gera. Þó vill hann vera að setja sig sem einskonar dómara yfir mig í þessum efnum. Ég fæ því alls ekki skilið, hvernig hann er innrættur, og svo mun um fleiri.

**Bergur Jónsson** [óyfirl.]: Hæstv. atvmrh. sagði, að fyrsta ræða mín hefði verið kák, sem ekki hefði verið mark á takandi, en nefndi ekki, að síðari ræða mín hefði verið kák líka, enda bitnaði honum svo af henni, að ég hefi ekki séð hann öllu úthverfari fyrr. Þessi hæstv. ráðh. er nú ekki búinn að vera lengi ráðh., og verður það kannske ekki lengi, en hann hefði gott af að læra að stilla sig ofurlítið betur en hann hefir gert nú. Það, sem hann virtist reiðast mest af, var, að ég sagði, að hann hefði einu sinni verið skipaður í n, sem ekkert hefði gert. Út af því sagði hann, að ég hefði sem form. allshn. Nd. setið á tryggingarfrv. hans á tveim þingum. Þetta og þvílíkt er aðeins persónuleg áreitni, sem ekki hæfir manni í ráðherrastöðu, og það því síður, þar sem hæstv. ráðh. veit, að það voru ekki síður flokksbræður hans sjálfs í allshn. en aðrir, sem vildu sitja á þessum kattarþvotti hinnar frægu milliþinganefndar. Annars býst ég við, að allir, sem mál mitt hafa heyrt og eru í kyrrlátara sálarástandi en hæstv. atvmrh., hafi tekið eftir því, að ég réðist ekkert á móti tryggingarmálunum, heldur talaði aðeins um vettlingatök hans á þeim málum frá fyrstu tíð.

Að síðustu vil ég taka það fram, að ég læt mér í léttu rúmi liggja, þó að hæstv. ráðh. gretti sig af illsku og verði ferlegur ásýndar. Ég mun vísa aftur því, sem að mér er beint, hvort sem það kemur úr ráðherrastóli eða annarsstaðar að, og ekki sízt þegar að mér er veitzt

persónulega. Hæstv. ráðh. er kallaður svefnþungur maður; það veit hann efiaust ofurvel. Hvort hann er það í raun og veru, skal ég ekki fullyrða, þó að það virðist óneitanlega benda í þá átt, að hann sé ekki vaknaður til fulls í ráðherradómi sínum, þar sem hann ber aðeins fram kákfrv. eitt í einu mesta gaspursmáli jafnaðarmanna.

Ég mun nú láta máli mínu lokið að þessu sinni, og læt mér á sama standa, þó að hæstv. ráðh. þrammi upp í ræðustólinn aftur og sýni þingheimi sitt fagra andlit, sem hann sýndi áðan.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. þm. Barð. sagði, að ég hefði sveigt persónulega að sér. Ég vildi því fá upplýst hjá honum, við hvað hann á.

**Bergur Jónsson:** Hæstv. atvmrh. fór þannig orðum um mig, þegar hann talaði um mig sem form. allshn. Nd. á undanförnum þingum, að ég gat ekki annað fundið en þar væri hann að sveigja persónulega að mér. Annars veit ég það, að það eru aðrir í þessari hv. d., sem meira og sviviríilegar hafa úthrópað mig persónulega en núv. hæstv. atvmrh., og á ég þar við 9. landsk. **(ÓTh:** Sigurð Einarsson). Sá frægi maður hefir svívirt mig bæði leynt og ljóst (Forseti hringir), og mun ég síðar skýra þinginu frá, á hvern hátt hann flaut hingað inn, og má þá vera, að hv. þm. þyki yfirleitt ekki sómi að því að hafa hann hér innan veggja, þennan mann, sem nær því hafði verið rekinn úr Alþfl. fyrir hin dæmafáu skrif sín í Alþýðublaðinu nokkru eftir stjórnarskiptin.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Hv. þm. því algerlega, að ég hafi verið með nokkrar persónulegar ýfingar í garð hv. þm. Barð. Ég talaði aðeins um hann sem form. allshn. án allrar persónulegrar áreitni, og til þess tel ég mig hafa haft fullt leyfi frá þinglegu sjónarmiði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 3. Léttverkuð saltsíld.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld** (stjfrv., A. 28).

Á 4. fundi í Nd., 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson)** óyfirl.: Síðustu ár síldareinkasölunnar var farið að selja allmikið af léttverkaðri saltsíld til Póllands og Þýzkalands. Þessi sala hefir haldið áfram síðan, en verð og sölukjör mjög misjöfn. Síðastl. ár var selt allmikið af síld til þessara landa. En verðið var lágt og allmikill hluti síldarinnar var seldur í umboðssölu gegn lítilli útborgun.

Þegar stjórnarskiptin urðu í sumar, var síldarsala þegar byrjuð, og höfðu þá ýmsir boðið síld til þessara landa með svo lágu verði, að vonlaust þótti, að svaraði framleiðslukostnaði, og aðrir höfðu boðið síldina í umboðssölu. Síldarframleiðendur höfðu reynt að mynda samtök með sér til að hindra þetta, en þó ekki tekizt að koma heildarskipulagi á þessi mál. Þeir, sem réðu yfir um ⅔ af útflutningi léttverkaðrar síldar, mynduðu með sér Sölusamlag íslenzkra matjessíldarframleiðenda og komu til stj. með tilmæli um, að hún hefði afskipti af málinu.

Nú hafa orðið ýms umskipti í þessum tveim markaðslöndum. Þannig hefir verið lagður tollur á síldina í Póllandi, og um þýzka markaðinn er allt í óvissu. Stj. taldi því fulla þörf á að taka í taumana um framboð léttverkaðrar síldar, og gaf út 31. júlí í sumar bráðabirgðalög um þetta efni. Áttu lögin að girða fyrir það tvennt, að útflutningurinn kæmi misjafnt niður og að síldin væri boðin fram með óeðlilegum hætti og verðið þannig fellt. Í sambandi við þessi lög var síðan gefin út ýtarleg reglugerð 8. ágúst í sumar.

Nokkru eftir að bráðabirgðalögin og reglugerðin höfðu verið sett fóru menn að reyna að fara í kringum lögin með því að salta síldina nokkuð yfir 22 kg. í tunnu og hella síðan á hana daufum pækli. Fyrir þetta var girt með viðauka við bráðabirgðalögin 16. ágúst í sumar.

Eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefir í sumar, má vænta þess, að hækka mætti síldarverðið með því að láta slík lög einnig ná til venjulegrar saltsíldar.

Árangur af afskiptum stj. í sumar varð að öllum vonum. Síldin var seld til Póllands, Þýzkalands og Ameríku, yfirleitt fyrir sæmilegt verð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 4. Bifreiðaskattur o. fl.

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.** (stjfrv., A. 9).

Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.: Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á aukinn benzínskatt. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er sú, eins og hv. dm. er kunnugt, að það fer vaxandi kostnaðurinn við vegaviðhald, af því að það lengjast þeir vegir, sem þurfa mikið viðhald,

vegna þess hvernig þeir voru gerðir í upphafi, og vegna þess að ekki fyrir löngu bætti Alþingi í þjóðvegatölu drjúgum vegarspotta, eitthvað um 800—900 km., eftir því sem vegamálastjóri hefir gefið upplýsingar um. Það er nú viðurkennt í öllum löndum, að það sé ekki óeðlilegt, að umferðin um vegina beri að allmiklu leyti viðhaldið á þeim. Það hefir verið í flestum löndum gert með því að leggja innflutningsgjald á benzín, sem notað er til þess að knýja áfram þau tæki, sem mest nota vegina.

Ég hefi fengið upplýsingar frá skrifstofu vegamálastjóra, sem vert er að athuga í þessu sambandi, um hve mikill skattur er lagður á benzín í ýmsum löndum. Ætla ég að gefa dálítið yfirlit yfir það, svo að hv. þdm. geti haft það til hliðsjónar, þegar þeir mynda sér skoðun um þetta frv. Samkv. þessari skýrslu er það svo, að

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| í Noregi | er 10 | aura | skattur á | lítra, |
| í Svíþjóð | — 12 | — | — | - — |
| í Danmörku | — 13 | — | — | - — |
| í Englandi | — 16,20 | — | — | - — |
| í Hollandi | — 18,04 | — | — | - — |

Auk þess stendur hér í þessu yfirliti, sem vegamálaskrifstofan hefir gefið mér um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá eftirgreindum löndum hefi ég ekki fengið nákvæmar upplýsingar um skattinn, en hann er alstaðar yfir 20 aura á lítra. Í Frakklandi er hann 40 aurar á lítra og hærri en 20 aura á lítra bæði í Ítalíu og á Spáni".

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég hefi fengið um skattinn í öðrum löndum.

Til samanburðar vil ég geta þess, að eins og sakir standa er þessi skattur hjá okkur 4,438 aurar á lítra, eða tæplega 4,5 aur. Ef þetta frv. verður samþ., þá verður skatturinn á hvern lítra af benzíni 8,438 aurar. Þó að við gerum þessa hækkun á skattinum, þá verður hann samt lægri en í nokkru öðru landi, sem ég hefi getið um og nefnt er í þessu bréfi.

Það má segja — og ég hefi heyrt það á sumum mönnum, sem fást við akstur —, að það séu betri vegir í þessum löndum, sem ég hefi nefnt, og þess vegna sé ekki óeðlilegt, að tekið sé hærra gjald af benzíninu. En í þessu sambandi má minna á það, að þó að þessi hækkun verði framkvæmd, þá er skatturinn samt lægri en í nokkru þessara landa. Auk þess má benda á, þó að ekki liggi fyrir skýrslur um það, að mér leikur sterkur grunur á, að vegaviðhaldið hjá okkur sé að miklum mun erfiðara en í þessum löndum. Það er vegna þess, hve langir vegirnir þurfa að vera til þess að halda uppi samgöngunum í svona stóru landi, og þar sem íbúafjöldinn er svo miklu minni hjá okkur, bæði raunverulega og hlutfallslega við stærð landsins, en í nokkru þeirra landa, er ég hefi nefnt. Ég held, að það sé því sanngjarnt að fara fram á þessa hækkun með tilliti til allrar aðstöðu okkar, eins og ég hefi drepið á.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þetta, en aðeins bæta því við, að þetta er einn liður í þeim tekjuöflunum, sem stj. álítur, að séu nauðsynlegar til þess að hægt sé að halda við þeim verklegu framkvæmdum í landinu, sem fjárlagafrv. ber með sér. Og þessi tekjustofn hefir verið valinn til þess að fylla upp það rúm í hinum vantandi tekjum af þeim ástæðum, sem ég hefi nú fært fram.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Ég býst ekki við, að þeim, sem fylgzt hafa með gangi slíkra mála sem þessa á undanförnum þingum, komi það á óvart, þótt ég geti ekki fylgt því. Ég er og hefi verið yfirleitt á móti því að skattleggja bifreiðar og notkun þeirra. Það þýðir ekkert að vitna í það, að í öðrum löndum sé svo og svo hár benzínskattur, — þar er svo óliku saman að jafna. Ef fá á réttan samanburð, verður að athuga öll samgöngumál viðkomandi þjóða. Í öllum þeim löndum, sem vitnað hefir verið til, er haldið uppi dýrum járnbrautum. Víða reka ríkin þær með stórkostlegu tapi, svo mikið þykir undir því komið að hafa fargjöldin sem lægst. Svo þegar þessi nýju samgöngutæki, bifreiðarnar, koma til sögunnar, þá eru frá sjónarmiði ríkjanna ívær ástæður til þess að leggja á þau há skatta. Fyrst og fremst vegna þess, að ríkin þykjast hafa séð fyrir flutningaþörf landsmanna á annan hátt, og svo beinlínis til þess að verja járnbrautirnar fyrir hættulegum keppinaut.

Aftur á móti höfum við hér engin farartæki, sem svara til flutningaþarfa nútímans á landi, önnur en bílana. Það verður því að bera þá hjá okkur saman við járnbrautirnar hjá öðrum þjóðum. Svo kemur það til greina, sem hæstv. ráðh. minntist sjálfur á, hvað vegirnir eru hér vondir. Það er algild regla, að minna er borgað fyrir lélega vöru. (**Fjmrh.**: Það á líka að borga minna hér). Vegirnir eru líka svo margfalt verri vara. Utanlands hafa verið lagðir malbikaðir vegir um löndin þver og endilöng, og við það sparast beinlínis svo mikið á hjólhringum og benzíni, að ég efast um, að raunverulega verði skatturinn nokkuð hærri. Þar við bætist svo, að ríkin leggja til járnbrautirnar og kosta miklu fé árlega til þess að starfrækja þær. Í þeim liggur fjármagn, sem skiptir hundruðum milljóna, og til þess að sitja ekki uppi með öll þau mannvirki ónotuð, er gripið til þess að skattleggja bílana.

Það hefir verið fært fram sem ástæða, að hér þurfi svo mikið fé til vegaviðhaldsins. En ég veit ekki, af hverju þessi eini kostnaður á endilega að greiðast sérstaklega. Er það svo óttalegur lúksus að leggja vegi á landi og nota þá? Ég skil ekki, hvers vegna ekki má greiða þennan kostnað af almennum sköttum, eins og svo margt annað hliðstætt, sem gert er almenningi til hagsbóta.

Þar sem ég hefi alltaf verið á móti þessum skatti, þá er ég vitanlega einnig á móti því nú, að hann sé hækkaður. Ég sé ekki neitt samræmi í því, að ríkið leggi fram hundruð þúsunda til samgangna á sjó, en taki svo aftur skatt af samgöngum á landi. Þó „vegirnir" séu ódýrari á sjónum, þá eru farartækin sjálf dýrari.

Ég hefði haldið, að þetta mál gæti ekki náð fram að ganga, vegna þess að Alþfl. væri á móti því. Ég man ekki betur en að við samþm., hv. 2. þm. Reykv. og ég, höfum staðið mjög hlið við hlið gegn þessu máli á undanförnum þingum. En ég fer nú að efast um andstöðuna, úr því að hv. þm. Alþfl. hér í d. hafa greitt atkv. með innflutningshöftunum, sem þeir hafa áður

verið mjög á móti. Ég sé nú, að þeir hafa orðið að kaupa dýru verði að fá að sitja í sólskininu stjórnarmegin, og e. t. v. eiga þeir nú einnig að greiða hluta af því gjaldi.

**Jón Baldvinsson:** Það er meiri umhyggjan, sem hv. 1. þm. Reykv. ber fyrir okkur Alþfl.-mönnum. Hann er alltaf að kalla á okkur sér til hjálpar í ræðum sínum, þykist líklega vera nokkuð einmana í þessu andófi sínu hér í deildinni.

Það er rétt, að við Alþfl.menn vorum á móti benzínskattinum þegar hann var á lagður. En hinsvegar játum við það með stj., að nauðsyn er á því að halda uppi framkvæmdum í landinu á þessum atvinnuleysistímum. Við viljum ekki láta minnka framkvæmdirnar og við viljum á einhvern hátt afla þeirra tekna, sem þarf til að halda þeim áfram. Við viljum athuga í n., hvaða leiðir sé tiltækilegast að fara, og munum því ekki snúast á móti þeim tekjuöflunarfrv., sem fram koma, fyrr en þau hafa hlotið athugun í nefnd.

**Magnús Jónsson** (óyfirl.): Ég vil í sambandi við þessa atvinnu-ástæðu hv. 4. landsk. benda á það, að næsta mál á undan á dagskránni snertir ekkert í þá átt. Það miðar aðeins að því að auka dýrtíðina og gera mönnum, ekki síst þeim, sem á mölinni búa og þurfa að kaupa flesta hluti, erfiðara fyrir að lifa, svo hv. þm. hefði vel getað verið á móti því frá byrjun. Annars finnst mér hv. Alþfl.menn ekki hafa verið gefnir fyrir að sýna mikla sanngirni í því að láta athuga mál í nefndum. Þeir hafa haft allra manna ákveðnastar og flokkslegastar skoðanir og ekki viljað ljá þeim málum eyra né athugun, sem þeir hafa verið á móti. En nú er eins og þessi flokksgigt hafi bráðnað úr þeim í blessuðu stjórnarsólskininu. Þeir ætla nú væntanlega að greiða atkv. með verðtollinum, sem þeir hafa mest skammað mig og aðra fyrir að vera með.

Ég vildi aðeins benda á þetta ósamræmi og að einhverjum öðrum öflum muni til að dreifa heldur en látið er uppi. Mér finnst þeir hafa keypt þessa pípu sína of dýrt; það er a. m. k. ekki ennþá séð, hvað þeir fá fyrir sína umbjóðendur fyrir allt það gjald, sem þeir eru að láta af hendi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** (óyfirl.): Ég ætla ekki að fara að svara fyrir Alþfl.mennina, en ég vil benda á, að ef það er ósamræmi í framkomu þeirra, þá er það ekki síður í framkomu hv. síðasta ræðumanns og hans flokks. Ég man ekki betur en að það hafi daglega verið prédikað í blöðum stjórnarandstæðinga síðan Framsfl. og Alþfl. sömdu með sér um stjórnarmyndun, að Alþfl. ráði öllu og hafi fengið allt, en Framsfl. ekkert. Nú kveður heldur við annan tón hjá hv. 1. þm. Reykv. Nú heldur hann því fram hér, að Alþfl. hafi orðið að snúast í hverju máli til þess að geta komið til greina við þessa samninga. Ég vildi benda á þetta ósamræmi til þess að sýna, hvað lítið er að marka, hvað hv. stjórnarandstæðingar segja um þetta efni.

Hv. þm. sagði, að allt öðru máli væri að gegna hér heldur en í öðrum löndum, þar héldu ríkin uppi járnbrautum fyrir stórfé. En ég vil benda honum á, að við leggjum mikið fé til samgangna á sjó, og það getur talizt hliðstætt því, sem aðrar þjóðir leggja til járnbrautanna, svo það raskar ekki hlutfallinu um aðstöðu okkar lands samanborið við önnur. Þá talaði hann um, að það væru malbikaðir vegir um þessi lönd þver og endilöng. Það kann að vera um sum þeirra, en ekki sum. Til dæmis hafa vegirnir í Noregi og Svíþjóð marga sömu gallana og vegirnir hér, þó þeir séu e. t. v. eitthvað betri yfirleitt, enda er ekki farið fram á eins háan skatt hér eins og þar er.

Hv. þm. sagði, að vonda vöru yrði að selja lágu verði. En það er til annað sjónarmið, sem einnig verður að líta á við verðlagningu vöru, og það er, hvað kostar að láta hana í té. Frá því sjónarmiði mun hækkun á benzínskattinum hér ekki vera ósanngjörn, því það mun tiltölulega engu minni kostnaður vera við okkar vegakerfi, þó ófullkomið sé, heldur en vegakerfi þeirra þjóða, sem hafa miklu hærri benzínskatt.

Ég ætla svo ekki að eyða meiri tíma í umr. um þetta að sinni; ég býst við, að frv. fari til n., svo tækifæri gefist til að ræða það nánar síðar.

**Pétur Magnússon** (óyfirl.): Ég verð að segja, að það er einkennilegasta röksemdaleiðsla, sem ég man eftir að hafa heyrt, þegar hæstv. fjmrh. ber það fram, að af því að hér sé varið stórfé til þess að reka strandferðir, þá sé ekki ósanngjarnt að skattleggja samgöngur á landi. (**Fjmrh.:** Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Ég átti við, að samkv. röksemdafærslum hv. 1. þm. Reykv. mætti líta þannig á). Ég gat ekki skilið hæstv. ráðh. öðruvísi en að hann teldi þetta hliðstætt við járnbrautir annara þjóða, og af því lagt væri stórfé til strandferðanna, þá væri rétt að leggja skatt á þá menn, sem ekki geta haft nein not af þeim. Það þarf engum að blandast hugur um, á hverjum þetta kemur niður. Þessi skattur kemur vitanlega fyrst og fremst niður á þeim, sem við hafnleysi búa og verða að nota bifreiðar til allra flutninga, en það eru aðallega þeir, sem á Suðurlandsundirlendinu búa. Samgönguerfiðleikar þeirra eru svo miklir, að ég er sannfærður um, að ekki liður á löngu áður en ríkið neyðist til þess að leggja fram fé frekar en verið hefir til þess að létta undir með þeim. Það gengur því algerlega í öfuga átt að skattleggja þau einu samgöngutæki, sem hægt er að nota í þessum héruðum. Ég get frætt hæstv. ráðh. á því, að bændur á Suðurlandsundirlendinu, sem verða að hafa alla verzlun í Rvík, verða í sumum tilfellum að greiða hærra gjald fyrir flutninginn heim til sín heldur en fyrir vöruna sjálfa. Þetta á við um ýmsa þungavöru, eins og t. d. kol, sem sumir bændur komast nú ekki hjá að kaupa.

Ég geri náttúrlega ekki lítið úr þeirri þörf, sem nú er á því að afla ríkissjóði tekna, og ég skal ekki fara út í það að þessu sinni, af hverju sú þörf er sprottin. En mér þykir það undarlegt, ef hæstv. stj. getur ekki fundið réttlátari leiðir til að leggja á skatta heldur en þá, sem hér er stungið upp á. Hæstv. stj. hlýtur að vita það, að bílarnir eru ekki notaðir hér á landi nema að hverfandi litlu leyti sem lúksusvara. Nauðsyn-

lega bílanotkunin er svo margfalt meiri, að það kemur ekki til mála að skattleggja lúksusnotkunina þannig, að nauðsynlega notkunin komi þar undir. Ef farið væri inn á þá braut, yrði ekki hægt að komast hjá því að styrkja með a. m. k. hlutfallslega jafnháu framlagi þau héruð, sem verst eru sett með tilliti til samgangna á sjó.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** óyfirl.]: Ég heyrði á hv. síðasta ræðumanni, að hann hafði misskilið mig, þegar ég talaði um framlög okkar til strandferða í sambandi við framlög annara þjóða til járnbrauta. Ég var aðeins að benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að ef honum finnst framlag annara þjóða til járnbrauta réttlæta hinn háa benzínskatt hjá þeim, þá ætti framlag okkar til strandferðanna alveg eins að réttlæta okkar tiltölulega lága benzínskatt frá hans sjónarmiði. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð, að framlög til járnbrautanna réttlæti út af fyrir sig á nokkurn hátt háan benzínskatt, eins og ég tel ekki heldur framlögin til strandferða koma honum neitt við. **(MJ:** Það er nú nóg af rökvillum hjá hæstv. ráðh. sjálfum, þó hann sé ekki að troða þeim upp á aðra líka). Hinsvegar vil ég benda á, að það hvílir nokkur skattur á umferðinni á sjó, sem er ekki ólíkur benzínskattinum að eðli. Það er vitagjöldin, sem nema að heildarupphæð á 6. hundrað þús. kr. Þetta er einskonar umferðaskattur á sjónum, hliðstæður benzínskattinum á landi. Það, sem réttlætir benzínskattinn, er ekki það, að lagt er stórfé til strandferða, heldur hitt, að lagt er stórfé til lagningar nýrra akvega og viðhalds gömlu veganna, svo ekki er óeðlilegt, að eitthvað sé tekið af umferðinni upp í þann kostnað hér eins og annarsstaðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 5. Virkjun Fljótaár.

Á 3. fundi í Nd., 6. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um virkjun Fljótaár** (þmfrv., A. 45).

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Frv. þetta er flutt samkv. ósk bæjarstj. Siglufjarðar, og fylgir því nákvæm grg. Sé ég því ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um það. Það hefir áður legið fyrir Alþingi. Ég vona, að því verði vel tekið af hv. þdm., og óska ég, að það verði látið ganga til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 6. Kosningar í sveitamálum og kaupstaða (frv. SE).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða** (þmfrv., A. 54).

Á 8. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Sigurður Einarsson):** Þetta frv. er í rauninni mjög smávægilegt. Í l., sem nú gilda um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, er heimilað að viðhafa hlutfallskosningu í hreppsnefndarkosningum, ef fullnægt er vissum skilyrðum. Það er kunnugt, að þessi heimild er notuð meira og minna, einkanlega í kaupstöðum. En því er svo háttað, að í núgildandi lögum eru ekki skýr ákvæði um það, hvort varafulltrúar á lista við hreppsnefndarkosningu hafa rétt til að sitja fundi í forföllum aðalfulltrúa. Og þó gilda fyrirmælin um, að varafulltrúar skuli vera á lista, sem fram er borinn, einnig um hreppsnefndarkosningar. Þetta frv. fer fram á, að fyrirmæli 2.—4. málsgr. 16. gr. nái til leynilegra kosninga utan kaupstaða, og að fyrirmæli 19. gr. gildi um aðalfulltrúa og varafulltrúa í hreppsnefnd. Það hefir stundum risið ágreiningur út af þessu, og er þetta litla frv. borið fram til að fyrirbyggja hann.

Ég gæti vel sætt mig við þá lausn á málinu, að hlutfallskosningar yrðu fyrirskipaðar yfirleitt í málefnum sveita og kaupstaða. En ég sá þó ekki ástæðu til að bera fram svo víðtæka brtt. um þetta, að mönnum væri ekki í sjálfsvald sett, hverja aðferðina þeir viðhafa. Þetta er aðeins litilfjörleg breyt. á fyrirmælum gildandi laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Breyting sú, er frv. þetta felur aðallega í sér, er fólgin í því, að vísað er til fyrirmæla í 19. gr. l., um ákvæði um varafulltrúa í bæjarstjórnum. Ég býst ekki við, að menn sjái ástæðu til að amast við því, að þetta atriði sé skýrt fram tekið. Því hver, sem athugar þetta, hlýtur að komast að þeirri niðurstöðu, að löggjafinn hafi ætlazt til þess, þegar hann heimilaði hlutfallskosningu, þó innan þröngra takmarka væri, að varafulltrúar yrðu kjörnir samtímis aðalmönnum og tækju sæti í forföllum þeirra á sama hátt og gerist í bæjarstjórnum, a. m. k. svo framarlega sem þeir hefðu tilkynnt fjarveru sína. Að vísu mun löggjafanum ekki hafa hugkvæmzt, að heimild þessi yrði notið í svo ríkum mæli sem raun ber vitni, og þess vegna ekki kveðið svo skýrt á um þetta atriði að því er snertir sveitarstjórnir, að ekki geti risið ágreiningur. Ætla ég, að nú fyrir skemmstu hafi verið felldur stjórnarráðsúrskurður, sem byggist á því, að óheimilt sé samkv. gildandi l., að varamaður í hreppsnefnd taki sæti. Frv. þetta miðar þess vegna að því að girða fyrir ágrein-

ing eða misskilning á þessu atriði hér eftir. Að mínu viti er málið ekki flóknara en svo, og hefir ekki í sér fólgin þau efni til ágreinings, að um það þurfi miklar umr., en vænti þess, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til allshn.

**Bergur Jónsson:** Ég geri ráð fyrir, eftir orðum hv. síðasta ræðumanns, að tilefnið til flutnings þessa frv. sé stjórnarráðsúrskurður, sem fyrir nokkru hefir fallið út af hreppsnefndarkosningu á Patreksfirði. Nú vill svo einkennilega til, að ég hefi heyrt bæði á hv. síðasta ræðumanni og fleirum af hans flokksmönnum, að þessi úrskurður atvmrh., sem er þó þeirra samflokksmaður, sé rangur. Ég er ekki í neinum vafa um, að hver sæmilega greinagóður maður getur séð, að úrskurðurinn er réttur. Í lögunum um þessi efni er gefin mjög þröng heimild til að viðhafa hlutfallskosningar til hreppsnefnda með því að safna undirskriftum eins margra kjósenda og þarf til að koma að a. m. k. einum manni. Nú er því þannig varið, að þar, sem hlutfallskosning til hreppsnefnda er heimiluð í lögunum, er vísað til gr. framar í þeim, en einmitt stoppað við 18. gr., en í 19. gr. l. er tekið fram um varafulltrúa í bæjarstjórnum. Ég verð því að álíta, að löggjafinn hafi sleppt því með vilja að vitna til 19. gr., vegna þess að ekki hefir verið ætlazt til, að kosnir skyldu varafulltrúar við hlutfallskosningar í hreppsnefndir. Ég veit, að hv. flm. finnst þetta ranglæti, eða segir a. m. k. að sér finnist það. En ég fæ ekki séð, að hér sé um neitt ranglæti að ræða, þó þetta sé þannig úr garði gert. Ég held því fram, að það myndi einmitt skapast ósamræmi í l., ef breyt. þessi næði fram að ganga. Eftir þeim l., sem nú gilda, er um þrennskonar aðferðir við hreppsnefndarkosningar að ræða, aðalreglan, og sú, sem gilti áður, er að kjósa opinberlega eða í heyranda hljóði með nafnakalli. Önnur aðferðin er leynileg kosning, þar sem kosið er skriflega eftir nr. á kjörskrá, og loks hlutfallskosning. Það er alveg gefið, að eftir tveimur fyrri aðferðunum getur ekki verið um kosningu varafulltrúa að ræða, og eigi að vera fullt samræmi í l., getur ekki heldur verið um það að ræða eftir þriðju aðferðinni. Þetta er líka algerlega logiskt hjá löggjafanum, og sjálfsagt að sama regla gildi um þetta, hver aðferðin sem höfð er við kosninguna.

Ég tel því þessa breyt. á l. geta valdið glundroða, nema því aðeins, að gengið sé inn á þá braut að hafa hlutfallskosningar yfir allt.

Segjum t. d., að einn flokkur sé mjög sterkur í einu byggðarlagi og eigi meiri hl. í kjörstjórn, og geti því hindrað hlutfallskosningu, þá gæti farið svo, að sá flokkur fengi alla kosna, þó hann eftir atkvæðamagni sínu ætti ekki að fá nema t. d. 1 af 3, sem kjósa ætti. Það mundi líka valda ósamræmi, ef í hreppsnefnd, sem skipuð væri t. d. 7 mönnum og kosin í tvennu lagi, og úr ættu að ganga 4 menn, sem þá samkv. þessu fengju varafulltrúa, en hinir 3, sem fyrir væru í n., hefðu enga varafulltrúa. Mig furðar ekki á því, þó hv. flm. hafi ekki hugsað út í þessi atriði, því ég hefi áður fengið reynslu fyrir því, að hann ber ekki skyn á þessa hluti. Ég sé það á grg. frv., að hv. flm. hefir miðað frv. þetta við kosninguna á Patreksfirði. (SE: Það stendur ekkert um Patreksfjörð í grg.). Nei, en það þarf ekkert að standa um Patreksfjörð; ég er þaðan, og hv. þm. hefir stundum komið þar. Hv. flm. talaði um, að varafulltrúa hefði verið bægt frá að sitja fund. Það hefir engum verið bægt frá því að sitja fund, vegna þess að það var enginn varafulltrúi kosinn. Hv. flm. telur heimildina til hlutfallskosninga meiningarleysu, ef ekki séu kjörnir varafulltrúar. Þetta er bara eins og hver önnur vitleysa. Oft eru viðhafðar hlutfallskosningar á þingi, og ekki eru kosnar varaþingnefndir, en allt þetta tal hv. þm. stafar af hans mjög svo takmarkaða varaviti, sem ég reyndar þekkti áður. — Ég sé ekki ástæðu til, að frv. þetta verði drepið nú þegar. Það má gjarnan fara til n., og þar sem ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega fjallar um frv. þetta, fæ ég síðar tækifæri til að athuga þetta nánar.

Ég vil að lokum minna á það, að hv. d. samþ. í fyrra þál. frá allshn. Nd. til stj., að hún léti undirbúa og semja frv. til breyt. á l. um kosningar í málefnum sveitar- og bæjarstjórna. En stj. hefir ekkert gert ennþá, og finnst mér því eðlilegra, að hert væri á stj. um þá endurskoðun, sem d. hefir fyrirskipað, heldur en fara að samþ. smábreyt., sem enga þýðingu hafa.

**Flm. (Sigurður Einarsson): (ÓTh):** Vill ekki forseti sjá um, að þessi hv. þm. tali á þinglegan hátt?). Ég get sem bezt flutt mig í pontuna. — Enginn dm. mun hafa heyrt mig halda því fram, að úrskurður atvmrh. sé rangur, og mér hefir satt að segja ekki komið til hugar að efast um, að hann sé í alla staði réttur samkv. gildandi lögum. Hv. þm. Barð. vék að því, að ekki þyrfti annað en vísa til 19. gr. laganna til að hið sama gildi um varamenn við hlutfallskosningar til hreppsnefnda og nú gildir um bæjarstjórnir. Þegar það er nú athugað, að samkv. lögum geta kjósendur valið um þrjár leiðir, eins og hv. þm. gerði að umræðuefni, þá velja kjósendur vitanlega þá leið, sem þeir telja hagkvæmasta, og það mundi enginn fara að leggja á sig þá fyrirhöfn að smala undirskriftum, svo viðhafa mætti hlutfallskosningar, ef það væri ekki beinlínis gert með það fyrir augum, að með því fengjust meiri réttindi, m. a. í þá átt, að varafulltrúar kæmu inn í forföllum aðalmanna.

Það eru engin rök, að ekki megi lögleiða þessa breyt., þó nokkur hluti hreppsnefndar sé kosinn á annan hátt; breytingin gengur í gildi um þann hlutann við næstu kosningar þar á eftir. Það, sem hv. þm. sagði um grg. frv., var meiningarleysa ein, en mér er ánægja að hafa gefið hv. dm. tækifæri til að hlusta á málsnilld þessa hv. þm. Honum hefir veitzt hér kærkomið tækifæri til að gera gaman að mínu litla lögviti. Ég hefi nú aldrei gefið mig út sem neinn lögspeking, og ekki heldur til þess lært, en ég vil heldur sætta mig við að vita ekkert í þeirri grein en að viðra lögkróka mína hér framan í þdm. á jafnóviðfelldinn hátt og hv. þm. Barð.

**Bergur Jónsson:** Ég sé ekki ástæðu til að svara mörgu hv. 9. landsk., sem stundum er kallaður þm. Norður-Ísfirðinga, af því að hann flaut

inn á þing vegna þess að Vilmundur Jónsson féll. Enda lítil ástæða til andsvara, því hann hrakti í engu skýringar mínar. Þó að hann vilji nú ekki kannast við, að úrskurður stjórnarráðsins sé rangur, þá er það sennilega af kurteisi við flokksbróður sinn, atvmrh., sem er fjarverandi, en á Patreksfirði sagði hann fullum stöfum, að úrskurðurinn væri rangur. Ég skal geta þess, að það var ég, sem gaf honum það litla lagavit, sem hann virðist hafa fengið, að ef vísað væri til 19. gr. l., fengist leyfi til að hafa varafulltrúa í hreppsnefndum, en ég álít, að slíkt mundi skapa ósamræmi, meðan hlutfallskosningar eru ekki almennt viðhafðar. Þá talaði hv. þm. um það, að menn mundu hafa beðið um hlutfallskosningar vegna þess að þeir hefðu búizt við, að með því móti fengist réttur til varafulltrúa. Ég veit, að til eru menn, sem hafa gert þetta, og það eru flokksmenn hv. þm. á Patreksfirði, sem munu hafa farið eftir lögfræðilegum upplýsingum hv. 9. landsk., eftir því sem ég veit bezt. Er það því honum sjálfum að kenna, að þeir hafa byggt gerðir sínar á röngum forsendum í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 7. Þingsköp Alþingis (frv. TT).

Á 6. fundi í Nd., 10. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og á l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim l.** (þmfrv., A. 55).

Á 8. fundi í Nd., 12. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Thor Thors):** Eins og skýrt er frá í grg., er frv. þetta flutt vegna þess ágreinings, er varð við þingsetninguna um það, hvort velja skyldi þm. í Ed. eftir hlutfallslegu atkvæðamagni flokkanna í Sþ. Það verður að teljast þingræðisleg nauðsyn, að svo sé um hnútana búið í þingsköpum, að einstakir þingflokkar geti ekki skotið sér undan þeirri skyldu að nefna þm. til Ed. í réttu hlutfalli við atkvæðamagn sitt, og þar með gert þingið óstarfhæft. Tel ég því æskilegast og öruggast, að svo sé fyrirskipað í þingsköpum, að ekki valdi neinum ágreiningi.

Þá hefir og risið ágreiningur um, hvort forseta beri skylda til að bera úrskurði sína undir atkv., ef þm. æskja þess. Ég fyrir mitt leyti tel, að ákvæði þingskapanna eins og þau eru nú geri ráð fyrir, að svo sé gert, ef þm. krefjast þess. En úr því menn eru ekki á einu máli um þetta atriði, þykir mér rétt, að tekin séu af öll tvímæli með skýlausum fyrirmælum þingskapanna sjálfra, og ég býst við, að flestir muni telja slíkt ákvæði sjálfsagt, enda í fullu samræmi við venjulegar lýðræðisreglur, að forseti sé háður meiri hl. þingmanna. — Það eru fleiri ákvæði í þingsköpunum, er gæti komið til mála að athuga nánar í þeirri n., sem væntanlega kemur til með að fá frv. þetta til athugunar. Ég vil geta þess, að ég flutti frv. þetta sem sjálfstætt frv., en ekki í sambandi við frv. hv. þm. Mýr. um breyt. á þingsköpum, vegna þess að ég álít frv. hans svo sjálfsagt, að ég tel nauðsynlegt að flýta því gegnum þingið, svo ákvæði þess komi strax til framkvæmda.

Það eru ýmis ákvæði þingskapanna, sem athuga þyrfti betur, og ég tel sjálfsagt, að gert verði í n., en ég sé ekki ástæðu til að fara nánar út í það nú, eða ekki fyrr en við 2. umr. — Að lokum vil ég mælast til þess, að frv. þessu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og allshn.

**Hannes Jónsson:** Ég hefi lítið athugað þetta frv., en mér virðist sem 1. gr. geti valdið ágreiningi, eða það ákvæði í henni, sem slær því föstu, að þingflokkar skuli senda menn til Ed. eftir atkvæðamagni hvers flokks fyrir sig í Sþ. Ég vil benda á, að þingfl. geta breytzt frá því, sem nú er. Við getum hugsað okkur, að hér eigi tveir eða fleiri smáflokkar þingfulltrúa og vilji kjósa saman til Ed. Þá munu raskast þau hlutföll milli þingflokka, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv. Ég vildi benda á þetta, að mér finnst ekki rétt, að tveir smáflokkar geti ekki kosið saman, ef þeim líkaði betur, þó þeir sinn í hvoru lagi hafi ekki bolmagn til að koma fulltrúa í Ed.

**Flm. (Thor Thors):** Mér er fyllilega ljóst þetta atriði, sem hv. þm. V.-Húnv. minntist á, að þetta getur hindrað flokka í að ganga í bandalag um kosningu til Ed., en það þarf ekki að skipta svo miklu máli fyrir þá um áhrif þeirra innan þingsins. En eins og ég gat um í framsöguræðu minni, eru það nokkur atriði, sem athuga þarf í n., er fjallar um þetta frv., þar á meðal þetta og fleiri ágreiningsatriði, eins og t. d. hver áhrif aukakosning skuli hafa á skipun þingdeilda, ef hún raskar hlutfalli milli flokka, en hin nýja stjskr. og kosningalög gera ráð fyrir, að aukakosning breyti engu um rétt flokka til uppbótarþingsæta.

**Stefán Jóh. Stefánsson:** Ég vil benda á það, að það er alveg laukrétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að samkv. 1. gr. frv. geta smáflokkar orðið útilokaðir frá þátttöku í Ed. Í öðru lagi vildi ég vekja athygli á því, að samkv. því, sem þetta frv. gengur út frá, er tæplega hægt að segja, að um hlutfallskosningu sé að ræða, heldur er hér bara gert ráð fyrir því, að flokkarnir tilnefni menn, og forseti lýsi því síðan yfir, að þeir séu rétt kjörnir. Ég hygg því, að frv. þetta þurfi rækilegrar athugunar við í n., enda verð ég að telja vafasamt, að það sé gerhugsað.

**Flm. (Thor Thors):** Mótbára hv. 1. landsk., að hér væri ekki um hlutfallskosningu að ræða, var ærið lítilfjörleg. Vitanlega er hér um hlutfallskosningu að ræða, og ekkert annað, því hér er ekki farið fram á annað en að flokkarnir fái hlutfallslega tölu þm. sinna kosna í Ed. Útúrsnúningur hans um, að forseti geti tilkynnt úrskurð sinn utan funda, er ekki svaraverður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 8. Fiskiráð.

Á 7. fundi í Nd., 11. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um fiskiráð** (þmfrv., A. 60).

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Ólafur Thors)** óyfirl. : Ég ætla að leyfa mér að gera ráð fyrir, að allir hv. þdm. hafi lesið grg. þessa frv., og þar af leiðandi tel ég ekki ástæðu til að halda um það langa framsöguræðu. Í grg. er dregin upp mynd af þeim voða, sem þjóðinni er nú búinn af innflutningshaftastefnu nágrannaþjóðanna. Afleiðingarnar af því koma greinilegast fram í því, að ef Íslendingar framleiða framvegis sama fiskmagn og að undanförnu og ef innflutningur íslenzks fiskjar til viðskiptalandanna verður enn skertur, eins og sterkar líkur eru til, og þó ekki meira en gert er ráð fyrir í grg., þá verða afleiðingarnar þær, að í árslok 1935 liggur hér á Íslandi svo mikið af óseldum fiski, að það svarar til þess fiskmagns, sem Íslendingar geta selt til útlanda allt árið 1936. Af því mundi leiða það, að ef sá fiskur gæti haldið sér að gæðum, væri óþarft að gera út nokkra íslenzka fleytu í von um að aflinn gæti selzt. Þetta eru svo geigvænlegar horfur, að það getur engum blandazt hugur um, að það er bein þjóðarnauðsyn að hefjast handa og reyna að draga úr því, að af þessu hljótist hrein þjóðarvandræði. Í frv. mínu eru því nokkrar till., sem miða að því að bæta úr þessu ástandi. Mér er það fyllilega ljóst, að ýmsar þessar till. hafa áður verið ræddar manna á milli og eru að því leyti ekki nýjar. Það er nfl. gamla sagan, að menn hafa í þessu tilfelli sem svo mörgum öðrum séð hættuna, bollalagt um málin, án þess þó að hefjast handa til bjargar fyrr en voðinn er skollinn á. Frv. fer fram á, að skipuð sé forusta í þessari varnar- og viðreisnarbaráttu þjóðarinnar, og það er reynt að tryggja, að þessi forusta sé sem öruggust, og til þess að svo megi verða er tvennt nauðsynlegt. Fyrst það, að til hennar veljist menn, sem hafi þekkingu á þessum viðfangsefnum, og í öðru lagi, að þekkingin fái nægilega útrás í framkvæmdum. Er þess því vænzt, að þeir aðilar, sem velja eiga fiskiráðið, bregðist ekki því trausti, sem til þeirra er borið, að þeir láti þekkinguna ráða um mannvalið. Verði það, hygg ég, að með frv. sé tryggð annarsvegar þekkingin, en hinsvegar framkvæmdin, sem nauðsynin krefur vegna úrlausnar þessara mála. Till. frv. eru að vísu fyrst og fremst miðaðar við þörf augnabliksins, en eigi að síður er líklegt, að þær megi verða að gagni fyrir framtíðina, og yfirleitt hygg ég, að komist fiskiráðið á, mundi það sanna ágæti sitt sjálft, æ betur eftir því sem tímar líða og það starfar lengur.

Ég hefi heyrt þeim andmælum hreyft gegn fiskiráðinu, að það muni skorta vald og fjárhagslega aðstöðu til þess að geta framkvæmt það, sem því er ætlað að vinna. Þetta held ég, að sé á misskilningi byggt. Ég tel þvert á móti ekki hyggilegt að tryggja því meiri völd en frv. gerir ráð fyrir að það fái, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins. Það er meira virði, að það eigi stoð í lífinu en lagafyrirmælum, og hana mun það fljótlega öðlast, því að það mun búa yfir nauðsynlegri þekkingu til þess að koma í framkvæmd þeim nauðsynjamálum, sem það á að annast. Að tryggja því frekari völd en gert er hér í till. tel ég og ekki hættulaust með öllu, t. d. með einkasöluheimild eða því líku. Það gæti orðið til þess að draga úr vinsældum þess og áhrifum þegar í öndverðu. Verði reynslan aftur sú, að nauðsyn krefji frekari lagafyrirmæla, þá gerir fiskiráðið að sjálfsögðu till. um þau til stj., og svo mikið má segja um núv. stj., hvað sem öðru líður, að hún er ekki hrædd við að setja bráðabirgðalög, og myndi í því efni verða gott að leita til hennar.

Annars er sá mikli munur að framkvæma það, sem gera þarf nauðsynlega í þessum málum, eftir till. fiskiráðsins heldur en lögbinda það strax, að það myndi verða vinsælla heldur en fara þegar að gera þvingunarráðstafanir, sem ekki ættu stoð í þörfinni.

Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um frv. þetta nú, en leyfi mér að bera fram þá ósk, að því verði flýtt gegnum þingið, eftir því sem föng standa til.

**Héðinn Valdimarsson:** Við Alþýðuflokksmenn munum ekki leggja á móti því, að frv. þetta fái að ganga til n. En manni verður ósjálfrátt á að hugsa, þegar maður les grg. þessa ómerkilega frv.: „Fjöllin tóku jóðsótt, en fæddist lítil mús". Frv. fer nfl. fram á, að þetta fiskiráð geri tillögur, sem það hefir ekkert vald til að sjá um, að verði samþ. né framkvæmdar. Það hefir enga peninga nema úr verðjöfnunarsjóði til eigin starfsemi, og úr þeim sjóði mun ekki vera mikið óráðstafað fé. Annars liggur ekki fyrir þessu Alþingi að stofna jafnhlægilegt fiskisovét sem þetta. Það hefir öðru og meiru að sinna í þessum málum. Fisksölusamlagið getur ekki starfað áfram í sama formi og verið hefir; þar þarf að gera á gagngerða breytingu. Það þarf ekki aðeins að skipuleggja söluna á saltfiskframleiðslunni, heldur þarf líka að taka til athugunar útflutninginn á ísfiski, harðfiski og hraðfrystum fiski. Þá er líka rétt, að þeir, sem hafa með höndum fisksöluna, annist einnig um nýjar markaðsleitir, en um það hefir Fisksölusamlagið alveg svikizt, eins og kunnugt er, en Alþingi verður að sjá um, að það verði framkvæmt. Eins og ég þegar hefi tekið fram, þá er frv. þetta gagnslaust með öllu, en eigi að síður munum við lofa því til n., því að þetta mál í heild mun verða lagt fyrir þingið í þeirri mynd, sem gagn getur orðið að.

**Flm. (Ólafur Thors)** (óyfirl.): Mér kom ekkert á óvart, þó að hv. 2. þm. Reykv. legðist á móti frv. þessu, því að hann er með þeim ósköpum fæddur að vera á móti öllu skynsamlegu, sem ekki kemur frá honum sjálfum. (**JakM**: En frá honum kemur aldrei neitt skynsamlegt). A. m. k. lítið, getur maður sagt. Ég sakna þess, að hæstv. atvmrh. skuli ekki vera viðstaddur nú, því að ég vildi miklu frekar ræða um þetta mál við hann heldur en hv. 2. þm. Reykv., því að hann er miklu fróðari, skynsamari og sanngjarnari maður. Við hann er því talandi um mikilsverð þjóðfélagsmál, sem verður að teljast frágangssök að ræða um við hv. 2. þm. Reykv., sakir ofsa og grunnfærni. Annars var öll ræða hv. þm. ekkert annað en viðleitni til að narta í mig, sem í raun og veru er ekki svara verð, og mun ég því fáu einu að honum víkja. Ég þarf alls ekki að sækja mitt vit í þessum málum til þessa hv. þm., því að á þeim hefi ég miklu meira vit en hann, alveg eins og hann hefir meiri þekkingu á því að verzla með benzín og olíu heldur en ég.

Þá ætlaði hv. þm. víst að fara að vera fyndinn, þegar hann fór að segja frá því, sem honum hafði dottið í hug eftir að hann hafði lesið grg. fyrir frv. mínu. Já, honum datt í hug þetta: „Fjöllin tóku jóðsótt, en fæddist lítil mús". Ég vil nú spyrja hann, hvort honum hafi þá ekki alveg eins dottið þetta í hug, þegar hann var fyrst að hugsa um skipulagsnefndina frægu, sem hann er form. fyrir, nefndina sem á að ráða öllu milli himins og jarðar, en hefir hvorki vald né þekkingu til þess að vinna það, sem henni er ætlað. Ætli það megi ekki frekar segja um hana, að þar hafi fjöllin tekið jóðsótt, en aðeins fæðzt lítil mús?

Þá kom hv. þm. inn á það, að fiskiráðið myndi ekki geta komið hugmyndum sínum í framkvæmd vegna þess, að það hefði engu fé yfir að ráða. En þetta er ekki aðalatriðið, eins og ég tók fram áðan; fiskiráðið kæmi nfl. til með að hafa aðra aðstöðu til þess að koma fram till. sínum. Við skulum hugsa okkur t. d., að það væri skipuð n. til þess að leysa eitt mesta vandamál útvegsins — hið háa olíuverð — og að hv. 2. þm. Reykv. væri skipaður í þá n. Myndi hann kannske ekki geta bent útvegsmönnum á einhverjar leiðir til þess að lækka olíuverðið, og jafnframt tryggt það, að till. hans kæmust í framkvæmd? Ég er viss um, að hv. þm. myndi geta þetta. En alveg sömu aðstöðu munu fiskiráðsmenn hafa til fiskframleiðslunnar og fiskverzlunarinnar og þessi hv. þm. hefir til olíuverzlunarinnar.

Hitt var alveg hrein vitleysa hjá hv. þm., að Fisksölusamlagið hefði svikizt um það hlutverk sitt, að leita nýrra markaða fyrir fiskframleiðsluna. Það hefir aldrei haft annað hlutverk en að selja saltfiskframleiðslu landsmanna, og hefir aldrei haft skyldu eða aðstöðu til annars.

Það, sem aðallega vakir fyrir mér með flutningi þessa frv., er það, að fisksölumálið verði rannsakað, og það af aðilum, sem hafa þekkingu á því og aðstöðu til þess að koma till. sínum í framkvæmd.

**Héðinn Valdimarsson:** Það er orðinn meiri blásturinn í hv. þm. G.-K. síðan hann varð form. Sjálfstfl. Það má enginn andstæðinga hans standa upp án þess að hann beri þeim á brýn, að þeir séu of ungir, vanti sanngirni, hæfileika eða vitsmuni. Þetta er þeim mun hlægilegra, þar sem það er alkunna, að hann er gersneyddur þessum eiginleikum sjálfur, eða þá að hann fer svo dult með þá, að enginn verður þeirra var. Ég skal ekki deila um verkefni Fisksölusamlagsins, en mér virðist það segja sig sjálft, að það eigi að leita allra mögulegra markaða, sem hugsanlegt er að fá fyrir fiskframleiðslu landsmanna; svo mikla vernd hefir það fengið og svo miklu fé hefir það yfir að ráða. Annars vil ég aðeins undirstrika það, að eigi eitthvað að gera fyrir fisksölumálið, þá verður að vera fé til umráða og vald bak við til þess að framkvæma, en hvorugt hefir hið ómerkilega fiskiráð hv. þm. G.-K.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 7., 8., 9., 10. og 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 66, n. 307 og 313).

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. hefir klofnað um þetta mál. Meiri hl. leggur til, að það verði afgr. með rökst. dagskrá. Ég vil í því sambandi beina því til hæstv. forseta, að ég teldi réttast, að þetta mál væri tekið út af dagskrá og umr. frestað, af því að annað frv. er á leiðinni, borið fram að tilhlutun ríkisstj., sem fjallar alveg um sama efni.

**Ólafur Thors:** Ég tel enga ástæðu til að fresta umr. um þetta mál. Það er að vísu rétt, að eftir mánaðar strit hefir andstæðingum okkar tekizt að hnoða saman einhverju frv. með því að hnupla hugmyndum úr þessu frv. Ég efast ekki um, að þetta frv. þeirra sé vanskapningur, og tel ég því enga ástæðu til að fresta málinu þess vegna.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Rökst. dagskráin, sem meiri hl. sjútvn. leggur til að verði samþ. til afgreiðslu á þessu frv., bendir til löggjafar um sölu á síld, fiski o. fl., sem ríkisstj. hefir undirbúið og sjútvn. haft til meðferðar. Þessu frv. verður sennilega útbýtt í dag eða á morgun, og sé ég því ekki ástæðu til, að eytt sé tíma í að ræða sérstaklega um þetta frv., sem nú er á dagskrá.

**Forseti (JörB):** Það er ekki hægt að neita því, að það er nokkuð langt síðan þetta frv. var borið fram og því eðlilegt, að flm. óski eftir, að það komi til umr. En eftir þeim málavöxtum, sem nú hefir verið lýst, teldi ég hyggilegt, að þm. kynntu sér nýja frv. áður en þetta kemur til umr., ef samkomulag kynni að takast. Ég vil því beina því til hv. flm., hvort ekki gæti fengizt samkomulag um að fresta þessu máli.

**Ólafur Thors:** Ég get sagt hæstv. forseta, að ég hefi lesið það frv., sem hér er um að ræða, og ég

tel fjarri öllu viti, að Alþingi geti fylgt því. Ekki geri ég mér heldur neina von um, að hægt sé að breyta því svo, að sjálfstæðismenn geti léð því fylgi sitt. Ég get því ekki stutt það, að umr. um frv. um fiskiráð verði frestað, þó að ég að sjálfsögðu sætti mig við úrskurð hæstv. forseta. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að þingtíminn er nú um það bil hálfnaður, en þetta frv. var eitt af fyrstu málum þingsins. Ég legg því eindregið til, að umr. verði ekki frestað.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Meiri hl. sjútvn. hefir tekið þessu máli með þeim endemum, sem dæmalaus mega kallast. Fyrst leggur hann til, að því sé vísað frá með rökst. dagskrá. Nú vill hann, að forseti víki því frá. **(Forseti:** Hér er aðeins um frest að ræða). Ég veit, að það er ætlazt til, að það komi aldrei á dagskrá aftur. Ég vil benda á, að þegar þeir menn, sem standa undir þessum atvinnurekstri og þar með undir afkomu ríkissjóðs og allmikils hluta þjóðarinnar, bera fram till. um endurbætur, er snerta atvinnurekstur þeirra, þá sæmir ekki að sýna þeim þessa fádæma fyrirlitningu. Fyrst fer meiri hl. sjútvn. þeim höndum um málið, sem einsdæmi er á Alþingi. Síðan krefst hann þess, að forseti neyti forsetavalds til þess að taka málið af lífi. Ég vænti þess, að hæstv. forseti fallist ekki á þessa meðferð málsins, þó að ég að sjálfsögðu hlíti úrskurði hans.

**Forseti (JörB):** Ég vil óska, að hv. þm. spari sér stóryrði. Hér er aðeins um frest að ræða, og ekki annað. *En ég vil ógjarnan fresta málinu* gegn ströngum mótmælum flm. og minni hl. n. Mun ég því láta deildina skera úr í þetta sinn, hvort málinu skuli frestað.

ATKVGR.
Fellt með 14:10 atkv. að taka málið af dagskrá.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Hv. þm. G.-K. hefir kvartað undan því bæði hér og í blöðum, að þetta mál hafi fengið slæma meðferð hjá meiri hl. sjútvn. Þessar kvartanir hafa verið nokkuð háværar, en hv. þm. má sjálfum sér um kenna. Hann getur varla vænzt þess, að farið sé mildum höndum um málið, þegar sagt er í grg. þess, að það eigi að bæta úr vandræðum sjávarútvegsins, en frv. sjálft þannig byggt, að það er með öllu útilokað, að það geti orðið að nokkru liði. Það eru að vísu sögð í grg. ýms alkunn sannmæli, sem öllum eru ljós og liggja í augum uppi. En frv. sjálft er á engan hátt samboðið því málefni, sem því er ætlað að styðja. Frv. er svo losaralegt, að furðu gegnir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að skipa 7 manna ráð, sem nefnist fiskiráð. Það er gert ráð fyrir því, að þessir nm. séu tilnefndir m. a. af 2 stofnunum, sem vitað er um, að eru bráðabirgðastofnanir, sem enginn veit, hvort yrðu starfandi, þegar frv. yrði að l., og *það er ekkert tekið fram í l., hvernig skuli skipa* varamenn í n. eða hvernig á að fara að, ef einhver þessara stofnana, sem þarna er minnzt á, léti undan falla að skipa mann í n. Eða hvernig á að fara að, ef einhver þeirra stofnana væri hætt að starfa, þegar nefndarskipunin færi fram? Af þessu má sjá, að frv. er svo vanhugsað, að ef hv. flm. er alvara, að þetta sé mikilsvarðandi mál, þá þyrfti að ganga miklu betur frá þessu en gert er í frv. Frv. er m. ö. o. þannig, að vel má vera, að þessi bjargráð, sem hv. flm ætlast til, að frv. verði, komist aldrei til framkvæmda af þeim ástæðum einum saman, að n. yrði aldrei fullskipuð.

Í 2. gr. frv. ræðir um verkefni fiskiráðsins, og það er öllum sjávarútvegsmönnum ljóst, að þau þarf að framkvæma. Annað mál er það, að n. er ekkert framkvæmdavald gefið til þess að koma sínum till. í framkvæmd. Þessi mikilsverðu bjargráð, sem hv. flm. ætlazt til, að séu framkvæmd með skipun þessa svonefnda fiskiráðs, þau gætu strandað algerlega á því, að n. hefir ekkert framkvæmdavald í neinu tilliti. Hún hefir ekkert annað en tillögurétt, hún á að senda till. sínar til þeirra aðilja, sem fara með sjávarútvegsmálin, og á að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að fá till. framkvæmdar, en vald það, sem fiskiráðið hefir, er ekki neitt. Það er einnig gert ráð fyrir því, að fiskiráðið sendi ráðh. skýrslu um starfsemi sína eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti. M. ö. o., þessi bjargráð, sem á að gera hér fyrir sjávarútveginn, eru ekki meira áríðandi en það, að þau mega bíða í 6 mánuði í senn. Það má draga það í 6 mánuði að gera till. um það, hvað gera skuli til bjargar sjávarútveginum.

Ég held, að hv. flm. þessa máls hafi sjálfum verið ljóst, hve illa þetta frv. var úr garði gert og hve langt er frá því, að frv. nái tilgangi sínum. *Ég efast ekki um*, að tilgangur hv. flm. með þessu frv. er sá allra bezti, en því til stuðnings, að hv. flm. hafi verið ljóst, hverjir veikleikar voru á þessu frv. þeirra, má benda á það, að í grg. frv. á bls. 4 segir hv. flm. svo:

„Til sönnunar því, að slík nefndarskipun þurfi ekki að reynast óhagnýt, skal hér stuttlega bent á nokkrar leiðir til að létta af eða draga úr yfirvofandi böli". M. ö. o., hv. flm. gera ráð fyrir, að þessi nefndarskipun geti orðið alveg óhagnýt.

Það á ekki við í þessu sambandi að fara að ræða annað frv., sem innifelur í sér sömu till., þó þannig, að væntanlegri fiskimálanefnd er gefið um leið framkvæmdavald til að framkvæma till. sínar. Ég mun ekki ræða það nú, því að það er hér ekki á dagskrá. En það er í hæsta máta óviðkunnanlegt að ræða þetta mál á þessu stigi, þegar í þeirri rökst. dagskrá, sem meiri hl. sjútvn. hefir lagt til, að yrði samþ., er gert ráð fyrir, að fram komi heildarlöggjöf um þessi mál, og þegar upplýst er, að sú heildarlöggjöf er alveg á döfinni, — allmargir dm. hafa séð hana, en allmargir ekki og geta þá í rauninni ekki tekið afstöðu til þeirrar rökst. dagskrár, sem hér liggur fyrir. Nú hefir hv. d. samt tekið það ráð að ræða þetta mál, en ég mun, að svo miklu leyti sem ég tek þátt í umr. um þetta, eingöngu halda mér við efni þessa frv.

*Ég hefi sýnt fram á*, að frv. eins og það er flutt getur ekki komið að þeim notum, sem hv. flm. ætlast til að það kæmi, þó að samþ. yrði, af ástæðum, sem ég hefi tekið fram, að engin trygging væri fyrir því, að þetta ráð yrði fullskipað, og í öðru lagi er um það að ræða, að

fiskiráðinu eru ekki gefin nein tækifæri, sem slíkt ráð þyrfti að hafa, til þess að koma málum sínum í framkvæmd. Það er ekki nema virðingarvert af hv. flm. að viðurkenna, hvílíkt öngþveiti sjávarútvegurinn er kominn í. Það er virðingarvert, að hann viðurkennir, að það skipulagsleysi, sem hefir verið á sjávarútveginum, hefir ásamt heimskreppunni leitt hann út í þær miklu ógöngur, sem hann er nú í, svo miklar ógöngur, að jafnvel þessir menn sjá, að eitthvað þarf að gera til þess að leiða sjávarútveginn út úr þeim. En þegar það frv. kemur fram frá þeim, sem framarlega þykjast standa í þeim málum, þá hlýtur maður að krefjast þess, að þau frv. séu svo hugsuð og þannig samin, að þau geti komið að gagni. Ég tók það fram, að í grg. frv. væru ýmis almenn sannindi, sem öllum, sem komið hafa nærri sjávarútvegi, sé ljóst, að verður að taka til greina í þessum málum, en frv. eins og það er er gagnslaust. Meiri hl. sjútvn. álítur, að úr þessum vandræðum sjávarútvegsins verði ekki bætt með því að setja á stofn slíka ráðgefandi nefnd. Það þarf að starfa, en ekki gera till., sem eru svo lagðar á hilluna og látnar lognast þar út af. Ég harma það, að hv. flm. hefir hagað þessu frv. þannig, að það, sem hann taldi vera merkasta mál þingsins, er markleysa, sem bætir ekki úr örðugleikum sjávarútvegsins. Ég harma, að frv. er þannig fram komið, að ef það væri samþ., þá væri Alþingi í rauninni þar með að svíkja sjálft sig. Það væri þá að telja sér trú um, að það væri að samþ. eitthvert merkilegt mál, en væri þá í rauninni ekki að gera annað en að samþ. illa hugsað og ómerkilegt frv., sem ekki getur komið að neinu verulegu gagni til að bjarga sjávarútveginum úr því öngþveiti, sem hann er nú kominn í.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að svo komnu. Ég mun að sjálfsögðu, ef sérstakt tilefni gefst til þess, taka aftur til máls, en ég hefi forðazt að fara út fyrir efni frv. og mun gera það í minum umr. um málið, nema mér verði gefið tilefni til annars á mjög stórkostlegan hátt.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Ég þarf ekki að lýsa efni þessa frv. fyrir hv. þdm. Það hefir verið svo lengi á döfinni, að ég býst við, að allir hafi kynnt sér það og þær ástæður, sem fyrir því eru færðar.

Það er rétt, að frv. er fyrirferðarminna en grg. þess, og er það eðlilegt, vegna þess að þau vandræði, sem hafa komið því af stað, eru svo fjölþætt og yfirgripsmikil, að það var eðlilegt, að grg. yrði löng og ýtarleg.

Ég verð að segja það, að ef það væri af einlægni mælt af hv. frsm. meiri hl., að hann álíti vandræði sjávarútvegsins það mál, sem mest riði á á þessu þingi að yrði leyst, þá hefði mátt búast við, að þeim málum yrði öðruvísi tekið hér en raun hefir orðið á. Ég er sammála þeim orðum hans, að sjávarútvegsmálin séu nú þau mál, sem mest riði á að fá skynsamlega úrlausn á. En það er einkennilegt, að allar þær till., hverju nafni sem nefnast, sem hér hafa komið fram í þá átt að ráða bót á þessum vandræðum, hafa fengið hér ákaflega þurrar viðtökur af allmörgum hv. þm. úr stjórnarliðinu, en ekki beinlínis fjandsamlegar viðtökur nema frá einum manni, en það er hv. form. sjútvn.

Ég held, að óhætt sé að segja, að þetta nál., sem ég býst við, að hv. frsm. meiri hl. hafi samið, þó að hinir meirihl.mennirnir hafi skrifað undir það — annar reyndar með fyrirvara —, sé eitt það merkilegasta plagg, sem ég hefi séð á þessu þingi, og skal ég koma að því síðar. En ég vildi halda áfram að fara nokkrum fleiri orðum um þau vandræði, sem sjávarútvegurinn hefir nú við að stríða.

Hv. frsm. meiri hl. virtist vilja kenna vandræðin því, að hér vantaði skipulag. Ég vil segja honum það, að þau vandræði, sem steðja nú að sjávarútveginum, eru mikið til utanaðkomandi. Það eru hinar ýmsu skorður, sem okkur eru settar um sölu á sjávarafurðum, og aukið verðfall, sem hér er um að kenna. Það eru einmitt þessar skorður, sem við verðum að mæta með ýmiskonar ráðstöfunum frá hendi hins opinbera og þeim mönnum hér á landi, sem standa fyrir sjávarútvegsmálunum og stunda þá atvinnugrein. Það skapast þá fyrst veruleg þörf á að gera ráðstafanir samskonar og þessar, sem hér liggja fyrir, þegar við eigum þessum örðugleikum að mæta. En mér skilst á hv. frsm. meiri hl., að hann álíti, að þessar ráðstafanir þurfi að gera, hvernig sem á stendur í markaðslöndunum.

Nú hefir það verið svo um 2—3 ár, að íslenzkir útgerðarmenn hafa verið að berjast við að mæta þessum utanaðkomandi örðugleikum. Og það er í rauninni ekkert undarlegt, þó að þeir menn berjist fyrir slíkum aðgerðum, sem sjálfir stunda þessa atvinnu og eru þeim málum allra manna kunnugastir, eða réttara sagt einu mennirnir, sem bera verulegt skyn á þessi mál.

Kuldi sá, sem umbótamál sjávarútvegsins hafa mætt í þessari d., stafar af því, að þeir menn, sem hafa mætt þessum málum með kulda, bera ekki góðan hug til þeirra manna, sem standa að sjávarútveginum. Það er ekki óvild gegn því, að menn bjargi sér og öðrum með því að afla afurða úr sjónum. Þess vegna er það, að með öllum þeim till., sem frá þeim koma, er stefnt að sameiginlegu marki, og þetta mark er það, að ýta burt frá aðgerðum í þessum málum þeim mönnum, sem atvinnuveginn hafa stundað og hafa þar af leiðandi meira til brunns að bera en aðrir, en troða að öðrum mönnum, sem engin trygging er fyrir, að hafi vit á þeim, og taka þau sem mest undir ráðstafanir ríkisins og þess pólitíska flokks, sem að stj. stendur.

Það er eftirtektarvert, að í frv. því, sem hv. frsm. meiri hl. gat um, að yrði lagt bráðum fyrir þessa hv. d., er ætlazt til, að komið verði upp einhverskonar ráði, en þar á bara af 7 mönnum ekki að vera nema 1 frá útgerðarmönnum eða þeim, sem hafa fengizt við útgerðarmál. Eins og ég sagði áðan, þá eru nokkur ár, 3 eða 4, sem sérstaklega hafa sýnt okkur, að það þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að halda við markaðinum fyrir sjávarafurðir og halda uppi þessum mikla atvinnurekstri. Á þeim árum hefir ýmislegt verið gert af sjávarútvegsmönnum, og helzti árangurinn er samtök þau — að mestu leyti frjáls —, sem kölluð eru Sölusamband íslenzkra

fiskframleiðenda. Fiskframleiðendur víðsvegar um landið halda fundi í Reykjavík til að skipa þessum málum eftir því, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegt væri. Þeir hafa að mestu leyti komið sér saman um að samþ. ákveðnar reglur um meðferð þessara mála. Hafa þar verið með í ráðum lánsstofnanir þær, sem ríkið heldur uppi og lána fé til útgerðarinnar, og þeir menn aðrir, sem hafa þótt vel til þess fallnir að vera ráðunautar í þessum málum. Jafnframt vitum við, að stofnaður hefir verið verðjöfnunar- og markaðsleitarsjóður, sem er ætlaður til að bæta að einhverju leyti fyrir útgerðinni, þannig, að markaðir lokist ekki. Þá virðist vanta enn einn aðila, sem sé þann, sem leiti að nýjum markaðslöndum og rannsaki markaðsmöguleika gömlu markaðslandanna og breytingar á verzlunaraðferðum og einnig hvernig fiskafurðir skuli vera verkaðar og tilreiddar fyrir þessa markaði.

Úr þessu er fiskiráðinu ætlað að bæta, og sjávarútvegsmenn skilja vel sjálfir, að það er ætlazt til, að þessir aðilar, Sölusambandið og fiskiráðið, hafi fullkomið samstarf. Og það er engin ástæða til að ætla, að þessir aðilar mundu vilja rífa niður hver fyrir öðrum, af því að þeir eiga allir að starfa að því sama, að styrkja sjávarútveginn og halda uppi markaði fyrir sjávarafurðir. Þessu gengur illa að koma inn í meðvitund þeirra manna, sem aldrei sjá annað en ríkisrekstur. Þeim gengur illa að skilja, að atvinnurekendur sjálfir geti haft samtök um þennan atvinnurekstur til að sjá honum borgið. Þess vegna er það, að hv. meiri hl. sjútvn. heldur endilega, að það muni verða einhver óvild milli fiskiráðs og útflytjenda. Þeir segja, að fiskiráðið skorti vald og það skorti lög til að knýja útflytjendur til að selja á bezta markaðinum, sem *fáanlegur er, og* það skorti vald til að þröngva mönnum til að hagnýta þær upplýsingar, sem þeim eru gefnar um markaði og verkunaraðferðir. Þetta halda þessir menn, af því að þeir hafa aldrei komizt inn í þann rétta hugsunarhátt atvinnurekenda hér á landi. Af sömu rökum er það runnið, þegar þeir vilja sparka sjálfum atvinnurekendunum burt, þegar á að sjá atvinnurekstri þeirra borgið.

Hv. frsm. meiri hl. segir, að þetta fiskiráð ætti að geyma í 6 mánuði að gefa stj. vitneskju um það, hvað því hefði komið til hugar að gera. Þetta er náttúrlega misskilningur hjá þessum hv. þm. Það er vitanlegt, að eftir frv. á fiskiráðið að nota hvert tækifæri til umbóta, hvenær sem líkur eru fyrir rýmkun á markaði eða líkur til, að nýr markaður opnist, og þá á það undir eins að gera ráðstafanir í því efni. Hitt er allt annað mál, þó að fiskiráðið eigi að gefa stj. heildarskýrslu 2 sinnum á ári. Það er sjálfsagt, því að fiskiráðið þarf að geta leitað til stj., ef það þarf að fá hjálp stj., annaðhvort með fyrirskipunum, sem stj. getur gefið, eða þá með lagafyrirmælum.

Og þá kem ég að því, sem hv. frsm. meiri hl. hafði fyrir aðalinntakið í sinni ræðu, og helztu ástæðuna fyrir því, að hann vildi ekki fylgja málinu, en það var, að fiskiráðið mundi skorta vald til að gera það, sem því þóknaðist. Ég vil með skírskotun til þess, sem ég hefi áður sagt um þessa samvinnu, sem á að vera á milli Sölusambandsins og fiskiráðsins, benda á það, að á þessu er lítil hætta, og þar að auki er alltaf hægt að afla sér þessa valds, ef með þyrfti. Ég efast ekki um, ef höfuðatvinnuvegur landsins væri í vanda staddur fyrir þrjózku fiskframleiðenda, þá er alltaf hægt að afla sér þeirrar löggjafar, hvort sem þing sæti eða ekki. Þetta hefir áður verið gert, og það mundi aldrei verða átalið, ef það væri gert af brýnni þörf. En þetta var ekki höfuðástæðan hjá hv. frsm. meiri hl., því að hann neitaði alveg að koma með brtt. Hans meining var sú, að koma málinu fyrir kattarnef. — Hann vildi ekki sinna því fremur en öðrum umbótamálum sjávarútvegsins, sem við sjálfstæðismenn höfum borið fram á þessu þingi. Þess vegna kemur hv. meiri hl. með þetta fáránlega álit, sem ég sagði áðan, að vera mundi alveg einsdæmi meðal þingskjala.

Hv. frsm. meiri hl. leyfir sér að segja um þann mann, sem hefir samið þetta frv. og vitað er, að er allra manna kunnugastur þessum málum, að hann beri ekkert skyn á þessi mál, það sé tóm vitleysa, sem hann beri fram, ekkert hægt að nota úr frv., það sé svo vanhugsað og losaralegt. En sjálfur treystir meiri hl. sér ekki til að koma með neinar brtt. Þetta er því ekkert nema gífuryrði manna, sem sumpart skortir þekkingu, sumpart vilja til þess að sinna málinu.

Hv. frsm. studdi beiðni sína um frávísun málsins með því, að það mundi koma fram frv. um allsherjarskipun þessara mála. Ég hefi séð þetta frv. í uppkasti og sé ekki, að þetta frv. þurfi að bíða fyrir það. Það má vera, að það sé svo með það frv. eins og fleiri, sem hafa verið borin fram af stj., að þeim sé fyrirfram tryggður framgangur, og það sé því aðeins fyrir formsins sakir, að þau verða að koma hér undir atkv. Um þetta veit ég ekki. En um frv. sjálft er það að segja, að það er ekki annað en tilraun til uppvakningar á samskonar stofnun og síldareinkasalan sáluga var, nema hvað nú á einkasalan að ná yfir allar sjávarafurðir. En auk þessa er það skreytt með nokkrum stolnum fjöðrum, svo sem hugmyndinni um fiskiráð, og á að gera það aðgengilegra á þennan hátt. En af því að frv. þetta liggur ekki fyrir nú, mun ég ekki fara nánar út í efni þess að sinni, en vænti þess, að frv. um fiskiráð fái hér sína afgreiðslu, hver sem hún verður, án alls tillits til þess frv. Hin svokallaða rökst. dagskrá er byggð á hlut, sem alls ekki var til, þegar hún var samin, og því var hún þá alveg út í loftið, en hinsvegar er hún alveg eðlileg að því leyti, að meiri hl. sjútvn. vill alls ekki á neinn hátt sinna nauðsynjamálum sjávarútvegsins. Ég vænti þess því, að þessu máli verði ekki vísað frá með neinum vífilengjum, heldur komi það skýrt í ljós, hvort deildin ætlar að drepa það eða ekki, og sýni þm. þar með hug sinn til sjávarútvegsins, því að í þessu frv. felast allir sýnilegir möguleikar til umbóta á sölu sjávarafurða og útvegun nýrra markaða.

**Ólafur Thors** óyfirl.: Frsm. minni hl., hv. 6. þm. Reykv., hefir nú þegar tekið flest fram fyrir hönd minni hl. sjútvn. og Sjálfstfl. í máli þessu.

Ég get vel skilið það, að einstakir hv. þm. séu að því leyti ósamþykkir einstökum till. í frv. um fiskiráð, að þeir telji ekki alveg tryggt, að þær nái tilgangi sínum, og einkum er sú aðstaða skiljanleg hjá þeim hv. þm., sem litla þekkingu hafa á málum þessum, en hún er af skornum skammti hjá mörgum, sem vonlegt er. Ef menn legðust á móti frv. af þessum ástæðum, en viðurkenndu þó þörf á einhverri slíkri lagasetningu — eins og andstæðingarnir hafa nú reyndar gert með því að játa, að frv. fjalli um merkasta mál þingsins —, þá gæti ég skilið það og fyrirgefið að nokkru leyti. En hitt, að meiri hl. sjútvn., sem að vísu hefir ekki getað kafað til grunns í þessu máli, sem þeir, er að því standa, hafa kynnt sér til hlítar, skuli leggjast gegn málinu með annari eins ókurteisi og óvitahætti og nál. meiri hl. ber með sér, það verð ég að kalla fullkominn strákskap. Í rauninni finna þeir þó ekki annað að hugmyndinni um fiskiráð en að það vanti vald samkv. frv. Hv. frsm. minni hl. hefir nú svarað þessu næstum því tæmandi. Ef fiskiráðið er skipað eftir till. mínum, þá er þar með tryggð sú forusta í þessum varnar- og viðreisnarmálum þjóðarinnar, sem hefir þá fyllstu þekkingu á þessum efnum, sem hér er fáanleg, og með vali mannanna er tryggt, að fiskiráðið hafi þá ákjósanlegustu aðstöðu, sem hugsanleg er, til þess að koma till. sínum í framkvæmd.

Til dæmis um þá ótakmörkuðu illkvittni í nál. meiri hl., sem ef til vill ber hina takmörkuðu vitsmuni alveg ofurliði, skal ég geta þess, að því er haldið fram í nál. meiri hl., að eftir 3. gr. frv. eigi fiskiráðið að láta 6 mánuði líða milli þess sem það sendi skýrslur sínar til stjórnarráðsins. Þetta þykjast þeir draga af því, að í gr. stendur: „Ráðið skal einnig senda ráðherra skýrslu um starfsemi sína eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti“.

En þeir sleppa alveg fyrri hluta gr., þar sem svo segir: „Fiskiráðið skal senda atvinnumálaráðherra skýrslu um niðurstöðu rannsókna sinna og tillögur þær, sem það gerir. Skýrslur þessar og tillögur skulu einnig sendar þeim aðilum sjávarútvegsins, sem þær snerta, og skal fiskiráðið gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að fá aðila til að framkvæma tillögurnar“. Með þessari fölsun ætla þeir svo að telja mönnum trú um, að það sé tilætlunin, að ráðið liggi í 6 mánuði á upplýsingum þeim, sem það hefir aflað sér. En samkv. gr. á fiskiráðið, um leið og það brýtur viðfangsefni sín til mergjar, að senda niðurstöður sínar til þeirra aðilja, sem bezt á við, jafnóðum, og stjórnarráðsins vitanlega líka, en heildarskýrslu á 6 mánaða fresti.

Til dæmis um annan útúrsnúning skal ég geta þess, að hv. þm. Ísaf. sagði, að vantrú mín á frv. sæist bezt á bls. 4, þar sem svo segir: „Til sönnunar því, að slík nefndarskipun þurfi ekki að reynast óhagnýt, skal hér stuttlega bent á nokkrar leiðir til að létta af eða draga úr yfirvofandi böli. Gætu þær bendingar og orðið væntanlegri nefnd að liði“. Þessi ummæli vill hv. þm. Ísaf. leggja út á þá leið, að þau beri vitni um það, að ég hafi litla trú á frv., enda þótt öll grg. frv. sé órækur vottur þess, að ég er þess fullviss, að leið sú, sem bent er á í frv., er leið frá opnum dauða yfir í lífvænleg framfærsluskilyrði. Auðvitað hefði ég með góðri samvizku getað kveðið miklu sterkar að orði, en ég notaði hér aðeins venjulegt íslenzkt mál og hógvært og varfærið orðalag. Svona hártoganir sýna bezt, hve þessir menn eru rökþrota.

Svo að ég víki nú aftur að frv. sjálfu, vil ég benda á það einu sinni enn, út af því, sem sagt hefir verið um valdaleysi fiskiráðs, að í frv. er einmitt gert ráð fyrir því, að framkvæma megi tillögur þess með lagaboði, ef þörf þyki. Ég held, að engin ástæða sé til þess að ætla, að núv. stjórn a. m. k. kinokaði sér við að setja bráðabirgðalög eftir tillögum jafnbærs aðila og fiskiráðs, eins og það verður, ef það er skipað eftir mínum tillögum.

Ég hefi þegar leitt rök að því, auk þeirra raka, sem færð eru fyrir því í grg. frv., og þeirra, er hv. frsm. minni hl. hefir flutt, að fiskiráðinu er með frv. tryggt allt það vald, sem þarf til að koma fram umbótum. Og það má benda á nóg dæmi af nefndum, sem ekki hafa haft valdsvið sitt tryggt af löggjöf, en þó komið að fullu liði. Ég vil t. d. benda á utanríkismálanefnd, sem ekkert vald hefir að lögum, en ræður þó raunverulega öllu um utanríkismál landsins. Það má líka nefna aðra n., sem er lífinu nær, og það er fisksölunefndin. Hún studdist ekki við annað en það, að valdalausir menn tóku sig saman og stofnuðu hana, en þörfin, sem var fyrir hendi, þekking nefndarmanna, álit þeirra og traust nægði til þess, að nefndin kæmi að fullum notum.

Ræða hv. þm. Ísaf. var samskonar tilraun til að níða þetta frv. niður og grein, sem fyrir nokkru birtist í dagblaði framsóknarmanna hér í bænum. Þar var því haldið fram, að í frv. og grg. þess fælist engin nýtileg hugmynd. Síðar kemur höfundur með sínar till. í fimm liðum, og hver einasta þeirra var tekin upp úr frv. Slík framkoma í stærsta máli þjóðarinnar er alveg ósæmileg og þeim til minnkunar, sem hana hafa í frammi.

Án þess að ætla að fara að ræða hið væntanlega frv. meiri hl. sjútvn., vil ég aðeins láta þá skoðun mína á því í ljós, að það sé ekkert ema haus og hali og allt gagnslaust hjal og hégómi, sem þar er á milli. Hausinn er hugmynd mín um fiskiráð, að vísu með ranglátum og óhyggilegum breytingum um val manna í ráðið. En halinn á frv. er einkasala á saltfiski.

Þrátt fyrir það, þótt andstæðingar málsins hafi látið illkvittni sína verða ábyrgðartilfinningu sinni ríkari, þá hafa þeir þó í raun og veru sýnt, að þeir eru mér sammála í þessu máli. Þeir hafa hvorki í blöðum sínum né á þingi getað bent á aðrar leiðir en ég hefi gert í frv. Það rýrir á engan hátt mína till., þótt þeir hnýti aftan við hana annari óskyldri till., sem ég er mótfallinn, till. um einkasölu á saltfiski. Þó skal ég viðurkenna, að vel getur verið, að við verðum að halda lengra inn á einkasölubrautina í bili en ég annars tel heppilegt.

Ég skal engu spá um það, hverjar afleiðingar það hefir, ef mitt frv. verður drepið, en hitt samþ., en læt mér nægja að gera ráð fyrir, að

við verðum allir það gamlir, að við sjáum, að það hefir verið óhappadagur. er frv. meiri hl. sjútvn. kom fram.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég vil benda á það, að hv. frsm. minni hl. og hv. þm. G.-K. hafa leyft sér að draga hér inn í umr. frv., sem þeir hafa fengið að sjá, en ekki er komið fram ennþá, í þeim tilgangi að læða inn hjá hv. þdm. ýmsum ósannindum um þetta frv. Að þessu athuguðu verður skiljanlegt, að þeir vildu ekki bíða með umr. um fiskiráðið þangað til frv. þetta væri komið fram.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að umbótamálum sjávarútvegsins hefði verið tekið fjandsamlega hér í d. Ég hefi í sambandi við annað mál sýnt fram á það, með hvaða hætti Sjálfstfl. lætur sér sæma að ræða þessi mál, og skal því ekki fara út í þá sálma hér. Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að vandræði sjávarútvegsins stöfuðu eingöngu af vöntun á skipulagi. En ég komst svo að orði, að þessi vandræði sjávarútvegsins stöfuðu af vöntun á skipulagi, auk þess sem þau væru sprottin af markaðsþröng og heimskreppu. Og ég ætla, að hv. frsm. minni hl. hafi sannfærzt um það við starf sitt í mþn. í sjávarútvegsmálum, að útgerðin þurfi m. a. að fá allan verzlunararð af þeim vörum, sem hún flytur út og inn, hvort sem hv. frsm. minni hl. hefir þrek og djörfung til að standa nú við þetta eða ekki. Þó virðist sem hann hafi nú viðurkennt þetta, því að frv. mþn. bendir í þá átt, þar sem gert er ráð fyrir stofnun rekstrarlánafélaga, sem hafi samband í því skyni, að útgerðin fái notið verzlunararðs af þeim vörum, sem hún flytur inn og út.

Það, sem ég átti við með skipulagsleysi á útgerðinni, var m. a. þetta, að hún nýtur ekki jálf verzlunararðs af vörum sínum, þótt nefna mætti margt annað, svo sem það að senda í einu á ísfiskveiðar miklu fleiri togara en rúm er fyrir á markaðinum. Ég þykist vita, að hv. frsm. minni hl. sé þetta ljóst, þótt ég efist um, að hann hafi djörfung til að viðurkenna það opinberlega. Þetta þrekleysi hv. þm. stafar auðvitað af því, að hann er á mála hjá kaupmönnum, sem hingað til hafa hirt þann verzlunararð, sem mþn. í sjávarútvegsmálum leggur nú til, að gangi til útgerðarinnar, þó þær till. séu ekki ýkjaviðtækar.

Ég gat þess áðan, að hv. frsm. minni hl. og hv. þm. G.-K. hefðu reynt að læða inn hjá hv. þdm. andúð til væntanlegs frv. um fiskimálanefnd, með ósönnum staðhæfingum. Hv. frsm. minni hl. sagði, að með frv. ætti að ýta þeim frá sjávarútvegsmálunum, sem hingað til hefðu haft þau með höndum, og leggja öll afskipti af þeim málum undir ríkisvaldið. Ég býst við, að hv. þdm. sjái, hve ósatt þetta er, þegar frv. kemur fram.

Hv. frsm. minni hl. sagði ennfremur, að eftir frv. um fiskiráð ætti að leita að nýjum markaðslöndum. Þarna kemur skýr munur fram. Sjálfstæðismenn tala ekki um annað í þessum málum en að „leita fyrir sér“ og „athuga“. Við í meiri hl. sjútvn. leggjum áherzlu á, að eitthvað verði gert. Meiri hl. sjútvn. og sjómönnum er það ljóst, að það nægir ekki að hafa athugað till. um þetta mál, það þarf að gera eitthvað, og það þolir enga bið, að þegar sé hafizt handa um framkvæmdir í þessu máli. Þarna skilja leiðir milli flokka. Sjálfstfl. vill athuga og gera till. um þessi mál meðan allt er að sökkva, en stjórnarflokkarnir, sem standa að frv. um útflutning og sölu á síld og fiski, er verður lagt fram hér í þinginu í dag eða á morgun, vilja láta gera þegar í stað nauðsynlegar framkvæmdir, til þess að reyna að bæta úr þeim örðugleikum, sem að sjávarútveginum steðja.

Það er svo sem ekki að það þurfi að reyna að gera útgerðarmönnum ljóst, að nauðsynlegt sé að byrja á að flytja út hraðfrystan fisk, og það þarf ekki að kenna þeim, að hægt sé að herða fisk; það er aldagömul verkunaraðferð hér á Íslandi. Öllum þeim, sem eitthvað fást við útflutning á fiski, er það ljóst, að Norðmenn herða mjög mikið af sinni fiskframleiðslu og selja með góðum árangri. En hver er þá ástæðan fyrir því, að útvegsmenn hafa ekki lagt út í að gera tilraunir með þetta? Ástæðan er fyrst og fremst sú, að þeir hafa getað selt fiskinn með þeirri verkunaraðferð, sem lengst hefir tíðkazt hér á landi. Þegar svo erfiðleikarnir koma, þarf að gera útvegsmönnum það ljóst, að hægt er að selja fisk verkaðan á annan hátt heldur en saltfisk, sem nú tíðkast, það þarf að hefjast handa með að tryggja það, að þeir menn, sem út í þetta leggja, verði ekki fyrir skakkaföllum af því að þeir leggja út á nýjar brautir með verkunaraðferðir á íslenzkum fiski.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara út í þetta miklu frekar. Það er ekki okkar álit að koma fram með ráð til þess að pína útgerðarmenn út í eitthvert öngþveiti, en það skortir framkvæmdarvald til þess að innleiða nýjar verkunaraðferðir þegar í stað, þannig að allmikill hluti af fiskinum verði verkaður á annan hátt heldur en hingað til hefir tíðkazt.

Hv. 6. þm. Reykv. kvartaði undan því, að ég og meðnm. mínir í sjútvn. hefðum verið bersöglir, þrátt fyrir að þetta frv. er flutt af einum mesta fiskverzlunarmanninum á landinu, sem hann svo nefndi. Ég verð að segja það, að ég segi um þau frv., sem ég á að gefa álit um, hvað sem mér sýnist, frá hverjum sem þau eru komin. Ég skoða fyrst og fremst, hvernig frv. munu verka, ef þau komast í framkvæmd, en ekki hver er flm. þeirra. Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, þá hefði átt að gera sérstaka kröfu um vandvirkni á flutningi þessa máls af hendi hv. flm., af því að þeir halda fram, að þetta sé nauðsynjamál og það sé bjargráðamál fyrir sjávarútveginn. Af þeim ástæðum, að ég álít, að þetta hafi ekki verið gert, hefi ég vitt, hvernig frv. er samið og álít, að það nái ekki tilgangi sínum. Út af þessu frv. hefir mér alltaf dottið í hug gamla sagan eftir H. C. Andersen um nýju fötin keisarans.

Ég ætla, að ég sé búinn að svara rökum hv. 6. þm. Reykv. í þessu máli. Því, sem hv. þm. G.-K. sagði, þarf ég engu að svara, því að hann sagði ekki annað en það, sem hv. 6. þm. Reykv. var búinn að segja á undan honum. Þeim aðvörunum, sem hv. þm. G.-K. hafði hér í minn garð, svara ég ekki heldur. Það var sagt af ein-

um hv. þdm. hér á dögunum, að þessi hv. þm. (ÓTh) sæti oft á strák sínum í hans garð. Það var einn samnm. minn úr sjútvn., sem sagði þetta. En ég þarf ekki að gefa yfirlýsingu um þetta, því að hv. þm. G.-K. situr aldrei á strákskap sínum í minn garð hér í þessari hv. d. Þar fyrir sé ég enga ástæðu til þess að deila við hann, af því að hann sagði ekkert annað en það, sem hv. 6. þm. Reykv. er búinn að segja og ég er þegar búinn að svara.

Umr. frestað.

Á 39. og 40. fundi í Nd., 17. og 19. nóv., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Bergur Jónsson:** Eins og sést á nál. meiri hl. hefi ég skrifað undir það með fyrirvara. Vil ég nú gera grein fyrir þeirri aðstöðu minni.

Þegar greidd voru atkv. um þetta frv. í sjútvn., þá greiddu sjálfstæðismenn atkv. með frv., en Alþýðuflokksmenn á móti. Ég tók ekki þátt í atkvgr., en bókaði í fundarbók, að ég teldi rétt að fella frv., en þó því aðeins, að séð yrði fyrir því, að náð yrði tilgangi frv. á þann hátt, sem ég teldi rétt. Svo þegar til kom, skrifaði ég undir nál. svokallaðs meiri hl. n., sem er að sumu leyti aðeins 2. minni hl. Fyrirvari minn er í því fólginn, að ég gat ekki fallizt á þær ástæður, sem Alþýðuflokksmenn í n. færðu fram, heldur mótaðist aðstaða mín eingöngu af því, að mér var fullkunnugt um, að hjá stj. var í undirbúningi frv. til l. um þetta atriði ásamt öðrum skyldum málum, sem sé skipulagningu fisksölunnar, því að ég taldi rétt, að þetta hvorttveggja kæmi fram í einu máli. Það komu fram fullar sannanir fyrir því við fyrri umr. þessa máls, að hv. flm. frv. um fiskiráð er ekki á sama máli um þetta. Hann telur ekki þurfa löggjöf um skipulagningu fisksölunnar. En ég álít, að þetta sé svo stórvægilegt mál, að ekki verði hjá því komizt að setja reglur um það. Og þá finnst mér í raun og veru, að bezt verði séð fyrir þeim tilgangi, sem í fiskiráðsfrv. felst og ég álít, að sé réttlátur, á þann hátt, að fella það inn í frv. um skipulagningu fisksölunnar.

Þetta frv. var þá ekki fram komið, en hefir nú komið hér fram. Í 2. gr. þess frv. er gert ráð fyrir, að tekið verði upp það sama og fiskiráðsfrv. miðar að. Þessi 2. gr. í frv. um fiskimálanefnd hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálanefnd hefir með höndum úthlutun verkunarleyfa og útflutningsleyfa á fiski og löggildir saltfiskútflytjendur. Hún skal gera ráðstafanir til þess, að gerðar séu tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og útflutning á fiski með öðrum verkunaraðferðum en nú eru mest tíðkaðar. Hún skal hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja fisk á nýja markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Getur ríkisstjórnin veitt nefndinni fé úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði í þessu skyni með samþykki sjóðstjórnarinnar".

Þarna er stefnt að sama marki og í fiskiráðsfrv. Hinsvegar er n. fengið vald með þessari gr., og hlýtur hún þá að njóta sín betur en fiskiráðið gæti gert eins og frá því er gengið í þessu frv. Vitanlega væri hægt að breyta fiskiráðsfrv. í þessa átt, en mér finnst þetta eðlileg aðferð, þar sem ég álít nauðsynlegt að koma á þessu skipulagi um fisksöluna.

Ég vil jafnframt geta þess, þó að það sé aukaatriði, að ástæðan til, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, var sú, að mér þótti það klúðurslegt, að n. skyldi koma fram í 3 minni hl.

Ég þykist þá hafa gert grein fyrir því, hver meining mín var með því að skrifa undir nál. Ég get alls ekki tekið undir þau orð hv. flm. fiskiráðsfrv., að nál. sé svo ósvífnislega orðað. Það er vanalegt bæði í þingræðum og nál. að taka svo til orða, að till. andstæðinga séu vanhugsaðar. Það er því engin ástæða til að taka það alvarlega, þó að þm. taki svo til orða um andstæðing sinn. Annars læt ég hv. flm. alveg um það, hvað honum finnst um þetta.

Að lokum vil ég í samræmi við mína aðstöðu til þessa máls leyfa mér að bera fram brtt. við rökst. dagskrána á þskj. 313, og afhendi hæstv. forseta hana hér með.

**Forseti (JörB):** Mér hefir borizt svo hljóðandi brtt. við rökst. dagskrána á þskj. 313:

„Rökst. dagskráin orðist svo:

**Með því að í frv. um fiskimálanefnd o. fl., sem meiri hluti sjávarútvegsnefndar neðri deildar hefir flutt í hv. neðri deild, er séð á fullkomnari hátt fyrir því að ná þeim tilgangi, sem virðist vaka fyrir flm. frv. til laga um fiskiráð, heldur en gert er í því frumvarpi, og í trausti þess, að frv. um fiskimálanefnd o. fl. verði að lögum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".**

Þessi rökst. dagskrá liggur þá einnig fyrir hér til umr.

**Ólafur Thors** óyfirl.: Þetta er áframhald af 2. umr. þessa máls, og hafa þegar farið fram ýtarlegar umr. um málið, bæði við 1. umr. og eins við fyrri hluta þessarar umr., sem fram fór hér í d. fyrir nokkru síðan. Ég hefi því í sjálfu sér ekki miklu að bæta við það, sem ég hefi áður sagt um þetta mál, einkum vegna þess, að hv. frsm. meiri hl., þm. Ísaf., sá sér ekki fært að gera tilraun til að hrekja neitt af því, sem ég hafði haldið fram í málinu.

Ég get lýst ánægju minni yfir því, að hv. þm. Barð. hefir fundið alveg sérstaka ástæðu til að gera grein fyrir því, hvers vegna hann skrifaði undir þetta nál. meiri hl. sjútvn., nál., sem ég hefi talið vera óvanalega strákslegt, og þó að hv. þm. Barð. vildi ekki beinlínis samsinna því, þá ber hans síðari framkoma í málinu, bæði sú ræða, sem hann flutti, og eins sú rökst. dagskrá, sem hann flytur, vott um það, að hann hefir í raun og veru allt aðra aðstöðu til þessa máls nú en fyrr. Ég get játað það, að ég skil vel þá aðstöðu, sem hv. þm. hefir til þessa máls, eins og hann lýsti henni nú, þó að hún sé nokkuð önnur en sú afstaða, sem mér virtist hann hafa til málsins, þegar hann skrifaði undir nál. Hann viðurkennir fullkomlega þá hugsun, sem fyrir okkur sjálfstæðismönnum vakir í sambandi við þetta mál, og hann viðurkennir nauðsyn þess, að

skipa forustu í þeirri varnar- og viðreisnarbaráttu, sem íslenzk þjóð á fyrir höndum. Og það er í sjálfu sér höfuðatriði málsins, að menn viðurkenni og skilji þá nauðsyn. Ég get svo alveg deilt rólega við hann um það, á hvern hátt skuli gera það. Við lítum á lausn þessa máls hvor frá sínu sjónarmiði, og það er kannske eðlilegt, þó að nokkrar deilur verði milli mín og hans um þetta atriði, en í raun og veru er hjá okkur lítill skoðanamunur um það, hvernig skuli leysa þetta vandamál þjóðarinnar, og það er allt annað en þær strákslegu undirtektir — vægara get ég ekki orðað það —, sem koma fram í nál. meiri hl. hv. sjútvn.

Ég vænti, að hv. þm. Barð. skilji það, að eins og hann hefir sitt sjónarmið í þessu máli út frá því grundvallarviðhorfi, sem hann hefir til þessa máls, þá er það líka eðlilegt, að ég og aðrir sjálfstæðismenn höfum okkar sjónarmið.

Út af minni háttar deilum í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að ég tel það lýti á frv. um fiskimálan., sem er ætlað að vera þessu máli til úrlausnar — og ég hygg, að ég fari þar rétt með —, að fyrirmæli þess frv. um val nm. tryggi ekki svipað því eins vel og minar till., að í þessa n. verði valdir þeir menn, sem færastir eru til þessa starfs. Ég get vel gert mér von um, að það samkomulag náist, sem tryggir þetta betur en fiskimálanefndarfrv. gerir nú, og ég mun ef til vill, ef ég sé nokkra von um, að þetta frv. nái fram að ganga, leitast við að gera á því atriði þessa frv. einhverja leiðréttingu, þegar það kemur frá n., eftir að það hefir gengið í gegnum 2. umr. hér í d.

Ég get í sjálfu sér miklu betur sætt mig við, að fiskiráðsfrv. verði afgr. með þeirri rökst. dagskrá, sem hv. þm. Barð. hefir nú borið fram, en með þeirri rökst. dagskrá, sem hv. þm. Ísaf. ber fram, en ég hygg, að samt sé ekki rétt að samþ. þá dagskrá. Það liggur nfl. fyrir bæði bein og óbein játning langsamlega yfirgnæfandi meiri hl. þingsins, að skipuð sé forusta á því sviði, sem frv. um fiskiráð fjallar um. Hinsvegar er á þessu stigi málsins ekki fengin fullkomin trygging fyrir því, að frv. um fiskimálanefnd nái fram að ganga, og um það veit enginn á þessu stigi málsins. Það getur margt komið fram undir umr. um málið, sem getur fært mönnum heim sanninn um það, að því fylgi annmarkar, sem kannske eru veigameiri en menn í öndverðu hafa gert sér grein fyrir.

Ég hygg þess vegna, að réttasta afgreiðsla þessa máls, einnig frá sjónarmiði þeirra, sem telja tilganginum betur borgið með fyrirmælum frv. um fiskimálan., sé sú, að fella þessar dagskrár báðar og vísa þessu máli til 3. umr., og verði svo látið þar við sitja, þangað til séð verður um það, hvort samkomulag næst um einhvern grundvöll fyrir framgang frv. um fiskimálan., en ef ekki næst samkomulag, að láta þá þetta frv. ná fram að ganga. Þetta skilst mér, að allir geti aðhyllzt, sem vilja viðurkenna, að nauðsyn sé að tryggja þá forustu, sem frv. um fiskimálan. og frv. um fiskiráð fara fram á.

Ég legg því til, að báðar dagskrárnar verði felldar og sú leið farin, sem ég hefi nú gert grein fyrir.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Það er annað hljóð í hv. þm. G.-K. nú en við 1. umr. þessa máls og við fyrri hluta 2. umr., eftir að hann hefir nú lesið frv. stj. um fiskimálanefnd o. fl. Það er sjálfsagt að fagna því, að hann sat nú betur á stráknum sínum en venjulega í umr. um mál og fór nú að tala um þetta frv. af nokkru meiri sanngirni en maður hefði getað búizt við, að hann gæti sýnt andstæðingi sínum.

Hv. þm. hefir kvartað undan því, að nál. hafi verið þungort í hans garð. Það er vanalega svo, að þeir, sem eru þungorðir í garð annara, þola minnst, að við þeim sé blakað. Annars má segja það, að þeir menn, sem sérstaklega gera kröfu til þess að hafa vit á málum, þeir hljóta að mega búast við, að gerðar séu sérstakar kröfur til þess, að þegar þeir gera till., þá sé hægt eitthvað á þeim að byggja.

Ég hefi við fyrri umr. þessa máls sýnt fram á, hve gersamlega þetta frv. er gersneytt því að geta bætt úr því mikla öngþveiti, sem skipulagsleysið ásamt heimskreppunni hefir leitt yfir sjávarútveginn.

Út af dagskrá hv. þm. Barð. get ég sagt það, að það eru orðnar breyttar ástæður frá því, þegar ég lagði fram mína dagskrá ásamt hv. 3. landsk. Ástæðurnar eru orðnar breyttar á þann hátt, að nú er komið fram það frv., sem þar er talað um, að muni koma fram. Ég get þess vegna fallizt á að taka mína dagskrá aftur, en vitanlega greiði ég þá dagskrá hv. þm. Barð. atkv. með alveg sömu forsendum og ég hefði greitt minni dagskrá atkv., og þær einu ástæður, sem liggja til þess, að ég vil taka mína dagskrá aftur, eru þær, að frv. það, sem þar er um getið, er nú komið fram.

**Ólafur Thors** (óyfirl.): Hv. þm. Ísaf. var eitthvað að miklast yfir því, að ég tók hann ekki og hirti hann í síðustu ræðu minni, eins og ég hefi stundum orðið að gera áður. En það var af því, að ég flutti áður ýtarlega ádeiluræðu á hann, og hann sá sér ekki fært að svara því einu einasta orði. Maður er ekki að marghýða sama óknyttastrákinn fyrir sömu óknyttina. En þó að ég hafi hlift honum í þetta sinn, þá þarf hann ekki að halda, að hann sé kominn í neitt eilífðarskjól fyrir hirtingum mínum.

Það er leiðinlegt að þurfa að velja sér sömu viðfangsefni og þessi auðvirðilegi þm. — hvað hann nú heitir, — hv. þm. N.-Þ., sem er kunnastur fyrir sölu á hrossakjötstunnu. (Forseti hringir). Mér þykir skemmtilegra að tala við menn eins og hv. þm. Barð. Ég kann vel að haga orðum mínum eftir því, við hvern ég á. Ég mun aldrei láta neina kveinstafi neins hv. þm. forða þeim frá hirtingu frá minni hendi, eftir því sem þeir verðskulda, en mér leiðist að fást við þá meira en ég þarf, og vel mér heldur að tala um málefnin við þá, sem vilja um þau tala. Þess vegna get ég alltaf leyft mér það, sem bezt á við mig, að tala á þinglegan hátt, þegar ég tala við þm., sem það gera. En það er aldrei hægt að ráða við suma þm., sem aldrei vilja um málefnið tala, og þá er ekki um annað að gera en að tugta þá dálítið, eins og ég neyðist stundum til að gera.

Hv. þm. Ísaf. má ekki nota orðið „þungorður"

um neitt, sem hann segir. Þessi hv. þm. getur ekki verið þungorður. Það getur verið væl, sem er leiðinlegt, en til þess að vera þungorður þarf meira en hv. þm. getur gert. En það getur þrátt fyrir það verið óþinglegt og ósæmilegt, og til þess er hann hæfur, en þungorður getur hann aldrei verið.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hann hefir hlaupið frá sinni rökstuddu dagskrá og yfir til dagskrár hv. þm. Barð. Nú á hann ekki annað eftir en að sverja fyrir nál., og þá er hann kominn vel á veg sem iðrandi syndari, og það vona ég, að hann geri í næstu ræðu sinni.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Það er vitanlegt, að það er luksus, sem hv. þm. G.-K. sjaldan leyfir sér, að flytja í sama máli meira en eina ræðu á nokkurnveginn þinglegan hátt. En ég fyrirlít svo þessar rokur úr hv. þm., að ég læt mér þær í léttu rúmi liggja.

Það er sagt, að skilja sé sama og fyrirgefa. Ég skil hv. þm. G.-K., og þess vegna fyrirgef ég honum. Ég veit, að hann hefir tekið að sér forustu stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, ekki fyrir það, að hann hafi til þess sérstaka hæfileika, heldur vegna peninga þeirra, sem að honum standa. Mér er það ljóst, að hv. þm. G.-K. skilur þetta líka, og sennilega betur en nokkur annar. Hv. þm. þjáist af hinni svokölluðu undirmálstilfinningu. Hann finnur sjálfur, hvað hann er lítill karl og hve ofvaxið honum er að vinna þau störf, er hann hefir tekið að sér. Þess vegna verður honum alltaf á í hvert skipti, sem hann á orðastað við einhvern þm., sem hann finnur, að stendur honum ofar, að hann reynir annaðhvort að upphefja sjálfan sig með viðbjóðslegu sjálfshóli eða að niðurlægja þann þm., sem hann talar við. Þetta kom sérstaklega fram hér í d. fyrir nokkrum dögum í umr. milli hv. þm. G.-K. og hv. 2. þm. Skagf., og þetta hefir komið fram í svo að segja hverju máli hér á þingi, þessi undirmálstilfinning hans, hve vel hann veit, hvað hann er lítill karl og hvernig hann reynir að rífa þann niður með persónulegum ádeilum, sem hann talar við, en upphefja sjálfan sig.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál. Ég hefi við fyrri umr. málsins bent á, hversu þetta frv. er gersamlega sneytt því, að það geti að neinu leyti náð sínum tilgangi. Það er óforsvaranlegt að setja ráðgefandi nefnd, sem enginn veit, hvort getur starfað. En þetta er auðvitað samkv. aðferðum sjálfstæðismanna yfirleitt, því hjá þeim er ekkert annað en eilífar ráðagerðir, en svo á hin frjálsa samkeppni að laga allt saman. Hinsvegar liggja nú fyrir till. ríkisstj., þar sem er tekið fast á þessum málum og lögð drög að því, að réttir aðilar hefji samstarf. Samanborið við fleipursfrv. hv. þm. G.-K. ber frv. ríkisstj. af því sem gull af eiri.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Ég verð að segja, að það er framför hjá andstæðingum frv. frá því í fyrra skiptið, því í fyrri till. þeirra var lagt til, að frv. væri vísað frá vegna frv., sem ekki var orðið til, eða m. ö. o. í von um, að eitthvert annað frv. yrði til, en í seinni dagskrártill. er lagt til, að því verði vísað frá vegna frv., sem er fætt, hvort sem það verður skírt eða ekki. Það er þó nokkur framför í þessu. Ég vil beina því undir athygli hv. þdm., að frá meiri hl. og minni hl. sjútvn. og frá talsmönnum allra stjórnmálaflokkanna liggur fyrir viðurkenning á því, að þörf sé þeirra aðgerða, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég verð nú að segja, að það er einkennilegt, að upphaflega frv. skyldi eiga að vísa frá án vissu um það, að eitthvað kæmi í staðinn. Síðara frv. er lítið athugað af hv. þm., en aðalmunurinn á því og frv. um fiskiráð er sá, að með frv. ríkisstj. á að lenda í ríkiseinkasölu. Ég hygg nú, að margir, ekki eingöngu andstæðingar stj., heldur líka einhverjir af stjórnarsinnum, muni hugsa sig um, áður en þeir samþ. slíkt skipulag á fisksölunni, meðan hræið af gömlu einkasölunni er enn ekki moldu ausið. Ég hygg, að þeim muni þykja viðurhlutamikið að stofna til einkasölu, þar sem verzlað er með tíföld verðmæti á við það, sem síldareinkasalan hafði, hafandi í minni, hvernig ríkissjóður fór út úr forsjá ríkisins í því máli. Ég held, að það væri hvatskeytslega gert, ef hv. þdm. snerust að því ráði, að vísa frv. frá með rökst. dagskrá meðan hitt frv. er á því stigi, sem það er nú. Það hefir lítið verið komið inn á það, en það er þess vert, að því sé veitt athygli, að með fyrri dagskrártill. og formálanum, sem fluttur var fyrir henni, er boðað, að þeim samtökum, sem fiskútflytjendur hafa haft, verði komið fyrir kattarnef. Í nál. segir: „Bæði er í frv. gert ráð fyrir, að fiskiráðið verði útnefnt að nokkru leyti af stofnunum, sem enginn veit, hvort verða starfandi á þeim tíma, sem frv. kynni að fá staðfestingu". Ef frv. stj. yrði samþ. og fengi staðfestingu, þá myndi bráðlega verða vegið að Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og reynt að koma því fyrir kattarnef. Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, hvað sérstaklega glópskulega hefir verið tekið á málinu af Alþýðufl.mönnum í sjútvn. Þeir segja fyrst í nál. sínu: „og virðist enginn nefndarmanna telja sér fært að fylgja frv. óbreyttu". Þetta eru alger ósannindi, og á náttúrlega aldrei að setja ósannindi í nál. En hafi nm. ekki vitað, að þetta voru ósannindi, þá eru þeir ekki færir um að semja nál. Því hefir margsinnis verið yfirlýst, að minni hl. sjútvn. er ánægður með frv. og að það er flutt í samráði við Sjálfstfl. í heild. Þetta orðalag verður víst að skrifa á reikning skilningsleysis þeirra, sem sömdu nál. Ég vil nú geta þess, að minni hl. fór margsinnis fram á það við meiri hl., að hann kæmi með brtt., ef hann vildi ekki fylgja frv., en meiri hl. bar það fyrir sig, að það væru gallar á frv., sem hann tilgreindi, svo sem það, að fiskiráð hefði ekki nægilegt vald og ekki nóg fjárráð. Minni hl. fór fram á, að meiri hl. kæmi með brtt. í þessu augnamiði og freista svo, hvort n. gæti ekki orðið sammála um frv. Það er líka bert, að minni hl. n. hefir ekki verið þess sinnis, að hann vildi ekki flytja frv. óbreytt. Hann hefir enga breytingu gert nema þá, sem áður var talað um við flm. frv., að þóknunin til fiskiráðsins yrði greidd úr ríkissjóði, og er það engin efnisbreyting á frv. Það er óþarfi fyrir hv. þm. Ísaf. að vera státinn af nál., því það mun vera alveg einstakt, að þegar reyndustu sjávarútvegsmenn hafa borið

sig saman og samið frv. til úrlausnar einu stærsta nauðsynjamáli útvegsins, þá komi menn og segi, „að frv. sé svo losaralega samið og svo vanhugsað, að engin leið sé að breyta því, svo að vit verði í því“, eins og stendur í nál. meiri hl. Ég vil nú ekki hafa nein stóryrði, en ég verð að segja það, að þetta er meira yfirlætið, og gæti slíkur ofmetnaður ekki hent menn með dómgreind á sinni eigin þekkingu og rökum þeim, sem aðrir bera fram. Þeir segja ennfremur í nál., „að meiri hl. nefndarinnar sé fyllilega sammála þeirri viðurkenningu, sem í frv. felst, um að hin frjálsa samkeppni hafi leitt sjávarútveginn forsjárlaust út í hið mesta öngþveiti“. En þetta er hvergi sagt í frv., en er bara sullur í heila þeirra, sem sömdu nál. Þeim ætti að vera kunnugt um, að örðugleikar þeir, sem íslenzk útgerð á við að etja, eru utanaðkomandi og hafa vaxið upp í markaðslöndunum. Ennfremur segir í nál.: „Vill meiri hl. því fallast á þá hugsun, sem virðist vera bak við frv., þó í þoku sé“. Já, það er eitt, sem er í þoku, og það er skilningur þess, sem hefir skrifað nál., á tilgangi frv. Þar er alveg svarta þoka. Það er nú vitað, að sjávarútvegsmenn og útflytjendur fiskjar hafa vegna örðugleika í markaðslöndunum horfið að skipulagi, sem sósialistar telja, að sé æskilegt. Þetta skipulag hefir sjávarútvegurinn tekið upp til þess að yfirstíga upprennandi örðugleika. En það vantar að leita að nýjum markaðslöndum og gera till. í samræmi við þær markaðsleitir um breyttar verkunaraðferðir. Ég get ekki skilið, að viti bornir menn áliti, að þetta sé heimskulegt. Það er hægt fyrir þá, sem nokkurt vit hafa, að skilja frv. En þeir, sem það hafa ekki, eiga ekki að tala eins og þeir, sem vald hafa.

Ég þarf ekki að endurtaka það, að fiskiráðið á að starfa í samráði við fiskútflytjendur. Það er ástæðulaust að halda, að slík nefnd, sem sett er til að opna og bæta markaði, verði illa séð. Það er barnaskapur að hugsa slíkt. Hitt er annað mál, ef misklíð risi út af því, að breyta ætti til um verkunaraðferð, þá sé ég ekki hvaða ástæða væri til þess, að nefndin fengi ekki aðstoð löggjafarvaldsins til þess.

Ég ætla svo ekki að lengja umr. En ég vil alvarlega beina þeirri áskorun til hv. þdm., að þeir láti sig ekki henda það fljótræði að samþ. dagskrártill., sízt áður en útséð er um það, að samkomulag náist um frv. hæstv. ríkisstj. Það r alveg víst, að þetta þing verður að afgr. frv., sem bætir úr þeirri þörf, sem frv. um fiskiráð átti að bæta úr. Eins og frv. um fiskimálanefnd er nú, kemur ekki til nokkurra mála, að sjálfstæðismenn geti goldið því samþykki. Á meðan svo er, er ekkert vit í því að vísa þessu frv. frá með því að samþ. dagskrártill.

**Bergur Jónsson:** Ég þarf ekki að svara ræðu hv. þm. G.-K. Hann sagði, að ég liti á málið frá öðru sjónarmiði en hann, og er þetta alveg rétt. Og ég býst við, að við getum ekki á stuttum þingfundi breytt skoðunum hvors annars. Auðna verður að ráða, hvor skoðunin verður ofan á. — En ég verð að gera aths. við ræðu hv. 6. þm. Reykv. Mér fannst hann tala fullmikið um frv. um fiskimálanefnd að því leyti, sem það á að koma í staðinn fyrir frv. um fiskiráð. Hv. þm. fullyrti, að með því frv. væri lent í einkasölu. Þetta er nú náttúrlega ekki rétt hjá honum, en það má geyma að tala um það frv., þar sem það er næsta mál á dagskránni. Mér skildist á hv. 6. þm. Reykv., að hann og hv. þm. Vestm. hefðu í sjútvn. alltaf verið að reka á eftir hinum nm. með frv. og heimta, að þeir kæmu fram með brtt. Ég man ekki eftir því, að þessir tveir hv. þm. hafi nokkuð rekið á eftir málinu, hvað svo sem þeir kunna að hafa sagt flm. frv., hv. þm. G.-K. (**SK:** Ég sagði ekkert um það). Jú, hv. þm. getur ekki neitað því, af því að ég skrifaði það upp eftir honum. Hann sagði, að minni hl. hefði ýtt á eftir meiri hl. að koma fram með brtt. Ég varð ekki var við neinn áhuga í þessa átt, fyrr en form. n. sagði á einum fundi: Nú greiðum við atkv. um frv., — og tók ég þá afstöðu til málsins eftir því, sem ég hefi lýst áður. Ef hv. þm. hefir sagt flm. annað, þá er það ekki rétt.

En það, sem gaf mér sérstaklega tilefni til þess að standa upp, voru ummæli hv. 6. þm. Reykv. um það, að menn ættu ekki að setja ósannindi í nál. Það er auðvitað alveg rétt, að menn eiga ekki að gera það. En ég verð að segja, að ég varð hissa, þegar ég heyrði þessi orð koma frá þessum manni. Mér datt í hug ítalska máltækið: „Enginn hundur er svo illur, að hann dingli ekki rófunni“. Enginn ósannindamaður er svo langt leiddur, að hann reyni ekki að láta líta svo út, sem hann fari með sannindi. En ég verð að segja hv. 6. þm. Reykv. það, að honum fer illa í augum þeirra manna, sem þekkja hann, að vera að prédika sannleikann. Það vita allir, að hann hefir ekki hreinan borða sjálfur, því fáir munu vera óhreinni en hann á því sviði.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson):** Það er naumast að hv. þm. Barð. hefir fengið óþægindi í magann. Ég hefi oft heyrt menn setja upp leiðinlegan ropa, en þessi var með þeim allra leiðinlegustu, sem ég hefi heyrt. Þessi hv. þm. ætlaði að fara að síða mig. Ég verð að segja það, að hann á líklega fáum mönnum meira að þakka en mér, því að ég hefi látið fenna yfir framkomu hans í þessari hv. d., af því að ég áleit, að hann væri ekki maður til að standa þar fyrir máli sínu. Ég vil biðja þennan hv. þm. að sýna fram á það, ef ég hefi farið með ósannindi. Hann fór rangt með það, að ég hefði sagt, að minni hl. hefði rekið á eftir frv. Ég minntist aldrei á það í ræðu minni. Fyrst hv. þm. er að rifja þetta upp, þá get ég sagt frá því, að minni hl. fór einu sinni fram á það við meiri hl., að frv. væri afgreitt úr n. En það var ekki nema í þetta eina skipti. — Ég ætla svo ekki að eyða fleiri skotum á hv. þm. Barð.

En fyrst ég stóð upp, þá er ekki úr vegi, að ég sendi heim skeyti, sem hv. þm. Ísaf. var að beina að formanni Sjálfstfl., en það var það, að hann hefði verið kosinn formaður flokksins af því, að að honum stæðu svo miklir peningar. Ég veit nú ekki, hverjir það eru, sem hlaða undir sig með peningum, ef það eru ekki þm. sósialista. Ég get fullyrt, að ríkustu menn meðal hv. þm. eru forystumenn öreiganna. En það er náttúrlega ekkert óeðlilegt, að foringjarnir séu

ríkir, þegar þegnarnir eru fátækir. Það getur verið samband þar í milli. Ég er kunnugri í herbúðum sjálfstæðismanna en hv. þm. Ísaf. — en þangað er yfirleitt ekki boðið nema sæmilegum mönnum — og veit því betur, hvað hefir gerzt þar. Hv. þm. G.-K. var kosinn formaður Sjálfstfl. fyrir till. sínar í þjóðmálum. Ég efast um, að það megi segja hið sama um alla þá menn, sem standa framarlega hjá sósialistum. Mér er grunur á, að það stafi frekar af því, að þeim hefir tekizt að hlaða undir sig fjárhagslega. En þeir, sem búa í glerhúsi, ættu ekki að kasta grjóti.

**Ólafur Thors** óyfirl.: Hv. 6. þm. Reykv. er að nokkru leyti búinn að svara því, sem hv. þm. Ísaf. var að deila á mig. Ég get sem bezt skilið það, að ýmsir hv. þdm. telji, að Sjálfstfl. eigi menn, sem séu mér færari til að vera form. flokksins. Ég skil þetta manna bezt, en þó held ég, að það verði að leita annað að ástæðum fyrir því, að ég var valinn í þetta sæti, en þangað, sem hv. þm. Ísaf. benti til. Hann veit auðvitað, hvað ræður foringjavali í herbúðum þeirra sósialistanna. Um hitt, sem hv. þm. kallaði undirmálstilfinningu, skal ég játa, að ég skildi ekki, hvað hann átti við, og get því ekki svarað því, en ef hann hefir átt við, að ég beri kvíðboga fyrir eða sem litill karl þoli ekki samanburð við hann, þá get ég sagt hv. þm. Ísaf. það, að svo er ekki. Hann sagði ennfremur, að ég væri brokafullur, en því neita ég algerlega. Þó að blöð hans flokks segi það, þá dettur andstæðingum mínum ekki í hug að orða það í tali sín á milli. Hinu þjáist ég engan veginn af, að ég þoli ekki samanburð við hv. þm. Ísaf., — það get ég sagt í fullri hreinskilni. Ég teldi mig illa farinn, ef ég væri svo sálsjúkur, að ég þyldi ekki samanburð eða samjöfnuð um andleg verðmæti við þennan hv. þm. Ég vona, að enginn taki þetta sem ofmetnað, þó ég segi þetta í sambandi við þennan hv. þm. Ég get sagt honum út af því, sem hann var að tala um val mitt sem form. Sjálfstfl., að kosning mín stafar af persónulegu trausti og velvild til mín. En ég veit ekki, hvort hægt er að segja sama um hann í sambandi við síðustu þm.-kosningu á Ísafirði. Helzta ráðið, sem notað var í síðasta kosningabardaga, var að segja við bláfátækan mann, sem hafði unnið hjá honum, að það væri ekki verið að kjósa — ja, svo kom orð, sem ég þori ekki að hafa yfir, sem byrjar á h.... — hann Finn, það væri verið að kjósa stefnuna. Þeir ættu ekki að láta persónulega andúð og fyrirlitningu á honum skyggja á þjónustuna við flokkinn. Þetta var helzta ráðið til að koma inn þessum hv. þm. Hann flaut inn á þessu, þrátt fyrir það, hvernig hann sjálfur er. Ef þessi litli karl treystir sér til að bera þetta af sér, þá vona ég, að forseti gefi honum orðið.

**Forseti (JörB):** Ég vil nú mjög beina því til hv. þdm., að þeir noti sér ekki ákvæði þingskapanna um að bera af sér sakir til að bera sakir hverjir á aðra.

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson):** Ég þarf í rauninni ekki að svara því, sem hv. þm. G.-K. sagði um, hvers vegna ég komst á þing. Ísfirðingar vita manna bezt, af hverju þeir hafa kosið mig. Þeir spurðu ekki hv. þm. G.-K. ráða, og þeir mundu heldur ekki hafa spurt hann ráða, þó hann hefði verið nærstaddur. Aftur á móti hefir hv. sessunautur þessa þm. — þessi hv. þm., sem situr í skammakróknum, sem kallaður er, ekki af því að það sé skammarkrókur, heldur af því að þaðan koma skammirnar — gefið Ísfirðingum góð ráð, hann hefir leiðbeint þeim um að kjósa íhaldsmenn, eins og þeir hétu meðan þeir villtu ekki á sér heimildir, og síðan sjálfstæðismenn, en kjósendur á Ísafirði hafa aldrei farið að hans ráðum, og því oftar, sem hann hefir beðið þá og lengur, því minni áhrif hafa ráð hans haft. Ég er ekki að segja þetta þessum hv. þm., 6. þm. Reykv., til lasts, en hv. þdm. hafa ekki heldur trúað honum, af því hann hefir verið svo orðljótur í garð andstæðinga sinna, gert þeim upp illar hvatir og tilhneigingar og hefir því fengið skömm allra góðra manna. Hann hefir yfirleitt verið, eins og ég orðaði það um daginn, mylnusteinn um háls sinna flokksmanna, þar sem hann hefir dvalið. Ég þarf ekki að bera fram óskir um, að hann verði það á Sjálfstfl. hér í Rvík; ég veit, að svo verður. (GÞ: Komu þær óskir ekki um daginn? Mér heyrðist það).

Þá vildi hv. 6. þm. Reykv. segja, að við hefðum sagt ósatt í nál., að nm. virtust ekki vilja fylgja frv. óbreyttu, en minu máli til sönnunar bendi ég á, að brtt. hafa komið frá öllum nm. nema þeim, sem vilja fella frv. Hv. þm. kallar sínar till. ekki brtt., af því það voru brtt., sem hv. þm. G.-K. gat fallizt á. Þetta minnir mann á söguna um manninn, sem ekki át kjöt, en át steik.

Ég hefi að mestu leyti varazt persónulegar deilur hér í d. og aldrei hafið þær að fyrra bragði. Hinsvegar hafa þeir hv. þm. í skammakróknum ætíð byrjað og ráðizt oft á mig. Ég get minnt á, að það hefir oft verið dæmt milli okkar hv. 6. þm. Reykv. Við höfum verið í kjöri í sama kjördæmi, og ég hefi alltaf borið hærri hlut. Ég er ekki að deila á þennan hv. þm. eða hælast um. Málstaður hans hefir alltaf verið verri og verr varinn, og þess vegna hefir hann borið lægri hlut. — Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta, en ef við hv. 6. þm. Reykv. eigum eftir að leggja mál okkar í dóm, þá er ég ekki hræddur við þann dóm.

**Ólafur Thors** óyfirl.: Það hlægir mig að heyra þennan hv. þm. játa, að hann flaut inn af því stefnan, sem hann telur sig fylgja, er í meiri hluta, og svo getur hann miklazt af því að hafa komizt ofan á sér miklu hæfari mann. Ég gæti nákvæmlega á sama hátt tekið manninn, sem situr hér til hægri handar við mig. Þetta er sama og ég tæki hæstv. atvmrh. og segði, að hann hefði verri málstað, af því mér tókst að fella hann. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það hafi verið af því, að hann væri verri málsvari. Það var vegna þess, að mín stefna hafði meira fylgi þar, eins og hans stefna, eða sú stefna, sem hann hengir sig á, hefir á Ísafirði. Ég gæti fyrirgefið öllum öðrum en þessum hv. þm., þó að þeir hefðu notað svona rök, en þegar þetta er sá maður, sem flýtur inn eingöngu

vegna þess, hve fylgi stefnunnar er mikið, en munar minnstu, að persónuleg andúð og fyrirlitning felldi hann. En það hjálpaði honum m. a., að flokkurinn átti menn, sem voru honum fremri og meira virtir, og hann notaði þá til að lyfta sér. Það situr því sízt á hv. þm. Ísaf. að nota svona tyllirök, þar sem hann flaut eingöngu á flokksfylgi. (**Atvmrh.**: Það má vera meiri stefnan. Þetta eru glæsileg meðmæli með stefnunni).

**Frsm. meiri hl. (Finnur Jónsson)**: Hæstv. atvmrh. hefir sagt það, sem ég ætlaði að segja. Það má vera meiri stefnan, sem getur fleytt jafnheimskum manni og jafnmiklum glæpamanni og mér er lýst af þessum hv. þm. inn á þing. Ég er stoltur af að fylgja þvílíkri stefnu. Að öðru leyti mun ég ekki svara þessum peningadreng úr Kjósinni.

**Frsm. minni hl. (Sigurður Kristjánsson)**: Það er ekki mikil þörf á að svara hv. þm. Ísaf. En af því hann minntist á, að hann færi aldrei með persónulega áreitni í annara garð, vil ég minna á, að það hefir aldrei verið haldin jafnpersónuleg svívirðingaræða eins og sú, er hann flutti um mig hér í deildinni um daginn og tók hann heilan dag að semja. Hún var vitanlega klaufalega samin, en söm var hans gerð. Út af því, sem hann sagði, að ég hefði alltaf tapað fyrir honum, vil ég minna á, að hann bauð sig fram tvisvar í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ég mælti móti honum og N.-Ísfirðingar létu hann falla fyrir þeim manni, sem Sjálfstfl. hafði í kjöri. Það er mjög greinilegt, að það var ekki eingöngu stefnunnar vegna, heldur miklu fremur mannsins, því sá næsti af hans flokki, sem bauð sig þar fram, fékk miklu meira fylgi.

Ég vil bæta því við það, sem hann sagði um, að hann væri stoltur af þeirri stefnu, sem hefði svo mikið fylgi að koma honum inn á þing, að þeirri stefnu hefir þó ekki tekizt að safna um sig fleiri mönnum en það, að hún hefir hálfu minna fylgi í landinu en sú stefna, sem ég fylgi.

**Bergur Jónsson**: Það var auðheyrt á hv. 6. þm. Reykv., að sannaðist á honum máltækið: Sök bítur sekan. Þessi maður er alþekktur um allt land að óvandaðri meðferð með sannleikann en flestir aðrir leyfa sér. Ég vil ráða öllum, sem vilja fá sannanir fyrir þessu, til að lesa blaðið Heimdall. (**SK**: Ég ræð mönnum líka til þess). Ég þekki þennan hv. þm. líka af framboðsfundum í Barðastrandarsýslu, og mér þykir ógeðfellt, að þessi maður sé að halda siðferðisprédikanir. Ég get ekki að því gert, að mér sárnar þegar svona menn eru að setja sig í dómarasæti, látast elska sannleikann, en eru öðrum mönnum breyskari. Ég get nefnt sem dæmi um ósannindahneigð hans, að hann fór með ósannindi í sambandi við Skuldaskilasjóðinn. Það er margsannað, og ég hefi fært rök að því áður, að hann fór með ósatt mál í Morgunblaðinu í þessu efni. (**SK**: Þetta er ósatt).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár frá þm. Barð. til breyt. á dagskrártill. á þskj. 313 felld með 15:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, MT, PZ.

**nei**: PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ,[1]) GÞ, GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh.

BÁ, JörB greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JÓl) fjarstaddur.

Dagskrártill. 313 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 16:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já**: GSv, GÍ, GTh, HannJ, JakM, JJós, JónP, JS, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT, ÁÁ, BÁ, GÞ.

**nei**: GG, HV, JG, MT, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÞorbÞ, BJ, BB, EmJ, EystJ, FJ.

JörB greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JÓl) fjarstaddur.

2.—3. gr. samþ. með 17:8 atkv.

Brtt. 307 (ný 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:11 atkv.

---

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 9. Sala Hvanneyrar í Siglufirði.

Á 8. fundi í Nd., 12. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað land prestssetursins Hvanneyrar** (þmfrv., A. 65).

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson)**: Ég get látið nægja að vísa til grg. fyrir þessu frv. Ég vil benda á, að þetta mál hefir legið fyrir Alþingi í sama formi áður og ætið verið vel tekið, þó ekki hafi unnizt tími til að afgr. það. Frv. miðar að því að veita ríkisstj. heimild til að selja Siglufjarðarbæ land prestssetursins Hvanneyrar, þegar það losnar úr ábúð, svo hann geti notfært sér það á þann hátt, sem heppilegast þykir. Vona ég, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsh.

**Gísli Guðmundsson**: Ég vildi aðeins skjóta því fram í sambandi við þetta frv. hv. 8. landsk., að mér virðist einkennilegt, að þar er heimildin bundin við það, að landið losni úr ábúð, þ. e. a. s., stj. getur ekki selt bænum þetta land fyrr en

[1]) **ÁÁ**: Ég er í sjálfu sér ekki ósamþykkur dagskránni, en vil fyrir mitt leyti leyfa frv. að lifa, þangað til útséð er um afgreiðslu frv. um fiskimálan., enda komi þetta frv. ekki til 3. umr. fyrr en þau úrslit eru kunn.

sá prestur hættir störfum, sem þarna er nú. Mér finnst óeðlilegt, ef kaupstaðnum er mikil þörf á þessu landi, svo mikil þörf, að nauðsynlegt þykir að flytja málið á þessu þingi, að söluheimildin sé bundin þessu skilyrði. Vil ég því flytja brtt. við þetta atriði fyrir 2. umr.

**Flm. (Garðar Þorsteinsson):** Ég er ekkert á móti því út af fyrir sig, þó stj. væri veitt heimild til að selja landið áður en það losnar úr ábúð. Hinsvegar má geta þess, að ábúandinn er nú orðinn 70 ára gamall, og má því eftir venjulegum kringumstæðum búast við, að það líði ekki á löngu áður en jörðin losnar úr ábúð. En þetta er atriði, sem hv. n. athugar; ég fyrir mitt leyti sé ekkert á móti þeirri breyt., sem hv. þm. N.-Þ. stingur upp á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 10. Fátækralagabreyting (frv. JS).

Á 9. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 68 23. júní 1932, um breyt. á fátækralögum, nr. 43 31. maí 1927** (þmfrv., A. 71).

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Nd., 16. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Sigurðsson):** Eins og hv. d. er kunnugt, var gerð sú breyt. á fátækralögunum 1932, að felld voru niður ákvæði, er staðið höfðu fleiri áratugi, um það, að ríkissjóður skyldi taka nokkurn þátt í kostnaði við dvöl þurfalinga á sjúkrahúsi árlangt eða árum saman. Í stað þess var tekið upp það ákvæði, að greiða skyldi úr ríkissjóði til sveitar- og bæjarfélaga nokkurn styrk, ef kostnaður við fátækraframfærslu færi meira en 15% fram úr meðaltali. Þetta hefir sumstaðar komið í sama stað niður, þannig að sömu sveitarfélög og áður hafa hlotið stuðning, en eins og hv. þdm. er ljóst, fara sveitarþyngslin ekki einhliða eftir fátækraframfærinu. Það eru nú orðin svo margvísleg þungbær útgjöld, sem hvíla á sveitarsjóðunum, að þeir geta átt við afarmikla fjárhagsörðugleika að stríða, þó fátækraframfærið fari ekki langt fram yfir meðallag. Auk þess hækka ýmsir kaupstaðir og kauptún, sem hafa mikla fátækraframfærslu, **landsmeðaltalið** svo gífurlega, að lítil og fátæk sveitarfélög geta örmagnazt fjárhagslega áður en þau ná meðaltalinu og fá nokkurn styrk, af því þau hafa svo litla greiðslugetu. Reyndin hefir líka orðið sú, að á sum fátæk sveitarfélög, sem ekki hafa alveg náð hinu tiltekna marki framfærslukostnaðar, en allt að því, hefir nú bætzt svo þungur baggi af sjúkrakostnaði þurfalinga, að óbærilegt þykir. Ég hygg, að það séu umkvartanir um þetta alstaðar á landinu, og sérstaklega eru það lítil og fátæk sveitarfélög, sem í þessu efni verða hart úti. Ég hefi þó ekki lagt til, að sömu ákvæði yrðu tekin upp, sem áður giltu. Taldi ég það ekki rétt, bæði vegna örðugs fjárhags ríkissjóðs og þeirra ákvæða, sem koma áttu í staðinn og sérstaklega mörgum hinna stærri sveitarfélaga er mikill léttir að. Því hefi ég lagt til, að farin yrði millileið í þessu efni og að ríkissjóður taki þátt í sjúkrakostnaði tveggja sjúklinga á sjúkrahúsi í stað allt að fjögurra, eins og áður var.

Ég vona, að hv. d. líti með sanngirni á þetta nauðsynjamál margra lítilla og fátækra sveitarfélaga og bregðist vel við. Dvalarkostnaður sjúklinga á sjúkrahúsum mun víða vera 1600 til 2000 kr. á ári. Nú eru til sveitarfélög, sem hafa innan við 20 búendur. Komi til þess, að þau þurfi að sjá um einn slíkan sjúkling árlangt, þýðir það 100 kr. hækkun sveitargjalda á hverjum bónda, ef ekki er gert ráð fyrir, að jafnað sé niður á aðra. Sjá þá allir, hverjar afleiðingar það hefði, ef um fleiri sjúklinga væri að ræða, sem alltaf getur viljað til.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vona, að hv. d. taki þessu máli vel, því það er sanngirnismál. Legg ég til, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 11. Strandferðir.

Á 10. fundi í Nd., 15. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um strandferðir** (þmfrv., A. 85).

Á 12. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Gísli Guðmundsson)** óyfirl.: Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 85, lá fyrir síðasta þingi í nokkurnveginn sömu mynd og það er nú, aðeins með einni lítilsháttar breytingu, sem ég mun gera grein fyrir síðar. Það, sem vakti fyrir okkur flm. með því að flytja þetta frv., er að gera með nýrri löggjöf nokkuð til hagræðis fyrir hina íslenzku útgerð, þ. e. a. s. þá útgerð, sem annast mannaflutning með ströndum landsins.

Eins og öllum þdm. er kunnugt, eru það stórkostlegar upphæðir, sem ríkið árlega ver til sam-

gangna á sjó. Það eru svo stórar fjárupphæðir, að fyllsta ástæða er fyrir Alþ. að taka til athugunar, hvort ekki er á einhvern hátt hægt að greiða úr þar. Ég hefi verið að athuga í landsreikningum undanfarandi ára, hve miklu það muni nema, sem íslenzka ríkið er búið að greiða nú síðustu 10 árin, síðan 1924, til samgangna á sjó, og hefi ég þá tekið saman bæði þær upphæðir, sem varið hefir verið úr ríkissjóði til styrktar strandferðaskipunum, til að greiða rekstrarhalla, og það, sem veitt hefir verið til flóabáta, og loks það fé, sem veitt hefir verið úr ríkissjóði til styrktar Eimskipafélagi Íslands, en sá styrkur hefir, að ég hygg, verið áætlaður í tvennu lagi. Annarsvegar til strandferða Eimskipafélagsins og hinsvegar beinn styrkur til starfsemi þess, en sá styrkur hefir farið vaxandi og er kominn upp í 250 þús. krónur á ári. Mér telst svo til, eftir lauslegum útreikningi, að síðustu 10 árin sé ríkið búið að greiða samtals 5 millj. kr. til þessara hluta, að öðru leytinu til strandferðaskipanna hátt á fjórðu millj. og 1 millj. og 4 hundruð þús. til Eimskipafélagsins á sama tíma. Árið 1933 hafa verið greiddar, samkv. reikningsyfirliti, til samgangna á sjó hátt á 7. hundr. þús. kr. Þetta eru, eins og ég sagði áðan, allháar greiðslur, og okkur flm. finnst fyllilega ástæða til, að Alþ. taki til athugunar nú, hvort ekki sé hægt að draga á einhvern hátt úr þessum útgjöldum.

Því hagar nú svo til, að samhliða því, sem skip Eimskipafélagsins eru rekin með stöðugum halla, þannig, að til verður að koma ríkisstyrkur, þá eru hér reknar strandferðir af erlendum útgerðarfélögum, sem eru í beinni samkeppni við Eimskipafélag Íslands og skip ríkissjóðs. Það má segja, að hér sé um nokkuð ójafna samkeppni að ræða, vegna þess, að þau erlend skip, sem sigla hér, hafa engar skyldur og þurfa ekki annara hagsmuna að gæta en sinna eigin. Þessi skip fara því eingöngu til þeirra hafna, sem gróðavænlegar eru, en hinsvegar verður Eimskipafélagið alltaf að gæta þess að taka nokkurt tillit til þeirra hafna, sem ekki eru gróðavænlegar, og af því leiðir, að samkeppnin verður nokkuð ójöfn.

Við flm. teljum víst, að ef strandferðir gætu færzt í það horf, að þær yrðu sem mest reknar af íslenzkum skipum, skipum Eimskipafélagsins og strandferðaskipum ríkisins, þá mætti koma því skipulagi á þessar ferðir, sem gerði það að verkum, að betur notaðist að ferðum strandferðaskipanna og þau hefðu meira að gera en þau hafa nú, eins og sakir standa.

Ég lít á þetta mál fyrst og fremst sem hagsmunamál hinnar íslenzku útgerðar, ríkisútgerðar og Eimskipafélagsins, og með tilliti til þeirrar upphæðar, sem ég benti hér á áðan, er sýnilega um mjög mikið hagsmunamál að ræða. Það má gjarnan taka það fram, að í raun og veru er ekki sögð öll sagan með þessari upphæð, því að auk þess, sem Eimskipafélagið hefir fengið þann styrk, sem ég nefndi áðan, þá hefir það orðið að vera skattfrjálst, og hefir sömuleiðis hagkvæma samninga um gegnumgangandi fragt með ríkisskipunum, þar sem það greiðir aðeins hálft flutningsgjald ÷ 15%.

Ég ætla svo ekki á þessu stigi málsins að fjölyrða meira um það, en mér finnst þetta mál þess eðlis, að allir flokkar ættu að geta sameinazt um það. Þó var það svo, þegar frv. var flutt hér á síðasta þingi, að þessi sameining var ekki eins mikil og menn gátu ætlað, og er vikið að því í grg. frv. Ég vænti þess samt, að þetta hafi breytzt og frv. verði rækilega athugað og síðan samþ.

**Thor Thors:** Eins og hv. flm. vék að, er þetta frv. ekki nýtt hér í þessari hv. d. Það lá fyrir síðasta þingi og þá komu fram þegar við 1. umr. málsins svo veigamikil rök gegn því, að meiri hl. þd. felldi það strax við þá umr. Sú andstaða, sem varð til þess, að frv. var fellt þegar í stað, kom frá formanni utanrmn., hv. þm. Mýr., þar sem hann lýsti því yfir, að ákvæði frv. brytu í bága við gildandi millirikjasamninga. Hann skýrði frá því, að Íslendingar hefðu gagnkvæma samninga um strandsiglingar við Dani, Norðmenn, Svía og Englendinga, og meðan þeir væru í gildi, væri samþ. þessa frv. fullkomið þjóðarhneyksli. Þetta voru alveg næg rök gegn frv. og gat því ekki komið til mála annað en að fella það. Þetta er óbreytt ennþá, og þar sem frv. brýtur í bága við þessa millirikjasamninga, þá vona ég, svo að ég taki mér orð grg. í munn, að **þjóðrækni** sé svo mikil á Alþ., að þm. áliti það skyldu sína að standa við þá millirikjasamninga, sem ríkisstj. hefir gert fyrir hönd þjóðarinnar.

Af þessum ástæðum mun ég greiða atkv. gegn frv. þegar við 1. umr., enda þótt ég að sjálfsögðu fallist á, að það væri æskilegast fyrirkomulag, að eingöngu íslenzk skip önnuðust strandferðir hér við land.

**Jóhann Jósefsson:** Ég fell frá orðinu vegna þess, að hv. þm. Snæf. hefir tekið það fram, sem ég þurfti að segja í þessu máli.

**Flm. (Gísli Guðmundsson)** óyfirl. : Ég verð að líta svo á, að þær mótbárur, sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Snæf., geti verið nokkuð vafasamar. Fyrst og fremst hefi ég fulla ástæðu til að ætla, að ástæða væri til að athuga rækilega í n. þau ákvæði, sem eru í samningum viðvíkjandi þessu máli, og var vitanlega sjálfsagt að gera það á þinginu í fyrra, ef hv. þm. hefði þá ekki orðið svo bráttt um að drepa málið. Í öðru lagi verð ég að líta svo á, að jafnvel þó að í millirikjasamningum kunni að vera einhver ákvæði, sem skilja mætti þannig, að um gagnkvæman rétt til strandferða væri að ræða, þá virðist mér ákaflega hæpið, að þau ákvæði geti náð til þeirrar leiðar, sem í frv. er gert ráð fyrir að fara, sem er sú leið, að ríkið taki einkarétt til strandferða. Vitanlega getur enginn bannað íslenzku þjóðinni að taka einkarétt til slíks atvinnurekstrar, fremur en að hafa einkasölu á ýmsum vörutegundum. Ákvæði frv. eru ekki á þá leið, að gera greinarmun á milli innlends og erlends atvinnurekstrar, heldur milli atvinnurekstrar, sem ríkið hefir, annarsvegar og atvinnurekstrar einstaklinga. Þetta er vitanlega allt annað með lagaákvæði, þó að það í framkvæmd kunni að vera svipað, sem þó er ekki

alveg víst, að það þyrfti að vera. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég sé það af umr. í fyrra, að einn flokksmaður hv. þm. Snæf., sem þá var ráðh., hefir litið á þetta atriði nokkuð svipað og ég, þó að hann fylgdi þeim öðrum flokksbræðrum sínum í að fella frv.

Ég ætla svo ekki að lengja umr. meira að þessu sinni, en vil geta þess, sem ég gleymdi að geta í framsöguræðunni, að við flm. höfum bætt við í frv. einni gr., þar sem tekið er fram, að ákvæði l. nái ekki til fiskiskipa og báta. Það var í fyrra réttilega bent á, að það gæti valdið óþægindum — sem óþarfi er að koma í l. —, ef þessar undantekningar væru ekki gerðar.

Ég tel sjálfsagt, að frv. verði vísað til n., að lokinni umr., og þá vitanlega samgmn., og til 2. umr.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég vil aðeins taka það fram, þó að aðrir hafi nú þegar gert það, að ég upplýsti í fyrra, í umr. um samskonar mál og þetta, að í gildi væru verzlunarsamningar milli Íslands annarsvegar og Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Englands og jafnvel Þýzkalands hinsvegar, um gagnkvæman rétt til strandsiglinga. Ég benti á þetta við 1. umr. málsins, af því að ég óskaði, að sú n., sem ég bjóst við að fengi málið til athugunar, athugaði þessa hlið málsins nákvæmlega, til þess að vissa yrði fengin fyrir því, að ekkert yrði gert í þessu máli, sem bryti í bága við gildandi samninga, sem Íslendingar hefðu gert við aðrar þjóðir, en því megum við sízt við á þeim tímum, sem nú eru.

Ég vil benda á þetta sama atriði nú, en tel sjálfsagt, að málið fái að ganga til n. og fái þar þá rannsókn og athugun, sem nauðsynleg er til þess að málið verði afgr. vansalaust frá þinginu. Fyrir mitt leyti álít ég, að þessi stefna sé rétt, ef mögulegt er að framkvæma hana á þann hátt, að hún brjóti ekki í bága við gildandi samninga, en tel, enn sem komið er, að það sé mjög vafasamt, að hún geri það ekki.

**Thor Thors:** Hv. þm. Mýr. hefir að mestu leyti tekið undir það, sem ég gat um í fyrstu ræðu minni, sem sé það, að millirikjasamningar væru að öllum líkindum því til fyrirstöðu, að frv. megi ganga fram, en ég hygg, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, að enginn vafi sé á því, að millirikjasamningar séu beinlínis því til fyrirstöðu, að frv. megi ganga fram.

Hv. 1. flm. frv. vildi álíta, að þar sem ríkið ætti að taka einkarétt til strandferða, þá bryti þetta ekki í bága við millirikjasamninga. En við þetta er það að athuga, að það er búið að veita talsvert rúma undanþáguheimild frá þessu í frv. sjálfu, bæði í 2. gr. frv. og þar sem ákvæði er um, að l. skuli ekki ná til fiskiskipa og báta. Ég hygg því, að þær erlendar þjóðir, sem veita okkur rétt til strandferða hjá sér, mundu álíta hér beinlínis um brot að ræða á millirikjasamningum. En ef þessi viðtæka undanþága er ekki í frv., þá er það beinlínis hættulegt, þar sem vitað er, að íslenzka ríkið hefir sjálft ekki nándar nærri nægilegan skipakost til að annast strandferðir. Ég álít meira að segja, að ef frv. ætti að verða að l., — sem ekki er hægt vegna millirikjasamninga —, þá ætti undanþágan að verða miklu viðtækari. Ég vil benda á, að síðustu 2 árin hafa verið keypt til landsins 4 stór flutningaskip, sem fara meðfram öllum ströndum landsins, og væri býsna hjákátlegt, ef ætti með l. að fara að skylda þessi skip til að hækka fargjöld sín um 20% í skatt til ríkisins. Mönnum hefir verið það mikill fengur úti um land að geta ferðazt með þessum skipum milli hafna, þar sem fargjöldin hafa verið sérstaklega lág og sanngjörn. En þau mundu vitanlega hækka talsvert, ef þetta frv. næði fram að ganga.

**Bergur Jónsson:** Ég vil benda á, að þeir tveir hv. þm., sem hafa lýst því yfir, að þetta frv. bryti í bága við millirikjasamninga, hafa hvorugur fullyrt neitt um það, en talið það vafasamt. Þeir hafa engar sannanir fært fram, en aðeins látið í ljós, að ef til vill mætti finna þær.

Frv. með sömu meginreglu og þetta var flutt á síðasta þingi, og þá sýndi Sjálfstfl. málinu þá kurteisi að drepa það við 1. umr. Það varð til þess, að þetta atriði var ekki athugað í n. Nú vil ég mælast til þess, að d. sýni málinu þá kurteisi að vísa því til n., svo að þar verði hægt að rannsaka til fullnustu, hvort þýðir fyrir okkur Íslendinga að taka strandferðirnar hér við land í okkar eigin hendur, og um leið láta ekki erlendar þjóðir taka hundruð þús. úr höndum okkar, jafnframt því, sem ríkissjóður leggur stórfé til styrktar strandferðum. Þetta er mjög þýðingarmikið mál, en ég skal ekki segja um, hvort nú eru ástæður fyrir hendi til þess að framkvæma það, hvort skipastóll okkar er nógu stór til þess að hægt verði að haga svo ferðum, að full not komi af.

Það er áreiðanlegt, að hvað sem gert verður í þessu máli nú á þessu þingi, hlýtur endirinn að verða sá, að Íslendingar, svo framarlega sem þeir ætla sér að vera sjálfstæð þjóð einnig á þessu sviði, eiga að taka þetta mál algerlega í sínar hendur.

**Pétur Ottesen** óyfirl.: Ég vil, út af þeirri þungu ásökun, sem borin er á Sjálfstfl. í grg. þessa frv., af því að hann greiddi atkv. á móti því, að þetta mál gengi til n., taka fram þá ástæðu, sem lá til grundvallar fyrir því. Við, sem töluðum í þessu máli af hálfu Sjálfstfl., höfðum ýmislegt við frv. að athuga, og þar á meðal eitt atriði, sem hv. 1. flm. þessa máls sagði, að bætt væri úr með ákvæðinu í 6. gr., þar sem tekið er fram, að l. eigi ekki að ná til fiskiskipa eða báta. Í frv. í fyrra var þetta svo, að öll skip og bátar, sem ekki sigldu með ríkisstyrk, skyldu komast undir l. Ég benti þá á, að allt það fólk, sem ferðast milli Akraness og Reykjavíkur — en fólksflutningur þar á milli er mjög mikill og vaxkst stöðugt —, átti að skattleggja með því að leggja 20% á fargjaldið á þessari leið. Þetta er ákaflega ósanngjarnt, að leggja sérstaklega skatt á þau flutningatæki, sem engan styrk hafa úr ríkissjóði, en halda uppi ferðum til hagræðis fyrir fjölda marga menn. Hv. 1. flm. segir, að bætt hafi verið úr þessu með því að bæta við 6. gr. Mér skilst, eftir orðalaginu, að þetta eigi að ná til fiskiskipa og fiskibáta, en leggi maður

þann skilning í þetta, þá er samt engu bættara, því að t. d. sá bátur, sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur og annast allan þann mikla fólksflutning, sem þar er á milli, fæst alls ekki við fiskiveiðar, og er þess vegna engin bót ráðin með þessu ákvæði frv. fyrir hann. Úr þessu mætti bæta með því að orða þetta á þá leið, að öll skip og bátar, sem annast fólksflutning hér við land, skuli undanþegin skatti.

Annað atriði í frv. í fyrra var þannig, að með því var beinlínis verið að vinna á móti Eimskipafélagi Íslands. Sá skilningur byggðist á því atriði 2. gr. — sem nú er óbreytt frá því í fyrra —, að á meðan ríkið hefir ekki nægan skipastól til að annast fólksflutninga hér við land, þá eigi þessi skattur að greiðast, með þeim undantekningum, sem í frv. eru. Það virtist gefið í skyn með þessu, að að því bæri að keppa, að ríkið tæki í sinar hendur allan fólksflutning við strendur landsins, og þar með fara í samkeppni við Eimskipafélag Íslands og taka af því allan fólksflutning, sem vitanlega hefir verið undirstaðan til þess, að það gæti annazt vöruflutninga á afskekktari staði landsins á tiltölulega ódýran hátt. Þetta mátti líta svo á, að verið væri að reiða til höggs við Eimskipafélag Íslands.

Það var þegar af þessum tveimur ástæðum, að Sjálfstæðisfl. hafði mikið við frv. að athuga, en það, sem reið baggamuninn, voru þó ekki þessi atriði, heldur yfirlýsing formanns utanrmn. um það, að hér væri um að ræða brot á millirikjasamningum. Form. utanrmn., hv. þm. Mýr., færði full rök fyrir því, að þessi staðhæfing um brot á millirikjasamningunum væri rétt. Hann benti á, að hér væri um gagnkvæma samninga að ræða, og nefndi í því sambandi það atvik, að íslenzku skipi hefði verið neitað um að flytja farþega milli hafna við Noregsstrendur og hefði verið kært yfir því til utanríkisráðuneytisins norska, sem síðan hefði beðið afsökunar fyrir hönd Norðmanna og lofað, að þetta skyldi ekki koma fyrir aftur.

Þar sem í frv. var um augljóst brot á millirikjasamningum að ræða samkv. áliti form. utanrmn. og margra annara, taldi Sjálfstfl. það skyldu sína að stöðva málið og innti því af hendi þetta sjálfsagða hlutverk. Hefi ég gert fulla grein fyrir því, að því fer mjög fjarri, að Sjálfstfl. sé ámælisverður fyrir afskipti sín af málinu á síðasta þingi.

**Flm. (Gísli Guðmundsson)** óyfirl.: Það má heyra á ræðum þeirra hv. þm., er hér hafa talað, og eigi sízt hv. þm. Borgf., að Sjálfstfl. þykir eigi vanþörf á að gera grein fyrir þeirri óvenjulegu framkomu sinni í fyrra að neita þessu máli um athugun í nefnd. Það var rétt, sem hv. þm. Barð. tók fram, að slíkt háttalag er ekki venjulegt hér, þegar um stórmál er að ræða. Þá má benda á, að það virðist fullkominn óþarfi af hv. þm. Borgf. að vera að tala hér um atriði í frv., sem nú er búið að breyta. Það er undarleg skoðun hjá þessum hv. þm., að hann virðist líta svo á, að ef þm. hafa eitthvað við einstakar gr. frv. að athuga, þá sé rétt að koma í veg fyrir, að frv. gangi til n. Mundi hitt ekki vera eðlilegra, ef frv. gengur í rétta átt, að hugsanlegir gallar séu teknir til athugunar og umbóta, ef þörf þykir á? Þá er það mjög fráleitt hjá hv. þm. Borgf. að halda því fram, að frv. sé stefnt gegn Eimskipafélagi Íslands, því að frv. stefnir miklu fremur að því að styðja Eimskipafélagið.

Hv. þm. sjálfstæðismanna bera það mjög fyrir sig hér, að form. utanrmn., hv. þm. Mýr., hafi gefið þær upplýsingar í fyrra, að vafasamt væri, hvort frv. gæti staðizt vegna samninga við önnur ríki. En það var ekki hv. þm. Mýr., sem var á móti því, að frv. væri athugað í n. Þó að hann væri í vafa um, hvort það fengi staðizt, sýndi hann þá sjálfsögðu skynsemd að vilja vísa því til n., til þess að hið rétta kæmi í ljós. En það var Sjálfstfl., sem ekki vildi vísa málinu til n. Ef til vill hafa verið til þess einhverjar ástæður, sem ekki eru enn komnar í ljós. Ef slíkar ástæður eru fyrir hendi, væri æskilegt, að hv. þm. gerði grein fyrir þeim. Ég tel alveg sjálfsagt, að Alþingi athugi í fullri alvöru, hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að bægja þeim voða frá íslenzkri útgerð, sem nú steðjar að, og hvaða ráð verði fundin til þess að draga úr þeim geysilegu útgjöldum, sem ríkissjóður nú hefir af samgöngum á sjó. Vildi ég mega vænta þess, að þjóðrækni þeirra manna, sem við kosningarnar í vor skreyttu bíla sína með íslenzkum fánum, hafi vaxið svo síðan á síðasta Alþingi, að þeir fallist nú á að vísa málinu til n.

**Thor Thors:** Báðir hv. flm. þessa frv. hafa látið það koma fram í ræðum sínum, að þeim hafi verið kunnugt um andstöðu síðasta þings gegn frv. og að talið var, að það bryti í bága við millirikjasamninga. Samt bera þeir frv. fram og segja, að ef vafi leiki á um málið, sé rétt, að Alþingi taki það til meðferðar. En því hafa þeir ekki sjálfir rannsakað málið og reynt að gera sér ljóst, hvort þeir væru að gera tilraun til að brjóta millirikjasamninga með flutningi frv.? Það hefði verið þeim miklu sæmra en að koma með málið hingað til þess að „tefja dýrmætan tíma þingsins", eins og Nýja dagbl. orðar það. Um þjóðræknina vil ég segja hv. þm. N.-Þ. það, að ég tel það fyllsta þjóðrækni að standa við gerða samninga við aðrar þjóðir. Hinn minnsti vafi á því, hvort Alþingi vildi standa við gerða millirikjasamninga, yrði eigi þjóðinni til vegs, heldur til að setja á hana skrælingjastimpil.

**Ólafur Thors:** Hv. þm. Snæf. hefir að mestu tekið fram það, sem ég vildi segja. Ég verð að segja, að mér finnst það blátt áfram hlægilegt, þegar þessir hv. þm. koma með reigingi og bregða Sjálfstfl. um ókurteisi fyrir að vísa málinu ekki til nefndar, þegar fyrir lágu óyggjandi upplýsingar um það, að með frv. væri stefnt að því að brjóta millirikjasamninga. Alþingi gat ekki annað gert en að vísa málinu frá.

Ég vil beina því til hv. 1. flm., sem hefir verið að víta málþóf hér í deildinni, að það situr ekki sem bezt á honum að gera sér leik að því að flytja frv., sem beinlínis eru höfð að athlægi. Hann flutti eitt slíkt frv. fyrir skömmu, sem fór til nefndar. Hefir nú n. skilað áliti sínu um þetta merkilega frv. Það er á þskj. 134 og hljóðar svo:

„Nefndin hefir athugað mál þetta og leggur til, að það verið afgr. með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá: Þar sem deildin lítur svo á, að 5. gr. laga nr. 79 frá 19. júní 1933 nái einnig til þessara frystihúsa, sem byggð verða eftirleiðis, þar til öðruvísi verður ákveðið, telur hún breytingu á þeim óþarfa og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá".

Frv. er sem sé vísað frá sem hverri annari vitleysu. Svo er þessi hv. þm. að reigja sig og bregða Sjálfstfl. um óþjóðrækni. Hann ber þó von í brjósti um það, að þjóðræknin hafi vaxið á Alþingi með þessu nýja liði og að frv. fái nú að fara til nefndar. Þó að ég líti nú svo á, að deildarsöfnuðurinn hafi ekki beinlínis prýkkað, óska ég að sjálfsögðu, að þjóðræknin hafi farið vaxandi. En hins vildi ég eigi síður óska, að vitleysan á Alþingi færi eigi vaxandi, svo að ekki þyrfti að eyða tímanum í svona frv.

**Flm. (Gísli Guðmundsson)** [óyfirl.]: Ég get ekki látið hjá líða að víkja nokkrum orðum að hv. þm. G.-K. út af því, sem hann minntist á frystihúsafrv. mitt, þó að það sé óviðkomandi því máli, sem nú er á dagskrá. En það, sem hann sagði um meðferð þessa máls í landbn., kemur af vanþekkingu hans. Hann hefir aldrei sett sig inn í landbúnaðarmál og hefir ekkert vit á þeim, og er það að vísu svo um ýms fleiri mál. En frv. flutti ég í þeim tilgangi að fá því yfirlýst, að ákvæðin í lögunum frá 1933 um styrk til frystihúsa giltu einnig um þau frystihús, sem byggð væru hér eftir. Með afgreiðslu hv. landbn., sem ég sætti mig vel við, tel ég mig hafa náð tilganginum með frv. Annars ætti hv. þm. G.-K. að tala sem minnst um ómerkileg frv., því að ekki hefir annar þm. flutt meira áberandi ómerkileg frv., og hafa þau stundum verið skreytt með langri grg.

Það mátti heyra á hv. þm. Snæf., að hann hafði vonda samvizku út af aðförum Sjálfstfl. í fyrra, og get ég skilið það um hann, því að ég ætla, að hann sé samgjarnari maður en hv. þm. G.-K. Hann spurði, hvernig stæði á því, að við hefðum ekki rannsakað þetta mál sjálfir. Auðvitað höfum við gert það, en hitt er eftir að vita, hvort skoðanir okkar á þessu máli fara saman við skoðanir meiri hl. Alþingis. Þessi ásökun hv. þm. Snæf. í garð okkar flm. var því ástæðulaus. Ættu nú hv. sjálfstæðismenn að láta þessar umr. sér að kenningu verða og bæta ráð sitt.

**Bergur Jónsson:** Hv. þm. Snæf. ásakar okkur flm. þessa frv. fyrir að hafa ekki rannsakað, hvort millirikjasamningar væru því til fyrirstöðu, að málið gæti náð fram að ganga. En hvað gerði Sjálfstfl. í fyrra? Hann neitaði, að nefnd fengi málið til rannsóknar. Nú gefum við flokknum tækifæri til að bætra sig og vinna að því, að málið verði rannsakað til hlítar.

Hv. þm. G.-K. fullyrti, að það væri alveg óyggjandi, að millirikjasamningar væru því til hindrunar, að málið gengi fram. En ekki verður séð af ræðu hans annað en að hann tali hér út í bláinn. Hann hefir engar slíkar sannanir í höndum, annars mundi hann ekki sitja á þeim. En færi nú svo, að n. kæmist að þeirri niðurstöðu, að millirikjasamningar væru því til hindrunar, að við gætum tekið strandferðirnar að öllu leyti í okkar hendur, þá er sú lausn fyrir hendi að breyta millirikjasamningunum á þann veg, að þeir séu ekki til fyrirstöðu. Sjálfstfl. með sinu fagra nafni og stefnuskrá ætti að vera þetta mjög ljúft, og er því ótrúlegt, að menn úr þeim flokki vilji ganga fram fyrir skjöldu í mótstöðu við málið. Ekki þyrfti að óttast, að við biðum neinn halla af slíkri breyt., því að það kemur ekki til mála, að við rekum strandsiglingar við önnur lönd. Þetta tal andstæðinga frv. um, að millirikjasamningar hafi skert svo sjálfstæði vort, að vér getum ekki einu sinni ráðið sjálfir strandsiglingum vorum, að svo miklu leyti, sem ónógur skipakostur hindrar eigi, er greinilega út um bláinn, því þeir vita ekkert um slík samningsatriði. — Ef slík ákvæði eru fyrir hendi, er þar aðeins um þröskuld að ræða, sem yfir þarf að stiga.

**Ólafur Thors:** Ég þarf ekki að flytja langt mál. Hv. þm. Barð. hélt því fram, að það væri ósannað mál, að millirikjasamningar væru þessu frv. til hindrunar. En um þetta liggur fyrir alveg skýlaus yfirlýsing form. utanrmn., enda er þetta alveg tvímælalaust.

Ég mun eigi deila við hv. þm. N.-Þ. um, hversu gott vit ég hafi á landbúnaðarmálum. En ég hefi þó áreiðanlega meiri reynslu í því efni en hann eftir 10 ára þingsetu. Ég mun eigi heldur bera mig saman við hann eða jafna mér við hann að því er snertir manngildi, menntun og þekkingu. Í því efni kysi ég mér fremur að jafnast við annan mann en hann. Ég gat um hina háðulegu útreið, sem frv. hans um frystihúsin fékk hjá landbn. Ég hefi víst hitt þar á auman blett. Þetta mun hafa verið jómfrúfrumvarp hans, og því hefir það tekið hann sárt að fá það endursent frá landbn. sem gamaljómfrú. En það er fremur skopleg skýring hjá þessum hv. þm., er hann segir, að hann hafi borið frv. fram í því skyni, að því væri vísað frá og honum sagt, að þetta væri í lögum áður. Þetta er svo broslegt hjá hv. þm., að það gerir ekki annað en að auka á háðung hans.

**Bjarni Ásgeirsson:** Ég vil láta hv. þm. vita, að mér sýnist ástæðulaust að vera að vitna í mig sem bibliu í þessu máli sérstaklega — nema þeir vildu þá gera það í fleiru. En sem form. landbn. og frsm. þess máls, sem dregið hefir verið inn í þessar umr., þó að það sé með öllu óskylt því máli, sem á dagskrá er, vil ég gefa þær upplýsingar, að n. leit svo á, að full ástæða hefði verið til þess, að hv. þm. N.-Þ. skildi lögin um frystihús svo sem hann gerði. En ef rökst. dagskráin verður samþ., er slegið föstum skilningi þingsins á þessu máli. Hv. þm. G.-K. veit vel, að mörg mál má skilja á tvo vegu, en ef löggjafinn sjálfur slær því föstu í eitt skipti fyrir öll, hvernig skilningur hann ætlast til að lagður sé í lögin, þá er málið útkljáð. Ef dagskráin hinsvegar verður felld, þá er ástæða til að orða lögin á annan hátt.

Út af deilunni um það, hvort frv. það, sem hér er á dagskrá, fer í bága við gildandi milli-

ríkjasamninga, skal ég geta þess, að ég aflaði mér gagna um það mál í fyrra og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri næstum ótvírætt, að frv. færi í bága við samningana. Hinsvegar tel ég mig ekkert „autoritet“ í þessu máli og álít því rétt, að fleiri athugi málið og skeri úr, hvort ég hafi haft rétt fyrir mér. Ég er, eins og ég sagði áðan, engin biblía og kæri mig ekkert um tilvitnanir í mína skoðun sem óyggjandi sannleika.

**Forseti (JörB):** Ég skal geta þess, að ég ætlast til, að hv. þm. haldi sig við það mál, sem nú er á dagskrá, og að ég óska ekki eftir frekari umr. um þskj. 134.

**Jóhann Jósefsson:** Ég verð að segja, að ég man ekki, hvaða till. það eru, sem eru á þskj. 134. Mér finnst hæstv. forseti ekki nærri nógu þakklátur hv. þdm., og þá sérstaklega hv. þm. N.-Þ., sem hefir verið hvað frekastur að kveðja sér hljóðs hér í deildinni. Hv. þm. Mýr. var að upplýsa, að hann væri engin biblía, sem hv. þdm. gætu vitnað í. (**BÁ:** Þess virtist líka full þörf). Það er ekki furða, þó hv. þm. fyndist hann þurfa að lýsa því yfir. — Ég sé ekki, hvort frv. muni koma verulega í bága við utanríkissamninga, en það er náttúrlega svo stórt atriði, að það þarf að athugast rækilega. En hv. þm. Mýr. var búinn að lýsa því yfir, að frv. þetta fari í bága við milliríkjasamninga, en ætlar nú á lipran hátt að smeygja sér út úr því, eftir því sem hægt er, svo málið fáist til nefndar. Ég sé satt að segja ekki, hvort það kemur erlendum ríkjum nokkuð við, hvort við skattleggjum þessa flutninga eða ekki, en ég tel mjög hæpið, að þjóðinni sé gerður nokkur greiði með því. Að hér sé um sérstakt sjálfstæðismál að ræða, er fullyrðing út í loftið, sem ekki hefir við neitt að styðjast. Eða finnst hv. flm. strandferðirnar vera í svo góðu lagi, að ástæða sé til að banna öllum erlendu skipunum að flytja fólk hafna milli, og við vera færir um að annast þær svo vel sé? Nei, samgöngurnar eru ekki í því lagi enn, og afleiðingin yrði því aðeins sú, ef þannig ætti að bægja fólkinu frá að nota önnur skip en þau íslenzku, að slíkt mundi valda því miklum óþægindum, og fólkið ferðaðist með erlendu skipunum eins og áður, en yrði að greiða hærri fargjöld, því skipin tækju skattinn með hækkuðum fargjöldum. Eða hvað finnst hv. þdm. um þá stefnu hæstv. stj. og hv. flm., að vinna að hvorutveggja í senn, að skera niður styrkinn til Eimskipafélags Íslands, einoka flutninga hafna á milli og hækka fargjöldin. Mér finnst því vera nægar ástæður, sem gera frv. óaðgengilegt, þó ekki bætist við, að brotin sé stjórnarskrá allra ríkja, þar sem eru milliríkjasamningarnir, sem hv. form. utanrmn. hefir fullyrt, að gert væri, þó hann sé að vísu engin biblía. Ég verð því að segja, að mér finnst þetta alls ekkert nytsemdarmál fyrir þjóðina. Það eina, sem hv. flm. myndu því áorka, ef frv. yrði samþ., er að baka fólkinu mikil óþægindi og aukin útgjöld og færa samgöngur á sjónum nær því, sem þær voru á miðöldunum. Það er svo sem ekki að furða, þó þessir hv. flm., sem að stj. standa, telji, að við getum látið okkur nægja járnbraut smáhafnanna og Esjuna. Það hefir ekki verið búið svo illa að strandferðunum undanfarin ár. Hv. flm. þurfa ekki að halda, að þeir með þessu komi höggi á Sjálfstfl. eða einstaka menn úr honum. Það verður að koma strandferðunum í það horf, að þær fullnægi flutningsþörfinni, áður en við förum að skattleggja fargjöldin eða amast við, að þær séu bættar, jafnvel þó það sé gert af útlendingum. Þá er eitt atriði enn, sem hv. þm. Snæf. dró fram og er hreint ekki svo lítils virði í sambandi við hinn nýja skipastól, sem er að rísa upp. Því þau þægindi, sem fólk gæti haft af að nota þau skip hafna milli, eru útilokuð, því þau mundu falla undir ákvæði þessa frv. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., því það voru einkum þessar stöðugu árásir á Sjálfstfl., sem komu mér til að standa upp. Og vildi ég þá sýna fram á, að frv. er jafnóhafandi, hvort sem það kemur í bága við erlenda samninga eða ekki. Það er ekkert atriði, hvort frv. fer til nefndar eða eigi, því það er sama, hvar það sofnar.

**Pétur Ottesen** óyfirl.: Hv. flm. þessa frv. hafa mjög beint því til andstæðinga sinna hér í d., að þeir ættu að bæta ráð sitt. En ég vil beina því til hv. flm. sjálfra, að þeim muni ekki veita af að bæta ráð sitt, og á það þó frekar við um hv. þm. Barð. en hv. þm. N.-Þ., þó ég á engan hátt vilji bægja frá honum því, sem hann á. En það var hv. þm. Barð., sem flutti þetta mál í fyrra ásamt hv. þáv. 1. þm. S.-M., núv. fjmrh., og fékk málið þann dóm þá, að það væri brot á milliríkjasamningum. Nú hefir hæstv. fjmrh. bætt ráð sitt, því hann hefir þó ekki viljað flytja frv. (**BJ:** Það er gott, ef einhver skánar). Já, og hv. þm. Barð. þyrfti þess með. Það þarf sjálfsagt ekki að gera ráð fyrir, að hv. flm. taki mikið tillit til þess, sem aðrir segja um þetta mál, þar sem þeir hafa ekki tekið trúanleg orð form. utanrmn. eða ekki leitað umsagnar hans um, hvort hér væri um brot á utanríkissamningum að ræða. Væri hér um brot að ræða, þar þeim að athuga í fyrsta lagi, hvað næðist við að segja upp þeim samningum, og í öðru lagi, hvað ynnist við að taka í eigin hendur fólksflutningana. Ef það hefði svo reynzt þannig, að það væri meira virði að taka flutningana, sem ég álít, að væri mikils virði fyrir okkur, þá hefði verið sjálfsagt að flytja þetta frv., en þó ekki fyrr en uppsagnarfrestur samninganna var útrunninn. Og það er einmitt út frá þessu, sem ég vil sérstaklega beina því til hv. þm. Barð., að bæta ráð sitt áður en hann fer að kenna öðrum.

Annað atriði, sem ég vildi minnast á, er í tilefni af þeim umr., sem spunnizt hafa út af því, að vitnað hefir verið til hv. þm. Mýr. í þessu máli, en hann lýst því yfir, að hann væri þar engin biblía. Ég hefi nú enga löngun til að gera samanburð á hv. þm. Mýr. og hinni helgu bók, biblíunni, án þess að gefa skýringu á, hvert tilefni hefir verið til þess. Eins og hv. þdm. er vitanlegt, hefir Alþ. kosið utanríkismálanefnd. Hvað meinti það með því? Henni er falin umsjón með öllum utanríkismálum milli þinga. Hún á að gæta réttar okkar og skyldu í öllum

viðskiptum ríkisins við erlendar þjóðir. Og þar sem hv. þm. Mýr. er form. í þessari n. og hefir lýst yfir, að frv. færi í bága við erlenda samninga, vitnaði ég í orð hans sem nokkurskonar biblíu Alþingis. Því þegar form. þeirrar n., sem falið er jafnmikilsvert starf og hér er um að ræða, hefir gefið skýlausa yfirlýsingu um, að frv. sé brot á millirikjasamningum, verð ég að telja alveg óforsvaranlegt að taka ekki fullt tillit til þess. Sjálfstfl. gat því ekkert annað réttara gert en að vísa á bug hverri þeirri tilraun, sem fór í þá átt að brjóta eða lítilsvirða þá samninga, eins og hann gerði þegar frv. þetta var borið fram hér á Alþ. síðast.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:10 atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 12. Ferðamannaskrifstofa.

Á 13. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu** (þmfrv., A. 113).

Á 15., 16., 17. og 18. fundi í Nd., 20., 22., 23. og 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 25. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Þetta frv. hefir borizt allshn. frá hæstv. atvmrh., og er það samið af skipulagsnefnd atvinnumála. Meiri hl. allshn. hefir orðið ásáttur um flutning þess. Um einstök atriði frv. hafa nm. þó óbundin atkv. og kunna að koma með brtt. Samkv. grg. frv. er það tilgangur þess að stofna ferðamannaskrifstofu hér á landi, til þess að greiða fyrir erlendum ferðamönnum og beina ferðamönnum til landsins og með því auka hingað peningastraum. Þetta frv. á í fyrsta lagi að veita útlendingum sem mesta fræðslu um landið. Skrifstofunni er ætlað að veita fróðleik um landið með það sérstaklega fyrir augum, að vekja athygli ferðamanna á því. Skrifstofan á að sjá um, að birtar verði auglýsingar í þessu skyni. Þar að auki á hún að sjá um, að búið verði vel að ferðamönnum meðan þeir dvelja hér og þeir ekki braktir frá vegna of hárra gjalda, t. d. hvað snertir flutninga á landi. Ferðaskrifstofunni á að vera heimilt að heimta gjaldskrár af einstökum mönnum, gistihúsum og bifreiðaeigendum í þessu skyni. Geti skrifstofan ekki komizt að samkomulagi við hlutaðeiganda um gjaldskrá, þá á að setja n. til að úrskurða í málinu. Skrifstofunni ber að sjá um, að fyllsta hreinlæti sé um hönd haft og fyllstu prúðmennsku gætt í viðskiptum við erlenda ferðamenn. Yfirleitt gera allt, sem unnt er, til þess að þeim megi verða dvölin hérlendis sem ánægjulegust og gagnlegust og fái sem bezt notið þeirrar fegurðar, sem náttúra landsins hefir að bjóða.

Í frv. er það tekið fram, að ríkið geti falið þetta starf einhverri þeirri ríkisstofnun, sem starfandi sé. En ég hefi ekki getað látið mér detta í hug nokkra þá starfandi ríkisstofnun, sem þetta gæti orðið sameinað, og geri því ráð fyrir sérstakri skrifstofu til að annast þessi mál. Með þessu frv. er ekki verið að grípa fram fyrir hendurnar á einstaklingsframtakinu um að koma á fót slíkri skrifstofu. Hér er einungis um heimildarlög að ræða til að gera hið allra nauðsynlegasta í þessu máli, ef einstaklingarnir vanrækja að inna það af höndum. — Ég vona, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr.

**Jóhann Jósefsson:** Þetta mál er vert allrar athygli, og það er sjálfsagt rétt að gera það, sem unnt er, til þess að örva hingað hollan ferðamannastraum og sjá til þess, að ferðafólkinu getist að landinu og kynning landsins eflist út á við, o. s. frv. Ég sé hvergi beinlínis gert ráð fyrir því í þessu frv., að skrifstofan fái nokkrar tekjur, en það er hinsvegar ljóst, að skrifstofa með slík verkefni hlýtur að kosta talsvert fé. Það er á það drepið, að einhverjar tekjur muni fást fyrir auglýsingar í væntanlegum bæklingum, sem skrifstofan gefi út, en allt er það óákveðið. Ég vildi láta þess getið hér við þessa umr., að ég tel rétt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi það, sem ég nú hefi bent á. **(BJ:** Frv. kemur frá n.). Þá vil ég mælast til þess, að hv. n. athugi, hvort ekki er unnt að tryggja þessa stofnun svo fjárhagslega, að hún yrði ekki beinlínis byrði. Svona stofnun mun alltaf kosta töluvert fé.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég vil taka það fram út af orðum hv. þm. Vestm., að allshn. mun taka þetta til athugunar og rannsaka, hvernig tekjur og gjöld koma til með að standast á, og hvort ekki þyrfti í frv. að ákveða skrifstofunni framlag úr ríkissjóði.

Ég vil geta þess hér, að allshn. hefir borizt erindi frá bifreiðastjórafélaginu „Hreyfill", þar sem lagt er til, að frv. nái staðfestingu Alþ., en ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta erindi upp hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 24., 41., 42., 43., 44., 45., 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52. og 53. fundi í Nd., 31. okt., 20., 21., 22., 23., 24., 28., 29., 30. nóv., 4., 5., 6. og 7. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 113, 224, 249, n. 272).

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég á nokkrar brtt. við frv. þetta á þskj. 224 og miða þær að því að breyta frv. allmikið. En áður en ég fer út í þær, ætlaði ég að segja fáein orð um málið almennt og nauðsynina á því að setja á stofn slíka ferðamannaskrifstofu og hér er ætlazt til. Í nál. er aðeins gert ráð fyrir heimild til þess að setja slíka skrifstofu á stofn, og þykir mér það benda til þess, að hv. n. hafi ekki verið nægilega ljós þýðing þessa máls. Allir vita, hvílíkt gagn getur verið að ferðamannastraumnum til landsins. Flestar nágrannaþjóðir okkar gera mikið til þess að hæna ferðamenn að, svo að þeir komi og eyði fé sínu í landinu. Flestir þeirra, sem ferðast svona, hafa við góð efni að búa og skilja oft talsvert fé eftir þar, sem þeir ferðast um. Að margra dómi er Ísland sérstaklega vel fallið til þess að verða ferðamannaland. Er lítið gert til þess að lokka erlenda ferðamenn hingað og búa svo að þeim, að þá fýsi að koma til landsins. Ferðamannastraumurinn til Íslands eykst lítið, og bendir það til þess, að eitthvað vanti til þess að draga ferðamennina að. Það, sem þar veldur mestu um, er hvað landið er lítið auglýst og yfirleitt lítið gert fyrir ferðamennina. En það er ekki von, að einstakir menn geti lagt mikið fé fram til þess að auglýsa landið, eða búa svo að ferðamönnunum, að viðunandi sé. Ríkið verður því að taka í taumana og setja upp ferðamannaskrifstofu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að auka ferðamannastrauminn, með því að auglýsa landið og gera þeim dvölina hér sem bezta. Hefir þetta verið tekið fram bæði í grg. frv. og hjá ýmsum hv. þm. fyrr og síðar undir umr. Þar sem hvorki meiri hl. eða minni hl. n., sem báðir hafa skilað áliti, hefir enn gert grein fyrir sínum till., sé ég ekki ástæðu til þess að ganga inn á að ræða þær nú. En ég á hér nokkrar brtt., sem ég skal þá gera grein fyrir. Ég tel það í fyrsta lagi galla á frv., að það á aðeins að vera heimildarlög, en það ákveður ekki, að ríkið skuli setja ferðamannaskrifstofuna á stofn. Það ætti þó ekki að vera neinn vandi að átta sig á því, hvort rétt sé, að ríkið geri það eða ekki. Finnst mér engin ástæða til þess að hafa þetta aðeins heimild, en ekki fast ákvæði. Eins og brtt. mín sýnir, vil ég, að í stað þess sem frv. gerir aðeins ráð fyrir þessu sem heimild, verði fastákveðið, að ferðamannaskrifstofan skuli sett á stofn. Önnur brtt. mín er við 2. gr. frv., og hljóðar fyrri liðurinn um, á hvern hátt eigi að framkvæma það, sem gr. talar um; en síðari liðurinn er aðeins orðabreyting. Við 3. gr. frv. er engin brtt.

Þá legg ég til, að í stað 4. gr., sem hljóðar um heimild ferðamannaskrifstofu ríkisins til þess að heimta gjaldskrár af öðrum skrifstofum einstakra manna, komi gr. um, hvernig skrifstofunni skuli veitt forstaða, og miðar að því að byggja frv. betur upp.

Í staðinn fyrir 5. gr. frv., sem hljóðar um, að ferðamannaskrifstofa ríkisins skuli hafa eftirlit með rekstri gisti- og veitingahúsa, einkum að því er snertir hreinlæti og umgengni, gerir brtt. ráð fyrir, að kom ný gr., svo hljóðandi:

„Ferðamannaskrifstofan hefir yfirumsjón með því, að ferðamönnum, innlendum og útlendum, sem þess óska, veitist hverskonar farbeini. Hún gerir samninga við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða, hesteigendur, svo og umráðamenn annara farartækja, um flutning á ferðamönnum og um fargjöld.

Ferðamannaskrifstofa ríkisins skal stuðla að því í hvívetna að örva straum ferðamanna til landsins og um landið, til aukinna hagsmuna fyrir landsmenn. Jafnframt skal hún ávallt hafa gát á því, að viðskiptum landsmanna við ferðamenn sé í hóf stillt og að þau séu drengileg".

Næsta brtt. er við 6. gr. Samkvæmt frv. hefir ríkisstj. heimild til að láta einhverja af ríkisstofnunum þeim, sem þegar eru starfandi, hafa skrifstofuna með höndum. En brtt. ætlast til, að ferðamannaskrifstofan sé algerlega sjálfstæð stofnun. Ef hún á að koma að gagni, mega það ekki vera hjáverk annara stofnana. Einnig gerir brtt. ráð fyrir, að gjald sé tekið af ferðamönnum til þess að standa straum af kostnaðinum, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að ríkissjóður beri tap eða gróða, sem verða kann af rekstrinum. Þá er ennfremur gert ráð fyrir, að atvmrn. ákveði nánar í reglugerð um fyrirkomulag og rekstur skrifstofunnar að öðru leyti. Loks er lagt til, að fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um ferðamannaskrifstofu ríkisins.

Ég býst við, að ýmsum hv. þm. kunni að þykja athugavert að taka gjald af ferðamönnum fyrir þær leiðbeiningar, sem skrifstofan veitir, og finnist það á einhvern hátt óviðeigandi. En gjaldið þarf alls ekki að vera svo hátt, að það komi að sök eða fæli erlenda ferðamenn frá að koma til landsins. Hefi ég hugsað mér, að reikningar ferðamanna væru stimplaðir með t. d. 2—5%, eftir því, sem þörf krefði til þess að bera uppi kostnað af skrifstofunni. Það er ekki gott, að ríkið þurfi að bera af skrifstofunni beinan kostnað, en ekki heldur ástæða til þess, að það græði. Þess vegna á að stilla gjöldum þeim, sem lögð eru á ferðamennina, svo í hóf, að þau aðeins beri uppi kostnað af skrifstofunni. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta fyrr en frsm. meiri og minni hl. hafa látið til sín heyra.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson)** (óyfirl.): Það var fyrir alllöngu, að allshn. tók til meðferðar brtt. á þskj. 224 og ræddi þær allýtarlega. Var þá ákveðið af 4 nm., sem viðstaddir voru, að leggja á móti, að þær yrðu samþ. Var það byggt á því, að n. taldi nægilegt, að hér væri um heimild að ræða fyrir ríkisstj. til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu, ef einstakir menn tækju sig ekki fram um það, en ástæða þætti til að gera sérstakar ráðstafanir til að auka ferðamannastrauminn. En brtt. á þskj. 224, sem fyrirskipar að setja skrifstofuna á stofn, og aðrar brtt. í sambandi við hana finnst okkur því ekki ástæða til að taka upp. Allshn. hefir ekki borið fram nema aðeins eina brtt. á þskj. 249, við 6. gr. frv., og miðar hún að því að fela atvmrh. að ákveða nánar með reglugerð um fyrirkomulag og rekstur ferðamannaskrifstofu ríkisins. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta. Þó vil ég geta þess, að það kom einn

einkennilegur hlutur fyrir í n. Einn hv. nm., sem var viðstaddur á fundi n. þegar mál þetta var rætt, lýsti yfir, að hann væri meiri hl. samþ. um frv., en nú hefir hann skrifað undir minnihl.-álit með öðrum samflokksmanni sínum úr n., sem ekki var viðstaddur, og leggur til, að frv. verði fellt, eða vill a. m. k. ekki eiga þátt í samþ. þess. Þessi nm. er hv. 8. landsk., og geri ég ráð fyrir, að hann viðurkenni þetta. Er þetta mjög óviðkunnanleg framkoma, sem sjálfsagt stafar af því, að þm. er ungur og óvanur þingstörfum og veit ekki, að það er talin skylda að standa við það á þingi, sem samþ. er í n. Ég skal játa, að það var yfirsjón að setja í brtt. n., að hún væri frá allshn., þar sem þm. Snæf. var ekki viðstaddur. En ég gerði ráð fyrir, vegna þess hve hv. 8. landsk. samþ. hana greiðlega, að samflokksmaður hans, hv. þm. Snæf., mundi einnig vera með henni. En hv. þm. Snæf. hefir reynzt það sterkari en hv. 8. landsk., að hv. 8. landsk. hefir orðið að skrifa undir álit gagnstætt því, sem hann áður var búinn að samþ. Vona ég, að slíkt komi ekki oftar fyrir hv. þm., og skal ekki orðlengja frekar um þetta. Meiri hl. allshn. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir með brtt. á þskj. 249.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Það var þó gott, að náðist í hv. þm. Barð. til þess að koma með vísvitandi ósannindi inn í d. Skal ég strax taka þessi ummæli hv. þm. til athugunar. Það, sem gerist í málinu, er það, að svokölluð skipulagsnefnd atvinnumála sendir allshn. frv. þetta og mælist til, að n. flytji það. Því var strax mótmælt af mér og hv. þm. Snæf., enda ber frv. með sér, að það er flutt af meiri hl. allshn. Þess vegna tók minni hl., ég og hv. þm. Snæf., ekki þátt í flutningi þessa máls. Til 2. umr. komu svo fram brtt., sem gerbreyta frv., ef samþ. verða. Á fundi allshn. voru allir nm. sammála um að vera á móti þeim. Ég veit því ekki, hvers vegna hv. þm. kemur hér með þessi ósannindi. Það var ekki verið að taka afstöðu til frv., heldur aðeins brtt. frá þm. A.-Sk., og ég taldi hana til bóta, ef frv. skyldi verða samþ., enda ekki sjaldgæft, að menn greiði atkv. með brtt., þó þeir greiði svo atkv. móti frv. í heild. Fyrir stundu voru þeir hv. þm. Barð., hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. að segja við mig, að ég hefði skipt um skoðun, en ég tók það ekki alvarlega, hélt, að þeir væru að segja það að gamni sínu, því vitanlega var það aðeins brtt., sem vísað var til n. og þar var rætt um. En svo kemur hv. þm. Barð. fram og segir, að ég hafi breytt um skoðun, af því að ég sé ungur og óvanur þingstörfum. Ég hefi að vísu ekki setið lengi á þingi, en ég held, að menn þurfi yfirleitt ekki að sitja þar lengi til þess að vita almennar reglur og jafnsjálfsagðan hlut eins og þann, að fylgja sinni skoðun, hafi maður tekið ákveðna afstöðu til málsins, enda hefi ég alls ekki breytt hér um skoðun. En þessum hv. þm., sem hlekkjaður er í handjárn sósíalistanna, ætti þó að geta skilizt, að andstæðingar hafa skoðanir, sem þeir breyta ekki. Hitt er annað mál, að verði frv. samþ., þá er brtt. til bóta, og því er ég henni samþ.

Ég vil óska eftir, að hæstv. forseti sjái um, að hljóð fáist í d., því nú er svo háttað í ráðherraherberginu, að þeir 5—6 menn, sem sitja í d., heyra ekki það, sem sagt er. Væri því æskilegt, að hv. þm. annaðhvort kæmi inn í d. eða loki og hafi sinn eiginn fund. Ég vil benda hv. þm. Barð. á, að þó ég væri á móti frv., gat ég verið með brtt., sem meiri hl. kom fram með; er slíkt ekki óvenjulegt. Vil ég aðeins minna á frv. um fiskimálanefnd, sem nýbúið er að samþ., en minni hl. sjútvn. var á móti að flytja og flutti við það gagngerðar brtt. af því hann áleit þær til bóta, ef frv. yrði samþ. Ég er alveg hissa á hv. þm. Barð., að hann skuli gera sig jafnhlægilegan og barnalegan eins og hann gerir með því að segja, að ég hafi breytt um skoðun. Strax á fyrsta fundi n. lýsti ég því yfir, að ég væri á móti frv., en á þeim næsta var aðeins tekin afstaða til brtt., og sama dag var útbýtt nál. minni hl. undirskrifuðu af mér og hv. þm. Snæf. Eftir því hefði ég ekki aðeins einu sinni, heldur tvisvar sama daginn átt að skipta um skoðun.

Hv. þm. Barð. er að reyna að telja mönnum trú um, að hér sé aðeins um heimild að ræða fyrir ríkisstj. til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu. En ég geri ráð fyrir, að sú heimild yrði vafalaust notuð, því sú stj., sem nú situr, virðist hafa fulla tilhneigingu til þess að láta ríkið hafa afskipti af rekstri sem flestra fyrirtækja, en bægja einstaklingunum frá. Ég fæ því ekki skilið, hvers vegna meiri hl. n. vill ekki ganga inn á brtt. hv. þm. A.-Sk. og ákveða þetta strax sem ríkisrekstur, og taka þannig af skarið, því mér skilst, að það sé í fullu samræmi við stefnu stj.flokkanna. En verði frv. ekki fellt, er þó betra, að það feli í sér aðeins heimild en skyldu. Það, sem formælendur þessa frv. segja, að ferðamannaskrifstofan eigi að gera, er að veita fræðslu utan- og innanlands, til þess að vekja áhuga ferðamanna fyrir að ferðast um landið. Ég fæ ekki séð, að út af fyrir sig sé nauðsynlegt að setja á stofn sérstaka skrifstofu vegna ákvæða 2. gr. frv. Stjórnarvöldin geta á annan heppilegri hátt séð fyrir fræðslu um landið. Geta þau beitt til þess bæði útvarpi og fræðandi bæklingum, sem útbýtt væri á ferðamannaskrifstofur erlendis. Ég veit ekki betur en fyrrv. ríkisstj. hafi þannig beitt sér fyrir fræðslu um landið og greitt til þess nokkra upphæð úr ríkissjóði. Öllum konsúlum og umboðsmönnum ríkisstj. hafa verið sendar bækur, sem veita fræðslu um Ísland, og þeim falið að útbýta bókunum á ferðamannaskrifstofur og þangað, sem þær kynna landið bezt. Ríkisstj. hefir þannig beitt sér fyrir því, að útlendar ferðamannaskrifstofur fengju rit og leiðbeiningar um landið, svo sem ferðaáætlanir á sjó og landi o. fl. Ég fæ ekki séð, að 2. gr. frv. bæti nokkuð úr þessu frá því, sem nú er, en hún er meinlaus og mun því ekki valda neinum árekstri, þó hún verði samþ.

Ég vil benda á, að 2. málsl. 4. gr. frv. gerir ekki ráð fyrir að útiloka ferðamannaskrifstofur einstaklinga. Það er líka vitað, að þær skrifstofur starfa hér sem upplýsingaskrifstofur t. d. fyrir Bennet og Cook, og beita sér fyrir, að rit, er snerta Ísland sem ferðamannaland, séu látin útlendum ferðamannaskrifstofum í té ókeypis. Því

gæti svo farið, ef leggja ætti hömlur á, að ferðamannaskrifstofur yrðu reknar af einstökum mönnum, að þeir beiti sér ekki eins fyrir þessu á sinn kostnað, þegar allt væri óvíst um, hvort þeir nytu nokkurra gæða af því að hafa ferðamennina á sínum vegum. Skilst mér, að þeir mundu ekki leggja þar í þann kostnað, sem þeir annars gerðu. Ég álít því, að þær ferðamannaskrifstofur, sem nú starfa, hafi betri skilyrði í þessum efnum en þó að ríkið setti upp skrifstofu.

Ákvæði 3. gr. eru óþörf, því að hver útlendur ferðamaður, sem snýr sér til ferðamannaskrifstofa erlendis, getur fengið allar þær upplýsingar, er hann óskar, ókeypis gegnum þær, en ferðamannaskrifstofurnar hér heima standa hinsvegar í sambandi við erlendu skrifstofurnar.

Ég er ekki á móti því, að það opinbera hafi eftirlit með því, að eigi sé tekið of mikið gjald af erlendum ferðamönnum, er hingað koma, en hinsvegar álít ég, að það vald, sem gefið er með 4. og 5. gr., sé óeðlilega mikið. Ef einhver skrifstofumaður tekur það upp hjá sér að segja, að eitthvert gistihús viðhafi ekki nægilegt hreinlæti, þá skal því lokað.

Í sambandi við gjaldskrár vil ég geta þess, að flestir ferðamenn, er hingað koma, eru á vegum þeirra útlendu ferðamannaskrifstofa, sem ég hefi nefnt. Skrifstofurnar gefa upplýsingar um allar gjaldskrár, svo að túristarnir vita því fyrirfram, að hverju þeir ganga. Mér skilst því, að óþarfi sé að samþ. þetta frv. Það gerir ekkert gagn, en getur hinsvegar bakað ríkinu útgjöld. Þess ber og að gæta í þessu sambandi, að ferðamannastraumurinn hefir farið vaxandi hingað hin síðari ár, og það er því að þakka, að skrifstofurnar, er starfa hér, hafa beitt sér fyrir að auglýsa landið og hæna menn hingað. Þessi starfsemi mun blessast betur frjáls en með einokun, sem verður, ef frv. gengur fram. Viðvíkjandi till. hv. þm. A.-Sk. vil ég geta þess, að ég mun greiða atkv. á móti þeim. Ég álít það fjarstæðu að vera að tala um það í einu orðinu að hæna hingað erlenda ferðamenn, en í hinu, að leggja skuli á þá svo og svo mikið gjald, eins og hv. þm. ætlast til að gert verði, til þess að standa straum af ferðamannaskrifstofu ríkisins. Það er síður en svo, að ferðamenn girnist frekar að koma hingað, ef þeir vita, að þeir eiga að greiða kostnað skrifstofunnar hér, þar sem þeir vita, að erlendis geta þeir fengið allar upplýsingar ókeypis hjá skrifstofunum, er þar starfa. Þessar till. ganga því í öfuga átt.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Ég hefði nú kunnað betur við það, að hv. 8. landsk. hefði játað sök sína heldur en að vera hér með vífilengjur. Hann lýsti yfir því á fundi n., að hann væri samþ. afgreiðslu málsins. Brtt. hv. þm. A.-Sk. lágu þá fyrir, en þær var ekki hægt að ræða án þess að frv. væri rætt um leið. Fundurinn endaði á því, er við höfðum ákveðið að hafna till. hv. þm. A.-Sk., að hv. 8. landsk. gekk út og kvaðst samþ. afgreiðslu málsins. Ég vona, að hv. 2. þm. Reykv. og 1. landsk. muni eftir þessu. (**HV** og **StJSt**: Já, þetta er rétt).

Það er rétt hjá hv. 8. landsk., að hann og hv. þm. Snæf. vildu ekki verða flm. að frv. með okkur, en því merkilegra er það, að hann skyldi ganga inn á frv. á fundinum. Hv. þm. taldi það sönnun fyrir sínu máli, að frv. var ekki vísað til n. Það er ekki venja um mál, sem flutt eru af n., en það er þá því undarlegra, að hv. þm. skuli bera fram nál. í málinu. Hann virðist því hafa litið svo á, að málinu væri vísað til n., en ekki við.

Ég ætla ekki að fara hér inn á efni málsins, en ég vil aðeins benda á það, að 4. gr. frv. er sett til þess að hindra það, að okrað sé á erlendum ferðamönnum, er hingað koma, og 5. gr. stefnir að því, að tryggt sé, að þeim sé séð fyrir sæmilegum aðbúnaði. Ég mun ekki fara frekar inn á brtt. hv. þm. A.-Sk., en ég álít, að ekki eigi að einoka þessa starfsemi. Ríkið á því aðeins að grípa inn, að þörf krefji, en einstaklingum annars heimilt að reka þessa starfsemi.

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég hefi litlu að svara út af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, því að hann mælti lítið móti till. mínum. Það, sem aðallega virðist bera á milli, er það, hvort þessi löggjöf eigi að vera í heimildarformi eða ákveðin. Þess vegna er undarlegt, að háttv. n. skuli ekki hafa getað fallizt á brtt. mínar að öðru leyti. Ég vil, að löggjöfin sé ákveðin. Það er misskilningur, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að till. mínar færu í þá átt að einoka þessa starfsemi. Ég vil biðja hv. frsm. að benda á, hvar það kemur fram í till. Ég geri hinsvegar ráð fyrir, að ef slík skrifstofa er rekin á heilbrigðum grundvelli, þá færist öll þessi starfsemi smám saman í hendur hennar.

Þá vil ég snúa mér að hv. frsm. minni hl. Hann sagði, að ríkisstj. hefði beitt sér fyrir því að auglýsa landið, en árangur hefði orðið lítill. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Ég held, að lítið hafi verið gert að því að auglýsa landið sem ferðamannaland, og árangurinn líka eftir því. Ferðamannastraumurinn mun að vísu eitthvað hafa aukizt að því leyti hin síðari ár, að fleiri ferðamannaskip hafa komið hingað til landsins, sérstaklega síðastl. sumar, sem mun aðallega stafa af því, að hafnargjöld voru lækkuð fyrir slík skip, og kom það fyrst til framkvæmda síðastl. sumar. En það er ekki aðalatriðið, að mörg ferðamannaskip komi hingað og standi hér við í 1—2 daga, þótt ég mæli ekki á móti því, að það sé gott. Aðalatriðið er að fá menn til þess að ferðast um landið, og að því verður bezt unnið með því að auglýsa það og benda á, hve mikla náttúrufegurð það hefir upp á að bjóða, og benda á hina ýmsu staði, sem eru sérkennilegir að tign og fegurð.

Þá hneykslaðist hv. frsm. minni hl. á því, að gert er ráð fyrir í till. mínum, að lagt sé gjald á ferðamenn til þess að standast kostnað við skrifstofuhaldið. Taldi hann, að aðrar skrifstofur gerðu það ekki. Ég vil nú spyrja hv. þm., hvort hann álíti ekki, að fé það, sem fer til þess að reka þessar skrifstofur, sé tekið af ferðamönnum. Það má vera, að það sé tekið á annan hátt, með því t. d. að leggja það á farbeina, er veittur er ferðamönnum, en ég veit ekki til þess, að þessar skrifstofur hafi aðrar tekjulindir. Ég álít það

heilbrigt, að lagt sé örlitið gjald á ferðamenn í þessu skyni, sem hvern einstakan munar ekkert um.

Ég man ekki eftir, að það væri fleira, sem ég þarf að svara. Ég vil benda á það, að hv. þm. Barð. gat ekki mælt á móti brtt. minum. Mér skilst, að hann geti fallizt á þær, en telji hinsvegar, að ná megi því, er þær ætlast til, með því að taka það *fram í reglugerð*. En ef *minar* brtt. verða samþ., þá er frv. byggt upp eins og vera bera um slík frv. Það er byrjað á byrjuninni og endað á endinum. En það er tæplega hægt að segja um frv. eins og það er, að það sé byggt upp á réttan hátt.

**Frsm. minni hl. (Garðar Þorsteinsson)** [óyfirl.]: Hv. þm. Barð. hafði ekki fyrir því að fara inn á efni frv., heldur tók hann þann kostinn að slá sér upp á ósannindum. Þá er það og í fullu samræmi við annað hjá hv. 2. þm. Reykv. að bera hér ósannindum vitni. Á 7. fundi allshn. var frv. um ferðamannaskrifstofu tekið fyrir. Meiri hl. n. ákvað að flytja frv., en minni hl. var því mótfallinn. Eftir að frv. hefir gengið gegnum 1. umr. hér í hv. d., er því ekki vísað til n. Á 11. fundi allshn., þriðjud. 30. okt., eru allir mættir nema hv. þm. Snæf. Samþ. var að vera á móti till. hv. þm. A.-Sk. á þskj. 224, en samþ., að n. flytti eina brtt. við 6. gr. Að ég og hv. þm. Snæf. værum mótfallnir frv., var hinum í n. þegar kunnugt, enda er það bókað með eigin hendi hv. þm. Barð. Það, sem gert var á síðari fundinum, var ekki annað en að athuga þessar brtt., er lágu fyrir. Að ég hafi sagt, að ég væri sammála afgreiðslunni, þykir mér því trúlegt. Hér var ekki um aðra afgreiðslu að ræða en athugun á till., og brtt. við 6. gr. var ég samþykkur. Hvernig stóð á því, að minni hl. flutti nál.? Hv. þm. veit, að þetta er venja og hefir komið fyrir oftar en einu sinni. Í því sambandi má minna á frv. til l. um eftirlit með opinberum rekstri. Ég og hv. þm. Snæf. gáfum út nál. um málið, sem var minnihl.álit. Þá má geta um frv. til l. um útvarpsrekstur ríkisins, sem ekki var vísað til n., en hv. þm. Snæf. og ég fluttum nál. og brtt. við. Svo er þessi hv. þm. að gorta yfir því, að hann þekki allar þingvenjur, þótt hann verði sér hér til skammar hvað eftir annað. (**Forseti** hringir). Já, það er von að hæstv. forseti hringi, hann er náttúrlega jafnhneykslaður yfir þessu og ég. Annars vil ég benda hv. þm. Barð. á það, að hann grýtir úr glerhúsi, þegar hann er að tala um hringsnúning í málum. Þegar frv. til l. um verkamannabústaði var til athugunar í allshn., voru gr. þess teknar fyrir í réttri röð, frá byrjun til enda, og samkomulag um þær allar nema eina, sem sé það, hvort fleira en eitt félag *ætti að njóta* styrks. Ég og hv. þm. Snæf. vildum, að fleira en eitt félag nyti styrks, hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. vildu hinsvegar binda styrkinn við eitt félag. Hv. þm. Barð. var hinsvegar með okkur í þessu máli og kvaðst ekkert sjá á móti því, að fleira en eitt félag nyti styrksins. Hann kvað það vera svo t. d. á Patreksfirði, að þar væru bæði sjálfstæðismenn, sósíalistar og kommúnistar, og léti þeim ekki vel að vinna saman í félagi. Svo spyrst þetta út, og flokksmenn þessa hv. þm. sögðu, að nú væri Bergur búinn að svíkja. Ég get sannað, að víða var um þetta talað. Víst er um það, að hv. þm. S.-Þ. sást akandi í bíl með hv. þm. Barð. dag eftir dag, og niðurstaðan af bílakstrinum varð sú, að hv. þm. Barð. snerist algerlega í málinu og greiddi atkv. þvert ofan í fyrri yfirlýsingar sínar. (**BJ**: Hvaðan er þessi saga upprunnin?). Hún er kannske ekki sízt komin frá meiri hl. n., hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. landsk. Hv. þm. Barð. lét þvinga sig í þessu máli og svínbeygja undir ofurvald flokks síns. Þessi hv. þm. kastar því úr glerhúsi, er hann álasar öðrum fyrir breytta afstöðu. Ég er nú svo nýr hér á þingi, að ég þekki ekki öll þau önnur mál, sem hv. þm. hefir snúizt í, og verður að virða mér það til vorkunnar. Ég tek þetta fram hér vegna þess, að hv. þm. er að gera sig að endemi með því að tala um, að ég hafi snúizt í þessu máli, er hér liggur fyrir, enda þótt hann hafi með eigin hendi bókað það gagnstæða í gerðabók n. Hv. þm. ætti að geta trúað sinni eigin skrift.

**Bjarni Bjarnason**: Því miður hafði ég ekki veitt því athygli, að þetta mál væri hér á dagskrá í dag, og hefi því ekki haft þann undirbúning, er málið verðskuldar. Ég vildi, að það væri athugað, hvað það er, sem fyrst ber fyrir augu erlendra ferðamanna, sem hingað koma. Þrátt fyrir það, þótt einstök félög hér hafi verið búin að semja ákveðið við þá um ferðalög hér, hefir því verið riftað með nýju tilboði á Reykjavíkurhöfn. Ég tel það ósamboðið siðaðri þjóð, að hún taki svo við erlendum ferðamönnum, að einn hlaupi í kapp við annan til þess að bjóða niður ferðakostnaðinn. Ég teldi sæmra, að þeir, sem vilja þessum málum vel, stæðu saman um það, að ekki sé á þennan hátt tekið móti erlendum ferðamönnum, er hingað koma.

Nú er augljóst af grg. frv., að fyrir þeim vakir, er samið hafa frv., að margskonar nauðsyn fyrir land og þjóð sé til þess, að straumur ferðamanna til landsins aukist, og ég er ekki að mæla á móti því, svo framarlega að svo vel sé búið um hnútana sem hægt er og þörf er á. Ferðamenn, sem hingað koma, þurfa að verða fyrir ákveðnum áhrifum og hárvissum leiðbeiningum.

Þá er næst að athuga það, á hvern hátt það er bezt tryggt að svo verði. Frv. bendir á eina ákveðna leið til þess. Ég er ekki í neinum vafa um, að með þeirri aðferð er bezt um hnútana búið og því sé rétt og sjálfsagt að samþ. frv. Við verðum að viðurkenna, að einstaklingar þjóðarinnar eru yfirleitt ekki svo vandaðir, að þeim sé treystandi til þess að taka á móti gestunum án eftirlits. Aftur á móti er það sjálfgefið, að ríkið léti ekki í því efni stjórnast af eiginhagsmunum einstakra manna, heldur með hagsmuni þjóðarinnar og metnað fyrir augum. Af þessu leiðir, að ég tel, að það eigi að samþ. brtt. á þskj. 224 við 1. gr., sem fastákveður, að ferðamannaskrifstofa ríkisins verði sett á stofn. Ástæðan fyrir því er sú, að það kemur berlega fram í grg. frv., að ætlazt er til, að ríkið taki sem fyrst að sér þetta mál. Það er því óþarfi fyrir hv. þm. Barð., frsm. meiri hl. n., að tala á móti þessari brtt. Það kemur heldur hvorki fram í grg.

eða í umr., að til sé í landinu nokkur félagsskapur, er tekið gæti að sér að leiðbeina ferðamönnum, né að líkur séu fyrir, að slíkur félagsskapur myndist. Það er vitað mál, að enginn félagsskapur er til í landinu, sem telur sér skylt að taka á móti og leiðbeina ferðamönnum, sem hingað koma. Það eru að vísu til hér tvö félög, sem hafa þetta markmið, en þau telja sér því aðeins skylt að skipta sér af ferðamönnum, að þau hafi fyrst og fremst sjálf fjárhagslega séð hag af því að greiða fyrir þeim. Hitt er ekki nægil. tryggt, að ferðamönnum sé veitt hin bezta aðhlynning, en meðan svo er, er ekki tryggilega um hnútana búið. Sé svo, að það eigi að vinna að því að hæna erlenda ferðamenn að landinu, verður að vera til stofnun, sem telur sér skylt að gera það án þess að líta eingöngu á peningalegan hag af því, og það verður ekki gert á annan hátt en þann, að ríkið setji á stofn ferðamannaskrifstofu.

Ég skal nefna sem dæmi um þær misfellur, sem eiga sér stað hér um móttökur erlendra ferðamanna, til viðbótar við það, sem ég gat um áðan, er tveir eða fleiri aðilar mæta ferðamönnum hér við höfnina til þess að keppa hverjir við aðra um þá, að það kom fyrir síðastl. sumar, að sænskir íþróttamenn komu hingað til landsins til þess að skoða það. Þeir komu hingað til bæjarins, en höfðu engan til að leiðbeina sér og voru alófróðir um samgöngur og gististaði. Þeir voru að seðja hungur sitt við pylsukatlana hér á torginu, þegar einhver hitti þá og kom því til vegar, að eitt íþróttafélag hér í bænum tók að sér að leiðbeina þeim. Annað eins og þetta þyrfti ekki að koma fyrir, ef til væri skrifstofa, sem teldi sér skylt að leiðbeina ferðamönnum. Það geta verið fyrir hendi mýmörg dæmi þessu lík, þó ég viti ekki. Annað er það, að erlendum ferðamönnum er boðið upp á alla mögulega taxta bæði á bifreiðastöðvum, hótelum og gistihúsum, enda hefir það komið fyrir, að þessir menn hafa farið að leita fyrir sér um betri kjör á öðrum stöðum, þó einhverjir ákveðnir aðilar hafi tekið þá að sér, og oftast ná ferðamennirnir með því betri samningum. Þannig er hér ástatt í þessum efnum, þó öllum komi saman um, að það eigi að reyna að hæna hingað erlenda ferðamenn. Enginn veit, aðrir en bifreiðaeigendur sjálfir, hvað þessir menn eru látnir borga fyrir ökuferðir. Það eitt er víst, að þeir eru látnir borga meira og oft miklu meira heldur en innlendir menn, sem kunna að semja og bera hönd fyrir höfuð sér.

Hv. 8. landsk. sagði, að ferðamannaskrifstofa gerði hér ekkert gagn. Það leiðir af sjálfu sér, út frá því, sem ég hefi nú sagt, að ég er honum mjög ósammála.

Þá skal ég víkja að einstökum atriðum í brtt. hv. þm. A.-Sk., sem mér finnst þörf að minnast á. Ég vil t. d. halda ákvæðum 5. gr. frv. um eftirlit ferðamannaskrifstofunnar og ríkisstj. um framkomu starfsmanna gistihúsa og veitingahúsa gagnvart ferðamönnum. Það er þörf á því, þegar umvöndun ferðamannaskrifstofunnar nægir ekki, að ríkisstj. geti tekið í taumana í þeim efnum. Ég vil geta þess, að þessi ákvæði snerta ríkisstofnanir, sem hafa veitingasölu, sem eru héraðsskólarnir, og ef á þeim stöðum skyldi eitthvað vera áfátt um þrifnað eða góða aðbúð gesta, er það einmitt viðkomandi ráðh., og gæti hann vel tekið í taumana. Og það má ekki horfa í að svipta þetta fólk veitingarétti, ef um nokkurn ómyndarskap eða aðrar misfellur er að ræða. Verður þá annaðhvort að hætta slíkri starfsemi eða þá að setja til þess nýja menn. Ég mun fylgja öllum sanngjörnum kröfum í þessu efni, því það á ekki að líðast, að fólk, sem fær að starfrækja greiðasölu á slíkum stöðum, misnoti þann rétt, sem því hefir verið veittur. (PHalld: Hefir þetta verið ómyndarlegt?). Ef það hefir verið, þá herði ég á mínum orðum. (PHalld: Ég var að spyrja, hvort það hefði verið). Mér heyrðist hv. þm. segja, að það hefði verið. Ég hefi ekki sagt, að svo væri; ég veit það ekki, og það getur enginn togað það út úr mínum orðum, að ég hafi gefið með þeim í skyn, að svo hafi verið, en ég vona, að hv. þm. geti skilið, að af því ég á hér nokkurn hlut að máli, þá vil ég, að þessir staðir séu undir fullkominni „kritik", og undir sömu „kritik" vil ég, að önnur gistihús úti um landið í sveitum og kaupstöðum standi. Það er jafnvel sérstök ástæða til þess nú, þegar veita á vínflóði yfir landið, sem búið er að takmarka mikið nú á löngu tímabili. Hér eftir getur ferðafólk haft með sér birgðir af vínum, og menn vita ekki nú, hversu víðtæk veitinga- og söluleyfi kunna að verða veitt á vínum. Mér finnst því, að bindindismenn eigi að standa fast saman um það, að gott eftirlit sé haft með öllum gistihúsum og veitingastöðum. Það þarf sannarlega að hugsa um fleira gagnvart útlendum ferðamönnum en að taka á móti þeim úr skipunum og útvega þeim fararkost um landið. Það þarf að láta þá hafa mat og gistingu og margskonar leiðbeiningar.

Aftur tel ég 4. gr. frv. mestu ómynd. Það er nú að nokkru leyti farið aftan að siðunum með því að tala um hana á eftir 5. gr., en ég geri það samt. Þar er talað um n., sem aðrar ferðamannaskrifstofur en ríkisins, eigendur veitinga- og gistihúsa og eigendur bifreiða skipi til þess að semja gjaldskrá fyrir ferðamenn. Hvað á þessi nefndarskipun að þýða, þegar við höfum opinbera stofnun til þess að sjá um þetta, þar sem er ferðamannaskrifstofa ríkisins, og við vitum, að þeir aðilar, sem um er talað, hafa engin félagsbundin samtök sín á milli? Það skiptir vitanlega öllu máli, hvernig sú n. er skipuð eða til orðin. Ég veit ekki til, að gistihúsaeigendur hafi með sér neitt félag; jafnvel bifreiðaeigendur hafa ekki heldur komið sér saman um að mynda slíkan félagsskap.

Ég hefði ekkert á móti því, að ferðamannaskrifstofan heyrði undir einhverja stofnun ríkisins, ef hægt væri að koma því við. Það getur vel verið, að takast mætti að fela póstmálaskrifstofunni þetta starf. Það er gott að koma sem flestum starfsgreinum undir eina heild.

Ég hefði getað fellt mig við 3. brtt. á þskj. 224, við 4. gr. Ég tel einnig líklegt, að brtt. við 5. gr. geti komið sem viðbót við þá gr., en ég vil alls ekki missa þá gr., af þeim ástæðum, sem ég hefi gert grein fyrir.

Það væri vitanlega ástæða til að minnast á fleira í sambandi við málið. Þó mun ég láta

við þetta sitja, ef ekki verða gefin ný tilefni síðar við umr.

**Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Ég var að vona, eftir gömlum kynnum af hv. 8. landsk., að hann léti sér segjast við mínar fortölur og færi ekki að þræta gegn vitnisburði okkar meðnm. hans út af framkomu hans á 11. *fundi allshn., og um það, hvernig hann lét hv.* þm. Snæf. leika á sig með því að fá sig til að skrifa undir nál., sem er gagnstætt hans skoðunum. Á 7. fundi allshn. var ákveðið, að n. flytti frv., eftir að það hafði verið rætt í n., og var hv. 8. landsk. því samþykkur. Það er ekki fyrr *en aðrir eru búnir að hafa áhrif á hann*, að hann snýst á móti frv., af þeirri einu ástæðu, að hann megi ekki flytja frv. frá þessari n., hinni svokölluðu Rauðku. (**JakM:** Það er nú líka mannskemmandi). Þetta veit hv. þm., að er satt. Síðan fór fram 2. umr. hér í hv. d., og þá var frv. *samþ. með 20 shlj. atkv.* (**GÞ:** Var það nafnakall?). Það var samþ. með 20 atkv., og var enginn á móti frv. Enda er það vitað um þennan hv. þm., að hann var ekki á móti frv. Hv. 1. landsk. og hv. 2. þm. Reykv. hafa vottað það báðir, að hv. 8. landsk. tók fullkomna afstöðu með frv. Á 11. *fundi n. var svo samþ. að fella þær brtt.*, sem fram voru komnar við frv., og var hv. 8. landsk. með því, en þann sama dag kemur út nál. frá minni hl. allshn., sem hv. 8. landsk. hefir undirskrifað, þar sem mælt er á móti því, að frv. verði samþ.

*Það er nú orðinn vani hjá hv. sjálfstæðismönnum* að tala um handjárn í Framsfl. Menn vita, að svokölluð handjárn eru mikið notuð í öðrum vissum flokki hér í þinginu, en að lenda í handjárnum hjá einum manni, eins og komið hefir fyrir hv. 8. landsk. í þessu máli, þar sem hann *hefir látið hv. þm. Snæf. setja á sig slík handjárn*, það er ennþá verra og ekki venjulegt. Hv. 8. landsk. getur ekki afsakað sig með því, að hann hafi skipt um skoðun. Ég áfellist engan fyrir það, að skipta um skoðun, en að láta á sér skilja, að maður fylgi einhverju máli, en undirskrifa *samtímis mótmæli gegn málinu*, það eru trúnaðarsvik við sína samstarfsmenn, sem hv. þm. ætti að vara sig á, ef hann vill njóta þeirrar sæmdar, sem einum þm. er nauðsynleg, auk þess sem það er mjög óþingleg framkoma hjá nefndarhluta, að leggja á móti frv. eftir að búið er að samþ. það tvisvar *með shlj. atkv.* í viðkomandi d.

Hv. þm. var að tala um það, að ég hefði skipt um skoðun í vissu máli, og sannanirnar fyrir því voru eitthvert slúður úr bænum um það, sem hefði farið fram á fundi í allshn. En fréttir af *þessum umr. á fundi allshn.* eru vafalaust bornar út af hv. 8. landsk. Framkoma mín á þingfundum sannar, að ég hefi ekkert svikið í því máli, og deila sú, er ég lenti í við hæstv. atvmrh. hér snemma á þinginu, var allt annars eðlis og gersamlega ópólitísk. Það var rætt um þetta *mál fram og aftur í n.*, og það er algerlega rangt, að ég hafi verið á móti því að einskorða réttindin við eitt byggingarfélag á hverjum stað. Við ræddum bara um málið, og við nánari athugun féllst ég á það, að réttast mundi vera að hafa aðeins eitt byggingarfélag á hverjum stað. En hv. 8. landsk. kom fyrirfram sannfærður á fundinn. Hann varð að vera á móti frv., því hann þurfti að verja visst pólitískt félag sinna flokksmanna, með því að fella frv., og neitaði því að ræða það með rökum.

Aðeins til að sýna, að þessi hv. þm. gengur í handjárnum, skal ég nefna annað dæmi. Hann skrifaði af fúsum vilja hér um daginn nafn sitt undir skjal nokkurt ásamt fleiri hv. þm., en seinna kom hann til mín og bað mig að strika nafn sitt út, af því að háttsettur flokksbróðir hans vildi ekki, að hann skrifaði undir skjalið. Hann þorði ekki að láta nafn sitt standa á skjalinu, af því að einn flokksbróðir hans var á móti málinu. En ég benti þessum hv. þm. á það, að það væri enn meiri skömm fyrir hann að láta senda skjalið með útstrikuðu nafni heldur en þó hann lenti í andstöðu við háttsettan flokksbróður, og féll hann þá frá því að láta strika *nafnið út. Það er misskilningur hjá hv.* þm., að það komi þingmálunum nokkuð við, hvað slúðrað er í bænum, og ég skal taka það fram, að ég hefi ekki borið út í bæ neitt slúður um hann af nefndafundum. Ég álít slíkt óviðeigandi og ekki þm. samboðið.

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég þakka hv. 2. þm. Árn. fyrir vinsamleg ummæli hans um brtt. minar. Það komu greinilega fram í ræðu hans rök fyrir þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé að setja á stofn ferðamannaskrifstofu fyrir ríkið, til þess að auka *ferðamannastrauminn* til landsins. Það mun viðgangast í öllum ríkjum, að hlutazt sé til um að auglýsa fyrir ferðamenn í öðrum löndum til þess að auka aðsókn ferðamanna, en ég held, að okkar ríki hafi aldrei gert neitt í þá átt. En meðan það er ekki gert þurfum við ekki að *búast við, að ferðamenn sæki hingað að ráði*. Einstakir menn hafa hvorki kraft til þess að halda uppi forsvaranlegri ferðamannaskrifstofu eða auglýsa landið; til þess skortir einstaka menn fé. — Annars stóð ég upp til að minnast á eitt sérstakt atriði í ræðu hv. þm. Eins og hann *sagði, gerí ég ekki ráð fyrir í* brtt., að neitt sé látið standa af 5. gr. frv., heldur að önnur gr. komi þar í stað hennar. Ef brtt. mín við 5. gr. yrði samþ., félli því niður ákvæði gr. um eftirlit með hreinlæti o. fl. á gistihúsum. Ég get fallizt á, að nauðsyn sé á slíku eftirliti, en ég *ætla, að ákvæði um það megi setja í væntanlega* reglugerð, og þess vegna sé ekki ástæða til að taka þetta atriði upp í lögin fremur en annað, sem er sjálfsagt að taka upp í reglugerð. — Svo vænti ég þess, að áður en atkv. eru greidd um þetta mál, kynni hv. þdm. sér vel minar brtt. *og geti fallizt á þær*, því að ef á að afgr. þetta mál nú á þinginu, vil ég, að það sé afgr. á sæmilegan hátt.

**Thor Thors:** Ég get verið fáorður um þetta mál. Hv. 8. landsk. hefir framsögu fyrir minni hl. allshn. í málinu. Umr. hafa nú snúizt mjög um önnur efni en frv. sjálft, þar sem hv. þm. Barð. sá ástæðu til þess að fara að víkja því hér að hv. 8. landsk., að hann hefði ekki staðið við hina upphaflegu skoðun sína í þessu máli. Hv.

8. landsk. hefir nú þegar svarað þessu svo rækilega og vitnað í fundargerðabók allshn., að ég hefi þar fáu við að bæta. Það er beinlínis ljóst af frv. sjálfu, þar sem sagt er, að það sé flutt af meiri hl. allshn., að n. hefir verið klofin um málið, og það er sá vanalegi klofningur, sem á sér stað í allshn., að við sjálfstæðismenn erum í minni hl., en fylgismenn stj. í meiri hl. Þegar af þessu er það ljóst, að hv. 8. landsk. hefir frá öndverðu verið andvígur þessu máli. Hann hefir í þessu máli ekki gert annað á þeim fundum í allshn., sem ég hefi sótt, en að leggjast á móti till. hv. þm. A.-Sk. ásamt öðrum nm., og verða þeim samferða um eina smábreyt. á þskj. 249. Ég verð því að segja það, að mér finnst það æðieinkennilegt, að hv. þm. Barð. skuli brigzla hv. 8. landsk. um það, að hann hafi ekki verið sjálfum sér samkvæmur í þessu máli.

Hv. þm. sagði ennfremur, að við í minni hl. allshn. hefðum verið búnir að samþ. þetta mál við 1. umr. þess hér í þessari hv. d. Þetta er algerlega rangt. Það voru 20 atkv. greidd með því, að frv. gengi til 2. umr. Við sáum enga ástæðu til þess að fara að taka okkur út úr og greiða atkv. gegn því, að málið fengi að fara til 2. umr.

Um málið sjálft vil ég annars vísa til nál. Við teljum, að hér sé verið að baka ríkissjóði útgjöld að óþörfu. Það er vitanlegt, að talsvert hefir verið gert að því að undanförnu að auglýsa land okkar erlendis, bæði af einu ferðafélagi hér á landi, og eins hefir Eimskipafélag Íslands gefið út bæklinga um landið og ferðalög hér á landi, og þeim hefir verið dreift út mjög víða erlendis. Ég hefi leitað fyrir mér um þetta með því að spyrjast fyrir um það á ferðamannaskrifstofum, bæði á Englandi og í Frakklandi, hvort þær hefðu nokkrar lýsingar af Íslandi og ferðalögum þar, og mér hafa þá verið réttir þessir bæklingar. Það er ennfremur vitanlegt, að hin stærstu alþjóðlegu ferðamannaskrifstofufyrirtæki, sem beita sér fyrir ferðalög um allan heiminn, eins og Cook's ferðamannaskrifstofa í London, hafa umboðsmenn hér á landi.

Út af því, sem fram hefir komið hér í umr., að erlendir ferðamenn séu oft látnir sæta hærri fargjöldum í bifreiðum og sæti yfirleitt óhagstæðari kjörum heldur en Íslendingar, þá vil ég í fyrsta lagi geta þess, að það er nú nokkuð almennt, að útlendingar, hvar sem þeir ferðast, verði fyrir slíku. Þetta er t. d. mjög áberandi í Frakklandi, en þó sérstaklega á Ítalíu. Ég er ekki að segja, að slíkt sé til fyrirmyndar, en það hefir nú oft farið svo, að menn ganga eins langt í sínum fargjaldstöxtum og ástæður leyfa. Ég hefi litla trú á því, þótt sett sé á fót slík ferðamannaskrifstofa, sem hér um ræðir, að þá verði nein breyt. á þessu. Og það er meira og minna vafasamt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, hvort það er ekki rétt að láta útlendinga greiða heldur meira fyrir sig í þessu tilliti hér á landi heldur en landsmenn. Það má vitanlega ekki eiga sér nein sérstök ósanngirni þar stað. En það er vitanlegt, að flestir þeir útlendingar, sem hingað koma í skemmtiferðir, hafa vel efni á því að greiða talsvert fyrir ferðalög sín.

Ef hv. þm. álíta sérstaka nauðsyn á að auglýsa landið erlendis betur en gert hefir verið, þá teldi ég rétt að fela Ferðafélagi Íslands það hlutverk. Það er félag, sem mjög mikill hluti landsmanna eru meðlimir í, alveg ópólitískt félag, sem mjög myndarlega hefir látið til sín taka um leiðbeiningar um ferðir hér innanlands. Ég er ekki í vafa um það, að ef þetta félag fengi einhvern smástyrk til þess, þá yrði það mjög fúst til að reka slíka auglýsingastarfsemi fyrir landsins hönd.

Að eftirlit þurfi að hafa með gististöðum, eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Árn., skal viðurkennt. En þar sem mörg stærstu gistihúsin hér á landi eru einmitt eign ríkisins, þá liggur það í hlutarins eðli, að ríkið getur haft þetta eftirlit án allrar slíkrar löggjafar, sem hér er gert ráð fyrir með frv.

En út af því atriði, að ferðafélögum hér á landi hafi verið borið það á brýn, að þau taki mjög há gjöld af útlendingum, vil ég benda hv. þdm. á það, að það eru hin erlendu ferðafélög, sem selja alla farseðla hinum erlendu ferðamönnum, og þeir ferðamenn, sem koma hingað til lands á stórum farþegaskipum, þeir kaupa áður en þeir leggja af stað alla farseðla, sem fela í sér — ef þeir óska þess — ferðalög á landi, hvert sem þeir fara. Það eru hin útlendu ferðafélög, sem ráða þar töxtunum, og þau mundu halda áfram að ráða þessu, þó að sett yrði upp ferðamannaskrifstofa hér á landi, og jafnvel þó valdsvið hennar væri eins ríkt og hv. þm. A.-Sk. ætlast til.

Það er enginn ágreiningur um það í allshn., að það sé rétt að gera sem mest til þess að draga ferðamenn að landinu og greiða sem bezt fyrir þeim. En við í minni hl. allshn. teljum, að þetta frv. gefi ekki neina aukna tryggingu í þeim efnum. Og af því að hér er um ný útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð, án þess að séð verði, að þau leiði til neinna bóta, þá leggjum við til, að frv. verði felt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 113, 224, 249, n. 272).

ATKVGR.

Brtt. 224,1 felld með 17:11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: PÞ, SE, ÞorbÞ, ÁÁ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, JG.

nei: ÓTh, PZ, PHalld, PO, SigfJ, SK, StJSt, TT, BJ, GÞ, GÍ, GTh, JakM, JÓl, JónP, JS, JörB. GSv, HV, JJós greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (MT, HannJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 16:11 atkv.

Brtt. 224,2.a—b felld með 16:13 atkv.

2. gr. samþ. með 17:6 atkv.

3. gr. samþ. með 17:6 atkv.

Brtt. 224,3—7 komu ekki til atkv.

4.—5. gr. samþ. með 17:5 atkv.

Brtt. 249 samþ. með 18:5 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:9 atkv.

---

Á 57. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 741).

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég heyrði þær furðulegustu kenningar í sambandi við þetta mál við 2. umr. Það var verið að segja frá því, til stuðnings því, hvað afskaplega mikil nauðsyn væri á ferðamannaskrifstofu, að það hefði komið fyrir, að hingað hefðu komið menn, sem ekki vissu, hvar þeir ættu höfði sínu að að halla, og hefðu sézt eta pylsur úr pylsuvögnunum. Það má þá víst gera ráð fyrir, að ef þessir pylsuvagnar væru ekki, þá hefðu þessir menn sennilega orðið hungurmorða, af því að hér sé ekki ferðamannaskrifstofa. Mig furðar ekki á því, þó að þetta mál hafi talsvert fylgi, ef menn hafa þær hugmyndir, að svo gæti farið, að menn yrðu hungurmorða, þegar þeir kæmu til landsins, af því að þeir væru ekki hirtir af götunni, þegar þeir kæmu á land. En ég get nú fullvissað hv. þdm. um það, að hvergi í víðri veröld er það hlutverk ferðamannaskrifstofu, t. d. ef skemmtiskip koma, að tína upp ferðamennina og sjá þeim fyrir fararbeina. Hvar sem maður kemur í framandi land, verður maður að sjá um sig sjálfur.

Hinsvegar má vekja athygli á því, að hér eru ferðamannaskrifstofur alveg á sama hátt og í öðrum löndum, þ. e. a. s. einkafyrirtæki, sem taka að sér að leiðbeina ferðamönnum um hvað sem þeir þurfa leiðbeiningar um. En um ferðamannaskrifstofu, sem starfrækt sé af hinu opinbera, þá verð ég að játa, að ég veit ekki til, að slíkt eigi sér stað hjá neinni þjóð. En viti einhverjir til þess, þá munu þeir sjálfsagt upplýsa það.

Það eru nokkuð þekktar ferðamannaskrifstofur, sem starfa í öllum löndum heimsins, og það vita yfirleitt allir, sem ferðast nokkuð að ráði, að þessar skrifstofur eru starfandi í flestum löndum. Þess vegna er það, að þeir menn, sem ferðast og þurfa leiðbeiningar við hjá ferðamannaskrifstofu, þeir leita að sjálfsögðu fyrst og fremst til alþekktrar skrifstofu, svo að það er ekki líklegt, að ferðamannaskrifstofa ríkisins gerði að þessu leyti nokkurt gagn, því að það eru allar líkur til þess, að ferðamenn, sem koma frá öðrum löndum, þar sem ferðamannaskrifstofur eru starfandi, hafi leiðbeiningar um það, hvert þeir eigi að snúa sér, svo að það sé fyrirfram ákveðið, til hvaða skrifstofu þeir leita, en ferðamannaskrifstofa ríkisins hefir engin slík sambönd, og þess vegna kæmi hún ekki til með að fá neitt að starfa, sem heitið gæti. Jafnvel þó að maður hugsi sér, að hingað kæmi hópur ferðamanna, sem svo væri ástatt um sem áður var sagt hér frá, að þeir hefðu hvergi höfði sínu að að halla, þá mundi ferðamannaskrifstofa ríkisins ekki gera þar mikið gagn, því að þessir menn mundu þá snúa sér til umboðsmanna þeirra landa, sem þeir tilheyra. Það þarf því ekki ferðamannaskrifstofu ríkisins til að annast þessa líknarstarfsemi, sem virðist vaka fyrir einstökum þm., að eigi að vera hlutverk ferðamannaskrifstofu.

Um starfsemi að öðru leyti innanlands eins og hún er hugsuð með frv., eftirlit með gistihúsum og þesshättar, gefa út leiðbeiningar og annað slíkt, þar er öðru máli að gegna, en það virðist þá ekki vera rétt að kalla slíka stofnun ferðamannaskrifstofu. Og hvað snertir leiðbeiningarnar, þá er það eins og hefir verið drepið á við umr., að þær ferðamannaskrifstofur, sem hér starfa, sjái ferðamönnum fyrir þessum upplýsingum. Það hafa verið gefnir út ýmsir bæklingar og pésar ferðamönnum til leiðbeiningar, svipað því, sem ferðamannaskrifstofa ríkisins á hér að gera, svo að ekki heldur að þessu leyti er hér um neina nauðsyn að ræða.

En ef þessi skrifstofa á að reka auglýsingastarfsemi, auglýsa landið sem ferðamannaland, þá er óþarfi að stofna ferðamannaskrifstofu hér heima til að vinna það verk. Þá er miklu eðlilegra, að umboðsmenn landsins úti um heim séu látnir annast það. Ef það er vilji þjóðarinnar að koma þessu til leiðar, þá liggur beinast við að leggja það fyrir stj. að láta reka slíka starfsemi. Ferðamannaskrifstofa hér heima stendur ekkert betur að vígi að reka slíka starfsemi, nema síður sé, heldur en ef farin er þessi leið, að stj. leggi það fyrir sína trúnaðarmenn.

Um eftirlitið með gistihúsum er það að segja, að það heyrir undir starfsemi héraðsstjórnanna að hafa eftirlit með því, að gistihúsin séu sæmilega úr garði gerð, og þær standa miklu betur að vígi að sjá um, að hlýtt sé fyrirmælum þar að lútandi, heldur en ferðamannaskrifstofa hér í Rvík, því að hún getur ekki haft eftirlit með gistihúsum víðsvegar um land, svo að í nokkru lagi sé, nema hún hafi þá til þess umboðsmenn úti um allt land, en það skilst mér, að muni bæði verða nokkuð dýrt og þungt í vöfum. En þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, verða mjög litlar, af þeim eðlilegu ástæðum, að ferðamenn leita fyrst til umboðsmanna þeirrar skrifstofu, sem þeir þekkja og eru í sambandi við í sínu landi.

Ég held því, að með þessu frv. sé alveg skotið yfir markið að því leyti sem höfuðtilgangur þess er hugsaður. Mér virðist líka, að það sé heppilegra að fela þetta starf öðrum aðilum en gert er ráð fyrir í frv., enda hygg ég, að höfuðtilgangur frv. sé í raun og veru annar en hér er látinn uppi. Það er kunnugt, að hér hafa tveir menn verið að bisa við að starfrækja ferðamannaskrifstofu í Rvík, en hefir þar orðið lítið ágengt, og tilgangurinn er vitanlega sá, að koma þeim að þessari ferðamannaskrifstofu ríkisins. Þeir hafa ekki fengið viðskiptamenn hingað til, en þeir fá þá ekki heldur, þó að ríkisstimpill sé settur á þá og þeirra starfsemi. Sú eina breyt., sem verður þar á, er sú, að þeir verða launaðir af ríkisfé. Þetta er vitanlega gott fyrir þessa menn og þeir eru vitanlega betur settir með það en sitt einkafyrirtæki, sem ekkert gengur. Af þessum ástæðum virðist mér það ekki geta komið til mála að setja slík ákvæði sem þessi, og greiði því ákveðið atkv. á móti frv.

**Thor Thors:** Ég get verið fáorður um þetta mál. Það, sem við andmælendur frv. höfum út á það að setja, er það, að við fáum ekki séð, að þessi ferðamannaskrifstofa kæmi að neinum verulegum notum, heldur yrði hún aðeins óþarfur útgjaldaliður fyrir ríkið. Menn hafa talað um það, að okrað væri á erlendum ferðamönnum af þeim ferðamannaskrifstofum, sem hér eru starfandi. En ég hefi á það bent áður,

að þessir erlendu ferðamenn kaupa flestir sína farseðla til ferða hér á landi af þeim erlendu fyrirtækjum, sem stjórna ferðalögum hingað til lands. Það eru þær alþjóðlegu ferðamannaskrifstofur, sem ráða ferðum hingað til lands og beita sér fyrir ferðum hinna stóru skemmtiskipa hingað árlega. En viðvíkjandi öðrum, sem ferðast hingað og ekki kaupa farseðla sína hjá þessum ferðamannaskrifstofum, og því, að þeir verði fyrir óhæfilegri meðferð hjá einstökum skrifstofum hér, vil ég benda á það, að margar ferðamannaskrifstofur eru nú þegar starfandi hér og reknar af einstaklingum. Á milli þeirra er hörð samkeppni og þjóða þær niður hver fyrir annari fargjöld hinna erlendu ferðamanna.

Um þá auglýsingastarfsemi, sem ýmsir vilja, að þessi ferðamannaskrifstofa hafi með höndum, er það að segja, að þau ferðafélög og þær ferðamannaskrifstofur, sem hér eru nú starfandi, hafa gert mjög mikið til þess að auglýsa Ísland erlendis, með því að gefa út bæklinga um landið og ferðalög hér. Ég hefi gert mér far um það erlendis að kynna mér, hvort þessir bæklingar séu þar á boðstólum. Alstaðar þar, sem ég hefi spurt um þá, hefi ég getað fengið þá.

Annars væri ekki úr vegi í þessu sambandi að minna hæstv. ríkisstj. á það, að það er ein auglýsingastarfsemi, sem hún ætti að beita sér meira fyrir en hún hefir gert, sem er það, að danskir ræðismenn hafi skjaldarmerki Íslands við hliðina á danska skjaldarmerkinu. Ég hefi sumstaðar séð þetta, t. d. í Bilbaó og Napóli. Annarsstaðar hefi ég saknað þess mjög mikið. Ég vil biðja þá stjórnarliða, sem láta sér annt um að auglýsa Ísland erlendis, að sjá um, að þetta sé upp tekið á öllum stöðum, sem til greina koma í þessu sambandi.

Satt frá að segja, þá hefir alls ekki verið það viðhorf í þessum málum hjá okkur, að okkur hafi vantað erlenda ferðamenn, heldur voru t. d. á síðasta sumri öll gistihús svo full mánuðum saman, að ekki var hægt í þeim að hýsa alla þá ferðamenn, sem hingað til landsins komu. Fyrsta sporið í þessu máli til þess að tryggja það, að fleiri erlendir ferðamenn komi hingað, hygg ég því að eigi að vera það, að vinna að því, að hægt sé að taka á móti þessum mönnum.

**Bjarni Bjarnason:** Ég get viðurkennt það með hv. þm. Snæf., að það er ekki óeðlilegt, að erlendum ferðamönnum sé, a. m. k. undir ýmsum kringumstæðum, selt heldur dýrara heldur en innlendum. Þessu þarf þó vitanlega að stilla í hóf.

Hv. þm. gat um það, að samkeppnin á milli einstakra manna hér nú um ferðamennina mundi orsaka það, að farbeini erlendra ferðamanna mundi vera boðinn nægilega niður til þess að ekki væri hætta á, að okrað væri á þessum ferðamönnum, og hefi ég orðið dálítið var við það. En mér virðist það vera heldur til niðurlægingar, að erlendir ferðamenn verði varir við, að fram komi samkeppni um að skipta við þá. Ég get ekki fallizt á, þó að hér sé dálítil viðleitni í að taka á móti ferðamönnum, að óþarft sé að hafa þann viðbúnað í betra lagi en nú er hjá okkur. Út frá því sjónarmiði hefi ég litið svo á, að trygging fyrir bættri móttöku þessara manna væri, að ríkið ræki ferðamannaskrifstofu.

Það mun rétt vera, að nóg er af ferðamönnum hér nú á sumrin, ef miðað er við þann viðbúnað, sem við höfum til að taka á móti þeim. En það væri eitt af sjálfsögðum hlutverkum þessarar skrifstofu, ef það sýndi sig, að það væri þess vert að auka ferðamannastraum til landsins, að stuðla að því, að hægt væri að taka vel á móti bæði þeirri tölu ferðamanna, sem hingað kemur árlega nú, og þeim, sem kynnu að bætast við. En eins og stendur er það svo stuttan tíma á ári, sem gestir koma hingað, að erfiðleikar eru á að taka á móti þeim þess vegna. En ef við viljum komu hinna erlendu gesta, þá verðum við að geta tekið á móti þeim einnig okkur til hagnaðar, jafnframt því sem við þurfum að láta fara vel um þá. Það er ekki útilokað, að það gæti orðið að nokkrum atvinnuvegi fyrir Íslendinga að taka á móti erlendum gestum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um það, sem kom fram í minni ræðu hér fyrir nokkru síðan um reiðuleysi ferðamanna, vil ég taka fram, að það var aldrei min meining, að ferðamannaskrifstofa færi að setja á stofn gistihús eða þess háttar. Það vissi hv. þm. vel. En það, sem ég benti á, var, að útlendingar geta verið svo ráðvilltir, þegar þeir koma hér, að það gæti verið gott fyrir þá að koma á ferðamannaskrifstofu til þess að spyrjast fyrir um ferðalög o. fl.

Það liggja auðvitað ekki fyrir sérstök rök fyrir því frá þeim, sem mælt hafa á móti þessu máli, að sæmilegt lag sé nú á móttöku ferðamanna. Ég held því fram, að það sé ekki, og m. a. finnst mér það vera að nokkru leyti staðfest af hv. þm. Snæf., þar sem hann sagði, að samkeppni væri á milli einstakra manna um þessa ferðamenn. Það er ekki algerlega heilbrigt. Mér virðist æskilegt, að þetta færi rólega og örugglega fram og eftir vissum reglum framkvæmt, þannig að einstakir menn þyrftu ekki að keppa um ferðamennina og nota arðinn af þeirra komu til þess. Þetta er höfuðástæðan fyrir því, að ég vil hafa þetta á einni hendi, og ég tel, að þessi réttur til að taka á móti ferðamönnum og annað, sem ferðamannaskrifstofu fylgir, sé bezt komið í höndum ríkisins sjálfs. Ríkið mundi telja sér skylt að hafa þessa hluti í lagi.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég er á allt öðru máli um þetta heldur en flestir, sem talað hafa um þetta mál, og í flestum atriðum. Mér skilst, að fyrsti tilgangur þessa frv. sé sá, að vekja athygli útlendinga á Íslandi sem ferðamannalandi og að auka straum erlendra ferðamanna hingað, með því að auglýsa landið og keppa um ferðamennina við Noreg, Sviss o. fl. lönd. En Noregur og Sviss eru nú mestu ferðamannalönd álfunnar. Ég er þessu gersamlega andvígur, af þessu fyrst og fremst: Lítið hefir verið um ferðamannastraum til landsins, þegar frá er tekið það fólk, sem kemur á stórum skipum og er aðeins um 2 daga á landi hér. Þeir aðrir ferðamenn, sem hingað koma, hafa margir fengið upplýsingar um Ísland í sínu heimalandi og hafa fengið áhuga fyrir því að kynnast landinu. Þeir hafa fengið á-

huga fyrir málinu og íslenzkum séreinkennum og fengið ást á þjóðinni áður en þeir fóru til Íslands. Þessir menn koma flestir til landsins í þeim tilgangi að uppfylla óskir þær og vonir, sem þeir hafa gert sér um landið. Og mjög mikið er af því, að slíkir menn hafi farið með endurminningar um góða viðkynningu og ánægðir með sitt ferðalag, vegna þess, að þeir hafi fengið þær vonir sínar uppfylltar, sem þeir ólu í brjósti, þegar þeir fóru af stað hingað. Þetta fólk er sérstakur flokkur ferðamanna, sem ég held, að við eigum að óska velkomna og gera allt fyrir, sem við getum, til þess að þeir verði ekki fyrir vonbrigðum um ferðir sínar hingað. Flestir þessir menn komast í kynni við einhverja landsmenn og njóta aðstoðar þeirra, og þessi aðstoð er mjög mikils virði til þess að ferðalögin takist eins og óskað var eftir, þegar farið var af stað. Þessir ferðamenn eru viku til tveggja mánaða tíma hér á landi til þess að kynnast landinu og þjóðinni. Ég álít, að við eigum skilyrðislaust að reyna að glæða hjá þessu fólki ást á landi okkar og þjóð.

Ég vil alls ekki tala um þessa menn og hina svo kölluðu „túrista“, sem koma aðeins svo sem einn eða tvo daga hér á land, í sama hóp, eða fela þá í sama orðinu, kalla þá alla án aðgreiningar „ferðamenn“. Sumar þjóðir hafa komið sér upp stórum atvinnuvegi með því að taka á móti „túristum“. En við móttöku þessara manna kemur ekki til greina persónulegt samband á milli ferðamannanna og þeirra, sem þeir hitta fyrir hér. Þess háttar ferðamenn eyða sínum fríum í það að ferðast um allar jarðir og höf til þess alltaf að leita að einhverju nýju og sérkennilegu, til þess að láta hafa ný og ný áhrif á sig. Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég vil ekki, að Íslendingar geri neitt til þess að laða þennan ferðamannastraum til landsins, þó að öll skilyrði séu fyrir hendi til þess að taka á móti þessum mönnum. Það er viðurkennt að það valdi spillingu í hverju þjóðfélagi, sem fyrir þeirri óheppni verður, að þessir straumar stefni þangað. Það er alviðurkennt, að þar, sem þetta er í mjög miklum stíl, hefir það skaðsamleg áhrif á fólkið. Það kemst inn hjá því undirlægjuhugsunarháttur af því að leitast við að hafa hag af viðskiptunum við ferðamennina, þar sem víða er reynt að tæla á allan hátt fé út úr ferðamönnunum. Af greindum ástæðum er ég andvígur því, að hæstv. Alþ. fari á nokkurn hátt að hlutast til um, að þessi hætta geti orðið fyrir hendi meðal okkar þjóðar.

Það er lakast af öllu, að þegar ríkið tekur þetta í sínar hendur, þá gerist það ábyrgt um skrumauglýsingarnar, sem birtar eru til þess að fá ferðamenn til þess að koma til landsins. Það ber líka ábyrgð á því, að þeim sé sýndur sá greiði, sem þeir geta gert sig ánægða með. Það verða allt aðrar kröfur en við höfum hingað til reynt, því það er allt annað að fullnægja kröfum þessara manna en þeirra, sem hingað til hafa heimsótt okkur. Það er verst, ef ríkið ætlar að láta á sér bitna þá erfiðleika, sem það hefir í för með sér að fullnægja svo sæmilegt þyki frekum kröfum þessara manna. Það er fyrirsjáanlegt, að það verður meiri óánægja en gleði, ef á að auka ferðamannastrauminn hingað á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Það er fávíslegt, ef héraðsskólarnir eru undirrótin að því, að ríkið ætlar að safna hingað erlendum ferðamönnum í því skyni að hafa upp í kostnaðinn við skólahaldið og geta þannig notað skólana til þess þann tíma, sem þeir starfa ekki. En mér fannst það vera eitt af því, sem hv. 2. þm. Árn. benti á. (**BB**: Það þarf ekki útlendinga til þess). Því minni ástæða er þá fyrir ríkið að taka þetta upp.

Viðvíkjandi leiðbeiningarskrifstofu fyrir innlenda ferðamenn vil ég segja það, að hún virðist óþörf. Hér hefir nýlega verið stofnað innlent ferðamannafélag, sem hefir unnið gagnlegt verk og starfað að því að veita landsmönnum kost á ódýrum og ánægjulegum ferðalögum um landið og upplýsa þá um leiðir um landið. Það er því óþarft, að ríkið stofni stóra skrifstofu vegna innlendra ferðamanna. En um erlenda ferðamenn er þetta að segja, sem ég hefi þegar sagt, og má sýna betur fram á, að það getur verið hættulegt að gera of mikið að því að reyna að fá þá til þess að koma til landsins. Ríkið getur ekki bannað að auglýsa landið eins og Eimskipafélagið og erlend gufuskipafélög hafa gert. Félög einstakra manna hafa líka unnið að því að auglýsa landið. Þessir aðilar hafa þegar gert þetta, og því er ekki hægt að segja, að ekkert hafi verið unnið að þessu. Mér sýnist það vera fullnægjandi, sem hefir verið gert í þessum efnum, og engin ástæða til þess að taka þetta upp eins og hér er gert ráð fyrir. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

**Pétur Halldórsson** [frh.]: Ég vildi sýna fram á, hver hætta fylgdi þessari löggjöf, þar sem ríkinu er ætlað að verða ábyrgt fyrir allri meðferð á ferðamönnum hér á landi og taka þá alveg að sér, svo að þeir geti snúið sér til stjórnarinnar, ef þeir þykjast hafa yfir einhverju að kvarta.

Ég held, að sú tegund ferðamanna, sem á að lokka til landsins með þessari löggjöf, geti aldrei orðið þjóðinni að gagni, nema þá ef til vill fjárhagslega að einhverju leyti. Og einnig verður að líta á það, að þó að við í bili gætum tælt „túrista“ hingað með skrumauglýsingum, þá er svo fjarri því, að við getum veitt þeim þau menningarþægindi, sem þeir eru vanir annarsstaðar og þeir gera kröfur til, því að þess verður að gæta, að hinir svo kölluðu „túristar“ sætta sig ekki við þann aðbúnað, sem þeir gera sér að góðu, sem koma til landsins vegna áhuga á sögu og bókmenntum þjóðarinnar eða viðkynningar við einstaka Íslendinga. Hér er ætlazt til, að ríkið standi fyrir svörum við hina kröfufreku „túrista“, eftir að þeir hafa verið tældir til landsins með skrumauglýsingum, en svo orðið fyrir stórkostlegum vonbrigðum um allan aðbúnað. Mér þykir undarlegt, að stj. skuli vera að seilast eftir þessu. Ef stj. getur gert einhverjar umbætur á viðtöku ferðamanna, stendur henni það opið án löggjafar að koma fram þeim umbótum, sérstaklega í

sambandi við þær stofnanir, sem hv. 2. þm. Árn. nefndi og eru hvort sem er á vegum ríkisins. En ég verð að heyra ný rök fyrir nauðsyn þessa frv., ef ég á að geta fylgt því.

**Bjarni Bjarnason:** Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykv., að ef ríkið setur upp slíka ferðamannaskrifstofu, fylgir því meiri ábyrgð heldur en ef einstakir menn annast móttökurnar. En ef útlit er fyrir, að aukinn ferðamannastraumur geti orðið verulegur tekjuauki fyrir landsmenn, verður að ganga út frá því, að allt sé gert, sem hægt er, til þess öll aðbúð við þá megi fara sem bezt úr hendi. Reynslan hefir sýnt, að þeir útlendingar, sem hingað hafa komið, hafa yfirleitt borið okkur vel söguna. Það gefur vonir um, að einnig megi takast að gera hinni kröfufrekari tegund ferðamanna til hæfis að mestu leyti, ef áherzla er lögð á það. Sérstaklega er það athyglisvert í þessu sambandi, að útlendingar, sem hér hafa ferðazt, og þá ekki sízt hinir menntaðri þeirra, sem að vísu er jafnan hægara að gera til hæfis, láta yfirleitt í ljós, að viðtökur allar og aðbúnaður sé betri hér á landi en þeir hafi búizt við. Ég er ekki að segja þetta í andmælaskyni við hv. 5. þm. Reykv. En sú reynsla, sem við höfum, bendir í þá átt, að við ættum að geta fullnægt öllum hóflegum kröfum erlendra ferðamanna, þótt við getum ekki uppfyllt ýtrustu óskir þeirra.

**Þorbergur Þorleifsson:** Ég heyrði ekki síðari hl. ræðu hv. 5. þm. Reykv., en í fyrri hl. ræðu sinnar kom hann fram með ný andmæli gegn þessu frv., og voru þau á þá leið, að þjóðinni væri ekki hollt að auka ferðamannastrauminn. Úr því að hv. þm. hefir þessa skoðun, er það skiljanlegt, að hann sé mótfallinn þessu frv., því að það er fullvíst, að slík ferðamannaskrifstofa, sem stofna á samkv. því, myndi stórum auka ferðamannastrauminn hingað. Hann færði sem rök fyrir því, að ferðamannastraumur hingað væri óhollur, að umgengni við ferðamenn myndi valda undirlægjuhugsunarhætti meðal þjóðarinnar og auka svik og pretti.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst þessi orð hv. þm. bera vott um fulllitla trú á íslenzku þjóðinni. Ég held, að við séum upp úr því vaxnir að sýna útlendingum undirlægjuhátt, og ég held, að hér á landi væri fremur hætta á of lítilli kurteisi heldur en þeirri undirlægjukurteisi, sem við, sem ekki höfum beinlínis persónuleg kynni af þjónum á útlendum gistihúsum í stóru ferðamannalöndunum, lesum um í skáldsögum, að algeng sé í sumum öðrum ferðamannalöndum. Ég held, að þessi mótbára hafi því ekki við nein rök að styðjast.

Þeir hv. þm. Snæf. og hv. 8. landsk. héldu því hinsvegar fram, að ferðamannastrauminn bæri að auka, en töldu ríkið ekki þurfa að setja á stofn ferðamannaskrifstofu í því skyni, með því að núv. skrifstofur einstakra manna gætu innt þetta betur af hendi. Við, sem höfum þá skoðun, að nauðsyn beri til að koma á fót ferðamannaskrifstofu, álítum hinsvegar, að núv. skrifstofur hafi ekki aðstöðu til að inna þetta hlutverk af hendi. Þær bresti t. d. fé til auglýsingastarfsemi erlendis, auk margs annars. Enda hefir reynslan sýnt, að ferðamannastraumurinn hefir aukizt mjög lítið fyrir þeirra atbeina.

Starfssvið væntanlegrar ferðamannaskrifstofu verður fyrst og fremst að auglýsa landið. Auk þess verður það hlutverk hennar að leiðbeina ferðamönnum um landið. Það verður að koma upp móttökustöðvum á þeim stöðum, sem líklegast er, að ferðamenn vilji dvelja, og fullnægja á allan hátt óskum ferðamannanna eftir mætti.

Eins og frv. er nú, eftir að allar brtt. mínar hafa verið felldar, læt ég mér í rauninni í léttu rúmi liggja, hvort það verður samþ. eða ekki, þar sem ég tel það næsta gallað. Ég álít, að það þurfi að vera í samræmi við brtt. mínar, ef það á að vera viðunandi. En ég vildi ekki láta þeim orðum hv. 5. þm. Reykv. ómótmælt, að aukinn ferðamannastraumur myndi hafa óholl áhrif, því að ég áleit í þeim fólgna ómaklega ásökun til þjóðarinnar.

**Pétur Halldórsson** [óyfirl.]: Ég get nú skilið, að hv. þm. A.-Sk. þyki lítið til frv. koma og sé ekki hvetjandi þess, að það verði að lögum, eftir að allar brtt. hans hafa verið felldar. Ég held, að hann gerði því réttast í því að hjálpa okkur til að ganga af frv. dauðu að þessu sinni, í trausti þess, að sett verði viturlegri lög um þetta efni á næsta þingi.

Það er auðheyrt, að hv. þm. A.-Sk. hefir betri trú á landsmönnum en ég. Annars lýsti sér engin vantrú á þjóðina í því þótt ég segði, að aukinn ferðamannastraumur yrði ekki til annara bóta en fjárhagslegra. Það er annars almennt viðurkennt, að þjóðir í ferðamannalöndum spillist „móralskt“ af umgengni sinni við ferðamenn. Ferðamennirnir kvarta yfir fólkinu, undirlægjuhætti þess og ágengni í senn. Ég er ekki hræddur um, að við Íslendingar sýnum útlendingum ókurteisi, þótt okkur sé að vísu margt annað betur gefið en kurteisi og háttprýði, en ég hefi heldur ekki trú á því, að við lærðum prúða framkomu af hinum erlendu ferðalöngum.

Það er rangt hjá hv. þm. A.-Sk., að ferðamannastraumurinn hingað hafi ekki aukizt hin síðustu ár. Hér er einmitt talsvert um ferðamenn þá tvo—þrjá mánuði ársins, sem til þess eru hæfir að ferðast um landið og sjá það í sínu sumardýrð. En það verður að gera skýran greinarmun á þeim, sem koma vegna kynningar á bókmenntum landsins eða íslenzkum mönnum, og hinum venjulegu „túristum“, sem á að fá hingað með þessu frv. Ég held, að það væri heppilegra, að þessi straumur ykist smátt og smátt frá ári til árs gegnum viðkynningu útlendinga við menningu þjóðarinnar og einstaklinga, t. d. þá Íslendinga, sem fara til útlanda. Slík viðkynning leiðir oftast til þess að útlendinga langar til þess að sjá landið sjálft.

Þessi flokkur manna er allt annar en sá, sem hingað myndi koma eftir stórorðum og glæsilegum auglýsingum, sem hinni væntanlegu ferðamannaskrifstofu er ætlað að breiða út erlendis. Það er mjög hætt við, að þeir menn, sem koma eftir slíkum auglýsingum, gætu orðið fyrir þeim vonbrigðum, að af því hlytist tjón fyrir álit landsins. Hér er svo lítið upp á að bjóða, að við

vitum, að jafnvel sumarferðir Reykvíkinga eru bændum oft og tíðum til mikilla óþæginda, þegar farið er út af þeim fáu leiðum, þar sem einhver viðbúnaður er til að taka á móti ferðamönnum.

Hv. þm. A.-Sk. sagði, að að því þyrfti að vinna að koma upp móttökustöðvum á hentugum stöðum, til þess að lokka ferðamenn til landsins. Það er einmitt þetta, sem vantar, og áður en farið er að hugsa um að koma upp ríkisskrifstofu fyrir ferðamenn, þarf að verja miklu fé til að koma upp slíkum stöðvum.

Mér þykir vænt um að heyra, að hv. þm. A.-Sk. fellst á, að rétt sé að láta frv. hvíla sig þangað til á næsta þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 15. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GG, HV, JG, PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, JörB.

**nei:** GÞ, GÍ, GTh, JÓl, JónP, JS, MT, ÓTh, PHalld, PO, SK, TT.

ÞorbÞ,[1]) GSv, HannJ, JakM greiddu ekki atkv.

Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

---

Á 62. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 741).

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 8:6 atkv.

---

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 2. umr.

**Magnús Guðmundsson:** Ég leyfi mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til nefndar og umr. frestað.

**Jón Baldvinsson:** Ég sé enga ástæðu til að vísa þessu frv. til nefndar nú, enda var það fellt hér fyrir nokkru síðan.

**Magnús Guðmundsson:** Það er rétt, að það var fellt við 1. umr. að vísa þessu máli til n., en þar með er ekki sagt, að það verði gert nú. Ég óska, að hæstv. forseti beri þessa till. mína undir atkvæði.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir borizt till. um að fresta þessu máli og vísa því til nefndar.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég tel rétt-

1) **ÞorbÞ:** Þó ég sé málinu í heild hlynntur, eru svo stórfelldir gallar á frv., að ég greiði ekki atkv.

ara að bera þetta undir atkv. í tvennu lagi. Hér er um tvö atriði að ræða, annarsvegar að fresta umr. og hinsvegar að vísa málinu til nefndar.

**Magnús Guðmundsson:** Það er auðviljað hægt að vísa *máli til n. á hvaða stigi* sem er. En það hefir verið venja að bera svona till. upp í einu lagi, og óska ég helzt, að hæstv. forseti haldi þeirri venju.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það mun hafa verið fellt að vísa þessu máli til nefndar við 1. umr. Mér finnst því eðlilegast, að umr. fari nú fram og að málinu verði þá vísað til n., að henni *lokinni, ef mönnum sýnist* svo.

**Forseti (EÁrna):** Það er rétt, að hér er um tvö atriði að ræða. Forseti getur ákveðið að fresta umr., en hinsvegar getur hann ekki ákveðið, að mál skuli fara í nefnd. Ég mun því fyrst bera upp þá till., að umr. sé frestað.

ATKVGR.

Till. um að fresta umr. felld með 9:6 atkv.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég tel ekki þörf á að hafa langar umr. um þetta mál. Frv. er svo ljóst, að hv. dm. ætti að vera auðvelt að átta sig á því nú þegar, hvort þeir vilja fylgja því eða ekki. Það er gert ráð fyrir að stofna skrifstofu, sem ætlað er að veita almenna fræðslu um landið, bæði utan lands og innan. Það munu vera lítið skiptar skoðanir um það, að með því að auka meir en gert hefir verið kynni erlendra manna af landinu megi fá hingað talsvert meiri ferðamannastraum en áður hefir verið, en af því getur landið haft ekki óverulegar tekjur, og flest lönd, sem skilyrði hafa til þess, að ferðamenn leiti þangað, auglýsa land sitt sem bezt í þessu skyni. Eitt af því, sem nauðsynlegt er fyrir þá ferðamenn, sem hingað koma, er það, að geta fengið góðar upplýsingar um gistihús, vegi um landið o. s. frv., og jafnframt vitneskju um kostnað við ferðalag um landið og annað, til þess að þeir þurfi ekki að óttast að vera hafðir að féþúfu. Þessi verkefni er frv. ætlað að leysa. Þetta eru heimildarlög, og ekki gert ráð fyrir því frekar en verkast vill, að stofna þurfi sérstaka skrifstofu. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að þetta geti verið í sambandi við aðra skrifstofu, ef henta þykir. Einhver útgjöld verða við þetta í byrjun, en ætla má, að óbeinar tekjur geri meira en að vinna það upp, og auk þess þykir mér líklegt, að ekki þyrfti að verða mikill halli á rekstri slíkrar skrifstofu, ef vel væri á haldið.

**Magnús Guðmundsson:** Hæstv. atvmrh. hefir nú látið okkur fá ofurlitlar upplýsingar um þetta efni, en við eigum eftir að melta alla þá fræðslu. Ég kæri mig ekki um að ræða málið fyrr en ég sé, hvort því verður vísað til nefndar, en það má vera, að ég taki til máls við 3. umr.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég vildi aðeins benda á, að mér vitanlega þekkist það hvergi, að ríkið sjái um starfrækslu slíkrar skrifstofu, sem hér er um að ræða. Ferðamannaskrifstofur eru venju-

lega einskonar alþjóðleg fyrirtæki, sem hafa umboðsmenn um allan heim, til þess að greiða fyrir ferðalögum. Eins mun þetta vera hér. Erlendar ferðamannaskrifstofur hafa hér umboðsmenn, og ferðamenn, sem hingað ætla að koma, kaupa venjulega af þessum erlendu skrifstofum flest það, sem til þarf, og fá síðan upplýsingar hér hjá þessum umboðsmönnum án þess að borga nokkuð fyrir það sérstaklega.

Hæstv. ráðh. segir, að hér sé aðeins um heimild að ræða. Það er vanaviðkvæðið á þessu þingi, að þetta og þetta sé heimild. En hvers vegna er verið að gefa þessar heimildir, nema til þess að nota þær?

Hæstv. ráðh. sagði ennfremur, að þetta mundi hafa lítil útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Þessi útgjöld eru óþörf, hvort sem þau eru mikil eða lítil. Ég get hugsað mér, að þessi útgjöld verði talsverð. Við fáum þær óbeinu tekjur, sem af ferðamannastraumnum leiðir, hvort sem er, án þess að neinu sé til kostað af hálfu ríkissjóðs. Þetta verður því aðeins tap fyrir ríkissjóð. Ég er líka sannfærður um, að erlend ferðafélög hafa sína umboðsmenn hér á landi áfram og vísa þeim mönnum, sem við þau skipta, til sinna umboðsmanna hér. Þetta fyrirkomulag, sem hér um ræðir, er því bæði þarflaust og gagnslaust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10:3 atkv.

---

Á sama fundi var útbýtt nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 920, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 13. Ríkisborgararéttur (frv. allshn. Nd.).

Á 14. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar** (þmfrv., A. 140).

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég vil f. h. allshn. gera örlitla grein fyrir þessu frv. Það fer fram á, að þremur útlendum mönnum sé veittur ríkisborgararéttur.

Það er rétt að geta þess, að tveir af þessum umsækjendum hafa ekki dvalið nema 4 ár hér á landi, en ég held, að það hafi ekki verið veittur ríkisborgararéttur nema hlutaðeigandi maður hafi dvalið minnst 5 ár hér á landi. En með því skilyrði, að þessir tveir menn sanni innan eins árs, að þeir hafi ekki ríkisborgararétt í öðru landi, þá telur allshn. rétt, að þeim sé veittur ríkisborgararéttur hér. — Að svo mæltu vænti ég þess, að þetta frv. verði afgr. til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 140).
Á 26. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 14. Lax- og silungsveiði.

Á 15. fundi í Nd., 20. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði** (þmfrv., A. 154).

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Frsm. (Jón Pálmason):** Fyrir hönd landbn., sem flytur frv. þetta, vil ég leyfa mér að segja nokkur orð. Lögin um lax- og silungsveiði, sem sett voru 1932, höfðu haft langan undirbúning, enda var þar um mikið þrætumál að ræða. Það var þegar ljóst, að á lögum þessum myndu verða ýmsir annmarkar gagnvart takmörkunum á atvinnuveginum, og fyrir því var borið fram frv. á aukaþinginu í fyrra um breyt. á lögunum, og er aðalefni þess tekið upp hér. Frv. dagaði þá uppi í hv. Ed., án þess þó að séð yrði, að um það væri nokkur verulegur ágreiningur.

Aðalbreytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir á l. frá 1932, eru í þremur fyrstu greinum þess og ganga í þá átt að rýmka um veiðileyfið, svo betra verði að fá að veiða í klak.

Þá eru í 4. og 5. gr. ákvæði um að minnka möskvastærðina úr 4,5 cm. í 3,5 cm., og er það miðað við blautan möskvann. Þessa breyt. á

möskvastærðinni hefir n. þótt rétt að taka upp, og hefir hún borið hana undir höfund laganna, sem hefir tjáð sig samþykkan henni. Að þessi breyt. er gerð, er sökum þess, að það hefir þótt koma í ljós, að silungsveiði rýrni að miklum mun með því að hafa netin svona möskvavíð.

Þá er og ákvæði um það, hvernig með skuli fara þegar styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé, en hvorugur vill víkja.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði, sem vel má vera, að ágreiningur geti orðið um. Það er um aukna skaðabótaskyldu til þeirra, sem verða fyrir barðinu á lögunum. Að þeir skuli eiga rétt til skaðabóta eftir mati, og að kröfur fyrir bætur skuli sendar ráðh., og ennfremur að bæturnar greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði, eða sýslusjóðum, þegar tvær sýslur eiga hlut að máli.

Ég vænti nú, að hv. dm. viðurkenni, að hér sé um nauðsynlegar breyt. að ræða, og greiði fyrir frv., svo að það megi ganga sem fljótast gegnum þingið. Vil ég svo f. h. n. óska þess, að það gangi til 2. umr., en til nefndar mun það ekki þurfa að fara, þar sem það kemur frá nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 20 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 154).
Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 15. Fátækralagabreyting (frv. PZ og ÞorbÞ).

Á 17. fundi í Nd., 23. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á fátækralögum, nr. 43 31. maí 1927** (þmfrv., A. 175).

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Páll Zóphóníasson):** Þetta frv., sem ég og hv. þm. A.-Sk. flytjum hér, er í sjálfu sér ekki mikið að efni til, en það breytir þó fátækralögunum fjarskalega mikið, ef að l. verður. Fátækralögin eru, eins og allir viðurkenna, orðin gamalt og útslitið fat, sem þjóðin er að sprengja utan af sér með breyttum þjóðarháttum á alla vegu. Það, sem mest ber á í þessu sambandi, er annarsvegar sveitfestitíminn og hinsvegar fátækraflutningarnir. Þegar þessu var svo háttað, að tíminn var ákveðinn 10 ár, þá hefir það vafalaust byggzt á því, að með svo langri dvöl í sveitinni hafi menn átt að vera búnir að vinna henni gagn, sem hún átti svo að endurgreiða með því að ala önn fyrir þeim, ef þess þyrfti með. Hið sama má segja um það, þegar menn áttu sveitfesti þar, sem þeir voru fæddir. Það hefir byggzt á því, að foreldrarnir væru búnir að vinna sveitinni það gagn, að þeir á þann hátt öðluðust rétt til þess að fá styrk af henni handa börnum sínum, ef þau þyrftu þess með.

Eins og fólksflutningur er nú mikill milli sveita, er eiginlega ekki hægt að segja, að það sé nema tiltölulega lítill hluti þjóðarinnar, sem dvelur svo lengi á sama stað, að hann fái kröfur á sveitarfélögin, sem á því byggjast, og þegar búið er að breyta l. eins og nú er búið og færa sveitfestitímann niður í 2 ár, þá er sveitfestitíminn gersamlega meiningarlaus. Það, sem því hér er farið fram á, er, að þessu verði breytt þannig, að menn eigi framfærslusveit þar, sem þeir eiga lögheimili, þegar þeir verða þurfandi sveitarstyrks.

Það hefir verið minnzt á það við mig, að þetta frv. muni ekki fá stuðning þeirra manna, sem eru frá þeim héruðum eða kaupstöðum, sem fólkið flyzt mest til, og þessi l. hafa því meiri áhrif á hvað sveitarþyngsli í framtíðinni snertir heldur en ef þetta verður óbreytt eins og það er nú. Ég á afarbágt með að trúa því, að hér á Alþ. sitji nokkur sá þm., sem ekki er viðsýnni en það, að hann sjái ekki nema út yfir sitt eigið kjördæmi, og þess vegna geri ég ráð fyrir því, þegar til kemur og menn fara að athuga þetta mál, að þá sjái þeir, að það er réttlætismál. Í þessu sambandi vil ég benda á, að einu orði, orðinu „fyrst“ seinast í 1. gr. frv. er ofaukið.

Hitt atriðið, sem um er að ræða, er afnám fátækraflutningsins. Hann fellur að nokkru leyti niður af sjálfu sér, ef sú breyt. verður gerð, að láta hvern mann verða sveitlægan þar, sem hann á heimili, þegar hann verður styrkþurfi, en þó gæti hugsazt, að þeir ættu sér stað í einstaka tilfelli með menn, er unnið hefðu sér sveitfesti áður en lög þessi kæmu til framkvæmda. Það virðist þó ekki ástæða til að álíta annað en að þeir

leggist svo að segja alveg niður, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Að endingu vil ég svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn., að þessari umr. lokinni.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Annað aðalatriði þessa frv. er að banna svokallaðan sveitarflutning, og mér skilst, að það muni leiða af sjálfu sér af hinu aðalatriðinu, að hann falli niður, sem sé því, að menn skuli eiga sveitfesti þar, sem þeir eiga lögheimili. Það virðist lítil ástæða til að óttast fátækraflutning eftir að búið er að lögfesta það ákvæði. Hinsvegar óttast ég mjög, að með slíkri lagasetningu sem þessari verði stofnað til miklu meiri sveitarflutninga heldur en nokkru sinni áður hafa verið framkvæmdir, því að það er opnuð leið til þess, og eins er sveitarfélögunum beinlínis bent á það, að flytja það fólk burtu frá sér til annara sveitarfélaga, sem ástæða er til að óttast, að verði hjálparþurfa, og afla því þar lögheimilis. Ég gæti því trúað, að úr þessu yrðu, ef ekki sveitarflutningar, þá jafnvel þjóðflutningar í smærri stíl. Ég tel þetta mjög misráðið. Það er með því verið að ýta undir þá skammsýni, sem löngum hefir bólað töluvert á í ýmsum sveitarfélögum, sem sé þá, að losa sig við fólk, og eru þau þannig gerð verr stæð en ella, með því að fækka fólkinu í þeim. Ég held, að það ætti frekar að stuðla að því að halda fólkinu kyrru í sveitunum. En ég er sannfærður um það, að ef þetta frv. verður samþ., þá mun það verka þannig, að fólkið flytur enn meira til kaupst. en áður.

**Þorbergur Þorleifsson**: Þessi rök, sem hv. 3. þm. Reykv. flutti hér fram gegn þessu frv., finnast mér ekki vera á nægilegum rökum byggð. Hann talaði um, að sú skammsýni mundi vera til staðar í sveitunum, að ef þetta yrði gert að l., þá mundu hefjast úr þeim feikilegir þjóðflutningar til bæjanna, sem orsökuðu það, að fólki fækkaði ennþá meira í sveitunum en verið hefir. Mér finnst nú, að þetta sé skammsýni hjá hv. 3. þm. Reykv., því að sú skammsýni er ekki til í sveitunum nú á tímum, að farið verði að flytja fólk burt úr þeim, þegar við borð liggur, að það verði sveitarstyrks þurfandi. En hitt er aftur á móti augljóst og vitanlegt, að það hafa þegar fyrir löngu síðan hafizt þjóðflutningar úr sveitunum í bæina, og það er einmitt vegna þessara flutninga, sem hafa átt sér stað og eiga sér ennþá stað, að þessi lög, sem nú eru um þetta efni, eru ekki sanngjörn. Það er mjög ósanngjarnt, að það fólk, sem flytur í kaupstaðina úr sveitunum og verður þurfandi fyrir styrk, áður en það er búið að vinna sér sveitfesti í bæjunum, skuli þurfa að hafa framfærslu í sveitunum. Sveitirnar eiga fyrst að ala fólkið upp fyrir bæina, og svo að taka við því aftur, sem ósjálfbjarga reynist í hinni hörðu lífsbaráttu í bæjunum. Þannig verður þetta í framkvæmdinni samkv. þeim lögum, er nú gilda. Annars skoða ég þetta mál ekki sem hreppapólitík milli sveita og kaupstaða, heldur sem fullkomið réttlætismál, sem allir hljóta að sjá, að á rétt á sér.

Það er hægt að sýna fram á það með mörgum dæmum, að þetta ákvæði l. um 2 ára sveitfestitíma er óréttlátt, og ég skil ekkert í þeim mönnum, sem vilja ekki sýna sanngirni í þessu máli, því að það er fyrirsjáanlegt, að verði þessu ákvæði l. haldið, þá verður það til stórkostlegra vandræða fyrir ýms sveitarfélög, vandræða, sem verður þá að leysa á einhvern annan hátt.

Hv. 3. þm. Reykv. kom ekki með önnur rök en ég hefi þegar nefnt, og sé ég því ekki ástæðu til þess að svo vöxnu máli að fjölyrða meira um það, en ef hann eða aðrir flytja hér fram önnur rök gegn því, þá mun ég taka þau til athugunar.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Þessi dásamlegu rök í grg. frv., að menn eiga ekki að geta unnið sér sveitfesti með 2 ára dvöl í sveitarfélagi, þau mæla á móti frv., en ekki með því. Ef menn geta ekki unnið sér sveitfesti með 2 ára dvöl á sama stað, þá geta þeir það enn síður með fárra daga setu. Þessi rök hv. flm. falla því alveg um sjálf sig.

Hinu mótmæli ég alveg, að ef fólk flyzt úr einu héraði af því að það getur ekki haldizt þar við, og í annað, og verður svo að fá hjálp þar innan tveggja ára, að þá sé það sanngirnismál, að sveitarfélagið, sem það fluttj í, ali önn fyrir því. Ég þverneita því alveg, að það sé sanngirnis- og réttlætismál, að ef sú sveit, sem fólkið hefir haft sveitfesti í áður, hefir ekki skyldur við það, þá hvíli sú skylda á því sveitarfélagi, sem fólkið hefir dvalið styttri tíma í. Að kalla slíkt réttlætismál er hreinasta vitleysa og hefir ekki við nein rök að styðjast. Hitt er annað, hvað er hagkvæmt, en mér finnst þessi tveggja ára sveitfestitími svo stuttur, að þessir málsvarar hinna dreifðu byggða geti fullkomlega sætt sig við hann. Hann er ekki nema varnagli, sem er sleginn við því, að lögin séu misbrúkuð, sem sé að því sé ekki komið í framkvæmd, sem ég benti á áðan, að gerðar verði ráðstafanir til þess að flytja fólk úr einu sveitarfélagi í annað, sem búast má við, að verði hjálparþurfa. Með þessu ákvæði um tveggja ára sveitfestitíma er settur dálítill þröskuldur í veginn fyrir misbrúkun á lögunum.

**Flm. (Páll Zóphóníasson)**: Ég skal ekki deila um málið á þessu stigi þess, meðan það á eftir að fara til n., en það var eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem ég get ekki látið ómótmælt, og einmitt sem málsvari hinna dreifðu byggða. Hann var með þær aðdróttanir að sveitamönnum, að þeir mundu hefja fólksflutninga, ef þetta yrði að l., þannig, að þeir mundu flytja fólkið úr sveitunum áður en það yrði þurfandi sveitarstyrks. Að þessi hv. þm., sem ekkert þekkir til sveitamanna, skuli koma fram með annað eins og þetta, tel ég sprottið af illvilja í garð sveitamanna, og vildi ráða hv. þm. til að tala ekki um það, sem hann ber ekkert skyn á. Ég vil biðja hann að gera svo vel og standa við þessi orð sín og benda á, að slíkur fólksflutningur milli hreppa eigi sér stað.

Það má vera, að hann úr sínum eigin herbúðum þekki þann hugsunarhátt, sem hér liggur á bak við, en hjá sveitamönnum er hugsunarháttur sem þessi ekki til, og ég vísa þessu því algerlega heim til hans aftur sem staðlausum stöfum.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég get nefnt hv. 2. þm. N.-M. mýmörg dæmi um þetta, og ég skal ef hann vill, nefna honum dæmi um það utan fundar, að þetta hefir verið haft í frammi. (PZ: Með því að sækja þau 50 ár aftur í tímann). Dæmin eru til alveg ný, og þau eru líka til frá eldri tímum. Það hefir meira að segja komið fyrir, að fólki, sem hefir verið flutt þannig, hefir verið haldið uppi í annari sveit í mörg ár, til þess að losa sveitina, sem átti að sjá því fyrir framfærslu, við að framfæra það framvegis. Nú er sveitfestitíminn ekki nema 2 ár, en hv. 2. þm. N.-M. vill breyta þessu á þann veg, að fólkið sé bara flutt á milli sveitarfélaga, svo að sveitirnar komi því af sér. Menn geta sjálfir gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingu slíkt hefir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 16. Framfærslulög.

Á 18. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:
**Frv. til framfærslulaga** (þmfrv., A. 195).

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jónas Guðmundsson)**: Þetta frv. er hið þriðja í röðinni um sama efni hér í þessari hv. d. í dag. Af þeim stuttu umr., sem orðið hafa um frv., sem var til umr. hér næst á undan, geta menn glögglega séð, að slíkar breyt., sem þar er farið fram á, eru bornar fram út í loftið. Það er algerlega rangt að ætla sér að taka eitt atriði út úr svo umfangsmikilli löggjöf og breyta því. En hitt sjá allir af þeim frv. og till., sem fram koma um þetta efni hér á Alþ. nú, að einmitt þetta mál, framfærslulöggjöfin í landinu, er eitt af þeim stærstu málum, sem liggja fyrir þessu þingi og næstu þingum að leysa. Ósamræmið í þessari löggjöf er orðið svo mikið, að það er farið að sýna sig í hinum einkennilegustu myndum í ýmsum sveitarfélögum.

Árið 1932 var gerð kákbreyting á þessum l., með því að láta ríkissjóð borga nokkurn hluta fátækraframfærisins þar, sem það var að verða sveitarfélögunum um megn. Þessi styrkur úr ríkissjóði hefir farið 71 þús. kr. fram úr 100 þús. kr., sem áætlaðar voru í þessu skyni, og er sýnilegt, að þetta mál færist óðfluga í það horf, að sveitarfélögin verða að fá hjálp til þess að standast byrðar fátækraframfærslunnar. Í grg. frv. eru nokkrar tölur, sem eru miðaðar við árið 1932. Þá hefir fátækraframfærsla á öllu landinu kostað 1800000 kr. Af þessu hafa kaupstaðir og kauptún með 500 íbúa og þar yfir greitt 1400000 kr., en sveitarfélögin tæpar 400000 kr. Það sést á þessum tölum, hvar fátækraframfærslan hvílir þyngst á. Hún hvílir mestmegnis á kaupstöðum og kauptúnum.

Nú eiga kaupstaðirnir samkv. l. heimting á að fá endurgreitt svo eða svo mikið af því, sem þeir leggja fram, en vegna þess hve fjárhagur sveitanna er slæmur, geta þær alls ekki greitt það, sem þeim ber. Kaupstaðirnir verða því að leggja út þetta fé, vitandi það, að þeir fá aldrei nema sáralítinn hluta þess aftur.

Hlutföllin í fátækraframfærslunni í landinu eru þau, að í kaupstöðum og kauptúnum er hún kr. 25.00 á hvern íbúa, en í sveitunum kr. 7.00 á hvern íbúa. Þetta greinilega misræmi í fátækraframfærslunni bendir á það, að sveitirnar mundu geta framfært það fólk, sem í þeim er, ef þær hefðu ekki samskonar skyldur að inna af hendi annarsstaðar. Þó eru til undantekningar frá þessum hlutföllum. Hjá þeim sveitarfélögum, sem hafa t. d. marga sjúklinga á framfæri sínu, getur hlutfallstalan farið langt fram úr þessu, og gerir það líka í ýmsum tilfellum. En samt sem áður eru það kaupstaðir landsins og kauptún, sem leggja mest fé út í þessu skyni, og eru líka blátt áfram að sligast undir þessum útgjöldum, að undanskilinni Reykjavík einni.

Það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er, eins og tekið er fram í grg. þess, að framfærslusveit hvers manns verði hér eftir sá hreppur eða kaupstaður, sem hann er búsettur í. Þannig losna sveitirnar að öllu leyti við að framfæra þá, sem eru utan þeirra vébanda. Það er ætlazt til, að þær framfæri þá, sem eru þar heimilisfastir, en þurfi ekki að svara neinum kröfum annarsstaðar frá. Kaupstöðum og kauptúnum er svo aftur ætlað það hlutverk, að framfæra alla, sem þar eru búsettir og verða búsettir, en svo er ríkissjóði ætlað að jafna þann mismun, sem verður á fátækraframfærslunni um land allt.

Það verður ekki á nokkurn hátt varið frá sjónarmiði réttlætis, að ætla kaupstöðum og kauptúnum að leggja til fátækraframfærslu 25 kr. á mann á móts við sveitirnar, sem leggja fram í því skyni 7 kr. á mann. Og hverjir eru það svo, sem verið er að framfæra í raun og veru? Það eru þeir þegnar þjóðfélagsins, sem sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af einhverjum öðrum ástæðum geta ekki séð sér farborða sjálfir, en sem þjóðin sem heild á að sjá farborða. Þess vegna má ekki leggja allt of mikið af þessari byrði, sem ríkið í heild sinni á að bera, á einstök byggðarlög. Skynsamlegasta leiðin er vitanlega sú, að láta ríkissjóð, hinn sameiginlega sjóð allrar þjóðarinnar, jafna þennan mismun, ekki með útreikningi og bollaleggingum, eins og gert er með l. frá 1932, heldur blátt áfram á þeim grundvelli, að þau sveitarfélög, sem hafa yfir meðalframfærsluþunga, fái endurgreitt það af kostnaðinum, sem sanngjarnt er, en hin ekki, sem þar eru fyrir neðan.

Nú er svo komið, að sveitirnar eru að sligast undir framfærsluþyngslum sínum, þrátt fyrir það, þó að kaupstaðirnir framfæri mikið fyrir þær án þess að fá það borgað. Og hvers vegna á þá að draga að breyta þessu, svo að hlutföllin verði réttari og sanngjarnari? Það má ekki dragast lengur, að hlaupið verði undir bagga með kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa orðið að

inna þetta þunga hlutverk af hendi að mestu leyti.

Við flm. þessa frv. berum það ekki fram í nafni Alþfl., heldur sem fulltrúar tveggja kaupstaða, sem hafa áreiðanlega lagt fram sinn hluta til þess að framfæra þurfamenn fyrir aðra. Við skiljum það því betur en margir aðrir, hvaða þýðingu þetta hefir fyrir kaupstaðina, bæði fjárhagslega og menningarlega. Þegar kaupstaðirnir hafa borgað tugi þús. fyrir að framfæra fólk, sem að l. á annarsstaðar heimtingu á framfærslu, þá hljóta allir að sjá, að afleiðingin verður sú, að þeir, sem hafa mjög takmarkaða tekjumöguleika, hljóta að lenda í öngþveiti með fjármál sín. Þeir hljóta að lenda í vanskilum annarsstaðar. Og hvernig fer þá? Þegar bæjarfélögin geta ekki greitt það, sem þau verða að taka út í verzlunum handa þeim mönnum, sem þau framfæra, þá komast þau þar í skuldir. Upp í þessar skuldir eru svo útsvörin látin ganga fyrst og fremst. En þá lendir annað í vanskilum, t. d. lán í bönkum, greiðslur í sýslusjóði og greiðslur til ríkissjóðs. Úr þessu verður svo sú vanskilakeðja, að ekki er mögulegt fyrir nokkurt sveitarfélag að segja: Ég hefi hreina reikninga; ég borga allt, sem mér ber að borga. — Þetta stafar fyrst og fremst af því, að á þessi byggðarlög hafa verið lögð þessi ógurlegu útgjöld.

Þetta er áreiðanlega eitt mikilvægasta málið, sem fyrir þinginu liggur, og ég tel ekki rétt að fresta lausn þess, þó ekki sé nema til næsta árs. En vinnubrögðin hér á þingi eru þannig, að það þarf að velta hverju máli fyrir sér tímunum saman þar til allt er komið í óefni, og þá eru gerðar einhverjar kákbreytingar í flýti. Ég sé ekki, að fátækralöggjöfin þurfi að vera svo ríkbundin við tryggingarlöggjöfina, að ekki megi afgreiða hvorn lagaflokkinn út af fyrir sig. Sjúkra- og ellitryggingar, sem hér eru mest aðkallandi, grípa inn í fátækral. mestmegnis á þann hátt, að útgjöldin þeirra vegna verða minni, þar sem styrkur til sjúklinga og gamalmenna færist yfir á annan lið. Þannig grípa tryggingarl. aðeins inn í fjárhagshlið fátækral., og á þann hátt, að útgjöld sveitar- og bæjarfélaga þeirra vegna verða minni. — En svo ég víki að frv. sjálfu, þá má segja, að 1. kafli þess sé nákvæmlega óbreyttur frá því, sem er í núgildandi l., en hann er um framfærsluskyldu, skyldu sveitarfélaga og einstaklinga til að framfleyta fátæklingum. Í 2. kafla er aftur mikilvæg breyt. frá núgildandi l., þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkið verði allt eitt framfærsluhérað, þó með þeim takmörkunum, sem annars eru um það sett í frv. — 3. og 4. kafli mega heita óbreyttir frá núgildandi l.; þar er aðeins að ræða um orða- en ekki efnisbreytingar. — Þá kemur að 5. kaflanum. Þar er skrefið stigið heilt, landið skal gert að einu framfærsluhéraði, og ríkissjóður endurgreiðir sveitar- og bæjarfélögunum hluta kostnaðarins við fátækraframfærsluna, — til Reykjavíkurkaupstaðar ⅓ hluta þess, sem fram yfir er meðaltalsframfærslukostnað landsins, margfaldað með íbúatölu Reykjavíkur, og til annara kaupstaða og sveitarfélaga ⅔ hluta þess, sem fram yfir er meðaltalsframfærslukostnað landsins, margfaldað með íbúatölu viðkomandi kaupstaðar eða sveitarfélags. — Ég skal taka það fram, að fyrir okkur flm. er það ekkert aðalatriði, að þessum hlutföllum sé haldið, og gætum við gengið inn á breyt. í því efni, ef hv. allshn. eða öðrum hv. þm. þættu þær nauðsynlegar til þess að frv. gæti orðið að l. En við leggjum þetta til sem sæmilegan umræðugrundvöll. Það gæti t. d. verið spursmál, hvort ekki á að gera ráð fyrir endurgreiðslu til sveitanna, þó að framfærslukostnaður þeirra fari ekki fram úr meðaltalsframfærslukostnaði landsins, eða setja markið lægra fyrir sveitarfélögin en kaupstaðina. Í frv. er tekið slíkt tillit hvað Reykjavík snertir; henni er ætlað að greiða meira en öðrum kaupstöðum og sveitarfélögum áður en endurgreiðsla fæst. Þetta er meðfram vegna þess, hve Reykjavík hefir betri skilyrði til fjáröflunar en önnur bæjarfélög. Það er svo alkunnugt, að um það þarf ekki að deila.

Ég held þá, að ég hafi tekið það helzta fram um þetta frv. okkar, sem máli skiptir, og vildi ég mælast til þess, að því verði vísað til allshn. að aflokinni þessari umr. Ég vil þó að lokum undirstrika það, að allur dráttur á lausn þessa máls er mjög tilfinnanlegur fyrir mörg sveitar- og bæjarfélög, sem nú eru að sligast undir byrðum framfærslukostnaðarins, og skora á hv. dm. að stuðla til þess, að frv. þetta nái fram að ganga nú á þessu þingi.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál. Ég get tekið undir það með hv. frsm., að ástandið er orðið alvarlegt hér á landi í þessum efnum, og horfir til vandræða víða, ef ekki verður bráðlega úr því bætt. Samt verð ég að segja það, að ég hefi litla trú á því, að mál þetta verði leyst nú á þinginu, en væntanlega verður því fylgt til fullrar úrlausnar á næsta þingi. Eins og atvmrh. hefir skýrt frá, ætlar stj. sér að láta undirbúa löggjöf um þessi efni fyrir næsta þing, enda var lausn þess eitt atriði í málefnasamningi stjórnmálaflokkanna, sem að núv. stj. standa.

En viðvíkjandi þessu frv. vildi ég minnast á eitt atriði aðallega. Hv. aðalflm. talaði raunar um það sjálfur. Í þessu frv. er byggt á þeirri aðalreglu, að sveitar- og bæjarfélög fái ekki endurgreiðslu úr ríkissjóði fyrr en komið er fram úr meðaltalsframfærslukostnaði alls landsins. Þetta finnst mér vafasöm regla hvað sveitunum viðvíkur. Sveitahrepparnir eru óneitanlega ekki eins megnugir að standa undir þessum meðaltalskostnaði og kaupstaðirnir. Ég held því, að rangt sé að láta eitt ganga yfir öll sveitar- og bæjarfélög utan Reykjavíkur, en þetta atriði gæti staðið til bóta, eins og hv. þm. benti á. Um stefnu frv., hvort hún sé rétt og æskileg, ætla ég ekki að fjölyrða að sinni. Aðalatriðið er, hvort á að fara þá leið að skipta landinu í framfærsluhverfi, eftir því hve marga þurfi að styrkja í hverjum landshluta, og taka svo meðaltal af kostnaðinum. Ég veit ekki, hvort sú regla yrði betri en núgildandi aðferð. En ég vildi benda á það, að málaflokkarnir tveir, fátækramálin og tryggingarmálin, eru í svo nánu sambandi, að það er erfitt, ef ekki ómögulegt, að framkvæma fulla lausn á öðrum þeirra út af fyrir sig. Sér-

staklega er fjárhagshlið þessara mála svo samtvinnuð, að erfitt er að skilja þau að. Ég held, að engu væri tapað við það, þó að úrlausn þessara mála væri látin bíða næsta þings, og yrðu þá báðir málaflokkarnir afgreiddir saman.

**Þorbergur Þorleifsson:** Það var ekki rétt hjá hv. 6. landsk., að brtt. þær, sem hér hafa verið bornar fram í þinginu í frv. okkar hv. 2. þm. N.-M. við fátækral., séu bornar fram út í loftið. Þær breyt., sem gert er ráð fyrir í þessu frv. okkar hv. 2. þm. N.-M., eru alls ekki út í loftið, enda þótt þær feli ekki í sér heildarlausn þessa máls, svo sem hér er gert. Í frv. okkar er gert ráð fyrir bráðabirgðaumbótum, sem eiga fullan rétt á sér. Hinsvegar get ég viðurkennt, að það verður alltaf hálfgert kák að vera með bráðabirgðabreyt. á málum, sem þurfa algerðra breyt. við. Annars get ég lýst því yfir, að ég er þessu frv. fylgjandi í meginatriðum og vildi stuðla að því, að það næði fram að ganga á þessu þingi. En fari svo, sem hæstv. fjmrh. sagði, að ekki mundi takast að leysa þessi mál til fullnustu nú á þinginu, þá vænti ég þess, að þær brtt., sem ég og annar hv. þm. höfum flutt við fátækral., nái fram að ganga.

Ég vildi minnast á eitt atriði í þessu frv., sem hæstv. fjmrh. fór að vísu út í, en ég held, að þurfi frekari ath. við. Það er um þetta 10 kr. gjald á mann; það er vafalaust allt of hátt sett fyrir ýms sveitarfélög, og verður að breyta því, ef frv. nær fram að ganga. Líka má benda á, að tryggingarlöggjöfin er svo skyld þessari, að eiginlega þyrfti að leysa þau mál samtímis. Er leiðinlegt, að nú skuli ekki liggja fyrir þinginu frv. til tryggingarl. Þetta eru orðin mjög aðkallandi verkefni, og ég er á þeirri skoðun, að með fullkominni lausn fátækra- og tryggingarmálanna megi að allnokkru leyti útrýma fátæktinni hér á landi.

Hv. 6. landsk. gat þess, að kaupstaðirnir þyrftu að framfleyta fólki fyrir sveitirnar án þess að fá það endurborgað. Það getur verið, að þetta eigi sér stað. En mér er líka kunnugt um, að sveitirnar fá ekki alltaf greitt frá kaupstöðunum það, sem þeim ber hlutfallslega af útsvörum þaðan, og ennfremur, að sumar sveitir fá ekki alltaf greitt það, sem þær leggja út fyrir önnur sveitarfélög. Það er engin sérstaða fyrir kaupstaðina, þótt þeir kunni að þurfa að borga einhvern framfærslukostnað fyrir sveitarfélög án endurgreiðslu, heldur mun það vera sitt á hvað. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum við þessa 1. umr. málsins.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég játa, að það sé nokkuð til í því, sem hv. 6. landsk. sagði, að það væri lítil bót að því að bera fram brtt. við einstök atriði fátækral. Þó geta viss ákvæði þeirra verið þannig vaxin, að sjálfsagt sé að breyta þeim strax, enda þótt allsherjarbreyting á l. standi fyrir dyrum. Að því miðar frv. það, sem ég flutti um breyt. á þessum l. í byrjun þingsins. Þau frv., sem hér eru komin fram um breyt. á fátækralöggjöfinni, eru aðallega til þess að lagfæra fjárhagshlið þessara mála. Mitt litla frv. laut ekki að þeirri hlið, heldur átti það að tryggja það betur en áður var gert í l., að ekki væri níðzt á þeim ólánsmönnum, sem þurfa að leita hjálpar hins opinbera. Eins og ég tók fram þegar við 1. umr., var ekkert komið inn á fjárhagshliðina í frv. mínu, enda hefði til þess þurft að endurskoða alla löggjöfina. En ég áleit, að sú breyt., sem ég fór fram á, mætti ekki bíða. Ég lýsti því einnig yfir við 1. umr., að kæmi fram frv. svipað því, sem hv. 6. landsk. og hv. þm. Hafnf. hafa nú borið hér fram, yrði ég því fylgjandi. Þó vil ég geta þess, að leiki nokkur vafi á því, að þetta heildarfrv. nái fram að ganga, legg ég áherzlu á, að mitt litla frv. verði samþ. nú á þessu þingi.

Ég get ekki verið hv. 6. landsk. sammála um það, að ekki sé samband milli fátækral. og tryggingarl. Þarna hlýtur óhjákvæmilega að vera samband á milli. Eins og ég drap á við 1. umr., hlýtur löggjöf um opinbera forsjá, meðgjöf barna, sjúkratryggingar og annað slíkt að gripa inn í fátækral. — Ég vil mæla með því, að frv. gangi til n., og ef kostur er, þá fram á þessu þingi.

**Flm. (Jónas Guðmundsson):** Ég þarf ekki að svara miklu, sem fram kom í umr.; þó vildi ég segja, út af orðum hæstv. atvmrh., að ég hefi aldrei haldið því fram, að ekkert samband væri á milli fátækramála og tryggingarmála. En ég sagði, að það væri mestmegnis fjárhagslegt samband, sem verkaði þannig, að þegar tryggingarl. kæmu til framkvæmda, léttu þau byrði sveitarfélaganna með því að taka við einstöku póstum af framfærslukostnaðinum. Annars erum við hæstv. ráðh. vafalaust sammála um þetta atriði, og því óþarft að eyða tíma hv. d. í deilur um það.

Hv. þm. A.-Sk. hefir fundizt ég sveigja að sér, þegar ég nefndi gagnsleysi kákbreytinganna. En ég verð að kalla það svo, að ekki sé meira sagt, þegar tekið er svo mikilvægt atriði sem sveitfestitíminn út úr og farið að afnema hann, án þess að sjá jafnframt til þess, að sveitarfélög, sem þarna fá kannske stórum aukinn fjölda sinna framfærenda, fái nauðsynlegar tekjur til þess að standa straum af því. Þetta kalla ég kákbreytingar, og svo munu fleiri gera. Annars talaði þessi hv. þm. um lágmarksgjaldið, sem hann taldi sett of hátt í þessu frv. Ef horfið verður að því ráði að hafa annað meðaltal framfærslugjalds fyrir sveitir en kaupstaði, liggur það í hlutarins eðli, að þetta lágmark breytist hlutfallslega eftir því. En þetta er á valdi hv. d. að breyta, og vona ég, að n. taki þetta rækilega til athugunar. Kaupstaðirnir eru margir hverjir að sligast undir því vitlausa skipulagi, sem nú er á fátækramálunum, svo að ég tel algerlega óforsvaranlegt að draga lausn þess lengur en orðið er. Ég fæ ekki heldur séð, að málinu væri betur borgið með því að fyrirskipa 4—5 mönnum að fara að hugsa um það fram í marz—apríl í vor, og það kannske mönnum, sem enga praktiska reynslu hefðu í þessum málum. Ég efast ekki um, að þetta þing, sem nú situr, getur afgr. fyrirmyndar framfærslul., ef það leggur sig fram. Þetta mál er ekkert flokksmál. Ég veit, að t. d. hv. þm. Vestm. hefir eins fundið til erfiðleika

þessa skipulags eins og við hv. þm. Hafnf. Og ég þykist vita, að bæði hann og hv. þm. Ak. muni líta með sanngirni á þörf kaupstaðanna til þess að koma fram breyt. á þessum málum. Að mínu áliti ættu allir flokkar þingsins að taka höndum saman um að leysa þetta mál sem bezt, og leysa það nú.

**Jóhann Jósefsson:** Ég vil taka undir þau ummæli hv. 6. landsk., að hér sé ekki um flokksmál að ræða, og ósk hans um samvinnu flokkanna að lausn þessa máls. Það er sannarlega ekki of oft, að slíkar raddir heyrast hér á þingi. Ég vil láta þá skoðun mína í ljós, að í höfuðatriðum er ég samþykkur þessu frv. á þskj. 195, þó að ég búist við því, að það þurfi að taka ýmsum breytingum. Ég vil ennfremur taka undir þá ósk hv. 6. landsk., að hv. n. gefi máli þessu þá afgreiðslu, að líkindi séu til, að það nái fram að ganga nú á þinginu. Raddir hafa komið fram um það, að ekki sé hægt að leysa þessi mál án þess að gera gagngerðar breytingar á tryggingarlöggjöfinni um leið. En þessi tvö mál er að mínu áliti hægt að leysa alveg óháð hvort öðru. Fátækral. verður að færa í betra horf, og væri vel til fallið, að þetta þing stigi drjúgt spor í áttina til betra skipulags á því sviði.

**Hannes Jónsson:** Ég vil aðeins taka það fram út af þeim umr., sem orðið hafa nú um þetta mál, að mér finnst það væri ástæða til að athuga, hvort ekki ætti að skipta framfærsluhéruðum landsins í flokka, t. d. þannig, að kaupstaðirnir væru sér í flokki og fundið væri út meðaltal af framfærslukostnaði þeirra út af fyrir sig, og það, sem ríkið kæmi til með að endurgreiða þeim, væri svo aðeins það, sem færi fram yfir það meðaltal, hvort sem Rvík væri þá tekin út úr og gert að greiða eitthvað meira. Svo væru sveitarfélögin einn flokkur, og kæmi aðeins til að endurgreiða þeim það, sem færi fram yfir þeirra meðalframfærslukostnað. Eins og Rvík hefir sérstaka aðstöðu til öflunar tekna fyrir bæjarfélagið á þann hátt, sem hv. 6. landsk. sýndi fram á, þannig eru líka flestir kaupstaðirnir betur settir heldur en sveitarfélögin um öflun tekna til sinna útgjalda, einmitt vegna þess, að þeir geta náð í menn úr sveitunum til skattaálögu gegnum þá verzlun, sem sveitirnar verða að sækja til kaupstaðanna. Þetta er sérstaklega áberandi þar, sem hagar til eins og t. d. í Eyjafirði, þar sem nær allt hið stóra hérað sækir alla verzlun til Akureyrar. Þessa aðstöðumunar verður að taka tillit til, þegar meta skal möguleika hinna ýmsu framfærsluhéraða til þess að standa undir sínu fátækraframfæri. Ég vildi benda á þetta, til þess að það yrði tekið til ath. í n. í samb. við öll þau frv., sem fyrir þinginu liggja um þetta efni.

Ég vil einnig benda á, af því ég hefi ekki orðið var við, að það hafi komið fram í þessum umr., að þegar sveitfestitíminn er afnuminn, þannig að hver maður sé sveitlægur þar, sem hann á heimili, þá væri ekki ósanngjarnt, til þess að vega ofurlítið á móti, að setja búsetuskilyrði, sem orðið gæti nokkur hemill á óhæfilegu aðstreymi fólks til kaupstaðanna. En þá yrði jafnframt enn meira knýjandi þörf á því, að ríkið tryggi það, að fólkið geti stofnað heimili þar, sem það er alið upp, í smáþorpunum og sveitunum. Það yrði að veita fólki meiri hjálp heldur en hingað til hefir verið gert til þess að stofna ný heimili á sínum æskustöðvum. Slíkar ráðstafanir gætu orðið kaupstöðunum hin bezta hjálp. Með þeim væri unnið fyrir sig fram, líkt og þegar reynt er að forða fólki frá því að verða sjúkt, til þess að þurfa ekki að leggja því stórfé, þegar það er orðið ófært til að sjá fyrir sér sjálft. Það verður að reyna að fyrirbyggja þann sjúkdóm í þjóðfélaginu, að bærnir verði of mannmargir samanborið við sveitirnar, að jafnvægið milli sveita og kaupstaða og í atvinnuháttum þjóðarinnar raskist.

**Emil Jónsson:** Ég hefi litlu við það að bæta, sem hv. 6. landsk. sagði í framsöguræðu sinni og fram hefir komið í umr. Mig langar þó til að árétta það, sem hann sagði um hina brýnu nauðsyn á því, að þetta mál nái afgreiðslu á þessu þingi. Hæstv. fjmrh. hélt fram, að skynsamleg lausn þessa máls fengist vart nema með því að leysa tryggingarmálin samtímis. Ég held nú, að framfærslulöggjöfin hafi verið það mikið rædd á Alþingi, þar sem varla hefir verið lokið svo nokkru þingi, að ekki hafi komið fram einhverjar till. til breyt. á henni, að flestir hv. þm. hafi haft aðstöðu til að kynna sér þetta mál og leggja sig eftir, hvaða ráð væru helzt til bóta, og því sé síður nauðsyn á að láta afgreiðslu þess bíða eitt ár enn, eftir afgreiðslu tryggingarmálanna, sem miklu minna hafa verið rannsökuð.

Svo er annað, sem alveg sérstaklega rekur á eftir afgreiðslu þessa máls. Með hverju ári fara vaxandi hinar gífurlegu skuldasúpur, sem sveitarfélög stofna sér í hjá kaupstöðunum vegna þurfalinga, sem þau þurfa að gefa með þangað. Meiri og meiri verða líka fjárhagsörðugleikarnir, sem kaupstaðirnir komast í vegna þess, hve mikið fé situr fast í skuldakröfum á sveitarfélögin vegna framfærslukostnaðar. Þetta er frá mínu sjónarmiði svo stórt atriði í þessu máli, að ég vildi ekki láta hjá líða að benda á það. Það eru til tiltölulega smáir bæir úti um land, sem eiga jafnvel svo skiptir hundruðum þúsunda útistandandi hjá öðrum sveitarfélögum. Þetta er meira heldur en bæjarfél. geta risið undir, og þau mega ekki við því, að þessar skuldir aukist enn.

Hæstv. fjmrh. taldi góða lausn á þessu máli, að það biði næsta þings og yrði leyst þar samtímis tryggingarmálunum. Það má vera, að það reynist eina mögulega leiðin, en neyðarlausn er það, algert neyðarúrræði. Vænti ég því, að sú n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, geri sitt til, að það geti orðið afgr. einmitt á þessu þingi; það þolir svo illa bið.

Annars er það fátt, sem ég þarf að taka fram. Hæstv. atvmrh. óskaði sérstaklega eftir því, að sínar till. til breyt. á framfærslulögunum yrðu afgr., því þær þyldu enga bið. Það er rétt hjá honum, en þetta atriði, sem ég minntist á, þolir heldur enga bið og er jafnvel ennþá nauðsynlegra að ráða fljótt fram úr því, eins og nú er högum háttað.

Þá minntist hv. þm. V.-Húnv. á, að það væri athugandi, hvort ekki ætti að skipta framfærslu-

héruðunum í a. m. k. tvo flokka, hafa kaupstaðina í öðrum og sveitarfélögin í hinum, og láta þá hafa sína grundvallartöluna hvorn við úthlutun á endurgreiðslu ríkissjóðs til fátækraframfæris. Ég er honum samdóma um, að þetta gæti komið til mála. Við flm. frv. tókum það líka til athugunar í fyrstu, en eftir að við höfðum velt málinu fyrir okkur, töldum við það ekki rétta leið. Ef til vill er það rétt, að sumir kaupstaðirnir hafi meiri gjaldgetu heldur en mörg sveitarfélaganna, en ég efast um, að svo sé almennt. Aftur hafa sveitirnar betri aðstöðu til að koma sínum ómögum fyrir á ódýran hátt og skaffa þeim nauðsynjar sínar í framleiðsluvörum, sem þeir þurfa að nota, þar sem kaupstaðirnir þurfa að kaupa framfærsluna dýru verði. Það álítum við, að mundi vega á móti, þó að ég hinsvegar hafi ekkert á móti, að athuguð sé uppástunga hv. þm. V.-Húnv.

Ég hefi átt skipti við fjölda marga oddvita víðsvegar um land, sjálfsagt yfir hundrað. Og þeir hafa margir haft orð á því, að þeir myndu ekki verða í vandræðum með að sjá fyrir þurfalingum sínum heima í héraði; það, sem væri alveg að sliga hreppsfélögin, væru greiðslurnar til kaupstaðanna. Og þetta held ég, að sé alveg rétt. Ef sveitarfélögin slyppu við að sjá um þá þurfalinga, sem dvelja utan sveitar, og mættu eingöngu nota innan sveitar það fé, sem þau verja til fátækraframfæris, þá held ég þau myndu vel við una, og mættu líka vel við una.

Að lokum vil ég enn leggja áherzlu á það, að þetta mál fái einmitt afgreiðslu á þessu þingi, en verði ekki látið bíða næsta þings. Verði dregið til næsta þings að afgr. það, má alveg eins búast við, að það verði dregið til þess þarnæsta, eða hver veit hvað. Allt þetta endurgreiðslufargan milli sveitarfélaga er komið í slíkt óefni, að það er með öllu óviðunandi. Kaupstaðirnir eru orðnir einskonar bankar sveitarfélaganna, þeir verða að leggja út stórar upphæðir árlega án þess að fá nokkuð endurgreitt. Sveitarfélögunum leiðist aftur á móti að geta ekki staðið í skilum, en fá ekki að gert, þar sem hið almenna ástand skapar þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 17. Efnivörur til iðnaðar.

Á 21. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 8. sept. 1931, um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar** (þmfrv., A. 221).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 18. Prestlaunasjóður.

Á 22. fundi í Nd., 29. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda** (þmfrv., A. 227).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 37. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, n. 395, 412).

**Gísli Sveinsson** [óyfirl.]: Herra forseti! Ég tala nú ekki f. h. neinnar sérstakrar nefndar. Ég og hv. þm. Ak. höfum borið fram litla brtt. á þskj. 412. Hún fer fram á það, að ekki sé breytt til í aðalatriðum um innheimtu prestsgjalda. Það er rétt hjá hv. flm. þessa frv., að það er og hefir verið óþarft að halda þessum sjóði við sérstökum. En samt sem áður eru þessi gjöld sérstaks eðlis. Þótt það verði samþ. samkv. frv. að láta þessi gjöld renna beint í ríkissjóð, þá verða þau samt óvenjuleg ríkisgjöld. Það stafar af því, að þessi gjöld, sem hér um ræðir, prests- og kirkjugjöld, eru ákveðin sem einskonar nefskattur. Þetta er rétt, meðan þessu fyrirkomulagi er haldið við, að fólkið viti, að þessi gjöld eiga einvörðungu að renna til uppihalds prestastéttarinnar í landinu. Þetta tel ég koma einna bezt og réttast fram með því móti, að sóknarnefndir hafi innheimtu prestsgjalda áfram á hendi. Þetta er enginn byrðarauki á þeim, því að sóknarnefndirnar gera sínar skýrslur eftir sem áður, innheimta kirkjugjald af sama fólkinu og taka þá þessi gjöld með eins og áður. Í okkar till. er sóknarnefndum utan Rvíkur heimilað að afhenda sýslumanni eða bæjarfógeta á staðnum gjöldin; þeir afhenda þau svo ríkissjóði.

Ég vil benda á það, að það hefir verið svo undanfarin ár, að hlaðið hefir verið fleiri og fleiri störfum á sýslumenn og lögreglustjóra, án þess að taka tillit til þess, hvort þeir gætu afkastað öllum þessum störfum og án þess að þeim væri ætluð nokkur þóknun fyrir ómakið. Hér er að vísu talað um 6% innheimtuþóknun; en það er eingöngu gert fyrir lögreglustjóra. Þessu mætti taka fastara tak, þótt ég telji þess tæplega þörf í þessu litla máli, því að löggjafinn

má ekki fara svo að gagnvart þessum embættismönnum, að álíta, að þeir geti tekið öll störf að sér, innheimtu, söfnun skýrslna o. fl., þó að nóg liggi fyrir af störfum. (**BJ**: Hvað er um sóknarnefndirnar?). Ég býst við, að hv. þm. hafi hlustað á það, sem ég var að segja. Þær hafa samskonar störf með höndum og munar þess vegna ekkert um þetta. Þær munar frekar um þessi 6% heldur en embættismennina. (**BJ**: Það er ekki ætlazt til þess í brtt.). Þær fá það alveg eins og þær hafa áður fengið þessa þóknun.

Ég vona svo að lokum, að hv. flm. og hv. nm. fallist á þetta og fari ekki að andmæla þessu.

**Frsm. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Eins og í nál. stendur, hefir allshn. lagt til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Þetta var borið fram sem stjfrv. árið 1933, en sofnaði þá í nefnd. (**PHalld**: Hvers vegna?). Ég veit það ekki. Frv. kom fram í n. sem stjfrv. frá hæstv. þáv. atvmrh. Það er líklega svipað um það að segja og önnur frv., sem sofna í nefnd. Ef til vill hafa einhverjir svæft það. Ég veit ekkert um það.

Ég get ekki séð því neitt til fyrirstöðu, að prestlaunasjóður sé lagður niður. Eins og kunnugt er, hefir þessi sjóður ekki verið til nema á pappírnum, og þess vegna er eðlilegt, að fé það, sem í hann fer, renni í ríkissjóð, þar sem hann verður að greiða það, sem er umfram tekjur sjóðsins, til presta. Mér skilst ekki hafa orðið neinn ágreiningur um þetta atriði hér í hv. deild.

Hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. Ak. hafa borið fram brtt. þess efnis, að sóknarnefndir haldi áfram að annast innheimtu þessara gjalda, í stað þess að sýslumenn og tollstjórar geri það, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til þess að amast við því, að sýslumenn fái þessi störf í hendur, enda þótt ég sé sjálfur sýslumaður. Þar sem sýslumenn hafa margskonar innheimtu með höndum, þá ætti þessi innheimta, sem hér um ræðir, ekki að auka störf þeirra til mikilla muna. Þeir geta látið hreppstjórana hjálpa til við þetta starf. Ég álít í rauninni meiri ástæðu til þess að losa sýslumenn við ýms önnur innheimtustörf. T. d. er það svo um ellistyrkinn, sem er hreppsstyrkur. Er þess vegna meiri ástæða til að losa sýslumenn við innheimtu ellistyrksins. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til þess að ganga inn á þessa brtt.

**Jónas Guðmundsson**: Ég vil f. h. flm. frv. þakka hv. allshn. fyrir góðar undirtektir, og þó sérstaklega hv. þm. Barð., því að það er sú stétt, sem hann tilheyrir, sem hér er að bera hönd fyrir höfuð sér.

Brtt. þessara tveggja sýslumanna fer fram á það, eins og kunnugt er, að sóknarnefndir haldi áfram að innheimta þessar ríkistekjur, sem hér er um að ræða. Það hefir þegar verið upplýst af öðrum, sem hafa talað hér um þetta mál, að þessi prestlaunasjóður væri í rauninni ekkert annað en nafnið tómt. Ríkissjóður greiðir prestum þjóðkirkjunnar sín laun, hvort sem lítið eða mikið innheimtist af tekjum prestlaunasjóðs. En síðan prestlaunasjóður var stofnaður hafa sóknarnefndir haft á hendi innheimtu þessara gjalda, sem eru hluti af venjulegu sóknargjaldi. Það mælir ekkert með því, að þessi hluti af innheimtu ríkissjóðsteknanna sé falinn sérstakri nefnd, sem hefir allt annað með höndum en að sjá um launagreiðslu presta. Innheimta prestlaunasjóðsgjalda er því ekkert annað en það, að ýmsir menn úti um land eru látnir heimta inn part af tekjum ríkissjóðs. Þeir eiga síðan að skila af sér í hendur prófasta, þeir til biskups og hann að lokum til ríkissjóðs.

Það verður í alla staði heppilegra og líklegra að hægara verði að ná inn gjöldunum, ef innheimta þeirra er falin embættismönnum ríkisins, sýslumönnunum. Þess vegna er hér ekki um ranglæti í þeirra garð að ræða með þessu frv.

Allir, sem komið hafa nálægt störfum sóknarnefnda, vita, að erfitt er að ná þessum tekjum inn, og venjulega fer svo, að ekki næst nema nokkur hluti af þessum gjöldum í flestum sóknum landsins. Það verður æfinlega svo, að greiðslan til prestlaunasjóðs er látin ganga fyrir öllum öðrum greiðslum, sem þarf að inna af hendi í þessu efni.

Svo má minna á það atriði, að það virðist standa nær sóknarnefndum að reyna að sjá um, að kirkjum og kirkjugörðum sé sæmilega haldið við, svo að þjóðin þurfi ekki að skammast sín fyrir.

Það er ekki gert ráð fyrir því, að innheimtulaun af prestlaunasjóðstekjunum verði felld niður, heldur renni þau til sýslumanna eftir sem áður. Þeir fá því það, sem þeir eiga kröfu til, fyrir þessa innheimtu. Ég tel því rétt, að sýslumenn innheimti þessi gjöld eins og áður fyrir ríkissjóð. Það er ekki rétt, að þeim sé íþyngt með þessu, því að þeir eru embættismenn ríkisins og mega því búast við að þurfa að inna þessi störf af hendi fyrir ríkið. Skrifstofufé þeirra hefir verið hækkað talsvert síðustu ár, af því að þeir hafa bætt við sig störfum, sem þeir höfðu ekki áður, og fá þeir því aukna þóknun fyrir þessi störf, sem við þá bætast.

Ég hefi bæði talað við þann prófast, sem ég þekki bezt, og biskup um þessi mál. Þeir álíta báðir, að það sé bót að leggja þennan sjóð niður og innheimtu sóknarnefnda á þessum gjöldum, og að þessi gjöld innheimtist betur, ef sýslumenn annast innheimtuna.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Í frv. þessu er gert ráð fyrir að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu þessa gjalds, sem sóknarnefndir hafa nú með höndum, og jafnframt er gert ráð fyrir, að niður falli lög um prestlaunasjóð. En í prestlaunasjóð hafa þessi gjöld runnið, og til viðbótar hefir verið lagt í hann úr ríkissjóði, til þess að fullnægja ákvæðum laga um sóknaskipun og kirkjulega starfsemi í landinu.

Það hefir ekki verið talað um nema einn aðila, sem taka eigi við þessari innheimtu, sem sé sýslumennina og bæjarfógetana. Hv. 6. landsk. sagði, að sýslumönnum væri ekki vorkunn að taka við þessari innheimtu, þar sem þeir gætu fengið hækkaðan skrifstofukostnað sinn, og auk þess ættu þeir að fá 6% af þessari innheimtu. Það má vera, að þessum hv. þm. sé ekki kunnugt um, hverjir innheimta þinggjöldin, en

ég get sagt honum, að þar er til þriðji aðilinn, sem eru hreppstjórarnir. Þó hefi ég hvergi séð neitt í þá átt, að bæta þeim upp fyrir þann erfiðisauka, sem innheimta þessara gjalda verður óneitanlega fyrir þá. Með þessu frv. er því aðeins verið að velta innheimtu þessa gjalds af sóknarnefnd yfir á hreppstjórana, því að það er venjan, að hreppstjórarnir hirði rökin af innheimtunum fyrir sýslumennina. Það er t. d. alkunna, að nú í seinni tíð, þegar erfiðleikarnir hafa orðið meiri fyrir sýslumennina að innheimta þinggjöldin, þá hefir innheimta þeirra að mestu leyti lent á hreppstjórunum. Ég vil því biðja hv. dm. að taka vel eftir því, að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er verið að bæta á hreppstjórana miklu starfi, menn, sem hafa mikil störf undir fyrir sáralitla þóknun, 80—100 kr. á ári.

Það virtist koma fram sú skoðun hjá hv. 6. landsk., að með þessu væri verið að gera hæg-ara um vik með viðhald á kirkjum og kirkjugörðum. Hvernig hv. þm. kemst að slíkri niðurstöðu, fæ ég ekki skilið, því ekki er þetta fé ætlað til viðhalds slíkum hlutum. Sá hluti prest- og kirkjugjaldsins, sem á að ganga til kirknanna, á að vera áfram undir hendi sóknarnefndanna.

Ég vil nú, bæði fyrir mína hönd og annara hreppstjóra, mótmæla því, að verið sé að bæta þessu á okkur, því að það bætir ekkert úr fyrir okkur hreppstjórunum, þó að sýslumenn fái vegna þessarar auknu innheimtu 6% af henni og hækkaðan skrifstofukostnað, því að ég hefi ekki orðið var við, að sýslumenn borgi hreppstjórunum fyrir innheimtu ríkissjóðsgjaldanna. Meira að segja veit ég til þess, að þeir hafa orðið að borga úr sínum eigin vasa undir bréfin til þeirra með hinum innheimtu gjöldum.

**Frsm. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Það er ekki nema eðlilegt, að hv. þm. Borgf., sem mun vera með elztu hreppstjórum þessa lands, beri hönd fyrir höfuð stéttarbræðra sinna, hreppstjóranna. En það er alveg misskilningur hjá honum, að það auki á störf hreppstjóranna, þó að sýslumönnum verði falin innheimta prestsgjaldanna, því að það mun venja, að þegar sóknarnefndirnar ná ekki inn þessum gjöldum, þá biðja þær um lögtak til þess að ná þeim inn, en lögtökin framkvæmir hreppstjóri eins og vitað er. Ber því þar að sama brunni, hvort sem sóknarnefndir eða sýslumenn eiga að innheimta gjöld þessi, þá verður það hreppstjóranna að innheimta þann hluta þeirra, sem ekki greiðist með góðu móti.

Þá var hv. þm. að tala um, að hreppstjórastéttin væri þjökuð stétt og illa launuð. Þetta er að nokkru leyti rétt, og mér hefir oft ofboðið, hve lítil laun þeir hafa fyrir störf sín. Væri ég því fús til þess að rétta hv. þm. Borgf. hjálparhönd til þess að reyna að bæta laun þeirra, ef hægt væri.

Þá minntist hv. þm. á það, að hreppstjórarnir fengju einu sinni ekki borguð burðargjöld, sem þeir yrðu að greiða undir bréf og skýrslur til sýslumannanna. Þetta þekki ég ekki. Í minni sýslu er það þannig, að þeir fá þennan kostnað greiddan af opinberu fé. Annars býst ég við, að hv. þm. muni lítið um það, sem hann kann að þurfa að greiða á þennan hátt, en eigi að síður er það óþarfi fyrir hann að gera það.

**Gísli Sveinsson** [óyfirl.]: Ég hélt, að hv. þm. Barð. ætti að vita, hvernig innheimtu ríkissjóðsgjaldanna er farið í sýslunum. Það var alveg rétt, sem hv. þm. Borgf. hélt fram í því efni. Venjan er sú, að þegar aðalinnheimtunni er lokið á vorin, þá taka hreppstjórarnir við innheimtu þeirra gjalda, sem eftir eru. Fyrir þetta er þeim ekki ætlað neitt sérstakt gjald, frekar en sýslumönnum fyrir ýmsar aukainnheimtur, sem þeir eru látnir framkvæma.

Það er misskilningur, að frv. þetta breyti mjög til um innheimtu sóknargjaldanna. Geti sóknarnefndir ekki náð þeim inn, þá fá þær leyfi til þess að mega láta taka þau lögtaki, og hreppstjórarnir framkvæma þau. Ég fæ því ekki betur séð en það komi út á eitt, hvort sýslumennirnir skipi sjálfir, að taka skuli lögtökin, eða að þeir geri það eftir beiðni sóknarnefndanna. Að hv. 6. landsk. virðist ekki skilja þetta, hlýtur að stafa af einhverjum sljóleika í heila hans.

Þó að frv. þetta yrði að lögum eins og það er, þá eru sóknarnefndirnar á engan hátt losaðar við innheimtu og ómök vegna þessara gjalda. Þær eiga að hafa áfram innheimtu kirkjugjaldsins, gera skrá yfir gjaldendur til prests og kirkju o. fl. Að losa þær við innheimtu á þessum hluta gjaldsins, sem ganga á til ríkissjóðs, munar þær því litlu. Annars virðist svo, sem hv. þm. Barð. hafi ekki lesið brtt. á þskj. 412, þar sem talað er um, að sóknarnefndirnar innheimti prestsgjöldin áfram og greiði þau til ríkisféhirðis, eða til hlutaðeigandi sýslumanns eða bæjarfógeta, ef þær telja það hentugra fyrir sig. Þessa brtt. vildi ég mælast til, að hv. þm. kynnti sér, áður en gengið verður til atkv. um hana.

Það má vel vera, að það hafi orðið meiri umr. um þetta mál en vert þykir, en svo vill oft verða um mál, sem borin eru fram af mönnum, sem enga þekkingu hafa á þeim.

**Magnús Torfason**: Það hafa orðið talsverðar umr. um þetta mál, sérstaklega þó brtt. þá, sem komið hefir fram frá tveimur hv. þm. Það er því kannske að bera í bakkafullan lækinn að fara að bæta miklu við þær. Að ég tek til máls, er sakir þess, að mér finnst málið vera rætt á skökkum grundvelli. Fyrir hönd mína og minnar stéttar vil ég láta í ljós gleði yfir því, að þetta frv. er komið fram, þar sem svo er ákveðið, að við sýslumenn fáum 6% fyrir að innheimta gjöldin, því að sú stefna hefir til þessa verið uppi, að klípa af þeim allt, sem unnt hefir verið, en hlaða þó á þá störfum, eftir því sem föng hafa verið á. Hér virðist því nýrri stefnu vera að skjóta upp, sem ég hygg, að sé flutt að yfirlögðu ráði. Í fyrra var skrifstofufé sýslumanna fastákveðið með lögum; þangað til gat stj. mjakað því til, eftir því sem störf hlóðust á sýslumennina. Er því tekið fyrir þetta, og vitanlega gengur erfiðlega að hækka laun þessarar stéttar. Býst ég því við, að hér sé verið að fara inn á leið til þess að bæta sýslumönnum nokkuð upp, og get ég því ekki annað en verið ánægður f. h. stéttar minnar, þó ég hinsvegar búist ekki við að

njóta lengi þessa launabætis, því að ég er nú þegar orðinn nokkuð gamall, eins og á grönum má sjá. Annars hefi ég ekki sótzt eftir innheimtum, því að ég hefi talið mig hafa þær nógar samt. Því til sönnunar vil ég geta þess, að ég hefi látið hreppstjórana halda öll lausafjáruppboð í Árnessýslu, síðan ég kom þangað. Mér virðist líka rétt, að lögreglustjórarnir hlynni að hreppstjórunum eftir föngum, svo smánarleg sem laun þeirra eru.

Að vera því að bregða sýslumannastéttinni um það hér á Alþingi, að hún vilji komast hjá þessari innheimtu, er ekki rétt. Ég fyrir mitt leyti get ekki haft neitt á móti henni, sérstaklega líka þegar miðað er við innheimtu ellistyrktarsjóðsgjaldanna, sem sýslumenn fá 2% fyrir, en verða þó oft að greiða nokkuð af því gjaldi úr sínum eigin vasa, eins og hv. þm. Barð. tók réttilega fram. Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að mér finnst, að farið væri dálítið öfugt að, ef nú ætti að fara að láta hreppstjórana innheimta ellistyrktarsjóðsgjöldin, því upphaflega höfðu þeir á hendi innheimtu þessara gjalda, og höfðu 4% fyrir, en sakir óreiðu á innheimtunni hjá þeim varð að taka hana af þeim og fela sýslumönnum fyrir helmingi lægra gjald. (**BJ**: Það er átt við að láta oddvitana gera þetta). Já, því trúi ég, en það held ég nú að væri að bæta gráu ofan á svart, því að nóg hafa þeir á sinni könnu fyrir. — Svo ég komi að málinu aftur, þá eru ekki öll ómök tekin af sóknarnefndunum, þó að létt sé af þeim innheimtu prestlaunasjóðsgjaldanna, því að þá eru eftir kirkjugjöldin o. fl. o. fl. Við, sem kunnugir erum þessum málum, vitum það vel, að þessi prests- og kirkjugjöld eru oft á tíðum ekki nema lítill hluti af þeim gjöldum, sem sóknarnefndirnar innheimta. Þannig þurfa þær að innheimta: Kirkjugarðsgj., sönggjald, og þegar nýjar kirkjur eru byggðar, þurfa þær oft að innheimta mikið fé. Þessi ⅓₀ á gjaldskylt sóknarbarn er því ekki nema sáralítill hluti af þeirri innheimtu, sem þær hafa með höndum, og munar þær því litlu, þó að því sé létt af þeim. Ég verð því að leggja eindregið með því, að brtt. á þskj. 412 verði samþ., og þar farið eftir þeirri góðu reglu, sem á að hafa í heiðri, að breyta ekki meiru en þörf er á til þess að breytingin komi að notum. Komi það svo í ljós síðar, að breyta þurfi meiru um innheimtu þessa gjalds, þá er að gera það, en ennþá er mér ekki kunnugt um, að sóknarnefndir hafi beðizt undan þessari innheimtu, og því virðist ástæðulaust að létta henni af þeim. Það er ekki annað en tala, sem sóknarnefndirnar þurfa að bæta við sínar skýrslur. Að öðru leyti er ómakið alveg það sama.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Hv. frsm. þessa máls, þm. Barð., vildi snúa því upp í villu fyrir mér, að hér væri verið að leggja nokkurt aukið erfiði á hreppstjóra með samþykkt þessa frv., af því það væri svo með því fyrirkomulagi, sem nú væri, að hreppstjórar slyppu ekki við innheimtu þessara gjalda, því í flestum tilfellum, þegar þyrfti að taka lögtak, væru það hreppstjórarnir, sem það framkvæmdu. Það er rétt, að þegar þessi gjöld eru innheimt með lögtaki, eru það venjulega hreppstjórarnir, sem það gera, og fyrir það fá þeir nokkra greiðslu. En nú er það svo bæði með innheimtu sóknargjalda og manntalsþinggjalda, sem hreppstjórar hafa með höndum, að sóknarnefndir og hreppstjórar elta ólar við innheimtu þessara gjalda og spara hvorki ómak né fyrirhöfn til þess að ná þeim inn án þess að til lögtaks komi. Það er því ekki nema í sárafáum tilfellum, í sveitunum a. m. k., sem þessi gjöld eru innheimt með lögtaki. Með þessari breyt. á að velta hinni miklu fyrirhöfn, sem sóknarnefndirnar hafa fyrir því að innheimta þessi gjöld án lögtaks, yfir á hreppstjórana, sem ég ætla þó, að flestum komi saman um, að hafi fyrirfram svo mikil störf í þarfir hins opinbera, að lítt forsvaranlegt sé, þegar litið er á þeirra borgun.

Hv. þm. Barð. sagði út af því, sem ég minntist á, að dæmi mundu vera til, að hreppstjórar yrðu jafnvel að borga sjálfir burðargjald undir peningabréf, að það væri þá af framtaksleysi þessara hreppstjóra, því þeir gætu fengið þetta endurgreitt. Það getur vel verið, en ég hugsa, að í mörgum tilfellum muni það kosta svo mikið erfiði og fyrirhöfn, að betur borgaði sig að leggja til burðargjaldið.

Hv. 2. landsk., sem hér talaði út frá fullum skilningi á því, hverjir mundu mest verða fyrir barðinu á innheimtu þessara gjalda, sem sé hreppstjórarnir, minntist á það, að hér væri gengið inn á nýja braut, þannig að sýslumenn ættu að fá nokkra borgun fyrir þessa innheimtu, en það virtist ekki freista hans á nokkurn hátt. En það skyldi nú ekki vera, að einmitt þessi hlunnindi eigi einhvern þátt í þeim mikla áhuga, sem hv. þm. Barð. hefir fyrir þessu máli? Ég skal náttúrlega ekkert segja um það, en það er vitanlegt, að þessar 6% eru auknar tekjur sýslumanna fyrir erfiði, sem að mestu leyti verður velt yfir á hreppstjórana og þeir eiga ekkert að fá fyrir. Það er virðingarvert, að hv. þm. Barð. skuli lýsa því yfir, að hreppstjórarnir séu illa haldnir og að hann hafi frá því fyrsta að hann varð sýslumaður fundið til þess, en tilfinningin hefir aldrei orðið það sterk, að hann hafi nokkurn tíma gert tilraun til þess að rétta þeirra hag hér á þingi, og nú vill hann knýja fram frv., sem hefir í för með sér aukið erfiði fyrir hreppstjóra, án þess að sýna nokkra viðleitni til þess að bæta þeirra aðstöðu.

Ég vænti því, að það, sem við þrír höfum sagt, hv. 2. landsk., hv. þm. V.-Sk. og ég, verði nægileg bending til d. um að láta sitja við svo búið í þessum efnum og gera enga breyt., því eins og ég er búinn að taka fram, verður afleiðingin af þessu frv. aukið erfiði fyrir hreppstjórana, sem fá lítið fyrir sín störf, auk þess sem þetta léttir mjög litlu af sóknarnefndunum, því eins og hv. 2. landsk. tók fram, er þetta gjald ekki nema tiltölulega lítill hluti af því, sem sóknarnefndirnar verða að innheimta, því það er búið að hækka svo þann hluta gjaldsins, sem kemur til viðhalds kirkjum og öðru því, sem prestsþjónustu og söknunum viðkemur.

**Jónas Guðmundsson**: Þeir hafa nú talað hver um annan þveran sýslumenn og hreppstjórar til þess að reyna að komast hjá þeirri skyldu, sem

þeim er lögð á herðar með þessu frv., að innheimta þetta gjald. Allir sjá, að það er rangt, sem hv. þm. V.-Sk. hélt fram, að hér væri um eitthvert sérstakt stefnumál að ræða. Hér er aðeins um það að ræða, hvort þessir innheimtumenn, sýslumenn og hreppstjórar, eigi að innheimta samskonar gjöld í ríkissjóð og þeir hafa nú með höndum. Þeir hafa nú innheimtu á ellistyrktarsjóðsgjaldi, sem er hliðstætt því gjaldi, sem hér er um að ræða, tekju- og eignarskatti, sem nær til flestra manna, sem komnir eru yfir fermingaraldur, *fasteignaskatti o. fl. svipuðum* gjöldum. Hér er aðeins um eitt gjald að ræða, sem falið er sóknarnefndunum, þar sem mannaskipti verða í hvert skipti, sem kosið er í n., og trassaskapur og óreiða er á þessari innheimtu. Það er sannleikur, þó hv. þm. Borgf. vilji ekki kannast við það, að hreppstjórar trassa fram úr öllu hófi að taka lögtaki þessi gjöld. Þeim eru sendar langar skrár yfir gjöld, sem ekki greiðast, kirkjugjöld, prestlaunasjóðsgjöld og önnur gjöld, en svo er trassað ár eftir ár að innheimta þau. Um þetta get ég borið, því ég hefi lengi verið gjaldkeri í sóknarnefnd. Það er skökk stefna hjá hv. þm. V.-Sk., að það eigi að undanþiggja sýslumenn innheimtu þessara gjalda, því einmitt þar er betur búið að þeim, þar sem þeir eiga að fá 6% í innheimtulaun, og ég þykist vita, að enginn sýslumaður á landinu muni ekki láta hreppstjórana fá öll þessi innheimtulaun af þeim gjöldum, sem þeir innheimta. Þessa stefnu hv. þm. V.-Sk. vil ég því reka heim sem gersamlega ómögulega til þess að framfylgja.

Hv. þm. Borgf. sagðist ekki skilja, hvernig ég kæmist að þeirri niðurstöðu, að hægara yrði að halda við kirkjum og kirkjugörðum, ef þessi breyt. næði fram að ganga. Ástandið í þessum efnum er þannig, að ekki næst inn nema tiltölulega *lítill hluti af sóknargjöldunum án* lögtaks. Þá er sent til sýslumanna, sem svo senda til hreppstjóranna til þess að taka lögtak, sem þeir trassa fram úr öllu hófi. Afleiðingin verður sú, að ekki næst nema lítill hluti af þessum tekjum, en prófastar ganga eftir því að fá prestlaunasjóðsgjaldið, sem þeir eiga að standa skil á til biskups, greitt að fullu, þó ekki sé nærri lokið innheimtu þess. Af þessu stafar það, að lítið sem ekkert er eftir til þess að verja til viðhalds kirkjum og kirkjugörðum í viðkomandi sóknum. Á þennan hátt er það, sem ég tel, að með því að létta þessari innheimtu af sóknarnefndunum geti þær haft möguleika til þess að verja því fé, sem þær sjálfar geta innheimt, til þess að halda við kirkjum og kirkjugörðum heima hjá sér. Það er því rangt, að hér sé ekkert ómak tekið af sóknarnefndunum, því það er mikið, og ég tel sjálfsagt, að því sé af þeim létt. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

**Frsm. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Ég get tekið undir það, að hér séu orðnar óþarflega langar umr. um ekki stærra atriði. En ég vil aðeins benda á, að aðalatriði málsins er það, sem kom fram hjá hv. 2. landsk., að með því að leggja niður prestlaunasjóð er búið að gera sóknargjöldin beinlínis að ríkissjóðsgjöldum, og er því ástæðulaust að undanþiggja sýslumenn innheimtu þeirra frekar en annara samskonar gjalda í ríkissjóð. En það er misskilningur hjá hv. þm. Borgf., að þessi skoðun mín stafi af ágirnd hjá mér. Mig langar ekkert til þess að fá þessa innheimtu í viðbót við aðrar. Mér finnst það bara sjálfsagt, að sýslumenn innheimti þessi gjöld ásamt öðrum ríkissjóðsgjöldum, því það er einfaldara heldur en að vera að bauka með það út af fyrir sig af mismunandi færum sóknarnefndarmönnum. Og ég skil ekkert í hv. þm. *Borgf., að hann skuli ekki geta skilið*, að hér er alls ekki um neitt aukið ómak fyrir hreppstjóra að ræða.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að ég mundi ekki hafa lesið brtt. sína, þar sem sóknarnefndum væri gert heimilt að gera sýslumönnum skil fyrir þessum gjöldum. Jú, ég hefi nú reyndar lesið hana, en þetta er bara til þess að gera enn þá meiri rugling. Það ætti þá að skylda sóknarnefndir til þess að senda gjöldin til sýslumanns, til þess að skilin kæmu í einu lagi til ríkisféhirðis.

Ég ætla ekki að fara að þrátta við hv. þm. Borgf. um burðargjöldin. Það er siður í þeirri sýslu, sem ég er sýslumaður, að hver einasti hreppstjóri lætur endurgreiða sér burðargjöldin. Bréfin koma oft ófrímerkt til mín, en þjónustufrímerki koma á minn reikning. Ég dáist að þeirri ósérplægni hv. þm., að hann skuli hafa alla sína löngu embættistíð borgað undir bréfin sjálfur, því það var alger óþarfi. Mér fyndist hann ætti því að taka þetta saman eftir getu og reyna að fá það endurgreitt.

**Jón Sigurðsson:** Ég skal ekki lengja mikið umr., sem þegar eru orðnar of langar. — Það hefir verið talað mikið um það, að hér væri verið að hlaða auknu erfiði á hreppstjórana, en ég get ekki séð, að svo sé. Það er kunnugt, að hreppstjórar hafa mikla innheimtu með höndum fyrir sýslurnar, og þessi innheimta kemur vitanlega til að halda áfram og fer vaxandi, eins og verið hefir undanfarin ár, og það skiptir því ekki miklu máli, hvort á þeim reikningum, sem innheimta á, stendur nokkrum krónum meira eða minna. Ég hefi ekki orðið var við, að það skapaði neina sérstaka örðugleika að innheimta þessi gjöld, þó ellistyrktarsjóðsgjaldið væri með. Það er aðeins sá munurinn, að þarna kemur *nýr liður til viðbótar, sem er innheimtur hjá* sömu mönnum. Mín reynsla er sú, að af öllum gjöldum, sem þarf að innheimta, sé einna hægast að innheimta þinggjöld, því þrátt fyrir þá erfiðleika, sem menn eiga við að búa, hefir enn haldizt í meðvitund fólksins, að þessi gjöld verði að greiðast og það verði ekki dregið lengur. Þess vegna hefir mér reynzt léttara að innheimta þessi gjöld heldur en ýms önnur gjöld. Og það er af þeirri ástæðu, sem ég tel hyggilegt að ganga þessa leið, að fela sýslumönnum og hreppstjórum innheimtu þessara gjalda, og eins og bent hefir verið á, er það líka eðlilegra, þar sem þessi gjöld renna beint í ríkissjóð, heldur en farið sé allar þær krókaleiðir, sem þegar hefir verið lýst og ég skal ekki fara frekar út í. — Ég mun því af þeim ástæðum, sem ég hefi greint, greiða atkv. móti þeirri brtt., sem fyrir liggur.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég átti nokkurn þátt í því, að samskonar frv. og þetta var borið fram á þingi í fyrra. Endurskoðendur landsreikningsins höfðu gert þá aths., að prestlaunasjóður ætti vegna reikningshalds ríkissjóðs að strikast út. En hvað er nú í raun og veru þessi prestlaunasjóður? Hann er ekkert nema á pappírnum. Það er aðeins einu sinni á ári, að þessi sjóður er skuldlaus; það er þegar ríkissjóður greiðir í hann það, sem á vantar til þess að hann geti staðið við sínar greiðslur. Reikningshald prestlaunasjóðs er afaróþægilegt að fella inn í ríkisbókhaldið, enda er það alveg ástæðulaust og að mörgu leyti til þess að gera landsreikninginn óaðgengilegri til yfirlits, þar sem ekki sést á honum, hvernig tekjum sjóðsins er varið.

Þá vil ég segja, að það sé einkennileg málafærslan hjá blessuðum sýslumönnunum hér í d. Þeir berja sér á brjóst og kvarta yfir því, hvað þeir hafi lítið fé með höndum og alltaf sé verið að auka á þeirra starf. En svo segja þeir annað veifið, að þetta komi allt á bak hreppstjórunum, og mátti heyra lýsinguna á því hjá hv. þm. Borgf., hvernig sýslumennirnir notuðu sér aðstöðu sína gagnvart hreppstjórunum. Þetta er nú ekki skemmtileg málafærsla, og það hjá sýslumönnum. Þá töluðu þeir líka mikið um það, hve mikill óþarfi það væri að taka þessa innheimtu af sóknarnefndunum, þar sem þær hvort sem væri innheimtu hjá sömu mönnunum. En gera ekki sýslumenn þetta sama? Það er þá ekki önnur fyrirhöfn fyrir þá en að skrifa einni línu meira. — En ég skal segja það fyrir mitt leyti, að fyrir mér er það ekkert aðalatriði, hverjir hafi þetta innheimtustarf með höndum, heldur bara álít ég þetta praktiskt og nauðsynlegt fyrirkomulag til þess að ríkisstj. fái góða aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvernig þetta starf er rækt, og það er þægilegra að þurfa ekki að ganga að nema sýslumönnum um skil á þessu. Frá minu sjónarmiði er þetta því fyrirkomulagsatriði, sem er nauðsynlegt, til þess að koma reikningshaldi ríkisins í sem bezt horf að þessu leyti, og til þess að hægt sé að hafa eftirlit með þessum greiðslum.

Það var einn af sýslumönnunum hér í d. að tala um, að skrifstofukostnaður þeirra væri nú fastákveðinn og engu hægt að þoka þar um. Ég veit ekki betur en að þetta hafi verið svona í mörg ár. Það hefir verið veitt ákveðin fjárhæð til sýslumanna í þessu skyni, og ef ríkisstj. hefir veitt þeim meira en það, sem þeirri upphæð nemur, — og það hefir hún gert —, þá hefir hún gert það í algerðu heimildarleysi. Sýslumennirnir hafa þá bara narrað stj. til þess að láta sig hafa fé, sem hún hafði enga heimild til að veita. Þeir sýslumenn, sem hafa talað út í þetta mál hér, hafa ef til vill átt sinn þátt í því að fá eitthvað af fé, sem ekki hefir verið veitt samkv. heimild. Ég heyri það, að hv. þm. V.-Sk. er eitthvað að segja, og ég skal gjarnan snúa máli mínu til hans. Ég er ekki alveg fráleitur því, að hann megi bíta í skorpuna á sneiðinni, sem ég var með.

Ég hygg, að það væri hægt að leiða menn til sátta og samkomulags um það, sem mér virðist vera aðalágreiningsefni hér, og það með þeirri brtt., sem fyrir liggur. A. m. k. nær hún þeim tilgangi, sem ég tel, að l. hafi átt að ná, sem sé, að sýslumönnum beri að vísu skylda til þess að standa skil á greiðslum þessum til ríkissjóðs, en að þeir geti snúið sér til sóknarnefnda, hver í sínu umdæmi, um innheimtu á gjöldunum. Ég held þessu fram af því að ég tel, að höfuðtilgangurinn eigi ekki að vera sá, að losa sóknarn. við þessa innheimtu. Mér finnst það smáatriði, og ég er alveg hissa á því, að menn skuli deila um slíkt. Það sýnir bara, hvað menn geta verið smámunasamir í sér, og það jafnvel þó að í sýslumannsstóli séu.

Þá vil ég, þó að það komi mér ekki beinlínis við, bera blak af hreppstjórunum, þar sem komið hafa fram ásakanir í þeirra garð fyrir trassaskap um að ganga ekki að mönnum með lögtaki strax og lögtaksbeiðni hefir borizt þeim í hendur. Þetta, að hreppstjórar veigra sér við þessu, stafar af því, að hreppstjórarnir skilja það svo vel, betur en þeir, sem ekki eru í sveitunum, hversu miklir örðugleikar geta verið á því fyrir fólk að standa skil á greiðslum, þó að litlar séu. Ég þekki marga hreppstjóra, sem bíða með að innheimta þessi gjöld þar til þeir vita, að menn hafa aura handa á milli til þess að greiða þau með. Og bezt gengur að innheimta þessi gjöld þar, sem þeir ganga á milli manna til þess að ná þeim inn, án þess að lögtak sé framkvæmt. Þetta er líka miklu betur séð, þó að hinsvegar sé ekki hægt að ásaka hreppstjóra, sem ganga hart að mönnum í þessu efni, og valda þá um leið óþarfa útgjöldum, sem ella væri hægt að komast hjá. Þetta á ekki aðeins við um smágjöldin, eins og t. d. prestsgjöldin, heldur öll þau gjöld, sem hreppstjórar verða að standa skil á, sem eru mest sveitarútsvör, a. m. k. í þeim hreppum, þar sem oddvitar hafa það fyrir reglu strax og gjalddagi er kominn að fá leyfi sýslumanna til lögtaka.

Ég vil leggja aðaláherzluna á það, frekar en allt annað, að með þessu frv. er verið að gera tilraun til þess að bæta skipulagið á reikningshaldi ríkissjóðs og greiða fyrir betra eftirliti með þeim tekjum, sem hér um ræðir. Þetta er vitanlega langstærsta atriðið. Og ég trúi ekki öðru, þó að óliklega horfi með þessa till., en að það sé þá hægt að ná samkomulagi um það, hvernig hún eigi að vera.

**Gísli Sveinsson** [óyfirl.]: Þetta mál hefir nú skýrzt töluvert, og má því stytta umr. um það. Mönnum er nú ljóst, hvernig stendur á því, að þetta frv. hefir komið fram og hvers vegna því er fylgt eins vel eftir og raun er á, og sömuleiðis er það ljóst, hvers vegna hv. þm. V.-Húnv. þurfti endilega að láta ljós sitt skína hér, sem ekki er þó sérlega skært.

Hv. 6. landsk. þm. greindi skilmerkilega frá ástæðunum til þess, að honum er þetta svo mikið kappsmál, og er skiljanlegt, að hann leggi ríka áherzlu á þetta mál. Hann hafði hér þá sögu að segja, sem við hv. 2. landsk. þm. verðum að játa, að við þekkjum alls ekki. Við þekkjum það ekki, að þau gjöld, sem sóknarnefndir eiga að innheimta, séu „i kássu og vitleysu“, eins og þetta virðist vera í hans sveit. Það er ósköp skiljan-

legt, að þessir menn vilji bjarga sér úr þessari „kássu og vitleysu". Í annan stað kom það fram hjá hv. þm. Barð., að það er einhver vottur af sömu kássunni hjá honum, þar sem hann var að tala um, að þetta væri allt í óreiðu, og svo ætti að demba þessu í hrúgum á hreppstjórana, og þeim væri þá kannske ætlað að gera það, sem þeir gætu alls ekki. Það er þetta, sem við þekkjum ekki, að innheimta þessara gjalda hjá sóknarnefndunum sé ekki í lagi. Það er langt frá, að það sé komið svo á Suðurlandi, eins og það virðist vera á Austurlandi, að þar séu öll gjöld, þau smærri jafnt sem þau stærri, í óreiðu og vitleysu. Stærstu gjöldin liggja ógreidd hrönnum saman, en að þessi smágjöld, sem eru kannske 1 króna eða minna, séu í svo mikilli óreiðu, að gripa þurfi til löggjafar til þess að bjarga því, það þekkjum við ekki. Hinsvegar virðist það nú tæplega gott ráð að demba þessu öllu á sýslumenn eða bæjarfógeta, því að þeim er nú ekki öllum borið svo gott vitni. Að vísu er það ekki svo, að þessir menn komist í gjaldþrot á öllum sviðum. Og þeir sýslumenn, sem hér eiga sæti í d., geta óhræddir talað um þessi mál, því að ekki mun neitt slíkt á ferðinni hjá þeim. Annars hafa sýslumenn allra manna mesta ábyrgð fyrir ríkissjóð, og stærstu upphæðir til innheimtu, sem víða reynist alveg ógerningur að ná inn á þessum tímum.

Það er víst um það, að þetta eru aukin störf á hreppstjóra, enda þótt það sé endileysa, að öll störf sýslumanna lendi á hreppstjórum. En sýslumenn verða að senda til þeirra reikninga, til þess að gera síðustu gangskör að því að ná þeim inn, og er það meira en nóg, samanborið við þá þóknun, sem þeir fá.

Það lítur út fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. hafi aldrei komizt í námunda við skrifstofur sýslumanna, því að hann heldur, að það eina, sem þeir geri, sé að stinga niður penna og skrifa nokkrar línur, og þar með sé hverju embættisverki lokið. Hv. þm. veit það ekki, að sýslumenn verða að vera daginn út og daginn inn á skrifstofum sínum, þar sem þeir hafa mjög mikla bókfærslu á hendi, fyrir hið opinbera, og svo þar að auki fyrir sýslufélögin, fyrir sama sem ekkert gjald, hvað lengi sem það verður.

Hv. þm. V.-Húnv. stóð hér upp til þess að lýsa því yfir, að hann, þessi mikli maður, endurskoðari landsreikningsins, hefði átt þátt í því að koma með frv. í öndverðu. En þar að auki talaði hann aðeins um það eitt, sem allir voru sammála um, sem sé, að rétt sé að taka þessi gjöld frá formsins hlið úr prestlaunasjóði, sem, þó að hann hafi verið til, stendur ekki undir því sem hann á að gera, og láta ríkissjóð taka við því. Þetta þurfti ekki að fjölyrða um, en það var bara hv. þm., sem þurfti að sýna, að hann væri pottur og panna í þessum málum. Um það atriði, að hann var að reyna að ná sér eitthvað niðri á flokksmanni sínum, er það að segja, að þeir eru nú ekki of margir hér í d. til þess að rifast. Hann var að rétta að hv. 2. landsk. skorpu, vegna þess að hann hefði fengið ólöglegt fé úr ríkissjóði. Mín vegna getur hv. þm. V.-Húnv. látið þennan kollega minn eiga skorpuna einan, því að *ég hefi aldrei farið fram á það, að mitt skrif-*stofnfé yrði aukið um einn eyri frá því, sem ákveðið hefir verið.

Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Það mun nú vera orðið öllum ljóst. Þm. verða nú að gera það upp við sjálfa sig og samvizku sína, hvort þeir vilja fylgja því. Okkur, sem höfum kunnugleika og þekkingu á þessu máli, er ýmislegt það ljóst í þessu efni, sem *hv. flm. þess og nm. hefir engan veginn* verið ljóst, þó að þeim samkv. stöðu sinni hefði átt að vera það ljóst.

***Pétur Ottesen*** [óyfirl.]: Ég ætla nú, að það sé ljóst af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að gangur þessa máls er þannig, að ef frv. verður samþ., þá á að vísu að létta þessum störfum af sóknarnefndarmönnum, og sýslumenn eiga að taka að sér að innheimta þessi gjöld og fá fyrir það 6%, að nafninu til, en hreppstjórar eiga ekkert að fá. Svo bæta flm. frv. því við, að innheimtuna eigi að fela hreppstjórum, sem hv. 6. landsk. segir, að séu þannig, að þeir trassi allt og geri ekkert, sem þeir eiga að gera í þessum efnum. Það á að bæta innheimtuna með því að fela þeim þetta! Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa fleiri orð um það, sem hv. þm. Barð. hefir fært fram í málinu, en ég vil aðeins, út af því, að hv. þm. V.-Húnv. var að segja, að prestlaunasjóður væri ekki til, segja það, að mér þykir það undarlegt, að hv. þm. skuli halda því fram, því að hann hefir verið endurskoðari sjóðsins síðan 1. um hann voru samþ. Hann er sem sagt búinn að endurskoða þann sjóð í mörg ár, sem hann segir að sé ekki til.

Ég vil þá aðeins segja nokkur orð út af því, sem hv. 6. landsk. sagði um þetta, og þeim rökstuðningi, sem hann færði fram fyrir því, að þetta mundi verka nokkuð á þann hátt, að hægt væri að halda betur við kirkjum og kirkjugörðum en áður, en það hvílir nú á sóknarnefndum að sjá um þetta. Hann rökfærði þessa skoðun *sína með því, að það væri svo mikið af gjöldum*, sem ekki næðist inn þrátt fyrir margendurtekið lögtak, svo að það yrði að taka af þeim hluta sóknargjalda, sem ætti að renna til kirkna, til þess að fullnægja prestlaunasjóði í þessu efni. Hvers vegna fara nefndirnar svo að? Ef þær geta sannað það, að þrátt fyrir lögtaksgerð sé ekki hægt að innheimta gjaldið, þá eru þær lausar frá skyldunni til þess að innheimta það. Það er vitanlega eins með þetta gjald eins og önnur þinggjöld, sem á að innheimta. Ef sýslumaður getur sannað ríkissjóði það, að ómögulegt sé að krefja inn gjaldið með lögtaki, þá er það afskrifað. Það er þess vegna hægt að bæta úr því, sem hv. 6. landsk. var að tala um í sambandi við viðhald kirkna og kirkjugarða, með því að sóknarnefndirnar sanni bara, að gjaldið hafi verið óinnkræft. Ef þetta er gert, þá þarf ekki að skerða möguleika sóknarnefndanna til þess að halda við kirkjum og kirkjugörðum. Það þarf þess vegna enga lagabreyt. um þetta efni, heldur aðeins, að sóknarnefndirnar séu ekki að borga í ríkissjóð þau gjöld, sem ómögulegt er að ná inn. Það er þess vegna ekki nokkur fótur undir þessu frv., og ekki nokkur minnsta ástæða *til fyrir því. Það er með því skapað ennþá meira*

ranglæti í innheimtunni en verið hefir, auk þess sem með þessu á að fyrirbyggja það, sem hefði verið hægt að fyrirbyggja einungis með því að framkvæma þetta eins og l. standa til. Þetta frv., ef að l. verður, er þá ekki til nokkurs hlutar annars en að auka áþiðslu á hreppstjórum í þessu landi.

**Magnús Torfason:** Ég tel þetta mál nokkurn veginn útrætt, og stend þess vegna ekki upp til þess að tala um málið, heldur til þess að bera af mér sakir. Helmingur Bændafl. í þessari hv. d. — og sjálfsagt „betri" helmingurinn — hefir talið sér skylt að ráðast á mig með persónulegum aðdróttunum, og ég vænti þess, að hv. þm. líti svo á, að ég hafi rétt til þess að bera af mér blak. Honum fórust þannig orð, að sýslumenn hefðu kúgað stj. eða fengið hana til þess að bæta við skrifstofufé sitt í algerðu heimildarleysi. Að því er heimildarleysi snertir er þetta vitanlega ekki á ábyrgð sýslumannanna og bæjarfógetanna, og ég býst við, að engir þeirra hafi vitað um það, hvort sú upphæð, sem til þeirra hefir farið, hafi verið nálægt því, sem veitt var í fjárl. eða ekki. En um það atriði, að ég hafi verið fingralangur í skrifstofufé, eða að í mínar hendur hafi komið illa fengið skrifstofufé, er það að segja, að ég held, að það geti ekki vel staðizt. Þegar ég sótti um Árnessýslu, var skrifstofufé 5 þús. þar, og ég játa það, að ég sótti um sýsluna vegna þess, að ég leit svo á, að með 5 þús. kr. í skrifstofufé væri það tryggt, að ég fengi a. m. k. þau laun, sem embættinu fylgdu. En hvað skeður? Þegar sparsemin var sem mest hér á Alþ., sællar minningar, þá var skrifstofufé sýslumanna fært talsvert niður, og ég varð þá fyrir barðinu á þeirri niðurfærslu. Skrifstofufé mitt var þá fært úr 5 þús. kr. niður í 2880 kr. Sjálfur borgaði ég föstum skrifara 3600 kr., og varð því að borga honum 720 kr. úr eigin vasa, fyrir utan það, að ég varð að gefa ríkinu húsaleigu, hita og ljós, og svo allt, sem skrifstofu heyrði til, svo sem bækur, prentun og þess háttar. Ég skal játa það, að ég fór þá til forsrh. og sagði honum frá því hreinskilnislega, að ég mundi gera þetta atriði að umtalsefni hér á Alþ., en við það batnaði þetta nokkuð. Síðan hefir skrifstofufé færzt talsvert upp, og ég hefi notið þess eins og aðrir. En ef hv. þm., sem hefir verið endurskoðari landsreikningsins og er sjálfsagt kunnugur þessum málum, vill kynna sér þetta betur, þá mun hann sjá það á reikningum mínum, að ég hefi aldrei borgað minna en 1600 kr. á ári fram yfir það, sem ég hefi fengið. (**HannJ**: Þeir reikningar liggja ekki frammi). Þeir eru í stjórnarráðinu, það er víst. Ég vona nú, að hv. þdm. sjái, að þessi árás frá hv. þm. V.-Húnv. hefir verið alveg að ófyrirsynju. Hann var að tala eitthvað um bókfærslu, en ég skal ekki svara neinu um það, þó að til þess gæti verið ástæða. Ég skal lýsa því yfir, að ég tek þetta ekki illa upp fyrir þessum hv. flokksmanni mínum. Ég þekki hann, og við þekkjum hann — allir.

**Jónas Guðmundsson:** Það lítur út fyrir, að þetta mál ætli að verða til þess að sprengja Bændafl. alveg. Það vissu flestir, að taugin milli skipanna mundi ekki vera sterk, en að hún væri svo fúin, að hún brysti við þetta átak, það hefir víst fæstum dottið í hug.

Það hafa komið fram nokkur atriði frá því að ég talaði síðast, sem ég vildi minnast á. Hv. þm. V.-Húnv. vildi ekki gera mikið úr því, þó að það aðalatriði frv. fengi að halda sér, sem sé, að sýslumenn ættu að gera skil til ríkissjóðs í staðinn fyrir að það nú er biskup. Ég ætla, að embættisfærsla biskups sé ekki lakari en hún er hjá sýslumönnum, og skil á hans fjárreiðum til hins opinbera ekki verri en hjá sýslumönnum og bæjarfógetum. Frá því sjónarmiði er það því enginn ávinningur fyrir ríkissjóð, að till. hv. þm. V.-Húnv. verði samþ., eins og hann vildi vera láta. Ég álít, að þá till. eigi að fella, og það af þeim ástæðum, sem ég hefi margtekið fram, sem sé, af því að þetta gjald er einn tekjuliður ríkissjóðs og eitt af þeim gjöldum, sem almenningur á að greiða beint í ríkissjóð gegnum sýslumennina, en ekki með þeim krókaleiðum að láta sérstakar nefndir innheimta það, nefndir, sem alltaf eru að skipta um menn, en þar af leiðandi kemur ringulreið á störf þeirra.

Hv. þm. V.-Sk. vildi halda því fram, að það þekktist ekki óreiða á þessum hlutum í V.-Skaftafellssýslu og Árnessýslu. Mig furðar stórkostlega á þeirri tvöfeldni, sem lýsir sér í þessari yfirlýsingu. Heldur þessi þm., að það sé ekki óreiða á innheimtu þar eins og hér í Reykjavík og alstaðar annarsstaðar á landinu? Dettur honum í hug, að öll sóknargjöld í V.-Skaftafellssýslu náist inn? Árnessýslu þarf ekki að tala um. Þar eru heilir hreppar, eins og t. d. Eyrarbakki, sem eiga erfitt með að standa skil á fjöldamörgum gjöldum og greiðslum. Ég verð að segja það, að ég álít, að önnur eins tvöfeldni í framsetningu og þetta eigi ekki rétt á sér hér á Alþ., þar sem menn eiga helzt að ræða málin á þeim grundvelli, sem liggur alveg augljós fyrir, og sá grundvöllur er í þessu tilfelli, eins og hefir verið margendurtekið, að innheimta þessara gjalda er í ákaflega mikilli óreiðu víðsvegar um landið.

Hv. þm. Borgf. vildi líta svo á, að hann hefði kveðið niður öll mótmæli, sem fram hefðu komið gegn hans skoðun í þessu efni, með því að segja, að sóknarnefndirnar væru leystar frá því að borga þessi gjöld, þó óinnheimt væru, með því að færa sönnur á það, að þau væru alveg óinnheimtanleg. Þetta eru smágjöld og nær því óframkvæmanlegt fyrir sóknarnefndir að innheimta þau með lögtaki, þegar undandráttur verður á greiðslu, og auk þess skeyta hreppstjórar og sýslumenn lítt um innheimtu þeirra, þar sem þeim sjálfum ber ekki að standa skil á þeim í ríkissjóð. Það er af þessum ástæðum ómögulegt að sanna, að lögtak hafi reynzt árangurslaust, og á meðan má með réttu krefja sóknarnefndirnar um gjaldið. Rétta leiðin er áreiðanlega sú, að þau renni beint í ríkissjóðinn og séu innheimt af sýslum., og vænti ég því, að hv. deild greiði atkv. á móti brtt., en samþ. frv.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Hv. þm. V.-Sk. og hv. 6. landsk. reyna að gera sér mat úr því, að við skulum deila, bændaflokksmennirnir. Þetta

sýnir spilltan hugsunarhátt embættismannaklikunnar annarsvegar og jafnaðarmanna hinsvegar, þar sem þeir finna sér skylt að þegja yfir öllu, sem þeir telja ekki rétt hjá sínum mönnum. Það er ekki von, að vaxi mörg falleg blóm í aldingarði þessara manna. En það, sem ég minntist á, átti ekki sérstaklega við minn flokksmann hér, heldur við stéttina. En hann viðurkenndi nú einmitt, að ég hefði farið með rétt mál, þegar hann sagði, að hann hefði fengið stj. til að hækka skrifstofuféð. Það var ekki annað eða meira, sem ég sagði. En hvernig gat stj. orðið við þessum óskum hans nema taka fé á óleyfilegan hátt, þegar sú fjárveiting var þrotin, sem til þessara útgjalda var ætluð? Hann sagðist hafa sagt forsrh., að hann mundi gera þetta að umtalsefni hér á þingi, ef hann fengi ekki vilja sínum framgengt. Ég veit ekki, hvort hann hefir beitt fleiri hótunum, en stj. fór eftir tilmælum hans án þess hún hefði rétt til. Líkt er að segja um hv. þm. V.-Sk. Ég get sannað með tölum og sýnt fram á, að hann hefir ekki hlífzt við að taka það, sem hægt var að taka, og jafnvel það, sem ekki var hægt að taka. Þessi hv. þm. sagði, að *ég væri að tala um það, sem allir væru sammála um.* Hann telur þá ekki hv. þm. Borgf., sem sagði, að þetta mál hefði engan rétt á sér. Mér finnst hann sýna þessum flokksbróður sínum talsverða litilsvirðingu, þar sem hann telur *hann ekki með, eins og það skipti engu máli,* hvað hann glamrar.

Út af þessari brtt., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að hún er ekki í því formi, sem hún ætti að vera, en það mætti ná tilgangi hennar með því að breyta henni. *En eins og ég sagði áður,* er hér ekki um neitt höfuðatriði að ræða. Þessir aðilar hafa svipaða innheimtu að inna af hendi, og er því hér um aukið starf að ræða fyrir hvorugan. Virðist ástæðulítið fyrir þá að togast á um þetta. Þá kem ég að því, hvort prestlaunasjóður sé til eða ekki. Það má auðvitað toga og teygja. Hv. þm. Borgf. veit, að sjóðurinn hefir aldrei verið til nema að nafninu. Hér er aðeins um pappírsgagn að ræða, því að ríkissjóður hefir staðið undir öllum greiðslum, sem prestlaunasjóði var ætlað að inna af hendi. Tekjur hans hafa aldrei verið annað en brot af því, sem honum var ætlað að standa undir.

Ég skal til frekari áréttingar gagnvart sýslumönnunum og skrifstofukostnaði þeirra benda á þær tekjur, sem þeir hafa af innheimtu tolla, og ég skal sýna, ef óskað verður, hvað sýslumenn hafa fengið borgað af tolltekjum. Annars skal ég ekki vera að elta ólar við þessa hv. þingbræður mína. Þeir mega togast á um það fyrir mér, hvort innheimtan skuli vera hjá sóknarnefndum eða sýslumönnum, og ef þeim finnst það skipta mestu máli í frv., þá öfunda ég þá ekki fyrir skarpan skilning þeirra á málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 412 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** ÞorbÞ, FJ, GSv, GÍ, GTh, JÓl, JónP, MT, PZ, PHalld, PO, SK, JörB.
**nei:** ÁÁ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, GÞ, GG, HannJ, HV, JakM, JS, JG, PÞ, SigfJ, StJSt, TT, ÓTh greiddi ekki atkv.
Tveir þm. (JJós, SE) fjarstaddir.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:2 atkv.

---

Á 42., 47., 48., 50. og 51. fundi í Nd., 21., 28., 29. nóv., 4. og 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 18. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 227, 474, 544).

**Pétur Ottesen:** Ég á eina litla brtt. við þetta frv., sem hefir það eitt í sér fólgið, að í þeim tilfellum, sem hreppstjórar innheimta þessi gjöld, þá renni innheimtugjaldið til þeirra. Annars hefi ég lýst því yfir við 2. umr. þessa máls, að ég mundi greiða atkv. á móti því, og ég mun gera það, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki.

**Jónas Guðmundsson:** Ég get lýst því yfir, að ég tel till. hv. þm. Borgf. alveg sjálfsagða. Það hefir víst enginn ætlazt til þess, að hreppstjórar yrðu sviptir þessu. Viðvíkjandi brtt. á þskj. 544 get ég sagt það, að ég er henni algerlega mótfallinn og sé enga ástæðu til að vera að tvískipta þessu. Ég tel brtt. hv. þm. Borgf. sjálfsagða og mun greiða atkv. með henni, en hin till. er alveg gagnstæð þeim tilgangi, sem frv. er ætlað að ná.

ATKVGR.
Brtt. 544,1 samþ. með 15:11 atkv.
— 474 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 544,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** SigfJ, SE, StJSt, TT, ÞorbÞ, BJ, BÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG, GTh, HannJ, HV, JakM, JÓl, JS, JG, ÓTh, PZ, PÞ, PHalld, JörB.
**nei:** PO, SK, GSv, GÍ, JónP, MT.
Tveir þm. (ÁÁ, JJós) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed. með fyrirsögninni:
**Frv. til l. um niðurlagning prestlaunasjóðs.**

---

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 890).
Á 67. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 19. Verzlunarskuldir.

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum** (þmfrv., A. 238).

Á 25., 26., 29., 31. og 32. fundi í Nd., 1., 2., 6., 8. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Gísli Sveinsson)** [óyfirl.]: Það er orð og að sönnu, að þetta mál er ekki nýtt og hefir ekki átt gott með að komast áfram hér í þinginu. Þetta mál er þó ekki í mörgum greinum, en verður að teljast aðkallandi eins og nú standa sakir. Frv. var flutt á aukaþingi í fyrra og komst til n. hér í Nd., en ekki varð úr framkvæmdum á afgreiðslu málsins í n. Eins og ég tek fram í grg., er þetta sérstaklega aðkallandi mál nú, vegna þeirra aðgerða, sem gerðar voru í fyrra, og snerta mikinn hluta landsfólksins. Ég á við þær kreppuráðstafanir, sem nú er verið að gera til hjálpar bændunum. Margir bændur hafa nú fengið kreppulán og þeirra skuldir hafa með því að nokkru leyti komizt á réttan kjöl og að nokkru leyti ekki. A. m. k. er það svo, að menn hafa fengið eftirgjafir af mörgum skuldum, sem lán hafa fengizt í kreppulánasjóði til greiðslu á, og ættu þeir menn að vera betur settir en áður. En nú ná ekki þessar eftirgjafir nema til þeirra, sem sótt hafa um kreppulán. Hitt er auðvitað eftir að gera, sem komið hefir til orða, og að nokkru leyti til framkvæmda á Alþ., að lagfæra ágalla á kreppulöggjöfinni, þar sem niðurfelling skulda nær nú sem stendur ekki nema til þeirra einna, sem fengið hafa þessi lán. Þó er sú löggjöf skapleg að því er ábyrgðir snertir. Nú mun vera í Ed. frv. um breyt. á kreppulánalöggjöfinni, sem miðar að því, að létta ábyrgðum af mönnum. Er þetta frv. beint áframhald af þeim ráðstöfunum, sem þegar eru til í kreppulöggjöfinni um niðurfellingu ábyrgða.

Það er alveg ógerningur að hugsa sér framhald á því ástandi, sem verið hefir undanfarið, því ástandi, að menn geti safnað verzlunarskuldum alveg botnlaust, án þess að löggjöfin skipti sér nokkuð af því. Frv., sem hér liggur nú fyrir, hljóðar um fyrning verzlunarskulda. Það er til löggjöf um það, að verzlunarskuldir, sem ekki er samið um skriflega, fyrnast á 4 árum. Það er allt of langur tími, ef með slíkri löggjöf á að reisa rönd við skuldum, sérstaklega verzlunarskuldum, eða m. ö. o. búðaskuldum. Þess vegna var sporið stigið hér í d. í fyrra, þegar um þetta mál var rætt, að menn hugsuðu sér að hafa þetta tímatakmark eitt ár.

Almenningur er mjög hlynntur þessu máli. Bændafundurinn, sem haldinn var hér síðastl. vetur, var málinu hlynntur, en fundinum þótti þó þetta eins árs tímatakmark of stutt og vildi því fallast á að hafa það 2 ár. Þessa breyt. höfum við flm. gert á frv. og lítilsháttar aðrar. En við teljum, að þó að frv. um þetta væri ekki samþ. í fyrra, þá megi ekki undan dragast að gera það nú, ef vel á að vera.

Annað atriði frv. er um að banna að reikna vexti af verzlunarskuldum, og er það í samræmi við það, sem ákveðið var í frv. í fyrra. Þessi skoðun er þegar farin að ryðja sér til rúms hjá kaupmönnum. Reynslan hefir verið sú um þessa vaxtatöku, að aðilar, þ. e. þeir, sem skuldað hafa í verzlun, hafa þótzt una betur við að láta skuldir standa, þegar reiknaðir hafa verið af þeim vextir. Vextirnir hafa því verkað öfugt við það, sem þeim var ætlað að gera. Kaupmenn höfðu hugsað sér, að skuldunautar borguðu meira af skuldum sínum og fyrr með því, að reiknaðir væru af þeim vextir. Útkoman síðustu árin hefir í mjög mörgum tilfellum orðið sú, að skuldunautur hefir ekki borgað vextina af verzlunarskuld sinni, hvað þá að hann hafi borgað nokkuð af skuldinni. Kaupmenn og skuldunautar þeirra hafa, sem sagt, verið rólegri með að reikna vexti af skuldunum, þó að í sumum tilfellum sé raunverulega lítil von um fullnaðargreiðslur á þeim sömu skuldum. Þetta fyrirkomulag allt er sú svikamylna, sem hið allra skjótasta þarf að setja slagbrand fyrir.

Það er vitanlegt, að gegn þessu ákvæði frv. hafa komið fram nokkur andmæli. En þau munu, eftir því sem ýmsir hv. þm. og aðrir hafa tjáð mér, vera næsta veigalítil. Þessi andmæli hníga sérstaklega að því, að þó að viðurkennt sé réttmæti stefnu þessarar, þá sé ókleift að hafa þessi ákvæði svo, að ekki sé hægt að fara í kringum þau. Það er rétt, að ekki er hægt að hafa þessi ákvæði svo, að með samkomulagi sé ekki hægt að fara í kringum þau. En það mundi kveða heldur lítið að því. Það hefir verið tekið svo til orða, að með því að nota víxla væri hægt að komast í kringum þau. En það er ekki rétt. Eins og 1. gr. frv. er orðuð, þá mundi það ákvæði gilda um alla skuldasamninga, sem gerðir væru á milli kaupmanna og viðskiptamanna, eins þó um víxla væri að ræða. Aðeins gætu slíkar undantekningar komið til greina, ef svona víxill væri seldur eða keyptur í banka eða sparisjóði. En þó að þessar stofnanir keyptu einstaka þess háttar víxla, þá mundi ég ekki telja það neina goðgá. Ef bankar og sparisjóðir færu að kaupa þessa víxla, þá teldi ég viðskiptin bara komin á heilbrigðan grundvöll. Ég tel engar líkur til þess, að úti um öll héruð landsins geti tiðkazt, að bankar eða sparisjóðir kaupi að nokkru ráði verzlunarskuldavíxla, þar sem telja verður, að verzlanir þar séu misjafnlega stæðar. En segjum nú t. d., að lánsstofnanir yrðu fíknar í að kaupa verzlunarskuldavíxla, — ja, þá verðum við að viðurkenna, ef svo verður, að ástandið í þessum efnum er betra en almennt er álitið nú. Hætta í sambandi við þetta er því alls engin. Það má segja, að þessir víxlar geti komizt inn í banka, en mikið verður varla um það.

Það skal viðurkennt, að vitanlega má ganga enn nákvæmar frá þessu frv. heldur en þegar er gert, t. d. um það, hvernig eigi að fara með árlegar greiðslur manna í verzlanir, hvort þær eigi að taka sem greiðslur inn á eldri skuldir, eða upp í viðskiptaskuldir ársins, og eldri skuldir haldist því og haldi áfram að renna til fyrningartíma. Um þetta mætti setja nákvæm ákvæði í frv. En ég vænti, að þetta mál fái velviljaða

meðferð hjá þeirri n., sem væntanlega fær það til athugunar, og vænti ég, að n. athugi einnig, hvort nauðsynlegt er að ákveða nákvæmar ýmsar aðrar gr. frv. en nú er gert.

Einnig gæti vel átt heima í þessari löggjöf — og ég mundi telja eðlilegt, að svo væri —, að ný gr. væri sett inn í frv. um að ákveða möguleika til fljótrar afgreiðslu almennra skuldamála fyrir dómstólum, svo að kaupmenn og verzlanir og þeir, sem eiga skuldir og þurfa að ná þeim áður en þær falla, geti það án mjög mikils tilkostnaðar. Það hefir þótt sá galli á því að láta þessi mál koma fyrir dómstóla, eins og t. d. gestarétt, að með þeirri meðferð hafi smáskuldir orðið svo dýrar, að það hafi ekki þótt borga sig að fitja upp á dómsmálum vegna þeirra.

Við flm. frv. erum fúsir til samvinnu við þá, sem sjá nauðsyn þessa máls og vilja koma því áfram. Góð afgreiðsla þessa máls hlýtur að verða til hagsbóta öllum, sem hlut eiga að verzlunarskuldamálum.

Þar sem þetta mál var kynnt hér allverulega á þingi í fyrra, og til þess að tefja ekki um of umr. um önnur mál, sem fyrir þessari hv. d. liggja, læt ég hér staðar numið með þeirri ósk, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 697, og á 64. fundi deildarinnar, 19. des., var útbýtt nál. frá minni hl., á þskj. 873, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 20. Berklavarnir.

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki** (þmfrv., A. 239).

Á 25., 26., 29., 31. og 32. fundi í Nd., 1., 2., 6., 8. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Gísli Sveinsson)** [óyfirl.]: Herra forseti! Ég býst við, að hv. þdm. muni renna grun í, að þessu máli muni verða fylgt hér á þingi af nokkuð mörgum mönnum, nema svo skyldi verða, að eitthvað það komi til, sem geri málið óþarft.

Hv. þdm. vita vel deili á þessu máli, því að hv. þm. utan úr héruðum landsins hafa mikið með þetta mál að gera vegna sinna héraða, sem öll eiga nú um sárt að binda út af þessu atriði. Berklavarnagjaldið er í raun og veru óvanalegt og nýstárlegt gjald hér á landi og víðar. Þetta gjald, sem lagt hefir verið á héruðin án þess að spyrja þau um það, til þess að standast kostnaðinn af berklavörnum, hefir að krónutölu verið tvöfalt á við íbúatölu héraðanna. Ég tel, að löggjöfin hafi þar farið inn á braut, sem, ef hún væri farin í öðrum fleiri málum, gæti riðið efnahag hinna einstöku héraða að fullu. Hér er ekki lítið spor stigið á þessari braut, þar sem þetta er hæsta gjaldið, sem öll héruð á landinu inna af höndum.

Nú gæti orðið deilt um það, hvernig eigi að fara með þessi gjöld. Um hitt verður ekki deilt, að þau eru langt um ofviða öllum sýslu- og bæjarfélögum landsins ofan á allar aðrar byrðar, sem þau hafa að bera samkv. l. og alltaf eru að aukast. Nú er berklavarnaskatturinn orðinn svo gífurlegur, að það atriði út af fyrir sig er talandi vottur um það, að taka verður einhverja nýja afstöðu til þessa máls.

Til þess að sýna, hvernig þetta mál horfir við nú, skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp nokkrar tölur um þennan kostnað á undanförnum árum. Allur kostnaður, greiddur úr ríkissjóði til berklavarna árin 1929 til 1933, var sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Árið | 1929 | 965202 kr. |
| — | 1930 | 817016 — |
| — | 1931 | 892235 — |
| — | 1932 | 1023507 — |
| — | 1933 | 1080559 — |

Samtals öll árin 4778519 kr.

Þetta er gífurlegur kostnaður, og skal ég ekki gera tilraun til að dæma um árangurinn af honum. En nauðsynlegt er, að skýrslur fari að liggja fyrir um þetta, svo að almenningi verði ljóst, hvert stefnir.

Getur nú nokkur sagt um árangurinn af öllum þessum kostnaði? Borgar þetta sig fyrir einstök héruð og fyrir landið allt? Er þessi tilkostnaður og árangur hans sambærilegur við útgjaldaliði frá hinu opinbera vegna annara sjúkdóma og þess árangurs, sem sá kostnaður hefir gefið?

Nú skiptist þessi kostnaður misjafnlega á héruðin með tilliti til þess, hve margir berklasjúklingar úr hverju héraði njóta góðs af honum. Það má nú segja, að hér um ráði tilviljun nokkru. Það vill að vísu svo til, að á Suðurlandi, t. d. í Skaftafellssýslum, er færra um berklasjúklinga en víða annarsstaðar á landinu. Slíkur mismunur er athugandi, og það einnig, hvort ekki er rétt að gera meiri kröfur viðvíkjandi berklavörnum á einum stað heldur en öðrum.

Beint til ríkissjóðs hafa sýslur og bæir landsins greitt síðan árið 1929 svo tugum þús. skiptir. Til fróðleiks ætla ég um það að tilgreina nokkrar tölur. Í Árnessýslu er þetta gjald komið á sjötta tug þúsunda á þessum tilgreindu árum, eða frá 1929, að því ári meðtöldu. Í Reykjavík er það orðið um hálf millj. kr. þessi ár. Afleiðingin af þessum gífurlegu gjöldum hefir víða orðið sú, að héruðin hafa fyrir það, að þau hafa pínt sig til að greiða þau, orðið að draga mjög úr nauðsynlegum framkvæmdum hjá sér. Og nú fer óhjákvæmilega að reka að því, að héruðin, eitt eftir annað, fara um þessar greiðslur — sem ég tel að séu brot á meginreglum, að taka þetta gjald af héruðunum — að segja: Nei, hingað og

ekki lengra. Sum héruðin hafa þegar gert þetta og hætt að standa í skilum með þessar greiðslur. Þessi héruð eru — án þess að ég ætli að kasta neinni rýrð á þau, hin héruðin koma á eftir — Neskaupstaður, sem á ógreitt þetta gjald frá árinu 1930 og allt síðan, samtals yfir 7½ þús. kr., og Hafnarfjörður, sem á ógreitt allt gjaldið frá 1930 og síðan, yfir 28 þús. kr. Hvorug Barðastrandarsýslan hefir greitt neitt af þessu gjaldi fyrir árið 1932 né neitt síðan. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla síðasta ár yfir 7 þús.; svo kemur þetta ár, þá er það 14—15 þús. Borgarfjarðarsýsla hefir ekki greitt fyrir 1933 að öllu leyti, skuldaði fyrst fyrir allt árið, en hefir síðan greitt rúman helming. Þarf ekki að taka það fram, að hún hefir ekki getað greitt fyrir þetta ár, því að ekkert hérað hefir getað það að neinu leyti, en það, sem sýslurnar eiga að greiða eftir mannfjölda eins og hann er, það er rúm 1 millj. í öll þessi ár, en ef deilt er með 5 í þessa upphæð, þá verður það um 225 þús. á hverju ári.

Nú höfum við, sem flytjum þetta frv., talið nauðsynlegt, að eitthvað verði gert. Ef hægt væri að finna gjaldstofn héruðunum til handa til að standast þennan kostnað, þá væri þetta atriði út af fyrir sig læknað í bráð. En sú spurning hlýtur að vakna, hvort þetta gjald verði að vera svona, og hvort það sé ekki ókleift að standa framvegis undir svona gjöldum, hvað sem öllu öðru líður. En þegar ekki má svo búið standa, verður að gera einhverjar breyt. Við hefðum gjarnan viljað fella burt þetta gjald, en af því að löggjöfin er í sama farinu og áður, þá höfum við ekki séð okkur fært að leggja það til, heldur komum með þá till., að þetta gjald, sem áður var 2 kr., verði fært niður í 1 kr. Það er þó betri hálfur skaði en allur. Mannfjöldinn á Íslandi er 114 þús., svo að hér er um 114 þús. kr. að ræða.

Ég vænti, að þetta mál fái tilhlýðilga meðferð í þessari d. Ég vænti, að allir hv. þm. séu sammála um, að hér þarf skjótrar aðgerðar, og ég efast ekki um, að það fái góðar undirtektir hjá öllum þingheimi.

Ég legg til, að frv. verði vísað til allshn., því að þessi löggjöf hefir verið þar til meðferðar áður á þingum.

**Jónas Guðmundsson:** Ég skal lýsa því yfir, að ég er í aðalatriðunum samþykkur þessari stefnu, sem hér kemur fram. Það er komið mikið ólag á innheimtu þessa gjalds, ekki einungis í kaupstöðum, heldur einnig í sveitum, eins og sýslumaðurinn, sem nú talaði, hefir upplýst, þar sem nú í árslok 1934 ekki eitt einasta sýslufélag hefir greitt þetta gjald, en gjalddaginn mun vera 1. júlí, eða jafnvel fyrr. En spurningin er sú, hvort með þessu, sem hér er stungið upp á, er ekki bara verið að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn.

Mér virtist hv. flm. halda því fram, að kaupstaðir stæðu enn verr í stykkinu í þessu efni en nokkurn tíma sveitirnar. Ég vil benda á, að það er ekki nema eðlilegt. Þetta á hv. flm. að vita allra manna best, að kaupstaðirnir hljóta fyrst að hætta að borga þetta gjald, því að sérstök hreppsfélög, sem kaupstaðirnir hafa framfært fátæklingana fyrir, borga ekki fátækraframfærsluna. T. d. framfærir Neskaupstaður að hálfu leyti einn þurfaling fyrir hrepp í Árnessýslu, sem hefir neitað að leggja með honum, og þetta kostar kaupstaðinn eins mikið og allt berklavarnargjald kaupstaðarins er, og þegar mörg svona tilfelli eru í kaupstöðunum, þá er sýnt, að þeir hætta að borga, og þeir hætta fyrst að borga það, sem þeir eiga að greiða ríkissjóði, af því að það verður fremur gengið að eignum sveitarfélaga, ef önnur þau gjöld, sem á þeim hvíla, eru ekki greidd.

Ég hefi þess vegna jafnvel búizt við að koma fram við 2. umr. málsins með till. um að nema þetta gjald alveg burt, en ég er ekki búinn að tala um það við mína flokksbræður, svo að ég viti, hvort þeir vildu standa að þessu með mér, en ég hefi fulla einurð á og löngun til að bera þetta fram og vænti, að hv. þm. V.-Sk. verði því fylgjandi.

**Sigurður Einarsson** [óyfirl.]: Mig langar til í sambandi við þetta mál að víkja að því nokkrum orðum. — Það eru í raun og veru fáar upphæðir, sem manni verður starsýnna á í fjárlagafrv. og LR. heldur en berklavarnakostnaðinn. Ég geri ráð fyrir, að þótt þetta mál beri nú að sem fjárhagsmál, þá sé það engu síður heilbrigðis- og menningarmál. Ég býst við, að því verði ekki mótmælt með gildum rökum, að sveitar- og bæjarfélög eigi mjög erfitt með að inna þetta gjald af höndum, sem þeim er á herðar lagt með þessum l., og það er í raun og veru þýðingarlaust að reikna ár eftir ár með tekjum, sem er ekki unnt að fá inn. En ég vil, af því að ég er viss um, að þetta mál á eftir að verða athugað vel af þar til heyrandi n., vekja athygli hennar á einu atriði nú við þessa umr.

Það er alvarlegur hlutur og athugunarverður að byggja lausn þessa máls á því, að kasta þessum gjöldum á herðar hins opinbera, sem þegar stendur undir óhemju gjöldum árlega, án þess að spyrja sjálfan sig að því um leið, hvort við séum ekki að sofna á verðinum í þessu berklavarnamáli. Ég skal í þessu sambandi láta það í ljós sem mína skoðun, að ég tel, að upp á síðkastið hafi í raun og veru lítið verið gert í þessu máli annað en að greiða af höndum sívaxandi gjöld í þessu skyni. Nú er berklavarnakostnaðurinn orðinn það stór útgjaldaliður, að menn horfa á og íhuga það, sem minna er.

Hér á landi eru ekki enn sem komið er, hvorki í sambandi við heilbrigðisstj. né fræðslumálastjórnina né neinn annan aðila, sem líklegur væri til þess að takast á hendur forustu þessara mála, gerðar neinar ráðstafanir svipaðar því, sem hafa verið gerðar með ýmsum öðrum þjóðum til þess að einhverntíma mætti sá dagur renna upp, að þessi kostnaður mætti fyrst og fremst fara til þess að reyna að komast fyrir þennan sjúkdóm.

Í Finnlandi er félagsskapur, sem er kenndur við Mannerheim hershöfðingja og var stofnaður af honum, en er nú opinber stofnun. Það er barnavernd Mannerheim. Þessi félagsskapur hefir undirdeildir í hverri sveit landsins, — þar eru líka fámennar sveitir eins og hér, — og vinna þær að því eftir skipulögðu plani, að gæta og

vernda heilbrigði ungmennanna í landinu, og þessi félagsskapur General Mannerheim hefir í samráði við heilbrigðisstjórnina og þar til hæfa sérfræðinga gefið út fyrirmæli og leiðbeiningar í þessum efnum almenningi til handa. Það munu vera 10 ár síðan þessi félagsskapur tók til starfa, og skýrslur frá þessum 10 árum sýna, að berklar þar í landi hafa farið þverrandi. Þessi sigur yfir berklunum er að þakka meiri fræðslu, skynsamlegra matarhæfi, skynsamlegri meðferð barna, betri klæðaburði og ýmsu öðru.

Fyrst þetta mál kemur til kasta þessarar d., vil ég skjóta því til allshn., hvort ekki mætti í sambandi við þetta athuga, hvort ekki mætti gera eitthvað í þessa átt hér á landi, því að í raun og veru hryllir okkur við, þegar þessar greiðslur eru komnar á 2. millj., en hingað til hefir berklavarnakostnaðurinn þó oftast verið fyrir neðan 1 millj. Skal ég í þessu sambandi taka eitt fram. Mér er það í barnsminni, þegar mjög ýtarlegum bæklingi eftir Sigurð Magnússon var dreift út um allar sveitir landsins. Ég veit það af viðtali við marga, að það varð stórkostlegur árangur af þessu. Fólkið hrökk upp og fór að gæta sín betur og fór að hugleiða, hvílíkur háski því var búinn, ef ekki var fylgt nauðsynlegum reglum. Þannig varð mikið gagn af þessari fræðslu. Ég á ekki við, að verið sé að gefa út slík rit árlega, en það er ekki rétt haldið á málinu, ef ekki er alltaf gert eitthvað til að herja inn á þennan ískyggilega óvin.

Ég vil svo ekki tefja tíma d. með fleiri orðum um þetta, en ég skal hvenær sem er með mestu ánægju láta n. í té þær skýrslur, sem ég hefi í höndum frá þessum félagsskap Mannerheim hershöfðingja. Þar bendir ótvírætt til staðreynda, hvað hefir unnizt með skipulagsbundnum félagssamtökum, á kostnað hins opinbera að nokkru leyti, en sjálfviljugum framlögum annarsvegar. Ég þekki ekki til svona fyrirkomulags annarsstaðar en í Finnlandi, en geri ráð fyrir, að víðar sé um slíka starfsemi að ræða.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Ég ætla, af því að hæstv. fjmrh. er ekki við, að segja nokkur orð, sem mér datt í hug, að gæti orðið fyrir hans hönd um þetta mál. Það liggur næst, virðist mér, ef Neskaupstaður og Hafnarfjörður geta ekki staðið undir þessum gjöldum, að hækka tekjuskatt á íbúum þessara kaupstaða, til þess að ná þannig þessu gjaldi í ríkissjóð. Mér skilst, að það sé það happaráð, sem hæstv. stj. tekur í öllum þessum málum, að hækka skatta í ríkissjóð, hvað sem líður gjaldgetu manna í einstökum sveitar- og bæjarfélögum.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. fer fram á, að ríkissjóður greiði helming af því tillagi, sem sýslum og bæjarfélögum hefir verið ætlað að greiða til berklavarna, og nemur þetta 114000 kr., eins og hv. 1. flm. tók fram. Við þessu er auðvitað það sama að segja og öðrum byrðum, sem bætt er á það opinbera, að það er vitanlega takmarkað, sem hægt er að bæta á ríkissjóð, en sé samþ. að leggja á hann eitthvert gjald, þá verður um leið að sjá svo fyrir, að hægt sé að greiða það.

Nú stendur svo á, að sveitar- og bæjarfélög eru yfirleitt í miklum vandræðum með að standa í skilum með margskonar gjöld, ekki aðeins þessi, heldur og mörg önnur. Það verður því að athuga vel, hversu skipa skuli tekjustofnum sveitar- og bæjarfélaga, eins og talað hefir verið um hér á þingi. Þess vegna er aðkallandi að taka þessi mál til athugunar í heild, hvaða tekjustofna er hægt að ætla sveitar- og bæjarfélögum og hversu mikið mætti ætla, að þau gætu fengið af þeim tekjustofnum, athuga síðan í heild öll útgjöld sveitar- og bæjarfélaga, og þá verður að áætla, hvort þau geti staðið undir öllum sínum útgjöldum, og ef það er ekki, þá verður að fella niður eða færa yfir á aðra aðila, og þá mun ekki vera um annað að ræða en ríkissjóð. Mér kæmi það ekki á óvart, þó að endirinn yrði sá, að eitthvað af þessum útgjöldum yrði að færast yfir á ríkissjóð. Ég legg ríka áherzlu á það, að jafnhliða því, sem sú aðstaða kynni að fást, yrði að hugsa sér að efla ríkissjóð til þess að hann gæti staðið undir þeim gjöldum, sem þannig færðust yfir á hann.

Ég hygg, að það yrði miklu betra að leysa þetta mál með sæmilegu samkomulagi allra, ef báðar hliðar væru teknar til athugunar í einu, en láta þessar bráðabirgðatill. bíða, þangað til þær yrðu teknar til athugunar í sambandi við slíka heildarrannsókn og niðurstaða þeirrar rannsóknar lögð fram svo fljótt sem hægt væri.

Ég er því samþykkur, að þessu frv. sé vísað til allshn., en ég legg til, að slíkar till., sem snerta þannig útgjöld eða tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga, séu látnar bíða með það fyrir augum, að þessi mál verði tekin til heildarathugunar og lokið svo fljótt sem tök reynast á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 21. Þjóðjarðasala og kirkjujarða.

Á 23. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um afnám l. nr. 31 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og l. nr. 50 16. okt. 1907, um sölu kirkjujarða** (þmfrv., A. 243).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Héðinn Valdimarsson)**: Það eru enn í gildi lög frá 1905 og 1907 um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, þó að þau séu lítið notuð nú í seinni tíð. Það mun vera orðin almenn skoðun, a. m. k. Alþfl.manna og margra bænda, að þjóðjarðasalan hafi orðið að litlu gagni, nema fyrir fyrsta

kaupanda jarðanna, en til mikils tjóns fyrir bændastéttina sem heild. Nú munu vera eftir 800—900 þjóð- og kirkjujarðir í landinu, en búið er að selja töluvert meira.

Frv. þetta fer fram á að fella hvortveggja þessi lög úr gildi, svo ekki sé hægt að selja þær jarðir, sem eftir eru í eign hins opinbera, nema með sérstakri lagaheimild.

Ég vildi mega vænta þess, að ekki yrðu miklar umr. um mál þetta nú við 1. umr., og óska svo, að frv. verði vísað til landbn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:7 atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 34., 35., 36., 37., 41., 42., 43., 44., 45., 46., 47. og 48. fundi í Nd., 12., 13., 14., 15., 20., 21., 22., 23., 24., 27., 28. og 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 365 og 374).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 22. Atvinna við siglingar.

Á 24. fundi í Nd., 31. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar** (þmfrv., A. 263).

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

---

Á 33. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 263, n. 343).

**Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Sjútvn. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með lítilsháttar breytingu. Einn nm. hefir þó skrifað undir nál. með fyrirvara. En frv. fer fram á, að með vissum skilyrðum megi veita mönnum undanþágu til þess að stjórna stærri skipum en skírteini þeirra hljóðar upp á. Á fund n. komu menn frá Skipstjórafélagi Íslands og notuðu tækifærið til að benda n. á það, að ástæða væri til að taka þessi mál til endurskoðunar. Þeir bentu á, að það væri ákaflega mikið ósamræmi í því, með hvaða skilyrðum menn fá að ganga inn í sjómannaskólann, hvað snerti siglingatímann. Þó að menn hafi lengi siglt litlu skipi, þá geta menn ekki komið inn í skólann til þess að stækka próf sitt. Þetta þarf að taka til endurskoðunar. N. getur ekki fallizt á, að hætt sé við að veita þessa undanþágu á meðan á endurskoðuninni stendur. Undanþágan er bundin við ströng skilyrði, því sá, sem fær hana, á að hafa verið skipstjóri í 60 mánuði, og skipi hans á ekki að hafa hlekkzt á undir skipstjórn hans. N. breytti þessu orðalagi þannig, að honum hafi ekki orðið á. Það er vitanlegt, að skipi getur hlekkzt á án þess að það sé skipstjóra að kenna. N. viðurkennir, að endurskoðun þessara l. er nauðsynleg, en mælir með því, að þessi undanþága verði heimiluð með l. þangað til endurskoðunin fer fram.

**Páll Þorbjörnsson:** Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, því mér þótti varhugavert að ganga inn á þessa braut, nema ströng skilyrði séu sett. Ég viðurkenni nauðsynina á því að endurskoða löggjöfina um atvinnu við siglingar. En þegar henni var breytt þannig, að smáskipaprófið heimilar skipstjórn á 60 tonna skipi í stað 30, þá er farið í skakka átt. Það er öllum kunnugt, sem kynnt hafa sér þessi mál, að þekking þeirra manna, sem hafa smáskipapróf, er mjög takmörkuð. En eftir því sem skipið stækkar, verður starf skipstjóra vandasamara og fjölþættara að ýmsu leyti. Ég verð að segja það, án þess það þurfi að skoðast sem meiðandi fyrir nokkurn, að mikill hluti þeirra manna, sem fengizt hafa við þessi störf, er ekki fær um að taka stærri skip. Þeir hafa fengið lélega undirbúningsmenntun og eru af þeim sökum ekki starfinu vaxnir.

Ég ætla ekki að verða langorður nú, en hefi hugsað mér að bera fram brtt. við frv. við 3. umr., sem ég er að vinna að með mönnum utan þings. Ég skal viðurkenna, að í einstaka tilfellum er ástæða til að veita undanþágu. — Ég veit t. d., að það er sérstakt tilfelli, sem vakir fyrir öðrum flm. þessa frv. Það er maður, sem kemur til með að stýra bát hér á ferðum um Faxafló.

Eins og frv. er nú, verður ráðh. gefið óbundið vald til að veita undanþágu um skipstjórn á skipum allt að 250 smál. Skilyrðin eru aðeins þau, að hann hafi verið skipstjóri í 5 ár og skipinu ekki hlekkzt á undir hans stjórn. N. hefir orðið sammála um orðabreyt. á þessu, því skipsstrand er engin sönnun fyrir því, að það sé skipstjóra að kenna, en það er allt annað að verða eitthvað á við skipstjórn, og er því eðlilegra að orða það svo. Sjútvn. ber fram brtt., sem að mínum dómi takmarkar ekki nægilega, hvað langt má ganga í veitingu undanþága.

ATKVGR.

Brtt. 343 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

---

Á 35. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 397, 401, 410).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 410. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

**Páll Þorbjörnsson:** Ég gat um það við 2. umr. þessa máls, að ég mundi bera fram brtt. við þetta frv., og það er sú brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 410. Þessi brtt. felur það í sér að takmarka, að það geti gengið allt of langt, að mönnum, sem hafa svokallað smáskipapróf, séu veitt rétt-

indi til að stjórna skipi upp að 150 smálestum. Það mun öllum ljóst, að þeir, sem hafa tekið smáskipapróf, eru ekki allir jafnvel til þess hæfir að fá þau auknu réttindi, sem hér er farið fram á. Ég vil í tilefni af þessu benda á, að það getur staðið svo á, að maður á einhvern hátt slysist í gegnum þetta próf og sé svo formaður í 5 ár, eins og gert er að skilyrði, á bát 13 til 14 tonna, sem eingöngu er í ferðum innfjarða. Ef þessi maður yrði svo efnalega stæður, að hann gæti náð í skip, sem væri 150 smálestir, þá gæti hann, eins og frv. liggur fyrir, hindrunarlaust fengið þessi réttindi. Nú sjá allir, að það er fyrst og fremst reynslan af starfinu, sem verður að vera grundvöllurinn undir því, hvort veita eigi undanþágu. Í brtt. minni er gert að skilyrði, að viðkomandi maður hafi meðmæli frá forstöðumanni stýrimannaskólans, formanni Stýrimannafél. Íslands og hlutaðeigandi skráningarstjóra. Það, sem vakir fyrir mér með að þessir menn séu tilnefndir til þess að skera úr um þetta, er það, að það séu menn, sem hlutdrægnislaust og af þekkingu geti dæmt um, hvort þessi viðkomandi maður eigi að fá aukin réttindi. Ég leitaðist við að velja þá menn, sem mesta hafa þekkinguna til að dæma um það og geta fengið upplýsingar um, hvernig viðkomandi maður hafi reynzt í starfinu, og hinsvegar menn, sem ekki eru líklegir til vegna sérhagsmuna sinna að hafa ástæðu til að berjast á móti þessu principsins vegna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vil geta þess, að ég mun bera fram þáltill., sem fer í þá átt, að fyrir næsta þing verði endurskoðuð lögin um atvinnu við siglingar, svo það fáist bótn í þessu máli, og að framvegis þurfi ekki að ganga inn á þá braut að fá sérstaka undanþágu fyrir menn.

**Pétur Ottesen** [óyfirl.]: Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 3. landsk., flm. þessarar brtt., að ef þetta frv. verður samþ. eins og það nú er, þá opni það skilyrðislaust leið fyrir menn til þess að geta fengið þessi auknu réttindi. Því að það, sem farið er fram á, er einungis það, að stj. er heimilað undir sérstökum kringumstæðum að veita þessi auknu réttindi. Ég geng þess ekki dulinn, að stj. mun leita fyrir sér um það hjá ýmsum aðilum, sem þekkingu hafa í þessu efni. Það þarf ekki að setja neitt um það í frv. Stj. mun leita upplýsinga um þá menn, sem fara fram á þessi auknu réttindi, og svo mun hún vitanlega kveða upp sinn dóm um það, hvort þessi réttindi skuli veitt, þegar hún hefir aflað sér nauðsynlegra upplýsinga í þessu efni. Ég held því af þessari ástæðu, að óþarfi sé að setja inn í frv. þau ákvæði, sem hv. flm. brtt. á þskj. 410 gerir ráð fyrir að gert verði samkv. henni, af því að stj. hefir í hendi sinni að afla þeirra upplýsinga, sem þar er gert ráð fyrir að hún öðlist við veitingu slíkrar undanþágu.

Hinsvegar álít ég varhugavert að binda þetta undantekningarlaust þeim skilyrðum, að allir þessir 3 aðilar skuli þurfa að veita sín meðmæli til þess að þetta skuli veitt. Það er vitanlegt, að það er mjög mikil andstaða gegn því hjá fagfélögum — ég á hér við skipstjórafélögin —, að þeir, sem ekki hafa fyllstu réttindi — þ. e. a. s. meiraróf —, fái nokkur aukin réttindi til þess að sigla skipum hér við land. Og það byggist á því, að sá félagsskapur heldur svo fast utan um þá aðstöðu, sem þessir meiraprófsmenn hafa skapað sér, að það getur ekki komið fyrir undir neinum kringumstæðum, að þrautreyndir siglingamenn geti fengið að taka að sér það hlutverk, sem hinir fengu réttindi til með sínu skipstjóraprófi. Það er í rauninni ekki að gera ráð fyrir því, að Skipstjórafélagið verði neinn aðili í þessu máli, heldur er það Stýrimannafélagið. Ég þekki ekki eins vel af reynslu aðstöðu þeirra manna í þessu efni eins og skipstjóranna, en það er vitanlegt, að af völdum þessa skipstjórafélags var á þinginu 1925 felld till., sem fyrir lá um að veita stj. heimild til þess að veita undanþágu frá þessum lögum. Reynslan hefir alltaf sýnt, að það er ómögulegt að una við þessa löggjöf eins og hún er, og það er ósanngjarnt að mega ekki víkja frá henni, og það er hægt að gera án þess að skerða öryggið á sjónum nokkurn hlut.

Ég vildi þess vegna heyra undirtektir hv. flm. þessarar till., sem ég veit, að sér það eins vel og við, sem að þessu frv. stöndum, að það er ómögulegt eða erfitt að búa við þessa löggjöf eins og hún nú er, en engin frávikningarheimild hefir verið til um það, hvort stj. sé þetta innan handar, og megi ganga út frá því sem vísu, að hún afli sér þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru, án þess að nokkuð sé tekið fram um það í frv., því að það er engan veginn meining okkar flm. frv., að gengið sé svo langt í þessu, að það verði algild regla, að þessir menn fái almennt réttindi á því sviði, sem meiraprófsmenn hafa nú, heldur aðeins, að í undantekningartilfellum verði slík undanþága veitt.

Það er, að ég ætla, önnur brtt. við þetta frv. frá hv. 8. landsk. Hún snertir mótornámskeið, en ekki efni þessa frv. eins og það er, — að það skuli tekið upp í lögin frá 1925, að mótornámskeið skuli einnig haldið á Siglufirði, eins og ákveðið er í lögunum, að skuli gert í nokkrum öðrum kaupstöðum á landinu. Sú brtt. liggur fyrir utan efni þessa frv. og raskar ekki því, hvort það verður samþ. eða ekki.

**Páll Þorbjörnsson:** Ég skal fúslega játa það, að þessi löggjöf eins og hún er þarfnast endurskoðunar og breytinga, og skal sérstaklega í því efni bent á, að það er gat á löggjöfinni, að það eru einstaka sjávarpláss hér á landi, og sum þau stærstu, þar sem sjómenn, er þar alast upp, eru alveg útilokaðir frá því að öðlast réttindi til að komast í stýrimannaskóla Íslands nema að leita út fyrir sína verstöð eftir skiprúmi til að ná í siglingatímann. Ég vil í þessu sambandi t. d. nefna Vestmannaeyjar, að þær hafa ekki til þessa tíma átt fiskiskip, sem eru það stór, að menn geti öðlazt siglingatíma á þeim, svo þeir fái inntöku í stýrimannaskólann. Þessi sérstaka aðstaða mælir nokkuð með því, meðan löggjöfin er svona úr garði gerð, að hægt sé að víkja nokkuð frá henni.

En gagnvart því, sem hv. þm. Borgf. sagði, að það væru líkur til þess, að viðkomandi ráðh. leitaði upplýsinga um hvern einstakan, áður en undanþágan væri gefin, þá vil ég benda á, að

það er hvergi tekið fram í frv. eins og það nú liggur fyrir, að ráðh. eigi að gera það. En við skulum samt gera ráð fyrir, að hann geri það. Þá býst ég við, að hann leiti fyrst og fremst til forstöðumanns stýrimannaskólans. Í öðru lagi finnst mér ekki ólíklegt, að hann mundi senda umsóknirnar til umsagnar fagfélagi, stýrimanna- og skipstjórafélaginu Aldan. Nú hefir hv. þm. Borgf. tekið fram, að þetta félag mundi standa á móti öllum tilhliðrunum í þessu efni, og býst ég við, að það hafi við nokkur rök að styðjast hjá honum. En aftur á móti, ef gert er ráð fyrir, að einn aðilinn, sem leitað sé umsagnar til, sé formaður Stýrimannafél. Íslands, þess félags, sem er fagfélag þeirra manna, sem hafa tekið svonefnt meirapróf við stýrimannaskólann, þá má ganga út frá því, að þeir, sem í því félagi eru, muni í öllum tilfellum ekki hugsa til þess að vera hvorki skipstjórar eða stýrimenn á fiskiskipum undir 150 tonn, heldur munu þeir ætla sér að vera á fragtskipum.

Þess vegna gerði ég það að till. minni, að formaður Stýrimannafél. Íslands ætti að veita meðmæli, því að það hlýtur að vera maður, sem hefir tækifæri til þess að skera úr um, hvort rétt er að veita undanþágu, en ekki hefir tilhneigingu til þess að setja fyrir það fót vegna hagsmuna sinna félagsmanna.

Gagnvart brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. 8. landsk., get ég sagt það, að ég hefi ekkert við hana að athuga. Mér finnst það ekki nema eðlilegt, að Siglufjörður fái sömu aðstöðu og önnur sambærileg sjávarpláss, og sérstaklega með tilliti til þess, að mér er kunnugt um, að þar eru skilyrði til þess, að sjómannaefni geti fengið þá kennslu, sem hægt er að veita á einum stað, og þá er sjálfsagt, að próf geti einnig farið þar fram.

**Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Það má ekki skilja till. sjútvn. svo, að hún áliti, að þeir, sem ekki hafa réttindi, fái almennt undanþágu. En það er vitað, að það getur komið fyrir og hefir komið fyrir, að menn, sem hafa stýrt skipi á ákveðinni siglingaleið — t. d. flóabát —, sem þeir höfðu réttindi til að stýra, geti misst réttindi til að stýra því skipi, sem hefir þessar ferðir, aðeins fyrir það, að það kemur stærri bátur í notkun á þeirri leið, þó að þeir séu manna hæfastir til þess að stjórna ferðum á þessum slóðum.

Í frv. eru sett rík skilyrði fyrir því, að þessir menn geti öðlazt slíka undanþágu, en það getur vel verið, að þessi maður verði algerlega frá því ráðinn að geta haldið áfram atvinnu sinni, einmitt af þeirri ástæðu, sem hv. 3. landsk. tók fram. Og þó hann hefði siglt alla æfi, frá því hann var unglingur, þá getur vel hafa hagað svo til, að hann hafi aldrei siglt á því skipi, sem mundi veita honum réttindi til þess að komast í stýrimannaskólann til að ná þessu prófi. Ég held því, að þessi brtt. frá hv. 3. landsk. sé sama sem að vísa frv. frá, því að ég verð að segja, að ég geri mér ekki minnstu vonir um, að þessi meðmæli fengjust nokkurntíma. Er ég því á móti því, að brtt. þessi verði samþ.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég hefi komið fram með brtt. við þetta frv. eftir beiðni skipstjórafélagsins á Siglufirði, og hefir henni verið tekið vel. Sú brtt. gengur út á það, að í 7. gr. l. frá 1922, þar sem upptalið er, hvað þarf að kunna til þess að standast smáskipapróf — og þeim lögum var breytt 1925, og þetta próf er ekki hægt að taka nema í Reykjavík, Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði —, að við hana verði bætt, að þetta próf sé einnig hægt að taka á Siglufirði.

Eins og hv. 3. landsk. tók fram, þá eru skilyrði fyrir því, að hægt sé að hafa þetta próf á Siglufirði, og virðist því ekki ástæða til að útiloka þennan kaupstað frá þessum réttindum. En af því að fyrirmæli þeirra l. voru ekki tekin upp í frv., þá hefi ég borið fram brtt. við fyrirsögn frv., að henni verði breytt í samræmi við þetta.

Viðvíkjandi brtt. hv. 3. landsk. verð ég að segja, að mér finnst ekki óeðlilegt, að það séu settar nokkrar skorður gegn því, að menn geti á eins auðveldan hátt og gert er ráð fyrir í frv. öðlazt aukin réttindi. Þeir, sem hafa sérþekkingu í einhverri grein, eins og skipstjórar hafa, eiga að fá einhverja vernd löggjafans gegn því, að menn geti, án verðleika á ýmsum sviðum, fengið sömu réttindi án þess að hafa orðið að kosta sig til náms, eins og þeir hafa orðið að gera, og vinna sig upp í þá stöðu. Það getur verið matsatriði, hver skilyrðin eiga að vera, hvort forstöðumaður stýrimannaskólans, formaður Stýrimannfél. Íslands og hlutaðeigandi skráningarstjóri eiga allir að gefa sín meðmæli, eða sumir, en mér finnst samt eiga að setja nokkur skilyrði fyrir þessu, og með því að ekki er komin önnur till., sem setur skilyrðin vægari, mun ég greiða þessari till. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 401,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 410 samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PZ, PÞ, SigfJ, SE, StJSt, ÁÁ, BJ, EmJ, EystJ, GÞ, GG, HV, JakM, JJós, JÓl, JörB.

**nei:** PHalld, PO, SK, TT, ÞorbÞ, BB, FJ, GÍ, HannJ, JónP, JS, JG, MT.

GSv, GTh greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (ÓTh, BÁ) fjarstaddir.

Brtt. 401,3 samþ. án atkvgr.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, og l. nr. 49 27. júní 1925, um breyt. á þeim l.**

---

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 433).

Á 40. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv. og til sjútvn. með 9:1 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 23. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. JJós o. fl.).

Á 25. fundi í Nd., 1. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands** (þmfrv., A. 281).

Á 27., 28., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35., 36. og 37. fundi í Nd., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 12., 13., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jóhann Jósefsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. er annað þeirra aðalmála, sem milliþn. í sjávarútvegsmálum hefir starfað að og afhenti á sínum tíma til ríkisstj. Á þingunum 1928, 1929 og 1930 fluttu sjálfstæðismenn í þessari d. hvað eftir annað frv. til l. um endurbætur og eflingu Fiskveiðasjóðsins. En hann er upphaflega stofnaður 1905, og breytt síðan með l. frá 1907. Þessi frv. fengu enga áheyrn hjá meiri hl. þings, en þau urðu þó til þess, að meiri hl., þ. e. a. s. Framsfl., kom fram með frv. til eflingar sjóðnum. En um leið og það var gert, var hækkað útflutningsgjald af sjávarafurðum um ⅛%. Þetta frv., sem flutt var 1930, var knúð fram vegna þeirra umr., sem um málið höfðu orðið á undanförnum þingum, og auðséð, að sjóðurinn gat ekki neitt til líka leyst af hendi sitt ætlunarverk nema með því móti, að hann væri efldur. Með þessu frv. var svo lagt til og samþ., að sjóðurinn skyldi aukinn með þrennu móti. Það sérstaka útflutningsgjald, sem ég áðan gat um, ⅛%, skyldi renna í þennan sjóð. Ennfremur skyldi ríkissjóður leggja fram 1 millj. kr. honum til eflingar, og í þriðja lagi var sjóðnum heimilað að gefa út vaxtabréf með ríkisábyrgð fyrir allt að 1½ millj. kr. Enn sem komið er hefir ríkissjóður ekki greitt af höndum neitt af sínu framlagi til sjóðsins. Fiskveiðasjóðsgjaldið hefir auðvitað runnið í sjóðinn, en í stað þess að gefa út vaxtabréf, var útvegað lán til sjóðsins að upphæð 1 millj. og 250 þús. kr. hjá Landmandsbanken í Kaupmannahöfn. Þannig hefir þetta verið af hendi leyst fram að þessu. Nú er nauðsynlegt, að séð verði fyrir framhaldandi stofnlánum til sjávarútvegsins. Mþn. leit svo á, að það væri heppilegast, að ein stofnun hefði þessar lánveitingar með höndum, og sýnist þá bezt henta að gera Fiskveiðasjóðinn færan um að annast það, en án eflingar getur sjóðurinn ekki staðið undir því. En nú er það svo, að margt af því, sem nauðsynlegt er að gera fyrir sjávarútveginn, er ekki heimilað samkv. þeim l., er nú eru í gildi um þessi efni, þrátt fyrir breyt. árið 1930, sem var til stórra bóta. T. d. er ekki heimilt samkv. núgildandi l. að veita styrk til verkunarstöðva eða fiskihúsa. Er það þó engu síður nauðsynlegt en að styrkja frystihús og fleira, sem sjóðnum er leyfilegt að veita styrk til. — Í þeim till., sem hér liggja fyrir og mþn. hefir undirbúið, er gert ráð fyrir því að koma sjóðnum í betra horf en verið hefir, og þá á þann hátt, að auka stofnféð með því að ríkissjóður leggi sjóðnum til þá 1 millj. króna, sem honum bar skylda til samkv. l. frá 1930. En vegna þess að ríkissjóður hefir þetta fé ekki handbært, þá leggjum við til, að ríkissjóður taki að sér þá skuld, sem lánið frá Landmandsbanken hefir bakað Fiskveiðasjóði, og greiði vexti og afborganir af þessari skuld, og sé þessi 1 millj. þannig fram lögð. Ennfremur er það lagt til, að ríkissjóður leggi Fiskveiðasjóði árlega til jafnmikið eins og fiskveiðasjóðsgjaldið nemur, m. ö. o. að útvegsmenn haldi áfram að efla sjóðinn með þessu aukagjaldi, ⅛%, en jafnhá upphæð sé lögð á móti úr ríkissjóði. Þá er og lagt til, að þegar út sé runninn sá tími, sem útflutningsgjaldið af sjávarafurðum rennur í skuldaskilasjóð útgerðarmanna — en það höfum við lagt til, að gert yrði í sambandi við annað mál, sem við flytjum í þessari hv. d. —, þá renni útflutningsgjaldið í Fiskveiðasjóð um næstu 10 ára bil, og þetta kæmi því fyrst til framkvæmda þegar þetta gjald hefir runnið í skuldaskilasjóð næstu 6 árin. Hér er, eins og berlega kom fram í umr. um skuldaskilasjóð, um stefnubreyt. að ræða, er snertir hvorttveggja, að byggja upp fiskiflotann og létta skuldabyrðar útvegsmanna. Það er vitað, að sé ekki í tíma séð fyrir því, að fyrir hendi sé fé til þess að byggja upp flotann, þá verður þess ekki langt að bíða, að Íslendingar standi uppi svo að segja skipalausir. Hvað hin stærri skip snertir, þá er íslenzki togaraflotinn orðinn algerlega úreltur, miðað við togaraflota annara þjóða. Hjá nágrannaþjóðunum eru byggð mörg skip á ári með margfalt meira vélaafli og betur útbúin að öllum nýtízku tækjum en hin beztu skip hins íslenzka flota. Það er sýnt, að eins og afkoma togaraflotans hefir verið undanfarin ár, er ekki líklegt, að nokkur maður fáist til þess að leggja t. d. sparifé sitt í kaup á togurum, eins og gert var á góðu árunum. Meðalaldur íslenzku togaranna er talinn, eftir þeim upplýsingum, sem mþn. gat aflað sér, um 14½ ár, en þó tekur út yfir með linuveiðarana, sem flestir eru um 30 ára gamlir. Ef við Íslendingar eigum ekki að horfa upp á það eftir nokkur ár, að standa skipalausir, þá verður með skynsamlegum ráðum að sjá til þess, að einhver stofnun sé til í landinu, sem getur lánað fé til endurnýjunar skipaflotanum. Ég hefi hér aðallega talað um togaraflotann, en hið sama á sér stað um bátaflotann. Undanfarið hefir það mest tíðkazt, að menn hafa fengið ríkisábyrgð til þess að kaupa báta, t. d. samvinnufélög víðsvegar um landið. En hitt er og sýnilegt, að ríkið getur ekki til lengdar tekizt á hendur þessar ábyrgðir. Það er miklu óheppilegra, að ríkissjóði sé á hverju einasta þingi flækt inn í þessar smáábyrgðir, svo að hundruðum þúsunda skiptir til samans, heldur en að Fiskveiðasjóðurinn, sem er sú stofnun, sem lán á að veita í þessu skyni, sé gerður fær um að sinna sínu hlutverki á þann hátt, sem fullsómasamlegt er fyrir lánsstofnun. Það er vegna þessa,

að með frv. er lagt til, að gerð sé sú stefnubreyt., að sjávarútvegurinn fái leyfi löggjafarvaldsins til þess að byggja sig sjálfur upp, fyrir eigið fé, skattinn, sem lagður er á sjávarafurðirnar og kallaður útflutningsgjald. Sá skattur er ekki nema lítið brot af þeim gjöldum til hins opinbera, sem goldin eru af þessum atvinnurekstri.

Ég sé, að hér er komið fram frv. frá framsóknarmönnum, snertandi Fiskveiðasjóðinn. Og þar er lagt til að efla sjóðinn á annan veg en mþn. hefir lagt til, nefnil. með útgáfu handhafavaxtabréfa. Þetta, að gefa út slík vaxtabréf sjóðnum til styrktar, er sama leiðin, sem þessi sami flokkur benti á og bar fram í frv.-formi og fékk samþ. á Alþ. 1930, án þess þó, að til þessa hafi verið gripið. Sjóðnum er ekki með þessu tryggð nein ákveðin fjárhæð, því að þótt nefndir séu nokkrir sjóðir, sem megi kaupa bréfin, þá er svo fyrir mælt í frv., að fjmrh. skuli ákveða, hve mikið skuli keypt af þessum bréfum. Um þá fjáröflun er því allt í óvissu samkv. þessu frv. framsóknarmanna.

Um einstakar breyt. á þessum l. frá mþn. skal ég vera fáorður. Við leggjum til, að vextirnir verði lækkaðir. Við leggjum til, að meiri fjárhæðir séu lánaðar út á skipin, þegar fasteignaveð fylgir, og við leggjum til, eins og áður er tekið fram, að fjölga þeim iðnfyrirtækjum, sem sjóðurinn megi lána til. Með því að samþ. þá breyt. eins og mþn. hefir undirbúið hana, þá er það áreiðanlega til mikils hagræðis fyrir bátaútgerðarmenn og skipaútgerðarmenn í heild.

Hvað flutning þessa máls snertir, þá skal ég drepa á það, að þetta frv. fylgdist að með frv. um Skuldaskilasjóð útgerðarmanna, sem afhent var til ríkisstj. 10. okt. og lá þar í þrjár vikur, og sem síðan var farið fram á við sjútvn., að hún flytti, en samkomulag náðist ekki um, og þess vegna er frv. flutt af þeim mönnum úr Sjálfstfl. í þessari hv. d., sem sérstaklega eru við sjávarútvegsmál riðnir.

Ég veit, að tíminn er naumur hér nú, og það mun ekki þykja rétt að lengja mál sitt mjög, enda ekki þörf hvað þetta snertir, því að sú grg., sem frv. fylgir, ásamt því, sem nál. mþn. hefir inni að halda um hag sjávarútvegsmanna í heild sinni, er fyllilega nægilegt til þess að mæla fyrir réttmæti þess, að þetta mál er flutt. Það er auðvitað sjálfsagt, að málið fari til aðgerðar sjútvn., og ég geri einnig ráð fyrir, að frv. framsóknarmanna fari þangað, og vona ég, að samkomulag náist um það, að efla Fiskveiðasjóðinn, svo að hann geti betur fullnægt sínu hlutverki en hann hefir verið fær um hingað til.

Ég vildi svo mælast til þess, að málinu yrði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var útbýtt nál. frá minni hl. sjútvn., á þskj. 660, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 24. Hlutabréfakaup í Útvegsbankanum.

Á 26. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um kaup á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f** (þmfrv., A. 289).

Á 28., 29., 30., 34., 35., 36., 37. og 39. fundi í Nd., 5., 6., 7., 12., 13., 14., 15. og 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Jóhann Jósefsson)** [óyfirl.]: Þetta mál, á þskj. 289, er flutt af mér og hv. 3. landsk. og hv. 2. landsk. Er það borið fram þeim til skaðabóta, sem lagt hafa fram innieign sína til að bjarga Íslandsbanka. En síðan gerðist það, að þessu fé var varið til kaupa á hlutabréfum Útvegsbankans. Þessi framlög eru svo til komin, að gengið var um á milli sparifjáreigenda og þeir fengnir til að gefa loforð um, að innieign þeirra mætti nota til viðreisnar bankanum. Yfirleitt má segja, að menn hafi brugðizt vel við þessu. En þó voru nokkrir, sem ekkert lögðu af mörkum, ýmist af því að þeir vildu það ekki, eða þá af því, að ekki náðist til þeirra á þeim skamma tíma, sem söfnunin stóð yfir. Þessu hefir síðan verið skipað svo, að ríkið hefir tekið ábyrgð á innstæðufé bankans, og er nú sýnt, að hlutur þeirra manna, sem létu helming af sparifé sínu til hlutabréfakaupa, er verri en hinna, sem ekkert létu, en hafa þó síðan fengið ríkisábyrgð á allri innieign sinni. Nú er ríkissjóður orðinn aðaleigandi bankans og á 4½ millj. kr. af hlutafénu. Þó að ætlunin væri, að sparifjár- og hlutabréfaeigendur ættu að hafa tiltöluleg áhrif á skipun bankaráðs, hefir það í reyndinni orðið svo, að þessir menn, sem eru dreifðir um allt land, hafa ekki haft nein áhrif, svo að teljandi sé, á bankastjórnina. Þeirra gætir ekki á hluthafafundi, og ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert sér far um að lofa áhrifum þessara manna að koma fram, nema síður sé. Það kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, Vestmannaeyjar, lét sérstaklega mikið af mörkum, þegar verið var að safna loforðum um hlutafé til endurreisnar Íslandsbanka, og mun þar skorta lítið á 300 þús. kr. af sparifé Vestmannaeyinga, sem þannig var sett fast í Útvegsbankanum. Nú er það vitanlegt, að hlutabréf þessi eru ekki álitin hafa almennt verðmæti. Ég hefi rekið mig á ákaflega mörg dæmi, að menn hafa reynt að selja þau eða fá út á þau lán, en ekki tekizt. Tilgangur þessa frv. er því sá, að gera þessi bréf veðhæf og að þau svari einhverjum arði. Höfum við flm. álitið rétt, að þau gæfu sama arð og sparisjóðseign. Nú er það ljóst, að eins og sakir standa muni ríkissjóður kannske eiga örðugt með að bæta á sig gjöldum. En eins og frv. gerir ráð fyrir, að þetta verði framkvæmt, ætti það ekki að verða þungur baggi eða reka sig á fjárl., sem nú verða afgr. Við höfum hagað því svo, að lögin öðlist ekki gildi fyrr en 30. júní 1935, og vaxtagreiðsla af bréfunum snertir því ekki fjárl. nú. Einnig höfum við

hagað innlausn bréfanna á þann hátt, að það komi sem léttast niður á ríkissjóð. Er gert ráð fyrir, að þau verði innleyst með jöfnum afborgunum á 30 árum, en komi þó ekki til greina fyrr en eftir 5 ár. Er þetta allt gert í því skyni, að innlausn bréfanna kæmi sem léttast niður á ríkissjóð. En þrátt fyrir það væri hlutur þeirra manna, sem bréfin eiga, mikið bættur með því að gera þau lítilsháttar arðberandi og veðhæf fyrir þá, sem sitja með þau.

Nú er það vitanlegt, að fleiri lögðu fé sitt í Útvegsbankann en sparifjáreigendur einir, og býst ég því við, að sú mótbára komi fram, að með því að samþ. þetta frv. sé verið að gefa Hambrosbankanum og Privatbankanum undir fótinn um samskonar fríðindi frá ríkinu. En því er þar til að svara, að báðir bankarnir munu nú þegar hafa ymprað á því, að ríkið tryggði að einhverju leyti eign þeirra í Útvegsbankanum. Einnig er hér annað atriði talsvert þýðingarmikið, að sparifé, sem stóð inni í bankanum, var engan veginn spekulationsfé, og hefir því allt annan siðferðislegan rétt en það fé, sem lagt hefir verið í bankann sem spekulation. Ég veit til þess að a. m. k. í einu landi Norðurálfunnar eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja sparifé manna, þegar verðhrun steðjar að. Munu margir líta svo á, að innieign sparifjár eigi skilið sérstaka vernd þess opinbera. Enda þarf ekki að fara í neinar grafgötur til að leita álits Alþ. um það atriði, því svo skammt er síðan það tók ábyrgð á sparifjáreign manna, fyrst í Landsbankanum, svo í Útvegsbankanum og að ég held einnig í Búnaðarbankanum. Sýnir þetta skýrt, að Alþ. hefir litið svo á, að sparifé ætti skilið sérstaka vernd frá löggjafarvaldinu.

Það mun einnig vera svo, að þeir, sem hér eiga hlut að máli og sparifé lofuðu á sínum tíma til endurreisnar Íslandsbanka, telja margir sig ekki vel með farna, þegar féð var lagt í Útvegsbankann, í stað þess að halda Íslandsbanka starfandi áfram, eins og til var ætlazt þegar fénu var lofað. En hér skiptir það ekki máli, því hér er aðeins um siðferðislegan rétt að ræða, en verður ekki gert að umtalsefni, hvort nokkrum sé sérstaklega um að kenna, að fólk ráðstafaði þannig fé sínu í þeirri góðu trú, að það væri að bjarga bankanum og atvinnuvegum þjóðarinnar. Ég verð því að segja, að mér finnst sanngjarnt, að það fólk, sem á vandræðatímum fyrir bankann sýndi mesta fórnfýsi og lét mest af mörkum, fái þær réttarbætur frá löggjafarvaldinu, sem hér er farið fram á, og að það eigi þær fullkomlega skilið. Ekki vegna þess, að ég viti ekki, að ríkið geti með lagakrókum skotið sér undan því, en ég tel ekki sæmandi frá siðferðislegu sjónarmiði, að ríkið geri ekki eitthvað til að rétta hlut þessara manna.

Ég hefi þá minnzt á nokkrar mótbárur, sem ég hefi orðið var við í einkasamtölum, en þó er eftir ein, sem ég býst við, að komi fram, sú, að fólkið hefði tapað fénu hvort sem var. Um það má vitanlega deila, því þar liggja fyrir nokkuð jöfn rök til að sanna og afsanna. En það, sem skiptir hér mestu máli, er það, að öll sanngirni mælir með því, að gera ekki verri aðstöðu þeirra manna, sem mesta sýndu fórnfýsi, en hinna, sem héldu að sér höndum, þegar verið var að gera ráðstafanir til að bjarga, ekki aðeins bankanum, heldur atvinnuvegi, sem átti afkomu sína undir, a. m. k. í bili, að ekki yrði öllum sundum lokað við Íslandsbanka, eða aðra stofnun, sem tæki við hans hlutverki. Þeir, sem á erfiðum tíma fórnuðu fé sínu til að hjálpa atvinnuvegi, sem þjóðarbúskapurinn hvílir mest á, eiga fyrir þá sök fullkomlega skilið, að tekið sé tillit til þess nú. — Að lokum vil ég ennfremur benda á, að þetta fé er sízt frá stóreignamönnum, því það gengur yfirleitt svo, að þeir, sem reka atvinnu í stærri stíl, eiga sjaldan fé á sparisjóði, heldur hafa það í veltunni, sem kallað er. En mjög margt af því fólki, sem á fé sitt á sparisjóði, er verkafólk, sem sparað hefir saman nokkra fjárupphæð til að búa að á elliárunum eða ef í nauðir ræki. Er það ein ástæða enn til að tryggja, að þetta fólk njóti þessara samanspöruðu aura. Ég hefi þá minnzt á þau höfuðrök, sem hníga að því, að réttmætt sé, að ríkið rétti hlut þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli. Vænti ég, að hv. d. fallist á frv. og vísi því að umr. lokinni til fjhn.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Hv. flm. hefir nú talað alllangt fyrir frv., og hans aðalástæða er sú, að sanngjarnt sé að gera þær ráðstafanir, sem frv. fer fram á. Ég er þar hv. flm. ekki sammála, og skal færa nokkrar ástæður fyrir því. Hv. flm. talaði um, að upphaflega hefði fénu verið safnað og það lagt fram til að bjarga Íslandsbanka, og því hefði því ekki verið varið eins og til var ætlazt af þeim, sem lögðu féð fram, með því að setja það í Útvegsbankann. Mér finnst, að fé hluthafa hafi nú ekki verið verr varið né eigendum óhagkvæmar með því að leggja það í Útvegsbankann. Þar var lagt fram nokkurt nýtt fé sem áhættufé, svo ég held, að sú ráðstöfun sé hluthöfum ekki lakari en sú, sem gert var ráð fyrir, þegar fénu var safnað. Þá segir hv. flm., að ekki hafi náðst til allra og sumir ekki viljað leggja neitt fram. Ég get ekki séð, þó að ekki hafi náðst til allra — e. t. v. fyrir trassaskap — eða aðrir ekki viljað binda þannig fé sitt, að það séu rök fyrir því, að ríkissjóður eigi að taka þetta allt á sitt bak. Þá vil ég benda á, að þetta fé var lagt fram af fúsum og frjálsum vilja, og er kunnugt mál, að það var allt álitið tapað hvort sem var, og þeir, sem lögðu það fram, hafa alls ekki búizt við að fá það endurgreitt. Einnig má fullyrða, að fénu hafi ekki verið verr varið með því að leggja það til Útvegsbankans, þar sem það hefir sama rétt og annað hlutafé, og hafa þeir hluthafar því sama rétt til íhlutunar um stjórn bankans og aðrir hluthafar. En gæti áhrifa þeirra lítið, er það aðeins vegna þess, að þetta fé er svo lítill hluti af öllu hlutafénu. Ég get því ekki séð, að sérstök ástæða sé til þess fyrir ríkissjóð að taka á sig þennan bagga, þegar féð var lagt fram af fúsum vilja og ekki farið verr með það en búizt var við. Þó einhverjir hafi skotið sér undan að láta nokkuð af mörkum, er það engin ástæða fyrir því, að ríkissjóður eigi að taka á sig endurgreiðslu á öllu hinu.

Þá er enn ein stórvægileg ástæða fyrir því að ganga ekki inn á þessa braut, að þeir erlendu

aðilar, sem lögðu hlutafé í bankann, munu vafalaust krefjast sömu meðferðar á sínu fé, og verður þá mjög erfitt að standa á móti því. Hér virðist hreint ekki hægt að gera hlutafénu misjafnlega hátt undir höfði, þannig að sparifé hafi meiri rétt en það, sem hv. þm. nefnir spekulationsfé. Hér verður að álíta það jafnrétthátt. Ef það er rétt, sem hv. flm. sagði, að þessir erlendu hluthafar væru nú þegar farnir að gera kröfu til, að fé þeirra í Útvegsbankanum — sem er um 1,3 millj. kr. — sé tryggt á svipaðan hátt og hér er farið fram á, eru það enn ný rök fyrir því að ganga ekki inn á þessa braut. Ég hefi að vísu ekkert á móti, að frv. fari til n., en ég legg alvarlega á móti, að það verði samþ.

**Héðinn Valdimarsson:** Ég vil eindregið taka undir þessi síðustu orð hæstv. fjmrh. Mér þykir næsta undarlegt, að hv. þm. Vestm., sem er meðflm. að frv. um skuldaskilasjóð útgerðarmanna og fann þar ekki aðra leið til að bjarga útgerðinni en taka til þess beina tekjustofna ríkissjóðs, skuli hér vilja gefa hluthöfum í Útvegsbankanum hvorki meira né minna en 2 millj. kr., sem eiga að útborgast úr ríkissjóði á 30 árum. Því enginn gengur þess dulinn, að hlutabréf Íslandsbanka eru lítils eða einskis virði. Þetta frv. sýnir því aðeins það, að hv. flm. bera meiri umhyggju fyrir þeim hluthöfum, sem hér eiga hlut að máli, en útgerðarmönnum. Nú er ekki hægt að segja, að aðrir beri ábyrgð á, að þetta hlutafé var lagt fram, en gamla Íslandsbankastjórnin og söfnunarnefnd hlutafjárins í Útvegsbankann, sem grundvallaði starfsemi sína á röngum skýrslum eftirlitsmanns banka og 2. þm. Rang. um, að bankinn ætti fyrir skuldum. Þá mun ekki hægt að neita, að fleiri kröfur hliðstæðar hafa verið orðaðar, bæði af Hambrosbanka og Privatbankanum, og telja þeir sig hafa fengið vilyrði frá sendiherra um, að hlutafé þeirra yrði leyst út á þennan hátt af ríkissjóði, en því hefir verið neitað með öllu af ríkisstj. fyrr og síðar. Þó þetta fé sé undanskilið í frv., er mjög slæm aðstaða að láta ekki það sama yfir alla ganga, því hér er mjög lítill munur á, nema að sumir hluthafarnir eru innlendir en aðrir erlendir, og svipað gildir fyrir póstfé dönsku stjórnarinnar, sem gert var að tryggingarfé fyrir Útvegsbankann. Ekki sízt þegar ekki verður um það deilt, að féð var tapað hvort sem var.

Það var vitanlega réttast, eins og við Alþýðuflokksmenn héldum fram á sínum tíma, að gera Íslandsbanka hreint upp og sjá greinilega, hvernig hann stóð, en að það var ekki gert, var eingöngu af völdum Sjálfstfl., og situr því illa á þeim að koma fram með svona málaleitun nú. — Vil ég svo enda ræðu mína með því að skora á hv. þm. Vestm. að vera framvegis örari á fé til sjávarútvegsins en til hluthafa í Útvegsbankanum.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Það má segja, að það eru ómerk ómagaorð, þar sem eru orð þessa yfirfífls d. (Forseti hringir), hv. 2. þm. Reykv. En ég get ekki látið vera að benda á og lýsa jafnframt heimsku og staðleysu, sem hv. þm. hélt fram, að töp sparifjáreigenda hafi stafað af röngum skýrslum, sem ég og hv. 2. þm. Rang. gáfum um bankann. En ég býst við, að allir viti, að þær skýrslur, sem ég og hv. 2. þm. Rang. gáfum, voru ekki gerðar fyrr en búið var að loka Íslandsbanka. En þetta er ekki nema eftir öðru hjá hv. 2. þm. Reykv., sem í hvert skipti, sem hann talar um þetta mál, lýsir sig yfirheimskingja og fífl (Forseti hringir). Hitt ætti þessi hv. þm. að vita, að þegar hann hefir minnzt á störf nefndarinnar og starf mitt sem eftirlitsmanns, hefir hann auglýst sig sem fífl, svo landfrægt er orðið, fyrir hvernig hann hefir blandað saman starfi eftirlitsmanns með bönkum og sparisjóðum og starfi venjulegra endurskoðenda. Á því gerir þetta fífl engan mun.

Það, sem hv. þm. hefir gert, er að féfletta íslenzka sjómenn. Og það fer heldur vel á því, að þessi hv. þm. fari að senda hnútur til hv. þm. Vestm., þess þm., sem bezt hefir staðið í ístaðinu fyrir sjávarútveginn, því að það vita allir, að enginn hefir féflett íslenzka sjómenn svipað því sem hv. 2. þm. Reykv. Og nú hefir hann gerzt svo ófyrirleitinn og fífldjarfur, að jafnframt því, sem hann vill skorast undan að greiða réttan skatt í ríkissjóð af þessu fé, sem hann nær með því að féfletta íslenzka sjómenn, þá kemur hann því til leiðar hér á þingi, að breytt hefir verið skattal. beinlínis til þess að lækka skattinn af þessum hans illa fengna arði, sem hann tekur af fátækum erfiðismönnum. Þetta er sannanlegt og skal verða betur upplýst síðar.

**Flm. (Jóhann Jósefsson)** [óyfirl.]: Ég vil aðeins láta þess getið, að þetta mál var ekki þannig flutt af mér, að ástæða væri til þess, að lagt sé út í harðar deilur út af því.

Mig undrar það að vísu ekki, þó að hæstv. fjmrh. telji sig ekki sammála um þetta atriði, og maður veit það, að fjmrh. skoðar það skyldu sína að vera íhaldssamur í þeim efnum, sem hér um ræðir. Ég skal ekki lá hæstv. ráðh., þó að hann hafi sýnt hér íhaldssemi og afturhaldssemi, sem er jafnvel meiri en ég hefði getað búizt við af manni á hans aldri.

Hæstv. ráðh. vefengdi ekki það, sem ég sagði, að það hefði ekki náðst til allra sparifjáreigenda Íslandsbanka, en hélt því fram, að þeir, sem lögðu sparifé sitt fram sem hlutafé, hefðu gert það af frjálsum vilja, og það kæmi ríkinu ekki við, og það ætti engin áhrif að hafa á aðstöðuna til þessa frv., hvernig fór um fé þeirra, sem ekkert vildu leggja til Útvegsbankans, svo að sparifé þeirra var fært inn á sparisjóðsreikning þeirra í Útvegsbankanum og komst síðar undir áhrif og vernd ríkissjóðs. Í þessu atriði er ég honum ekki sammála. Mér virðist einmitt, að þetta atriði, að ríkið tekur ábyrgð á innstæðufé þessara manna í Útvegsbankanum, það hnígi mjög að því að styðja okkar mál, sem flytjum þetta frv. Það er einmitt með hliðsjón af því, að þetta er réttlætisráðstöfun í garð þeirra manna, sem létu þetta fé af hendi — við skulum segja af fúsum og frjálsum vilja —, og ég hefi aldrei haldið öðru fram um það en að þeir hafi gert það á þann hátt. Og það er stórt atriði í málinu, að þeir, sem engu vilja fórna, hafa eftir á fengið ríkisábyrgð á sínu innstæðufé.

Þar sem háar upphæðir hafa verið nefndar í þessu sambandi og í frv. er gert ráð fyrir, að skuldbindingar ríkissjóðs muni nema allt að 2 millj., þá vil ég skýra þetta nokkuð. Ég hefi spurzt fyrir um þetta atriði tvívegis í Útvegsbankanum, hve miklu næmi það hlutafé manna þar, sem hefði verið sparifé í Íslandsbanka. Svörin voru ekki alveg á sama veg, í öðru tilfellinu var sagt, að það væri 1,6 millj., en í hinu tilfellinu 1,8 millj. Þess vegna er í þessu frv. sagt „allt að 2 millj. kr.“, en auðvitað ætlazt enginn til, að gefin verði út skuldabréf fyrir hærri upphæð en þetta reynist að vera við rannsókn á þessu atriði í Útvegsbankanum. Og ef maður tekur það svo, sem ég tel nálægt sanni, að það sé um 1,6 millj. kr. það sparifé, sem menn létu í Útvegsbankann, og reiknað er með 4%, sem eru sparisjóðsvextir, þá er þetta ekki nema 64000 kr. fyrstu árin. Fyrstu 5 árin er það jöfn upphæð, sem ríkissjóður yrði að leggja fram sem vexti af þessu fé, en sú upphæð mundi smálækka, eftir því sem bréfin væru dregin inn, en eftir 5 ár bættist við sú upphæð, sem færi til inndráttar bréfanna árlega, sem er 1/30 þeirrar heildarupphæðar, sem hér á að leggja á ríkissjóð. Hæstv. ráðh. taldi, að einhver ríkasta ástæðan fyrir því að hafa á móti þessu máli, væri það, að Privatbankinn og Hambrosbanki mundu einnig heimta tryggða sína eign í Útvegsbankanum. Ég sé ekki, að þetta þurfi að vera rík ástæða í þessu máli, fyrst og fremst af því, að það er engin trygging fyrir því, að þessir bankar féllu frá sinni kröfu um þetta atriði hvort sem væri. Og ef það yrði, að við yrðum að verða við þeirri kröfu þessara útlendu aðilja, þá sé ég ekki, hvernig ætti að gera upp á milli útlendinga og innlendra manna í þessu efni. En það virðist hvorki hæstv. ráðh. né sá hv. þm., sem tók til máls á eftir honum, vilja skilja, að það er hjá öllum nærliggjandi þjóðum a. m. k., að það verði að gera mjög mikinn mun á þeim siðferðislega rétti, sem sparisjóðsinnieign manna á á sér, og önnur innieign í bönkum.

Hv. 2. þm. Reykv. hefi ég litlu að svara. Hann kom hér fram með þessari venjulegu hvatskeytlegu aðferð sinni til þess eins að láta á því bera, að hann hefði ekki svo lítið vald í þessu máli eins og öðrum hér á þingi. Hann segir, að ég vilji halda því fram, að það eigi að gefa innstæðueigendum þessar umræddu 2 millj. kr. Ég lít ekki svo á, að hér sé verið að gefa mönnum neitt. Málið er flutt á þeim grundvelli, að ríkið sé skylt til að verða við þessari réttlætiskröfu gagnvart þessum mönnum, sem — mér liggur við að segja — hafa verið féflettir. Og þó að sú féfletting hafi að vísu ekki verið beinlínis gerð af ríkisvaldinu, þá er enginn vafi á því, að aðgerðir þingsins 1930 í Íslandsbankamálinu, sú fantalega aðferð, sem málið sætti hjá þeim flokkum, sem þá fóru með ríkisvaldið, og þar var hv. 2. þm. Reykv. fremstur í flokki, það er enginn vafi, að þessi fyrirfram uppkveðni dauðadómur yfir bankanum átti sinn mikla hlut í því, að fólkið hafði í bili tapað þessu fé. Mætti þá eins vel segja það, að við, sem berum fram þessa réttingu þessa máls nú, séum að reyna að bæta fyrir það, sem hv. 2. þm. Reykv. var að reyna að skemma hér á árunum. Og ég vil taka það fram, að ég flutti þetta mál án allrar áreitni í nokkurs manns garð, og því var það algerður óþarfi fyrir hv. 2. þm. Reykv. að taka málið upp á þeim grundvelli, sem hann gerði.

Þá fannst hv. 2. þm. Reykv. eitthvert ósamræmi í því hjá mér að standa að frv. um skuldaskilasjóð til viðreisnar útgerðarmönnum og vilja um leið rétta hjálparhönd þessu fátæka fólki, sem var knúð til að leggja fé í Útvegsbankann. En þetta er ekkert ósamræmi. Sú byrði, sem lögð er á ríkissjóð samkv. þessu frv., er svo lítil í þessi fyrstu 5 ár, að það er ekki nein ástæða, hvorki fyrir hv. 2. þm. Reykv. né aðra, að gera úlfalda úr þeirri mýflugu. Þessir háu herrar depla ekki augunum við að auka byrðar ríkissjóðs um 60000 kr. í sambandi við þau mál, sem þeir endilega vilja berja fram.

Þá skoraði hv. 2. þm. Reykv. á mig að vera örari í garð útgerðarinnar en ég væri, — að því er mér skildist. Þessu hefi ég engu að svara öðru en því, að ég vil benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að hann hefir, með sinni valdsmannsaðferð hér á þingi, það alveg á sínu valdi að láta þær till., sem ég og aðrir hafa borið fram og miða til viðreisnar útveginum, ná fram að ganga eða ekki. Þennan geir, sem hann hefir sent að mér, hef ég þess vegna á loft og beini honum að hv. þm. aftur. Það er ekkert leyndarmál, að ég og fleiri hv. þm. hér hafa komið með þær kröfur til hagsbóta fyrir útgerðina, sem hæstv. fjmrh. fordæmdi mjög og gekk svo langt, að hann kallaði þær skrípaleik og brá okkur um allskonar óráð í því efni. Þannig leit hann á, hve langt væri hér gengið. Ef hv. 2. þm. Reykv. þykist þurfa að skora á mig að vera örari í garð útgerðarinnar, þá hlýtur það að vera af því, að hann álíti, að ég hafi gengið of skammt. Ég vil skora á hann að beita flokksfylgi sínu til að styðja till. okkar fyrir útgerðina. Og ef hann vill bæta um þær, þá skal ég ekki átelja hann fyrir það. Ég mun ljá mitt lið til þess að koma fram þeim skynsemlegum till., sem hann kann að koma fram með við till. okkar til að rétta við útgerðina. Ég vona því, að þessi áskorun hans þýði þetta, að hann ætli að beita flokksvaldi sínu hér á þingi til þess að bera fram til sigurs þær till., sem gerðar hafa verið fyrir útgerðarinnar hönd í frv. um skuldaskilasjóð, sem hér hefir verið borið fram.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)** [óyfirl.]: Ég hefi ekki miklu að svara í sambandi við þetta mál. Ég get ekki séð, að ríkið hafi skyldu til að kaupa þessi hlutabréf, þó að það hafi tekið ábyrgð á innstæðufé í Útvegsbankanum eins og í Landsbankanum. Það er ekkert samband á milli þess, og því get ég ekki fallizt á það, þótt einhverjir hafi skotið sér hjá að leggja fé í Útvegsbankann, þá leggi þessi vanrækslusynd þeirra neinar skyldur á ríkissjóð í þessu efni.

Ég vil líka benda á það í sambandi við þetta frv., að ef það yrði samþ., þá verður ríkissjóður, auk þess sem hann yrði að kaupa þessi 1,6 eða 1,8 millj. kr. hlutabréf, líka að taka afleiðingunum af því að kaupa líka hlutabréf þeirra útlendu aðilja, en þau munu vera um 1,3

millj. kr. Og af því að þessi bréf eru lítils virði, þá væru ríkissjóði hér lögð á herðar 3 millj. kr. útgjöld án þess að nokkuð væri í aðra hönd, og ég álít ekki rétt að leggja þá byrði á ríkissjóð ofan á þann þunga, sem hann þegar hefir orðið fyrir í sambandi við þetta mál.

Hv. þm. segir, að engin trygging sé fyrir því, að útlendingar féllu frá kröfum sínum um sérstök hlunnindi í þessu sambandi. Mér er ekki kunnugt um, hvaða kröfur þetta eru. Og eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi nú fengið, síðan umr. hófust um þetta mál, þá hefir aldrei verið gengið út frá því, að þeim kröfum yrði sinnt, og það verður aldrei, af því að það liggur ljóst fyrir, að þeir hafa lagt það fé fram sem almennt hlutafé. Það er því engin ástæða til að kaupa bréf þeirra innlendu hluthafa, að ekki verði komizt hjá kröfum erlendra aðilja. Ef þeir krefðust einhvers, þá væri ástæða til að tala um þetta, en af því að ekkert hefir verið minnzt á slíkt, eftir því sem mér hefir síðar verið sagt, þá getur það ekki verið ástæða fyrir þessu.

Hv. þm. kom hér inn á frv. um skuldaskilasjóð, sem er ekki hér til umr. Ég skal ekki tala mikið um það frv. Hann sagði, að ég hefði kallað það frv. skrípaleik. Þetta er útúrsnúningur. Ég sagði, að framkoma ýmissa hv. þm. við málin og tekjuöflun til þeirra hluta, sem þar væri farið fram á, það væri skrípaleikur. Annars fer ég ekki lengra út í það mál, til þess að gefa ekki tilefni til umr. um það nú, þar sem það liggur ekki fyrir.

**Héðinn Valdimarsson**: Hv. þm. Vestm. vildi neita því, að þetta væri gjöf úr ríkissjóði, vegna þess að ríkið væri skyldugt til að bæta þeim mönnum, sem hefðu orðið fyrir töpum vegna þess, að þeir hefðu lagt bankanum til hlutafé. En það er einmitt það, sem ég er að halda fram, að sé alls ekki; ég álít, að það sé alls ekki ríkissjóður, sem eigi að bæta mönnum, ef þeir eru ginntir til þess að láta hlutafé í bankann, heldur þeir, sem hafa ginnt þá. Það stend ég við, og ég veit, að margir aðrir álíta, að ef nokkrum er um að kenna, þá er það söfnunarnefndinni og bankaeftirlitsmanninum, sem ég mun síðar víkja að. Sparifjáreigendur hefðu auðvitað fengið það, sem þeir áttu að fá, ef bankinn hefði verið gerður upp eins og Alþfl. stakk upp á. Þá var ekkert af þeim tekið eða til þeirra lagt. Og bankinn var þó aldrei svo illa staddur, að auk hlutafjár og varasjóðs, sem allt var tapað, væri líka allt innstæðufé hans tapað, því að eignir átti hann þó til.

Annars veit ég ekki, hvort hv. þm. hefir skilið þetta samband á milli skuldaskilasjóðs og Útvegsbankans, því að munurinn er sá, að í frv. um skuldaskilasjóð kemur hv. þm. og aðrir þeir, er flytja þetta frv., ekki með till. um að leggja neitt nýtt fé til þessa sjóðs, ekkert nema að taka venjulegan tekjustofn, sem verður að fara í ríkissjóð, án þess að þeir komi með nokkra till. um nýja tekjuöflun í staðinn. En í þessu tilfelli kemur hv. þm. með till. um að taka úr ríkissjóði 2 millj. kr. og láta til þessara hluthafa Útvegsbankans, og þar tel ég þó enn lengra gengið, því að um skuldaskilasjóðinn mátti þó segja, að einhver grundvöllur væri undir honum, efling atvinnu í landinu við sjávarútveg, en svo er ekki hér að neinu leyti.

Annars veit ég ekki, hvað er raunverulega hægt að kalla þetta annað en gjöf. Ef ríkissjóður tekur 2—3 millj. kr. lán og fær fyrir það sama sem verðlausa pappíra, þá er hann þessari upphæð fátækari en áður, og þessa upphæð á að fá í hendur mönnum, sem ekki láta neitt í staðinn, sem verðmæti er í.

Við höfum sagt það, Alþýðuflokksmenn, að við viljum styðja frv. um skuldaskilasjóð, ef einhver fjárhagslegur grundvöllur fæst fyrir því, að það frv. verði að gagni, en það er ekki á þann hátt, sem það frv. er borið fram.

Svo voru þau fáein orð til hv. 3. þm. Reykv. Það má nú segja um hann, að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Hann þolir aldrei, að minnzt sé á eftirlitsmanninn með bönkum og sparisjóðum; það er eins og að nefna snöru í hengds manns húsi. Það er vitað, að öllu hlutafé bankans var safnað eftir að Íslandsbanka var lokað, og söfnunarnefndin fékk menn til að leggja þetta fé fram mikið til vegna þeirrar skýrslu, sem kom frá honum og hv. 2. þm. Rang. Hann ber því þunga ábyrgð af því að hafa fengið menn til að leggja fram hlutafé í þeirri vissu, að það væri tryggt.

Síðan Útvegsbankinn tók við, hefir hann grætt og líka tapað, en það er áreiðanlegt, að ef tekin er heildin, bæði gömlu lánin úr Íslandsbanka og líka það, sem hefir verið bætt á Útvegsbankann vegna hinna nýju viðskipta, þá sést það, að næstum öll töpin, sem bankinn hefir orðið fyrir, eru úr gömlu lánunum. En sparisjóðseigendur, sem lögðu fram hlutafé í Útvegsbankann, trúðu skýrslu hins opinbera eftirlitsmanns, og það var ekki undarlegt, því að það var ekki við því búizt, að fyrir þessar 14 þús., sem hann fékk, mundi hann ýmist ekki gera neitt eða þá gefa rangar skýrslur.

**Jakob Möller** [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Reykv. hefir alveg tekið af mér ómakið, því að með þessari síðustu ræðu sinni hefir hann enn sannað það, hvert flón hann er, þegar hann er að gaspra hér um það, sem hann hefir ekkert vit á, og afsannar það í öðru orðinu, sem hann segir í hinu.

Hann segir, að ef innstæðueigendur hafi tapað, þá sé það vegna þeirrar röngu skýrslu, sem ég hafi gefið. Nú játar hann, að ef þessir menn hefðu ekki lagt innstæðufé sitt í hlutafé Útvegsbankans, hefðu þeir átt að fá það, sem í þeirra hlut hefði komið, við opinber skipti í Íslandsbanka. Nú segir hann, að ef þeir hafi tapað sinni innstæðu á því að eiga hana sem hlutafé, þá sé það mér að kenna. M. ö. o., það hefði verið hagstæðara fyrir Íslandsbanka, að hann hefði verið gerður upp, og þá hefðu líka, eftir því sem hann segir, innstæðueigendur fengið allt sitt, en af því að þeir hafi byggt á minum röngu skýrslum, hafi þeir tapað. Ég bið hv. þm. hvern fyrir sig að meta þá hugsun og það samræmi, sem er í þessum orðum hans. Fífl hefir hann áður verið, og fífl er hann enn. (Forseti hringir). (**HV**: Ég vil spyrja bankaeftirlitsmanninn: Hverju töpuðu þeir, sem ekki keyptu hlutabréfin?). Það var hv. 2. þm. Reykv. og hans flokkur hér á þingi, sem

með samtökum við annan flokk, sem skapaði meiri hluta þings, úrskurðuðu, að þeir skyldu tapa öllu sínu. Þeir höfðu alltaf lagt alla stund á það að eyðileggja Íslandsbanka, þangað til honum var lokað, og á eftir, að þeir innstæðueigendur, sem ekki lögðu sitt innstæðufé í Útvegsbankann, að þeir töpuðu. (HV: Ætli þetta sé nú rétt?). Hvaða heimska er þetta? (HV: Hverju töpuðu þeir sparifjáreigendur, sem ekki lögðu fram hlutafé?). Hann gleymir, að það skilyrði var sett fyrir endurreisn bankans, að innstæðueigendur legðu fram helming innstæðufjárins sem hlutafé. (HV: Þetta er sama hringavitleysan). En þeir töpuðu engu, af því að þeir flutu á því, að mikill meiri hl. lagði fram innieign sína. Að menn hafi glæpzt á að leggja fé inn í bankann vegna hinnar glæsilegu skýrslu, sem hv. þm. segir, að við Pétur Magnússon hefðum gefið um framtíðarhorfur bankans, er eins og annað hreinasta vitleysa hjá þessum þm.

**Héðinn Valdimarsson:** Það er erfitt að svara hv. 3. þm. Reykv. Hann stendur fast á því, að þeir innstæðueigendur, sem tapa vegna Íslandsbanka, séu þeir, sem lagt hafa hlutafé í bankann, aftur á móti tapi þeir engu, sem ekki hafi lagt í hlutafé.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15:8 atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 25. Bygging og ábúð jarða í almannaeign.

Á 27. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign** (þmfrv., A. 302).

Á 28., 29., 30., 34., 35., 36. og 37. fundi í Nd., 5., 6., 7., 12., 13., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Páll Zóphóníasson):** Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá er ennþá svo ástatt í landinu, að hið opinbera, ríkissjóður og kirkjujarðasjóður, á jarðir, sem eru samtals 754. Þá eru einnig á annað hundrað jarðir, sem eru eign sérstakra sjóða og því að hálfu leyti opinber eign.

Það eru uppi í landinu skiptar skoðanir um það, hvort rétt sé, að ríkið eigi þessar jarðir áfram eða hvort eigi að afhenda þær í hendur einstakra manna. En þó að skiptar skoðanir séu um þetta, þá ættu menn að geta verið sammála um það, að koma ábúð þessara jarða í það horf, að hún yrði sem bezt fyrir þá, sem á jörðunum sitja, og tryggi jafnframt, að þær verði sem bezt setnar. Þess vegna held ég, að þótt menn greini á um það, hvort jarðirnar skuli vera áfram í eign þess opinbera, eða að þær eigi að verða eign einstaklinga, þá geti allir orðið sammála um, að það eigi að koma ábúð þessara jarða öðruvísi fyrir en ábúð á jörðum einstaklinga, sem þurfa að hafa sínar jarðir lausari í ábúð, ef þeir þyrftu sjálfir á þeim að halda.

Þar við bætist svo það, að eins og til hagar nú í landinu, þá er landinu skipt upp með ákveðnum landamerkjum milli jarða. Við vitum það allir, að þjóðinni fjölgar, og þessi fjölgun, sem kemur árlega, þarf að fá einhverja atvinnumöguleika bæði til sjávar og sveita, og eini möguleikinn í sveitunum er að mynda þar ný sjálfstæð heimili, svo að þeir, sem við bætast, geti orðið sjálfstæðir atvinnurekendur. Það er að vísu hægt að hugsa sér aðra leið, sem sé að þeir, sem við bætast, verði verkamenn hjá öðrum atvinnurekendum, en ég geri ekki ráð fyrir, að menn vilji fremur aðhyllast þá leið, enda fer hún í bága við þann aukna andlega þroska, sem allir stefna að. En þegar um er að ræða möguleika til sjálfstæðra býla, sem geti fjölgað, þá er miklu hægara fyrir það opinbera að gera ráðstafanir til að fjölga býlunum, ef það hefir ráð á einhverjum jörðum, heldur en að fara að gripa inn í rekstur þeirra jarða, sem eru privateign, og fara að skipta þeim í sundur, enda þótt vel geti komið til þess, að taka þurfi jarðir eignarnámi í því skyni. Þess vegna held ég, að líka frá þessu sjónarmiði sé sjálfsagt að haga því þannig, að þær jarðir, sem eru opinber eign, hlíti ekki sömu lögum og jarðir einstaklinga, þegar um byggingu er að ræða.

Út frá þessum sjónarmiðum báðum er ekki farið inn á þann stefnumun, hvort jarðir skuli vera opinber eign eða ekki. Vona ég því, að menn geti orðið sammála um, að rétt sé að koma ábúð opinberra jarða öðruvísi fyrir en á jörðum einstaklinga.

Ég vona því, að hv. þdm. geti verið með því að láta málið ganga til n., og vona, að n. finni þá lausn, sem vel megi við una og geti orðið til þess, að ábúendum þessara jarða liði betur og jarðirnar verði betur setnar og möguleikar til fjölgunar býla verði meiri en eins og nú standa sakir.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til landbn. að þessari umr. lokinni.

**Jón Sigurðsson:** Ég kann ekki við, að þetta mál fari svo gegnum þessa umr., að ekkert orð sé um það sagt annað en það, er flm. hafði fram að færa. Ég hafði reyndar ekki búizt við, að það yrði tekið fyrir nú, en það skiptir ekki miklu máli.

Hv. flm. þessa máls talaði um það, að út af fyrir sig gætu allir verið sammála um, að rétt væri að bæta aðstöðu þeirra, sem eru leiguliðar þess opinbera. Það út af fyrir sig býst ég við, að verði ekki ágreiningsatriði. En hins má þá líka minnast, að undanfarandi þing hafa bætt mjög aðstöðu leiguliða, en ekkert hefir verið gert sérstaklega fyrir sjálfseignarbændur, og hefðu þeir

þess þó fulla þörf eins og nú er ástatt. En það er stefna þessa frv., sem ég get ekki aðhyllzt. Það er trú mín og sannfæring, sem studd er við þá reynslu, er ég hefi aflað mér, að sjálfseignarbúskapurinn sé okkur tryggastur og affarasælastur fyrir landbúnaðinn á allan hátt.

Þeir, sem voru fulltíða menn um síðustu aldamót, munu minnast þess ástands, sem þá ríkti í landinu, þegar þjóðjarðirnar voru sem flestar og kalla mátti, að leiguliðar, sem á þeim bjuggu, festu hvergi rætur, en voru á sífelldu flökti fram og aftur og gerðu þar af leiðandi ábýlisjörðum ekkert til bóta. Eftir að þjóðjarðasölulögin gengu í gildi og þessir sömu menn, sem áður voru alltaf að flytja sig búferlum, gátu keypt ábýlisjarðir sínar, hófu þeir stórfelldar umbætur á jörðum sínum — húsa- og jarðabætur. Ef það er borið saman við aðgerðaleysi landseta á mörgum þjóðjörðunum og flestum leigujörðum, þá er munurinn svo mikill og alkunnur, að óþarft er að lýsa því.

Að mínu áliti er því stigið stórt spor aftur á bak með þessu frv.; ef ríkið á smámsaman að kaupa upp þær jarðeignir, sem nú eru í sjálfsábúð, þá er með því vitanlega stefnt að því að gera alla bændur með tíð og tíma að leiguliðum ríkisins, — útrýma öllum sjálfseignarbændum.

Ég tel, að þessi breyt. hafi stórkostlega þýðingu til hins verra fyrir íslenzkan landbúnað, enda þótt vel verði að leiguliðunum búið. Ég tel, að það hafi þá breyt. í för með sér fyrir íslenzka bændur, að framtak þeirra og áhugi í búskapnum muni dvína og skapast sú kyrrstaða í landbúnaðinum, sem þjóðin má sízt við.

Ég lít svo á, að þessi ákvæði frv. séu svo varhugaverð, að ekki geti komið til mála að samþ. þau, en hin atriðin, sem meira er rætt um í frv., umbætur á kjörum leiguliða, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um við þessa umr.

Ef hinsvegar ákvæði 10. gr. frv. verða samþ., þá er búið að smeygja inn litla fingrinum, og má þá búast við, að öll hendin komi á eftir — Skal ég svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni. Ég get mælt með því, að frv. fari til n., og álít, að n. þurfi að athuga það vel og gera á því verulegar breyt., ef af því á ekki að stafa stórkostleg hætta fyrir bændastéttina og landbúnaðinn.

**Sigurður Kristjánsson:** Það er alveg rétt, sem hv. 7. landsk. sagði um þetta mál. Það má rekja slóð sjálfseignarbúskaparins á Íslandi, og þá kemur það í ljós, að það hefir yfirleitt verið þrifnaðar- og myndarbúskapur. Ég vil ekki taka undir neina aðra stefnu í þessu máli en að allir bændur eigi þær jarðir, sem þeir sitja á. Að því ber löggjafarvaldinu að styðja áfram. Afgjöldin af jarðeignum ríkisins eru sýnilega ekki meiri en svo, að bitlingafikinn maður gerði sig varla ánægðan með minna en öll afgjöldin í árlegar tekjur.

Það er stórum þýðingarmeira mál, að allir bændur eignist bújarðir sínar, heldur en að Alþingi sé að bollaleggja um bætt ábúðarkjör fyrir leiguliða.

Ég þykist sjá, að þetta frv. sé náskylt öðru frv., sem komið er fram hér í þessari hv. þd., um að hefta sölu á þjóðjörðum og kirkjujörðum. Bæði frv. eru greinar af sama stofni — kommúnistahugsunarhættinum, sem er nú farinn að grípa um sig á sviði landbúnaðarins eins og víðar hér á landi.

**Flm. (Páll Zóphóníasson):** Það gleður mig, að hv. 7. landsk., sem að ýmsu leyti er ósamþykkur stefnu þessa frv., álítur þó rétt að vísa því til n. — Þetta sérstaka atriði í 10. gr. frv., sem virðist aðallega valda ágreiningi, um að hinum árlegu afgjöldum af jörðum ríkisins, er byggðar verða samkv. þessum lögum, skuli varið til þess að kaupa jarðir, sem ríkinu bjóðast — það atriði, hvort hætta eigi að selja jarðir þess opinbera, liggur fyrir hv. þd. í öðru lagafrv., sem ég og hv. 2. þm. Reykv. erum flm. að. Þegar það frv. verður hér til umr., geri ég ráð fyrir, að við fáum tækifæri til að bítast um stefnumun okkar í þessum málum, ég og hv. 2. þm. Reykv. og þeir, sem okkur fylgja, annarsvegar og hv. 7. landsk. og 6. þm. Reykv. hinsvegar. En til þess að lengja ekki umr., þar sem svo mörg mál eru á dagskrá, þá leiði ég slíkar deilur hjá mér í þetta sinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:3 atkv. og til landbn. með 16:1 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 26. Innlánsvextir og vaxtaskattur.

Á 28. fundi í Nd., 5. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um innlánsvexti og vaxtaskatt** (þmfrv., A. 312).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Páll Zóphóníasson):** Það hafa heyrzt ákaflega háværar raddir um það, einkum meðal bænda, að útlánsvextir af lánum til atvinnurekstrar í landinu séu allt of háir, ekki sízt á sviði landbúnaðarins. Rætt hefir verið um ýmsar leiðir til þess að fá vextina lækkaða og tilraun til vaxtalækkunar af lánum og skuldum bænda hefir verið framkvæmd í gegnum Kreppulánasjóð.

Samskonar raddir hafa og heyrzt frá sjávarútvegsmönnum, að útlánsvextir til þess atvinnurekstrar séu allt of háir. Og samkv. skýrslum og áliti mþn. í sjávarútvegsmálum þurfa vextir af lánum til útvegsins að lækka ákaflega mikið frá því, sem nú er. Yfirleitt er það svo, við hvern, sem maður talar um þessi efni, þá eru allir sam-

mála um, að vextir séu allt of háir og þurfi að lækka. Og samkv. skýrslum, sem fyrir liggja um rekstur atvinnuveganna, er ekki sjáanlegt, að þeir geti borið uppi þá veltu, sem nú er í landinu, eða svarað til vaxta af höfuðstólnum, enda eru þeir að sligast undir byrðinni.

Það hefir lítið verið rannsakað hér á landi, hvaða vextir fást af þeim höfuðstól, sem lagður er í atvinnuvegina. Þó var þetta í fyrsta sinn athugað í fyrra lítilsháttar. Guðmundur Jónsson kennari á Hvanneyri safnaði saman og vann úr 8 búreikningum — rekstrarreikningum búanna fyrir 1 ár (maí 1932 til maí 1933). Af þeim voru 6 úr Borgarfirði, 1 úr Eyjafirði og 1 úr Árnessýslu. Niðurstaðan af þessum athugunum er sú, að höfuðstóll búanna er ávaxtaður með 3%. Í nágrannalöndum okkar, t. d. á Norðurlöndum, sýna opinberar skýrslur, að landbúnaðurinn þar ávaxtar höfuðstólinn með tæpum og liðugum 2%, eða hæst 2.8%, og er það því hvergi eins hátt og í þessum dæmum, sem hér voru athuguð. En ég geri ráð fyrir, að ástæðan til þess, að prósentutalan reyndist hærri hér á landi, sé sú, að hér eru aðeins rannsakaðir búreikningar frá fáum bæjum, og ennfremur, að þessi bú eru í þeim héruðum, þar sem búnaðarafkoman er betri en almennt gerist hér á landi. Ég hygg, að þessi prósenta sé til muna hærri en vera mundi, ef hagur fleiri bænda úr fleiri sýslum væri athugaður. Það mun því mega segja, að landbúnaðurinn ávaxti höfuðstólinn, sem í honum stendur, hér á landi líkt og annarsstaðar — kringum 2%.

Eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja um afkomu sjávarútvegsins, er sízt ástæða til að ætla, að hann sé færari um að ávaxta höfuðstólinn en landbúnaðurinn. Talið er, að rekstrarhalli á útveginum hafi verið svo mikill árið 1932, að þó hann hefði fengið vaxtalaust rekstrarfé, þá gaf höfuðstóllinn, sem eigandinn átti, engar rentur það ár, en töluverða vexti árið þar áður.

Þetta sýnir það og sannar, að hvorugur þessara atvinnuvega þjóðarinnar er þess megnugur að bera svo há vexti af rekstrarlánum sem þeim er ætlað. Á sama tíma borga bankarnir 4—4½% af innláns- og sparifé landsmanna, en útlánsvextir eru upp í 7½% í Útvegsbankanum, og jafnvel hærri, og algengustu útlánsvextir 6—7%. Það hlýtur nú hver heilvita maður að sjá, hvaða réttlæti er í því, að láta þá menn, sem eiga fé sitt á þurru landi, á innlánum í bönkum, fá miklu hærri vexti af fé sínu þar en aðalatvinnuvegir þjóðarinnar geta risið undir.

Vaxtabyrðarnar, sem lagðar eru á atvinnuvegina, sökkva þeim dýpra og dýpra með hverju ári, sem líður, svo að atvinnurekendurnir ramba á gjaldþrotabarminum, en þegar svo er komið, þá á að láta ríkissjóð hjálpa til að draga þá aftur upp úr feninu á þurrt land.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilað að ákveða innlánsvexti, og það er búizt við, að ríkisstj. sjái sér fært að ákveða þá ekki hærri en það, að þeir séu í samræmi við það, sem atvinnuvegirnir raunverulega geta ávaxtað fé fyrir, a. m. k. ekki hærri. Ef slík ráðstöfun sem þessi er gerð, er hætta á því, að fé streymi út úr sparisjóðunum og bönkunum og sérstakir menn færu að gera það að atvinnu sinni að lána fé bak við tjöldin, gegn skuldabréfum og tryggingum. Til að fyrirbyggja þetta hefi ég lagt til, að tekinn verði upp vaxtaskattur, skattur á verðbréf, skuldabréf og önnur þau bréf, er árlega gefa af sér vexti, hærri en 1½% umfram venjulega banka- og sparisjóðsvexti. Þetta hindrar algerlega, að fé verði tekið út úr bönkunum og sparisjóðum, þótt vextirnir yrðu færðir nokkuð til lækkunar. Þetta hefir ekki eins mikil áhrif á útlánsvextina, það skal ég játa, því að þessar stofnanir búa að allmiklu leyti við erlend lán, en lækkun á vöxtum af innstæðufé ætti að hafa nokkur áhrif, þar sem ⅓ hluti af öllu lánsfé, sem er í umferð meðal þjóðarinnar, er sparifé. Ég skal ekkert um það fullyrða, hversu auðveldlega þessi l. yrðu framkvæmanleg. Ég hefi heyrt peningamenn halda því fram, að ekki nái nokkurri átt að lækka vextina, og margir þeirra hafa talið á því mikla hættu, ef það yrði gert, að spariféð myndi streyma úr bönkunum, þar sem peningahungrið er svo gífurlegt í okkar landi, og yrði í stað þess lánað manna á milli. Ég er ekki svo hræddur við þetta, þegar það er fyrirbyggt, að mismunurinn á innlánsvöxtum og vöxtum af lánum manna á milli yrði meiri en 1½%, en það hefir verið talið hæfilegt, og hygg ég svo vera.

Ég vona, að hv. þd. geri sér það ljóst, að það, sem fyrir mér vakir, er aðallega það, að fá lagað það ósamræmi, sem nú er milli innlánsvaxta og þess, sem atvinnulífið raunverulega er fært um að ávaxta fé fyrir, og á þann hátt stuðla að heilbrigðari atvinnurekstri en nú er.

Ég vona, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 27. Fasteignaskattur.

Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt** (þmfrv., A. 322).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Magnús Torfason)**: Ég þykist sjá á hv. þdm., að þeir séu dasaðir eftir vökunóttina í gær við umr. í útvarpið. Ég mun þess vegna hafa framsöguræðu mína eins stutta og mér er unnt. Ég get að miklu leyti látið mér nægja að

vísa til grg. frv. á þskj. 322 og leiðréttingar á þskj. 357. Ég þarf ekki að lýsa því, hvernig afkoma sveitarfélaga er og hefir verið undanfarin ár hér á landi. Þau eru flest í megnustu vandræðum, sem fyllsta nauðsyn er á, að verði leyst sem allra fyrst. Þá nauðsyn hefir Alþingi viðurkennt að vissu leyti. Vanskil sveitarfélaga vaxa með hverju ári, þrátt fyrir ýmsar aðgerðir löggjafarvaldsins til þess að greiða úr þeim. Get ég í því efni einkum vísað til laga um fjárþröng sveitarfélaga, sem sérstaklega áberandi vott um það, hvernig komið er. Ennfremur hafa verið sett lög um það, að ríkið styrki sveitarfélögin til ómagaframfærslu, og lög, sem heimila einstökum bæjarfélögum að leggja á gjaldendur óbeina skatta til bæjarþarfa. Og nú síðast er fram komin á þessu þingi till. um, að hluti af tekju- og eignarskattinum renni í sjóði bæjar- og sveitarfélaga. En ekkert af þessu getur hjálpað til að græða kýlið. Það er enginn vafi á því, að það verður að skera á kýlinu. Þó að lögin um fjárþröng sveitarfélaga séu góð út af fyrir sig, það sem þau ná, og full þörf hafi verið á þeim, þá er það alveg víst, að þau geta ekki komið að fullu gagni í sumum sveitarfélögum, nema þeim sé beitt oftar en um sinn. Það eru til sveitarfélög, sem eru alls ómegnug til sjálfsbjargar, þó þeim verði gefnar upp allar skuldir. Það er ómagaframfærslan, sem gerir það að verkum, að skuldirnar halda áfram að hlaðast á þau, og svo óáran sú, sem nú dynur yfir, sérstaklega verðfall framleiðsluafurða bænda.

Nú eru komnar fram í þinginu ýmsar till. til breyt. á sveitarstjórnarlögunum, og þó sérstaklega fátækralögunum, sem ætlazt er til, að létti byrðar ómagaframfærslunnar á sveitarfélögunum. En ég býst ekki við, að neitt af þeim verði samþ. á þessu þingi, og þá hnígur allt að því, að grípa verður á kýlinu á þann hátt, sem ég tel réttasta stefnu í þessum efnum, að auka blátt áfram tekjustofna sveitarfélaga. Og fyrir valinu hefir þá orðið fasteignaskatturinn. Til þess liggja sérstakar ástæður, að einmitt hann hefir orðið fyrir þessu vali. Þeir hv. þm., sem ekki eru allt of ungir hér á þingi, minnast þess, að um síðustu aldamót voru háværar og harðorðar deilur á Alþingi um afnám ábúðarskattsins. Það varð að herópi, og þessa vegna var skattinum breytt. Ábúðarskatturinn hafði hvílt á leiguliðum jafnt og sjálfseignarbændum. En svo var honum breytt í fasteignaskatt, og upphaflega tilætlunin var sú, að hann væri greiddur af eigendum jarða og býla. En þegar til framkvæmda kom um innheimtu á fasteignaskattinum, var hann látinn falla í sama farið og ábúðarskatturinn og innheimtur hjá leiguliðum, eins og áður, af þeim ástæðum, að ekki þótti fært að innheimta hann hjá eigendum fasteigna. Niðurstaðan var því sú, að það var aðeins breytt nafni á skattinum. M. ö. o. sagt, þá urðu bændur fyrir algerðum vonbrigðum. Útkoman er því sú, að því fleiri leiguliðar sem eru í sveit og því fátækara sem sveitarfélagið er, þeim mun þyngra hvílir þessi skattur á bændunum, og því í öfugu hlutfalli við gjaldgetu þeirra.

Það virðist því eðlilegast, að einmitt þessi skattur sé notaður til þess að greiða úr þeim þörfum, sem næstar eru — en það eru einmitt þarfir sveitarfélaganna sjálfra. Þetta frv. nær ekki til kaupstaða af þeim góðu og gildu ástæðum, að fasteignaeigendur þar greiða lóða- og húsaskatt í bæjarsjóð. Og ennfremur má geta þess til samanburðar, að sveitirnar greiða verzlunarskatt til kaupstaðanna af allri þeirri verzlun, sem þær hafa þar. Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að það sjáist í einhverju, að sveitirnar fái ívilnun aftur á móti. Ég vil líka geta þess, að fasteignaskatturinn kemur æðimisjafnlega niður, og jafnvel ranglega sumstaðar. Það verður ekki komizt hjá að miða hann að nokkru við söluverð fasteigna. Í þeim sveitum, þar sem mikið er um jarðabrask, verða bændur fyrir talsverðu afhroði í greiðslu á fasteignaskatti; og má sjá það á töflu, sem fylgir þessu frv., um fasteignamat og skatt af fasteignum í héruðum landsins.

Í Árnessýslu er fasteignaskatturinn langhæstur af öllum sýslum á landinu, eða þriðjungi hærri en í þeirri sýslu, sem næst er í röðinni, Eyjafjarðarsýslu. Og það er einmitt kaupbraskið frá Reykjavík, sem haldið hefir svo uppi söluverði jarða í Árnessýslu og nágrenni Reykjavíkur, að í heilum sveitum er það alveg afskorið, að nokkur ábúandi geti keypt þar jörð sína. Þær jarðir, sem ganga kaupum og sölum í þessum héruðum, eru keyptar af Reykvíkingum og Hafnfirðingum.

Ég vænti, að ég hafi nú gert svo ljósa grein fyrir tilgangi þessa frv., að ég þurfi ekki að eyða fleiri orðum um það. — Óska ég, að því verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 12:6 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 28. Útgerðarsamvinnufélög.

Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög** (þmfrv., A. 333).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Bergur Jónsson):** Ástæðan til þess, að frv. þetta kemur fram, er þær mörgu ábyrgðir, sem Alþ. hefir orðið að takast á hendur fyrir útgerðarsamvinnufélög í kaupstöðum og kauptúnum. Eins og hv. þm. Vestm. gat um áðan í ræðu sinni um Fiskveiðasjóðinn, er þingið kom-

ið út á hála braut í þessu efni. Þessar ábyrgðarheimildir til einstakra samvinnufélaga verður að stöðva, og það því frekar, sem ekki hefir verið gengið eins tryggilega frá skipulagi þessara félaga eins og verða mætti. Með þessu frv. er gengið svo frá þessum útgerðarsamvinnufélögum, að miklu minni hætta verður á því, að þau kollsigli sig. Þá verður líka minni hætta fyrir Fiskveiðasjóð að styrkja þessi félög með lánum, eftir frv. því, sem ég ber fram í sambandi við þetta mál um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nákvæmlega í einstakar gr. frv. og vonast til, að þm. kynni sér það sjálfir. Þó má geta þess, að ákveðið er á venjulegan hátt, að kalla skuli saman almennan fund til félagsstofnunar, og vilji 5 menn eða fleiri stofna slíkt félag, fá þeir staðfestingu ríkisstj. Annað skilyrði fyrir þeirri staðfestingu er það, að allir fastir starfsmenn félagsins séu um leið meðlimir þess. Þetta er gert til þess að tryggja áhuga allra starfsmannanna fyrir afkomu og velgengni félagsins.

Í 4. gr. frv. er kveðið svo á, að sérhver félagi útgerðarsamvinnufélags skuli bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, og miðast hún við 500 kr. Með því að takmörkuð ábyrgð er höfð, er því náð, að menn verða óhræddari að ganga í félögin. — Til þess að útiloka kaupdeilur er mælt svo fyrir, að félagsmenn fái öll laun sín með hlut í afla. Í 7. og 8. gr. eru ákvæði um stofnsjóð og varasjóð, og miða þau að því að gera afkomu félagsins sem tryggilegasta. Loks er svo ákveðið, að útgerðarsamvinnufélögin skuli vera undir eftirliti Skipaútgerðar ríkisins, eða annarar stofnunar ríkisins, sem ríkisstj. ákveður. Yfirleitt er leitazt við í frv. að ganga sem tryggilegast frá þessum félögum. Með það fyrir augum hefir líka verið borið fram frv. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð, sem á að tryggja félögunum nægilegt starfsfé.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt nál. frá sjútvn., á þskj. 778, og brtt. frá BJ á þskj. 779, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 29. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BJ o. fl.).

Á 29. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands** (þmfrv., A. 334).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Eins og ég gat um í framsöguræðu minni fyrir frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög, er þetta frv., sem hér liggur fyrir, komið fram í sambandi við það frv., og er ætlazt til, að með því verði útgerðarsamvinnufélögunum tryggt nægilegt fé til starfa. Í 1. gr. frv. er heimild Fiskveiðasjóðs til að gefa út handhafavaxtabréf aukin úr 1½ millj. kr. upp í 3 millj. kr. Og til þess að þetta verði ekki dautt ákvæði, er fjmrh. gefin heimild til að verja nokkrum hluta af fé opinberra stofnana og sjóða, svo sem Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands og sjóðs Slysatryggingar ríkisins, til kaupa á handhafavaxtabréfum Fiskveiðasjóðs. Hin ákvæði frv. miða að því að létta útgerðarsamvinnufélögum skipakaup, þar sem þeim er veittur forgangsréttur að lánum úr sjóðnum í þessu skyni, og sjóðnum leyft að lána þeim allt að ⅘ af kaupverði hvers skips, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda séu lánin tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags. Og verði frv. um útgerðarsamvinnufélög að l., ætti engin hætta að vera fyrir bæjar- og hreppsfélögin að taka á sig þessa ábyrgð, og fengist hún því sennilega í öllum tilfellum. Hv. þm. Vestm., sem er aðalflm. að öðru frv. um Fiskveiðasjóð, áleit, að þetta frv. bryti í bága við hans frv. Ég tel það mjög vafasamt, og þar sem bæði þessi frv. fara nú í sömu n., sé ég ekki ástæðu til þess að fara að karpa um þetta frv. nú, frekar en hitt, sem vísað var til sjútvn. í dag. Mér finnst það vel fær leið að auka leyfið til útgáfu handhafavaxtabréfa, þegar um leið er bent á handbært fé til að kaupa þessi bréf inn. Og það er ekki svo, að með þessu sé sú breyt. gerð á Fiskveiðasjóði, að aðeins útgerðarsamvinnufélög fái lán úr honum. — Ég held, að það sé samkomulag milli allra hv. þm. um að efla Fiskveiðasjóð svo, að hann verði aðallánsstofnunin fyrir smærri útveginn, hvort sem hann er nú rekinn með samvinnusniði eða í einstaklingsrekstri. — Hv. þm. Vestm. gat þess í sambandi við sitt frv., að Fiskveiðasjóði hefði áður verið bent á þá leið, sem ég vil láta fara til þess að efla hann, og ekkert verið að gert. En nú er öðru máli að gegna. Ef frv. okkar verður samþ., er ráðh. skylt að nota nokkurn hluta af tilteknu fé til kaupa á handhafavaxtabréfum sjóðsins árlega. Hvað mikið er að því gert, fer auðvitað eftir því, hvernig ráðh. beitir þessu ákvæði. — Ég get ekki séð, að þessi frv. okkar reki sig á, þar sem þau fara í sömu n. bæði, og aðalflm. beggja frv. eiga sæti í þeirri n.

**Jóhann Jósefsson** [óyfirl.]: Það var ekki til þess að taka upp neitt karp um þetta mál, að ég kvaddi mér hljóðs. Ég vildi benda á það, að allmikill munur er á till. þeim, sem annarsvegar eru undirbúnar af milliþingan. í sjávarútvegsmálum, og hinsvegar í frv. því, sem hv. þm. Barð. var að mæla fyrir og borið er fram af þremur framsóknarmönnum. Ég skal ekki taka það af, að samkomulag geti orðið um að efla Fiskveiðasjóð með útgáfu handhafavaxtabréfa. Hv. flm. benti til þess, að tryggilegar væri gengið frá ákvæðum frv. í þessu efni en gert er í l. frá 1930. Ég vil þó ekki láta hjá líða að minna á það, að í l. frá 1930 var ríkissjóði gert að skyldu að leggja fram

1 millj. króna til Fiskveiðasjóðs, en það hefir ekki verið framkvæmt, heldur hefir sjóðurinn sjálfur verið látinn taka lán. Þetta verður að athuga í sjútvn. — Þá er það atriði, að samkv. frv. hv. þm. Barð. og meðflm. hans má veita lán allt að helmingi kaupverðs skipanna, og ef um samvinnufélög er að ræða, má lána allt að ⅘ hlutum kaupverðs. Hér er útgerðarsamvinnufélögunum allt of mikið mismunað. Það getur verið fullt eins tryggilegt að lána einstaklingum eða öðrum samtökum sjómanna og samvinnufél. Og það er ekkert réttlæti að gera svo upp á milli manna sem gert er í frv., og því síður, sem samvinnufélögunum er líka veittur forgangsréttur að lánunum. — Ég drap á það í ræðu minni um frv. það til breyt. á l. um Fiskveiðasjóð, sem mþn. undirbjó, að fleiri en við, sem erum flm. þess frv., vildu koma því svo fyrir, að ríkið hætti að taka á sig ábyrgðir fyrir hvert útgerðarsamvinnufélagið á fætur öðru. Það er ekki undarlegt, þó að framsóknarmenn séu farnir að sjá, hvað þetta er óheppilegt fyrirkomulag, enda vitað, að ríkissjóður hefir þegar fengið skell af þessum ábyrgðum. En hér er opnuð leið til annara hættulegra ábyrgða. Í 3. gr. frv. er mælt svo fyrir, að lánin skuli veitt gegn 1. veðrétti í skipum útgerðarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru og rekin samkv. sérstökum l. um slík félög, og megi nema allt að ⅘ virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði. Ennfremur er krafizt ábyrgðar hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags. Mér liggur við að segja, að hér sé farið úr öskunni í eldinn. Það, að fara að draga bæjar- og hreppsfélög inn í þessi mál, er eins óviðkunnanleg og hættuleg braut og sú, að draga ríkissjóð beint inn í þessar ábyrgðir. Í þessu efni virðist mér frv. ekki gera nein bragarbót. Það er engu betra að leggja þetta á herðar bæjar- og hreppsfélaga, sem, eins og allir vita, eru meira og minna á hausnum, nema ef vera skyldi Reykjavík, en að ríkissjóður sjálfur hafi þessar ábyrgðir. En að mínum dómi er hvorttveggja rangt. Nú er það svo, að þessi lán eiga að veitast af stofnun, sem er byggð upp eins og bankastofnun og á því að starfa eftir bankareglum og miða veitingu lána og fjárhæðir við þá tryggingu, sem fyrir liggur, og ekkert annað. Og sú stofnun, sem bezt skilyrði hefir til að leysa þetta mál, er Fiskveiðasjóður, ef löggjöfin gerir hann færan um að halda hlutverki sínu áfram. Hv. þm. Barð. er mér sammála um það, að efla þurfi sjóðinn að mun. En ég vildi nú strax við 1. umr. minnast á þá heiztu agnúa, sem mér finnst vera á frv. því, er fyrir liggur. Einkum finnst mér þörf á því að tryggja fjárhagshliðina betur en gert er í þessu frv. Ekkert er ákveðið um það, hvað mikið fjmrh. á að láta kaupa af bréfunum. Hér eru nefndar út í báinn nokkrar stofnanir, Bjargráðasjóður, Slysatryggingarsjóður o. fl., og á að verja nokkrum hluta af fé þeirra til kaupa á handhafavaxtabréfum Fiskveiðasjóðs, en fjmrh. er ætlað að ákveða upphæðina. Við þessu væri ekkert að segja, ef nefnd væri ákveðin upphæð og vitað væri, að tilteknir sjóðir gætu leyst þetta af hendi og stj. væri skyld að framkvæma þetta. Hér þarf mikla umbót á, til þess að hægt sé að skoða frv. þetta sem venjulegar umbætur á Fiskveiðasjóðnum. Það er með öllu móti óviðunandi, að þeir menn, sem ekki vilja vera í samvinnufélagi, skuli ekki fá lánsupphæð nema allt að ½ virðingarverðs skipa sinna, en þeir, sem í samvinnufélögum eru, geta á sama tíma fengið ⅘ hluta virðingarverðs út á sín skip. Ennfremur er óþolandi þetta ákvæði um forgangsrétt samvinnufélaga að lánunum. Setjum svo, að efnilegir menn í einhverju plássi væru fyrir löngu búnir að biðja um lán, en svo væri stofnað samvinnufélag, þá er þeim orðalaust skotið aftur fyrir þetta nýja félag. — Ennfremur inniheldur þetta frv. atriði, sem orðið hefir mikið deilumál á undanförnum þingum, en það er ákvæðið um, að tryggingin á skipunum skuli ganga fyrir öllum veðum nema lögveðum. Það hefir ekki blásið byrlega fyrir lagaákvæðum hingað til, sem nema í burt sjóveð í skipum fyrir skipshöfnina. Á þingi 1930 var gerð tilraun til þess að koma í veg fyrir, að lántakendur yrðu fyrir of miklum óþægindum af þessu, með því að ákveða, að ¼% af lánsupphæðinni rynni í hættutryggingarsjóð. Það vakti fyrir flm., hv. þm. V.-Ísf., að með þessu móti gæti myndazt tryggingarsjóður við hliðina á Fiskveiðasjóði, svo að ekki þyrfti að krefjast þess, að sjóveðið væri afnumið. En sá sjóður hefir ekki fengið mikið fé og er sama og einskis virði. Og það mun verða svo, að sjóveð hvíli áfram á bátum og skipum, enda er það tæpast rétt gert að meina skipshöfnum öruggan aðgang að kaupi sínu.

**Flm. (Bergur Jónsson)** [óyfirl.]: Ég hafði skilið hæstv. forseta svo, að ekki væri ætlazt til, að farið væri út í deilur um mál þessi nú. Þess vegna leiddi ég hjá mér að ræða frv. hv. þm. Vestm. og í því trausti fer ég heldur ekki út í deilur um þetta mál. Hv. þm. Vestm. hefir auðsjáanlega skilið þetta öðruvísi, því að hann fer að ræða einstakar gr. frv. Þó að ræða hans gefi fullt tilefni til aths., mun ég ekki verða langorður.

Hv. þm. sagði, að það væri mikill munur á frv. Sjálfstfl. um Fiskveiðasjóðinn, sem mþn. í sjávarútvegsmálum bar fram. Þetta er mjög eðlilegt, þar sem það frv. er algerlega í anda Sjálfstfl., enda skipað í n. með tilliti til þess. Ég ætla ekki að fara hér í neinn mannjöfnuð um flm., en hér er reynt að samrýma þessi mál. Þá minntist hv. þm. á, að ríkisstj. hefði ekki lagt fram til sjóðsins þá 1 millj. kr., sem lögin gera ráð fyrir. Ég býst við, að hæstv. stj. hafi ekki séð sér það fært vegna fjárhagsaðstöðu ríkissjóðs. Enda hefði ekki síður átt að gera það á þeim tíma, sem sjálfstæðismenn voru í stj., heldur en þegar framsóknarmenn voru það. Það er ekki heldur ósanngjarnt, ef ríkissjóður sér sér fært, að hann taki að sér skuld Fiskveiðasjóðs við Landmannsbankann, sem er tæp 1 millj. kr.

Þá taldi hv. þm. það mikið ranglæti að lána útgerðarsamvinnufélögum ⅘ af kaupverði skipanna, en ekki nema ½ til annara. En hér er ólík aðstaða. Það var tilgangurinn að ganga svo frá tryggingum samvinnufélaganna, að um nálega enga hættu væri að ræða á lánum til þeirra. Hvort þetta hefir tekizt, verður reynslan að skera úr.

Þá skal ég svara aths. hv. þm. um, að það væri að fara úr öskunni í eldinn að láta hlutaðeigandi bæjarfélög ganga hér í ábyrgðir. Það kemur aðeins til greina þegar lánað er samkv. 3. gr. ⅘ virðingarverðs út á skipin. Þar má aðeins lána gegn 1. veðrétti, sem gangi þá fyrir öllum tryggingum nema lögveði. Þó bæjar- og hreppsfélög séu þar jafnframt í bakábyrgð, ætti þeim ekki að þurfa að stafa hætta af henni, enda kemur slíkt ekki til greina, ef tryggilega er um búið.

Þessar ábyrgðir er ekki hægt að bera saman við þær ábyrgðir, sem mörg smáþorp hafa verið að taka á sig fyrirfarandi ár á lánum til ýmsra óarðbærra og vafasamra fyrirtækja. Það er alveg hörmulegt til þess að vita, að það hafa verið lagðar á þorp og bæi ábyrgðir, sem hefðu átt að koma langt á eftir öðru nauðsynlegra. Er þetta því tekið hér upp sem endurbót, því hverju sveitar- og bæjarfélagi ríður fyrst og fremst á að hlynna að atvinnulífinu. Má gera ráð fyrir, að leiðin að ríkisábyrgð verði þá og þegar lokuð. Þá er það óþarfi fyrir hv. þm. að vera að kvarta um ríkisábyrgðirnar og hælast um yfir því, að við framsóknarmenn séum nú fyrst að sjá, að hætta geti stafað af því fyrir ríkið að taka á sig ábyrgðir fyrir samvinnufélög. Ég man ekki betur en að þm. sjálfur hafi drengilega staðið með okkur framsóknar- og jafnaðarmönnum að ábyrgðarheimild bæði fyrir Borgarnes og Stokkseyri, svo hann hefir ekki heldur hreinar hendur í þessum efnum. Hitt var eðlilegt, að við samvinnumenn gengum inn á þá braut, þar sem um er að ræða starfsemi, sem er í fullu samræmi við okkar stefnu og við höfum trú á, að sé heppileg leið í okkar atvinnumálum. Ég fæ ekki séð, að það sé nokkurt misrétti, þó þeim mönnum sé lánað minna út á skipin, sem ekkert skipulag vilja né tryggingarsjóði, o .s. frv.

Ég ætla að halda mig að öðru leyti að því, sem ég áleit, að hefði verið samkomulag um, að vekja ekki deilur um málið nú við þessa umr. Vil ég þó út af því, sem hv. þm. sagði um síðustu málsgr. 1. gr., taka fram, að það er ómögulegt að ákveða, hvað miklu fé er árlega hægt að verja til kaupa á vaxtabréfum Fiskveiðasjóðs, því við vitum ekki, hve mikið fé verður fyrir hendi t. d. í Bjargráðasjóði, og jafnvel fleiri sjóðum, sem eru undir umsjón ríkisins.

Að lokum skal ég taka það fram, að okkur þótti ekki fært að fella niður sjóveð sjómanna, og fannst það í raun og veru ekki hafa neina þýðingu, þar sem hér er gert ráð fyrir, að flestir eða allir, sem að þessu vinna, verði hluthafar í útgerðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Nd., 19. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 30. Frystigjald beitusíldar.

Á 30. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um frystigjald beitusíldar** (þmfrv., A. 338).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 14. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

---

Á 39. fundi í Nd., 17. nóv., utan dagskrár, mælti

**Garðar Þorsteinsson:** Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvers vegna frv. um frystigjald beitusíldar er ekki á dagskrá í dag. Það var á dagskrá fyrir 3 dögum, en hefir ekki verið á dagskrá 2 undanfarna daga. Ég vil óska þess, að frv. verði a. m. k. sett á dagskrá næst.

**Forseti (JörB):** Það er af tilviljun, að þetta frv. er ekki á dagskrá í dag, en það mun vissulega verða sett fljótlega á dagskrá aftur.

---

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18:1 atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 31. Barnafræðsla.

Á 32. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um barnafræðslu** (þmfrv., A. 345).

Á 36., 37. og 41. fundi í Nd., 14., 15. og 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 32. Ættaróðal og óðalsréttur.

Á 41. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um ættaróðal og óðalsrétt** (þmfrv., A. 517).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

## 33. Nýbýli.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um nýbýli** (þmfrv., A. 519).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

## 34. Fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins** (þmfrv., A. 538).

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Hannes Jónsson:** Það mál, sem ég flutti snemma á þingi og þetta frv. er sprottið af, hefir ekki fengið leyfi n. til að koma á dagskrá enn sem komið er. Ég heimta, að málið verði afgr. frá landbn. og fái að koma á dagskrá hér, áður en farið er að setja þetta mál á dagskrá. Þetta er sanngirniskrafa. Ég hefi gengið eftir þessu dag eftir dag og viku eftir viku, en enga áheyrn fengið hjá hv. landbn.

**Forseti (JörB):** Er óhugsandi, að samkomulag fáist um, að þetta mál verði tekið til 2. umr. nú um leið og það, sem hér liggur fyrir? **(HannJ:** Af minni hálfu verður þessu máli ekki sleppt gegnum 1. umr. umræðulaust.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta er viðkvæmt mál fyrir hv. þm. V.-Húnv. Við í landbn. höfðum hugsað okkur að afgr. þetta mál og mál hv. þm. V.-Húnv. í frv. því, sem hér liggur fyrir. En ef hv. flm. leggur svo mikið kapp á það, og sérstaklega ef hæstv. forseti mælist til þess líka, geri ég ráð fyrir að geta afgr. mál hans strax í fyrramálið. Ég skal lofa að gangast fyrir, að þetta verði gert, ef hv. þm. leyfir þessu máli að fara umræðulaust til 2. umr., þannig að hægt verði að slá saman umr. um bæði málin.

**Hannes Jónsson:** Ég vil fá afgr. frv. mín, er snerta lánskjör landbúnaðarins, og ef hv. landbn. gerist svo djörf að ætla að kyrkja þessa viðleitni á því að rétta bændum nokkra hjálparhönd með tilliti til hins mikla þunga, er á þeim hvílir af fasteignaveðslánum, og ef henni tekst það, þá tel ég nauðsynlegt að flytja stórvægilegar brtt. við þetta frv. Á ég heimtingu á að fá fulla afgreiðslu á þessu máli, sem n. hefir setið á aðgerðarlaust allan þingtímann.

**Forseti (JörB):** Ég vil spyrja hv. þm. V.-Húnv., hvort hann geti ekki fallizt á þessa afgreiðslu, að bæði málin verði tekin í einu til 2. umr.

**Hannes Jónsson:** Ég vil spyrja hæstv. forseta, af því að ég veit, að hann er sanngjarn maður, hvort honum finnist sanngjarnt, að tvö mál, sem annað er flutt hálfum öðrum mánuði fyrr, eigi að hafa sama gang í þinginu. Ef hæstv. forseti svarar þessu játandi, þá veit ég ekki, hvað ég kann að gera fyrir hann, en þá held ég, að ég verði að telja hann ósanngjarnan.

**Magnús Torfason:** Ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann vilji lofa því að taka mál hv. þm. V.-Húnv. fyrr á dagskrá en þetta mál, sem fyrir liggur.

**Forseti (JörB):** Ég hefi áður látið í ljós þá ósk, að hv. landbn. afgreiddi mál hv. þm. V.-Húnv. Það er ekki viðunandi fyrir flm., að n. setjist á mál þeirra, sem koma fram snemma á þingi. Hér eru nú t. d. tvö mál á dagskrá, 12. og 13. mál, sem mjög lengi hafa beðið. Hv. form. landbn. hefir nú lofað að taka málið fyrir og sjá um, að það fái afgreiðslu af hálfu n. Þá get ég líka lofað að setja mál hv. þm. ofar á dagskrá en það mál, sem nú liggur fyrir. **(HannJ:** Fyrr til umr.!). Það liggur í þessu loforði. Ætla ég, að það séu hyggilegust málalok að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 538, 638).

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta frv. dróst að nokkru leyti inn í umr. hér í dag um það mál, sem var næstsíðast til umr. (frv. um ráðstafanir vegna fjárkreppunnar). Samt sé ég mér ekki fært annað en að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum.
Það mun vera sameiginlegt álit allra, sem eitthvað þekkja til þeirra erfiðleika, sem landbúnaðurinn hefir átt við að etja undanfarið, að full nauðsyn sé á að lækka vexti af lánum, sem á landbúnaðinum hvíla, bæði fasteignaveðslánum og öðrum. Þetta hefir verið rætt hér í dag, þegar til umr. var frv. um breyt. á l. frá 1933 um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, og skal ég því ekki fara út í það nú.
Mér er það ákaflega vel ljóst og nefndarmönnum yfirleitt, að það er langt frá því, að svo langt sé gengið með þessu frv. sem æskilegt væri. En það eru mörg ljón í veginum, þegar á að fara að vinna að því að koma niður vöxtum. Bæði er lítið fé hér fyrir höndum, svo að kapphlaup verður um þá fáu aura, sem hér eru á boðstólum á hverjum tíma til framkvæmda í landinu, og afleiðingin af því verður vitanlega sú, að vextir verða miklu hærri en ella, nema sérstakar ráðstafanir stjórnarvaldanna komi til. Hinsvegar er sama um það að segja, að þó að við snúum okkur til útlanda í þessu skyni, þá eru þau vaxtakjör, sem við búum við hjá erlendum peningastofnunum, ekki það glæsileg, að lán frá þeim í þessu skyni mundu mikið létta undir hjá okkur í þessu efni. Við, sem borið höfum fram þetta frv., höfum samt álitið, að töluverð bót yrði ráðin á vandræðum landbúnaðarins með þeim ráðstöfunum, sem frv. gerir ráð fyrir, þótt ekki sé þar eins langt gengið og full þörf væri á.

Það er öllum kunnugt, að breytzt hefir geysimikið frá því, sem var fyrir fáum árum, hlutfallið á milli afrakstrarfjár búanna, þess verðmætis, sem er í búum bænda og bústofni annarsvegar, og hinsvegar þess lánsfjár, sem á sínum tíma var í þeim fest, og stafar þetta, eins og allir vita, af verðfalli á landbúnaðarafurðunum. Þetta keyrir nú svo úr hófi fram, að segja má næstum, að öll fyrirtæki landbúnaðarins, hvort sem rekin eru með lánsfé eða eigin fé, séu rekin með tapi ár eftir ár, á meðan þeir, sem fé eiga á vöxtum í landinu, hafa ríkisábyrgð fyrir því að fá af því trygga vexti. Þetta misræmi má minnka á tvennan hátt: Með því að gera ráðstafanir til að auka verð á afurðum bænda og með því að lækka vextina. Báðar þessar leiðir hafa verið reyndar. Með kreppulánasjóðsl. hafa verið gerðar allróttækar ráðstafanir til að lækka vexti af lausaskuldum bænda og koma þeim yfir í hagkvæmari lán, kreppusjóðslán. En eftir hefir orðið sá flokkur lána, sem um ræðir í þessu frv. og liggur enn þungt á bændum. — Hin leiðin hefir verið farin með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið með mjólkurl. og kjötl. til þess að hækka verð á tveimur af aðalframleiðsluvörum bænda.

Þessar báðar leiðir hafa verið reyndar, og þar sem ég geri ráð fyrir, að ókleift muni reynast að koma vöxtunum mikið niður, verður líklega að fara hina leiðina, að hækka vöruna.

Þetta frv. er í 3 köflum. I. kafli fer í þá átt að breyta l. um Búnaðarbanka Íslands. Ákvæði þessa kafla miða að því að lækka bankavextina. — II. kafli er brtt. við l. um Ræktunarsjóð Íslands, og III. kafli er brtt. við l. um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar. Tilgangur þessara ákvæða, sem fremur eru sett til bráðabirgða, er sá, að lækka vexti af lánum, sem ákvæði hinna kaflanna ná ekki til, meðan verið er að konvertera þeim samkv. I. kafla.

1. gr. frv. stendur í sambandi við 5. gr., og mun ég ræða um hana jafnframt þeirri gr.

2. gr. kveður svo á, að 14. gr. l. skuli orðast svo:

„Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar".

Í Búnaðarbankal. nú er gert ráð fyrir, að Búnaðarbankanum sé ánöfnuð 1¼ millj. af viðlagasjóði, sem gert er ráð fyrir, að sé eftir sem áður í eign ríkisins. Svo þegar varasjóður veðdeildarinnar er búinn að ná ákveðnu hámarki, á bankinn að fara að greiða vexti til ríkisins. En hér er gert ráð fyrir, að stofnsjóðurinn verði eign veðdeildar bankans, og á þá að vera heimilt að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til vaxtalækkunar af lánum veðdeildarinnar. Þetta er hugsað í sambandi við 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir heimild til að taka allt að 5 millj. kr. lán til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar.

Nokkur hluti lánanna stendur í sparisjóðum og sparisjóðsdeildum bankanna. Þessi lán eru yfirleitt þyngst, þar sem þau eru flest með fullum vixilvöxtum. Við sáum ekki aðra leið að því er þessi lán snertir en að reyna að konvertera þeim í ódýrari lán, með því að stofna nýja veðdeildarflokka við Búnaðarbankann. Nú er ekki trygging fyrir því, að lán til þessara hluta myndi fást með aðgengilegum kjörum, nema þá helzt erlendis. Hv. þm. V.-Húnv. sagði reyndar áðan, að ekki væru fáanleg lán erlendis með minna en 6% vöxtum. Þetta held ég, að ekki sé rétt. Lengi hefir ekki verið fáanlegt í nágrannalöndunum jafnódýrt lánsfé og nú. Bæði í Danmörku og Svíþjóð má fá lán með betri vaxtakjörum. Danir eru nú sem óðast að konvertera gömlum lánum í ódýrari lán. En ef ekki reynist kleift að fá slík lán með sæmilegum kjörum, gerum við ráð fyrir, að verja megi helmingi af vöxtum stofnsjóðs veðdeildarinnar til vaxtalækkunarinnar.

Þá er 4. gr. frv. Í l. um Búnaðarbankann stendur, að fresta megi framkvæmd veðdeildarl. um óákveðinn tíma. Þetta er nú óþarft, þar sem veðdeildin er tekin til starfa, og leggjum við því til, að þetta ákvæði sé niður fellt.

Í 5. gr. frv. er lagt til, að IV. kafli l. (Bústofnslánadeild) falli niður. Um það var mikið þráttað, þegar l. voru sett, hvort þessi kafli myndi koma að verulegum notum. En við framkvæmd l. hafa menn orðið sammála um, að kaflinn kæmi varla til framkvæmda. Verður það og að teljast neyðarúrræði, að bændur bindi bústofn sinn veðböndum í bönkunum. Eru það verstu veðin og þau hættulegustu, sem á bústofninum hvíla. En við framkvæmd kreppul. neyddust menn til að taka nokkurn hluta af bústofni bænda sem veð, og er því nokkuð af búfé þeirra veðbundið, og verður lengi enn. Við leggjum því til, að Bústofnslánadeildin verði niður felld, en að sá hluti af Viðlagasjóði, sem þessari deild var ætlaður, verði fenginn Ræktunarsjóði til eignar. Þessi upphæð nemur 700 þús. kr.

Þá er II. kafli frv. — 6. gr. stendur í sambandi við ákvæði 5. gr., að Bústofnslánadeild sé afnumin. Er ætlazt til, að það af Viðlagasjóði, sem umfram er eign veðdeildar Búnaðarbankans, eins og hann telst 1. jan. 1935, renni til Ræktunarsjóðs.

Í 7. gr. er lagt til, að í stað orðanna „flokkurinn var opnaður" í 3. gr. l. komi: „flokknum var lokað". Þetta ákvæði snertir það, á hve skömmum tíma skuli vera lokið inndrætti allra bréfa, er Ræktunarsjóður gefur út. Er þetta í núgildandi l. takmarkað við ákveðið árabil, sem sé 8 ár, eftir að flokkurinn var opnaður. Breyting okkar gerir að verkum, að hægt er að lengja lánstímann úr Ræktunarsjóði um allt að 10 ár, en við það léttast ársgreiðslurnar á viðkomandi láni um 0,7%.

8. gr. kveður svo á, að lækka skuli þá upphæð, sem stofnsjóður má bæta við sig af ársvöxtum höfuðstólsins, úr 3½% niður í 2½%.

9. gr. frv. gerir ráð fyrir, að aftan við 9. gr. l. c-lið bætist: „og bankatryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda". Þetta ákvæði við-

víkur heimild í Búnaðarbankal., þess efnis, að lána megi út gegn ábyrgð hreppsn. og sýslun. Þetta eru yfirleitt lökustu tryggingarnar. Slík lán hafa stundum verið gerð jafngild fasteignaveðslánum. En það hefir sýnt sig, að á þessum lánum hafa orðið einna mest afföll. Við ætlumst því til, að þegar lán eru veitt gegn ábyrgð hreppsn. og sýslun., þá komi til baktrygging, sem sjóðstj. tekur gilda.

10. gr. er heimild til að lengja aðallánaflokkana úr 20 í 30 ár og úr 25 í 35 ár. Lán þau, sem Ræktunarsjóður veitir, eru aðallega garðyrkjulán til 5 ára, lán til girðinga, veitt til 10 ára, og svo almenn jarðabótalán og húsabyggingalán til 20—25 ára. Þetta eru höfuðlánin. Við leggjum til, að þessa lánaflokka megi lengja, og stendur þetta í sambandi við 7. gr. frv.

11. gr. er aðeins smábreyting.

12. gr. er um þau atriði, sem ég hefi þegar minnzt á, vaxtalækkun og lengingu lánstíma.

13. gr. er ekki mikilvæg og eiginlega ekki annað en leiðrétting á því, hvenær greiða skuli útdregin vaxtabréf.

14. gr. lýtur að viðvarandi starfsemi Ræktunarsjóðs. Hún hljóðar svo:

„Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa vaxtabréf Ræktunarsjóðs, og ákveður landbúnaðarráðherra árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða".

Nú eru bráðum þrotnar tekjur þær, sem Ræktunarsjóði eru ætlaðar samkv. l. sjóðsins, og verður því að sjá honum fyrir nýju fé. En fé opinberra sjóða og stofnana er ódýrasta féð. Við viljum því gefa Ræktunarsjóði hlutdeild í því fé.

16. og 17. gr. eru aðallega breytingar á l. Ræktunarsjóðs í samræmi við það, sem orðið er um l. Búnaðarbankans. Í Ræktunarsjóðsl., 28. gr., er kveðið á um það, hvernig stj. sjóðsins skuli vera. En þegar Búnaðarbankal. voru sett, breyttist þetta, og tók bankinn við stj. sjóðsins. Hin ákvæðin standa þó enn í Ræktunarsjóðsl. Við viljum, að l. sýni rétta mynd af stj. sjóðsins, eins og hún er nú.

Þá er III. kafli frv. um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar. Þessi kafli er borinn fram vegna sparisjóðslánanna, sem eru þyngstu lánin, eins og ég gat um áðan. Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að reynt sé að konvertera þessum lánum í ódýrari lán, en meðan það tekst ekki, leggjum við til, að ríkissjóði heimilist að greiða þann hluta af lánsvöxtunum, sem er fram yfir 5%, svo að tryggt sé, að öll fasteignaveðslán landbúnaðarins komist niður í 5%, en nú eru vextir af þeim að jafnaði 6—7%. Annars svipar þessum ráðstöfunum til ákvæða, sem eru í gildandi l. um ýmsar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar, en þessi ákvæði falla úr gildi um næstu áramót og er því þörf á að framlengja þau.

Við prentun hafa brenglazt nokkrar gr. frv. Við ætluðum upphaflega að bera fram þrjú frv. um málið, en þegar við ákváðum að bera það fram í einu lagi, láðist okkur að breyta því sem skyldi. Þetta er lagfært með brtt. okkar á þskj. 638. — 1. brtt. á því þskj. gerir ráð fyrir, að aftan við 10. gr. bætist:

„Heimilt er stj. Búnaðarbanka Íslands, ef lántakendur óska þess, að gera þær ráðstafanir um eldri lán til þeirra framkvæmda, er um getur í c- og d-liðum og veitt hafa verið til skemmri tíma en þar segir, að lánstíminn skuli lengdur allt að því, sem hann má mestur vera samkvæmt liðum þessum, en þó aldrei meira en svo, að ætíð sé lokið útdrætti hvers flokks vaxtabréfa á tilsettum tíma".

Eins og hv. þm. sjá, er þessi breyt. aðallega vegna framtíðarinnar, svo að lánalenging komi aðallega fram á lánum, er tekin verða hér eftir. En þeir, sem þegar hafa tekið lán, geta þó fengið nokkra rétting sinna mála, ef þeir vilja.

Hinar gr. eru ekki annað en leiðréttingar.

Þá vil ég víkja að orðum hv. þm. V.-Húnv. Við höfum ekki séð okkur fært að hreyfa við þeim lánum, sem hafa betri lánskjör en 5% vexti, en af þeim er mikill hluti veðdeildarlán Landsbankans. Um lán Byggingar- og landnámssjóðs veit ég, að þau hvíla allþungt á þeim, er þau hafa tekið, en það er ekki af því, að vextir séu svo háir, því að það eru lægstu vextir hér á landi. Væri gott, ef hægt væri að koma öllum vöxtum landbúnaðarins niður í það, sem þar er. En það er óhugsanlegt nema með miklum útlátum úr ríkissjóði. Sé ég ekki, hvernig hægt er að krefjast þess, að meðan verið er að brjóta heilann um það, hvernig hægt sé að koma vöxtum af almennum fasteignaveðslánum niður í 5%, þá séu líka lækkaðir þeir vextir, sem lægri eru. Þessi lán eru þung, ekki af því, að vextir séu svo háir, heldur af því, að lánin sjálf eru há. Ef laga ætti þetta, yrði helzt að skera af þessum lánum. Fyrstu húsin, sem reist voru fyrir þessi lán, urðu nokkuð dýr. Þegar sjóðurinn tók til starfa, voru menn bjartsýnir og réðust í mikil fyrirtæki. Bændur vildu taka stór lán, og var það sízt af því, að sjóðurinn hvetti til þess. Þetta sjá menn nú, að var óhugsað. Eru það því óréttmætar ásakanir, sem komið hafa fram gegn sjóðstj., að hún ætti sök á þessu.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta mál að sinni, en e. t. v. gefst tilefni til þess síðar.

Ég ætla svo ofurlitið að svara hv. þm. V.-Húnv. viðvíkjandi málinu, sem var á dagskrá fyrir skömmu. Hann vildi efa, að ég færi með rétt mál, þar sem ég sagði, að útgjöld ríkisins samkv. því yrðu 300 þús. kr. Hann vitnaði í skýrslur um vaxtalán máli sínu til stuðnings. En ég fór alveg með rétt mál, þegar ég gaf upplýsingar um þetta áður. Lánin eru 4 millj. kr., þó tekið sé tillit til þess, sem fer í Kreppulánasjóð. Ég geri ráð fyrir, að það séu um 4 millj. kr., sem hvíla á bændum, eftir að búið er að afgr. kreppusjóðslánin. Og er full þörf á að taka tillit til þessa, þegar létta á á lánum bænda. Það mun sýna sig, að útgjöldin samkv. hans till. verða 300 þús. kr., en samkv. 3. kafla okkar frv. 60—70 þús. kr., og minna ef tækist að konvertera aðallániniu. Það er ekki að marka, þó útgjöldin síðastl. ár hafi ekki verið nema 130 þús. kr. En það er svo með allan fjöldann af fasteignalánum, að þeim hafa ekki verið gerð skil,

og útgjöldin því ekki komið til eins og ef þau hefðu verið sett í lag. Nú hafa gegnum Kreppulánasjóðinn 2—3 ára vanskil verið sett í lag og vaxtaupphæðir verið borgaðar samkv. gildandi lögum. Það mun sýna sig, að það er stór útgjaldaliður fyrir ríkið að greiða þennan hluta vaxtanna. — Ég skal svo láta máli mínu vera lokið. Í frv. er skemmra gengið en við flm. hefðum óskað, en það er farið eins langt og landbn. sá sér fært að fara. Ég vænti þess svo, að hv. d. greiði fyrir því, að þetta hagsmunamál bænda nái fram að ganga.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Ég viðurkenni, að í þessu frv. sé um nokkra endurbót að ræða, sérstaklega eftir að hv. landbn. hefir tekið tillit til frv. okkar Bændaflokksmanna og tekið upp úr því ákvæði í 3. kafla þessa frv. Það, sem ég hefi við frv. að athuga í fljótu bragði, er, að fellt er niður ákvæðið um bústofnslánadeildina. Ég álít, að það sé ekki rétt, þó að sú deild hafi minna verkefni eftir að farið var að nota kreppulánalöggjöfina. Það er enganveginn svo, að þessi deild hafi ekki þýðingu, og þó að hún hafi ekki komið til framkvæmda, þá álít ég samt, að hún eigi að vera, svo að það verði þá greiðara að hefja þessa starfsemi í framtíðinni. Ég er því óánægður yfir því, að þetta sé fellt niður, þó að það hafi ekki verið framkvæmt ennþá. Um hin ákvæðin í 1. kafla er það að segja, að þó að hv. landbn. álíti, að ekki verði neinn árangur af mínu frv., af því að þar er aðeins um heimild að ræða, þá má segja um þetta frv. hv. landbn., að það er byggt á heimild á heimild ofan. Ég hefi ekkert um það heyrt, hvort mögulegt er að nota heimildina. Ég gæti búizt við, að varasjóður veðdeildarinnar hefði það á sinni könnu, hvort mikið er dregið frá eða ekki. En ég tel nokkurn veginn víst, að mikið verði dregið frá. Það er ástæðulaust að hafa varasjóð, ef hann á ekki að vinna visst verk.

Um ákvæði 3. gr. er það að segja, að þar er aðeins um heimild að ræða handa landbúnaðarráðherra til þess að taka 5 millj. kr. lán. Það er því þarna um heimild að ræða eins og er í mínu frv. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að halda, að ráðh. noti nokkurntíma þessa heimild; þó að hv. þm. Mýr. sé vongóður um, að það takist að konvertera láninu, þá veit ég ekki, hvort það tekst. Ég býst ekki við, að það verði svo glæsilegt, að það geti fært vexti niður í 5%. Þegar á að fara að nota þennan hluta vaxta viðlagasjóðs, sem á að vera varasjóður veðdeildarinnar, þá er ég hræddur um, að þurfi að nota meira en vaxtatillagið vegna sparisjóðsskuldanna. Það mun sýna sig, að það fer talsvert, ef færa á vexti niður í 5%, eða lækka þá um 1½%, af 1¼ millj. kr. Ég veit ekki, hvernig á því stendur, að í grg. fyrir frv. eru veðdeildarlán Búnaðarbankans talin 1½ millj., en ég veit ekki til, að þau séu nema 1¼ millj. kr. Ræktunarsjóðslánin eru talin 5½ millj. kr., en ég veit ekki til, að þau séu nema 4,7 millj. kr. Ég býst við, að þetta sé misreikningur hjá n., en ekki það, að þessar tölur séu frá Búnaðarbankanum. Þar sem þessar tölur eru ekki réttar, þá er ástæða til að halda, að eitthvað hafi ruglazt með blönduðu lánin hjá sparisjóðunum. Það munar um 1 millj. á tveimur liðum. Ég er hræddur um, að það sé varhugavert hjá n. að binda bjargráðasjóð í verðbréfakaupum fyrir veðdeild Búnaðarbankans. Ég vil aðeins benda á þetta í þessu sambandi, en ég hefi ekki athugað, hve miklir möguleikar eru fyrir þessa stofnun að standa undir eftirgjöfum á vöxtum. Ég er hræddur um, að það takist aldrei fyrir bankann að reyta saman fé frá eigin starfsemi til þess að standast þessa vaxtalækkun. Það má vera, að n. hafi reiknað þetta út. En ég hefi ekki heyrt rök fyrir því, að hægt sé að koma á vaxtalækkun eins og n. gerir ráð fyrir. Út af Byggingar- og landnámssjóðslánunum skal ég taka það fram, að til þeirrar stofnunar var varið fé með það fyrir augum, að þau lán, sem hún veitti, væru við vægari kjörum en önnur landbúnaðarlán. Þeir menn, sem hafa tekið lán þar, standa undir öðrum skuldum. Þetta er því aukabyrði, sem menn hafa orðið að leggja á sig til þess að koma byggingum á jörðum sínum í viðunandi horf. Það er því ekki síður aðkallandi að fá vaxtalækkun, þó ekki sé um stórvægilegar upphæðir að ræða. En þar sem þessar skuldir hvíla á fáum mönnum, þá er þetta þungur baggi, og myndi nema 70—180 kr. á hvern einstakling. Þegar þessi lánskjör eru borin saman við lánskjör á þeim skuldum, sem ganga manna á milli, þá er búið að gera viðskiptaskuldunum hærra undir höfði, þar sem þær eru lækkaðar um 10%—90%, og svo á að borga af þeim litla hluta, sem eftir er, 4%, en hin lánin hvíla áfram á þeim mönnum, sem hafa tekið þau. Það getur vel verið, úr því á að ganga þá braut, að lækka skuldaþungann á mönnum, en það liggur ekki fyrir, að það sé þægilegt að gera það, að þá hefði verið réttara að nota fé Búnaðarbankans til þess að koma þessum skuldum í viðunandi horf, en ekki að lækka vaxtagreiðslur þær, sem hvíla á mönnum. Búnaðarbankinn hlýtur fyrr eða síðar að verða fyrir töpum af stofnskuldum sínum, en til þess er varasjóður stofnunarinnar að standa undir þeim, ef til kemur. Það er ógætilegt að ganga svo langt að reyta þessa stofnun inn að skyrtunni til þess að koma á almennri vaxtalækkun. Það er sérstaklega óeðlilegt, þegar slík vaxtalækkun snertir ekki skuldir hjá lánstofnuninni sjálfri, heldur skuldir, sem stofnaðar eru við aðrar lánstofnanir, sem eru meir óviðkomandi stofnuninni en Byggingar- og landnámssjóður. Þær skuldir, sem ég á við, eru þær, sem stofnaðar eru í sparisjóðunum. Hv. frsm. talaði um, að þetta lán myndi hrökkva til, en annars á að taka fé úr Búnaðarbankanum til að jafna mismuninn, svo að vextir verði ekki nema 5%. Ég vil leggja áherzlu á það, að ef þetta er talið fært, þá sé getu Búnaðarbankans beint í þá átt, að lækka vexti á lánum Byggingar- og landnámssjóðs eða afskrifa skuldir, og að ríkisvaldið tæki á sig nauðsynlega vaxtalækkun, þar til opnaðist leið til sæmilegra kjara með lántöku erlendis. Ég hefi ekki trú á, að lán fáist með lægri vöxtum en 5%, og annað er að afgreiða málið í góðri von, en það er ekki raunveruleg lausn málsins.

Að lokum vil ég spyrja hv. frsm., hvort það sé í samráði við hæstv. landsstj., eða hvort hæstv.

fjmrh. hefir fallizt á að taka við heimildinni í 3. kafla frv., svo að víst sé, að hún verði framkvæmd. Það var ekki álitið fært að taka við henni frá mér, en það er kannske fært að taka við henni frá öðrum. Mér skildist á hv. frsm., að það væri þýðingarlítið að samþ. frv. mitt, af því að heimildin myndi ekki verða notuð af ráðh. Hefir hann þá tryggingu fyrir því, að hans heimild verði notuð? Eða var vilyrði ráðh. bundið við vissa upphæð?

Ég mun fyrir 3. umr. verða búinn að afla mér betri gagna um það, að hve miklu leyti till. n. er framkvæmanleg, og hvort það er ekki svo, að hjá Búnaðarbankanum sé ekki fé fyrir hendi. Búnaðarbankinn hefir ekki aðrar tekjur en þær, sem honum eru fengnar í hendur, og þær tekjur, sem hann skapar sér með útlánastarfsemi sinni. Ef hann á að standa undir frekari útgjöldum en fært er, þá er það gagnslaust. Það er hart, ef 1 eða 2 þús. standa í vegi fyrir því, að hægt sé að reka ríkisbúskapinn. Ég get ekki skilið þá röksemdaleiðslu, að öllu verði siglt í strand, þó veittar séu 1 eða 2 þús. fram yfir það, sem stjórnin ætlast til.

**Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég ætla að svara nokkru aths. hv. þm. V.-Húnv. Hann hafði ýmislegt við frv. að athuga, og ætla ég ofurlítið að fara út í einstök atriði. Hann taldi illa farið, að ákvæðið um bústofnslánadeildina hefði verið strikað út úr frv. Hann taldi, að hún hefði sitt starf að inna af hendi í framtíðinni, og það væri verr farið, ef hún væri strikuð burt. Ég lít öðruvísi á þetta atriði. Mér er það ljóst, að þeir menn, sem eiga aðeins bústofn, þurfa að taka lán, en þá er sú leiðin réttari, að þeir fái þau annaðhvort úr veðdeild bankans eða úr Ræktunarsjóðnum, gegn ábyrgð hreppsnefndar, og baktryggi henni með bústofni sínum. Þannig geta þeir notað bústofninn til þess að komast að sem beztum kjörum, þó að bústofnslánadeildin sé felld niður. Hann taldi, að frv. væri byggt á heimild, og þar væri því aðeins um skóbótaskipti að ræða frá hans frv. En sá er munurinn, að þetta frv. er byggt á heimild, sem líkur eru til, að hægt verði að nota. Ef við tökum t. d. þau ákvæði, sem varða Ræktunarsjóðinn, þá er það atriði nákvæmlega rannsakað af mér og hv. 2. þm. N.-M. ásamt Brynjólfi Stefánssyni. Við höfum gaumgæfilega athugað það, að Búnaðarbankanum er þetta fært án þess að bíða halla við það. Það verður minna af vöxtum, sem leggst við stofnsjóðinn, svo að hann stækkar ekki eins ört. En úr þessu má bæta með því að flytja viðlagasjóð til Búnaðarbankans sem óskoraða eign hans. Hann tekur vexti og getur varið þeim til lánalækkunar að nokkru leyti, og svo til vaxtar Búnaðarbankanum, svo að hann geti haldið starfsemi sinni óbreyttri.

Þá var hv. þm. að spyrja um það, hvort heimildin til þess að taka lán erlendis myndi verða notuð. Ég get fullvissað hann um það, að hún mun verða notuð, svo framarlega sem lán fæst erlendis með viðunandi kjörum, og það er eina leiðin til þess að fá breytt lánakjörum þeirra, sem hafa nú lán í sparisjóðum út á fasteignir sínar.

Þá var hv. þm. að tala um byggingar- og landnámssjóðslánin, hve mikil nauðsyn væri að lækka þau lán. Það getur vel verið nauðsyn að lækka lán, þó þau séu veitt með góðum kjörum, jafnvel þó engir vextir séu greiddir af þeim. En mér finnst óréttlátt og ósanngjarnt á meðan vextir eru ekki lækkaðir almennt og meðan landbúnaðurinn sætir lánakjörum, sem eru hærri en 5% vextir, að ráðast á garðinn þar, sem hann er lægri, eða byrja að lækka þá vexti, sem eru langt fyrir neðan. Eina færa leiðin til að létta þau lán er að skera þau niður, eins og gert hefir verið með kreppulánasjóðslánunum; ég veit, að í mörgum tilfellum hefir þar verið skorið af fasteignaveðslánum. **(HannJ:** Ekki nema þeim, sem voru yfir fasteignamat). Það er heimild til að gera það, ef stjórn sjóðsins álítur fasteignamatið of hátt.

Þá var þm. að vitna í, að ekki bæri saman skýrslum landbn., sem hér hafa verið lagðar fram, og skýrslum kreppulánasjóðs. Ég get sagt honum það, að upplýsingarnar eru frá sama stað, sömu tölur lagðar til grundvallar, aðeins misjöfn útfærsla. Hér eru sparisjóðslánin t. d. ekki talin nema 1,5 millj. kr., en eru sennilega um 6 millj., og þá eru ekki talin hér með ábyrgðarlán, og býst ég við, að kreppulánasjóður hafi þegar dregið frá þann hluta, sem er eftir gefinn, áður en þessi tafla var samin. **(HannJ:** Það var ekki búið). — Hv. þm. talaði um, að það væri undarlegt að gera almennum skuldum hærra undir höfði en fasteignalánum. Það ætti ekki að þurfa að segja það, að kreppulánasjóðslögin eru byggð á sérstöku ónormölu ástandi, sem hefir valdið því, að þetta var sett af stað. En það er ekki hægt að byggja framtíðarskipulag á lánskjörum landbúnaðarins á óeðlilegu ástandi. Það er ekki hægt að krefja ríkissjóð um fjárframlög í þessu skyni æ ofan í æ; til þess hefir ríkissjóður enga getu, hvað sem kann að líða vilja Alþingis. Annars held ég, að þetta sé orðið svo rætt milli okkar hv. þm. V.-Húnv., að ég nenni ekki að karpa lengur við hann. Ef eitthvað er eftir, má það bíða 3. umr. En út af því, sem hann sagði, að ekki mundi hægt að fá nægilega hagkvæmt lán erlendis til að breyta þessum lánum, skal ég játa, að það getur vel verið, að það sé erfitt. Þess vegna leggjum við til, að stj. sé gefin heimild til að nota hálfa vextina af stofnsjóði til vaxtagreiðslu af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, svo þau lán verði ekki of dýr.

Ég held ég láti svo hér við sitja og tek ekki til máls aftur nema sérstök ástæða sé til.

**Hannes Jónsson** [óyfirl.]: Þeir eru að gera það sér til skemmtunar, þingbræður okkar, að halda aukafundi í hliðarsölunum. Þeir þykjast vera svo fróðir um þessi mál, að þeir þurfi ekki að hlusta á okkur hv. þm. Mýr. eða segja sitt álit á málinu, og bendir það á, að ekki hafi þeir mikið til brunns að bera eða viðhafi alvöru við afgreiðslu þessa máls. Taka þeir frv. sem leikaraskap hv. þm. Mýr., þó ég vilji ekki bera svo þungar sakir á hann eða hæstv. stjórn. En undarlegt þykir mér glott þm., ef alvara er bak við, og öll framkoma stjórnarliða bendir til þess, að það sé fyrirfram ákveðið að leika sér að þessu

máli, án þess að koma fram þörfum umbótum á þessu mikla vandamáli landbúnaðarins. Sérstaklega vil ég taka fram, að hv. 2. þm. N.-M. tekur sér létt þetta alvörumál, og er það í fullu samræmi við alla framkomu hans. Ég hefi heyrt, að hann hafi staðið manna harðastur á móti því í n. að lækka vexti á lánum bændanna og hafi þar verið hjartanlega sammála sósialistum, sem harðast hafa staðið á móti öllu því, sem getur komið bændunum á fjárhagslegan grundvöll. En þeirra markmið er að eyðileggja framleiðendur til lands og sjávar, eyðileggja alla framleiðslu í landinu, og þeim hlær hugur við að geta glapið framsóknarmönnum sýn; það hlær í þeim skálkurinn, ef þeir geta gert framsóknarþm. að böðlum yfir þeim mönnum, sem þeir eru umbjóðendur fyrir.

Hv. þm. Mýr. virtist viðurkenna það, að hér væri aðeins um loddaraleik að ræða, því hann fór að tala um það, að ef ekkert yrði nú gert, þá gætum við enn borið fram frv. á næsta þingi, ef við ættum sæti þar. Hann ætlast því til, að þetta mál flytji kerlingar milli þinga án þess að bændunum verði það að liði.

Það er eitt stórt atriði, sem frv. þetta er byggt á, að hægt verði að taka lán erlendis, en við göngum nú að því vísu, að sáralitlar líkur eru til, að það sé hægt, og ennþá minni að það fáist með svo góðum kjörum, að hægt sé að lækka vextina. (BÁ: Það hefi ég ekki sagt). Þá sér hv. þm., að ekki er um annað að gera en ganga inn á það, sem ég hefi sagt. Ég vil benda hv. þm. Mýr. á að snúa sér til hv. sessunautar míns, þm. V.-Ísf. Hann er manna kunnugastur því, hve auðvelt það er að fá stórlán erlendis til konverteringar á innlendum lánum. Hann er ekki bjartsýnn á þá möguleika. En það er allt á sömu bókina lært. Það er verið að tildra upp laglega orðuðu frv. til þess að sýnast, án þess að sýna nokkurn vilja til framkvæmda. Það eina, sem hægt er svo að tala um að gera, er að taka af tekjum lánstofnunarinnar, taka af stofnfénu, til þess að hægt sé að lækka vextina. Þetta er sú eina leið, þetta er viðreisnarstarfið, sem hv. þm. Mýr. byggst að gera fyrir bændurna. Þetta er álíka viðreisnarstarf og þegar hv. 2. þm. N.-M. ætlaði að gefa kúnum rollurnar til þess að hækka afurðaverðið og bæta afurðasöluna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 638,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 638,2 (15. gr. og fyrirsögn falli niður) samþ. með 19 shlj. atkv.
16.—17. gr. (verða 15.—16. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 638,3 (ný 18. gr., verður 17. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
19.—20. gr. (verða 18.—19. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 668, 703).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 703. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 8. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 703 felld með 16:11 atkv.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 668).

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en á lokafundi Ed., 22. des., var útbýtt nál. frá landbn. um málið, á þskj. 935.

## 35. Söfnunarsjóður Íslands.

Á 42. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands** (þmfrv., A. 539).

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

---

Á 50. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 539, 690).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 690. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

**Jón Pálmason:** Hv. þdm. hafa sennilega tekið eftir því, að ég skrifaði undir nál. landbn. með fyrirvara. Viðvíkjandi Söfnunarsjóði Íslands og lækkun vaxta í honum þyddi minn fyrirvari ekkert annað en það, að ég vildi kynna mér álit framkvæmdastjórnar sjóðs þessa. Eftir að hafa kynnt mér það hefi ég leyft mér að koma fram með brtt. á þskj. 690, sem er á þá leið, að þessi vaxtalækkun um 1% nái aðeins til þeirra lána, sem jarðarveð er fyrir. Hluturinn er sá, að mikil þörf er á því, að allir vextir í landinu verði lækkaðir, og það ekki síður hjá bönkum heldur en þeim stofnunum, sem við í landbn. höfum gert till. um lækkun vaxta hjá. En það hefir að undanförnu gengið illa að fá stofnanir til þess að færa niður vexti, þrátt fyrir þann vilja Alþ., sem komið hefir í ljós um þetta efni. Það er þess vegna frá mínu sjónarmiði betra, þegar um niðurfærslu á vöxtum hjá vissri ákveðinni peningastofnun er að ræða, að gera þá niðurfærslu í samráði við framkvæmdastjórn þeirrar stofnunar, sem hlut á að máli, ef þess er kostur, fyrst það er ekki tekið fyrir að færa niður vexti hjá öllum peningastofnunum landsins. Samþykkt þessarar brtt. mundi þýða það, að vextir lækkuðu niður í 5% af um 1200000 kr. lánum í sjóðnum, sem veitt eru gegn jarðarveði, en það er nálega ⅓ hl. af öllum fasteignaveðslánum, sem sjóðurinn hefir lánað.

Það má með miklum rétti segja, að vextir af öllum fasteignaveðslánum hjá þessari stofnun eigi að vera þeir sömu. En sannleikurinn er sá, að þó að vextir séu 6% af þessum lánum, þá hafa þeir, sem þessi lán hafa fengið, mátt teljast heppnari heldur en þeir, sem tóku lán í veðdeild Landsbankans. Nú hefir framkvæmdarstjórn Söfnunarsjóðs Ísl. gefið mér það upp, að það sé ætlun þeirra, ef till. þessi verður samþ., að færa alla aðra vexti hjá sjóðnum niður í 5½%. Þá yrði munurinn aðeins ½% á vöxtum af jarðarveðslánum og öðrum lánum, sem jarðarveðslán yrðu með lægri vöxtum. Má því segja, að stofnunin leggi 6 þús. kr. til þess árlega að færa niður vexti af fasteignaveðslánum bænda, ef miðað er við, að aðrir vextir í sjóðnum verði 5½%.

Mér hefir skilizt, að meiri hl. landbn. geti gengið inn á að afgr. málið í þessari mynd. Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að svo komnu.

**Guðbrandur Ísberg:** Í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að minna á, að á aðalþinginu 1933 kom fram till. um að knýja Söfnunarsjóð Íslands til að lækka vexti niður í 5%. Því var þá lýst yfir af tveim þáv. ráðh., að þetta mundi verða gert. Og ég tel alveg víst, að þessi yfirlýsing hafi komið fram vegna vilyrða stj. þessarar stofnunar um að lækka vextina niður í 5%. Úr þessu varð þó alls ekki. Og mér finnst það gegna furðu, eftir þessa framkomu sjóðstj., ef nú á að fara að treysta þeim aftur til þess að lækka vexti ótilneyddir. Auk þessa vil ég benda á það, að nú mun í ráði, að annar aðalbankinn veiti lán til áhættusamrar útgerðar með 5½% vöxtum. Og þegar áhættulán komast niður í 5½% vexti, þá virðist það ekki nema eðlilegt, að þær stofnanir, sem lána gegn beztu tryggingum, sem hægt er að fá, sem sé fyrsta veðrétti í fasteign, séu knúðar til þess að lækka vexti niður í 5%, eins og gert er ráð fyrir í frv. Auk þess sé ég enga frambærilega ástæðu til þess að mismuna lántakendum að þessu leyti. Mér virðist í þeirri brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 690, aðallega vera stefnt að því að halda uppi vöxtum af lánum úr Söfnunarsjóði, sem veitt eru í kaupstöðum gegn veði í húseignum. Það má kannske segja, að þessar eignir renti sig betur en jarðir í sveit. En bæði er það, að þessi stofnun lánar aðeins gegn fyrsta veðrétti og aðeins út á helming fasteignar eftir fasteignamati, svo að hér er aðeins um hluta af áhvílandi fasteignaveðslánum að ræða, og svo má einnig benda á hitt, að Söfnunarsjóður hefir veitt allmörg og mikil lán, sem ekki eru tryggð með veði í húsum eða jörðum, og þau lán eru alveg eins eða jafnvel hvað helzt lánuð út um sveitir. Það er því engan veginn ástæða til að gera þann mismun þar á, sem brtt. gerir ráð fyrir.

Ég mæli ákveðið á móti því, að brtt. þessi verði samþ., bæði vegna þess, að ég sé enga frambærilega ástæðu til þess, að við þessa stofnun verði mismunandi vaxtafótur látinn gilda um lán, og eins vegna þess, að eftir því, sem á undan er gengið, dettur mér ekki í hug að treysta viðkomandi stofnun til þess að færa niður vexti án þess að vera knúð til þess.

ATKVGR.
Brtt. 690 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, GSv, GTh, HannJ, JónP, JS, ÓTh, SigfJ, SK, BÁ.
nei: GÍ, HV, JakM, JJós, JG, PÞ, PHalld, SE, StJSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BB, EmJ, EystJ, FJ, JörB.
GP, PZ greiddu ekki atkv.
Fimm þm. (JÓl, MT, PO, TT, BJ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. til Ed.

---

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 539)

Á 57. fundi í Ed. 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 65. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 539, n. 845).

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Eins og hv. þdm. er sjálfsagt vel kunnugt, hefir oft verið á það minnzt, að framleiðendur í þessu landi, og þá ekki sízt framleiðendur, sem landbúnað stunda, þyrftu að sæta vaxtakjörum á lánum sínum, sem þeim væri um megn. Þetta hefir nú líka verið viðurkennt af ríkisvaldinu og löggjafarsamkomunni, á þann hátt, að að undanförnu hefir verið

heimild fyrir því, að ríkissjóður greiddi að nokkru fasteignalánsvexti fyrir bændur. — Nú á þessu þingi hefir verið reynt að færa niður þá vexti, er bændur greiða af sínum fasteignaveðslánum, á þann hátt, að ríkissjóður þurfi ekki að öllu leyti að bera þau útgjöld, er af því stafa að færa vextina frá því, sem þeir eru hjá lánstofnunum, og niður í það, sem bændur hafa greitt.

Svo stendur á, að Söfnunarsjóður Íslands er lánveitandi til allmargra bænda og hefir að undanförnu veitt sín lán með 6% ársvöxtum. Þetta frv. er liður í þeirri tilraun að færa vextina niður, og gerir ráð fyrir því, að framvegis verði Söfnunarsjóði ekki heimilt að reikna hærri vexti en 5% af lánum, sem tryggð eru með fasteignaveði. Eftir lögum frá 1888 hefir Söfnunarsjóður, samkv. c-lið 6. gr. þeirra laga, heimild til þess að taka hærri vexti heldur en 4% um árið, en það er þar hinsvegar ekki ákveðið, hvað hátt hann megi fara. Það er sjálfsagt, að þá hefir aðallega verið gengið út frá 4% vöxtum, þó að tímarnir séu að því leyti mikið breyttir nú. Þetta frv. ætlast sem sé til þess, að þessi heimild laga um Söfnunarsjóð Íslands frá 1888 skuli þó ekki ná lengra heldur en í 5%.

Þetta frv. er borið fram af landbn. Nd. og hefir fengið afgreiðslu þeirrar hv. d. Landbn. þessarar hv. d. hefir nú athugað frv. og gefið út um það stutt nál. á þskj. 845. Tveir nm. leggja til fyrirvaralaust, að frv. verði samþ., en aðrir tveir nm., hv. 4. landsk. og hv. 10. landsk., skrifa undir þetta nál. með fyrirvara. Ég vil og geta þess um fimmta nm., hv. 2. þm. Rang., að hann var ekki á fundi þegar málið var tekið fyrir, og hann hefir ekki skrifað undir nál. síðan. Ég geri þó ráð fyrir, að honum hafi verið gefinn kostur á því, en að hann hefir ekki skrifað undir nál., geri ég ráð fyrir, að stafi af því, að hann vill leggjast á móti frv.

N. ber hér fram, jafnframt því að hún leggur til, að frv. verði samþ., litla brtt., sem vel má vera, að megi skoða sem leiðréttingu. Það er sem sé í frvgr. vitnað í 6. lið 6. gr. í l. frá 1888, en þessi 6. liður er ekki til, heldur er þar sjáanlega átt við c-lið. Leiðréttingin er því ekki önnur en sú, að í staðinn fyrir 6. kemur c. Það má vel vera, að hv. þd. og hæstv. forseti líti svo á, að þetta megi leiðrétta án brtt., en okkur í n. þótti samt réttara að bera þessa brtt. fram, ef hennar kynni að vera þörf, því að ef það er álitið af hæstv. forseta og hv. þd., að það megi leiðrétta þetta í prentun, er vitanlega hægt að taka brtt. aftur. — Ég vil svo ekki að sinni fjölyrða meira um þetta, en legg til við hv. d., að hún samþ. frv.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Ég vil gera með nokkrum orðum grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði undir nál. landbn. með fyrirvara.

Ég er í sjálfu sér meðmæltur þeirri hugsun, sem að nokkru leyti kemur fram með flutningi þessa frv., sem sé þeirri hugsun að lækka vexti af lánum landbúnaðarins. Það má öllum ljóst vera, að slíks er hin mesta þörf, en jafnframt verð ég að láta þá skoðun í ljós, að þó að tilgangurinn sé góður, eru svo miklir annmarkar á þessari leið, sem þar er farin, að ég vil gera grein fyrir þeim.

Það hefir verið farin sú leið þessi tvö ár, sem liðin eru frá því að lög um sérstakar ráðstafanir vegna landbúnaðarkreppunnar voru samþ., að greiða vaxtatillag úr ríkissjóði, og skoðun mín er sú, að meðan ekki er betur fyrir þessu máli séð á annan veg heldur en ennþá er fram komið, muni vart fært að fara aðra leið í málinu til bráðabirgða en þá, sem þingið 1933 fór. Og sérstaklega finnst mér varhugavert að taka þá stefnu, sem hér er farið fram á, að ákveða lækkun vaxta á útlánum úr Söfnunarsjóði. Skal ég nú gera grein fyrir, hvers vegna það er.

Það er þá fyrst og fremst það, að Söfnunarsjóður er ekki, eins og sumir hv. þm. virðast telja, venjuleg lánstofnun. Söfnunarsjóðurinn er stofnaður til þess að varðveita fé og ávaxta það og útborga vexti um ókomna tíð. Þetta er beint tekið fram í 7. gr. Söfnunarsjóðslaganna, og liggur það því beint fyrir, að sjóðurinn hefir nú ýmsar aðrar leiðir til þess að ávaxta fé sitt heldur en að lána það út sem almenn fasteignaveðslán.

Árið 1888, þegar lögin um Söfnunarsjóðinn voru sett, var vart um aðra leið að ræða en að lána féð gegn fasteignaveði eða að kaupa erlend ríkisskuldabréf. En þetta hefir nú breytzt þannig, að stjórn sjóðsins mun hafa tekið þá ákvörðun að hætta útlánum að mestu, en kaupa í þess stað innlend verðbréf með ríkisábyrgð. Ég hygg, að þar séu m. a. jarðræktarbréf, og einnig hygg ég, að sjóðstj. hafi ákveðið að kaupa fyrst og fremst veðdeildarbréf af bændum, a. m. k. veit ég ekki betur en að svo sé nú. — Ég hygg, að Söfnunarsjóðurinn eigi nú um 30 þús. kr. lausar, og það fé hefir hann einmitt geymt til þess að kaupa veðdeildarbréf af bændum og mun þegar hafa fengið loforð fyrir láni úr veðdeildinni, en ekki komið því í kring ennþá.

Það ætti að vera ljóst, að ef Söfnunarsjóðurinn heldur þeirri stefnu áfram að kaupa veðdeildarbréf og jarðræktarbréf, vinnur hann fyrir bændastéttina á þann veg, að hann kaupir bréfin hærra verði heldur en almennt er hægt að fá fyrir þau.

Í lausasölu munu veðdeildarbréfin ganga frá 70% til 75%, en allra hæst 78%, en Söfnunarsjóður kaupir þau fyrir 80%. Ef þetta á að vera áfram í starfi sjóðsins, má það vera ljóst, að það verkar ekki eins mikið til almennrar vaxtalækkunar á lánum bænda eins og mun hafa vakað fyrir þeim, sem fluttu frv. En jafnframt er á annað að líta, og það er, hvaða fé það er, sem er ávaxtað í Söfnunarsjóðnum.

Sjóðurinn mun alls vera um 3½ millj. króna. Þar af er fé ellistyrktarsjóða um 1 millj. og 6 til 7 hundr. þús. og ekknasjóðir og sjúkrasjóðir þar til viðbótar munu nema til samans um ⅔ af innstæðu sjóðsins. Þessir sjóðir eru eingöngu til styrktar gamalmennum, sjúklingum og fátækum ekkjum. Þá eru í Söfnunarsjóðnum nokkrir styrktarsjóðir til styrktar fátækum, efnilegum unglingum til náms, framfarasjóðir sveitarfélaga og sjóðir til styrktar vísindum og fræðiiðkunum, t. d. í náttúrufræði. Ennfremur eru sjóðir búnaðarfélaga og sjóðir, sem á að verja til þess að fegra og prýða einstakar sveitir eða héruð, t. d.

til blómaræktar í Héraði og skógræktar í Vatnsdal. Og síðast má nefna nokkra sjóði einstakra manna. Það er ýmist fé, sem menn hafa lagt til hliðar sér til framfærslu í elli sinni og eiga að fá það útborgað þegar þeir eru 60 eða 65 ára. Svo er fé, sem hefir verið lagt á vöxtu vegna barna og unglinga, sem þeir eiga að fá útborgað 20 eða 25 ára sér til menntunar eða annars þess, er að gagni má koma.

Þá er ennþá ótalið það fé, sem stendur í erfingjarentudeild sjóðsins, en það er ekki nema um 64 þús. kr.

Það er því af þessu ljóst, hverskonar fé það er, sem er varðveitt í sjóðnum. Það er mest styrktarfé gamalmenna, ekkna og munaðarleysingja.

Eins og menn vita, eru ellistyrktarsjóðum sveitarfélaga greiddir hálfir vextir af innstæðu sinni, og þá er það ljóst mál, að þetta kemur þegar fram á þeim örvasa gamalmennum, er njóta ellistyrks. Það virðist því, að út í óefni stefni, ef ekki er hægt að finna aðra leið til þess að fullnægja þessum lofsverða tilgangi heldur en að skattleggja þá, sem þarna eiga hlut að máli, þ. e. að svipta gamalmenni, ekkjur og sjúklinga ⅛ hluta af þeim styrk, sem þeir mundu annars fá. Annað fé í Söfnunarsjóði er frá styrktarsjóðum fátækra námsmanna og framfarasjóðum sveita og búnaðarfélaga, sem hafa litlar tekjur, en gott væri að gætu gefið sem mestan arð. Það er því ljóst, að það fé, sem Söfnunarsjóðurinn samanstendur af, heyrir undir þessa framangreindu sjóði.

Hv. frsm. gat þess, sem rétt er, að í 6. gr. l. frá 1888 um Söfnunarsjóð Íslands, er svo ákveðið, að sjóðurinn megi taka hærri vexti heldur en 4%. Hv. frsm. dró út frá því þá ályktun, að það hefði verið ætlazt til, að vextir sjóðsins yrðu þar skammt fyrir ofan. En ég hygg, að það sé á misskilningi byggt, þó að árið 1888 væru almennir vextir af fasteignaveðslánum 4%. En það, sem sagt er í þessu ákvæði, er í raun og veru ekki annað en það, að sjóðnum er heimilt að taka hærri vexti heldur en venjulega af fasteignaveðslánum. Nú er það fjarri því, að Söfnunarsjóður taki hærri vexti heldur en venjulegt er af fasteignaveðslánum. Að vísu hefir það verið svo síðan veðdeildin var stofnuð, að sjóðurinn hefir nokkuð miðað vexti sína við þá vexti, sem þar hafa verið teknir, en þó jafnan haft þá lægri heldur en þar, og við það situr enn þann dag í dag. En það mun vera yfirlýst frá stjórn sjóðsins, að ef vextir verða almennt lækkaðir af fasteignaveðslánum, þá muni Söfnunarsjóður jafnan gæta þess að lækka sína vexti svo mikið, að þeir verði heldur fyrir neðan hina almennu fasteignaveðslánavexti.

Ég hefi nú bent á helztu annmarkana á þeirri leið, sem með frv. er bent til, að farin verði. Það er í raun og veru verið að skattleggja þá, sem sízt skyldi, örvasa gamalmenni, ekkjur og munaðarleysingja, og virðist mér því, að betur lægi við, að sú leið yrði farin að greiða vaxtatillagið beint úr ríkissjóði, til þess að lækka vextina af fasteignaveðslánum bænda, því að þeir peningar, sem koma í ríkissjóðinn, eru a. m. k. að minnstu leyti frá þessum aðilum teknir.

Það kann að vera, að sumir líti svo á, að þessi stofnun geti vel haft lægri vexti heldur en aðrar lánstofnanir, en það eru nokkrir annmarkar á því. Afleiðingin mundi verða sú, að menn hættu að leggja sjóði í Söfnunarsjóðinn, ef hægt væri að fá miklu hærri vexti annarsstaðar. Ég tel það athugaverða afleiðingu, því að reynslan hefir sýnt, að sjóðir, sem eru ávaxtaðir á annan veg, t. d. með því að leggja þá í sparisjóði eða jafnvel með því að kaupa vaxtabréf, eru ekki eins tryggir. Það má vera, að það muni vera reynsla, að slíkir sjóðir varðveitist vel fyrstu árin, meðan stofnendurnir eða einhverjir þeim nákomnir hafa yfir sjóðnum að segja, en það er reynsla með þá sjóði, sem geymdir og ávaxtaðir eru í sparisjóðum eða með því að kaupa fyrir þá vaxtabréf, að þeir vilja skerðast eða fara forgörðum fyrir ýmiskonar óhöpp. Það þarf ekki nema að gjaldkeri sjóðsins sé athugaminni maður en æskilegt væri, þá getur sjóðurinn rýrnað og jafnvel að engu orðið. Ég vildi á þetta benda, af því að ég hygg, að þessi dæmi séu ekki svo fá. En hinsvegar má vænta þess, að ef vextir, sem greiddir eru í Söfnunarsjóði, verða miklu lægri en annarsstaðar er hægt að fá, t. d. fyrir verðbréf, yrðu menn tregari til þess að geyma ýmsa sjóði í Söfnunarsjóðnum, þó að það sé sá öruggasti staður, sem til er hér á landi. Ég verð því að telja það skaða fyrir þjóðfélagið, ef menn ganga framhjá Söfnunarsjóðnum með að ávaxta fé sitt.

Það hefir verið á það bent, að það væri auðvelt að koma þessari vaxtalækkun fram gagnvart Söfnunarsjóðnum, af því að það fé, sem hann hefði, væri algerlega innlent fé. En það eru fleiri stofnanir, sem geyma innlent fé. Það er t. d. margfalt hærri upphæð, sem geymd er í bönkum og sparisjóðum, og er það algerlega innlent fé. Það er a. m. k. tífalt meira heldur en þessar 3¼ millj., sem Söfnunarsjóðurinn varðveitir.

Söfnunarsjóðurinn hefir jafnan gætt þess að láta þá, sem gátu boðið jarðarveð, sitja fyrir lánum, en þó hefir það orðið svo, að af því að sjóðurinn hefir ekki getað veitt lán nema um það hafi verið sótt með alllöngum fyrirvara, hafa umsóknir um lán gegn jarðarveði ekki verið svo örar, að jafnan hafi legið fyrir umsókn, þegar sjóðurinn hefir haft lausa peninga. Þá hefir sjóðurinn orðið að grípa til þess ráðs að lána gegn fasteign í kaupstað. Ég hygg, að það vaki ekki sérstaklega fyrir flm. þessa máls að létta á þeim, sem hafa verið svo heppnir að fá lán úr Söfnunarsjóði gegn veði í fasteign í kaupstað. En ég hefi ekki neina skrá yfir, hversu há sú upphæð er, sem sjóðurinn á í útlánum gegn jarðarveði, en þegar litið er á þá heildarupphæð, sem sjóðurinn hefir nú til umráða, og þó að það sé mikil upphæð, sem bændur almennt skulda gegn fasteignaveði, er það ljóst mál, að það er tiltölulega ekki mjög há upphæð, sem ríkissjóður yrði að leggja fram sem vaxtatillag, ef eingöngu ætti að létta á þeim lánum, sem í Söfnunarsjóði eru.

Hinsvegar mun mega benda á það, að ýmis sveitarfélög leggja mikið kapp á að fá lán úr Söfnunarsjóði, af því að þau telja sig hvergi geta fengið jafngóð lánskjör og þar.

Ég hygg því, að afleiðingin af samþykkt þessa frv. yrði sú, að tekið yrði alveg fyrir slík lán,

heldur aðeins keypt veðdeildarbréf. Hygg ég, að íslenzkum sveitarfélögum væri lítill greiði gerður með því.

Ég veit ekki til, að Söfnunarsjóður hafi notið nokkurs styrks frá því opinbera, og einnig af þeirri ástæðu er það dálítið varhugavert að krenkja hans rétt til þess að ávaxta fé sitt með allt að því eins góðum kjörum og fé er ávaxtað annars í landinu gegn fasteignaveði. Og eins og ég gat um áðan, hefir Söfnunarsjóður þegar gert nokkuð til þess að auka „kursinn" á veðdeildarbréfum, þannig, að þegar Söfnunarsjóður hóf veðdeildarbréfakaup, þá var ekki um hærri „kurs" að ræða en 75%, en hann keypti fyrir 80% og hefir ákveðið að halda sér fyrir ofan gangverð á veðdeildarbréfum. Má af því vera ljóst, að sjóðurinn getur að því leyti gert talsvert gagn fyrir þá, sem á fasteignalánum þurfa að halda, og hann getur nokkru áorkað um að hækka „kursinn" og þar með bæta kjör þeirra, sem þurfa að fá fasteignaveðslán.

Þó að ég sé mjög fylgjandi þeirri stefnu, sem ég vænti, að bak við þetta frv. liggi, að lækka vexti hjá þeim bændum, sem hafa fasteignaveðslán, þá tel ég þá leið eðlilegri í þessu máli, að greitt sé beint vaxtatillag úr ríkissjóði, heldur en að ráðast þarna á garðinn, því að þarna virðist mér hann vera lægstur.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Hv. 10. landsk. hefir hér bent á nokkra annmarka, sem væru á því að samþ. þetta frv., jafnvel þó að hann sé sammála því aðalatriði frv., að vextir af fasteignaveðslánum bænda lækki.

Hv. þm. benti á það, að Söfnunarsjóður sé ekki venjuleg lánsstofnun. Það mun mega telja, að það sé alveg rétt, en hitt er þó líka rétt, að hann lánar út mikið fé með venjulegum lánskjörum. Hann á sem sé hjá bændum allmikið fé, en það veit hvorugur okkar fyrir víst, hversu mikið það er, en það er sennilega meiri hlutinn af öllu fé sjóðsins. Af þessu fé þurfa bændur að greiða 6% ársvexti. Og það er einmitt með hliðsjón af þeirri staðreynd, að ráðizt hefir verið í að leggja til, að vextir Söfnunarsjóðs skuli ekki framvegis vera svona háir, fyrir það, hvað sjóðurinn á nú mikið fé hjá bændum.

Í öðru lagi benti hann á það, að Söfnunarsjóður muni í framtíðinni hverfa frá því að lána fé gegn fasteignaveði, en kaupa heldur veðbréf. Ég heyri sagt, að Söfnunarsjóður hafi eiginlega hugsað sér það fyrir framtíðina, að kaupa veðdeildarbréf, en lána ekki. Það mætti í þessu sambandi viðurkenna það, að ef Söfnunarsjóður ætti kost á hærri vöxtum með verðbréfaskiptum en útlánum, þá kynni hann að ráðast í að innheimta lán, sem hann á hjá bændum, til þess að koma þeim betur fyrir, en ég geri ekki ráð fyrir, að yrði undinn að því bráður bugur, af því að ég hugsa, að það yrði ekki þægilegt að koma því við, og þar að auki mjög óvinsælt.

Þá bendir hann á það, hverskonar fé það er, sem Söfnunarsjóður hefir með höndum, og hann segir, að þessi vaxtalækkun komi fram á örvasa gamalmennum, og hann segir, að hún svipti þessi gamalmenni ⅙ af því fé, sem þeir mundu fá á þennan hátt. Vitanlega er það rétt, að ef vextir lækka úr 6% niður í 5%, þá lækka þeir um ⅙. Ef maður virðir fyrir sér ellistyrktarsjóðina og þær reglur, sem þar gilda, þá er það þannig, að þeir hafa þrennskonar tekjur. Í fyrsta lagi 2 kr. gjald af hverjum verkfærum karlmanni og 1 kr. af hverri verkfærri konu. Í öðru lagi sérstakan styrk úr ríkissjóði, 1 kr. á hvern gjaldþegn, og í þriðja lagi vexti af sínu innstæðufé. Ef svo er aftur litið á það, hvernig Söfnunarsjóður notar þessar tekjur, þá er það þannig, að til að greiða ellistyrkinn er notað ⅔ af ellistyrktarsjóðsgjaldinu og helmingur af tillagi ríkissjóðs, þannig að eftir verður hjá Söfnunarsjóði ⅓ af árgjaldi, helmingur af vöxtum og helmingur af tillagi ríkissjóðs. Þetta eru þær reglur, sem ellistyrktarsjóðirnir starfa eftir nú. Nú eru ellistyrktarsjóðirnir rösklega 1½ millj. kr. 1% vaxtalækkun þýðir þá 15—17000 kr. á ári eftir þeim reglum, sem ellistyrktarsjóðirnir starfa eftir nú. Sýnist mér engin frágangssök að lækka vextina um 1% og búa svo um hnútana, að ellistyrkur verði útborgaður jafnhár og verið hefir. Þetta mundi auðvitað þýða það, að sjóðirnir yxu ekki eins ört, en það finnst mér vel forsvaranlegt á slíkum vandræðatímum sem nú standa yfir, þó að það væri vitanlega ánægjulegast að geta látið þá vaxa sem örast, ef maður hefði ráð á því.

Hv. þm. vildi halda, að það hefði verið misskilningur hjá mér, sem ég sagði í sambandi við þá 4% vexti, sem hefðu verið ákveðnir, þegar Söfnunarsjóðslögin voru sett. Ég benti á, að það væri nú orðið mörgu breytt frá því, sem þá var. En það er þó persónuleg skoðun mín, að 5% vextir séu góðir fyrir þá, sem eiga fé í þessum sjóði og hafa tryggt bæði höfuðstól og vexti, og ég tel það ekkert neyðarúrræði, þó að peningaeigendur verði að sætta sig við 5%, jafnvel þó að erfitt sé að koma því í öllum tilfellum fyrir, því að það er margreynt, að þeir, sem hafa fé í atvinnuvegunum, hafa ekki meira upp úr því.

Hann benti á það, að það væri nú meira innlent fé til heldur en það, sem Söfnunarsjóður hefir yfir að ráða. Það er vitanlega alveg rétt, en ég ætla, að sparifjáreigendur fái ekki hærri vexti af sínu fé en jafnvel þau 5%, sem ætlazt er til, að Söfnunarsjóður taki af útlánum eftir frv., og það er upplýst, að Söfnunarsjóður er þannig staddur, að hann getur greitt sömu vexti þeim, sem leggja í hann fé, eins og þá, sem hér um ræðir.

Hv. þm. benti á það, að sjóðurinn hefði ekki notið neins styrks frá því opinbera. Það má vera, að það sé rétt, að hann hafi ekki fengið beinlínis fjárstyrk, en hann hefir samt fengið aðstöðu til þess að geyma fé og fara með fé og hefir til þess nokkur hlunnindi.

Ég hefi þess vegna ekki getað sannfærzt af aths. hv. þm. um það, að það væri nokkuð úr vegi, að samþ. þetta frv. Sérstaklega lít ég á þetta frv. sem einn lið í þeirri viðleitni, sem þegar er uppi um að lækka vexti á útlánum, sérstaklega til landbúnaðarins.

Ég játa það, að ef ætti að taka þessa einu stofnun út úr, þá gæti það verið mesta álitamál. En nú er það svo, að það er meiningin

að láta fara fram vaxtalækkun á lánum bænda á fleiri sviðum og með því móti, að ríkissjóður þurfi sem minnst að láta beinlínis af mörkum í því efni.

Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um það, að ef hægt væri að framkvæma vaxtalækkun án þess að þar þyrftu stór framlög úr ríkissjóði að koma til, þá væri það áreiðanlega heppilegra, því að ég renni grun í það, að ef ríkissjóður á hér að fara að leggja fram styrk, þá vilji fleiri njóta sömu hlunninda, og þá getur það orðið efamál, hvort ríkissjóður getur staðið undir þeim kröfum eða ekki.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 2. umr. um frv.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vil benda á, að mér finnst talsvert vafamál, hvort það bæti fyrir bændum að samþ. þetta frv. Það er auðsætt, að afleiðingin af samþykkt þessa frv. verður fyrst og fremst sú, að Söfnunarsjóður hættir alveg að lána, og má raunar vera, að hann sé hættur því nú þegar. En hér eftir er útilokað, að hann geri það. Með því að kaupa vaxtabréf, hvort heldur er veðdeildarbréf Landsbankans eða bréf Ræktunarsjóðsins, gæti sjóðurinn fengið 6% vexti. Það vita allir, að veðdeildarbréfin fást nú á 80%, og ef menn reikna 5% vexti, eins og þau gefa, þá eru það rúmlega 6% af kaupverði bréfanna. En svo er það athugandi, að auðsætt er, að sjóðurinn fær hvöt til þess að reyna að losa sig við þau fasteignalán, sem hann hefir nú, á þann hátt að segja þeim upp til þess að græða vexti. Nú er ég ekki að segja, að sjóðurinn geri þetta, en ég hygg, að það sé hægt með 6 mánaða fyrirvara, ef ég man ákvæði skuldabréfanna rétt. Það er ekki ólíklegt, að sjóðurinn noti sér greiðsludrátt til þess að segja upp lánunum, að maður nú ekki tali um, að sjóðurinn geri það, sem hann hefir fullan rétt til, að segja upp öllum lánunum. Verði þetta, þá verður frv. þetta ekki til góðs, heldur ills. Ég sé ekki heldur, að það sé sanngirni, sérstaklega ef sjóðurinn er hættur að lána, að færa vextina niður í 5%, þegar aðrar stofnanir lána raunverulega fyrir 6%, eins og t. d. veðdeildin. Ég hygg því, að frv. þetta sé einkum komið fram af því, hve háa innlánsvexti Söfnunarsjóður greiðir. En það mega menn ómögulega láta villa sig. Það gerir sjóðurinn vegna þess, hve ódýrt hann er rekinn og hve hyggilega um allt er búið frá byrjun. En þar við bætist það, sem hv. 10. landsk. tók svo greinilega fram, að mikið af því fé, sem nýtur þessara háu vaxta, kemur til góða fólki, sem er mjög illa statt. Þetta frv. er flutt í góðum tilgangi, það veit ég, en efast um, að það verði þeim bændum til góðs, sem lán hafa fengið úr sjóðnum. En á það er einnig að líta, að ekki eru öll lán úr sjóðnum til bænda. Sjóðurinn hefir líka lánað mikið til húsa í kaupstöðum.

Mér finnst ekki fara vel á því að gera Söfnunarsjóði að skyldu að lána fyrir lægri vexti en ýmsar ríkisstofnanir gera, eins og t. d. veðdeild Landsbankans.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Ég hafði skrifað undir nál. með fyrirvara, ef ég man rétt. Annars ruglast málin algerlega í þessum mikla hraða, sem nú er hafður á afgreiðslu mála, og e. t. v. er nokkur þörf á. En fyrirvarinn snerti það, að ég vildi gera grein fyrir mínu atkv., þegar þetta mál yrði tekið fyrir. Og sú grg. er á þá lund, að ég mun greiða atkv. með frv., þótt hinsvegar sé nokkuð til í því, sem hér hefir verið fært fram, að það muni lækka vextina í ellistyrktarsjóðnum og þá útborganirnar eitthvað ofurlítið. En sú er bót í því máli, að hægt mun að koma því fyrir með löggjöf, þótt það sé ekki hægt á þessu þingi, þannig að ekki snerti ellistyrktarsjóðinn, þar sem úthlutun mun vera búin á þessu hausti, en á næsta þingi er hægt að breyta þannig til, að ekki leggist jafnmikið við sjóðinn og áður, og á þann hátt bæta upp missinn, sem hlytist af lækkun vaxtanna. (**MG:** Það er skammgóður vermir). Það er svo mikið, sem leggst til aukningar Söfnunarsjóðs, að vel myndi mega bæta þetta upp, eins og ég hefi sagt. Í öðru lagi stendur fyrir dyrum gagngerð breyt. á tryggingarmálunum yfirleitt, og myndu þá ellistyrktarsjóðirnir koma þar undir. Þetta breytta skipulag liggur sjálfsagt fyrir á næstunni, e. t. v. á næsta þingi, svo að önnur breyt. væri óþörf á þessu. En verði það nú ekki, vil ég vinna að því, að slík breyt. komist á, sem ég hefi nefnt, og mun greiða þessu frv. atkv. Þegar við athuguðum þetta frv. í n., fannst okkur, að við þyrftum að gera smábrtt. vegna skakkrar tilvitnunar. Það er vitnað í 6. lið í staðinn fyrir c-lið í l. frá 1888, um Söfnunarsjóð Íslands. En brtt. hefir þó ekki komið fram, og sýnist mér mega líta á þetta sem prentvillu, þegar það er upplýst, að n. í hv. Nd. var ljóst, að hún hafði haft þetta rétt, og vitnað í c-lið í sínu handriti, en það hefir misfarizt að leiðrétta villu, sem komizt hefir inn í prentun. — Ég vil því skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann telji ekki mega lagfæra þetta án brtt., þar sem villan hefir komizt í frv. í meðförum þingsins.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Hv. frsm. n. hefir svarað þeim aths., sem ég hefi komið fram með. Og m. a. minntist hann á það, sem ég drap á, að afleiðingarnar gætu orðið þær e. t. v., að stjórn Söfnunarsjóðs segði upp einhverju af lánunum. Ég hafði ekki sagt eða verið með neina spádóma um það, að svo mundi verða, en einungis bent á það sem hugsanlegan möguleika, vegna þess, að því er ekki að neita, að freisting er það fyrir þá stjórn, sem ber hag sjóðsins fyrir brjósti, að reyna að ávaxta féð á þann hátt, að sem hæstir vextir fáist, ef tryggingin er annars nægileg. Mér finnst hv. frsm. leggja litla áherzlu á það, hverskonar fé það er, sem ávaxtað er í sjóðnum. Ég hugði mig hafa tekið það fram, að það eru einar 84 þús. kr., sem gætu að einhverju leyti talizt einstakra manna eign af þessum 3¼ millj., sem í sjóðnum eru alls. Hitt eru ellistyrktarsjóðir, helmingurinn, og ekknasjóðir allskonar, styrktarsjóðir, sjóðir búnaðarfélaga og sveitarfélaga og aðrir slíkir sjóðir, sem allflestir fara að mestu leyti til þess að létta undir með þeim, sem lakast eru settir í þjóðfélaginu, eða þá til þess að styðja

að framförum í þjóðfélaginu á annan hátt. Með tilliti til þessa, sérstaklega hverskonar fé það er, sem varðveitt er í sjóðnum, benti ég á, að þetta væri vissulega, ef athugað er, varhugaverð leið, og rannsaka ætti, hvort ekki er hægt að finna aðra heppilegri. Sem bráðabirgðalausn benti ég þar á vaxtatillag úr ríkissjóði, eins og framkvæmt hefir verið tvö síðustu ár, þangað til komið yrði skipulagi á fasteignaveðslánin í landinu yfirleitt, sérstaklega þau, sem landbúnaðinum tilheyra. Hv. frsm. gat þess, að ellistyrktarsjóðirnir myndu ekki tapa við þetta nema 20 þús. kr., tæpum. Það er líka fé, þegar þágstatt fólk á í hlut, eins og það, sem ellistyrktarsjóðanna á að njóta. En tap þessara mjög þurfandi manna er ekki nema að hálfu talið, þegar rætt er um ellistyrktarsjóðina eina, því að ekknasjóðir og aðrir slíkir styrktarsjóðir nema nærri því jafnmikilli upphæð. Það skiptir að vísu ekki miklu máli í þessu sambandi, að þegar frsm. talaði um ellistyrktarsjóðina, þá miðaði hann við eldri l. en þau, sem nú gilda, sem eru nr. 68 frá 19. júní 1933, en þar eru önnur hlutföll um greiðslu úr ellistyrktarsjóðunum en þau, er *hann tilgreindi.* — *Hann vék að því,* hv. frsm., og það var endurtekið af hv. 4. landsk., að útborganir ellistyrktarsjóðanna þyrftu ekki að lækka fyrir þessu. Fyrir því mætti sjá á annan hátt. En mér er ekki ljóst, hvaðan sá styrkur ætti að koma til jöfnunar, nema að meira eða minna leyti úr ríkissjóði, og þá bara um aðra leið að ræða til þess að fara ofan í ríkissjóðinn en ef veitt væri vaxtatillag. En það var lítið eða ekkert vikið að þeirri hlið málsins, sem lýtur að vexti sjóðsins. Ég hygg, að á þá hlið sé einnig lítandi, ekki einungis vegna þess, að það er almenn nauðsyn fyrir okkar þjóðfélag, að „kapitalið" geti aukizt í landinu, til þess að við þurfum ekki í hvert skipti hjá erlendum þjóðum lán að taka þegar ráðizt er í framkvæmdir, og sizt ætti það „kapital" að minnka, sem styður þá, sem bágast eru staddir í okkar þjóðfélagi. Og það er ekki að mínu skapi að fara þá leið út úr vandræðunum, sem ég skal vissulega játa, að er hér fyrir hendi, nefnil. að taka frá niðjunum. Því að fái ellistyrktarsjóðirnir að vaxa eins og þeim er ætlað, þá munu þeir verða mikils megnugir með tíð og tíma. Og frumhugmynd þeirra manna, sem að ellistyrktarsjóðunum stóðu í upphafi, var sú, að smásaman myndaðist þarna „kapital", sem yrði þess megnugt að standa undir framfærslu þeirra gamalmenna, sem í landinu væru, án þess að aðrar leiðir til fjáröflunar kæmu til. Ég hygg, að sá tilgangur hafi verið með þjóðfélagslegra velferð fyrir augum, og ég vil ekki fyrir mitt leyti líta smáum augum á þann tilgang. Þess vegna get ég ekki tekið undir það, sem tveir hv. þm. hafa ymprað á, að það skipti ekki miklu máli, þótt dregið sé úr vexti sjóðsins. Það er miklu meira en rétt, að atvinnuvegirnir eru á yfirstandandi tíma ekki þess megnugir að greiða háa vexti. En þá er þess að gæta, að það er lítið meira en krækiber í heiltunnu, sú upphæð, sem þarna er um að ræða. Þótt þetta eitt sé allmikið fé í okkar augum, þá er það ekki nema örlítið brot af því mikla rekstrarfé, sem verður að standa í atvinnuvegunum. Þetta út af fyrir sig er því ekki nein fullnaðarlausn á málinu. Og ég hygg, að því þurfi í engu að kvíða, ef þing og stjórn sér sér fært að útvega þeim mönnum, sem þurfa að fá rekstrarfé með fasteignalánum, vaxtalækkun almennt, að Söfnunarsjóður muni ekki lækka sína vexti fullkomlega til jafns við veðdeildina eða hverja aðra lánstofnun, sem veita á slík lán. Ég verð því að álíta, að þar sem ekki er um meiri upphæð að ræða en þetta, þegar litið er á þá miklu tekjuöflun, sem þegar hefir verið samþ. og verður samþ. á þessu þingi, þá sé það í bili heppilegasta leiðin að greiða vaxtatillag úr ríkissjóði í þessu skyni, með því að peninganna er yfirleitt aflað þannig, að þeir koma frá þeim, sem betur mega, en ekki þeim, sem minnst mega, eins og yrði, ef skert væri það fé, sem gamlar ekkjur og einstaklingar eiga rétt á.

**Frsm. (Páll Hermannsson):** Ég þarf litlu við þessar umr. að bæta. Það er rétt, sem hv. 10. landsk. bendir á, að á þingi 1933 hefir verið breytt þeim reglum, sem gilt höfðu um ellistyrktarsjóði, og það á þann hátt, að vöxtur sjóðanna, eftir því skipulagi, verður dálítið minni *en eldri ákvæðin gerðu ráð fyrir,* en aftur á móti er hækkuð nokkuð sú upphæð, sem árlega kemur til styrktar gamalmennum, þannig, að procentvis munar minna um þessa lækkun en verið hefði eftir eldri reglum. Ég fór í þessu eftir lögbókinni, og sýnir þetta dæmi, að bókina verður að nota varlega.

Hv. 10. landsk. vildi halda því fram, að lítið tillit hefði verið tekið til þess, hverskonar fé er ávaxtað í Söfnunarsjóði. Ég játa, að þar eru góðir peningar geymdir og gagnlegir, en ég er þeirrar skoðunar, að eins og ástandið er nú og útlitið, þá megi teljast gott að geta fengið 5% vexti af fé, sem vel er tryggt. En það skal ég játa, að ef ekki væri til þess hugsað að reyna að koma á svipuðum ráðstöfunum á fleiri sviðum en þarna, þá viki þessu máli allt öðruvísi við.

*Hv. 1. þm. Skagf. benti á* það, að það væri ástæðulítið að færa niður vexti Söfnunarsjóðs á meðan veðdeildin tæki hærri vexti. Náttúrlega þyrftu að finnast ráð til þess, að veðdeildin gæti tekið lægri vexti en gert er, en munurinn á þessu er fyrst og fremst sá, að Söfnunarsjóður hefir innlent fé með höndum, sem þægilegt er að ráða yfir, en veðdeildin starfar aftur á móti aðallega með erlendu lánsfé, sem verður að lúta þeim vaxtakjörum, sem á því eru erlendis. Auðvitað væri æskilegt, að þau ráð fyndust, sem gætu orðið til þess, að vextir veðdeildarinnar lækkuðu. Ég verð að álíta, að meðan ekki er hægt að finna leið til að gera bændum kleift að fá lán með lægri vöxtum, þá verði að hafa vaxtatillag ríkissjóðs, meðan hægt er að pína það út úr honum.

**Jón Auðunn Jónsson:** Þetta frv. er flutt til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, því að vaxtatillag ríkissjóðs til fasteignalána bænda minnkar, ef þessir vextir Söfnunarsjóðsins eru færðir niður. Það er því eins og nú stendur á engin bót fyrir þá bændur, sem tekið hafa fasteignalán í sjóðnum. — Ég er á móti þessu frv. af sömu ástæðum og hv. 10. landsk. Hér er um

að ræða eitt hið bezta söfnunarfé, sem við eigum, því er varið til þess að hjálpa þeim, sem erfiðast eiga, þarna eru ellistyrktarsjóðir, ekknasjóðir og líknarsjóðir ýmsir. Af þessum ástæðum er það óeðlilegt að ætlast til, að Söfnunarsjóður taki lægri vexti en hægt er að fá í frjálsum viðskiptum. Stjórn sjóðsins hlýtur að telja það skyldu sína að ávaxta fé það, sem hún hefir með höndum, eins vel og hægt er. — Ég vil benda á það í sambandi við þá fullyrðingu, að hér sé verið að létta á sveitafólkinu, að 70% af því fé, sem sjóðurinn hefir yfir að ráða, er eign sveita. Nálega allir þeir sérstöku sjóðir, sem þarna er um að ræða, eru eign sveitahéraða, gefnir af góðu fólki, oftast í líknarskyni, til hjálpar ekkjum og öðru illa stæðu fólki, eða þá í menningarskyni. Ég tel það því vera andvígt hagsmunum sveitanna að samþ. þetta frv.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Hv. frsm. talaði um nauðsynina, sem væri á því að gera almennar ráðstafanir til lækkunar á fasteignalánsvöxtum. Ég tek undir það, að á þessu er hin mesta nauðsyn. En hv. frsm. hlýtur að vera mér sammála um það, að þetta geta ekki talizt almennar ráðstafanir í þá átt, þar sem þær snerta ekki nema lítinn hluta af því mikla fé, sem atvinnuvegirnir verða að hafa til nauðsynlegrar veltu og framkvæmda. Hann benti á, að hér væri um innlent fé að ræða, en ég vil benda á það, að sparisjóðsféð í landinu mun vera tífalt meiri upphæð en sú, sem hér um ræðir, og það er líka innlent kapital. Með því mætti gefa lánstofnunum miklu áhrifameira aðhald um lækkun vaxta en með þessum ráðstöfunum með Söfnunarsjóð. — Hv. frsm. minntist á það, sem ég benti á áður um l. frá 1933, um breyt. á l. um ellistyrktarsjóði, sem verka í þá átt, að meira er borgað út en áður, en jafnframt dregið úr vexti sjóðsins. Það er því enn tilfinnanlegra, eigi nú að fara að þrengja kosti hans og svipta þar með þá, sem eftir oss koma, voninni um styrk úr þessum gagnlega sjóði. Það er rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. tók fram, að um ¾ hlutar þess fjár, sem er í Söfnunarsjóði, er eign sveitanna, það eru ekki nema 800000 kr., sem svo er ekki ástatt um, m. ö. o., þarna er verið að taka frá sveitunum til þess að hjálpa sveitunum og íbúum þeirra. Í framkvæmdinni verður það því svo, að hér kemur nýr skattur til ríkissjóðs, þannig, að ríkissjóður losnar við að greiða gjöld, sem hann hefir hingað til greitt; þetta er skattur á gamalmennin, ekkjurnar, búnaðarfélagsskapinn, menntunina í landinu, o. s. frv. Og þá held ég, að borið sé niður þar, sem sízt skyldi, og vildi ég óska, að n. sú, sem hefir málið til meðferðar, sæi sér fært að fara aðrar leiðir en þessa til að létta vaxtabyrði bænda, sem vissulega er nauðsynlegt. Með tilliti til þess, hvað sú nauðsyn er brýn, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, þótt ég eigi erfitt að fella mig við þá leið, sem hér er lagt til að fara.

Umr. frestað.

---

Á 67. fundi í Ed., 20. des., var útbýtt brtt. á þskj. 910, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 36. Líftryggingastofnun ríkisins.

Á 47. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um líftryggingastofnun ríkisins** (þmfrv., A. 593).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

## 37. Rekstrarlánafélög.

Á 53. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um rekstrarlánafélög** (þmfrv., A. 695).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

## 38. Meðlag með börnum ekkna.

Á 55. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um meðlag með börnum ekkna** (þmfrv., A. 734).

Á 58. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 39. Jarðræktarlög (frv. PM).

Á 3. fundi í Ed., 5. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923** (þmfrv., A. 39).

Á 4. og 5. fundi í Ed., 6. og 8. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 6. fundi í Ed., 9. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

**Flm. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Eins og hv. þm. er kunnugt, er svo ákveðið í jarðræktarlögunum, að ríkisstj. skuli skipa tvo menn af þremur í stj. Búnaðarfélags Íslands eftir tilnefningu landbn. Alþingis. Í frv. er lagt til, að sú breyt. sé á þessu gerð, að ríkisstj. skipi annan endurskoðenda félagsins, en búnaðarþingi sé að öðru leyti algerlega fengin stjórn þess í hendur. Um þetta hefir komið fram krafa frá búnaðarþingi, og hefir málið þrisvar áður legið fyrir Alþingi, svo hv. þm. munu flestum kunnug þau rök, sem fyrir því eru færð, og ætla ég því ekki að þreyta hv. d. á því að taka þau upp að þessu sinni. Leyfi ég mér að fara fram á, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 679).

**Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon)** [óyfirl.]: Ég er hv. forseta þakklátur fyrir að hafa tekið þetta mál á dagskrá. Málið er svo kunnugt, að það þarf ekki að ræða mikið um það. Með frv. er farið fram á, að Búnaðarfélagið fái leyfi til að kjósa alla stjórn sína sjálft, í stað þess að ríkisstj., eins og nú er, skipi tvo menn í stjórnina eftir till. sameinaðra landbn. þingsins.

Búnaðarfélagið hefir krafizt þess, að þessi breyt. væri gerð, og það virðist hafa fengið góðar undirtektir í öllum flokkum. Það verður ekki séð, að það sé betra fyrir Búnaðarfélagið, að skipuð sé fyrir það pólitísk stjórn, svo að breyt. virðist sjálfsögð. Ég vænti þess, að hv. dm. sjái sóma sinn í því að vera með þessu frv. og verða þannig við kröfum félagsins. Ég sé ekki að neitt ósamræmi sé í því, að þetta gangi fram nú, þótt til standi að undirbúa ný l. um félagið. — Ég mun ekki fjölyrða meira um þetta og læt mér nægja að vísa til nál. á þskj. 679.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞÞ, BSt, GL, HermJ, IngP, JAJ, JJ, MG, PHerm, PM, ÞBr, EÁrna.

**nei:** HG, JBald, MJ, SÁÓ.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

---

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 40. Ríkisgjaldanefnd.

Á 3. fundi í Ed., 5. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um ríkisgjaldanefnd** (þmfrv., A. 40).

Á 7. fundi í Ed., 10. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Magnús Jónsson):** Þetta frv. er flutt í þeim tilgangi að tryggja betur en verið hefir, að fjárráðstöfunum Alþ. verði fylgt út í æsar. Það hefir töluvert borið á því, að ríkisstj. hafi ávísað ríflegri fjárupphæðum til einstakra fyrirtækja heldur en Alþ. hefir ákveðið. Það hefir jafnvel kveðið mikið að því, að þetta hafi verið gert. Það hefir oft komið fyrir, að fjárupphæðir hafa verið greiddar án ákvarðana Alþ. Það er mjög óheppilegt, að þessu haldi áfram. Alþ. er falið að sjá um fjárhag ríkisins. Það er tilgangslaust að vinna vandlega að samningu fjárl., ef þeim er svo ekki fylgt. En ég ætla ekki að fara frekar út í það, því ég vil ekki fara að vekja neinar eldhúsumr. eða gefa tilefni til þeirra.

Það munu allir vera sammála um, að heppilegra sé að tryggja það, að þetta geti ekki átt sér stað. Það mætti auðvitað fara fleiri leiðir en eina til þess að ná þessu. M. a. var á sumarþinginu 1931 af minni hl. fjvn. flutt till. í þessa átt. Þá átti að setja greinileg ákvæði um það, að upphæðir fjárl. væru skoðaðar sem hámarkstölur. Það mátti ekki fara fram úr þeim, nema brýn nauðsyn krefði. Með þessari till. greiddu allir sjálfstæðismenn og Alþýðuflokksmenn atkv. og 1 úr Framsfl. Hún náði þó ekki samþykki, enda var þessi tilraun hálfgerð hrossalækning. Það er ekki heppilegt að setja ríkfastan bókstaf. Það er heppilegra, að hér séu lifandi menn að starfi, sem taka tillit til ástæðna, sem fyrir eru. Það er heppilegra heldur en að setja ríkfastan bókstaf eins og gert hefði verið, ef till. fjvn. hefði verið samþ.

Það væri ekki óhugsandi að fara þá leið, að fela ákveðnum embættismanni að ávísa úr ríkissjóði. Það er möguleiki, sem mætti athuga. Í því fælist minni hætta en fela þetta pólitískum ráðh., sem gæti ávísað í hagsmunaskyni fyrir flokk sinn. Þó að þetta væri falið sérstökum embættismanni, þá væri vald fjmrh. í raun og veru lítið skert með því. Hann sér eftir sem áður um undirbúning fjárl. og hefir sömu áhrif á það, hvernig þau eru úr garði gerð.

En þessi leið hefir ekki verið tekin, heldur sú, að Alþ. skipi sjálft menn til þess að hafa eftirlitið með höndum. Ég ætla ekki að rekja efni frv., því það er ákaflega einfalt. Þetta er aðeins nokkurskonar till., og því fer fjarri, að ekki sé tekið með þökkum öllum till., sem fara í þá átt að bæta það. Það er einungis borið fram til þess að bæta úr þörf. Hliðstæður þessa munu vera til annarsstaðar.

Frv. fer fram á það, að í þinglokin útnefni hver þingflokkur, sem mann eða menn á í fjvn., einn mann hver og tvo til vara í n., sem nefnist ríkisgjaldanefnd. Undir þá n. á svo að bera allar fjárgreiðslur, sem fara fram úr áætlun. Ef fjmrh. telur þörf á að greiða upphæð úr ríkissjóði umfram heimild í fjárl., þá á hann að tilkynna form. n. það. Til þess að greiðslan verði samþ., þarf samþykki allra nm. Það getur orðið ágreiningur um, hvort kveða eigi svo að orði, að samþykki allra nm. þurfi. En ég tel frv. ónýtt, ef því atriði er haggað. Enginn nm. getur þá skotið sér undan ábyrgð með því að greiða atkv. gegn greiðslu í þeirri vissu, að hún nái samt samþykki. Það á að fyrirbyggja, að nokkur geti þvegið sjálfan sig slíkum Pílatusarþvotti. Hver nm. á að bera fulla ábyrgð á því, hvort hann synjar eða samþ. greiðslu.

Ég efast ekki um, að svona n. mundi ekki hindra þær fjárveitingar, sem nauðsynlegar væru. Við skulum taka t. d., að í nágrannalöndunum geisaði hættuleg umferðaveiki. Þá er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að fjmrh. greiði úr ríkissjóði fram yfir áætlun, til þess að reyna að hefta útbreiðslu veikinnar. Enginn nm. mun hindra slíka nauðsynlega ráðstöfun. Við getum tekið annað dæmi. Það þarf að byggja lítinn vegarspotta til þess að þjóðvegur komi að notum. Auðvitað mundi slík samþykkt fást. En n. mundi aftur á móti hindra, að einstakir ráðh. misnotuðu ríkissjóðinn.

Annað atriði, sem ég vil benda á, er um starfsemi n. Það væri e. t. v. ástæða til þess, að hún væri sístarfandi og fylgdist sífellt með öllum greiðslum. Í Englandi er ákveðinn eftirlitsmað-

ur, sem skrifar upp á hverja ávísun á ríkissjóð. Þetta mun e. t. v. þykja óþarft. En þá má prófa hvort ekki sé nægilegt, að n. sé til taks, þegar fjmrh. þyki nauðsyn til bera.

Það getur oft verið erfitt fyrir stj. að vita, hvort heimild er tæmd. En þá verður að halda sér við ríkisbókhaldið. Það getur verið, að þetta verði eitthvað dýrara fyrir ríkisbókhaldið. Það þyrfti e. t. v. að fjölga starfsmönnum. Mér dettur ekki í hug að álíta, að l. verði framkvæmd með svo heimskulegum strangleika, að nokkrar krónur, sem t. d. vegamálastjóri hefir ávísað til þess að ljúka við vegarspotta, og ráðh. lætur greiða, mér dettur þá ekki í hug, að ráðh. verði látinn sæta refsingu fyrir slíkt samkv. hegningarlögunum. Reynslan verður að kenna, hvað heppilegast sé í þessu efni.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða miklu meira um þetta. Þó vil ég minnast á eitt atriði enn, og það er, að l. eins og þessi stuðla að því, sem hæstv. fjmrh. hefir látið í ljós, að hann hefði fullan vilja á, að fjárl. verði samin raunverulega rétt, en ekki af handahófi. Með þessu verður það knýjandi fyrir fjmrh., að fjárl. séu rétt úr garði gerð. — Að svo mæltu vil ég leyfa mér að fara fram á það, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

**Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins segja fáein orð út af þessu frv. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, að þetta má ekki gera að pólitísku deilumáli. Takmark okkar allra á að vera það, að sem minnst verði greitt af greiðslum, sem ekki eru í fjárl. Undanfarið hefir fjárveitingavaldið varla verið að öllu leyti í höndum Alþ. Útkoman hefir því oft ekki verið í samræmi við vilja Alþ. Þetta verður oft til þess, að fjárhagur ríkissjóðs er verri en menn vilja láta líta út.

Því hefir verið lýst yfir af stj., að hún vilji vinna að því, að fjárl. séu haldin sem bezt og greiðslur úr ríkissjóði fari sem minnst fram úr áætlun. Það er vitanlega gott fyrir stj. að hafa visst aðhald um þetta efni, því ásókn er mikil um greiðslur úr ríkissjóði.

Ég er sammála hv. þm. um þetta, en ég hefi enn ekki haft tíma til að mynda mér skoðun um, hvaða leið sé heppilegust. Ég hefi ekki haft tíma til að sinna málinu, sökum annríkis við samningu fjárlagafrv.

En út af þessu frv. vil ég geta þess, að ákvæði þess eru svo ströng, að mjög erfitt mun vera að framkvæma þau. Hv. þm. segir, að það verði auðvitað að framkvæma þessi l. eins og skynsömum mönnum sæmir. Ég vil sérstaklega benda á það, að eftir þessu frv. er hægt að klekkja á pólitískum andstæðingi fyrir litlar sakir. Bókstafur frv. er svo strangur, að þetta mundi vera hægt. Ég vil benda á 5. gr. frv.: „Nú greiðir fjmrh. fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárl. eða öðrum l., eða án samþykkis ríkisgjaldanefndar samkv. 2. gr., og varðar það hann þá ábyrgð eftir 143. gr. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess er hann skyldur til að endurgreiða ríkissjóði það fé, sem greitt hefir verið í heimildarleysi". Í fjárl. er t. d. liður „Til óvissra útgjalda". Þá mætti spyrja, hvort ekki mætti greiða þar nokkurn pening nema bera það undir ríkisgjaldanefnd. Það mundi verða ákaflega erfitt að framkvæma þetta atriði. Það er mjög alvarlegt mál, að hafa ákvæði í frv., sem ekki er hægt að framkvæma. Einhverjum þm. gæti dottið í hug að klekkja á ráðh., þó um enga alvarlega sök væri að ræða.

Það mundi líka verða erfitt í þessu sambandi að eiga við skipulagningu verklegra framkvæmda fyrirfram. Það er hið mesta vandaverk að skipuleggja verklegar framkvæmdir þannig, að það, sem á að gera, verði gert. Það þarf t. d. að ráða menn fyrir vissan tíma í sambandi við undirbúning verklegra framkvæmda. Þá koma mörg atriði til greina, sem geta valdið því, að einhverju skakkar í þessu efni. Þá er erfitt að þurfa að sækja allt undir atkv. eins nm. Við skulum taka dæmi: Nú er verið að vinna við verklegar framkvæmdir, og kostnaður er kominn fram úr áætlun. Þá verður kannske að hætta vinnu, af því að ekki er hægt að borga út, vegna þess að einn nm. mætir ekki á fundi.

Ég er sammála grundvallaratriði frv., að tryggja eigi það, að fjárl. séu haldin. — Mig minnir, að annar sá flokkur, sem stendur að núv. stj., hafi komið með till. í þessa átt. En mér hefir, eins og ég sagði áðan, ekki gefizt tími til að skapa mér fasta skoðun um þetta.

**Flm. (Magnús Jónsson):** Ég heyri það á hæstv. fjmrh., að hann tekur vel í þetta mál, svo ég býst við, að það fái athugun í n. og af þinginu. En þessu verður aldrei ráðið til lykta nema gera tilraunina. Reynslan verður svo að leiða í ljós, hvort þetta fyrirkomulag er gott. Það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það er stöðugt nauð um greiðslur úr ríkissjóði, og það ætti því að vera gott fyrir fjmrh. að hafa samþykki slíkrar n., sem skipuð er af öllum flokkum, bak við sig. Það er að mínu áliti mjög mikilsvert. Ég álít það líka mjög mikils virði fyrir hverja stjórn eftir á, að hafa fengið samþykki allra flokka að nokkru leyti fyrir þeim umframgreiðslum, sem þarf. Að hægt sé að koma pólitík inn í málið, held ég sé næstum útilokað af eðli málsins, því að hver sá flokkur, sem kemur fram með þetta, getur verið að búa í hendur á sjálfum sér, jafnvel þótt hann sé minnihlutaflokkur. Hann getur þá innan skamms farið með völdin í landinu. — Hv. 4. landsk. hlær. Þess er þó ekki langt að minnast, að hv. þm. sat einn síns liðs á þingi, en nú á flokkur hans mann í ríkisstjórn. Þá er varla óhætt að samþ. lög með þeirri tryggingu, að flokkur, sem hefir bak við sig rúml. hálfa þjóðina, komist aldrei til valda.

Mér virtist ákvæði 5. gr. valda hæstv. ráðh. nokkrum ótta. Það verður aldrei hægt að vísu að búa svo um, að ekki sé viss hætta fyrir fjmrh., af því að þessi l. eru sett beinlínis til að tryggja, að hann ávísi ekki meiru en hann má. Lögin eru gagnslaus, ef ekki felst í þeim viss hætta fyrir fjmrh.; hann verður að gefa gaum að þessu atriði, til þess eru l. sett. En hæstv. ráðh. kom líka inn á þá hugsun, sem einmitt vakti fyrir okkur sem trygging fyrir hann, það, sem veitt væri til óvissra útgjalda. Þingið ákveður upphæð til óvissra útgjalda, og ráðh. getur

gripið til þeirrar fjárveitingar án þess að spyrja ríkisgjaldanefnd, svo lengi sem hún hrekkur. Það er fyrst þegar hann vill ekki nota þá fjárveitingu, heldur fer fram á fjárveitingu á ákveðna liði, eða heimild til útgjalda er upp gengin, að hann þarf að spyrja ríkisgjaldanefnd eða ábyrgð er hægt að koma fram.

Annars verð ég að segja, að það hefir a. m. k. verið svo, að meiri hl. hefir staðið nokkuð fast um stj. Ég óttast sannast að segja meira, að l. verði gagnslítil vegna þess, að þingið ríkenni ráðh., þótt hann fari fram úr áætlun, heldur en að það klekki á honum. En úr því sker reynslan. (**Fjmrh.**: Það væri skipt um þingmeirihluta). Já, og landsdómur kæmi eftir á. En það er ekki opnara eftir en áður. Auðvitað er opin leið að klekkja á ráðh., ef þingmeirihluti tæki upp þá nýbreytni að samþ. ekki fjáraukalög.

Ég óska að endingu eftir, að frv. fái þá lagfæringu, sem þingið sér sér fært að gera.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Það er góðra gjalda vert, að sjálfstæðismenn, með hv. 1. þm. Reykv. í broddi fylkingar, eru nú orðnir spenntir fyrir réttri meðferð á fé ríkissjóðs. Kann sumum að virðast, að það sé í seinna lagi, sem þessi iðrun fer fram, eins og lýsir sér í þessu frv. Þeir voru ekkert spenntir fyrir því, sjálfstæðismennirnir, að haga meðferð fjárl. þannig, að eftir þeim sé farið, þegar jöfnunarsjóður okkar var á ferð hér um árið, þar sem átti að leggja tekjur þær, sem umfram voru, í sérstakan sjóð og jafna með því framkvæmdir ríkisins frá ári til árs. Jöfnunarsjóður sá, sem samþ. var að lokum, var ekki nema svipur hjá sjón, hafði ekki inni að halda nein þau ákvæði, sem að gagni gætu komið og væru aðhald fyrir stjórnina.

Ég býst nú við, að minn flokkur geti sætt sig við þetta fyrirkomulag, enda hefir hann stungið upp á nokkuð svipuðu. En það mun sumum að sjálfsögðu þykja hart, að einn maður geti hindrað það, sem álitið er alveg óhjákvæmilegt. Það þýðir ekki að tala um það, eins og hv. flm., að menn muni alltaf verða svo sanngjarnir, og ef drepsótt brýzt út, muni menn ekki halda í peningana, eða ef þarf að ljúka við vegarspotta. Þetta getur vel verið. En það kemur sjálfsagt eitthvað fleira til greina, sem gerir útgjöld óhjákvæmileg eða til mikils gagns fyrir landið, sem meiri hl. í þessari hugsuðu n. vildi láta landsmenn taka á sig og stj. veita fé til. Og jafnframt mundi sá meiri hl. taka ásamt stj. á sig ábyrgð þeirra ráðstafana. Ég sé ekkert á móti því, að meiri hl. bæri ábyrgðina og réði úrslitum; hitt finnst mér ótækt, að einn maður geti haft algert neitunarvald, eins og frv. gerir ráð fyrir. Tökum til dæmis fjvn. Ef hún starfaði undir þessu lögmáli, gætu sjálfstæðismenn og Bændafl., minnihlutaflokkarnir, myndað þann raunverulega meiri hl., þegar um væri að ræða að hindra það, sem hinn þingræðislegi meiri hl. ætlaði að láta gera. Og þó að ég játi, að eðlilegast sé að fara eftir fjárl. og framkvæma ekki annað en það, sem þau mæla fyrir um, þá getur komið það ástand, að brýna nauðsyn beri til að eyða meira fé í einhverju skyni en fjárl. gera ráð fyrir. Ég hefi síður en svo neitt á móti því, að stj. hefði eitthvert aðhald og væri ekki eins einráð og hingað til. Enda felst í þessu frv. heljar ásökun á fyrri stjórnir, og ekki sízt á þá sjálfstæðismenn ýmsa, sem verið hafa ráðherrar undanfarið. Og ég skil ekkert í því, hvernig hv. 1. þm. Reykv. (MJ) hefir getað „platað" hv. 1. þm. Skagf. (MG) til að vera með í að flytja þetta frv. Því að ég sé ekki betur en að eftir frv., ef það hefði slampazt til að ná samþ. einu ári fyrr, þá hefði hæstv. sami fyrrv. ráðh. gerzt sekur við 143. gr. hinna almennu hegningarlaga, vegna þess að hann greiddi alveg í óleyfi fé úr ríkissjóði í hundruðum þúsunda til óleyfilegrar stofnunar. Ég verð eiginlega að taka svari ráðherrans, mér finnst svo illa með hann farið af hans eigin flokksmanni. Ég get skilið, að andstæðingar hans hefðu gert þetta, en að óreyndu ekki trúað, að hans flokksmenn settu hann í þessa úlfakreppu. Því að vissulega er frv. allt tómar ásakanir í hans garð. Og að þetta hefir ekki komið fyrr fram, og með hliðsjón af því, hvernig sjálfstæðismenn tóku jöfnunarsjóðsfrv. okkar Alþýðufl.manna fyrir nokkrum árum, þá finnst mér það einhvern veginn komið í hug sjálfstæðismanna, að þeir séu ákaflega vonlitlir, þó þeir telji sér helming þjóðarinnar, að þeir komist til valda bráðlega. Þetta er svo mikil hugarfarsbreyting frá því, sem var. — Að endingu tel ég rétt, að frv. sé athugað í n., allshn. eða fjhn.

**Magnús Guðmundsson**: Ég finn mér skylt að þakka hv. 4. landsk. fyrir þá miklu umhyggju fyrir mér, sem kom svo berlega í ljós í ræðu hans, eins og oft áður. Sýnir hann hér, hversu vinveittur þessi hv. þm. er mér ávallt. En ég ætla þá að segja honum það, að það er ég, sem hefi samið frv., svo að ég hefi ekki verið „plataður" inn á neitt.

En út af aths. hans um það, hvort rétt væri að heimta samþykki allra nefndarmanna til þess að aukafjárveiting sé lögleg, þá skal ég viðurkenna, að þetta er vafamál. En það verður að gæta þess, að t. d. tveir stjórnarflokkar geta, ef ekki þarf samþykki allra nefndarmanna, notað aðstöðu sína í n. til þess að taka upp fjárveitingu, sem þeir viljandi létu vera að samþ. í þinginu. Með þessu væri hægt að opna leið til að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis í hendur nefndarinnar. En það, sem einkum olli því, að mér fannst rétt að setja í frv., að allir þyrftu að vera sammála, var það, að ef fjárveitingin er verulega nauðsynleg, þá taki flokkurinn, sem neitar um fjárveitinguna, á sig svo mikla ábyrgð og óvinsældir, að enginn flokkur sjái sér fært að nota þessa aðstöðu. Þetta er sjálfsagt að athuga í nefnd. Það getur vel verið, að hægt verði að færa fram ástæður, sem sannfæra mig um, að þetta sé ekki heppilegt að öllu athuguðu; en eins og stendur finnst mér það vera þannig.

Ég heyrði, að hv. 4. landsk. var að tala um, að ég hefði greitt nokkuð mikið úr ríkissjóði umfram heimild á síðastl. ári. En ég vil benda honum á það, að allar greiðslur úr ríkissjóði fara fram gegnum fjármálaráðuneytið, og ekkert fæst greitt á annan hátt. Annars er öllum vitanlegt, að ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, er hinn gegndarlausi fjáraustur utan fjárlaga

árin 1928—1931, og held ég, að hv. 4. landsk. hafi komið þar nokkuð freklega við sögu. Ég held því, að frv. sé miklu frekar högg á hann en mig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 53. fundi í Ed., 5. des., utan dagskrár, mælti

**Magnús Jónsson:** Ég vil biðja hæstv. forseta að taka bráðlega á dagskrá frv. um ríkisgjaldanefnd. Þetta frv. var með þeim fyrstu, sem flutt voru á þinginu, og minni hl. fjhn. hefir þegar skilað áliti um það fyrir þrem vikum. Ég vil biðja hæstv. forseta að ganga eftir áliti meiri hl. n. og taka svo málið á dagskrá, því að þetta er stórmál, sem sjálfsagt er, að fái að koma til umr.

**Forseti (EÁrna):** Ég skal verða við tilmælum hv. þm. um að taka málið fljótt á dagskrá.

---

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 482).

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Það má segja, að mál þetta hefir ekki siglt hraðbyri gegnum þingið. Það kom fram með fyrri frv., en lá lengi hjá hv. fjhn., og ég er ekki svo gerður, að ég vildi vera að ýta því fram fyrir stjórnarfrv. Ég gaf út nál. 16. nóv. og beið svo þess, að hv. meiri hl. gæfi út sitt álit.

Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að hafa tekið málið á dagskrá, svo að sjá megi, hvað hv. dm. segja um frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að tefja hér tímann með langri ræðu; ég talaði um málið við 1. umr., og frv. er hvorki langt né flókið. Hefi ég í nál. mínu lagt til, að frv. sé samþ. óbreytt.

**Bernharð Stefánsson:** Af því að ég á sæti í þeirri n., sem haft hefir mál þetta til meðferðar, vil ég geta þess, að það var ekki tilraun til þess að koma málinu fyrir kattarnef, að meiri hl. n. gaf ekki út neitt nál. Sumpart hefir þetta gleymzt, en atkvgr. í n. um þetta mál fór líka þannig, að hv. 1. þm. Reykv. greiddi atkv. með því, ég greiddi atkv. á móti því, en einn sat hjá.

Ég ætla ekki að lengja umr., því að það er orðið framorðið, en ég vil þó taka það fram, hvers vegna ég er á móti málinu.

Frv. er komið fram til þess að koma í veg fyrir það, að stj. greiði úr ríkissjóði fram yfir það, sem fé er veitt til í fjárl. Að því leyti er tilgangurinn góður. En ég fæ ekki betur séð eins og frv. er, en að það verki alveg öfugt. Í 2. gr. stendur, að ef n. samþ. með öllum atkv. einhverja greiðslu, þá sé það greiðsluheimild handa ráðh. Ég fæ ekki betur séð en að þetta komi í bága við þau ákvæði stjskr., sem mæla svo fyrir, að ekkert fé megi greiða úr ríkissjóði, nema leyfi sé veitt til þess í fjárl., fjáraukal. eða sérstökum l. Ráðh. verður því að leita samþykkis þingsins fyrir öllum greiðslum utan fjárl., og fái hann það ekki, fellur á hann þung sök. Hinsvegar virðist mér, að ekki sé hægt að koma fram ábyrgð á hendur ráðh., þegar hann er búinn að fá greiðsluheimild samkv. þessum l., þó að þingið neiti að taka upphæðina upp í fjáraukalög.

Það má vera, að nokkur trygging sé í því, að andstæðingar stj. séu í n., en um svo fámenna n. er ekki gott að vita nema samtök yrðu um einhverja greiðslu, sem meiri hl. þings vildi ekki samþ. Ég hygg því, að hæpið sé, að þetta nái tilgangi sínum. Hinu neita ég ekki, að heppilegt væri að finna eitthvert form fyrir þessu, þótt mér finnist það ekki koma fram í frv.

Í sambandi við þetta vil ég geta einnar mikillar greiðslu, sem fram hefir farið í sambandi við jarðskjálftana nyrðra í sumar. Þar þurfti skjótrar hjálpar við. Samskot voru hafin og það talið nauðsynlegt, að ríkisstj. hlypi undir bagga, og leitaði stj. þá samþykkis miðstj. flokkanna um þessa greiðslu. Ég álít þessa aðferð heppilega, og a. m. k. kemur hún ekki í bága við stjskr., en það finnst mér 2. gr. þessa frv. gera. Ég legg því til, að þessu máli verði vísað til stjórnarinnar.

**Jón Baldvinsson** [óyfirl.]: Við í fjhn. höfum dottið sinn í hverja áttina í þessu máli. Ég hefi ekki á móti hugsuninni í þessu frv., að ríkisstj. greiði ekki meira en tilskilið er í fjárl., en mér finnst frv. svo einstrengingslega orðað, að óliklegt sé, að það náist fram.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í lok hvers reglulegs Alþingis skulu þingflokkar þeir, sem mann eða menn hafa í fjárveitinganefnd, tilnefna einn mann hver og tvo til vara í nefnd, er nefnist ríkisgjaldanefnd. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara og gegnir starfi til loka *næsta reglulegs Alþingis. Nefndarmenn* skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti daglega sótt þangað fundi".

Í þinginu eru nú fjórir flokkar, og þótt þeir hafi ekki allir nú mann eða menn í fjvn., þá má svo vel fara. En það yrði óheppilegt af því, að með því fengist enginn meiri hl. í n. Það væri og óeðlilegt, eftir öllum réttum reglum um kosningar, að ekki væri kosið í n. eftir atkvæðamagni flokkanna. Ég vil því breyta 1. gr. frv. svo, að Alþingi kjósi með hlutfallskosningum fimm menn í n. og fimm til vara.

Ég lagði snemma í dag brtt. mínar við frv. fram í skrifstofu þingsins, en annríki mun vera í prentsmiðjunni, svo að þeim hefir ekki verið útbýtt enn, og mun ég því afhenda hæstv. forseta þær skriflegar.

Brtt. mínar ganga í þá átt, að tala nefndarmanna standi á stöku og kosið sé hlutfallskosningu í n. Að greiðsla sé heimil, ef meiri hl. n. samþ. hana, en samkv. frv. nú þarf samþ. allra nefndarmanna.

Við 3. gr. ber ég fram þá brtt., að fundir n. séu lögmætir, ef meiri hl. kemur á fund. Samkv. frv. er svo ákveðið, að fundur sé því aðeins lögmætur, að hann sé fullskipaður. Það gæti orðið erfitt, ef einstakir nm. eyðilegðu starf n. með því að mæta ekki á fundi; er því nauðsynlegt að gera þessa breyt. á frv.

Þá þykir mér það nokkuð óvenjulegt við 5. gr., að ráðh. beri ábyrgð eftir 143. gr. hinna almennu

hegningarlaga. Ég hefi því flutt brtt. þess efnis, að hann beri ábyrgð samkv. ákvörðun þess Alþingis, er næst kemur saman.

Ég hefi bundið þetta við næsta þing, því ef taka mætti þetta upp á hvaða þingi sem væri, mætti beita þessu í kosningum. Hafi ráðh. gerzt sekur um það, sem fer út fyrir það, sem nú þekkist, fjárdrátt sjálfum sér til handa o. s. frv., þá er hann orðinn sekur við l. af sjálfu sér. Mun ég því leggja skriflegar brtt. um þetta fyrir forseta.

**Forseti (EÁrna):** Mér hafa borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá hv. 4. landsk.: [Sjá þskj. 821].

Þar sem brtt. þessar eru of seint fram komnar og auk þess skrifl., þarf tvenn afbrigði til þess að þær megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð af ríkisstj., en deildin synjaði þeirra með 4:9 atkv.

**Frsm. minni hl. (Magnús Jónsson):** Ég ætla hér lítilsháttar að minnast á þá mótbáru hv. 1. þm. Eyf., að frv. eða 2. gr. fari í bága við stjskr. Ég hefi áður heyrt þessu haldið fram, og mér er satt að segja óskiljanlegt, hvernig nokkur maður hefir fengið þetta inn í sitt höfuð. Frv. á að þrengja rétt ráðh. til greiðslu á ríkisfé utan fjárl., og þótt gert sé ráð fyrir því í frv., að samþykki allrar nefndarinnar veiti honum greiðsluheimild, er það auðvitað mál, að það, sem greitt er eftir samþykki n., verður að koma á fjáraukalög eftir sem áður. Þetta gerir því enga breytingu á stjskr., enda hefir hæstv. forseti enga ástæðu séð til þess að vísa frv. frá af þeim orsökum. Þessi greiðsluheimild er í eðli sínu alveg sú sama og er þingið veitir stj. heimild til greiðslu með þáltill. Ráðh. er að vísu vítalaus, ef n. veitir samþykki sitt til greiðslunnar, en á fjáraukalög verða greiðslurnar auðvitað að koma.

Hv. 4. landsk. hefir borið hér fram nokkrar brtt., sem að vísu hefir verið synjað um afbrigði um, og koma því ekki til atkv. fyrr en að líkindum við 3. umr. Hv. þm. lýsti yfir fylgi sínu við málið, eins og ég raunar bjóst við, þar sem þessi stefna er í samræmi við yfirlýstan vilja flokks hans. Ég geri nú ráð fyrir, að við, flm. frv., gætum til samkomulags gengið inn á brtt. hans að einhverju leyti, þótt við teljum þær draga mjög úr gagnsemi frv. En við væntum þess jafnframt fastlega, að hann og flokksbræður hans hjálpi okkur til að koma frv. til 3. umr. Ég geri varla ráð fyrir, að frv. geti fengið afgreiðslu á þessu þingi, en með því ætti þó að geta verið fenginn grundvöllur undir löggjöf um þetta efni.

Ég vil benda hv. 4. landsk. á það, að brtt. hans við 5. gr. myndi, ef samþ. yrði, gera tilgang frv. að engu. Eigi ráðh. aðeins að vera ábyrgur fyrir næsta þingi, getur hann alveg eins og nú greitt fé úr ríkissjóði í heimildarleysi, í trausti á samþykki þess meiri hl. þar, sem hann styðst við. Að vísu geta farið fram kosningar á milli, en það er vitanlega sjaldnast. Að vísu er ráðh. eftir frv. vítaverður, ef n. hefir neitað honum um samþykki á greiðslu, sem hann hefir innt af höndum, en flokksbræður hans myndu auðvitað leysa hann undan allri ábyrgð með samþykki á fjáraukalögum á næsta þingi, alveg eins og nú.

Annars er það alveg óþarfi hjá hv. 4. landsk. að þykja það svo mjög óttalegt, þótt vitnað sé í hegningarlögin í þessu sambandi. 143. gr. er ekki um fjárdrátt, heldur um embættismenn, sem fara ekki eftir fyrirskipunum laganna, og viðurlög við sliku geta verið fangelsi, embættismissir eða aðeins sektir. Ég vil því skjóta því til hv. 4. landsk., að hann taki þessa brtt. aftur, eða a. m. k. gefi henni annað form.

**Jón Baldvinsson:** Það er vitanlega alls ekki tilætlun mín með þessari brtt., að ráðh., sem gerir sig sekan um fjárdrátt, sleppi við refsingu. Hér er aðeins átt við það, að ráðh., sem fer fram úr heimild Alþingis um greiðslur úr ríkissjóði og án samþykkis ríkisgjaldanefndar, skuli bera ábyrgð fyrir næsta Alþingi. Annars eru brtt. mínar hvorki til umr. né atkvgr. hér, þar sem synjað hefir verið um afbrigði um þær. En flokksmenn mínir munu ekki geta greitt atkv. með 3. gr. frv. óbreyttri.

**Bernharð Stefánsson:** Ég verð að segja það, að hv. 1. þm. Reykv. tókst ekki að sannfæra mig um, að ákvæði 1. gr. kæmu ekki æðinærri ákvæðum stjskr. Mig minnir, að þar standi, að heimild til greiðslu fjár úr ríkissjóði verði að vera í fjárl., fjáraukal. eða sérstökum lögum, en samkv. frv. á samþykki nefndarinnar einnig að vera full greiðsluheimild fyrir ráðh. Hv. þm. Reykv. sagði, að greiðslur eftir þeirri heimild þyrftu auðvitað að koma á fjáraukalög. Það er að vísu rétt, en slíkt er alveg þýðingarlaust, því að þegar fulltrúar allra flokka í n. hafa samþ. slíkar greiðslur, þá er þar með búið að binda hendur þingsins fyrirfram. Ég fæ ekki heldur séð, hvernig ætti að dæma ráðh., sem fengið hefir samþykki til að greiða fé úr ríkissjóði eftir þessum lögum, þótt Alþingi vildi ekki fallast á greiðslurnar á fjáraukalögum. Þótt þetta frv. eigi að vera til að binda hendur ráðh., verður það þannig líka til að létta ábyrgð af honum, þegar nefndin hefir veitt samþykki sitt.

**Pétur Magnússon:** Það er vitanlega alveg fráleitt, að 2. gr. frv. brjóti á nokkurn hátt í bága við 37. gr. stjskr. Með henni er einmitt verið að tryggja það og leggja áherzlu á það, að fjárveitingarvaldið sé og eigi að vera hjá Alþingi. Hv. þm. veit vel, hvernig þetta hefir verið í framkvæmd hin síðustu ár. Alþingi hefir haft þetta vald í orði kveðnu, en það hefir ávallt meira og meira dregizt í hendur stj. Nú á með þessu frv. að fyrirbyggja, að framhald verði á þessu og að stj. geti greitt fé úr ríkissjóði án þess, að þingvilji sé á bak við. Frv. er því í fyllsta samræmi við anda stjskr. og til þess eins að tryggja hana.

En hinsvegar álít ég, að ef sú brtt. hv. 4. landsk., að meiri hl. n. skuli ráða, yrði samþ., þá sé farið að höggva nærri stjskr. Eflaust yrði

þetta svo í framkvæmd, að meiri hl. n. yrði skipaður flokksbræðrum ráðh., og myndu þeir því fylgja stj. um þær greiðslur, sem hún vildi inna af hendi. Reynslan hefir sýnt okkur, að útkoman verður þessi, og ef nú á að fara að lögfesta slíkt, þá má fyrst segja, að gengið sé nærri ákvæðum stjskr., hvort sem orðalag 37. gr. er beint brotið með þessu eða ekki. Þessar greiðslur yrðu auðvitað teknar upp í fjáraukalög og samþ. af þeim meiri hl., er styður stj., en ákvæðið brýtur á móti þeim anda, að fjárveitingavaldið sé hjá Alþingi í heild.

Með frv. er hinsvegar tryggt, að fullur þingvilji standi á bak við greiðslur utan fjárl., þar sem andstöðuflokkarnir verða einnig að taka á sig ábyrgðina, en hitt ekki látið nægja, að fylgismenn stj. leggi blessun sína yfir gerðir hennar eftir á.

**Jón Baldvinsson:** Ef orðalag mitt heggur nærri stjskr., gerir 2. gr. frv. það ekki síður, og þá ætti það að höggva enn nær, sem þó hefir jafnan viðgengizt, að ráðh. greiði fé úr ríkissjóði utan fjárlaga. (**PM:** Eins og nokkur efist um það). Þá eru líka allir fjmrh. sekir, því að þeir hafa allir meira og minna tekið fjárveitingavaldið af Alþingi, ef það er að taka fjárveitingavaldið af Alþingi að greiða fram yfir fjárlög.

Ég get ekki betur séð en að þetta höggvi eins nærri stjskr., þótt andstöðuflokkar stj. í ríkisgjaldanefnd veiti samþykki sitt, en það er helzt að skilja á hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Rang., að ef sjálfstæðismenn í n. samþykki greiðslur utan fjárlaga, sé stjskr. ekki brotin, en hinsvegar sé hún brotin, ef aðrir geri það — svo ég miði við það ástand, sem nú er. Ef til vill á að lögfesta, að annað mál skuli lagt á sjálfstæðismenn en aðra.

**Pétur Magnússon:** Hv. 4. landsk. er ekki eins heimskur í þessu máli og hann lætur. Ég á við það, að ef andstöðuflokkar stj., hvað sem þeir heita, samþ. fjárveitingu utan fjárlaga, þá sé fengin sú frekasta trygging, sem fæst utan þings fyrir því, að um nauðsynlega greiðslu sé að ræða. Engin stj. getur komizt hjá því að greiða fram yfir fjárlög, því að þar er að mestu leyti um áætlunarupphæðir að ræða. Því gerir stjskr. ráð fyrir fjáraukalögum, og því er ekki hægt að segja, að fjárveitingavaldið sé tekið af Alþingi, þótt greitt sé fram yfir fjárlög. Um slíkt er fyrst hægt að tala, þegar greiðslur utan fjárl. eru ordnar í engu samræmi við fjárl. sjálf. Slíks mætti nefna dæmi, en þó skal ég ekki tefja tímann með því í þetta skipti. Ég vona, að þrátt fyrir smávegis ágreining geti menn orðið sammála um þetta mál í öllum höfuðatriðum.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Eyf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.
**nei:** ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ, MG, MJ, PM.
HG, JBald, SÁÓ greiddu ekki atkv.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** ÞBr, ÞÞ, GL, HermJ, JAJ, MG, MJ, PM.
**nei:** BSt, IngP, JJ, PHerm, EÁrna.
HG, JBald, SÁÓ greiddu ekki atkv.

2.—6. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:4 atkv.

---

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 41. Jarðræktarlög (frv. ÞBr).

Á 4. fundi í Ed., 6. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög]** (þmfrv., A. 42).

Á 8. fundi í Ed., 11. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Þorsteinn Briem):** Það var höfuðverkefni síðasta fjárlagaþings að reyna að létta undir með landbúnaðinum í þeirri kreppu, sem gengið hefir yfir þetta land sem önnur.

Þau vandræði, sem bar brýnasta þörf til að leysa og þáv. stj. hafði sérstaklega búið í hendur þingsins, voru skuldamál bændanna. Hefir ekkert þing gert stærri átök til viðreisnar ísl. landbúnaði en það þing, með lagasetningu um Kreppulánasjóð og öðrum ráðstöfunum til styrktar landbúnaðinum, sem þá voru gerðar.

Lagasetning seinasta fjárlagaþings snerist vitanlega fyrst og fremst um það, að létta þær byrðar landbúnaðarins, sem á hann höfðu hlaðizt vegna þess, að sá atvinnuvegur hafði verið rekinn með tapi hin síðustu ár, og koma skuldamálum bændanna í það þorf, að þeir gætu sem flestir skuldanna vegna rekið búskap sinn á heilbrigðum grundvelli.

Sú nauðsynin var bráðust. En þó er langur vegur frá, að brýnustu nauðsynjamál landbúnaðarins séu leyst með því einu. Það var ekki nóg að styðja landbúnaðinn með því að hjálpa honum til að standast afleiðingarnar af rekstrarhalla undangenginna kreppuára, með því að koma skuldagreiðslunum í hagkvæmara horf. Það mátti vera hverjum manni vitanlegt, að auk þess þurfti að veita þá aðstoð, sem hið opinbera getur í té látið, til þess að landbúnaðurinn yrði ekki áfram rekinn með tapi, heldur gæti gefið nægilegan arð til framfæris og greiðslu vaxta og afborgana og hinna nauðsynlegu framkvæmda. Þetta var síðasta fjárlagaþingi þegar ljóst. Þess vegna samþ. það m. a. tillögur þáv. stj. um styrk til kjötfrystihúsa, sem nauðsynleg eru til þess, að aðalútflutningsvara landbúnaðarins geti komizt í verð á erlendum markaði, og nam sá styrkur hátt upp í ½ millj. króna, að meðtöldum styrk til kjötniðursuðuverksmiðju Sláturfélags Suðurlands.

Þessar ráðstafanir og aðrar, sem gerðar voru á síðasta fjárlagaþingi landbúnaðinum til hagsbóta, svo sem vaxtatillag o. fl., voru mikilsvert

spor í rétta átt. Og verður vitanlega að halda áfram á þeirri braut, t. d. verða þau kjötfrystihús, sem enn eru óreist, að njóta sama styrks í framtíðinni. — En þessar ráðstafanir og aðrar, sem gerðar voru á síðasta fjárlagaþingi, voru ekki nægilegar til þess, að landbúnaðurinn gæti aftur orðið rekinn með þeim arði, að hann væri samkeppnisfær við þá atvinnu, sem býðst við sjávarsíðuna, með þeirri hjálp, sem þar er í té látin til atvinnubóta yfir erfiðustu tíma ársins. Þetta mun hv. Ed. á aukaþinginu 1933 hafa verið ljóst, þegar hún samþ. þáltill. um að skora á ríkisstj. að leita eftir tillögum Búnaðarfél. Ísl., Sambands ísl. samvinnufél., Sláturfél. Suðurlands og Mjólkurbandalagsins o. fl. aðila um það, hvort unnt yrði að koma afurðum landbúnaðarins í það verð innanlands, að bændur fengju a. m. k. framleiðslukostnaðinn endurgreiddan.

Þáv. stj. tók málið til meðferðar á þann hátt, að hún aflaði nákvæmra upplýsinga um öll lög og reglur um þessi efni í nágrannalöndunum, og hvaða endurbætur væru þar efst á baugi í þessum málum, samkvæmt þeirri reynslu, sem þar var þegar fengin í þeim efnum. Safnað var og skýrslum um afurðasöluna innanlands, og síðan skipuð nefnd með fulltrúum framangreindra aðila, til þess að gera tillögur um skipun þessara mála, og fékk hún í hendur hin áðurnefndu gögn sér til leiðbeiningar og stuðnings.

Í febrúarbyrjun voru þessum aðilum skrifuð tilmæli um að tilnefna fulltrúa af sinni hálfu í nefndina. Og var nefndin þegar skipuð, er þær tilnefningar voru komnar. N. var ætlað að ljúka svo fljótt störfum, að till. hennar í kjötsölumálinu yrðu það snemma tilbúnar, að hægt væri með bráðabirgðal. að koma þeim í framkvæmd fyrir haustkauptíð, í síðasta lagi. Afurðasölunefndin hafði þó eigi till. sínar fullbúnar fyrr en nokkrum dögum eftir, að hæstv. núv. stj. tók við völdum, og kom því til hennar kasta að leggja hina síðustu hönd á verkið og gefa út hin fyrirhuguðu bráðabirgðal. Núv. stj. breytti eigi í kjötsölumálinu út af till. meiri hl. n. nema í einu atriði. Og þótt framkvæmd l. standi til bóta, þá vona ég, að þau verði nú þegar til gagns fyrir landbúnaðinn.

Enn er þó með öllu óvíst, að uppbót, sízt veruleg, fáist á það freðkjöt, sem flutt er til útlanda, en hinsvegar má vænta, að allveruleg uppbót fáist á útflutt saltkjöt, a. m. k., enda mun þar ekki af veita, eftir þeim horfum, sem nú eru um saltkjötsmarkaðinn í Noregi.

En þrátt fyrir þetta, og þótt vonandi takist vel um kjöt- og mjólkursölumálið á þessu þingi, á hér við máltækið, að **„betur má ef duga skal“.**

Þegar um viðreisn landbúnaðarins er að ræða, er það **einkum fernt, sem gera þarf, og gera verður, til þess að þessi atvinnuvegur fái staðizt og notið sín:**

1. **að koma skuldamálunum í viðunanlegt horf,**
2. **að hækka afurðaverðið,**
3. **að lækka framleiðslukostnaðinn, og**
4. **að gera bústofnseignina tryggari en nú er.**

Hvað fyrsta atriðinu viðvíkur hefir þegar verið lagður grundvöllur til að vinna á, og fyrir hv. Nd. liggur þegar frv., sem miðar í þá átt að létta undir byrðina af þeim lánum bænda, sem Kreppulánasjóðurinn tekur ekki til[1]).

Um 2. atriðið verður að vænta þess, að takast megi að koma innanlandsmarkaðinum í sæmilegt horf. En hvort þær ráðstafanir, sem nú eru á baugi, nægja til þess að menn fái nokkurnveginn framleiðsluverð fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, verður eftir þeirri reynslu, sem enn er fengin, að teljast nokkuð tvísýnt. Ef svo reynist, að innanlandssalan verði þess ekki megnug að bæta upp útflutningsvörurnar svo sem þarf, þá hefir verið bent aðallega á tvær leiðir:

Önnur er sú, að létta að einhverju leyti þeim byrðum af framleiðslunni, sem stafa af þeim ráðstöfunum, er leitt hafa til hærra gengis ísl. myntar en ella myndi verið hafa. Hin leiðin er sú, sem farin var til styrktar rjómabúunum, þegar þau voru að rísa upp í byrjun aldarinnar, og farin var á seinasta þingi, að veita útflutningsverðlaun fyrir landbúnaðarafurðir.

En þar sem vænta má, að Alþ. því, er nú situr, þyki e. t. v. annmarkar á þessum leiðum báðum, þá er **því fremur ástæða til að gefa hinu 3. atriði gaum, að fá framleiðslukostnaðinn lækkaðan** betur en enn er.

Framleiðslukostnaður ísl. landbúnaðarafurða verður lækkaður á tvennan hátt:

1. **með aukinni ræktun** og
2. **með aukinni vélanotkun.**

Hinu síðarnefnda gerði síðasta fjárlagaþing nokkur skil með því að samþykkja stjórnarfrv. um styrk til heyvinnuvélakaupa o. fl., en að aukinni ræktun hefir Alþ. stutt myndarlega með jarðræktarl. og styrk til kaupa á erlendum áburði o. fl. En í báðum þessum atriðum er þó umbóta þörf, því að **takmarkið er, að allur heyfengur bænda fáist af ræktuðu, véltæku landi.** Að því miðar þetta frumvarp, sem hér er til 1. umr. — Vil ég drepa á þau atriði frv., sem að þessu lúta.

Eitt af því, sem einkum tefur jarðræktina, eru hin miklu kaup erlends áburðar, sem nú eru henni samfara. Er hvorttveggja, að þau koma tilfinnanlega við létta pyngju jarðabótamanna í landinu, og auka þörf landsins fyrir erlendan gjaldeyri.

Hinsvegar fer enn mikið í súginn af þeim dýrustu efnum, sem jarðræktin þarfnast, vegna ónógrar áburðargeymslu. Talið er, að ef allur búpeningsáburður væri svo hirtur sem skyldi, fengist þar öll fosforsýra og kali, og ⅔ þess köfnunarefnis, sem ræktun landsmanna nú þarfnast.

Þetta verðmæti, sem þjóðin hefir ekki ráð á að láta fara forgörðum, eyðist að verulegu leyti vegna þess, að bændur hafa ekki ástæður til að koma sér upp nauðsynlegum áburðargeymslum. Af þeim erlendu áburðarefnum, sem nauðsynleg eru ræktuninni til viðhalds, er kalíið miklu dýrast, og til þess að þetta dýra efni fari ekki í súginn, þarf hver bóndi að hafa safngryfju.

Samkv. þeim skýrslum, sem fylgja greinargerð frv. þessa, á ein sýslan ekki einu sinni áburðargeymslu fyrir 1/10 hluta þess áburðar,

1) Sbr. frv. bændaflokksmanna í Nd. um vaxtatillag.

sem til fellur. Aðeins ein sýsla á hús eða þrær yfir helming áburðarins. Alls yfir hafa sveitir landsins ekki komið sér upp áburðargeymslum yfir nema 28,7% af því sem þarf. Augljóst er því, að hér þarf að taka betur á. Og með því að ekki er auðið að gera alla hluti í einu, verður að snúa sér fyrst að því atriðinu, sem mest liggur á. — Tilraunir þær, sem Ræktunarfélag Norðurlands hefir gert um áburðarvarðveizlu, hafa sýnt, að í norðlenzkri veðráttu a. m. k. **má** varðveita fastan áburð án mjög mikils efnataps, þó hús vanti. En kalríkasta hluta búfjáráburðarins er ekki unnt að varðveita nema í safnþróm. Þrærnar eru því ennþá nauðsynlegri fyrir jarðræktina en húsin. Og þess vegna er lagt til í þessu frv. að hvetja bændur landsins sérstaklega til þeirra framkvæmda, með því að hækka styrkinn um þriðjung.

Jarðræktinni í landinu hefir miðað mjög myndarlega í áttina síðan jarðræktarlögin komu til sögunnar. En á þeim jarðabótum hafa sumstaðar og jafnvel allvíða verið nokkrir gallar. Einkum eru víða tilfinnanlegir gallar á framræslu jarðvegarins. Jafnvel gömlu túnin eru ekki nægilega framræst, og af því leiðir, að jarðabæturnar endast verr. Frjóefnin, sem í jarðveginum sjálfum búa, notast illa, og þá einnig áburðurinn, sem sumpart er keyptur dýrum dómum erlendis frá. Töðufallið verður minna en ella, og gæði heyfallsins verða sérstaklega miklum mun minni en ef framræslan væri í góðu lagi. Af öllu hinu ræktaða landi eru einungis 7% ræst fram. Og hvað nýræktina snertir sérstaklega, þá hefir ekki nema 28,5% verið framræst.

Nú er hinsvegar á það að líta, að víða a. m. k. er bezta ræktarlandið, sem fyrir hendi er, deiglend jörð, en vegna framræslukostnaðarins, sem bændum hefir vaxið í augum og ekki séð sér fært að rísa undir, hafa þeir oft orðið að taka til ræktunar miklu frjóefnasnauðari jarðveg og margfalt áburðarfrekari, þótt uppskeran verði þar minni en af vel ræstri mýrarjörð.

Þetta er engin ný bóla. Þegar um seinustu aldamót skrifuðu jarðræktarfrömuðir um nauðsynina á aukinni framræslu og töldu hana undirstöðu allrar jarðræktar í landinu. Menn munu minnast orða eins af helztu jarðræktarvinum landsins þá um þetta efni. Hann sagði, að þá fyrst þegar punturinn í skurðuðu stykkjunum væri orðinn fjólublár, yrðu full not hins kemiska kraftar í jarðveginum, og þá væri hægt að byrja á ræktuninni svo að vit væri í. Og þó að skoðanir manna hafi nokkuð breytzt í þessu efni síðan, þá er þessari kenningu enn fullur gaumur gefandi.

Ef tryggja á það, að ræktunin endist og túnin verði ekki þýfð aftur innan lítils tíma, þá er það framræslan, sem byggja verður á. Því er í frv. þessu lagt til að hækka styrkinn til framræslunnar sérstaklega, og stungið upp á hækkun um þriðjung.

Þegar litið er á þau markaðsskilyrði, sem fyrir hendi eru, er ekki síður þörf á að styrkja garðræktina en sjálfa túnræktina, því að ennþá er mikill markaður innanlands ónotaður af þessari tegund innlendrar framleiðslu. Og enn má auka mjög notkun þeirrar ágætu vöru. Mér hefir því þótt ástæða til að gera till. um hækkun styrks til þessarar greinar jarðræktarinnar, og það ekki síður vegna þess, að ef matjurtarækt-in gæti aukizt verulega í landinu, leiðir af því stórmikinn gjaldeyrissparnað fyrir ríkið.

Þá er nauðsynlegt vegna framleiðslukostnaðarins að styðja að aukinni vélanotkun. Það mun öllum þeim kunnugt, sem við þessi mál hafa fengizt, hversu mjög búnaðarfél. úti um land berjast í bökkum með greiðslu vaxta og afborgana af vélum, er þau hafa keypt. Menn hafa aftur og aftur orðið að sækja um greiðslufrest á afborgunum, og sum búnaðarfélögin hafa varla treyst sér að greiða vexti.

Þar sem hér er um að ræða nauðsynleg verkfæri, þó að dýr séu, verður að létta undir um kaup á þeim, því að reynslan hefir sýnt, að þá fyrst kemur verulegur skriður á jarðræktarframfarirnar í hverri sveit, þegar menn eiga kost á fullkomnum jarðvinnslutækjum.

Þá kem ég að **fjórða atriðinu**, sem ég drap á áður, um nauðsyn þess að tryggja betur bústofninn en nú er gert. Nokkuð hefir verið unnið í þá átt, og með hjálp löggjafarinnar hefir verið komið á fóðurbirgðafélögum í allmörgum sveitum, en þeirri þörfu starfsemi miðar of hægt. Einnig er á það að líta, að þó að fóðurbirgðafélög væru víðar en nú er, gæti komið það árferði, að enginn slíkur félagsskapur fengi rönd við reist einvörðungu.

Mest er um vert að tryggja sem bezt nýtingu heyjanna, svo að þau sviki ekki bóndann, þegar mest reynir á. Og við höfum á þessu ári fengið þá áminningu, sem ætla mætti, að þing og stjórn léti sér að kenningu verða og láti ekki lengur dragast úr hömlu að veita þá aðstoð, sem hægt er að láta í té. Þau vandræði, sem bændur á Austur- og Norðurlandi og a. m. k. nokkrum hluta Vesturlands eiga nú við að búa, ættu að færa oss nægilega heim sanninn um, hve brýn þörf er umbóta á þessu sviði. Mönnum ætti því að vera ljóst, hve það skiptir miklu máli, að í votviðrasumrum hafi bændur aðstöðu til að verka t. d. þriðjung heyjanna á þann hátt, að þau verði eigi fyrir miklu efnatapi, miðað við góða þurrheysverkun. En þau ráð höfum við í hendi með því að koma upp votheystóftum yfir nokkurn hluta heyaflans.

Það er hið mesta nauðsynjamál að tryggja nýtingu heyjanna, hvernig sem viðrar, en framkvæmd í þessu efni virðist því miður eiga alllangt í land, þar sem nú eru eigi til votheystóftir yfir nema 3,4% af heyafla landsmanna, og til eru heilar sýslur, sem ekki eiga votheystóftir yfir nema 3—4 hundruð hesta af öllum heyafla sinum, og það jafnvel á votviðrasvæðum landsins.

Við höfum nú fengið hina alvarlegustu áminningu um það, að það er eigi aðeins einn landsfjórðungur, sem þarf á votheystóftum að halda, eins og ýmsir hafa álitið, heldur er þörfin brýn í öllum landshlutum. Jafnvel þó að sæmilega viðri, er hverjum bónda hagkvæmt að eiga votheystóft yfir nokkurn hluta heyjanna, einkum síðara hluta sláttar. Reynslan hefir sýnt, að votheysverkun getur, jafnvel í meðalárferði, sparað að allmiklu leyti fóðurbætiskaup, sem bændur hafa varla ráð á. Það er því lagt til í frv., að

styrkur til votheystófta fjórfaldist, þ. e. a. s. hækki úr 50 aurum upp í 2 krónur á hvert metið dagsverk. Jafnframt er lagt til, að búnaðarfélög fái styrk til kaupa á flekamótum, til þess að herða á bændum um að láta eigi þessar nauðsynlegu framkvæmdir dragast.

Það hefir og komið í ljós einmitt á þessu ári, að það er jafnvel eigi nóg að geta komið heyjunum í garð. Núna í haustrigningunum hafa heyin víða skemmzt í garði, af því að eigi hafa verið til nægilegar hlöður með vatnsheldu þaki. Því er lagt til í frv., að styrkir til hlöðubygginga hækki um helming. Þörfin er hér svo brýn, að ég taldi rétt að binda eigi styrkinn eingöngu við steinsteyptar hlöður, eins og nú er í lögum, þó að þær séu vitanlega varanlegastar, heldur er hér lagt til að veita einnig styrk til hlöðubygginga úr öðru efni, ef til þeirra er vandað. Mestu varðar, að heyin ónýtist eigi, eftir alla þá fyrirhöfn, sem það hefir kostað að koma þeim í garð.

Þá taldi ég rétt að leggja til, að leiguliðar á kirkjujörðum og þjóðjörðum nytu sama stuðnings sem aðrir bændur, og að þær jarðabætur, sem leiguliðar nota til greiðslu jarðareftirgjalds, njóti samsvarandi hækkunar á þeim jarðabótadagsverkum, er ganga til greiðslu eftirgjaldsins.

Menn munu segja, að þetta mál sé fyrst og fremst mál sveitanna. En þó að svo væri, ber eigi að ganga framhjá því, að sveitirnar fæða enn nálega helming þjóðarinnar beinlínis og mikinn hluta hennar óbeinlínis með framleiðslu sinni. En þetta er alls eigi **eingöngu** mál sveitanna, heldur varðar það og kaupstaðina miklu. Það er kaupstöðunum hagur, að sveitabúskapur blómgist, og fæstum mun þykja fýsilegt, að fólksstraumurinn úr sveitum til kaupstaða fari vaxandi, né að hópar uppflosnaðra manna úr byggðum landsins flytjist á sjávarmalirnar, ofan á þann mikla mannfjölda, sem þar býr einatt við atvinnuskort. Þetta er því hagsmunamál landsmanna allra.

Sú þjóð, sem hefir ráð á að leggja hundruð þúsunda króna í litt arðbæra vinnu í kaupstöðunum — vinnu, sem ekki er til varanlegra atvinnubóta, heldur aðeins bráðabirgðahjálp —, hún hlýtur að telja sér eins hagkvæmt að verja nokkru fé til þess að veita öðrum aðalatvinnuvegi landsins nokkru meiri stuðning til sjálfshjálpar. Íslenzk gróðurmold mun áreiðanlega ávaxta fyrir alda og óborna það fé, sem í hana er lagt.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Það er ekki undarlegt eftir veðurfarið í sumar, þó að hugir þingmanna og annara beinist að því að styðja aukna súrheysverkun í landinu. Frv. þetta fer að því leyti í rétta átt, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða. Ég mun þó ekki á þessu stigi málsins fara mikið út í frv. sjálft, en ég vil nota tækifærið til að vikja að innganginum í ræðu hv. flm., sem kom þar að öðru máli og minntist á stefnubreytingu í landbúnaðarmálum hér í þinginu. Hann minntist á nefndarskipun til undirbúnings landbúnaðarmálunum, sem hann átti þátt í. Ég er ekki viss um, að hv. flm. hafi verið það ljóst, að þegar till. kom fram um skipun þessarar nefndar fyrir ári síðan, var því haldið fram af honum og flm. till. og samþ. af íhaldinu, að rannsókn í þessu máli skyldi hagað á þann hátt, að stj. framkvæmdi hana, en leitaði aðeins álits samvinnufélaganna án þess að vera bundin af till. þeirra. Þá kom ég ásamt núv. hv. 4. landsk. með till. um, að bæði samvinnufélögin og verkamannafélögin legðu til fulltrúa í nefndina. En hv. flm. beitti sér á móti því þá, að samvinnufélögin væru látin leysa málið og að verkamenn kæmu þar nálægt. Ég minnist á þetta af því, að hv. flm. kom inn á þessa nefndarskipun í ræðu sinni. Ég vil benda á, að þó að hann léti fella þessa till. mína þá, urðu þær straumbreytingar, að undir vorið fór hann eftir þessari till. Stj. gafst upp við að leysa málið, en félögum bænda og mönnum frá Alþfl. var falin rannsókn þess. Það var gott, að hv. flm. sá, að honum og vinum hans hafði yfirsézt, og það var þakkarvert, að þeir sáu að sér, þó að seint væri, þótt áhugi þeirra fyrir málinu væri eigi mikill. Þetta kemur nokkuð við landbúnaðarmálum á þessu þingi, af því að sú mikla hreyfing til að rétta hag bændanna kom eftir þessum línum.

Síðan 1917 hefir íhaldið þótzt ætla að koma lagi á mjólkursöluna í bænum, en aldrei var neitt gert. Það beið þar til eftir kosningarnar í vor, að tveir flokkar tóku höndum saman. Hv. flm. þykir leitt, að bændur skuli ekki leggja til alla fulltrúana í afurðasölunefndina, en því er til að svara, að honum sem ráðh. stóð opið að leysa þetta mál í sambandi við íhaldsflokkinn, sem þykist eiga svo sterk ítök í bændum. En hann gerði það ekki. Ég býst við, að hv. flm. hafi rekið sig á það eftir að hann kom í bandalag við flokk, sem hefir að meginstoðum spekúlanta og stórburgeisa, að hann gæti ekki komið þessu fram, og sú varð líka raunin á, að það varð að bíða þar til sá flokkur, sem hann átti þátt í að mynda, og bandalagsflokkur hans voru komnir í minni hl. í þinginu, en umbótaflokkarnir tóku við stjórninni. Ég hefði ekki minnzt á þetta núna, ef hv. flm. hefði ekki farið að tala um þessa nefnd, sem hann skipaði að lokum eftir tillögu minni, þó að hann léti fella hana á sínum tíma.

Út af þessu get ég sagt hv. flm. það, að allar líkur benda til, að nokkru meira en hann virðist ætla þurfi til þess að frv. hans komi að notum. Það vantar forystu Búnaðarfélags Íslands í þessu máli. Skal ég nefna dæmi til skýringar.

Í fyrra var einn af nánustu stuðningsmönnum hv. flm. staddur á fundi í Árnessýslu, þar sem rædd voru búnaðarmál. Kaupfélagsstjóri einn úr sýslunni kom á þennan fund og hélt þar kröftuga ræðu um nauðsyn súrheysverkunar og bauðst til að útvega efni í súrheysgryfjur, ef einhverjir vildu hefjast handa. Þessu var vel tekið, en það kom í ljós, að sú verklega búnaðarþekking í landinu var á því stigi, að sérfræðingum búnaðarfélagsins kom ekki saman um, hvernig byggja skyldi. Þetta góða boð kaupfélagsstjórans var því ekki notað nema að litlu leyti, vegna fáfræði sérfræðinganna, sem hér áttu að vera forystumenn bændanna, en voru ekki þeirri forystu vaxnir. Um safnþrærnar er

nokkuð líkt að segja. Langt er síðan farið var að styrkja þær ríflega, en þó eru enn mjög skiptar skoðanir sérfræðinga um það, hvernig haganlegast sé að koma þeim fyrir, og ég hefi heyrt fullyrt, að aðferð sú, sem einkum er viðhöfð, sé tvímælalaust byggð á vanþekkingu þeirra manna, sem ráðið hafa hinu dýra fyrirkomulagi.

Það er vitanlega nauðsynjamál að stuðla að því, að bændur geti lifað sem mest á ræktuðu landi og varizt tjóni, sem af óþurrkum leiðir, en til þess þarf að gera miklu ýtarlegri og margþættari ráðstafanir en um er að ræða í þessu frv. Það má líka minna hv. flm. á, að framkvæmdir í þessu efni eru háðar því, hve mikið ríkissjóður getur látið af mörkum, en honum er kunnugt, að þrátt fyrir góða viðleitni fyrrv. stj. er fjárhagur ríkisins mjög slæmur, og í þessu sambandi má einnig minna hv. flm. á það, að fyrrv. stj. mun hafa lofað erlendum banka greiðslu á 400 þús. krónum upp úr nýári í vetur, sem ekki er hægt að greiða nema skera niður einhverjar fjárveitingar í fjárl. Þess má einnig minnast, að fyrrv. stj. varð að stöðva framlag til sjóðs, sem átti að hrinda í framkvæmd sléttun túnanna, þó að hv. flm. vilji nú fá framlög til umbóta, sem lágu niðri meðan hann var landbúnaðarráðherra. Ég efa eigi, að hv. flm. muni nú fylgja því fast eftir að afla skatta á réttlátasta hátt til þessara framkvæmda. Eins og hv. þm. veit, eru byggð árlega hér í Rvík mörg dýr hús. Það eru einstakir menn, sem byggja sér rándýrar „villur", sem kosta tugi þúsunda, jafnvel upp í 100 þús. Í þessu liggur geysimikið fé, sem vissulega væri betur varið í súrheystóftir eða aðrar þarflegar umbætur í sveitum landsins. En þetta var bara ekki gert, og verður ekki gert nema þingið sé skipað þeim mönnum, sem þora að leggja á skattana og sjá um, að þeir séu teknir á réttum stað, þannig að efnastéttin og þeir, sem hafa breiðust bökin, beri þyngstar byrðarnar. Og það verður ekki séð, að neitt verulegt verði hægt að gera, nema lífsvenjubreyting eigi sér stað hjá þeim hluta þjóðarinnar, sem með óspilunarsemi hefir farið með efni sín og á þess vegna drjúgan þátt í því, hve illa er komið fjárhag ríkisins. Ég vil í þessu sambandi benda hv. þm. á, að honum hefði staðið nær á undanförnum árum að koma með till. í þá átt að hlynna að ræktunarmálum. En áhugi þessa hv. þm. lýsti sér nú bara þannig, að hann stöðvaði framlag til verkfærakaupasjóðsins meðan hann fór með landbúnaðarmálin í stj.

Ennfremur mætti benda hv. þm. á það, að í þessum málum sem öðrum dugir enginn leikaraskapur, og því verður, samhliða hverju frv., sem gerir ráð fyrir auknum útgjöldum, hversu nytsamt sem það kann að vera, að benda á einhverja færa leið til tekjuöflunar, því fjárhag ríkisins er nú svo varið, að það er fullkomin ástæða til, að þm. finni til ábyrgðar á þeim gerðum sínum, er kunna að valda nýjum útgjöldum. Það getur t. d. vel verið, að við verðum að skera niður fjárframlag til nytsamlegra framkvæmda, sem enginn þm. vildi sleppa niður, til þess að borga með 400 þús. kr. víxilinn, sem tekinn var af fyrrv. stjórn til að standa straum af daglegum útgjöldum ríkisins. Ég vona, að hv. þm. taki það ekki illa upp, þó bent sé á þessa staðreynd, að samhliða auknum útgjöldum verður að sjá fyrir auknum tekjum. Ég veit, að hann er það glöggur á fjármál, að honum er það ljóst, að til þess að geta eytt miklu þarf líka einhvers að afla. Svo vildi ég að lokum mega vænta þess, að hv. þm. verði hjálplegur síðar meir, þegar að því kemur að færa byrðarnar sem mest yfir á breiðu bökin.

**Jón Baldvinsson:** Þau ummæli hv. 10. landsk., er hann hafði í niðurlagi ræðu sinnar, gefa mér tilefni til að segja nokkur orð. Hv. 10. landsk. hafði orð á því, að sú stjórn, sem hefði ráð á að veita fé til atvinnuaukningar í kaupstöðunum, ætti einnig að hafa ráð á nokkrum fjárstyrk til atvinnuveganna. Í þessum orðum fólst eftirtala á því fé, sem lagt hefir verið fram af skornum skammti til atvinnubóta við sjávarsíðuna.

Annars þykir mér undarlegt, að þessi hv. þm. skuli nú, þegar hann hefir minni ráð og völd en áður, koma fram með þetta frv. og gera kröfur f. h. bænda, en láta algerlega undir höfuð leggjast að bera þær fram meðan hann hafði mikil ráð á þingi, var meira að segja landbúnaðarráðh. og hafði bak við sig 30—40 þm. Þá gleymdi hann að bera fram þessar till. sínar, eða lét undir höfuð leggjast. Virðast þessar kröfur því frekar fram komnar af honum til að sýnast, en ekki í því skyni, að hann búist við að geta komið þeim fram. Ég vil vara hv. þm. við því, að vera með eftirtölur (**ÞBr:** Það er ekki satt, að ég hafi verið með eftirtölur.) um veitingu fjár til atvinnubóta í kaupstöðum; það styður ekki þær till., sem hann vill nú koma fram. Hitt má vera, að atvinnubótafé hafi ekki ávallt verið varið skynsamlega eða notað á heppilegum tíma, en það hefir aldrei eða sjaldnast verið lagt fram fyrr en óhjákvæmilegt var að veita það, og þá ekki ávallt hentugt verkefni fyrir hendi. Atvinnuleysið í kaupstöðum skapast ekki að alllitlu leyti af hinum sívaxandi fólksstraum þangað, og ekki hefir enn verið unnt að fá hv. 10. landsk. eða samherja hans til þess að ljá stuðning nýbýlamálinu, sem þó miðar að því að skapa varanlega atvinnu og mundi að nokkru draga úr aðstreymi fólks til kaupstaðanna.

Að lokum vil ég endurtaka það, að mér finnst eðlilegra, að hv. þm. hefði gert meira meðan hann var ráðh., en ekki geymt tillögur sínar, þar til hann var orðinn áhrifa- og valdalaus maður á þingi.

**Flm. (Þorsteinn Briem)** [óyfirl.]: Ég vil fyrst svara hv. síðasta ræðumanni. Mín orð var ekki hægt að skilja á þá leið, að ég teldi eftir þann styrk, sem veittur hefir verið í óhjákvæmilegri nauðsyn. Benti ég einmitt á, að það fé hefði verið notað til að bæta úr bráðustu þörf verkafólksins, veitt sem hjálp handa sveltandi fólki. Ég benti á, að þeir Alþýðuflokksþm., sem þykjast bera hag bæjanna og verkafólksins fyrir brjóstinu, ættu ekki að stefna að frekari fólksstraumi en þegar er orðið í kaupstaðina; það mun auka fjölda atvinnuleysingjanna.

Mér mun ekki bregða, þó hv. þm. spyrji, hvers vegna ég hafi ekki lagt frv. þetta fram á síðasta Alþingi. Ég vil svara því til, að síðasta þing var ekki fjárlagaþing, og það þykir ekki varleg fjármálastjórn, að stj. beri fram frv., er auka útgjöld ríkissjóðs, ofan á fjárlagafrv., sem ekki var þó varlegar samið en það var.

Verkefni síðasta fjárlagaþings var líka að bæta þörf bændanna, þar sem hún var mest aðkallandi, sem sé að gera bændunum kleift að komast fram úr skuldasúpunni. Hefði það áreiðanlega dregið úr hjálp til bændanna með kreppulöggjöfinni, og til þess vildi ég sízt af öllu verða. Það er svo með okkar þjóð, að hún er þannig á vegi stödd, að ekki verða allir hlutir gerðir í einu, heldur feta sig áfram stig af stigi, eftir því sem fært er á hverjum tíma. Ég hafði gert nokkur drög að því, að endurskoðuð yrðu jarðræktarlögin, ef ég skyldi hafa tækifæri til að hafa meira um þau að segja en raun er á orðin. Sem þm. sá ég ekki ástæðu til að endurskoða jarðræktarlögin í heild, en vildi ekki láta undir höfuð leggjast að gera mitt til að koma fram þeim breytingum til bóta, sem ég taldi brýnasta þörf á.

Hvað því viðvíkur, er hv. ræðumaður var að tala um, að ég hefði átt að gera þetta og þetta á hinum eða þessum tíma, það tekur maður nú eins og hvert annað venjulegt skraf. Það er um þetta eins og börnin, þegar þau fá ekki strax það, sem þau vilja, að þegar þau loks fá það, segja þau: Þetta hefðirðu getað gert strax. — Ég vil enn benda á það, að við verðum að stíga spor af spori í áttina; við getum ekki gert allt í einu.

Þá verð ég að víkja nokkrum orðum að hv. þm. S.-Þ., þó að hann hafi nú eins og svo oft áður farið allmjög út frá efninu og snúið máli sínu í þá átt að hefja hér eldhúsumr. á fyrrv. stj. Það gætti nú í þetta sinn öllu minni nákvæmni um minni hans en stundum áður. Hann minntist á, að á þinginu í fyrra, þegar ég flutti þáltill. í Ed. um afurðasölumálið, þá hefði ég barizt á móti því, að S. Í. S. hefði nokkuð með það mál að gera eða fengi íhlutun um undirbúning frv. um þau efni. Ég vil algerlega mótmæla því, að ég hafi nokkuð sagt í þessa átt, og held ég, að óhætt muni að fletta upp í þingtíðindunum, að þar muni ekki finnast neitt í þá átt, að ég hafi lagt á móti því, að S. Í. S. væri aðili í þessu máli. Ég hefi ekki heldur barizt móti því, að Alþýðusamb. Ísl. ætti þar einhvern hlut að máli. Hann minntist á það, hv. þm., að dregizt hefði óhæfilega lengi að skipa n., og skal ég þá gera grein fyrir, hvernig í því máli lá. Það dróst að vísu ekki fram á vor, eins og hann sagði. Það var strax eftir þinglok, að ég lagði drög að því að safna skýrslum um þessi efni, m. a. frá 2 Norðurlandaþjóðum, sem ráðstafanir höfðu gert um afurðasölu hjá sér. Jafnframt undirbjó ég skýrslusöfnun um afurðasölurnar innanlands.

Í öndverðum febr. skrifað ég þessum aðilum: Samb. ísl. samvinnufél., Búnaðarfél. Ísl., Sláturfél. Suðurlands, Kaupfél. Borgf., Mjólkurbandal. Suðurlands og Alþýðusamb. Ísl., með tilmælum um að útnefna menn í þessa nefnd. Þá stóð svo á, að ýmsar ástæður voru til þess, að þeir þóttust ekki geta þetta þá þegar, m. a. S. Í. S., sem ekki hélt fulltrúafund sinn fyrr en að ég hygg um 20. marz, og þóttist ekki geta tilnefnt menn í nefndina fyrr en að honum afstöðnum. Í öðru lagi var 1 stjórnarmeðlimur úr stjórn Mjólkurbandalagsins utanlands; þess vegna tilnefndi það ekki mann fyrr en seint og síðar meir. Ég vil halda því fram, að nefndin hafi verið skipuð svo fljótt sem framast var unnt, og það jafnvel áður en einn aðili hafði lokið tilnefningu sinni. Og svo komst hv. þm. svo að orði, að í þessu máli hafi orðið stefnubreyting hjá mér síðan í fyrra, þá hafi ég ekki viljað nota till. þessara aðilja. Þetta er beinlínis rangfærsla, og sennilega til orðin í höfði þessa hv. þm. nú, á þessari stundu. (JJ: Ég skal síðar hjálpa þm. til að muna þetta betur). Það lá beinlínis í frumvarpinu, að þessir aðilar skyldu gera tillögur og umsögn þeirra tekin til greina við rannsókn og undirbúning málsins, og ég hygg, að ekki verði fundið úr mínum orðum neitt, er bendi í aðra átt.

En hvað viðvíkur þeim orðum hv. þm., að þetta sé framborið nú af flokksmeting, sé ég ekki ástæðu til að fara langt út í það. Hann bregður ekki þeim vana sínum að ætla öðrum illt, en sjálfum sér gott. Og þó ég skuli ekki draga í efa, að hann sé góður, tel ég órétt að ætla öðrum það, að þeim sé ekki alvara um umbætur. Hvað viðvíkur skoðun minni á þeim öðrum frv., sem fram eru komin frá stj., þarf ég ekki að svara að svo stöddu; það mun koma fram síðar.

Þá kom hann að því máli, sem honum er svo sérstaklega ljúft að tala um, sem er Búnaðarfél. Ísl., og að kasta að því hnútum, og hefir hann valið sér bæði þennan vettvang og annan til þeirrar iðju. Ég vil með sem fæstum orðum lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég tel ásakanir hans ekki réttar. Hann vildi kenna Búnaðarfél. um það, að bændur í Árnessýslu notuðu sér ekki tilboð kaupfélagsstj. síns um styrk til votheystótta. Ég hygg, að bændurnir hafi ekki séð sér fært, jafnvel þótt kaupfélagsstjórinn hvetti þá bæði með orðum og lánstilboðum, að ráðast í þessar framkvæmdir, vegna þess hve styrkurinn er lágur. Mér skildist hv. þm. vilja kasta hnútum að mér fyrir að hafa ekki greitt styrk út á súrheystóttir meðan ég var ráðh. En ég taldi mér ekki heimilt að fara út fyrir þær reglur, sem löggjafarvaldið hefir sett, en vel má vera, að hv. þm. hafi ætlazt til, að ég tæki suma fyrrv. ráðherra til eftirbreytni í því að gæta lítið laganna. Viðvíkjandi því, að hv. þm. taldi einhver ósköp, að nokkrir dugandi bændur hefðu komið sér upp áburðarhúsum með þaki úr steinsteypu, tel ég slíkt enga goðgá, svo framarlega sem efni þeirra leyfa slíkt. En hitt, að Búnaðarfél. Ísl. hafi skipað svo fyrir, það er alrangt, þó að það hafi gefið leiðbeiningar um, hvernig koma megi upp slíkum húsum á sem ódýrastan og hagkvæmastan hátt.

Ég bið engrar afsökunar á því, þó ég beri fram þetta frv., þó að af því kunni að leiða nokkurn kostnaðarauka. Ég sé af þeim frv., sem stj. hefir þegar lagt fram, að hún ætlar sér að afla töluverðs tekjuauka, og tel ég þá ekki

fjarri sanni, þó einhver hluti þess gangi til að styrkja bændurna í landinu.

Hv. þm. skjöplast alveg minni í því efni sem fleiru, er hann sagði, að fyrrv. stj. hafi afnumið framlagið, er ætlað var til vélasjóðsins. Áður en ég kom í stjórn voru samþ. lög á Alþ. um það efni að fresta framkvæmd þeirra laga. Þá sat hv. þm. S.-Þ. í stj. landsins, og hygg ég, að það frv. hafi ekki verið samþ. að honum nauðugum. Ætla ég, að svo mikil völd hafi hann haft á því þingi.

Hvað því viðvíkur, að í Rvík hafi verið byggð mörg hús, þá er það rétt, að ýmsir borgarar hafa lagt óeðlilega mikið fé til þeirra hluta. En ég veit ekki, hvort hv. þm. þarf að fara út fyrir sinn flokk til að finna þess dæmi, og sízt ef þeir 2 flokkar, sem standa að núv. stjórn og ganga að vísu undir 2 nöfnum, eru aðeins einn flokkur.

Viðvíkjandi lántökum í tíð fyrrv. stj. ætla ég nær fyrir hv. þm. að beina spjótum sínum til fyrrv. fjmrh. á réttum vettvangi, eða á þeim stað þar sem hann er til andsvara.

Það hefir nú farið samkv. venju, þegar þessi hv. þm. tekur þátt í umr., að hann heldur sig lítt við efnið. Bið ég því afsökunar, að ég hefi orðið vegna ræðu hans að víkja nokkuð frá efni frv., sem hér liggur fyrir.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég hygg, að hv. þm. þurfi ekki að kvarta yfir því, þó þetta mál, sem í sjálfu sér er stórmál og snertir bæði atvinnulíf og fjármál þjóðarinnar, sé nokkuð rætt nú strax við þessa umr., og þó að það sé athugað m. a., hvaða fjárgjöld muni bætast á ríkissjóðinn, ef þetta yrði að lögum.

Hv. þm. sagðist ekki hafa getað látið þetta mál til sín taka á síðasta þingi vegna kreppumálanna. Ég fæ ekki séð, að það hefði neitt þurft að spilla fyrir kreppulöggjöfinni fremur þá heldur en nú, þó að þetta mál hefði verið tekið upp samhliða. Það er nú að koma á daginn, sem reyndar allir vissu fyrir, að kreppulöggjöfin leggur á herðar ríkissjóðs veruleg útgjöld nú á næstu árum. Ég verð að halda því fram, að fyrst áhugi hv. þm. fyrir hag bændastéttarinnar er svo mikill sem hann vill vera láta, að honum hefði legið nær að gera einhverjar umbætur á kreppulöggjöfinni, sem hann sjálfur hefir átt sinn þátt í að skapa og hefir sýnt sig að vera byggð á meingölluðu systemi.

Hv. þm. flýtti sér að koma þessu í lag fyrir kosningarnar 1933, svo að það mætti verða til ádráttar og framdráttar hinum beztu vinum hans. En ég held, að hv. þm. hafi gleymt því, að það geta stundum verið óþurrkar hér á Íslandi. Og hv. þm. gleymdi einnig að vinna að lausn afurðasölumálsins. Honum kom það ekki í hug fyrr en menn, sem hann hafði unnið með í flokki, höfðu ákveðið að mynda stjórn með verkamönnum, ef ekkert slys kæmi fyrir, til þess að hrinda málinu í framkvæmd strax. Þegar svo nánustu samstarfsmenn hv. 10. landsk. þm. voru búnir að láta málið stranda, kemur einn af vildarvinum hv. þm. með till. um að láta rannsaka þetta mál, sem Alþfl. og Framsfl. höfðu ákveðið að leysa í sameiningu og höfðu einmitt burði til að leysa. Deilurnar, sem hér urðu um þetta mál, voru um það, hve alvarlega ætti að taka á málinu. Tillögumaðurinn vildi fela stj. að rannsaka málið með aðstoð starfsmannanna í stjórnarráðinu og aðeins til málamynda láta leita umsagnar Búnaðarfélagsins, Alþýðusambandsins, Samb. ísl. samvinnufél., Sláturfélags Suðurlands, Mjólkurbandalags Suðurlands og Kaupfélags Borgfirðinga. Brtt. frá mér, sem gekk í þá átt, að þessum aðilum væri gefinn kostur á að eiga fulltrúa í n., sem ríkisstj. skipaði til þess að semja frv. um skipulagningu afurðasölunnar, var felld með 8:6 atkv. Íhaldsmenn og þeir menn, sem standa með hv. 10. landsk. þm., voru sammála um að fella þessa brtt. mína. — Ég sýndi þá fram á það, að starfsmennirnir í stjórnarráðinu hefðu ekki aðstöðu til að vinna að undirbúningi þessa máls, af eðlilegum ástæðum, heldur yrði að fela málið mönnum, sem bæru skyn á það og hefðu aðstöðu til að leysa það. En eins og ég sagði, till. mín var felld, um að láta helztu stofnanir landbúnaðarins leysa málið í samvinnu við stærstu samtökin, sem neytendurnir hafa. Hv. 10. landsk. þm. barðist á móti þessari till. minni. Hv. þm. vildi ekki þiggja lykilinn til þess að leysa málið. Hv. 10. landsk. þm. lagði meira upp úr því að geta tengt litinn hluta bændanna við spekúlantana. — Svo fór þó að lokum, að hv. þm. sá fram á það, að ég myndi hafa haft rétt fyrir mér með till. mínum í þessu máli, því að hann fól einmitt stofnunum landbúnaðarins að velja mennina í n., eins og ég hafði stungið upp á. Það varð með þeim hætti, að forustumenn kaupfélaganna höfðu komið saman á fund hér í Rvík, til þess að vinna að lausn þessa máls, og höfðu komið sér saman um lausnina í samráði við fulltrúa verkamannanna. Þetta frv., sem þeir þannig höfðu gert, er uppistaðan í bráðabirgðalögunum, sem stj. hefir gefið út um þetta efni og leitar nú staðfestingar þingsins á. Og svo hlaut þetta auðvitað að verða, að mennirnir með þekkinguna og reynsluna yrðu til þess að finna lausnina á þessu vandamáli. Og þegar þeir voru búnir að leysa málið, þá neyddist hv. þm. til þess að skipa þá í n., svo að minna bæri á því, að hann og vinir hans höfðu verið á villigötum með málið.

Gangur málsins er með fáum orðum þessi: Framsfl. tekur málið upp til þess að leysa það og vill mynda stjórn um málið, en þetta er eyðilagt af vinum hv. 10. landsk. þm. Næsta stigið er svo það, að ákveðið er af vinum hv. þm. að spyrja aðeins samvinnufélögin um álit þeirra á málinu, svo sem eins og fyrir síðasakir. Forgöngumenn samvinnufélaganna eiga svo fund með sér hér í Rvík af eigin frumkvæði og gera till. í málinu — og þá skipar hv. 10. landsk. þm. þá í n. um málið, eins og til að hreinskrifa till., og síðan eru þær lögfestar með bráðabirgðalögum. Það er því svo, að því betur, sem málið er krufið til mergjar, því minni ástæðu hefir hv. 10. landsk. þm. til að státa af því, enda var máiið aldrei annað en leikur fyrir honum, þó að kjósendurnir tækju í taumana og gerðu málið að veruleika, eins og það hafði alltaf verið fyrir mér.

Hv. 10. landsk. þm. var eitthvað að tala um það, að ég ætlaði mér allt gott, en öðrum allt illt. Held ég að þetta sé nú ofmælt hjá hv. þm. Hinsvegar hefi ég heyrt það, að í seinni tíð blandist mjög inn í stólræður hv. þm. vonzka mannanna hér í Rvík, sem hv. þm. þykist hafa kennt kulda af.

Þá var hv. þm. einnig að tala um það, að ég hefði verið með hnútur til Búnaðarfélagsins. Skal ég ekki fara langt út í það mál, en aðeins minna á það, að komið hefir fyrir, að sérfræðingar Búnaðarfél. hafa deilt um það á búnaðarþingi, hvaða kartöflutegund eigi að rækta eða hvernig súrheysgryfjur eigi að vera, af jafnmiklum hita eins og þegar framsóknarmenn og ihaldsmenn eru að deila hverjir á aðra. Þegar sérfræðingar Búnaðarfél. deila svo frammi fyrir bændum, hljóta augun á mönnum að opnast fyrir því, að forustuna brestur í búnaðarmálunum, og af því stafar allt hikið og fálmið, sem einkennir framkvæmdir félagsins. Væri það ólíkt skemmtilegra, að sérfræðingar Búnaðarfél. gæfu sig alla að þeim málum, sem þeim ber að vinna að, en að þeir væru að bjóða sig fram sem sprengimenn í fylkingum bændastéttarinnar. Það er og fullkomlega eðlilegt, að bændur vilji fá að vita það ákveðið, hvernig þeirra málefnum er bezt borgið, en leggi lítið upp úr því, þegar þeir menn, sem þeim eiga að leiðbeina, liggja í hatrömmum deilum um það, hvað gera skuli. Bændur ætlast til þess, að sérfræðingar Búnaðarfél. megi verða þeim til stuðnings í lífsbaráttunni, en ekki að þeir séu hafðir til að sundra atkv. í sveitunum, til þess að þóknast hv. 1. þm. Skagf. og félögum hans, sem allir voru með blíðu brosi, þegar þeir heyrðu talað um sprengikandídatana. (**MG**: Nú sprakk blaðran).

Út af verkfærakaupasjóðnum skal ég aðeins segja það, að ég átti ekki upptökin að því, að styrkurinn var felldur niður, heldur þeir menn, sem hv. þm. er nú í flokki með.

Þá var hv. þm. að breiða sig út yfir sparsemi fráfarandi stj., en þóttist hinsvegar geta bent á eyðslukló, sem verið hefði í stj. á undan honum. Vil ég aðeins benda hv. 10. landsk. þm. á það, að í stj. með honum var alkunnur ihaldsmaður, sem eyddi á sínum tíma 10—14 millj. umfram það, sem fjárlög heimiluðu honum að eyða; þarf hv. þm. ekki annað að fara en þangað um eyðslu utan fjárlaga. — Hv. þm. vildi koma sér hjá því að tala um nýja tekjuöflunarmöguleika til að mæta þeim auknu útgjöldum, sem frv. hefir í för með sér. Í stjórnartíð hv. þm. var tekið 400 þús. kr. eyðslulán, og hlýtur hv. þm. þó að skilja það, að sú staðreynd, að borga verður þetta lán, hefir í för með sér óhjákvæmilega, að ekki verður jafnauðvelt og ella hefði verið að koma því við að gera alla þá góðu hluti, sem peninga þarf til. — Ég var eini maðurinn í þessari d., sem varaði við þessu láni. Ég spurði stj., hvort hún treysti sér að borga þetta lán aftur, og varaði við of mikilli bjartsýni í þeim efnum. Hinar frómu og velmeintu ráðleggingar hv. þm. um sparnað ná því sízt af öllu til mín.

Hv. 10. landsk. vill auðsjáanlega sýna hinn brennandi áhuga sinn á málefnum landbúnaðarins. Vil ég minna hann á það, að hann lét þó undir höfuð leggjast að borga styrkinn til mjólkurbúanna, enda þótt bændur þeir, sem í hlut áttu, væru í sárustu þörf fyrir styrkinn og meiri hl. Alþingis hefði skorað á hann að veita styrkinn. Hv. þm. lofaði að vísu uppbót á kjötið, ef það seldist illa, en ætli það hefði ekki farið eins og með mjólkurbúastyrkinn, ef komið hefði til kasta hv. þm. að standa við þau loforð. Það þýðir og lítið fyrir hv. þm. að vera að berja sér hér á brjóst og láta eins og hann sé einhver útvalinn Goliat, sem aldrei hafi hvikað frá því að borga sem hæst til bændanna. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. myndi reka sig á það sama og aðrir, að ekki er nóg að eyða, að það þarf peninga til hlutanna. Hinsvegar væri gott til þess að vita, ef hv. þm. vildi benda á einhverja tekjustofna í þessu skyni, en auðvitað þarf það að vera af fyrirhyggju gert og þeirri alvöru, sem nauðsyn málsins krefur.

**Flm. (Þorsteinn Briem)** [óyfirl.]: Ég hjó sérstaklega eftir einni setningu í ræðu hv. þm. S.-Þ. Það var setningin: „Það er ekki nóg að eyða". Ég hrökk við og spurði sjálfan mig, hvort mér hefði ekki misheyrzt. En ég heyrði rétt, og ég gleðst af þessari setningu, vegna fortíðar hv. þm. S.-Þ. Hygg ég, að helztu sakirnar, sem hv. þm. kann að hafa á hendur mér, séu einmitt, að ég hefi látið mér í hug koma eitthvað svipað þessu, að ekki væri nóg að eyða.

Hv. þm. talaði um, að ég hefði átt að koma með þessar till. fyrr, þegar verið var að ganga frá kreppulánalöggjöfinni, þá hefði verið nóg af peningum og allt til reiðu. Hygg ég þó, að þeir, sem börðust fyrir kreppulánalöggjöfinni og lögðu henni lið sitt af meiri alúð en jafnvel hv. þm. S.-Þ., hafi fundizt við nógu ramman að draga. (**JJ**: Var íhaldið þungt fyrir?). Málinu var ekki vel tekið af öllum, eins og hv. þm. S.-Þ. má gerst vita. Hv. þm. gaf það í skyn, að ekki hefði legið á kreppulánalöggjöfinni, hún hefði vel mátt bíða. Hygg ég, að bændur muni þó á einu máli um það, að það var einmitt þetta mál, sem þurfti að leysa fyrst.

Þá veik hv. þm. enn að afurðasölunni og kom með sinn venjulega texta í því sambandi. Skal ég ekki fara langt út í það mál. Ég þykist nú vera kunnugur gangi þeirra mála, þegar stjórnarskiptin stóðu til og trúlofunin var í beztum gangi, og ég leyfi mér að fullyrða það, að afurðasölumálið var ekki fundið upp fyrr en á eftir, til þess að punta upp á það heilaga hjónaband. Ég skal og fræða hv. þm. S.-Þ. um það, að fyrrv. stj. vildi gefa afurðasölumálinu fullan gaum og einmitt hafa með í ráðum þá aðila, sem hv. þm. nefndi, en við töldum ekki tíma til þess kominn að leita aðstoðar löggjafarinnar í málinu og vildum reyna án hennar aðstoðar að koma málinu í betra og viðunanlegra horf. Í umr. um þáltill., sem hv. þm. nefndi, tók ég það skýrt fram, að ég vildi taka fullt tillit til áðurnefndra aðilja, enda hugsa ég, að vandfundinn verði sá staður í ræðum mínum þá, sem bendi í aðra átt. — Hv. þm. fann mér það til foráttu, að ég hefði ekki farið að sinna

málinu fyrr en um vorið, en þessi ásökun hv. þm. er algerlega röng. Ég hafði undirbúið skýrslusöfnun um málið bæði úr innlendri og erlendri reynslu, og var sú söfnun langt á veg komin í febrúarbyrjun. Ég hafði og alltaf talið sjálfsagt, að Samband ísl. samvinnufél., Búnaðarfél., Sláturfél. Suðurlands og Alþýðusambandið tækju þátt í að vinna að undirbúningi málsins, enda hafði ég skipað þessa aðila í n. til að vinna að málinu löngu áður en kaupfélagsstjórafundurinn margumtalaði átti sér stað. Hv. þm. S.-Þ. skýtur því framhjá markinu með bollaleggingum sínum um þetta.

Viðvíkjandi stólræðum mínum á Akranesi vil ég segja það, að ég hefi ekki orðið var við hv. þm. S.-Þ. sem kirkjugest hjá mér þar, en það má vera, að hann eigi eftir að verða það. Hygg ég, að stólræður mínar séu enn svipaðar og þær voru áður, og hv. þm. S.-Þ. hefir stundum látið svo sem honum líkaði þær ekki illa. (MG: Tímarnir breytast).

Þá var það Búnaðarfélagið. Hv. þm. notaði það fyrir átyllu til þess að ráðast á það, að búnaðarráðunautunum hefði ekki komið saman um það, hvort hentugra væri að nota Eyvind eða eitthvert annað kartöfluafbrigði, sem reynt hefði verið. Er þetta þó allt eðlilegt. Það eru framfarir í öllum hlutum, og eftir því, sem áfram miðar, kemur fleira til athugunar, og er ekki nema gott til þess að vita, að menn beri þannig saman plögg sín.

Hv. þm. vildi kenna mér það, að frestað hefði verið framkvæmdum verkfærakaupasjóðs. Þetta var þó gert áður en ég kom nærri nokkrum stjórnmálum, enda hygg ég, að hv. þm. myndi vilja bera skjöld fyrir flesta þá, sem samþykktu þessa ráðstöfun.

Þá var hv. þm. að tala um það, að ég hefði drepið á eitthvert ráðuneyti, sem farið hefði í óvarlegra lagi með fé landsins. „Nefndi lamb og leit á mig“ — eins og þar stendur. Er gott ef tilfinningar hans eru orðnar svona næmar í þessu efni, og verður að telja það gleðilegar framfarir, ef rétt reynist.

Hv. þm. var eitthvað að tala um það, að ég myndi vera andstæður tekjuöflunarfyrirætlunum stjórnarinnar. Ég hefi á engan hátt látið í ljós ennþá, hvort ég er þeim andstæður eða ekki, en hitt hefi ég sagt, að þar sem líkur væru til þess, að stj. kæmi fram lögum um allmjög auknar ríkistekjur, væri ekki nema sanngjarnt og eðlilegt, að einhver lítill hluti af þeim tekjuauka rynni til landbúnaðarins, og síðastur manna myndi ég til að finna að því, að stj. aflaði tekna landbúnaðinum til handa.

Út af þeim ásökum, sem fram komu hjá hv. þm. S.-Þ. í garð fyrrv. fjmrh., vil ég benda honum á, að hann á ekki sæti hér í d., og því ætti betur við, að hv. þm. S.-Þ. bæri fram þau ásökunarefni sín í sameinuðu þingi.

Þá reyndi hv. þm. að áfellast mig fyrir það, að ég hefði í stjórnartíð minni látið undir höfuð leggjast að greiða mjólkurbúastyrkinn. En nú er svo mál með vexti, að ákveðið er í lögum, að styrk þennan skuli því aðeins greiða, að Mjólkurbú Flóamanna greiði ríkissjóði aftur það fé, sem það hefir fengið þar að láni. Ég hélt nú, að ekki væri svo langt á milli hv. þm. S.-Þ. og formanns Mjólkurbús Flóamanna, að honum væri ókunnugt um, að búið gat ekki innt greiðslur sínar af hendi. Má vera, að ég hafi ekki gengið nógu hart að mjólkurbúinu, en ég taldi það nú svo nauðsynlega stofnun, að ég vildi ekki verða til þess að leggja það í rústir eftir að ég hafði sannfærzt um, að formaður þess hafði mikið til síns máls um þröngan fjárhag búsins. En án þess að búið greiddi skuld sína hafði stj. enga heimild til að greiða mjólkurbúastyrkinn. Vera má, að þessu sé öllu kippt í lag nú, og er gott, ef svo er.

Hv. þm. minntist ennfremur á uppbótina á selt kjöt samkv. heimild í fjárl. í fyrra. Ég hafði sent út auglýsingu til allra kjötseljenda um að senda skýrslur um kjötsöluna til atvinnumálaráðuneytisins, og hafði auglýsing þessi verið margendurtekin bæði á prenti og í útvarpi. En skýrslur um þetta efni voru þó komnar aðeins að litlu leyti, þegar stjórnarskiptin urðu. Ég vænti þess, að skýrslur þessar séu allar komnar nú, og láti þá sú starfsama stjórn, er nú situr að völdum, ekki á sér standa að greiða uppbótina.

Hv. þm. var að tala um, að ég áliti mig einhverskonar Golíat. Ó, nei. Það er nú fjarri því, að svo sé, eða ég hafi gefið tilefni til þess, að ég hefði það álit á mér sjálfum. En það situr hér í deildinni hv. þm., sem þykist öllum meiri eins og Filisteinn forðum daga, en hvort það verða örlög hans eins og gamla Golíats að falla fyrir smásveini úr öðrum flokki, það mun framtíðin sýna.

**Jónas Jónsson** óyfirl.]: Ég er bráðum dauður, og verð því að geyma margt af því, sem ég vildi sagt hafa, til næstu umr.

Hv. 10. landsk. sagði, að það hefði glatt sig, að ég hefði sagt að ekki væri nóg að eyða. Hann hefir víst haft þetta í huga, er hann gekk í bandalag og settist í stjórn með þeim ráðherra íhaldsins, sem á einu ári eyddi 13 millj. króna fram yfir fjárlög.

Hv. þm. sagði, að ég hefði látið svo um mælt, að nógir peningar hefðu verið í Kreppulánasjóði í fyrra. En ég sagði aðeins, að hv. 10. landsk. hefði eins staðið opið að bera þetta frv. sitt fram þá eins og nú. En ég benti ennfremur á það, að lagasmíðin um Kreppulánasjóð hefði að ýmsu leyti verið flýtisverk, sem þyrfti lagfæringar við. Þannig lagði hv. 10. landsk. íhaldinu lið sitt til þess að fella till. þeirra þáv. hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. S.-Þ., og sló þannig öll vopn úr höndum til að hjálpa ábyrgðarmönnunum. Nú hefir einn stjórnarmaður sjóðsins, sem sæti á hér í deildinni, borið ásamt ýmsum öðrum hv. þm. fram frv. til að bæta fyrir mistök hv. 10. landsk. og flokksbræðra sinna í þessu efni.

Hv. 10. landsk. var að tala um, að róðurinn fyrir lögunum um Kreppulánasjóð hefði verið þungur. Hann má þá þakka það íhaldinu, sem hann leitaði síðar bandalags við. Byrjunar málsins er fyrst að leita á flokksþingi Framsfl. Það var fyrst rætt í Tímanum, og Samband ísl. samvinnufélaga setti sinn svip á málið. Fram-

sókn hóf málið og knúði það fram. Íhaldið var alveg áhugalaust um málið og jafnvel fjandsamlegt því, og sjálfur var hv. 10. landsk. fremur þungur undir klyfjum, enda þótt Sjálfstfl. væri þá ekki enn alveg búinn að gleypa hann og einkafyrirtæki hans með húð og hári, eins og núv. formaður Sjálfstfl. hefir staðfest svo ótvírætt í hirðisbréfi, sem hann sendi út í september síðastl., þar sem hann tekur fram, að íhaldið og einkafyrirtækið séu ein hjörð undir einum hirði, og hlutkestið í Skagafirði hafi eitt hindrað fullan sigur íhaldsins í kosningunum. (MG: Mætti ég sjá þetta hirðisbréf?). Það verður til á prenti í fyrramálið, og hv. þm. fær það með morgunkaffinu.

Þá sagði hv. 10. landsk., að afurðasalan hefði verið brennandi áhugamál fyrrv. stj. Hv. þm. klauf Framsfl. í fyrra og hefir því víst ætlað að leysa það mál með íhaldsmönnum. En hvernig hefir svo hjálp íhaldsins reynzt í þeim málum? Það þarf ekki að endurtaka það, að hv. 10. landsk. gerði ekkert í málunum í sinni ráðherratíð. En síðan hin nýja stj. tók málin í sínar hendur hefir íhaldið, flokkur hv. 10. landsk., samkv. yfirlýsingu Ólafs Thors, sýnt öllum framkvæmdum í þessum málum fullan fjandskap í orði og verki. Í þinginu hafa íhaldsmenn haldið uppi málþófi dag eftir dag, til að tefja framgang allrar lagasetningar um þessi efni, og blöð flokksins hafa í allt haust haldið uppi rógi og ofsóknum á hendur þeirra, sem hafa verið að leysa málin. Svo langt hefir fjandskapur þessara nýju bandamanna hv. 10. landsk. gengið, að blöð íhaldsins hafa ekki kunnað sér læti fyrir gleði yfir nokkrum hvalþjóttum, sem rak á land suður með sjó, af því að þau vonuðust til, að þjótturnar gætu spillt fyrir kjötsölu bænda. Samband hv. 10. landsk. við íhaldið, sem kaus hann í landbn. hér í deildinni, sýnir, að honum er ekki minnsta alvara um landbúnaðarmálin. Fyrir rúmri viku birtist í Mgbl. leiðari, þar sem bæði Kreppulánasjóður og Byggingar- og landnámssjóður voru bannsungnir, að ógleymdum auðvitað héraðsskólunum og yfirleitt öllum öðrum framförum í sveitum landsins síðustu árin.

Út af því, sem hv. 10. landsk. sagði sér til afsökunar því, að hann hefði ekki greitt mjólkurbúastyrkinn, vil ég segja það, að eftir þing í fyrra afhenti meira en helmingur þm. atvmrh., sem þá var hv. 10. landsk., skjal, þar sem þeir lýstu yfir þeim skilningi sínum og vilja, að styrkurinn ætti að útborgast úr ríkissjóði skilyrðislaust, en hv. 10. landsk. þrjózkaðist samt við að greiða styrkinn, og þóttist sjálfur skilja lögin betur en meiri hl. þess þings, sem hafði sett þau og samþ.

**Flm. (Þorsteinn Briem)** [óyfirl.]: Hv. þm. S.-Þ. var að tala um flýtismerki á löggjöf kreppulánasjóðs. Mér þykir þetta nú satt að segja koma úr hörðustu átt, því að engin augljósari merki eru á hans eigin frumvörpum en einmitt flýtismerki. Annars lagði hann sjálfur ekki svo mikla vinnu í þá löggjöf, að á honum sitji að tala um það, þó að gera þurfi nokkrar endurbætur á lögunum.

Auðvitað er það fullkomin vitleysa hjá hv. þm. S.-Þ., að tillaga þáv. hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. S.-Þ. á þinginu 1933 hafi snert ábyrgðarmennina og átt að vera þeim til hjálpar. Það frv., sem nú er flutt, kemur ekki nálægt þeirri tillögu. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir, hve litla alúð þessi hv. þm. leggur við það, að vita rétt og tala rétt.

Hv. þm. talaði mikið um það, að flokkur minn hefði lagt lag sitt við annan flokk. Ég vil mótmæla þessu harðlega. Flokkur minn er algerlega sérstakur og sjálfstæður flokkur, sem fylgir málunum vegna þeirra sjálfra, en ekki vegna flokka né einstakra manna. Um „hirðisbréfið" get ég geymt mér að segja nokkuð, þangað til ég les það í fyrramálið. En ég vil hér með mótmæla því sem staðleysu, hver sem það segir, að Bændafl. sé eða hafi verið í bandalagi við nokkurn flokk.

Ég vil ennfremur mótmæla því, að hv. þm. S.-Þ. eða hans núv. nánustu samherjar hafi átt upptökin að stofnun kreppulánasjóðs. Ef menn lesa Tímann frá 1932, sést ekki vottur þess, að blaðið ætli að taka þá stefnu í kreppumálunum, sem tekin var. En er aðrir höfðu hafið forgöngu fyrir málinu og rekspölur var kominn á það, þá fyrst fer hv. þm. og blað hans að berjast fyrir málinu.

Hv. þm. kenndi mér um það, að einhver blöð hérna í bænum hefðu verið að fagna yfir hvalreka suður með sjó. En ég deildi einmitt á þessi blöð í umr. um kjötsölumálið og sagði, að framkoma þeirra í þessu efni hefði ekki verið þeim til sóma.

Enn er hv. þm. að halda því fram, þvert ofan í staðreyndir, að ég hafi ekki skipað afurðasölunefndina fyrr en ég neyddist til, þótt sannanlegt sé, að ég var fyrir hálfum öðrum mánuði búinn að biðja þá aðila, sem fulltrúa áttu að fá í nefndinni, að skipa menn í hana, áður en allir aðilar sæju sér það fært.

Hv. þm. segir, að einhver hluti þingmanna hafi skrifað undir áskorun þess efnis, að greiða mjólkurbúastyrkinn skilyrðislaust. Þetta plagg kom aldrei í mínar hendur, en mér var hinsvegar sagt frá því af þingmanni úr Nd. En hvað sem því líður, geta óformlegar yfirlýsingar utan þings ekki upphafið skýran lagabókstaf. Og hv. þm. S.-Þ. verður að virða mér til vorkunnar, þótt ég hafi gefizt upp við að taka hann mér til fyrirmyndar um útborganir úr ríkissjóði, án þess að lagaheimildir væru á bak við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt nál. frá minni hl. landbn., á þskj. 872, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar

---

## 42. Vigt á síld.

Á 9. fundi í Ed., 12. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld** (þmfrv., A. 62).

Á 11. fundi í Ed., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég hefi leyft mér að leggja þetta frv. fram hér í hv. d., þótt það sé að vísu gamall kunningi frá fyrri árum hér á þingi. Þó mun frv. aldrei hafa enzt aldur til að komast hingað til hv. Ed.

Ástæðan til þess að frv. er enn fram komið, er sú, að það er krafa allra þeirra sjómanna, sem hér hafa hagsmuna að gæta, og standa þeir, eða a. m. k. mikill þorri þeirra, bak við þessa kröfu, er í frv. felst. Mér er vel kunnugt um, að meðlimir þess félags, sem ég veiti forstöðu, óska þess eindregið, að frv. nái fram að ganga, og það sem fyrst.

Það hefir að vísu verið ágreiningur um þetta mál á undanförnum þingum, hvort sú regla skyldi lögfest, að vega síld til bræðsluverksmiðjanna í stað þess að mæla. En reynslan hefir þegar sannað, að vigtun síldar er mjög hagkvæm regla og útilokar í flestum atriðum, að ég hygg, allan ágreining um það, að þessi vara sé seld eftir nokkurnveginn réttum mælikvarða. Hinu er ekki að neita, að ágreiningur hefir orðið milli kaupenda og þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta við afhendingu síldarinnar, þegar hún hefir verið seld eftir máli. Með þessu frv., ef að l. verður, er sá ágreiningur úr sögunni. Eftir því, sem ég veit bezt, eru allar stærri síldarverksmiðjur búnar að taka upp vigtun síldar, allar verksmiðjur á Siglufirði og verksmiðjan á Krossanesi. Eftir því, sem mér hafa tjáð útgerðarmenn, sem þessum verksmiðjum hafa selt, er salan miðuð við kílócininguna. Og svo nákvæmlega er farið að í Krossanesverksmiðjunni, að verðið var miðað við 2,2 aura fyrir kg. Eftir þessari reglu er líka farið við heildaruppgerðina á öllum aflanum. Það, sem veldur því, að heppilegra er að vega en mæla síldina, er fleira en eitt. Í fyrsta lagi er máleiningin á síldinni ekki alltaf hin sama, þ. e. a. s. síldin er í misjöfnu ásigkomulagi. Ef síldin er nýveidd, þá helzt hún stíf í kerunum, en sé hún búin að liggja e. t. v. marga daga, þá er hún orðin lin, og í málið fer þá miklu meiri þyngd, miðað við máleiningu, en gert er ráð fyrir í l., eða 135 kg. Þessi aðferð er því í mesta máta ónákvæm, og styður það að því, að tekin sé upp vigtun í stað mælingar. Í öðru lagi má benda á, að í mörgum tilfellum er aðstaðan þannig, að þótt mælikerin hafi verið mokuð full í skipinu, hristist þó nokkuð úr þeim á leiðinni, og eru alls ekki full þegar á land er komið. Um þetta verður því togstreita milli kaupanda og seljanda. Þeir menn, sem ráðnir eru upp á aflaverðlaun, hafa þarna hagsmuna að gæta, því að það hefir fyrir þá ekki lítið að þýða, hvort lögð eru á land fleiri eða færri mál.

Ég skal þegar upplýsa, að þar, sem ennþá er mæld síld, hefir komið að mun minna úr sama skipi, t. d. úr fullu lestarrúmi, ef mælt er úr því, heldur en ef vegið er úr sama lestarrúmi.

Ég álít mig ekki þurfa að hafa lengri framsöguræðu fyrir þessu máli. Ég geri ráð fyrir, að málið fái þinglega meðferð og sé athugað nánar í n. Þótt ég hafi flutt frv. svona, er mér þegar ljóst, að eina smávægilega breyt. þarf að gera á því. Vona ég, að um það náist samkomulag í n., og legg til, að frv. sé vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 135).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég get verið stuttorður. Ég gerði grein fyrir þessu frv., þegar það var til 1. umr., og hefi ég þar litlu við að bæta.

Meiri hl. n. er eindregið því fylgjandi, að frv. verði samþ. með smábreyt., sem till. er um á þskj. 135, sem er aðeins leiðrétting, en einn nm. hefir skrifað undir með fyrirvara. Hver sá fyrirvari er, hefir ekki komið fram, því að engin brtt. hefir komið fram frá honum.

Ég skal taka það fram, að ég fyrir mitt leyti óska, að lögin verði ótvíræð, án heimildar um að mæla, og að ekki þurfi að leita til seljenda síldarinnar um óskir, hvort vigta eigi, en um það gat ekki orðið samkomulag í n. En í frv. hafði þessi setning komið af vangá. Verður því frv. að sigla sinn sjó til Nd., í von um, að það verði leiðrétt þar.

**Jón Auðunn Jónsson:** Ég hefi skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og er fyrirvarinn sá, að ég tel þarflaust að samþ. frv. Það er svo ákveðið í l. frá 1930, að ef menn koma sér ekki saman um að mæla síld, skuli hún vegin, og þetta frv. segir í rauninni það sama. Ég hygg, að hingað til hafi verið samkomulag milli seljenda og kaupenda, þar sem síld hefir verið mæld. En nú er það þannig, að í sumum tilfellum eru þeir margir, sem eiga síldina, bæði hlutarmenn og premíumenn á skipunum, sem eiga hver sinn part.

Ég var að líta í umr. um þetta sama mál frá 1932, og sá, að þáv. flm. þessa máls (þm. Ísaf., Vilm. Jónsson) sagði m. a.: „Ég get gjarnan látið það liggja milli hluta, hvort heppilegra sé yfirleitt að vega síld eða mæla". Þá voru nú ekki þyngri rök fyrir hendi fyrir því að vega síld fremur en mæla, og ég hygg, að ástæðurnar hafi ekkert breytzt síðan, enda eru með þessu frv. ekki felld úr lögum ákvæðin um það, að seljendur og kaupendur megi koma sér saman um það, hvora aðferðina þeir noti.

Ef út í það er farið að bera saman mál og vigtareiningu og deila um það, þá má náttúrlega viðurkenna það, að málin taka dálítið misjafnt, eftir því hvernig síldin er í hvert skipti. Þegar hún er ný og stíf, þá fer minna í hvert mál heldur en í vigtareiningu, sem er 135 kg., en ef síldin er lin, þ. e. a. s. farin að meyrna

og skemmast, þá fer aftur meira en ein vigtareining í málið, en það hefir nú verið svo, að þetta hefir alveg jafnað sig, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið. T. d. var sama útkoma á Hesteyri og Sólbakka árið 1932, þannig að báðar þessar verksmiðjur fengu jafnmikið lýsi miðað við síldarmagn. Það munaði ekki einu sinni ½%, og þó er síldin vegin á Sólbakka, en mæld á Hesteyri.

Ef megnið af síldinni er nýtt, þegar hún kemur í verksmiðjurnar, þá verður meira úr henni, ef hún er mæld heldur en ef hún er vegin. Verksmiðjueigendur óska að fá hana sem nýjasta, því hún er meira en þeim mun verðmeiri. Ef síld kemur legin í verksmiðjurnar, þá fær verksmiðjan meiri síld undir flestum kringumstæðum með því að mæla hana en vega, en samt sem áður verðminni vöru. Auk þess þegar mælt er, getur svo og svo mikill sjór verið í síldinni. Þegar síldin er stíf, gerir þetta ekki svo mikið til, því þá fellur sjórinn í bilin milli síldanna, en þegar hún er legin, gerir hann það ekki, heldur orsakar það, að minna fer í málið, þó auðvitað sé reynt að láta það vera sem minnst.

Það er hér í lögum og hefir lengi verið, að sumar vörur sé skylt að selja eftir vigt, en ekki máli eða tölu. Er það svo t. d. um salt og egg, en þessu er ekki alltaf hlýtt. Sumstaðar er salt selt eftir máli, af því það þykir þægilegra og fljótlegra. Þarna er samkomulag þeirra, sem selja og kaupa, alveg eins og verður í þessu tilfelli.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Mér skildist á hv. þm. N.-Ísf., að hann teldi frv. óþarft, af því að því yrði ekki fylgt. Hann var að vitna í lögin frá 1930 og hefir sennilega lesið ummæli eftir mér upp úr þingtíðindunum. **(JAJ:** Nei, það var frá umr. 1932). Ég skal benda á það viðvíkjandi þessu ákvæði um samkomulag milli seljanda og kaupanda, að það ákvæði var sett inn í lögin í sjútvn. Nd. vegna samkomulags við einn nm., sem hafði svo mikla „interesse" fyrir þessum fleyg, enda var þá aðstaða til vigtunar miklu lakari yfirleitt en hún er nú. En síðan 1930 hefir margt komið fram, sem gerir það fyllilega réttmætt að vigta fremur en mæla. Jafnvel þó sá ágalli sé lagfærður, sem fram kom á mælitækjum, þá er samt sem áður réttast og öruggast að vigta síldina, því slíkt getur komið fyrir aftur. En þó því sé sleppt, þá er það svo, eins og ég benti á við 1. umr., að svo mikill ágreiningur er milli seljenda og kaupenda út af mælingunni, að það má heita eilíf styrjöld og stríð milli sjómannanna annarsvegar og umboðsmanns kaupenda hinsvegar. Sjómennirnir óska eindregið eftir því, sem leggja upp síld eftir máli, að þeir mættu vera lausir við tortryggni verkstjóranna um, að þeir dragi af málunum. Í öðru lagi er það upplýst, að menn á þeim skipum, sem ýmist leggja upp hjá verksmiðjum, sem mæla eða vega, að þeir hafa fyllilega þótzt komast að raun um, að meira komi úr skipunum þar, sem síldin er vegin, heldur en þar, sem hún er mæld. Það kemur sérstaklega fyrir, þegar síldin er slæpt; þá fer meira í málin heldur en þegar hún er stíf, eins og ný síld er, en það er fátitt, að bræðslusíld sé ný. Af þessum ástæðum verða meira en 135 kg. í málinu. Það er því augljóst, að vigtunin er réttasta aðferðin til þess, að allir hlutaðeigendur geti verið öruggir, enda hefir það fyllilega sýnt sig, að svo er, því allar hinar stærri verksmiðjur hafa nú tekið þessa aðferð, bæði ríkisverksmiðjan, verksmiðja Goos á Siglufirði og Krossanesverksmiðjan, sem hafa haft vigtun nú um tveggja til þriggja ára skeið, og síðast Sólbakkaverksmiðjan. Sumar þessar verksmiðjur eru minni en Hesteyrarverksmiðjan. Ég hygg, að það sé ekki rétt hjá hv. þm., þó ég hafi engin gögn til að afsanna það, að síldarlýsismagn á Hesteyri og Sólbakka hafi verið hlutfallslega jafnt, miðað við síldarmagn. Ég á bágt með að trúa þessu, en mun leita mér upplýsinga um það. En þetta gæti hugsazt með því móti, að ný síld hefði alltaf verið lögð þar upp, sem vigtað var, en legin síld þar, sem mælt var. Hv. þm. var að tala um, að sjór væri í síldinni í skipunum og mældist með. Það fer að vísu dálítill sjór með síldinni niður í skipið, en hann síast úr síldinni og niður í rásir skipsins og niður í botn lestarinnar. Það er því misskilningur, að sjór sé í mælikerunum, enda er mokað upp í þau með háf, eins og hv. þm. veit, og á netinu á háfnum er líklega ½ þumlungs leggjlengd í möskvunum, svo það er ómögulegt, að þeir haldi sjó.

Hv. þm. segir, að ýmsar vörur, sem samkv. lögum eigi að vega, séu nú seldar eftir máli, t. d. salt. Ég skal ekki deila við hann um þetta, en það veit ég, að hér í Reykjavík er salt vegið, en ekki mælt, og sama er að segja um kol og aðra þungavöru. Hvað gert er í þessu efni úti um land, veit ég ekki. En jafnvel þó salt væri mælt, þá er auðveldara að mæla það nákvæmar en síld. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að réttara væri að gera lögin ótvíræð með því að afnema heimildina um samkomulag. Ég mun reyna að koma fram með brtt. um það við 3. umr. og prófa hv. d., hvort hún vill fallast á þá leið. Ég játa fúslega, að það er betra heldur en frv. eins og það er. En innan n. gat ekki orðið samkomulag um þetta.

Í 2. gr. frv. er það nýmæli, að vigtarmaður, sem tekur á móti síld, sé löggiltur. Hér í Rvík eru löggiltir menn við afhendingu á kolum og salti, og virðist ekki síður, að þörf sé á slíkum mönnum einnig við síldarverksmiðjurnar, enda hefir því ekki verið mótmælt.

**Jón Auðunn Jónsson:** Eins og ég gat um í n., skrifaði ég undir frv. vegna 2. gr., því hún er það eina, sem ég get fallizt á, sem sé að löggiltir vigtarmenn séu við móttöku á síld. Að öðru leyti vísa ég til míns fyrirvara. Hv. flm. vildi halda því fram, að síldin kæmi sjaldan ný á stöðvarnar. Ég veit, að þeir, sem veiða í salt, hafa sjaldan nýja síld til að leggja inn, en hinir, sem fiska einungis fyrir bræðslu, hafa hana oftast nýja. Það er ekki ótítt, að togarar fylli sig á einum degi, og koma þeir þá vitanlega með alveg nýja síld. Ég vil því segja, að í fleiri tilfellum sé síldin ný en gömul. Vitanlega fá þær

stöðvar, sem byggja á togaraveiðum, betri síld heldur en þær verksmiðjur, sem byggja á skipum, er jafnframt veiða til söltunar.

Það er rétt, sem hefir verið sagt hér, að aðstaðan á Hesteyri er verri en annarsstaðar, þar sem síld er lönduð. Bryggjurnar eru undir stórri brekku, þar sem undirlendi er ekkert, og aðstaðan er því sú, að ekki er hægt að komast að síldarþrónum nema á einum stað. Ef fleiri skip ættu að geta landað í einu, þyrfti fleiri vogir, kannske fjórar eða fimm, ef nokkuð ætti að ganga, en þessum vogum er ekki hægt að koma fyrir vegna landslags, nema með allmikilli vegagerð. Það er því aðallega aðstaðan, sem er því til fyrirstöðu, að hægt sé að koma þarna á vigtun nema með miklum kostnaði. Vigtirnar kosta líka nokkuð, þó að það sé hverfandi hjá hinu. Þegar svo stendur á, sé ég ekki ástæðu til að fyrirskipa vigtun og leggja þarna í mikinn kostnað við breytingar, sem verða til óþæginda á ýmsan hátt og útheimta meiri vinnu skipshafnar en nú þarf.

Að ekki sé sjór í leginni síld, þegar hún er mæld, þarf ég ekki að spyrja um; ég hefi svo oft séð það sjálfur. Sjórinn, sem ofan í lestirnar fer, getur ekki sigið burt, því rásirnar í lestunum fyllast fljótt af mauki eða leðju, sem líkist blautri sápu og er lýsi og hreistur, og ég hefi oft séð, að ekki hefir verið hægt að ná síldinni neðst í lestunum nema með því að moka henni með skóflum upp í mælikerin.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það eru tvö atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísf., sem ég þarf að svara, ef ég hefi tekið rétt eftir. Hann hélt því fram, að meiri erfiðleikar væru á því að vega síld en mæla. (**JAJ:** Já, á þessum stað). Það kemur í raun og veru út á eitt með vinnuna, hvor aðferðin sem er viðhöfð. Síldin er hvort sem er dregin upp í kerum eða slíkum ílátum og hellt á vagn, þegar vigtað er, og síðan er vagninum ekið yfir vogina, sem er felld í veginn eða bryggjuna og segir til um þungann um leið og ekið er yfir hana. Það kemur því alveg út á eitt með vinnuna; hún verður hvorki meiri eða minni. Og um kostnaðarhliðina verð ég að segja það, að þar sem helmingi minni verksmiðjur, eins og Goos-verksmiðjan og Sólbakkaverkmiðjan, gátu sett upp vogir hjá sér, þá ætti að mega ætlast til þess, að það væri gert á Hesteyri. Upp úr þessari röksemd hv. þm. legg ég því ekki neitt. Það hlýtur að vera eitthvað annað, sem á bak við býr.

**Jón Auðunn Jónsson:** Það er auðheyrt, að hv. 4. þm. Reykv. er ókunnugur aðstöðunni á Hesteyri, fyrst hann heldur, að hægt sé að vigta síldina á einum stað án þess það valdi töf. Þarna er það svo, að landa þarf á fjórum stöðum, og aka síldinni á fjórum stöðum í þróna. Þar þarf því fjórar vogir, því vegna landslagsins er ómögulegt að komast með alla síldina á sama stað að þrónni.

ATKVGR.
Brtt. 135 samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

---

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr. (A. 176, 179).

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég skal vera fáorður um þessa brtt. á þskj. 179, því ég hefi raunar gert grein fyrir henni áður hér í hv. d. Með till. á að taka af öll tvímæli um það, að alstaðar á að vega síld, en ekki mæla, með því að fella ákvæðið um samkomulag úr frv. Ég tel frv. miklu æskilegra þannig, að engin tvímæli séu í þessu efni.

**Magnús Jónsson:** Ég skal ekki fjölyrða um frv. að þessu sinni. Mér sýnist samt, ef brtt. þessi verður samþ., að þá aukist mjög missmíði á frv. bæði að efni og frágangi. Hugsazt gæti, að verksmiðjur yrðu settar á stofn á þeim stöðum, þar sem aðstaða væri svo ill, að ómögulegt yrði að framkvæma vigtun á síldinni, og yrðu þá skilyrðislaus fyrirmæli um það, að alstaðar skyldi vega síld, heldur óþægileg fyrir hlutaðeigendur, einkanlega ef þetta væru lög. Ef nú báðir aðilar, kaupandi og seljandi, væru á þessum stöðum hinsvegar sammála um að vilja mæla síldina, þá er ákaflega hætt við því, að svo gæti farið, að lögin yrðu höfð að engu, heldur en að útgerðin yrði að hætta.

Annars vil ég benda hv. flm. á það, að ég get ekki betur séð en að brtt. orsaki vansmíði á frv., þegar hún er felld við það. Það á að fella niður orðin „ef seljandi óskar þess“ í 1. mgr. 1. gr., en svo er aftur í næstu mgr. farið að skilgreina það, hver þessi seljandi er, sem búið er að fella burt með brtt. Mér skilst, ef á að fella niður orðið seljandi í 1. mgr., þá verði líka að fella burt skilgreininguna á því, hvað er seljandi. Þá er það ankannalegt eftir að búið er að lögleiða, að einungis skuli vega síldina, að vera að nota í lögunum mæliker fyrir sölueiningu. Því þá ekki að leggja þyngdina í kg. til grundvallar, eins og í öðrum viðskiptum, en ekki vera að burðast með mæliceiningu, sem búið er að fella út gildi? Ég hygg því, að ef hv. flm. ætlar að fá frv. samþ. vansmíðalaust, þá verði hann að fá umr. frestað og fara að efna upp á nýjar brtt. til leiðréttingar á því.

**Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég get ekki betur séð en að 2. mgr. megi vel standa, þó 1. mgr. verði breytt eins og ég legg til og öll síld verði seld eftir vigt. Um hitt atriðið er það að segja, að þessi sölueining, mæliker eða 135 kg., er löggilt með tilskipun frá 1922, að mig minnir. Einnig í öðru sambandi hefir þessi vörueining þýðingu, og það er, að ráðningarsamningar eru bundnir við þessa einingu, sem á að vera eitt mál eða tunna, þegar um síld til söltunar er að ræða. Þetta ákvæði í frv. er því ekki alveg þýðingarlaust. Ég játa, að í sambandi við vigt og sölu á síldinni hefir þetta enga þýðingu, en aftur hefir þetta ákvæði þýðingu í hinu praktiska lífi.

**Jón Auðunn Jónsson:** Mér þykir það leitt, að hv. flm. hefir nú flutt þessa brtt. á síðustu stundu. Það hefir verið svo, að Alþingi hefir viljað hafa það í lögum, að hlutaðeigendur mættu koma sér saman um að mæla síld, ef þeir kysu það heldur en að vega. Ég vil því vænta, að hv. d. láti það ákvæði haldast, sem er í lögunum frá 1930 um þetta efni.

Annars er það leiðinleg lagasetning, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á, ef heilar mgr. standa eftir í lögunum, sem eiga ekkert skylt við lögin, en stóðu í sambandi við það, sem búið er að nema burt. En eitt atriði er enn af þessu tægi, sem hv. þm. benti ekki á, en það er í 2. gr. frv., þar sem talað er um, að yfirvöld löggildi mælingamenn, sem annist mælingu og vigtun á síldinni. Þetta á að standa, að dómi flm., þó að mælingin verði úr gildi numin.

ATKVGR.

Brtt. 179 felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** JBald, JJ, SÁÓ, HG, HermJ.

**nei:** MG, MJ, PHerm, PM, ÞBr, ÞÞ, BSt, GL, IngP, JAJ, EÁrna.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 176).

Á 20. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 43. Talstöð í milliferðaskipum.

Á 13. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um loftskeytastöðvar á flutningaskipum** (þmfrv., A. 94).

Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, sem hv. 2. þm. S.-M. og ég flytjum, skýrir sig að mestu leyti sjálft, svo langa framsöguræðu er óþarft að halda.

Höfuðástæðan fyrir því, að við berum þetta mál fram, byggist á því, eins og segir í grg. frv., að hér sé um svo mikil björgunartæki að ræða á skipum. L. um loftskeytastöðvar á skipum gera ekki ráð fyrir því, að flutningaskip undir 1600 smálestum séu búin slíkum tækjum. Þau l., sem nú gilda, er að finna í reglugerð hjá okkur, en eru byggð á alþjóðalögum. En samt sem áður er nokkur ástæða til að skylda þessi skip, sem hér um ræðir, til þess að hafa loftskeytastöðvar. Það þarf ekki að fara langt út í þá sögu til þess að geta tilnefnt dæmi, þar sem einmitt loftskeytatækin hafa orðið til þess að bjarga mörgum mannslífum. Hjá okkur hefir það verið svo um langt skeið, að togararnir hafa allir verið útbúnir með þessum tækjum, og er óhætt að segja, að þau hafi meðfram verið sett af brýnni þörf útgerðarmanna, til þess að hafa náið samband við skipin í sambandi við veiðar þeirra, en hitt hefir líka ráðið miklu, að skipin væru öruggari með að kalla á hjálp, ef í nauðirnar ræki. Nákvæmlega það sama hlýtur að gilda um þau skip, sem sigla allan ársins hring til fjarlægra landa í misjöfnum veðrum, sem margt getur komið fyrir á hafi úti, sem enginn fengi vitneskju um, ef ekki væru loftskeytatæki annars vegar. Af þessum orðum mínum má ráða það, að í fyrsta lagi viljum við flm. skylda skipin til þess að hafa þessi loftskeytatæki vegna þess, hve mikil björgunartæki þau eru. Í öðru lagi er það ólíkt þægilegra fyrir eigendur skipanna að geta haft samband við þau, ef til kæmi, að breyta þyrfti um ákvörðunarstað, eins og oft kemur fyrir, en það er ekki hægt, ef skipin eru ekki útbúin slíkum tækjum.

Eins og sjá má í grg., þá veit ég ekki til þess, að skip af þessari stærð séu hér fleiri en 5, sem án loftskeytastöðva eru, og eru það aðallega hin nýkeyptu skip, sem hér er um að ræða. Selfoss, sem eingöngu er notaður til flutninga, hefir móttökutæki, en ekki loftskeytastöð, og getur því ekki sent frá sér skeyti. Þess vegna er hann hér tekinn með.

Að frv. standa Loftskeytamannafélag Rvíkur og sjómannafélögin í Rvík og Hafnarfirði, og ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að það, sem liggur á bak við, sé aukið öryggi á sjónum. Við Íslendingar erum nú að vakna til meðvitundar um það, hve nauðsynlegt sé fyrir okkur að beina allri orku til þess að hafa allskonar björgunartæki við hendina, bæði á landi og sjó. Kostnaðurinn við þessi björgunartæki, sem hér um ræðir, er að vísu nokkur, ég skal játa það. Ég þori ekki að fullyrða um það, hvað mikill hann muni verða, en ég hygg, að loftskeytatæki séu eitthvað ódýrari nú en verið hefir; geri þó ráð fyrir, að kostnaðurinn sé ekki meiri en svo, að hverju útgerðarfélagi ætti að vera kleift að koma þessu á.

Ég býst ekki við, að þetta frv. mæti mikilli andstöðu. Ef ég þekki rétt hugi manna, þá virðast allar tilraunir til þess að tryggja líf manna á sjónum mæta velvild, hvaðan sem þær koma, að svo miklu leyti sem okkur er kleift að framkvæma þær. Og í því trausti legg ég þetta frv. fyrir deildina.

Ég tel rétt, að málinu sé vísað til nefndar, og lægi þá sennilega næst að vísa því til sjútvn. Legg ég til, að svo verði gert.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég skal ekki fara að hefja neinar verulegar umr. um þetta mál, en þó langar mig til að segja nokkur orð áður en það fer til nefndar.

Það hljóta allir að taka undir það með hv.

flm., að jafnan sé tekið vel undir það, sem gert er til þess að tryggja öryggi manna á sjónum, að svo miklu leyti sem það virðist vera kleift. Það er sjálfsagt fyrir öll skip að gera allar mögulegar tryggingarráðstafanir, en þær stranda bara á þessum fyrirvara hv. þm.: að svo miklu leyti, sem það er kleift. Ég býst við, að n., sem fær þetta mál til athugunar, líti einmitt á þetta atriði, hvort þessi fyrirvari verði þessu þarfa máli ekki til fyrirstöðu.

Í grg. frv. eru talin upp þau skip, sem hér mundu koma til greina, og er það einmitt þessi nýi floti, sem landsmenn hafa komið sér upp á síðari árum til þess að annast fiskflutninga til Spánar, sem hingað til hafa verið í höndum útlendinga, aðallega Norðmanna. Ég held, að flestum landsmönnum hafi þótt vænt um það, að hér hefir verið komið upp íslenzkum flota til þess að ná í nokkuð af þessu mikla fé, þar sem flutningsgjöldin nema mörgum milljónum. Þó kannske sé ekki hægt að tala um mikinn ágóða, þá skapast samt atvinna fyrir íslenzka menn.

Nú er það vitað, að einmitt þessir flutningar eru — eins og nú hagar til í heiminum — knúðir niður í lágmark þess, sem hægt er upp úr þeim að hafa. Það er fullt af skipum á öllum höfnum, sem eru dregin út hvenær sem tækifæri gefst til að hafa nokkuð upp úr þeim, og farmgjöldin eru þess vegna knúð niður. Norðmenn, sem hér keppa við okkur, eru allra manna lagnastir á að sigla ódýrt. Þeir reka alla sína útgerð á hinn ódýrasta hátt, og það svo, að við getum hvergi nálægt þeim komizt í því. Ég hefi raunar ekki getað aflað mér mikilla upplýsinga um málið, en mér er sagt, að kaupgjaldið eitt kosti íslenzku útgerðina tugum þús. kr. meira en Norðmenn. Þetta eitt gerir okkur því samkeppnina við Norðmenn svo erfiða, að það má ekki hársbreidd muna, svo íslenzki flotinn verði ekki að hætta, en það er enn ekki komin reynsla fyrir því, hvort Íslendingar geti haldið þessum siglingum áfram. Nú er farið fram á það hér, að þessi íslenzku skip taki á sig nokkurn árlegan kostnað fram yfir það, sem samskonar útlend skip hafa.

Ég held ekki, að nein útlend skip, sem hingað sigla í þessum erindum, hafi loftskeytastöðvar um borð. Hér er því farið fram á að bæta þó nokkrum kostnaði ofan á þá tugi þús. kr., sem hvíla á þessum skipum umfram keppinautana. — Mér hefir verið sagt, að þessar loftskeytastöðvar, sem talað er um í frv., muni kosta um 10 þús. kr. Og þessi tæki eru þannig, að þau ganga fljótt úr sér og verður að endurnýja þau oft. Má reikna með því, að viðhald og endurnýjun þessara stöðva kosti ca. 1500 kr. á ári. Auk þess verður að hafa færan loftskeytamann. Mér er ekki kunnugt um, hvað það mundi kosta, en geri ráð fyrir, að það yrði ekki undir 5000 kr. á ári. Kostnaðurinn yrði þá alls um 6500 kr., sem bætast yrði á annan útgerðarkostnað. Hafa menn gert sér ljóst, hverjar tekjur muni verða af þessari útgerð? Það hefir orðið að nota til þessara flutninga gömul skip og viðhald þeirra því mikið, og ekki nema um takmarkaðan tíma, sem borgar sig að „klassa“ þau. Skipin verður því að vera hægt að afskrifa á mjög skömmum tíma. Ég held því, að við verðum að varast að íþyngja þessari útgerð frá því, sem nú er. Það eru auðvitað ýmsir kostir við að hafa sendistöðvar á skipum þessum. Þess er getið í grg. frv., að hægt sé þá fljótar að koma tilkynningum frá farmsendendum eða eigendum skipanna. Þetta er Alþ. óviðkomandi. Slíkt er útgerðarinnar sjálfrar að ákveða, ef þetta er talið nauðsynlegt. Ég held, að vel mætti komast af með litla og ódýra talstöð. Þegar upp að landinu kemur, er slíkt fullnægjandi, en ég held, að þeim hafi ekki dottið í hug að setja upp svona fullkomnar sendistöðvar. Tryggingin fyrir skipshöfnina er mikil að sendistöðvunum; því ber ekki að neita. En það kemur naumast fyrir oftar en einu sinni á æfi hvers skips, að merki þurfi að senda um, að þeir geti ekki borgið sér sjálfir, og getur það þá orðið skipshöfninni til lífs að hafa slík tæki. Það er satt, að að þessu leyti má setja loftskeytastöðina við hlið annara þeirra tækja til öryggis, sem skip nú þegar hafa, hvort sem það er nú miðunarstöð eða djúpló ð. Sum hafa miðunarstöð nú þegar. Notkun djúplóða hygg ég, að takmarkist af því, hve mikið hægt er að leggja á þessa útgerð, sem fjárhagslega á mjög erfitt uppdráttar. Áður en menn gera háar kröfur, verður að líta á hagnaðinn af rekstrinum. Þegar menn metast á um það, hvort leggja skuli veg eða brú, stendur deilan ekki um, hvort það væri betra að hafa brúna og veginn eða ekki, heldur einungis, hvort það geti fjárhagslega borið sig. Það myndu allir kjósa þessa hluti, ef þeir fengjust ókeypis. Ég þykist vita, að hv. sjútvn. fái þetta frv. og muni athuga það mjög gaumgæfilega með hagsmuni þessa nýja atvinnuvegar okkar Íslendinga fyrir augum.

**Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Fácin orð. Ég hefi ekki ástæðu til annars en að þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir undirtektirnar um nauðsyn þessa máls. En á þessu stigi málsins skal ég ekki fara út í það, hvort það er kleift að skylda skipin til að hafa loftskeytastöðvar. Ég er ókunnugur rekstrarafkomu þessara skipa, og sum þeirra hafa verið stutt í okkar eign. En ég verð að líta svo á, að þetta sé eitt að þeim óumflýjanlegu tækjum, sem verða að fylgja hverju skipi. Skipin hafa verið keypt heldur vægu verði, og þótt þessi kostnaður bættist við, þá myndi það ekki auka svo ýkjamikið rekstrarkostnaðinn. Stöðin myndi sennilega kosta innan við 10 þús. krónur. Aftur á móti tel ég það fullílagt, að áætla rúman 6000 kr. kostnað við loftskeytamann. (MJ: Ég áætlaði hann 5000 kr.). Þeirra byrjunarlaun munu vera um 300 kr. á mánuði, sem hækka svo eftir starfstímalengdinni; en á svona skipum gæti loftskeytamaðurinn oft sinnt ýmsum öðrum störfum, svo sem bókhaldi og skýrslugerðum o. fl. En um hitt atriðið vil ég á þessu stigi málsins ekki ræða mikið, nefnil. þá samkeppni, sem okkar siglingar eiga við að búa frá erlendum þjóðum. Ef til vill gefst okkur tækifæri til að ræða um það síðar. Ég get tekið undir það með hv. þm., að mér þykir hún ganga allt of langt, og ég hygg, að ef

íslenzka þjóðin eða þeir menn, sem þar eiga mest um að fjalla, væri betur á verði um að bægja frá jafnóheilbrigðri samkeppni, þá gætum við verið betur á vegi staddir í þessum efnum en raun ber vitni um. Fyrir mér er þetta stórmál, sem ég tel ástæðu til að athuga af alúð. Norðmenn reka hér óeðlilega samkeppni, og sum þeirra skipa, sem okkur bjóðast til flutninga, eru ekki betri en svo, að suður á Spáni er farinn að koma upp uggur um að nota þann fisk, sem kemur með þessum skipum, vegna skemmda. En síðan okkar skip fóru að flytja fiskinn er sagt, að honum sé tekið með miklu meiri velvild og talinn geymast betur. Væri vel athugandi, hvort það ætti að binda sig við hina frjálsu samkeppni um flutningsgjöldin, þegar okkar skip eiga í hlut. Ég skal ekki fara langt út í þetta mál á þessu stigi, en ég get fullvissað hv. þm. um, að ég ann okkar siglingum og vil gjarnan gera fyrir þær það, sem heilbrigt og gott má teljast. Það er að vísu rétt, að kopparnir, sem Norðmenn bjóða okkur til flutninga, hafa enga skyldu til að hafa loftskeytamenn eða loftskeytatæki samkv. alþjóðareglum um þau efni. Loftskeytaskyldan er bundin við minnst 1600 smál. skip; en eftir því, sem ég veit bezt, mun verða hert á þeim kröfum, og er sérstök alþjóðleg björgunarmálanefnd, sem hefir þessi mál til meðferðar. Heldur hún fundi á tveggja til þriggja ára fresti, fyrir tveimur árum í London, og nú síðast í Madrid. Eru þar tekin fyrir mál, sem lúta að öryggi manna á sjónum. Á síðasta fundi nefndarinnar þótti ekki fært að ganga lengra en að miða loftskeytaskylduna við minnst 1600 smál. skip. En í uppsiglingu er, að þessi skylda nái einnig til skipa, sem eru enn minni. Samkv. okkar gildandi l. er hvert okkar skip skylt að hafa loftskeytatæki, ef það flytur farþega, og ég verð að álíta, að þótt ekki sé nema 20 manna skipshöfn á þessum skipum, þá eigi þeir að njóta sama réttar sem farþegar. Nú hafa þessi skip annazt fólksflutninga jafnframt vöruflutningum. Hafa þau sæmilegan útbúnað miðskipa fyrir farþega, og er það notað bæði með ströndum fram og milli landa. Hefir því mátt líta svo á, sem núgildandi l. næðu til þeirra, þegar þau taka farþega. Hinsvegar munu útgerðarfélögin ekki líta svo á, af því að aldrei hefir um þetta verið fengizt. Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum að sinni. Vænti ég, að við fáum að rabba meira um þetta mál, þegar n. hefir athugað það og kynnt sér allt, sem að því lýtur.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Samkomulagið er svo gott á milli mín og hv. flm., að það út af fyrir sig gefur ekki tilefni til eldhúsdagsumræðna. En það er rétt, sem hv. þm. sagði, og ég raunar tók fram í minni ræðu, að til þessara flutninga hafa verið keypt nokkuð gömul skip og þar af leiðandi með vægara verði. Þetta er alls ekki æskilegt, en orsakast að því, hvernig atvinnuvegurinn er, að hann stendur ekki undir nema lágu verði. Þeir, sem hafa keypt þessi skip, hafa verið að reyna að sanna, að þótt skipin séu ekki ný, þá geti þau verið til nokkurrar frambúðar. Hið lága verð orsakast m. a. af því, að vegna minnkandi heimsverzlunar er heilum skipaflotum lagt upp. Þessi nýi íslenzki atvinnuvegur byggist hreint og beint á því, að hægt sé að fá skipin með afarvægu verði.

Hvað bókhaldi og skýrslugerðum viðvíkur, þá skil ég ekki í, að nokkur not séu fyrir loftskeytamanninn til þeirra hluta, því skipstjórinn mun hafa mjög lítið að gera. Ég hefi farið með einu af þessum skipum milli landa og get satt að segja ekki hugsað mér, að nokkur maður hafi meira næði en skipstjórinn í svona ferðum, því að hann hefir bókstaflega ekkert að gera. Mjög mikill tími fer í siglingar í rúmsjó, og í sæmilegu veðri hefir skipstjórinn ekkert að gera. Þetta er því hreinn aukakostnaður. Ef hægt væri að bægja frá harðvítugri erlendri samkeppni, væri það að vissu leyti gott. Við gætum e. t. v. sett lög um það, þótt það sé vafasamt, að skyldan til að hafa loftskeytamann nái einnig til erlendra skipa, sem hingað sigla, en það myndi þá koma út á þann veg, að þessi skip fengjust ekki til að sigla hingað nema fyrir hærra gjald, því að ef þau ættu að hafa loftskeytamann vegna tveggja ferða, eða svo, eftir íslenzkum fiski, þá myndi kostnaðurinn verða svo mikill, að skipin kæmu ekki nema fyrir hærra gjald. Væri þá verr farið en heima setið. Þessi harða samkeppni er auðvitað ekki einungis til ills; hún heldur niðri farmgjöldunum og það kemur öllum almenningi til góða; a. m. k. efast ég um, að við óskuðum þess, að fragtirnar hækkuðu. Hv. flm. minntist á það, að ástæður gætu verið til þess að gera þessa kröfu með tilliti til, að farþegaskip eru skyldug til að hafa loftskeytamann. En í því felst ekki, að verið sé að meta líf t. d. 20 farþega meira en líf 20 skipsmanna; en aðstaðan er önnur. Farþegarnir hafa engin skilyrði til þess að meta á nokkurn hátt það skip, sem þeir eru sendir með. Þeir sjá einungis auglýst, að þetta skip fari, og farmiðinn er keyptur í trausti þess, að þarna sé vel og örugglega frá öllu gengið. En hvað snertir skipsmennina, þá vita þeir, hvort hér er um manndrápsbolla að ræða og ráða sig ekki á önnur skip en þeir telja sæmilega örugg. Og þótt það komi fyrir, að einn og einn farþegi fái að fljóta með á svona skipi, eins og ég t. d. til Spánar, þá renna þeir ekki blint í sjóinn með það. Það er heimtuð meiri kunnátta af þeim bílstjórum, sem aka farþegabifreiðum, en þeim, sem aka einkabifreiðum. Þetta er gert vegna almennings. Ég held, að við verðum að bíða með þetta þangað til alþjóðasamþykkt hefir fengizt um þetta efni, og það getur vel verið, að það verði innan skamms. Mér er kunnugt um, að hreyfingin í þessa átt vinnur einlægt á og getur þá alltaf krafizt meira og meira öryggis. En fyrst þegar alþjóðasamþykkt hefir verið gerð og allir verða að beygja sig undir þau ákvæði, getum við, okkur að hættulausu, gengið inn á þá braut. Þá er líka útilokuð óheiðarleg samkeppni á þessu sviði við útgerð okkar. Það er rétt, að sum norsku skipin eru óforsvaranleg. Við getum reynt að hafa okkar skip góð, svo að þau fari vel bæði með farþega og farangur og séu eins örugg og unnt er. En við verðum fyrst og fremst að gæta þess,

að vísirinn til þessa nýja atvinnurekstrar deyi ekki út hjá okkur.

**Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það er ekki ástæða til að vera að tala mikið um þetta mál að sinni, en ég hjó eftir því hjá hv. þm., að hann taldi þetta geta beðið þangað til alþjóðasamþykkt væri fengin. Það má að vísu segja, að getuleysi manna sé eðlileg ástæða til að þetta sé geymt. En ég er ekki viss um, að menn yrðu fjárhagslega betur staddir, þótt þetta væri gert með alþjóðasamþykkt fremur en með gerðum Alþ. (**MJ:** Þá yrðu allir að búa við þetta). Ef til vill getum við skyldað aðra til þessa, en ég tel það þó vafasamt, að við getum það, en vel má vera, að lögfræðingar gætu upplýst um það atriði nákvæmlega, og ef hægt væri að gera þeim erlendum skipum, sem hér sigla, að skyldu að hafa loftskeytastöð, vil ég leggja lið mitt til þess að þeirri skyldu verði komið á. En í sambandi við það, sem hér er minnzt á samkeppni, vil ég minna á, að það eru mjög háværar raddir um það meðal þjóðanna, að vernda eigin siglingar, með því að bægja frá siglingum erlendra þjóða. Ég segi ekki, að við getum tekið upp þessa stefnu, vegna vöntunar á skipastól, en við getum e. t. v. létt undir með okkar siglingum með því að láta innlendu skipin sitja fyrir vöruflutningum til og frá landinu, og það er mikið atriði. Ég geri ráð fyrir því, að þeir, sem ráða yfir þessum málum, geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til að sjá um, að íslenzku skipin njóti flutninganna sem mest, og þegar svo er komið, er ég ekki hræddur um, að þessi aukakostnaður sligi útgerðina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 32. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 253 og 314).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Mál þetta hefir legið nokkuð lengi í n. Stafar það sumpart af því, að n. þurfti að hafa tal af ýmsum mönnum, er þetta snertir, og einnig var n. að leita sér upplýsinga og álits sérfróðra manna. Eins og sjá má af nál. á þskj. 314, þótti rétt að leita álits landssímastjóra og eigenda skipanna. Tekur nál. meiri hl. fram öll meginatriði, er okkur þótti máli skipta. Teljum við öryggi meira af loftskeytastöð en talstöð. Um þetta er ágreiningur innan n. Á einu eða tveimur flutningaskipunum eru talstöðvar, en á hinum hvorugt. Það liggur ekki ljóst fyrir, hvað kostnaður muni verða mikill. Eftir því, sem við höfum komizt næst, munu loftskeytastöðvarnar kosta 4—6 þús. kr. eftir því hvað þær eru kraftmiklar. Þessi kostnaður, 4—6 þús. kr., á skip, sem kosta 150—200 þús. kr., fæ ég ekki séð, að verði þung byrði. Hvað rekstrarkostnað snertir, þá er hægt að gera hann hverfandi lítinn með því að fela skipstjóra eða stýrimanni að annast um loftskeytin. Það mætti greiða þeim einhverja þóknun fyrir þetta, en það yrði aldrei mikið. Ég hefi við 1. umr. þessa máls bent á það, hve mikið öryggi er í því falið fyrir skipin að hafa loftskeytastöð. Ef skip verður fyrir áfalli í hafi, er ekkert eins fullkomið og vænlegt til bjargar og loftskeyti. Ég get í þessu sambandi bent á dæmi, er einn íslenzkur togari missti skrúfuna milli Færeyja og Íslands og gat með hjálp loftskeytanna náð í hjálp, en hefði ella án efa lent í hrakningum.

Ótal fleiri dæmi mætti nefna í þessa átt, en ég skal eigi að svo komnu fara lengra út í málið. Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir óþarflega sterkri stöð í skipin, en það hefir nú verið fært til hins réttara með brtt. meiri hl. n.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er satt hjá hv. meiri hl., að það er mikið öryggi fólgið í því fyrir skip að hafa loftskeytastöðvar. En það er margt annað, sem mikið öryggi veitir og ódýrara mundi verða í rekstri, og vil ég þar t. d. nefna miðunarstöðvar og dýptarmæla. Þó þessi áhöld verði dýr upphaflega, verða þau ódýr í rekstri. Það er mjög varhugavert að íþyngja að nýju þessari útgerð. Ég hefi í nál. sýnt fram á þann mikla mismun, sem er á mannakaupi á íslenzkum og norskum skipum. Hér er erfitt um vik fyrir okkur og samkeppnin hörð. Norðmenn greiða í mannakaup á slíkum skipum um 33 þús. kr. á ári, við 52 þús. Þá hafa og Norðmenn gert allt til þess að hnekkja þessari útgerð okkar. Í norska blaðinu „Fiskeren" er komizt svo að orði um þessa útgerð okkar, um það leyti að verið var að koma fótum undir hana, að eigi muni þurfa að óttast þessa byrjun, því að starfræksla öll sé svo dýr hér, að útgerðin muni leggjast niður bráðlega. Í öðrum löndum, eða a. m. k. á Norðurlöndum, eru flutningaskip eigi skylduð til að vera búin slíkum tækjum. Þessi aukni kostnaður, sem frv. felur í sér fyrir þessa útgerð, mundi því verða hjálp til Norðmanna í keppninni við okkur um flutningana. Það er enginn efi, að stofnkostnaður 125 kilóvatta stöðvar, með öllu, sem til þarf, skýli fyrir stöðina o. s. frv., mundi ekki nema minna en 6—7 þús. kr. En þó er þetta ekki aðalatriðið, heldur hinn mikli rekstrarkostnaður, sem felst í því, að bæta þarf manni á skipin. Það er meira en lítið hæpið, að stýrimaður eða skipstjóri geti unnið þessi störf. Þó þeir tækju sig til og lærðu loftskeytafræði, verður það ekki skemmra en 9 mánaða nám, eftir því sem landssímastjóri hefir tjáð mér, en margir eru lengur. Ég er því hræddur um, að ekki verði komizt hjá því að hafa sérstakan mann. Ég get og upplýst það, að árl. kostnaður á togurunum við loftskeytastöðvarnar mun aldrei vera undir 4—5 þús. kr. Þetta yrði meira en lítill baggi á flutningaskipin, og virtist þá fremur fært að setja í þau talstöðvar. Þær geta skipin fengið leigðar hjá landssímanum fyrir 400—500 kr. á ári. Ég held, að við verðum að fara gætilega í kröfurnar gagnvart þessari útgerð, með tilliti til hinnar erfiðu aðstöðu hennar. Síðan ísl. skipin komu, hefir útflutningsgjald á fiski til Suðurlanda lækkað og Norðmenn hafa neyðzt til þess að lækka í samræmi við þau, og niður fyrir þau í samkeppnisskyni. Ég vil benda hv. dm.

á, hve varhugavert er að samþ. frv. þetta óbreytt. Það væri illa farið, nú í atvinnuleysinu, ef útgerð þessi, sem greiðir yfir 200 þús. á ári í kaupgjaldið eitt, stöðvaðist.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég tel rétt að svara hv. minni hl. að nokkru, þar sem hann virðist vera algerlega andstæður skoðunum meiri hl. á málinu. Hv. þm. sagði, að skipin hefðu miðunarstöð og dýptarmæla. (**JAJ:** Það sagði ég ekki; ég sagði, að það væri mikið öryggi í að hafa það). Já, en það er ekki jafnmikið öryggi. Miðunartæki og dýptarmælar koma sjómönnum helzt að gagni upp undir landi. Þeir fara fyrst að nota þessi tæki, er þeir nálgast land. Auk þess eru þau dýr, og mun vart fást undir 3000 kr. miðunarstöð, en dýptarmælir mun kosta um 8—10 þús. kr. Í þessu sambandi er og vert að athuga það, hvort eigi verða reistar miðunarstöðvar á landi, og verður þeirra þá eigi þörf á skipunum.

Íslenzku togararnir hafa loftskeytastöðvar, en ekki talstöðvar, og ég held, að eigendur togaranna telji sér það hagkvæmt. Þeir vita sem er, að það er í senn trygging fyrir lífi skipshafnar, skipi og farmi. Reynslan hefir sýnt þeim, að svo er. — Hv. þm. var að bera saman kaupgjald í Noregi og hér á þessum skipum. Það er mikið rétt hjá honum, að kaupið er lægra í Noregi, en það er líka ódýrara að lifa þar og ekki sambærilegt t. d. við Rvík.

Tekjur þessara manna á skipunum eru um 260 kr. á mán., þegar aukavinna er reiknuð með, og fyrir þetta fé eiga þeir að kaupa allar sínar lífsnauðsynjar og halda uppi fjölskyldu sinni. Ég held, að hv. þm. geti ekki talið þetta hátt. Annars get ég upplýst það, að norskir sjómenn munu hafa mikinn hug á að fá kaup sitt hækkað innan skamms.

Ég fæ nú ekki séð, að við séum að hjálpa Norðmönnum með þessu. Ég er enginn vinur norskra útgerðarmanna, eftir því sem þeir hafa komið fram hér almennt, en ég sé eigi ástæðu til að fara að halda hér ræðu yfir þeim. Ég tel ekki affarasæla þá samkeppni, sem hér er milli þjóðanna um þessa flutninga.

Annarsstaðar, t. d. meðal Breta, er nú ekki meira um annað rætt en þessa samkeppni í siglingunum, og munu þeir hafa fullan hug á að leiða þau mál til farsælla lykta fyrir siglingar sínar.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að skýli þyrfti að byggja á skipunum undir stöðvarnar. Það er nú svo, að á sumum skipunum eru þessi skýli fyrir hendi, þar sem skipin hafa áður verið búin loftskeytatækjum. (**JAJ:** Þessi skip?). Já — t. d. Katla. Ég held, að ég fari rétt með það. Annars er nóg rúm í lyftingu fyrir loftskeytastöðvarnar, og verður það ekki til annars betur notað. Annars getur rekstur og viðhald stöðvanna á flutningaskipunum aldrei orðið eins mikið og á togurunum, eins og hv. þm. vill halda fram. Skeytasendingar á togurunum eru mjög tíðar, sökum þess, að þeir standa í stöðugu sambandi við útgerðarmennina.

Hv. þm. bendir á þá leið, að leigja talstöð fyrir 400—500 kr. á ári. Með því fé væri á átta árum borgaður stofnkostnaður loftskeytastöðvar með leigunni einni, og hygg ég, að útgerðarmenn vilji fremur verja því fé til loftskeytastöðvar en fleygja því þannig í leigu talstöðva.

Hv. þm. gat þess, að Norðmenn hefðu sett niður flutningskostnaðinn. Það er nú svo um skip Norðmanna, að þau eru lélegri en skip okkar, og þurfa því að bjóða verðið niður. Fiskur, sem fluttur er með okkar skipum, þykir og „koma betur fram“, eins og það er kallað, en fiskur fluttur á þeirra skipum. Það reynist svo, að betur fari um hann á leiðinni út, og er það því spurning, hvort það borgar sig að nota þessa norsku „kláfa“, enda þótt flutningsgjald kunni að vera nokkru lægra.

Þá er og vert að geta þess, að okkar skip eru hraðskreiðari. Síðasta sumar fékk t. d. Edda aukagjald fyrir sérlega fljóta ferð, en svo stóð á, að koma þurfti fiskinum á markað á tilteknum tíma. Okkar skip hafa frá 10 upp í 13 mílna hraða, en norsku skipin ekki nema 8—9 að jafnaði.

Hv. þm. endaði með því að gefa í skyn, að hættulegt væri að samþ. frv., því að það mundi geta haft það í för með sér, að hætt yrði að gera skipin út. Ég bið hann að leiðrétta mig, ef ég fer hér rangt með. Hver trúir nú því, að hætt verði að gera skipin út vegna þessara 4—6 þús. kr.? Nei, þetta er of langt gengið hjá hv. þm. Mér er þetta mál það kunnugt, að ég veit, að eigendur skipanna munu ekki fleygja þeim frá sér fyrir þessar sakir. Maður hefir áður heyrt svona nokkru slegið fram, en þær hrakspár hafa aldrei rætzt, og ég vona, að svo verði ekki heldur nú.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skal byrja á því að lýsa því yfir, að mér finnst alveg vanta grundvöllinn í þessu máli. Hér vantar alveg upplýsingar eða vitneskju um rekstrarafkomu þessara skipa, sem leggja á talsverðar byrðar á. Sum þeirra eru nýlega keypt, og veit enginn, hvernig þau muni bera sig. Mér finnst því, að réttara hefði verið að bíða eftir reynslu í því efni, áður en farið er að hlaða á þessa útgerð nýjum gjöldum.

Ég sé ekki, að meiri hl. sjútvn. hafi að neinu leyti getað hrakið röksemdir minni hl. n. í þessu máli. Það hefir verið upplýst, að munurinn á kaupgjaldi skipshafnar á einu þessu skipi, miðað við kaupgjald á samskonar skipum norskum, nemur 23 þús. kr. á ári. Svo á að bæta við þennan kostnað um 7000 kr., eftir upplýsingum landssímastjóra um kostnað við loftskeytatæki, að viðbættum talútbúnaði og klefa fyrir stöðina, eins og hv. þm. N.-Ísf. hefir sýnt fram á. Svo sé ég ekki betur eftir 1. gr. frv. en að talsverður árlegur kostnaður verði af stöðinni, þar sem ekki er tekið grynnra í árinni en það, að við stöðina skuli starfa a.m. k. einn loftskeytamaður. Maður getur eftir 1. gr. búizt við, að fljótlega komi fram krafa um að hafa þá tvo. Ég get því ekki betur séð en að rök hv. minni hl. n. séu fyllilega réttmæt.

Viðvíkjandi samkeppni þessara skipa við Norðmenn vita allir, að hún er mikil og erfið. Ég ætla, að allir sjái, hvílíkur geysimunur er á

afstöðu þessara keppinauta, þar sem íslenzku skipin verða að greiða í mannakaupinu einu 23 þús. kr. meira á ári á hverju skipi. Það er ekki hægt fyrir íslenzku skipin að krefjast hærri flutningagjalda vegna þessa háa kaups. Þeir, sem selja fisk til útlanda, taka auðvitað fragtina þar, sem hún er ódýrust, og útgerðin hér ber sig ekki svo vel, að hægt sé að taka hærri fragt af útfluttum íslenzkum fiski heldur en Norðmenn gera. Frsm. meiri hl. sjútvn. mælti talsvert hörðum orðum í garð Norðmanna, en ég býst ekki við, að það hafi mikil áhrif á fragtina hjá þeim, enda er það ekki nema eðlilegt, að þeir geti boðið lægri flutningsgjöld, þar sem þeir hafa svo miklu minni kostnað við rekstur skipanna. Hv. frsm. meiri hl. var að tala um það, að við ættum að feta í spor Englendinga og láta nefnd athuga flutningamálin. Ég verð nú að segja, að mér finnst það dálítið sitt hvað hér og þar. Englendingar eiga stærsta fragtskipaflota í heimi, en við þann minnsta. Slíkar bollaleggingar eru bara hlægilegar. Það er gott að heyra, að íslenzku fragtskipin eru betri en þau útlendu, en það hefir lítil áhrif í samkeppninni. Sá, sem sendir flutning út, fær hann vátryggðan, og þar af leiðandi bættan, ef flutningurinn skemmist. Honum má því nokkuð í léttu rúmi liggja, hvort flutningurinn skemmist eða ekki, fyrst hann fær sína borgun. Sé svo, að skip sé ekki talið fært til að flytja vörur án þess að þær geti skemmzt, er tekið veð fyrir. Það var eitt, sem frsm. meiri hl. sagði, að ekki væri hætt við því, að eigendur skipanna hættu að gera þau út, þó þetta frv. væri samþ. Það getur vel verið, en einhversstaðar hlýtur markalínan að vera fyrir því, hvað útgerðin getur borið. Og enginn getur búizt við því, að eigendur skipanna haldi áfram að gera þau út, ef um engan hagnað er að ræða, heldur sífellt tap. Þess vegna álít ég það óvarlegt, meðan enginn veit, hvernig þessi atvinnuvegur ber sig, að vera að auka stórlega álögur á honum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að því hefði oft verið slegið fram hér á Alþingi, þegar rætt hefði verið um nýjar álögur á stórútgerðina, að þær rækju til þess, að skipin, togararnir, yrðu seldir úr landi. En hvað hefir skeð? Hér hafa verið sett lög um að banna að selja togara úr landi. Meðan ég var í stjórn var oft farið fram á það að fá að selja togara úr landi, og af hverju var það? Það er eftirtektarvert, að á hverju ári heltast þetta einn eða tveir íslenzkir togarar úr lestinni, þ. e. þeir stranda, en enginn kemur í staðinn. Það sýnir, að togaraútgerðin þolir ekki þær álögur, sem hún hefir við að búa. Hún er að gefast upp. (**JBald**: Það var keyptur togari í Hafnarfirði móti vilja hv. þm. sem ráðh.). Hv. þm. veit víst lítið um minn vilja í því efni; ég gaf þó sem ráðh. leyfi til þess, að hann yrði keyptur. (**JBald**: Já, loksins). Annars held ég, að þessi blessaði einmana stjórnarvörður, sem situr þarna hinumegin (hv. 4. landsk.), ætti ekki að vera að tala um, hvað aðrir hugsa, því að hann getur ekkert vitað um það. Honum væri nær að segja, hvort hann sem bankastjóri er ekki sammála mér í þessu máli. Það liggur ekkert fyrir um það, hver er rekstrarútkoma þessara skipa. Því álít ég, að ekki sé vert að auka við gjöld þeirra.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson)**: Það má vera hv. þdm. nokkurnveginn ljóst, að mikið er í húfi, ef þessi útgerð stöðvast. Ég hefi upplýst, að þessi útgerð hefir þurft að borga 23 þús. kr. fyrir mannahald á hverju skipi fram yfir það, sem keppinautarnir þurfa að borga, og er þá augljóst, að varhugavert er að bæta þar við aukaútgjöldum. Hér er um að ræða útgerð, sem ekki er sambærileg við samskonar útgerð hjá öðrum þjóðum. Þó væri ekki nema sjálfsagt, ef aðrar þjóðir hefðu sett loftskeytastöðvar á samsvarandi skipum, að það væri einnig gert hér, en það hafa þær ekki gert, og þá er bara hættulegt að gera það hér og auka með því erfiðleika okkar skipa, sem aðrar þjóðir hlífast við að gera hjá sér. Það væri hættulegt, ef þessi útgerð lenti í það, að geta ekki innt af höndum þau löglegu gjöld, sem á henni hvíla, því þá yrði ekkert annað ráð fyrir hendi en að selja skipin. Það væri þjóðhagslega skoðað vítavert gáleysi að vera að halda uppi dýrari flutningum með þessum skipum heldur en svo, að útgerðin geti borið flutningana. Og þá gæti farið svo, að það borgaði sig betur hreint og beint að gefa skipin en að reka þau á þann hátt.

Hv. frsm. meiri hl. taldi mest öryggi fyrir skipin að fá loftskeytastöðvar. En ég vil spyrja: Hver er reynslan í þessum efnum? Hún er sú, að nálega allir togarar, sem farizt hafa hér við land, hafa strandað við landtöku, og svo er það og með það eina íslenzka flutningaskip, sem hér hefir strandað. Öll hin stærri skip hafa farizt þannig, nema April og Leifur heppni, sem fórst í mikla mannskaðaveðrinu 1924. Það er því við landtöku, sem langsamlega flestir skipskaðar hér hafa orðið. Hin mesta öryggisráðstöfun fyrir þessi skip væri því sú, að þau fengju dýptarmæli, og þó hann kosti nokkuð mikið, álíka mikið og loftskeytastöð, þá munar mestu á því, að sá kostnaður verður aðeins í eitt skipti fyrir öll, en í hinu tilfellinu er um mikinn árlegan kostnað að ræða, sem skiljanlega hefir mest að segja í þessu efni. Það er hverfandi fyrir útgerðina að leggja út nokkra upphæð í eitt skipti fyrir öll hjá því sem að þurfa að standa straum af miklum árlegum kostnaði.

Hv. frsm. sagði, að það væri óeðlilegt og óliklegt að skipin bæru sig ekki vel. En ég vil spyrja: Hvað er óeðlilegt við það, þó svo væri ekki? Hér gildir vitanlega það, að sá, sem siglir ódýrast, stendur sig bezt. Nú liggja uppi milljónir skipa í heiminum atvinnulaus. Þau skip, sem mestan kostnað hafa, verða undir í samkeppninni. Norðmenn sjá, að það er betra að hafa kaupið lægra til þess að geta veitt sem flestum atvinnu. Bretar verða aftur að láta sín skip liggja uppi. Hvað er að gerast í heiminum? Japanar eru að leggja undir sig eina iðngreinina eftir aðra, vegna þess að þeir hafa ódýrari framleiðslumöguleika en aðrar þjóðir. (**SÁÓ**: Þá er ekki annað en að loka millirikjaverzluninni). Já, þjóðirnar gera það að talsverðu leyti í bili, — en hvað lengi verður það fært? Auk þess er það svo, að heppilegast væri, að hver

vara væri framleidd þar, sem bezt eru skilyrðin. Ég skal viðurkenna, að þegar aðrar þjóðir hafa fyrirskipað loftskeytastöðvar á sín flutningaskip, þá er sjálfsagt, að við gerum það einnig. En meðan þær gera það ekki, þá hjálpum við aðeins keppinautunum með því að leggja slíkar byrðar á okkar útgerð. Ég hefi bent á það, að meira öryggi væri fyrir skipin að fá dýptarmæli heldur en loftskeytastöð, af því að langsamlega mest slysahætta er í sambandi við landtöku. Þess vegna ætti fremur að setja dýptarmæla á flutningaskipin en loftskeytastöðvar, ef auka á öryggi þeirra. Að skip fái aukaborgun fyrir fljóta siglingu milli landa, getur vel verið, en það er nú það, sem tæplega borgar sig fyrir þau, því með því að auka hraða skipanna úr 10 mílum í 12 eykst kolaeyðslan um $^1/_3$ hluta. Slíkt mun því í flestum tilfellum ekki borga sig. Um norsku flutningaskipin er það að segja, að þau eru mörg ágætlega fallin til flutninga, og sama er að segja um þá menn, sem þeim stjórna og á þeim vinna, að þeir gera allt til þess, að vörur þær, er þeir flytja, komi sem bezt fram. Þeir eru því sízt eftirbátar í þeim efnum. Þó skal ég viðurkenna það, að íslenzku skipstjórarnir og stýrimennirnir gera einnig allt, sem þeir geta í þessu efni.

Meðan svo er ástatt sem nú er, að okkar skip hafa yfir 20000 kr. aukakostnað á ári fram yfir norsku skipin, útgjöld, sem okkar skip kannske standa undir, eða a. m. k. væri vonandi, að þau gætu staðizt, þá er ekki nærgætnislegt að heimta það, að þessi skip bæti við sig dýrum loftskeytastöðvum. Ég held, að menn megi þakka fyrir, ef þessi útgerð fellur ekki í rústir, án þess að leikur sé gerður til þess, að svo fari.

**Magnús Jónsson** óyfirl.]: Hv. frsm. meiri hl. sjútvn., sem einnig er 1. flm. þessa frv., beitti hér röksemdafærslu, sem ekki er óalgeng hér á Alþingi, þegar á að koma einhverju fram, sem í sjálfu sér er gott og þarft, en verður þó ekki komið í framkvæmd, nema annað hljótist af, sem orðið getur miklu verra. Hv. þm. sýndi mjög fram á það, hve mikið öryggi væri í því fyrir skipin að hafa loftskeytastöðvar. Þetta er alveg dagsatt. En hér er alveg eins og þegar verið er að mæla með einhverri fjárveitingu, sem einhver hefir gagn af og þess vegna er talin sjálfsögð. En þessi rökfærsla er ekki einhlít, þegar valið er á milli ýmsra góðra hluta, sem hægt er að nota fé til. Við erum sammála um, að það sé t. d. gott og þægilegt að eiga bíl, en það, sem ræður hjá okkur, að við kaupum þó ekki bifreiðina, er það, að við komumst að þeirri niðurstöðu, að við getum notað peningana til einhvers annars, sem er betra. Það er enginn ágreiningur um það, að bezt væri að hafa loftskeytastöðvar á öllum skipum. Það getur svo sem alltaf komið fyrir í hafi, að betra sé fyrir skipin að hafa loftskeytastöðvar, til þess að senda neyðarskeyti. Það væri náttúrlega mest öryggi í því að banna skipum að sigla milli landa, nema þau hafi loftskeytatæki og nái einhverri ákveðinni stærð. Það, sem hér er um að ræða, er ekki annað en það, hvort nauðsynin sé svo mikil fyrir loftskeytastöðvar, að við sjáum ekki í það að setja atvinnuveginn í hættu af þeim sökum, eins og gert er með þessu frv.

Hv. frsm. meiri hl. álítur, að útgerðarfyrirtækin séu ekki sett í neina hættu með samþykkt þessa frv. Við álítum aftur á móti, að þessi atvinnuvegur sé með því settur í mjög mikla hættu.

Hv. sessunautur minn benti á það með réttu, að það vantaði allan kunnugleika um rekstrarafkomu þessara skipa. Þetta er alveg rétt. Ég held einmitt, að það sé ákaflega nauðsynlegt, að það sé á vitorði þeirra, sem eiga að skera úr í þessu efni, hvernig skipin bera sig. Ég held líka, ef sú reynsla væri fengin, þá mundi það sýna sig, að þessi atvinnuvegur berst í bökkum. Það þýðir ekkert að vitna í eitt dæmi, eins og Vestra, þó hagnaður hafi orðið á rekstri hans. Það þarf að styðjast við margra ára reynslu. Það getur komið fyrir, að þessi skip séu ekki nema hálfan annan mánuð að flytja farm til Spánar, en svo getur líka farið svo, að þau séu hálfan fjórða mánuð í ferðinni. Nei, það er fyrst þegar komin er nokkurra ára reynsla um rekstur þeirra, að það kemur í ljós, hvort vogandi er að ætla þessum skipum meiri álögur. Ég gæti hugsað, að það færi svo með þessa útgerð okkar, að hún standist ekki hina hörðu samkeppni, að það færi með hana eins og togaraflotann á síðari árum, að eitt og eitt skip heltist úr lestinni, en ekkert kæmi í staðinn. Það er ekki rétt að gera leik til þess, að svo fari. Náttúrlega má segja, að það muni ekki mikið um 6000 kr. Það sé ekki nema eins og þegar einn dropi sé látinn leka í glas, en það munar um þetta, þó ekki sé meira. „Það er alltaf drjúgt, sem drýpur“, segir máltækið, og á endanum verður glasið fullt, svo flóir út af.

Hv. frsm. meiri hl. hefir talað mikið um það, að við vildum amast við því, að skipin fengju loftskeytastöðvar, en vildum aftur, að þau fengju dýptarmæli. Ég hefi ekki heyrt hv. frsm. minni hl. sjútvn. bera fram neinar kröfur um dýptarmæli á skipin, en hann hefir sýnt fram á, að það er miklu nauðsynlegra tæki heldur en loftskeytatæki og hefir auk þess þann kost, að þar er enginn rekstrarkostnaður. Ég held, að hv. frsm. meiri hl. hafi farið með rökfalsanir í því, að hægt verði að fela einhverjum tveimur mönnum af skipshöfninni að sjá um loftskeytatækin. Það hefir verið upplýst, að það kostar 9 mánaða nám að geta farið með þau tæki, og ég vil spyrja, hvort það sé sennilegt, að skipstjórar eða stýrimenn muni vilja sitja í landi nærri því heilt ár fyrir ekki neitt, við að læra það. Og það er annað líka, það er viðurkennd regla, að menn geta ekki lært þetta starf eftir að þeir eru komnir yfir vissan aldur. Ég man eftir því í sambandi við eitt ákveðið mál, sem kom hér fyrir þingið eitt sinn, að Forberg heitinn landssímastjóri sagði það, að yfirleitt væri heimtað, að ekki nema ungir menn lærðu símritun, af því að öðrum væri það ekki fært. Nú er það svo, að flestir yfirmenn þessara skipa eru rosknir menn, sem ekki mundu geta lært þetta starf, og þá verð ég að segja, að það væri beint hlægilegt, ef farið yrði að setja loftskeyta-

stöðvar í skipin, ef svo þeir, sem með þær ættu að fara, hefðu ekki nema að litlu leyti skilyrði til að geta það.

Svo er annað. Ég býst við, að fagfélag loftskeytamanna mundi þá koma til skjalanna og gera kröfur um, að það væru í raun og veru faglærðir menn, sem gegndu þessu starfi. Mér þætti ekki ólíklegt, að einmitt hv. frsm. meiri hl. yrði fremstur í flokki við að fylgja fram þeim kröfum, eins og öðrum kröfum félagsbundinna fagmanna. Það mundi ekki þýða annað en það, að a. m. k. 6—8 þús. kr. kostnaður yrði á ári við þessar stöðvar. Kaupverðið yrði smáræði samanborið við rekstrarkostnaðinn. Ég veit ekki, hvort hv. frsm. meiri hl. þætti eðlilegt, að þessum kostnaði væri náð upp með lægra kaupi skipsmanna, með meiri jöfnuði á kaupi við það, sem keppinautar okkar greiða á sínum skipum. Þá mundi hann í raun og veru meta mikils þetta aukna öryggi mannslífanna, ef hann teldi mega spara við aðra menn á skipunum sem þessu svarar. En ég býst við, að hann vildi það ekki, og ég mundi ekki heldur vilja það, fyrir jafnlítið aukið öryggi sem ég hygg, að hér sé um að ræða.

Nei, því miður er það svo, að hér rekur upp höfuðið sú niðurrifsstefna, sem er allt of algeng hér hjá okkur, að hvenær sem byrjað er á einhverri atvinnugrein, sem líkur eru til, að gæti borið sig, er þegar farið að gera til hennar meiri og meiri kröfur um ýmislegt, sem í sjálfu sér er gott og blessað að hafa, og e. t. v. munar ekki svo mikið um í hvert skipti, að líklegt sýnist, að þær velti fyrirtækinu um. En svona kröfur, sem t. d. hafa verið gerðar til togaraútgerðarinnar, er meginástæðan til þess, að togaraflotinn er nú að rýrna og hverfa. Þetta er e. t. v. eðlilegt frá sjónarmiði hv. frsm. meiri hl. og flokksmanna hans, sem óska, að einstaklingsreksturinn á þessu sviði sem öðrum sýni sig sem óheppilegastan, svo ríkið hafi ástæðu til að taka í taumana og fara að reka atvinnufyrirtækin sjálft. En ég gæti hugsað mér, að ánægjan yfir ríkisrekstrinum færi að minnka eftir svo sem áratug. Þá væri ekki lengur hægt að grípa til þess að skattleggja einstaklingsfyrirtækin til þess að jafna hallann á ríkisrekstrinum, því þá ætti ríkið allt og yrði að sjá fyrir öllum. En hv. frsm. og hans nótar hugsa líklega sem svo: Er á meðan er, við skulum halda kröfunum áfram meðan einhverjir eru uppistandandi. Og þeim, sem þannig hugsa, er því miður allt of mikið léð eyra frá þeim mönnum, sem þó eru ekki flokksbundnir sósialistar, þó ég gangi út frá, að þetta frv. verði ekki látið verða að lögum.

Það er vitanlega eitthvað aukið öryggið með því að hafa þessi tæki á skipum, en hitt verður líka að viðurkenna, að með þessu frv. á að gera meiri kröfur til okkar, frumbýlinganna og byrjendanna á þessu sviði eins og mörgum öðrum, heldur en fært hefir þótt að gera til siglingaþjóða yfirleitt með alþjóðasamþykktum. Ég tel eðlilegt, að þessi krafa sé látin bíða, þangað til búið er að taka hana upp í alþjóðasamþykktir, svo keppinautar okkar standi jafnt að vígi eins og við.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það hafa nú 3 af hv. þm. ráðizt á þetta litla frv., og finn ég ástæðu til að svara sumu af því, sem fram hefir komið í ræðum þeirra. Ég skal byrja á hv. 1. þm. Skagf. Hann vildi láta líta svo út, að hér væri gerð krafa um fleiri en einn loftskeytamann á hverju skipi. Ég hefi nú skýrt það, sem einnig kemur fram í nál. okkar, að þó sagt sé að minnsta kosti einn loftskeytamaður, þá á það aðeins að tryggja það, að á skipinu sé einhver, sem með loftskeytastöðina kann að fara. Það er ekki krafizt nema eins loftskeytamanns á farþegaskipum okkar, svo það er bara út í loftið hjá hv. þm. að gera ráð fyrir fleiri en einum á flutningaskipunum. (MG: Það er fagmaður). Já, þetta er líka að vera fagmaður að því leyti, að hann á að kunna til þessa starfs, en þar sem hér er um flutningaskip að ræða, má hann jafnframt sinna öðrum störfum á skipinu.

Þá vildi sami hv. þm. halda því fram, að ekki væri hægt að fá hærri flutningsgjöld heldur en nú tíðkuðust. Um það atriði gætum við nú auðvitað lengi deilt. En eftir því sem ég bezt fæ séð af skrifum erlendra blaða, sem sérstaklega fjalla um siglingamál, þá lítur út fyrir, að flutningsgjöld fari hækkandi, og það er ekki ólíklegt, að það hafi áhrif einnig hér. Það mun vera sterk alda um það í hópi útgerðarmanna úti um lönd, að sameina sig „internationalt" um að hækka farmgjöld, til þess siglingarnar geti þrifizt, eins og það er venjulega kallað, og það eru líkindi til, að það geti tekizt. Hv. þm. vill telja það hlægilegt, þegar stungið er upp á að athuga möguleikana fyrir því, hvort okkar skip gætu ekki fengið þau flutningsgjöld, sem þau raunverulega þyrftu fyrir rekstrarkostnaði. Ég verð að segja það, að ef við erum sammála um, að það sé nauðsynlegt fyrir tilveru okkar siglinga, og jafnvel okkar sjálfstæðis, að eiga okkar eigin skip, er þá ekki athugunarefni, að ríkið sjái um, að þau fái þær tekjur í flutningsgjöldum, sem þau þurfa fyrir eðlilegum rekstrarkostnaði?

Hv. þm. segir, að þó skipin skili fiskinum skemmdum, þá hafi farmsendendur vátryggingu fyrir skaðanum. En þó fiskurinn sé vátryggður, þá getur skaðabótakrafan í sumum tilfellum lent á þeim, sem flytur hann. Það er einnig nóg til að koma óorði á fiskinn okkar, ef hann skemmist á leiðinni, og máske öðru um kennt en farkostinum, sem flytur hann. Svo er ekki æfinlega hægt að segja um, hverjum það er að kenna, hvort það er skipunum að kenna eða einhverju öðru. Ég veit dæmi til þess, að skemmdir hafa orðið, sem ekki hefir verið hægt að fá bættar af þeim, sem vátryggt var hjá. Fiskurinn kannske brotnar í pökkunum og slagi kemur í hann, án þess þó skipið leki. Fróðir menn segja mér, að það hafi mikið að segja, hvernig gengið sé frá fiskinum og hvernig skipin séu útbúin. Veltur því mikið á að hafa góð skip til þessara flutninga og vel út búin, og það munu okkar skip vera.

Að síðustu minntist hv. þm. á það, að samkv. íslenzkum l. væri ekki heimilt að selja skipin út úr landinu; nefndi hann sem dæmi, að marg-

ir hefðu viljað selja togara, en ekki getað. Ég býst við, að það sé rétt hjá honum; sem fyrrv. ráðh. ætti honum að vera þessi mál kunnug. En ég hygg þetta stafi meðfram af því, að menn hafi viljað reyna að fá sér betri skip og losna við þau gömlu. Hv. þm. vildi láta líta svo út, að þetta sýndi, að það borgaði sig illa að eiga skip. Um það efni mætti vitanlega mikið tala, og gefst e. t. v. tilefni til þess síðar undir umr. um önnur mál hér í d. En ég vil drepa á það, að þó mönnum þyki ekki eins arðvænlegt og áður að eiga togara, þá er ekki því um að kenna, að útgerðin geti ekki borið sig. Hvað segir mþn. í sjávarútvegsmálum um þetta? Ég var núna að lesa þau ummæli eftir hana, að menn hefðu farið mjög ógætilega með fé útgerðarinnar, tekið það út úr útgerðinni og lagt það í skrauthýsi og ýmislegt þesskonar, svo væri komið sem komið er. Þetta er ekki því að kenna, að það sé óarðvænlegt að gera skipin út. Hér koma margar ástæður til greina, sem gera það að verkum, að mönnum þykir ekki eins arðvænlegt að gera út eins og áður. Stofnfé útgerðarinnar er búið að sólunda og skipin eru orðin gömul. Enginn getur borið á móti því, að togaraútgerðin íslenzka hefir skilað miklum arði. En hvert er hann kominn? (MJ: Útgerðin er nú búin að ala marga). Hún er líka til þess að menn lifi af henni, ekki aðeins „eigendurnir", heldur einnig þeir, sem við hana vinna.

Enginn vill kaupa skipin, segir hv. þm. Þetta er rangt; ég hygg, að viljann vanti ekki, en það er víða þröngt um gjaldeyrinn nú á tímum. Ennþá er trúin á íslenzka útgerð ekki horfin, þó hún kunni að vera horfin hjá einstökum mönnum, sem hafa „spilað fallit" á þessu sviði. Það er til hópur manna í landinu, og hann ekki svo lítill, sem segir, að það borgi sig að kaupa ný og góð skip, en þar á meðal munu ekki yfirleitt vera þeir menn, sem við þennan rekstur hafa fengizt að undanförnu.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta efni frekar; *ég hefi aðeins kastað þessu fram sem svari* við því, sem hér hefir áður verið innlagt.

Þá vil ég segja nokkur orð til hv. frsm. minni hl., þm. N.-Ísf. Ég verð að segja, að mér fannst í ræðu hans, sem þó er útgerð skipa nokkuð kunnugur, kenna óþarflega mikils barlóms um það, að hér sé verið að leggja á útgerðina eitthvert ógurlegt ok með kröfunni um, að skipin hafi loftskeytastöð. Hv. þm. sagði, að okkur væri ekki kunn útkoman hjá þessum skipum. (JAJ: Ég sagði það ekki, því ég hefi einmitt kynnt mér útkomuna nokkuð). Það kom til umr. í n., hvort þeir framkvæmdarstjórarnir vildu ekki gefa okkur upplýsingar um þetta efni, en við fengum ekkert um það að sjá. Það er gamla aðferðin, að fela allt slíkt fyrir þeim, sem þeir ekki telja sína menn. Ég skal því ekki segja, hvernig útkoman er hjá því skipi, sem keypt var í ár, en útkoman hjá þeim, sem rekin voru síðastl. ár, hygg ég að hafi verið allgóð. Ég segi það ekki í því skyni, að ég sé að öfundast yfir því, heldur gleðst ég yfir því, hvað vel hefir gengið. Um útkomu þeirra skipa, sem keypt voru í ár, verður reynslan að dæma, en hún sannar ekkert út af fyrir sig, því ýmiskonar kostnaður leggst á útgerðina fyrsta árið, sem ekki verður til næsta ár. Hv. þm. segir, að það geti farið svo, að það borgi sig betur að gefa skipin heldur en verða við þeim kröfum, sem gerðar séu. Ég kalla þetta nú engin rök, að vegna viðbótarkostnaðar, sem nemur einum 4—6 þús. kr., borgi sig að gefa skipin út úr landinu aftur.

Um það atriði, hvað mörg skip hafa strandað og hvað mörg ekki strandað, þurfum við ekki að deila. Ég skal játa, að flestir þeir togarar, sem strandað hafa, hafa haft loftskeytatæki, og ef til vill hefðu þeir frekar getað bjargað sér frá strandi, ef þeir hefðu haft dýptarmæli. En þeir eru dýrir, kosta eitthvað 8—12 þús. kr. (MG: En rekstrarkostnaðurinn?). Hann er ekki nema rafmagnseyðslan, — það skal játað. En ég skal ekki fara út í það að sinni, hvað valdið hefir, að þessi skip hafa strandað. Það er sorglegra mál en það, að hægt sé að gera það að umræðuefni hér, og ég hygg, að í mörgum tilfellum hefðu engin tæki komið að gagni. Þó hafa loftskeytatækin orðið mannslífum að liði við strönd. Síðasta dæmið með Skúla fógeta strandið. Innan fiskimannastéttarinnar eru þessar tíðu strandanir orðnar svo mikið áhyggjuefni, að menn vilja sem minnst um þær tala opinberlega.

Ég held, að hv. þm. hafi misskilið mig, þegar ég var að tala um loftskeytastöðvarnar og talstöðvarnar. Ég sagði, að skip, sem þurfa að greiða 500 kr. leigu fyrir talstöð árlega, gætu greitt loftskeytastöð með því framlagi á 8 árum, miðað við 4000 kr. kaupverð. Og ég taldi líklegt, að loftskeytastöðvarnar mætti fá með afborgunum.

Ég ætla ekki að fara að telja upp allt, sem hv. þm. hélt fram. Hann sagði m. a., að það væri ónærgætni við þá, sem gera út þessi skip, að leggja á þá þær kvaðir, sem hér er um að ræða. Ég hefi tekið það fram áður, að fyrir mér vaki aðeins að auka öryggi íslenzkra farmanna. Og ef það er kölluð ónærgætni, þá á ég enga *nærgætni til gagnvart þeim, sem skipin reka.* Ég mundi krefjast þessa jafnt, hverjir sem í hlut ættu.

Örfáum orðum vildi ég beina til hv. 1. þm. Reykv. Hann benti á, að lítið væri af mönnum í yfirmannastétt skipa, sem kynnu að stjórna loftskeytastöðvum. Það má vera, að í hópi eldri farmanna hafi fáir þessa kunnáttu. En á meðal hinna yngri, sem lært hafa siglingafræði, eru þeir til, sem þetta hafa lært. Og ég veit um skip, þar sem sami maður er bæði stýrimaður og loftskeytamaður. Það má vera, að það sé erfitt fyrir menn á fullorðins aldri að læra að senda og taka á móti loftskeytum, en ég hygg þó, að það sé kleift. Það mundi vitanlega hafa einhvern kostnað í för með sér.

En hv. þm. skaut hér öðru fram, sem ég tel rétt að svara: Hvort fagfélag loftskeytamanna mundi ekki krefjast þess, að það yrðu menn úr sínum hópi teknir til að fara með loftskeytastöðvarnar á þessum skipum. Ég hefi borið mig saman við núv. stjórn loftskeytamannafélagsins, og hún kvað loftskeytamenn yfirleitt ekki myndu gera slíkar kröfur, ef aðrir menn lærðu þetta starf og gætu innt það af hendi. Þeir litu

alveg eins og ég á þetta mál, að ef það væri tryggt, að yfirmenn skipanna kynnu að fara með stöðvarnar — og um það gilda reglur, sem ekki er hægt að ganga framhjá —, þá myndu ekki verða gerðar kröfur um, að félagsbundnir loftskeytamenn fengju þessi störf.

Þá minntist hv. þm. á, að það væri ein leið til að gera skipunum kleift að taka á sig þennan kostnað, sú, að lækka kaup þeirra, sem vinna á skipunum, eða fækka þeim. Ég vil nú upplýsa hann um, að á þessum skipum eru alls ekki fleiri menn heldur en nauðsyn krefur. Þó á norskum skipum séu örlitið færri menn, þá get ég sagt hv. þm., að um annað er ekki meira deilt nú á meðal norskra farmanna og þeirra, sem ráða í þessu efni, heldur en það, hvað skipin eru illa mönnuð. Því er haldið fram, að öryggi skipanna sé jafnvel hætta búin af þessum sökum. Og ég get sagt þá sögu frá sjórétti Rvíkur út af sjóslysum á norskum skipum hér við land, að ástæðurnar hafa verið raktar til mannfæðar. — Hvað kauplækkun snertir, þá hygg ég, að hv. þm. sé mér sammála um, að kaupið geti ekki verið lægra en það er, a. m. k. hjá þeim lægra launuðu, og tel ég því með öllu útilokað, að hægt sé að ná þessum kostnaði upp á þann hátt.

Þá sagði hv. þm., að hér væri að gægjast upp niðurrifsstefna. Ég hefi aldrei heyrt, að það væri niðurrifsstefna, þegar um eitthvað er að ræða til uppbyggingar og fullkomnunar mannkyninu. Hér er um að ræða að tryggja öryggi mannslífa og að gera mönnum á skipunum lífið ánægjulegra og vistlegra, með því að þeir geti haft samband við umheiminn. Ég skil ekki, hvernig er hægt að heimfæra það undir niðurrifsstefnu. Hér er ekki farið fram á að rífa neitt til grunna. En það kveður nú við, eins og svo oft áður frá þeim flokki, sem hv. 1. þm. Reykv. telst til, að allt, sem menn innan verkalýðsstéttarinnar fara fram á til þess að fegra og bæta líf verkalýðsins, sé niðurrifsstefna. Það heitir niðurrifsstefna, ef „lægri" stéttirnar leyfa sér að fara fram á eitthvað af þeim gæðum lífsins, sem tilheyrir „æðri" og efnameiri stéttunum.

Að síðustu minntist hv. þm. á alþjóðasamþykktir um þetta efni. Ég hefi áður skýrt frá því, að í alþjóðasamþykktum nær krafan um loftskeytatæki ekki nema til 1600 smálesta skipa og stærri, og e. t. v. ræður þar sú kreppa, sem að undanförnu hefir verið á sviði siglinga almennt. Því það er ekki eins og einhver hv. þm. sagði hér áðan, að öll skip hafi verið í gangi á undanförnum árum; það hefir t. d. stór hluti af norska flotanum legið í höfn á síðustu árum, og sömu söguna hafa flestar siglingaþjóðir að segja.

Viðvíkjandi alþjóðasamþykktunum er það að segja, að ég hefi það eftir greinagóðum manni, sem sjálfur sat fundinn í Madrid, og eins af skrifum, sem ég hefi í höndum, að þar voru það útgerðarmenn, sem komu því til leiðar, að markið var ekki sett neðar. Þó voru það fulltrúar nokkurra landa, þar á meðal Ameríku, sem kröfðust þess, að markið væri fært niður, og alkunnugt er, að hin vinnandi stétt um heim allan styður þær kröfur. Og gegn þeim verður ekki hægt að standa til lengdar, það getur ekki liðið á löngu, þangað til alþjóðasamþykktunum um þetta efni verður breytt. En hvers vegna eigum við að bíða eftir því? Mega Íslendingar ekki vera á undan í því að sýna vilja sinn til þess að auka öryggi farmannastéttarinnar? Þarf endilega að vera búið að því úti í löndum fyrst? Megum við ekki á einu sviði vera forgangsmenn? Ég álít, að íslenzka þjóðin ætti að sýna það, að hún kann að meta sjómannastétt sína, þar sem þjóðfélag okkar er ekki hvað sízt til fyrir hennar störf. Fáar þjóðir munu eiga eins mikið undir fiskveiðum og við Íslendingar, en þá er líka skylda okkar að stuðla að því öryggi, sem mögulegt er að veita þessari stétt þjóðfélagsins.

**Magnús Guðmundsson:** Ég skil vel, að hv. frsm. meiri hl. n. getur ekki bent á leið til þess, að komizt verði hjá að taka sérstakan loftskeytamann á þessi flutningaskip, ef frv. þetta verður samþ. Það er engin leið, þótt hv. þm. bendi á, að skipstjóri eða stýrimaður gætu setzt á skólabekkinn og farið að læra loftskeytafræði. Þeir þara gera það aldrei, nema þeir fái full skipstjóra- eða stýrimannslaun á meðan. Landssímastjóri segir, að engin ákvæði í alþjóðareglum eða íslenzkum sérreglum séu því til fyrirstöðu, að yfirmenn geti jafnframt verið loftskeytamenn. Nei, það eru engar sérstakar reglur, sem banna þetta, en fagsamböndin gætu bannað það. Í þessu sambandi hefir verið bent á, að vel geti í framtíðinni orðið hækkun á flutningsgjaldi, og hækkunin geti aftur orðið til þess að valda breytingu á alþjóðasamþykktum þeim, sem gilda um útbúnað þessara skipa. En ég held, að réttara sé að bíða og sjá til, hvort nokkur hækkun verður á fragtinni, og hvort alþjóðasamþykktum verður breytt. Þessi nýja kvöð getur riðið baggamuninn fyrir útgerðarmönnum, sem rétt berjast í bökkum. — Hv. þm. taldi, að þeir, sem vilja selja skip úr landi, mundu vilja kaupa önnur í staðinn. Ég hefi ekki orðið var við þessa löngun til þess að kaupa togara. Þeir einir, sem gætu það, eru þeir, sem missa togara sína sæmilega vátryggða, en þeir hafa ekki gert það.

Hv. þm. talaði um mannafækkun og kauplækkun. Ég hefi ekki heyrt neinn orða það annan. Hv. 1. þm. Reykv. sagði aðeins, að þeir tímar gætu komið, að sjómenn yrðu að velja milli lægra kaups og þess, að skipin yrðu seld úr landi, ef haldið er áfram á þessari braut, að íþyngja útveginum stöðugt. — Ég skal ekki neita því, sem hv. þm. sagði um alþjóðareglurnar, en ég skil ekki, hvernig hv. þm. hugsar sér, að við getum tekið okkur út úr með þessi 5 skip okkar og lagt á þau hærra gjald en nokkursstaðar er talið fært í heiminum. Hér er aðeins vísir að útgerð með flutningaskip. Og þessi vísir á við mjög erfið kjör að búa. Og nú á að bæta ofan á annan kostnað miklum árlegum útgjöldum á hvert skip, vegna loftskeytatækja, sem erlend skip af sömu stærð þurfa ekki að hafa. Þetta getur hæglega orðið til þess að kæfa þessa viðleitni í fæðingunni, og þá væri sannarlega betur heima setið en af stað farið.

**Frsm. minni hl. (Jón Auðunn Jónsson):** Það er fátt eitt, sem ég þarf að svara. En mér þykir undarlegt, hvað hv. frsm. meiri hl. vill lítið tala um öryggið nú. Ég hefi bent á, að meira öryggi fæst með dýptarmæli en loftskeytum, þar sem langflestir skipskaðarnir verða við landtöku. Og fjöldi þeirra skipa, sem farizt hafa á undanförnum árum, hefir haft loftskeyti, t. d. togararnir. Ekki hafa loftskeytin bjargað þeim, en það hefði dýptarmælir í mörgum tilfellum gert. Þetta er mergur málsins. Og dýptarmæli gætu þessi skip fengið sér; það yrðu talsverð útgjöld í eitt skipti fyrir öll, en hitt, að þurfa að fara að koma fyrir loftskeytatækjum, gæti alveg reynzt ókleift kostnaðar vegna. Hv. frsm. meiri hl. talaði um þann gífurlega kostnað, að eiga að borga árlega 500 kr. í leigu fyrir talstöð. En hann horfir ekki í það, að láta skylda skipin til þess að kaupa 6000 kr. loftskeytatæki með 4500—5000 kr. rekstrarkostnaði, ef mannahald er talið með. Þessi 5 flutningaskip okkar, sem hér koma til greina, eru gömul og dýr í rekstri, kolafrek o. s. frv. Og hræddur er ég um, að samkeppnin leyfi okkur ekki að verða forgönguþjóð í siglingum meðan flutningaskipastóll okkar er ekki stærri og betri. — Það, sem hv. þm. sagði um fragttaxta, á við einn flokk flutningsskipa, tankskipin. Flutningsgjaldið með þeim mun hafa hækkað. En minni skipin munu nálega öll hafa getað haldið velli í samkeppninni við aðrar þjóðir.

Þá talaði hv. þm. um togaraútgerðina. Þar vil ég benda á skýrslu mþn. í sjávarútvegsmálum, sem sýnir, að togaraútgerðin hefir tapað ekki minna en 6—8 millj. á síðastl. 4 árum. Og ég kannast ekki við, að þar hafi verið lagt mikið fé í ónauðsynlegan kostnað. Ég get a. m. k. forsvarað það með félög þau, sem ég hefi verið með í á Vestfjörðum. Ég hefi verið viðriðinn tvö togaraútgerðarfélög þar, annað starfaði 1914—18, og urðu tekjurnar þá sæmilegar. En síðari útgerðin hefir gert meira en að gleypa þann gróða. Og þó var engu fé varið í að kaupa stöðvar eða annað slíkt. — Ég fékk í dag að athuga reikninga þeirra útgerðarfélaga, sem hér ræðir um, og er annað þeirra nýbyrjað. — Annað þeirra hefði verið mjög illa stætt, ef það hefði ekki orðið fyrir því fjárhagslega happi, að skip, sem það átti, strandaði. Það var vátryggt fyrir meira verð en það stóð félaginu í, og því græddi það á strandinu. Hitt félagið rétt berst í bökkum, og samt virtist mér á reikningum þess, að reynt væri eftir mætti að spara öll útgjöld, t. d. laun framkvæmdarstjóra. Og ég sannfærðist enn betur um það, að félög þessi mega ekki við miklum álögum.

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. um dýptarmælinn, vil ég benda honum á, að engin till. liggur fyrir um það, að skylda skip til að hafa dýptarmæla. Og ég vil ennfremur minna hann á, að öll skip eru skylduð til að nota lóð, þegar þau eru nærri landi. Þetta vitum við, sem erum gamlir sjómenn; okkur var kennt að nota lóðið í öllum þeim tilfellum, ef við héldum, að skipið væri nærri landi. Þessi skylda hvílir enn á öllum skipum okkar. Skipin þurfa því ekki að sigla í strand þess vegna, að þau hafi ekki tæki til þess að mæla dýpið. Dýptarmælir er mjög dýrt áhald. Ennfremur segja þeir, sem reynslu hafa af honum, að við meðferð hans þurfi allrar varúðar að gæta. Þetta ber yfirmönnum varðskipanna saman um, og ennfremur bendir reynslan af dýptarmæli í öðru strandferðaskipinu í sömu átt.

Afkoma þeirra tveggja félaga, sem hv. þm. talaði um, er lokuð bók fyrir velflesta, og er því lítið hægt um hana að segja. Þó hefir annað þeirra eignazt skip á árinu, og hlutabréf hins hafa stigið um helming eftir strandið á skipi þess. Margt bendir á, að afkoma þessara félaga sé ekki eins bágborin og hv. þm. N.-Ísf. vildi vera láta, og er það auðvitað ekki nema vel farið.

**Magnús Jónsson** [óyfirl.]: Ég vildi bara leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. n. Hann hélt því fram, að ég hefði mælt með því að fækka mönnum á skipunum og lækka laun þeirra. Ég sagði auðvitað ekki þetta, en ég spurði, hvort hv. flm. vildi ganga svo langt í því að tryggja öryggi skipverja, að vegna kostnaðar af því yrði að fækka fólki á skipunum eða lækka laun þess. Ef útgerðin ber sig ekki, er vitanlega ekki annað fyrir hendi en að selja skipin út, en ég gæti hugsað mér, að sjómenn vildu heldur vinna til þess að fá lægra kaup en að skipin yrði að selja úr landi. — Hv. þm. talaði svo nokkur orð um þá menn, sem væru með og móti uppbyggingu mannkynsins, og mér skildist, að þetta frv. ætti mjög svo að miða til uppbyggingar mannkynsins, eða hluta þess. En jafnframt benti hv. þm. mjög sláandi á það, að fjöldi manna væri nú atvinnulaus og skipin bundin upp í dokk víða um heim. En dettur þá hv. þm. ekki í hug, að þegar svona er ástatt, muni það vera hættulegt að leggja óþarflega þungar byrðar á þennan litla skipastól okkar? Það gæti sem bezt farið eins með þessi skip okkar, að þau yrðu látin liggja aðgerðarlaus inni á höfnum, því að engin leið væri til þess að láta þau bera sig. Síðustu orð hv. þm. líktust einna helzt kjósendaræðu. Hann fór að tala um okkar ágætu sjómannastétt og hvað þjóðin ætti henni mikið að þakka. Allir taka undir það, að við eigum hrausta og duglega sjómannastétt, en fyrir henni er ekki bezt séð með ráðstöfunum, sem gera það stöðugt erfiðara að halda skipum út. En allir eru sammála um það, að bæta öryggið á sjónum eins og hægt er. Hv. þm. spurði, hví við mættum ekki hafa forgöngu í heiminum í þessum efnum og breyta þessu hjá okkur áður en það væri gert í öðrum löndum. En málið horfir allt öðruvísi við eftir að alþjóðasamþykktunum hefir verið breytt. Þá verða keppinautarnir líka knúðir til þess að taka á sig þennan kostnað, en annars gera þeir það ekki, og verða þar af leiðandi betur settir í samkeppninni við okkur forgöngumennina. Ég álít því, að við ættum að bíða með þessar breytingar þar til alþjóðasamþykktunum hefir verið breytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 253,1 samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, JAJ, MG, EÁrna.

nei: PHerm, SÁÓ, HG, HermJ, IngP, JBald, JJ.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JBald, PHerm, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, HermJ.

nei: IngP, JJ, MG, MJ, SÁÓ,[1]) HG, EÁrna.

Einn þm. (BSt) fjarstaddur.

Brtt. 253,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8:6 atkv.

— 314 kom ekki til atkv.

— 253,3 (3. gr. falli burt) samþ. án atkvgr.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 9:1 atkv.

Brtt. 253,4 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv., með fyrirsögninni:

**Frv. til l. um skyldu milliferðaskipa til að hafa talstöð.**

---

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 44. Einkasala á fóðurmjöli og fóðurbæti.

Á 16. fundi í Ed., 19. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um einkasölu ríkisins á fóðurmjöli og fóðurbæti** (þmfrv., A. 138).

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Baldvinsson)** óyfirl.: Á síðari árum hafa aukizt sérstaklega mikið flutningar til landsins af fóðurmjöli og öðrum fóðurbæti. Þetta stendur yfirleitt ekki í sambandi við slæmt tíðarfar og þar af leiðandi lítið heyfóður hjá bændum, heldur er aðalástæðan aukin búpeningseign, einkum kýr, í bæjum og kauptúnum. Er þar notað mikið af kraftfóðri, og einnig nokkuð úti um sveitir, sérstaklega í nánd við kaupstaðina. Innflutningur þessara vara hefir orðið á undanförnum árum 600—700 þús. kr., og mun á þessu ári fara yfir ½ millj. Nú gæti verið ástæða til þess, að ríkið færi að athuga, hvort þörf væri á þessum mikla innflutningi og hvort ekki mundi vera hægt að nota meira af innlendu fóðurefni en gert hefir verið. En hver ætli væri líklegri til að taka sig fram um, að það sé gert, en ríkið sjálft, ef það hefði þessa verzlun með höndum? Það er þegar að nokkru leyti af þessari ástæðu, að frv. er flutt. Það er sjálfsagt svo, að það má segja það sama í þessu efni eins og um frv. næsta á undan (frv. um breyt á l. um vigt á síld), að það fer ekki ætíð eftir því, hvað varan er nauðsynleg, hve mikið af henni er selt, heldur að verulegu leyti eftir því, hvað sölumennirnir eru duglegir að bjóða vöruna fram.

Ríkið ætti að geta haft til eftirlits við þessa verzlun menn, sem hefðu sérþekkingu á þessum málum og gætu gefið leiðbeiningar um, bæði hvaða fóðurtegundir bezt væri að flytja inn, og hvað hægt væri að nota af innlendum fóðurefnum. Mér er sagt, að kaup á innlendum fóðurbæti séu stórum að aukast, þó ekki sé miðað við árið í ár, þegar heyfengur bænda varð óvenjulega lítill og skemmdur, enda allmikið verið talað um „fóðurskort bænda“ hér á hv. Alþ. Nú mun líka gert ráð fyrir, að í ár verði innlendur fóðurbætir keyptur fyrir á aðra millj. kr. Mér vitanlega hafa ekki verið gerðar hér vísindalegar rannsóknir, er sýni fóðurgildi þeirra innlendu kraftfóðurtegunda, sem völ er á. Þó er til Búnaðarfél. Ísl. og ráðunautar þess, sem ættu að geta haft þetta með höndum.

Það er einmitt staddur nú hér í deildinni hv. þm., sem fyrir nokkrum árum átti sæti í Nd. og vildi þá setja upp heyforðabúr í sveitum, sem safnað væri í í góðum árum og notað þegar harðindi bæru að höndum, svo ekki þyrfti að flytja inn erlendan fóðurbæti. En það mun nú ekki verða fullnægjandi, bæði vegna þess búskaparlags, sem nú er, og þó einkum vegna þess, að kaupstaðirnir nota mikinn hluta fóðurbætisins. Það mun því ekki verða komizt hjá því fyrst um sinn að flytja inn allmikið af fóðurefnum. Ég hafði leitað álits Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og beðið hann að semja grg. fyrir frv., en var ekki búinn að fá hana þegar frv. fór í prentun. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp kafla úr umsögn hans:

„Á landi voru er fólgin ógn fóðurefna. Grasið er eitt kjarnmesta og bezta, sem til er. Í þaranum kringum strendur landsins liggur ógrynni fóðurefna, ef rétt er að farið. Og svo má síldarmjölið eigi gleymast. Lítill hluti af öllu þessu er enn hagnýtt. Rannsóknir og tilraunir þurfa að sanna, hvernig bezt er að hagnýta og blanda saman hinum mikla fóður- og næringarforða, sem land vort framleiðir, eða getur framleitt, og þá mun koma á daginn, að vér þurfum eigi að flytja inn fóðurefni, heldur getum miðlað öðrum þjóðum af vorum fóðurefnaauðæfum, sem nú er að nokkru gert með síldarmjölinu“.

Ég þykist vita, að sá, sem samdi þessa klausu, hafi farið nærri því rétta. Ég geri ráð fyrir, að Sigurður búnaðarmálastjóri hafi svo mikið vit á þessum málum, að þó ekki sé fyrir hendi vísindaleg rannsókn í því efni, þá megi taka fullt tillit til þess, er hann segir, að gnægð fóðurefna muni vera í landinu ónotuð, sem muni ekki einungis vera jafngóð, heldur að öllum líkindum betri en þau útlendu fóðurefni, sem inn eru flutt. Það er því aðkallandi nauðsyn að láta fara fram ábyggilegar vísindalegar rannsóknir á okkar innlendu fóðurefnum, og það lítla fé, sem til þess er ætlað, ætti að fást meira en borg-

1) **SÁÓ:** Ég tel óþarft að löggjöfin talstöðvar á flutningaskipum, og e. t. v. skaðlegt, og segi því nei.

að. Það má einnig telja fulla ástæðu til þess að hafa eftirlit með, að ekki séu fluttar inn í landið fóðurtegundir, sem bæði eru óhentugar og lélegar og koma því að litlu gagni, eins og áreiðanlega hefir átt sér stað. Þetta mun verða bezt tryggt með því, að ríkið taki verzlunina í sínar hendur, eins og frv. gerir ráð fyrir. — Ég vil svo mælast til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til landbn.

**Jón Auðunn Jónsson:** Mér finnst, eftir þeim rökum, er hv. flm. bar fram, er hann talaði fyrir málinu, að hann hefði átt að snúa fyrirsögn frv. við og hafa hana: Frv. um útflutningsbann á innlendum fóðurefnum. Því öll rök hans gengu út á að sýna fram á nauðsyn þess að takmarka útflutninginn. Og það, sem hann las upp úr umsögn búnaðarmálastjórans, gekk einnig allt í sömu átt. Mér þykir það nokkuð einkennilegt, ef mikið er flutt inn af fóðurbæti, sem ekki kemur að gagni, og af þeim ástæðum þurfi að banna bændum að nota nema ákveðnar tegundir. En það er vitanlega mjög breytilegt, hvaða fóðurtegundir eiga við í hvert sinn, eftir staðháttum og annari aðstöðu. Þetta býst ég við, að bændurnir ættu sjálfir bezt að sjá og finna, og muni því ekki kaupa til lengdar ónýta vöru. Ég hefi nú sagt þetta til gamans, til að benda á ósamræmið í frv. og ræðu hv. flm.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég verð að segja það strax, að ég er á móti þessu frv., eins og yfirleitt öllum einkasölufrv. En frv. er nú einu sinni komið fram, og þó ættarmótið sýni greinilega faðernið, verður að reyna að koma því svo fyrir, að það verði að sem beztum notum fyrir landbúnaðinn.

Það er sagt í 7. gr. frv., að einkasalan skuli jafnan hafa nokkurn forða af fóðurbæti fyrirliggjandi í Rvík. Þetta er að vísu gott, það sem það nær, en er algerlega ófullnægjandi fyrir mikinn hluta landsins. Ég mun því síðar koma fram með brtt. við frv., er miði að því, að ríkið sjái um, að alltaf verði allmikið af fóðurbæti fyrirliggjandi í Vestfirðinga- og Norðlendingafjórðungum, a. m. k. á 2 stöðum í hvorum. Á þann hátt gætu kostir frv. ef til vill vegið nokkuð upp á móti ókostum þess.

**Flm. (Jón Baldvinsson)** (óyfirl.): Það er út af aths. hv. þm. N.-Ísf. um að breyta fyrirsögn frv., aðallega í tilefni af klausu, sem ég las upp úr umsögn Sig. búnaðarmálastjóra. En það, sem Sig. er að benda þar á, er aðeins það, að við eigum fyrst og fremst að nota innlendu fóðurefnin, eftir því sem hægt er, og að við höfum flutt of mikið út af þeim og keypt að óþörfu útlendar vörur í staðinn. Þetta vil ég tryggja að gert sé. En það þarf að rannsaka á vísindalegan hátt, hvað við höfum af góðum fóðurefnum, hvernig þau verði blönduð, svo að þau komi að sem beztum notum, o. s. frv. Bændur munu vissulega leggja mikið upp úr því, ef hægt væri að tryggja, að nægar fóðurbirgðir væru alltaf fyrirliggjandi í landinu, t. d. ef hafís lokaði siglingum til Norðurlands, sem skeð hefir í manna minnum, og getur því komið fyrir aftur. (ÞÞ: Þá er ekki nóg að eiga birgðir í Rvík). Alveg rétt. Það er ekki nóg að eiga birgðir í Rvík, enda mun ég fúslega taka á móti hverri þeirri brtt., sem ekki spillir tilgangi frv. Margir hv. fyrrv. þm., sem hafa borið hag bænda fyrir brjósti, hafa bent á nauðsyn þess, að ríkið hlutaðist til um, að ætíð væru nægar fóðurbirgðir fyrirliggjandi á sem flestum höfnum landsins. Má þar fyrstan nefna Pétur heit. Jónsson á Gautlöndum. Það var líka mjög eðlilegt, að þær raddir kæmu þar að norðan, sem sífellt hætta er á, að hafís loki öllum höfnum og hindri þangað siglingar. Þetta er líka ein aðalástæðan fyrir frv. Þó að við höfum ekki enn flutt út önnur fóðurefni en síldarmjöl, býst ég við, að Sig. Sig. hafi rétt fyrir sér, að við eigum gnægð þeirra efna í landinu, ef við aðeins lærum að notfæra þau.

**Magnús Jónsson** (óyfirl.): Eins og þetta frv. liggur fyrir, er tilgangur þess sýnilega sá, að hafa það sem einn lið í þeirri stóriðju þingsins að draga verzlunina úr höndum einstaklinganna og koma henni undir ríkið. En svo berst hv. flm. í hendur plagg, sem fer alveg í öfuga átt, og rennur þá upp fyrir honum nýtt ljós, sem ræða hans snýst eingöngu um. Þá er það orðið aðalatriði, að innflutningur þessara vörutegunda sé orðinn óþarflega mikill — 500—600 þús. kr. árlega — og því þurfi ríkið að grípa inn í, til þess að skapa iðnað í landinu. Mér datt í hug gömul vísa, þar sem talað er um, að viss persóna ætlaði að fara að skapa mann. Jafnaðarmenn hafa ekki skapað svo mikla atvinnu. Þeim hefir farizt betur að skapa einokun í landinu. Hv. flm. sagði, að oft væru seldar illar vörur og duglegir sölumenn seldu meira en þörf væri fyrir. Það er svo að heyra, sem hv. flm. búist ekki við miklum dugnaði við söluna, þegar ríkið er búið að taka verzlunina í sínar hendur. Ég get nú verið hv. flm. samþykkur um það, svo langt sem það nær, en get ekki séð, að nein þörf sé fyrir frv. af þeim ástæðum. Það, sem vakað hefir fyrir höf. þessa skjals, sem hv. flm. las hér upp, er greinilega það, að honum er áhugamál, að rannsökuð séu þau innlend hráefni, sem líkur eru til, að hægt sé að vinna úr fóðurefni, og að fé fáist til slíkra rannsókna. Hv. flm. ætlast nú til, að við kostnaðarverð varanna sé bætt 2%, sem gangi til slíkra rannsókna. Ég hefði sannast að segja búizt við, að ekki veitti af þessum 10—15 þús. kr., sem talið er, að lagt sé á þessar vörur, í kostnað við verzlunina þegar hún er komin á hendur ríkisins. Í mesta lagi yrðu máske eftir 200—300 kr. til rannsóknanna. Og þetta gerir hv. flm. að aðaltilgangi frv. Allir munu geta tekið undir það, að æskilegt væri, að ekki flyttist jafnmikið inn af útlendum fóðurefnum og gert hefir verið undanfarin ár. En hvers vegna eykst salan stöðugt? Ég hefi ekki trú á, að það sé eingöngu fyrir dugnað seljendanna. Það mun fyrst og fremst vera fyrir aukna eftirspurn. En það mun vera algild regla, að því minna, sem lagt er á vöruna og hún seld ódýrara, þá eykst eftirspurn og sala. Það eru því engar líkur til, að þetta dragi úr innflutningi nema verzlunin færi

svo illa úr hendi, að salan minnkaði af þeim ástæðum.

Þá kom hv. flm. inn á að tala um það, að þegar hafís lokaði höfnum á Norðurlandi, væri ekki lítils virði að hafa fóðurforða liggjandi hér í Rvík. Hverju eru Norðlendingar bættari, ef þeir fella skepnurnar úr hor, þó að nógar birgðir séu hér í Rvík? Hann talaði um kornforðabúr, sem einu sinni voru ráðagerðir um. En það var allt önnur hugmynd. Þau áttu að vera víðsvegar um landið. Hér er ekki farið fram á neitt slíkt. Ekki er heldur ráðgert að draga úr innflutningi þessara vara til landsins eða gera rannsóknir um innlendan fóðurbæti. Ég held því, að hann ætti að semja annað frv., sem væri í betra samræmi við ræðu hans. Það mundi fá annan byr.

**Flm. (Jón Baldvinsson)** óyfirl.: Mér finnst að heimta mætti það af þeim hv. þm., sem standa hér upp og flytja ræður, að þeir kynntu sér það, sem felst í grg. Þar er talað um það, sem eigi að vinna með þessu frv., og er það þá fyrst, að ekki verði fluttur inn nema sá fóðurbætir, sem kemur að sem beztu gagni. Þar er líka talað um að láta fram fara rannsókn á íslenzkum fóðurbæti. Þessi atriði minntist ég á, og ég sé ekki, að það sé neitt annað en það, sem frv. sé ætlað að vinna. Ég tel það stórt atriði, ef með þessari einkasölu gæti unnizt það, að við gætum hér í landinu unnið fóðurefni jafngóð og keypt eru nú frá útlöndum.

Hv. þm. hafa fett fingur út í það, að hér er aðeins talað um að hafa fóðurbirgðirnar í Rvík. Það er eðlilegt, að þetta sé sett í frv., af því að þetta er eingöngu frv. um verzlun með þessar vörur, en ekki jafnframt sérstök bjargráðaráðstöfun fyrir Norðurland í hafísaárum. Til þess þarf að gera alveg sérstakar ráðstafanir og leggja fram fé í því skyni, því að kostnaðarlaust verður það ekki gert, vegna vörurýrnunar og verðbreytinga, sem alltaf má búast við, að bakaði ríkinu útgjöld, og ennfremur það, að verða að láta mikið fé liggja í þessari vöru, sem þarna verður að geyma frá haustnóttum og kannske fram á vor.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. að tala um kostnaðarverð og þessi 2%, sem ættu að fara til rannsókna á innlendum fóðurbæti. Með kostnaði er átt við allan þann kostnað, sem ríkið hefir af því að útvega þessa vöru, og þessi 2% sé nettóafgangur. Má vera, að það mætti vera hærra, því að samkv. innflutningi að undanförnu mundi þetta nema 12—15 þús. kr., og er það vitanlega ekki mikið til vísindalegra rannsókna. Ég geri ráð fyrir, að þar yrði þá fyrst og fremst að fá einhvern hæfan sérfræðing, sennilega útlendan, til þess að hafa þessa rannsókn með höndum. Væri þessi fjárhæð þá lítið meiri en árslaun slíks manns. Hinu álít ég að þurfi ekki að gera ráð fyrir, að kaupa þyrfti mikil hráefni til að gera þessar tilraunir. En verði þessi upphæð of lág, þá er vitanlega alltaf hægt að hækka álagið eða veita nokkurt fé í fjárl. til þessara hluta, eða þá að Búnaðarfél. legði fram til þess eitthvað af sínu fé. Hér er þá lagður grundvöllurinn að þessu, og ég get ekki fundið, að þær aðfinnslur, sem fram hafa komið við þetta, hnekki því að neinu leyti.

Andstaða hv. 1. þm. Reykv. gegn frv. kemur sennilega bara af því, að hann er á móti einkasölu. Þar er um stefnumun að ræða, og um það hefir verið deilt hér í tvo síðustu daga í sambandi við önnur frv., og ég kann því ekki við að fara inn á þær umr. nú.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um kornforðabúrin, sem eitt sinn voru til umr. hér á þingi, vil ég benda á það, að þar var um bjargráðaráðstöfun að ræða og ríkið átti þar að taka einkasölu á korni, til að ná upp kostnaðinum, sem af því leiddi, að verða að liggja með kornið frá haustnóttum og fram á vor. En ef hér á að gera það sama, þá verður að fara öðruvísi að en hér er ráð fyrir gert og leggja fé fram úr ríkissjóði, því að þá er tilgangurinn annar.

**Magnús Jónsson** óyfirl.: Mér þótti vænt um, að nú brá því þó fyrir, sem vitanlega er meint með frv., sem sé að einkasalan sé betri en frjáls verzlun.

Annars get ég verið ánægður með svör hv. þm., því að hann játaði alveg, að það þyrfti að umsteypa frv., ef það ætti að ná tilgangi þeim, sem hann talaði um í fyrri ræðu sinni.

Hann breytti um venjulega skilgreiningu á því, hvað væri kostnaðarverð, og sagði, að þar ætti að reikna allan kostnað af verzluninni, en það hefir verið skilið svo, að þar væri átt við að selja vöruna án nokkurrar álagningar, en þessi 2% þættu þá hæfilegur verzlunarkostnaður. En fyrst hann útskýrir það svona, þá verður vitanlega nokkur afgangur, en þá fyndist mér réttast að taka það skýrt fram, að þessi 2% ættu að ganga til að framkvæma þessar rannsóknir. Og eins og hann sýndi fram á, þá mætti fela þetta að einhverju leyti Búnaðarfél. Ísl., og að það legði þá eitthvert fé fram, heldur en að fara að setja upp sérstaka stofnun.

Eins og kunnugt er, þá er nú í ráði að setja á stofn sérstaka rannsóknarstofnun, sem á að rannsaka ýmislegt í þágu atvinnuveganna hér á landi, og væri sjálfsagt, ef sú stofnun kemst upp, að hún verði þá látin annast þessar rannsóknir.

Annars sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta að sinni. Málið er nú komið inn í nýjan farveg, og ég býst við, að ef landbn. tekur málið til athugunar, þá leggi hún til að gera á frv. breyt. samkv. skýringum hv. þm. sjálfs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

---

Fram komu brtt. við frv., á þskj. 350, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 45. Yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi.

Á 17. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um yfirstjórn nokkurra ríkiseigna í Ölfusi** (þmfrv., A. 150).

Á 18. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 23. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

**Flm. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Þetta frv. skýrir sig að mestu leyti sjálft, svo að ég þarf ekki að halda langa framsöguræðu.

Þegar ríkið keypti þessar 5 jarðir í Ölfusinu, var það meiningin, að þær yrðu notaðar til mjög margs fyrir ríkið, en ekki ætlazt til, að þær yrðu látnar út í smápörtum til margra manna. Nú hafa þessi mál farið svo, að sá flokkur, sem alltaf stóð á móti þessum kaupum, hefir nú haft á hendi yfirstjórn á framkvæmd þessara mála. Og ég þykist vita, að það sé af þessum mismunandi skoðunum, að þessi flokkur hefir nú nokkuð breytt um og gert þrjá leigusamninga, sem hér fylgja með, og er þar einstökum mönnum fengið í hendur það land, sem það opinbera má sízt missa, ef á að nota þessa eign til þess, sem upphaflega var ætlazt til.

Frv. lýtur eingöngu að því að skera úr, hvor hugsunarhátturinn eigi að ráða. Ef sá hugsunarháttur á að ríkja, sem bar uppi hugmyndina um jarðakaupin, þá á að taka aftur þessa bletti, og þá verður ennfremur að tryggja það, að sá maður, sem nú hefir Reykjakotið, vilji sleppa því, þegar ríkið þarf þess með. Ég tel það fremur dyggð þess góða manns, sem fyrrv. stj. leigði Reykjakotið, heldur en dyggð þess manns, sem leigði það, að það mun vera hægt að fá þennan leigurétt hvenær sem er, gegn því, að af honum verði keypt þau mannvirki, sem hann hefir gert þar, en þau eru öll hentug og skynsamleg fyrir þennan stað í framtíðinni.

Sú reynsla, sem nú er fengin, sýnir það, að stjórnirnar láta mismunandi skoðanir ráða aðgerðum, sem geta stórum spillt fyrir skynsamlegri notkun þessa lands í framtíðinni. Þess vegna er hér farið fram á að fá þessar eignir í hendur stjórnskipaðri nefnd, og það þeirri nefnd, sem á að hafa á hendi yfirumsjón með öllum spítalarekstri hér, og það er í samræmi við það, sem upphaflega var á bak við þessi jarðakaup, sem sé að nota jarðirnar í þágu heilbrigðismála og svo uppeldismála, og þó sér í lagi í sambandi við landsspítalann. Þetta hefir komið fram hér áður, því að 1932 flutti ég frv. um að fela yfirstjórn landsspítalans umsjón með þessum eignum, þó að ég væri þá í ríkisstj. Frv. dagaði þá uppi í þessari d., og af því að það mætti mótstöðu þeirra aðilja, sem nú hafa gert þessa samninga, þá er nú komið sem komið er.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Mergurinn málsins er, hvort þingið vill skipta þessu niður í smábletti handa einstökum mönnum, — það er annar hugsunarhátturinn —, hinn er sá, að banna að láta burt ræktanlega landið, svo að þegar ríkið þarf að byggja þarna opinberar stofnanir síðar meir, þá þurfi það ekki að kaupa aftur dýru verði það land, sem búið er að afhenda.

Ég vil aðeins benda á það, að í þessu landi eru 100 jarðhitaaugu, eftir því sem Þorkell Þorkelsson hefir rannsakað, og eru því þarna miklir möguleikar fyrir það opinbera til ræktunar og ýmiskonar tilrauna, og þá ekki síður fyrir mannúðar- og uppeldisstofnanir.

Ég legg svo til, ef frv. sleppur gegnum þessa 1. umr., þá verði því vísað til allshn.

**Magnús Guðmundsson:** Ég hélt, að hv. þm. S.-Þ. ætlaði að verða miklu hvassyrtari en hann hefir nú orðið, svo að ég tel mér skylt að vera hógvær eins og hann.

Hv. þm. lýsti mjög vel tilgangi þessa frv., þegar hann sagðist vilja koma í veg fyrir, að mismunandi stjórnir gætu haft áhrif á stjórn þessara eigna. Það vakir fyrir hv. þm., að búa svo um, að það, sem hann vill, verði framkvæmt hér, hvort sem hann er við stj. eða ekki. (**JJ**: Það fer nú eftir því, hvernig n. verður skipuð). Já, það er annað mál, hvort það heppnast, en þetta er hans tilgangur. Ef frv. kemur hér til fleiri umr., þá getur verið, að borið verði saman, hvað ég hefi gert og hvað hann hefir gert í þessum efnum. Ég vil nú aðeins minna á það, að það eru ekki nema 2—3 dagar síðan landlæknir sagði í fjvn., að hann gæti ekki notað þetta hæli á Reykjum til þess, sem hann hefði ætlazt til. Landlæknir spurði við þetta tækifæri hv. þm. S.-Þ., hvort hann gæti bent sér á ráð til þess, og hann sagðist ekki geta það að svo stöddu. Það getur verið, að hann ætli að koma með það ráð næst þegar hann kemur í stj., en það getur kannske dregizt, að hann komist í stjórn.

Hann var — þó með vægum orðum — að ámæla mér fyrir að hafa leigt Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra bletti úr landi Reykjatorfunnar og byggt Reykjakotið. En það eru lög á landi hér, að þeir, sem eiga jarðir, eru skyldugir að byggja þær til lífstíðar. En þrátt fyrir það er ábúandinn í Reykjakoti fús til að fara hvenær sem er, svo að lífstíðarbyggingin kemur ekki að sök. Ég skal ekkert um það deila, hvort það er fyrir mína dyggð eða ábúandans, en svo mikið er víst, að það er ekki fyrir dyggð hv. þm. S.-Þ., að svo er.

Hv. þm. vill láta taka þennan leigða blett af Sigurði búnaðarmálastjóra. Þetta land er um 3,7 hektarar. Það er auðsætt, að hv. þm. sér eftir því, að honum var leigt þetta land, en ég geri það ekki. Svo mikið hefir Sigurður búnaðarmálastjóri gert fyrir íslenzkan landbúnað, að það virðist vera það minnsta, sem ríkið getur gert fyrir hann til endurgjalds hans starfi, að leigja honum þessa spildu, sem er ekki stærri en lítið meðaltún, fyrir venjulegt gjald. En fyrst hv. þm. þykir svo óforsvaranlegt að leigja Sigurði Sigurðssyni þennan litla blett, þar sem enginn jarðhiti er, þá vil ég spyrja hann að því, hvort það hafi þá verið rétt, þegar hann leyfði

manninum, sem seldi ríkissjóði Reykjatorfuna, afnot af annari spildu með miklum jarðhita.

Á þessu svæði eru ennfremur nokkrir sumarbústaðir, og það er þá víst meiningin að reka menn burt með þá líka. Ég veit ekki, hvað hlutaðeigandi ráðh. segir um þetta. Hæstv. stj. sést hér sjaldan í d., en það er kannske sama og að hún tali, þegar hv. þm. S.-Þ. tekur til máls, og að það sé þess vegna, sem ráðh. sjást hér varla nema þegar smalað er til atkvgr.

Annars lít ég svo á, að það sé rangt af ríkinu að keppa við bændur um framleiðslu á mjólk og öðrum vörum þarna eystra. Það var farið fram á það á þingi 1933, hvort Alþ. vildi ekki veita styrk til að byggja hús á þessum stað, en fjvn. svaraði því, að hún vildi ekki leggja fram fé til að stofna til samkeppni við bændur um framleiðslu á mjólk. En þegar svo er, að ríkið vill ekki byggja þarna upp, þá er ekki um annað að gera en að nota landið á annan hátt. Það getur verið, að hv. þm. S.-Þ. vilji láta landið vera ónotað þangað til hann kemur í stjórn, en verið getur, að þá þurfi lengi að bíða.

**Flm. (Jónas Jónsson)** (óyfirl.): Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að þó að ég væri óánægður með það, sem hv. þm. gerði í þessu efni, þá sé það ekki nema eðlileg afleiðing af hans skoðunum. Ég skal taka það fram, að ég er honum þakklátur fyrir, að hann hefir gert minna að þessu en ýmsir vildu vera láta af þeim, sem stóðu að fyrrv. stj. En þó að hann verðskuldi hrós fyrir þetta, þá hefði hann þó átt meira hrós skilið, ef hann hefði getað staðizt þau vélabrögð, sem voru lögð hér fyrir hann.

Annars er ekki ástæða fyrir mig að fjölyrða um málið að þessu sinni. Ég geri ráð fyrir, að tækifæri gefist til þess að tala nánar um málið við hinar síðari umr. Þó er það eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf., sem ég vil fyrst og fremst minnast á. Um þann mann, sem hv. þm. leigði þetta land, hefi ég svipað að segja og hann. Ég hefi persónulega mætur á Sigurði Sigurðssyni eins og hann, þó ég hefði ekki í sporum hv. þm. getað látið mér detta í hug að leyfa honum að spilla almennu hagsmunamáli. Ég álít, að Sigurður Sigurðsson eigi viðurkenningu skilið fyrir störf sín, en ekki á þann hátt.

Út af því, sem hv. þm. sagði um það, að fyrrv. eigandi Reykjakots hefði fengið leigðan blett hjá mér, vil ég taka fram, að það er ónákvæm frásögn hjá honum, sem líklega stafar af því, að hann veit ekki betur. Þegar ég samdi um kaup á jörðinni við Gísla Björnsson, eiganda hennar, setti hann að skilyrði að fá að halda eftir þessum bletti við ána, sem hann hefir. Þess vegna er þessi blettur nú persónuleg eign hans. Ég gat ekki fengið jörðina keypta með öðru móti, og ég vildi heldur ganga að þessu skilyrði en verða af kaupunum. En af því þetta er svona lítill hluti, þá hefir hv. þm. ekki athugað, að það er ekki eign landsins, og liggja til þess þær ástæður, sem ég hefi nú greint frá.

**Magnús Guðmundsson:** Það hefir nú snúizt svo einkennilega í höndunum á hv. þm. S.-Þ. þetta mál, að nú er hann tekinn að hæla mér. (**JJ:** Já, á parti). Það er því full ástæða fyrir mig að athuga það, hvort ég hafi þá ekki í raun og veru farið rangt að. (**PHerm:** Onei, nei). Jú, það er full ástæða til þess. Mér skildist eiginlega á hv. þm., að hann vildi losa Sigurð Sigurðsson við þetta land, af því þm. teldi hag hans vafasaman af landinu. Þó þessi blettur, sem hann hefir fengið, sé ekki stór, þá er hann nægilegur til þess, að honum var fært að byggja þar býli af því hann fékk líka lítinn blett af ræktanlegu landi vestan við ána, en það, að nýbýli væri reist, var skilyrði fyrir láni úr Byggingar- og landnámssjóði, og hefir hann nú byggt þar myndarlegt íbúðarhús. Mér fannst sjálfsagt að eftirláta þennan blett, og ég er viss um, að hv. þm. S.-Þ. hefði líka gert það í mínum sporum, ef ekki hefði kastazt í kekki milli hans og búnaðarmálastjórans. Ég veit ekki betur en að hann hafi verið búinn að lofa Sigurði þessu meðan hv. þm. var sjálfur ráðh. (**JJ:** Það er misskilningur hjá Sigurði). Ég veit ekki, hvort það er misskilningur hjá Sigurði, en þetta hefir hann sagt mér fortakslaust. En síðan þetta loforð var gefið hefir brugðið svo við, að hv. þm. og Sigurður eru orðnir pólitískir andstæðingar, og það hefir þótt brenna við, að það skipti nokkru máli hjá þessum hv. þm., hvort í hlut eiga pólitískir flokksmenn hans eða andstæðingar. Viðvíkjandi því landi, sem Gísli Björnsson hefir fengið, undrast ég það, að hv. þm. skuli ekki koma með till. um eignarnám á því. Það er fyrst þegar Sigurður búnaðarmálastjóri er búinn að fá sína fáu hektara af hitalausu landi, sem hann finnur ástæðu til að vilja taka þarna land eignarnámi. (**JJ:** Það er ekki farið fram á jarðakaup). Ég skil ekki, hvers vegna hv. þm. vill ekki taka land Gísla Björnssonar, sem er í miðju landi jarðarinnar. Úr því hann ætlast ekki til þess, þá er þetta frv. ekkert annað en skollaleikur hjá hv. þm., eða eltingaleikur gagnvart Sigurði Sigurðssyni og þeim mönnum, sem fengið hafa leyfi til að reisa þarna sumarbústaði með því skilyrði að sleppa landinu, þegar ríkið sjálft þyrfti á því að halda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:5 atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

---

Á 55., 57. og 59. fundi í Ed., 7., 10. og 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 150, 422, n. 594).

**Frsm. meiri hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Það er nú orðið nokkuð langt síðan þessu máli var lokið í allshn., og gat n. ekki orðið sammála um það, en þó hefir minni hl. ekkert látið frá sér heyra, og hygg ég, að hann sé því andvígur, að málið nái fram að ganga, en meiri hl. hefir afgr. málið í því formi, sem sjá má á þskj. 594.

Um málið sjálft skal ég ekki fjölyrða mikið. Meiri hl. n. komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri, að um þessar eignir ríkissjóðs verði skipuð sérstök yfirstjórn, eins og farið er fram á í 1.

gr. frv., og gerði því enga brtt. í því efni. En við 2. gr. frv. hefir meiri hl. leyft sér að koma með nokkra viðbót, þess efnis, að heimilt sé ýmsum bæjarfélögum og allsherjarsamtökum verkamanna að hafa þarna sumarbústaði og koma upp nauðsynlegum leikvöllum fyrir þá, sem dvelja þar sér til heilsubótar og hressingar. Þessi staður er talinn hafa mjög góð skilyrði til að veita mönnum hressingu að sumarlagi, vegna þess að þarna er sólrikt og heilnæmt loftslag, og þá ekki síst vegna hveranna, sem þarna eru og taldir eru mjög heilnæmir, sérstaklega fyrir veiklað fólk. Þess vegna taldi meiri hl. nauðsynlegt, að þessi heimild kæmist inn í l., svo þetta væri ekki útilokað, enda mun landrými vera nóg til þess að þessu verði fyrir komið, og hefir þegar bólað á því, að einstakir menn kæmu sér þarna upp sumarbústöðum til hressingar.

Þá leyfði meiri hl. sér að bera fram brtt. við 3. gr. frv., og hefir þar tekið upp framkomna till. í þessu máli frá hv. flm. (JJ), en bætir því við, að það skuli vera á valdi þeirrar nefndar, sem ætlazt er til, að hafi umsjón með þessum eignum ríkisins, hvort hún beitir eignarnámsheimildinni eða ekki og á hvaða tíma það skuli vera gert. Þarna hafa nú 2 menn öðlazt leiguréttindi, Sigurður búnaðarmálastjóri, sem hefir fengið 4½ ha. lands leigt til 75 ára, og Magnús Kristjánsson, sem mér er ekki kunnugt um, hvað hefir leigt til langs tíma, en hann mun hafa lýst því yfir, að hann muni af fúsum vilja láta af hendi sín leiguréttindi gegn greiðslu á því, sem hann hefir til kostað þarna. Um Sigurð búnaðarmálastjóra er það að segja, að hann hefir komið upp ýmsum tilraunum á landi þessu, og eru það ýmsar nýjungar, sem hann hefir færzt í fang, t. d. ræktun á ýmsum jurtum, sem þrífast í heitari löndum en við eigum við að búa. Meiri hl. litur svo á, að þessar tilraunir séu allmerkilegar og óskar þess, að sem mestur árangur gæti orðið af þeim. M. a. hafa þarna verið gerðar tilraunir með að rækta tóbaksjurtir. Hvort sem það kann nú að þykja þarflegt eða ekki, þá er víst um það, að til landsins er flutt mikið af þeirri jurt, þ. e. a. s. í vindlingum og sígarettum. Og hvað sem annars um þessar tilraunir má segja, þá litur meiri hl. þannig á, þar sem þessi maður hefir mikinn áhuga á þessum tilraunum sínum, að ekki sé rétt meðan hans nýtur við að kippa af honum þeirri ánægju, sem hann kann að hafa við þessar tilraunir sínar. Meiri hl. gerir því ráð fyrir, að þessi réttindi, sem hann hefir öðlazt þarna með samningum við fyrrv. stj., séu ekki framseljanleg neinum öðrum og geti ekki heldur gengið í erfðir að honum látnum. — Þetta er aðalkjarninn í brtt. okkar í meiri hl. við þetta frv. En ég geri nú ekki ráð fyrir þrátt fyrir allt, að það vinnist tími til þess að láta þetta mál ganga fram á þinginu, þar sem svo er orðið áliðið þingtímans. En eins og sjá má á viðbótarskjali því, sem prentað er með nál. meiri hl., sem er ýmiskonar fróðleikur frá búnaðarmálastjóranum um þessar eignir ríkisins, telur hann, að það þyrfti á ýmsan hátt fyllri löggjöf um þessar jarðeignir heldur en gert er ráð fyrir með þessu frv., og ég hefi orðið var við, að ýmsir menn, sem þarna eru kunnugir, telja, að þetta muni vera á ýmsan hátt rétt, því hér sé um svo merkilegan stað að ræða með miklum framtíðarskilyrðum. En þar sem ég geri ekki ráð fyrir, að ríkið muni á næstu árum gera þær stórfelldu framkvæmdir, sem þarna er mögulegt að gera, þá sé ég ekki neitt tapað við það, þó löggjöfin nái ekki lengra en hér er ætlazt til að þessu sinni, og tel ég því, þó ég geti þessara radda, sem um þetta mál hafa komið, að engin ástæða sé til þess að hefta framgang þessa máls eins og það liggur fyrir Alþ. nú.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál á þessu stigi og býst ekki við að taka aftur til máls, nema sérstakt tilefni gefist til þess. En ég skal taka það fram sem mína skoðun, að ég tel það hafa verið vel ráðið, þegar ríkið tryggði sér eignarrétt á þessu landi, því það er alltaf að koma betur og betur í ljós, hvaða verðmæti þarna eru fólgin og hversu mikil framtíðarskilyrði þarna geta verið fyrir ríkið í náinni framtíð.

**Pétur Magnússon** óyfirl.: Það er nú svo um þetta frv. eins og fleira, sem kemur frá þessum hv. flm. (JJ), að það er á takmörkum, að hægt sé að taka það alvarlega, enda er sannleikurinn sá, að það litur út fyrir, að þessi hv. d. hafi ekki meira en svo tekið það alvarlega, og jafnvel ekki n., sem um það hefir fjallað og þó í orði kveðnu hefir lagt til, að það næði fram að ganga, þó að hún hafi látið prenta með nál. sínu langt fskj., sem sýnir með ljósum rökum, hversu gersamlega ástæðulaus þessi löggjöf væri.

Þetta mál horfir í fáum orðum sagt þannig við, að ríkið kaupir fyrir nokkrum árum Reykjatorfu í Ölfusi. Í landi þessara jarða, sem tilheyra Reykjatorfunni, eru minnst 400—500 ha. af vel ræktanlegu landi, og auk þess nokkurt ræktanlegt land í daladrögum og hlíðum kringum Reykjakot og milli Reykjakots og Reykja. — Þjóðkunnur aldraður maður fær svo leyfi til þess að reisa sér býli á landi jarðarinnar og fær litla spildu til ræktunar, en til þess, eins og hann sjálfur segir, að þarna sé lífvænlegt, þurfti hann að fá meira land til umráða. Hv. flm. þessa máls hafði á þeim tímum, sem hann var í stjórn landsins, lofað þessum manni, að hann skyldi fá spildu úr Reykjalandi, en það dróst á langinn. Eftirmaðum hans fullnægði svo þessu loforði, sem hann hafði gefið sem ráðh., og lætur Sigurð búnaðarmálastjóra — en það er maðurinn, sem þarna hafði reist sér býli— fá 4½ ha. af ræktanlegu landi í viðbót. Þegar þetta hefir gerzt, rís sami maðurinn upp, sem áður hafði lofað að láta þarna land af hendi, og segir: Hér er verið að leiða þjóðina í glötun og eyðileggja þessar miklu, verðmætu eignir, — af því að ríkið hefir afsalað sér réttinum til þessa lands um takmarkaðan tíma. Það væri nú e. t. v. hægt að skilja þetta, ef nota ætti landið í þjóðhættulegum tilgangi, en meiningin er aðeins að nota landið til ræktunar og tilrauna með ýmsar jurtir, sem annars vaxa ekki hér á landi. Það er því ekki hægt að sjá, að þjóðinni stafi stórhætta af því,

þó að í kringum 1/10 partur landsins væri notaður í nokkur ár í þessum tilgangi, sérstaklega þegar þess er gætt, að ríkið hefir í sinni hendi, hvenær sem því þykir ástæða til, að svipta manninn umráðarétti yfir þessu landi, þar sem honum var ekki veitt varanlegt afsal fyrir því og hægt er að taka það eignarnámi, hvenær sem ástæða þætti til. En það, sem skeður eftir að hv. flm. hafði lofað að láta landið af hendi, er það, að þessi maður kemst í pólitíska andstöðu við hann, og virtist hv. flm. þá ekki lengur geta unnað honum þess að hafa þessa litlu landspildu til afnota, og það virðist einmitt vera ástæðan til þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 150, er fram komið. — Í frv. er svo ákveðið, að 5 manna nefnd, sem á að hafa á hendi yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, skuli einnig falin umráð þessara jarðeigna ríkisins í Ölfusi, og til þess að öðrum en ríkinu og ríkisstofnunum sé leyfð notkun á landi þarna, þarf að fá sérstakt leyfi Alþ. í hvert sinn. Og svo klykkir út með því, að sérhver sá, sem öðlazt hefir leiguréttindi eða önnur réttindi yfir þessum landareignum skuli vera skyldur til að láta réttindi þessi af hendi við ríkið. Þarna er naumast um aðra að ræða en búnaðarmálastjóra; að vísu er eitthvað af jörðunum í byggingu, en eins og bent hefir verið á við 1. umr., af hv. 1. þm. Skagf., þá er það ekki nema einföld skylda ríkisstj. að byggja jarðirnar. — Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er ekki farinn að koma auga á, hvaða skynsamlegar ástæður mæla með því að fela spítalanefndinni umráð þessara jarðeigna. Það er að vísu svo, að þarna hefir verið reist sjúkraskýli fyrir berklasjúklinga, sem mun hafa einhver lítils háttar landnot þarna. Bú er og rekið þarna fyrir ríkisins reikning, en þó undarlegt megi virðast, þá hefir sjúkrahúsið ekki fengið þær afurðir, sem framleiddar eru á búinu, heldur eru þær fluttar suður fyrir fjall, en sjúkrahúsið fær aftur á móti keypta mjólk í Mjólkurbúi Ölfusinga. Svo var það a. m. k. í stjórnartíð hv. flm.

Það mætti segja, að ekki væri óeðlilegt, að spítalanefndin hefði vald yfir því landi, sem sjúkraskýlin nota, eða myndu nota. En það er og yrði aðeins hverfandi lítill hluti landsins. En notkun langmests hluta landsins er og verður allt öðruvísi en svo, að spítalanefnd verði að teljast bezt hæf til að hafa yfirumsjón með því. Þetta land heyrir undir ríkisstj. eins og aðrar ríkissjóðsjarðir, og ég get á engan hátt séð, að spítalanefnd sé hæfari til að hafa umsjón með þeim heldur en ríkisstj. Það er alveg ástæðulaust að vantreysta stj. til þess að nota landið á sem hagkvæmastan hátt.

Um 3. gr. frv. er það að segja, að það er með öllu ástæðulaust, meðan til eru 500 ha. af óræktuðu landi, sem stj. getur gert við hvað sem hún vill, að fara að svipta þann eina mann, sem þarna hefir staðið að ræktun, umráðarétti yfir tæpum 5 ha. lands. Þetta er svo hlægileg fjarstæða, að varla er hægt að búast við því, að hv. flm. ætlist til, að þetta sé tekið alvarlega. Þótt svo færi, að ríkið þyrfti á þessu landi að halda, áður en leigufrestur er útrunninn, stendur því opið hvenær sem er að taka þennan umráðarétt eignarnámi.

Annars get ég látið nægja í þessu sambandi að vísa til hins ýtarlega álitsskjals Sigurðar búnaðarmálastjóra, sem prentað er í áliti meiri hl., þar sem hann sýnir fram á, hversu fráleitt það sé að svipta sig nú umráðaréttinum yfir þessu landi.

Ég læt þetta nægja um málið að sinni, þar sem auðsætt er, að ekki á að taka það alvarlega.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég heyrði ekki ræðu hv. 2. þm. Rang., en ég vil þó víkja nokkuð að síðasta atriði hennar, um leiguna á þessum ríkiseignum eða hluta af þeim.

Það hefir jafnan ríkt skoðanamunur milli okkar og íhaldsmanna um þetta mál. Íhaldsmenn stóðu sem fastast gegn kaupunum, en við vildum kaupa jarðhitann og landið í kringum hann til almenningsnota. Nú þegar kaupin eru um garð gengin og enginn ágreiningur lengur um það, að þau hafi verið góð og hyggileg vegna hinna miklu framtíðarmöguleika, sem jarðhitinn felur í sér, viljum við nota hitann og landið til almenningsheilla, en ekki leigja það út til einstakra manna í almennum skilningi, eins og nú er stefna og vilji íhaldsmanna. Það má annars geta um það í þessu sambandi, að íhaldsmönnum hefir farið mjög fram í skilningi sínum á gildi jarðhitans síðan þeir fjandsköpuðust gegn kaupunum á Reykjatorfunni, því að nú falast íhaldsmenn eftir hverri heitri holu í grennd við Rvík og jafnvel uppi í Hengli, og er þetta sagt þeim til lofs, en ekki lasts.

Ég vil leiðrétta það atriði í umsögn Sigurðar búnaðarmálastjóra, að ég hafi nokkurntíma lofað honum landi úr þessum ríkiseignum á leigu æfilangt. Ég skal nú leiða að þessu hin almennu rök. Ég hefi alltaf verið því fylgjandi, að jarðir þessar ættu að vera almenningseign og þær ætti að nota til almenningsgagns. Ég gerði allt, sem ég gat, til þess að fá Reykjakot laust úr ábúð, og má nærri geta, hvort ég hefi gert það í því skyni að leigja landið aftur til 75 ára. (PM: Skrökvar Sigurður búnaðarmálastjóri þá þessu?). Já, það er með öllu ósatt, að ég hafi gefið honum slíkt loforð. Því, sem eftirmaður minn gerði í þessu máli, get ég ekki borið ábyrgð á. Hv. 2. þm. Rang. má trúa um mig hverju sem hann vill, en svona er þessu farið, enda er það alveg í samræmi við fyrri stefnu mína í málinu. Sigurður búnaðarmálastjóri talaði einhverju sinni um það við mig í spaugi að fá blett til ræktunar handan við Varmá til skamms tíma. Slíka notkun landsins taldi ég eðlilega, en þó var ekkert frekar í þessu gert í minni stjórnartíð. Eftir að ég lét af stjórn var Reykjakot leigt til lífstíðar þvert á móti okkar stefnu. Ef Sigurður búnaðarmálastjóri hefði látið sér nægja að fá blett um stuttan tíma, eins og hann stakk upp á við mig í spaugi, hefði ekkert verið við það að athuga. Enginn hefði verið að finna að því, að landið væri ræktað. en hitt var þvert ofan í stefnu okkar og tilgang, að leigja landið til 75 ára.

Ég hefi ekki lagt sérstaka áherzlu á að hraða þessu máli, en þykir þó gott, að það skyldi kom-

ast til 2. umr. En á næsta þingi mun ég ekki sætta mig við slíkan seinagang. En ég tel, að sá grundvöllur, sem fengizt hefir með áliti meiri hl., nægi í bili, og því hefi ég ekki komið með neinar brtt. Hinsvegar mun ég leggja áherzlu á það, að málið verði tekið fyrir í byrjun næsta þings. En með þeirri viðbót, að ekki mætti reisa mannvirki á löndunum án leyfis, væri þetta mál komið á skynsamlegan grundvöll fyrir það opinbera og á hreinan grundvöll gagnvart þeim mönnum, sem þarna eiga hlut að máli, þannig að þeir verði að víkja, þegar ríkið þarf landsins með, gegn sanngjörnum skaðabótum fyrir mannvirki og bætur á landinu. Og það verður áður en 75 ár eru liðin, að ríkið þarf á þessu landi að halda. Þróunin á þessum tímum gengur örar en svo.

Ég fjölyrði ekki meira um málið að sinni. Ég lít svo á, að verið sé að undirbúa málið fyrir næsta þing og með áliti meiri hl. allshn. sé lagður grundvöllur, sem þá verði hægt að byggja á.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vil leiðrétta þá missögn hjá hv. þm. S.-Þ., að Sjálfstfl. hafi verið á móti kaupunum á Reykjatorfunni. Málið kom fram hér í d. við 2. eða 3. umr. fjárl. og sætti ekki andmælum, en ég skal ekki segja, hvernig atkv. féllu hér. Í Nd. var till. samþ. án þess að brtt. kæmu fram við fjárlfrv. Það er því ranghermi, að Sjálfstfl. hafi lagzt á móti málinu.

Ég skal ekki fjölyrða um loforð hv. þm. S.-Þ. sem ráðh. við Sigurð búnaðarmálastjóra um leigu á landspildu þeirri, sem hér ræðir um, en Sigurður hefir nú staðfest skjallega, að hv. þm. S.-Þ. hafi gefið sér þetta loforð, og ég efast ekkert um, að hann segi það satt, og það mun enginn gera, sem þekkir báða mennina.

Hv. þm. er að gera sig breiðan út af því, að ég hafi leigt Reykjakot til lífstíðar. En þekkir hann þá ekki ábúðarlögin? Ábúandi krafðist samkv. ábúðarlögunum, að byggt væri yfir hann og hann fengi lífstíðarábúð, og samkv. lögum átti hann rétt á hvorutveggja. Hvernig stendur á, að hv. þm. minnist ekki á Kross og Velli í þessu sambandi, þar sem hið sama átti sér þó stað og um Reykjakot? (**JJ:** Hv. 1. þm. Skagf., þá hæstv. dómsmrh., gat vel farið í kringum þetta með ýmsu móti). Ég taldi það jafnan skyldu mína sem ráðh. að fara eftir lögunum, en ekki í kringum þau.

Hv. þm. er alltaf að staglast á 75 ára leigutíma á bletti þeim, sem Sigurður búnaðarmálastjóri hefir á leigu, en hv. 2. þm. Rang. hefir nú bent á, að þennan leigurétt er hægt að taka, hvenær sem ríkið þarf á landinu að halda. En hitt væri gaman að vita, hver skyldi kæra sig um að taka land þarna til ræktunar til eins árs í einu. Það myndi vitanlega ekki nokkur lifandi maður gera.

Annars er það alveg óðs manns æði að ætla sér að fara að telja mönnum trú um, að ríkinu stafi einhver hætta af þessum leigurétti S. S. á fáum ha. Hv. flm. upplýsti við 1. umr., að ábúandinn í Reykjakoti væri fús til þess að fara af jörðinni, svo að þá er alveg augljóst, að frv. er beint gegn S. S. einum. Þetta verður þó enn augljósara af þeirri brtt. flm. sjálfs, að ákvæði frv. nái einungis til þeirra samninga, sem gerðir hafa verið **eftir** að ríkið keypti þessar eignir. Allt, sem gert hefir verið af svipuðu tægi áður, á að fá að standa, svo sem samningar um sumarbústaðina, sem þarna eru, og því um líkt.

Frv. er því eingöngu beint gegn Sigurði búnaðarmálastjóra. Það er því næsta einkennilegt, að hv. flm. skuli vera að þakka n. fyrir afskipti hennar af málinu, því að n. leggur einmitt á móti því, að landið sé tekið af Sigurði. (**JJ:** Þegar ríkið þarf á því að halda). Það er tekið fram í samningunum og auk þess hefir ríkið ávallt heimild til að taka hvaða land sem er, ekki aðeins sitt, heldur annara. (**JJ:** Já, með lögum). Auðvitað.

Þá vil ég minnast lítið eitt á brtt., sem hv. flm. hefir flutt við frv. og n. hefir tekið upp. Það er dálítið eftirtektarvert, að hv. flm. skuli sjálfur vera orðinn svo óánægður með frv., að hann flytur við það stórfelldar brtt. Það ber ekki vott um grandgæfilega athugun frv.

Þessi brtt. hv. flm. er annars vel þess verð, að hún sé athuguð nánar. Samkv. henni á að leigja landið „allsherjarsamtökum verkamanna og samvinnufélaga“, eða m. ö. o. tveim stjórnmálasamböndum, Alþýðusambandi Íslands og S. Í. S. Ég held, að meiri hl. n. hefði átt að hugsa sig um áður en hann gerði sig beran að svona augljósri hlutdrægni.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Hér er aðeins um tilraun til einkahefndar að ræða gegn manni, sem hv. flm. telur, að hafi snúizt á móti sér í stjórnmálum. Jafnvel samherjum hans í allshn. er þetta ljóst.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 46. Fávitahæli.

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um fávitahæli** (þmfrv., A. 186).

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Guðrún Lárusdóttir):** Ég tel óþarft að fjölyrða um það, hver vöntun er hér á fávitahælum. Hún er orðin að aðkallandi nauðsyn, sem er ekki einungis mannúðarmál, heldur og menningarmál.

Það segir sig sjálft, að í landi, sem hefir bæði fræðslulög og heilbrigðislög, fer afarilla á því, að þau börn þjóðarinnar, sem ef til vill hafa mesta þörf á skjóli laganna, fari þess svo mjög á mis sem raun er á með fávitana. Með hina brýnu þörf fyrir augum hefi ég hvað eftir annað talað máli þeirra hér á þingi, þó að málið hafi ekki fyrr verið borið fram í frv.formi. 1. gr. ber það með sér, að ekki er ætlazt til, að þetta hafi í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð nú þegar, því að þar er gert ráð fyrir,

að ríkissjóður leggi ekki fram byggingarkostnað fyrr en efni leyfa. En þó að það kunni því miður að dragast eitthvað, er það álit mitt, að hagkvæmt og sjálfsagt sé, að þjóðin eignist lög um fávitahæli, þar sem grundvallað sé það starf, sem ríkinu ber skylda til að takast á hendur fyrr eða síðar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er þannig samið, að enda þótt ríkissjóður sjái sér ekki fært að leggja fram stofnkostnað í bili, getur hann samt orðið fávitunum að liði með því að hagnýta einkastofnanir eða stofnanir bæjarfélaga, þegar völ er á, og gefi með þeim þangað eftir gjaldskrá, sem ráðuneytið samþ. sjálft. Nú sem stendur er ekki nema um eina slíka stofnun að ræða, sem sé fávitahælið Sólheima, og það er ekki stærra en svo, að það rúmar aðeins 25. En hugazt gæti, að einstakir menn kynnu að finna hjá sér hvöt til að koma upp slíkum stofnunum, og til að koma ákveðnu skipulagi á slíkar framkvæmdir og styrkja þær af þeim, sem af viti eru gerðar og fullnægja kröfum mannúðar og menningar, er það nauðsynlegt, að þess sé gætt þegar frá upphafi, að slík hæli vinni ekki hvert á móti öðru, og þessari starfsemi verði hagað þannig, að hún komi að sem mestum notum fyrir þá, sem helzt þurfa hennar að njóta.

Þess vegna tel ég það brýna þörf, að ákveðið verði með l., hvernig skuli hagað starfsháttum þeirra stofnana, sem þannig kynnu að koma upp í landinu, ríkisstj. hefði þar hönd í bagga með allt eftirlit og sjái um, að l. um fávitahæli yrði fylgt út í yztu æstar.

Á meðan landið sjálft getur ekki komið upp hæli fyrir fávita, er það óhæfilegt, að aumingjarnir, sem eiga manna bágast, verði að gjalda þess, þar sem önnur olnbogabörn þjóðfélagsins, svo sem geðveikir menn og mállausir, njóta mikilla hlunninda og styrks frá því opinbera.

Það skal játað, að þessum málum er ekki fullskipað fyrr en landið á sjálft slík hæli sem frv. gerir ráð fyrir, og að því ber auðvitað að stefna. En hvað getum vér látið fávitana og heimili þeirra, sem oftast verða hart úti vegna þeirra, bíða lengi án þess að nokkuð sé aðhafzt? Og slíkar stofnanir, sem hér um ræðir, koma ekki að tilætluðum notum nema með verulegum fjárstyrk ríkisins. Þjóðirnar, sem lengst eru komnar áleiðis í þessum málum, hafa skipað þeim á svipaðan hátt í aðaldráttum eins og segir í þessu frv., nema hvað þar er ennþá meiri aðgreining á fávitunum, þar sem mestur er fjöldinn. Það er því fengin marga ára reynsla fyrir þessu. Vitanlega var byrjunin oft erfið og í smáum stíl. Oftast voru það einstaklingar, sem hófu starfið. Stundum voru það konur, stundum efnalitlar (t. d. í Svíþjóð), sem sáu aumur á fávitunum og hófu starfið af mannkærleika. Með árunum og reynslunni greindist svo starfið í ákveðnar deildir, hver með sitt hlutverk, með tilstyrk ríkisins, eða alveg kostuð af ríkinu, eins og t. d. í Danmörk.

Það er unun að sjá, hversu vel þessum málum er komið t. d. hjá Dönum og Svíum, sem einna mest hafa lagt í sölurnar fyrir fávitana og lengst starfað að þeim málum, Danir í rúma hálfa öld. Nú getum vér Íslendingar haft dæmi og reynslu frændþjóðanna fyrir augum og lært af þeim. Og þótt efnahagur vor leyfi oss ekki neitt svipað því, sem þar gerist, — enda eru ástæður vorar að mörgu leyti ólíkar þeirra ástæðum —, þá getum vér þó reynt að feta í þeirra fótspor, eftir því sem efnin leyfa.

Það, sem hér hefir áunnizt í þessum efnum, er að vísu smátt, en sporið er þó stigið í rétta átt með þeim styrk, sem ríkið hefir lagt til fávitahælisins í Sólheimum og meðgjafar með 5 fávitabörnum, sem hefir orðið ákaflega mikils virði fyrir þá, er þess hafa notið. Mér er þetta spor meira en lítið gleðiefni, og ég vona, að fleiri svipuð fari á eftir, unz málefnum hinna fátækustu er komið í það horf, að sérhvert foreldri, sem á við það böl að búa að eiga slíkt barn, geti öruggt og ókvíðið kvatt þennan heim án allrar áhyggju um aumingjann sinn.

Ég ætla svo ekki að lengja frekar umr. um þetta mál. Ég veit, að allir hv. þdm. eru mér sammála um það, að hér sé um verulegt nauðsynjamál að ræða. Ég læt hvern og einn um það, hvort rétt sé að samþ. þetta frv., en benda vil ég á það, að það getur aldrei skaðað málið, heldur þvert á móti. Og ég vona, að ekki líði á löngu áður en ríkið verður það efnum búið, að það sjái sér fært að hrinda þessu mikla nauðsynjamáli í framkvæmd, svo að ekkert foreldri þurfi að kveðja þennan heim í ótta við það, að auminginn þess verði á klakanum. Ég vona, að hv. þm. komi saman um það, hvað sem allri flokkapólitík líður, að það er ömurleg tilhugsun, að slíkir aumingjar sem fávitar eru eigi sér hvergi varanlegt hæli, þar sem séð er fyrir þörfum þeirra, þegar foreldra og annara vandamanna missir við.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Ég vildi beina því til þeirrar hv. n., sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, að gefa landlækni kost á að ræða málið við n. Mér er kunnugt, að hann hefir aflað sér fróðleiks um reynslu annara þjóða í þessu máli, og væri gott fyrir hv. n. að hafa samband við hann. Það dettur engum í hug að neita því, að mikil þörf sé fyrir hendi í þeim efnum, sem frv. fjallar um. Ég lít svo á, að okkur vanti heildarlöggjöf um forsjá allra sjúkra manna, umkomulausra barna og annara, sem almenn tryggingarlög ná ekki til. Ég vona, að fyrir næsta þing verði hægt að semja frv. til heildarlöggjafar í tryggingarmálum, bæði fyrir heilbrigða og sjúka, en ég sé ekkert á móti því að samþ. þetta frv. fyrir því. Ef úr því verður, að víðtækari lög verði undirbúin fyrir næsta þing, þá getur þetta frv. fallið inn í þau lög sem einn þáttur. En að lokum vil ég endurtaka það, að benda hv. n. á að leita samvinnu við landlækni um athugun á þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 47. Bændaskólar.

Á 20. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930** (þmfrv., A. 187).

Á 22. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Þorsteinn Briem)** [óyfirl.]: Það hefir nú um skeið verið litið svo á meðal þeirra, sem bera fyrir brjósti hag og heill landbúnaðarins, að nauðsyn væri á því að auka nokkuð almenna búnaðarfræðslu við annanhvorn bændaskólann. Þeim hefir verið ljóst, að það nám og sú fræðsla, sem þar er að fá, er ekki einhlít, a. m. k. ekki fyrir þá, sem vilja verða frömuðir heima í sínu héraði, eða þá, sem taka að sér leiðbeiningarstarf fyrir búnaðarsamböndin og veita forstöðu stærri fyrirtækjum í búnaðarframkvæmdum. Búnaðarsamböndunum smáfjölgar, og þau ráðast í ýms sameiginleg fyrirtæki fyrir almenning, og eftir því sem þeim fjölgar, verður mönnum ljósara með hverju ári, að þörf er á færum mönnum til þessarar starfsemi. Þetta kallar á aukna fræðslu í búnaði við annan bændaskólann eða báða. Hvað snertir þá menn, sem eiga að leiðbeina og verða til fyrirmyndar í héruðunum, þá skiptir auðvitað mestu, að þeir séu gæddir hagfræðilegri dómgreind, svo þeir séu færir um að leiðbeina bændum í því, hvað borgar sig að gera og hvað ekki borgar sig að gera.

Þeir menn, sem hafa viljað afla sér meiri þekkingar og reynslu í búfræði en fáanleg er hér við bændaskólana, hafa ekki átt annars úrkosta en að fara á erlenda búnaðarháskóla, en nám þar er eins og kunnugt er of dýrt, miðað við þau kjör, sem staðhættir hér heima geta boðið þessum mönnum. Hinsvegar er það vitað, að hin erlenda fræðsla á ekki sérstaklega vel við íslenzka staðhætti og þær framfarir og reynslu, sem fengizt hefir í búnaði á síðari árum. Það virðist því kominn tími til að stofna til innlendrar, ódýrrar fræðslu fyrir þessa menn, sem líkur væru þó til, að gæti orðið eins notadrjúg og hið erlenda nám. Að bóklega náminu loknu virðist eiga bezt við, að nemendur fengju verklega fræðslu á tilraunastöðvum Búnaðarfél. Íslands og hjá fyrirmyndarbændum og ráðunautum félagsins bæði í búfjárrækt og jarðrækt. Ódýrasta fyrirkomulagið verður að koma bóklega framhaldsnáminu fyrir við annan bændaskólann, og hefi ég í grg. frv. nokkuð komið inn á það mál. Samkv. þeim upplýsingum, er ég hefi fengið, er ekki bein þörf á því að fjölga kennurum vegna þessarar viðbótar. Það er þegar þörf á því að bæta við kennara í íslenzkum fræðum við bændaskólann á Hvanneyri. Hefir skólastjórinn óskað þess, en það hefir ekki þótt fært að þessu. En ef það yrði gert, gætu hinir kennararnir tekið að sér kennslu í framhaldsdeildinni. svo kostnaður af henni þyrfti ekki að verða tilfinnanlegur. Með húsrúm ættu ekki að verða sérstakir erfiðleikar, ekki sízt ef sú heimild yrði notuð, sem gefin hefir verið til þess að einn eða tveir kennarar við skólann byggi sér þar nýbýli. Mér hefir þótt eðlilegra að leggja til, að þessi framhaldsdeild verði sett við skólann á Hvanneyri, fyrst og fremst fyrir það, að þar eru betri skilyrði fyrir verklegu námi en á Hólum. Vetur eru styttri þar, og verklega námið getur því byrjað fyrr og staðið lengur fram eftir haustinu. og því betri skilyrði til að kenna fjárræktarfræði þar úti í sjálfri náttúrunni heldur en á Norðurlandi. Auk þess ætti á Hvanneyri að geta orðið betri not af ráðunautum Búnaðarfél. Íslands til kennslu þar við og við. Jafnframt er þar dýralæknir í námunda, sem kennir þar hvort sem er, og eru það meðmæli.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 48. Vegalagabreyting (frv. ÞÞ og ÞBr).

Á 21. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 19. júní 1933 [Vegalög]** (þmfrv., A. 198).

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson)**: Þetta frv. er breyting á vegalögunum, sem við hv. 10. landsk. berum fram í samráði við hv. þm. Snæf. Þegar síðast var gerð breyt. á vegalögum landsins, 1933, fór svo, að þessi vegur varð útundan og var ekki tekinn í þjóðvegatölu. Þessi vegarspotti, sem við förum fram á nú að verði gerður að þjóðvegi, er yfir 60 km. á lengd og liggur sunnan við Hvammsfjörð út Hörðudal og Skógarströnd áleiðis til Stykkishólms. Ég vil taka það fram, að fallið hefir niður endirinn á greininni. Þar á að standa, til Stykkishólmsvegar, en ekki til Stykkishólms, eins og auðvitað er.

Vegur þessi liggur um allþéttbýl héruð, yzt er Miðbæli, þá Hörðudalur, síðan tekur við þéttbýlasti hluti Skógarstrandar og svo Helgafellssveit. Á þessum vegi vantar víða brýr, sem þarf að setja á næstu árum, en víða er leiðin þannig frá náttúrunnar hendi, að ekki þarf að leggja nema spotta og spotta, en sjálfgerður vegur á milli.

Mér hefir fundizt rétt að hefja vegagerðina frá Vesturlandsvegi, bæði fyrir það, að þar er þéttbýlla, og svo auk þess er erfiðasti parturinn kringum Álftafjörð. Ég tel, að á þann hátt fáist fljótar bílasamband við sveitirnar heldur en ef byrjað væri hinumegin frá. Hvað Dalasýslu snertir, þá hefir hún nú svo langa sýsluvegi í samanburði við íbúatölu, að sýslusjóður getur ekki sinnt öllum þeim vegum eins og þarf. Vona ég því, að Alþ. bregðist vel við og taki í þjóðvegatölu þann veg, sem mest þörf er á, með

því líka að þessi vegur hefir um langt skeið verið þjóðvegur í raun og veru, þó hann nyti ekki styrks úr ríkissjóði. Ég vil svo að lokum óska þess, að frv. fari til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

---

Fram voru bornar brtt. við frv., á þskj. 416 og 542, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 49. Vegalagabreyting (frv. JBald og JJ).

Á 21. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933** (þmfrv., A. 200).

Á 23. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Baldvinsson)** óyfirl.: Það hafa víst fleiri þá sömu sögu að segja og hv. þm. Dal., að sýslusjóðir eigi erfitt með að leggja vegi og halda við vegum. Hefir því í seinni tíð mikið verið að gert að koma ýmsum vegum í tölu þjóðvega, og fer frv. það, sem nú liggur fyrir, í þá átt. Þó frv. þetta sé lítið fyrirferðar, hefir það nokkuð mikið efni að geyma, því það kostar sjálfsagt nokkuð að laga þá vegi, sem um er að ræða.

Fyrsti vegurinn er Hellusandsvegur frá vegamótum austan Fróðárheiðar um Breiðavík til Hellusands. Með því að leggja þennan veg frá veginum kringum Snæfellsnesið fengist sjálfsagt öruggt vegasamband fyrir þetta kauptún, sem hefir nú um 600 íbúa. Þar er mikið um fiskafurðir, og kæmi það sér því vel bæði fyrir sveitirnar og kauptúnið að fá þetta vegasamband. Ég býst við, að fyrsti hluti vegarins verði nokkuð dýr, þar vantar einnig brýr, en parturinn kringum jökulinn er mjög ódýr. Ég tel, að þennan veg verði að leggja hið allra fyrsta að mögulegt er, því hann mun gera mikið gagn og verður auk þess sennilega vetrarvegur, a. m. k. nothæfur mestan hluta ársins. Í raun og veru er Fróðárheiðarvegur ekki nema sumarvegur, og hefði sjálfsagt verið betra að leggja veginn í kringum nesið til Hellusands í fyrstu, heldur en yfir Fróðárheiði, en nú er búið að gera þann veg, og síðast í sumar var unnið við hann, en sú leið er áreiðanlega ekki lengi fær fram eftir vetrinum.

Það er víða í Snæfellsnessýslu erfitt með samgöngur. Annar vegurinn í frv. er Grundarfjarðarvegur frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Grundarfjarðar. Þetta er sjálfsagt nokkuð erfið vegarlagning, en ég álít samt, að hann eigi að leggja jafnskjótt og ríkissjóður hefir fé til þess. Grundarfjarðarbúar eru afskekktir og illt yfir landið að komast. Það er kannske ekki fullrannsakað, hvar þessi vegur ætti að liggja. Þess vegna er í frv. sagt „um Helgafellssveit". Það hefir aðeins komið til mála að gera brú yfir örmjóan fjörð þarna á leiðinni, Hraunsfjörð, en við það styttist vegurinn mikið. En þetta er ekki fullrannsakað. Þá er hér um svipaða till. að ræða og hv. þm. Dal. flytur um Skógarstrandarveg, og get ég látið við það sitja, sem hann hefir sagt. Ég álít, að þarna þurfi ekki nema eitt frv. að samþ., og mun hv. samgmn. sennilega athuga möguleikana fyrir því að fella þau saman.

Þá er Heydalsvegur, frá Stykkishólmsvegi um Heydal að Bildhóli á Skógarströnd. Þetta er mjög stutt leið. Mér er sagt, að þarna sé snjólaust langt fram á vetur, og jafnvel allan veturinn. Þessi stutti vegur hefir mjög mikla þýðingu fyrir Skógstrendinga, og hefir þegar nokkur hluti vegarins verið ruddur. Ég geri ráð fyrir, að margar þessar vegagerðir verði framkvæmdar á þann hátt, að vegirnir verði ruddir, eins og víða á sér stað hér á landi, þar sem verið er að koma héruðum í akvegasamband. Síðar, þegar ástæður leyfa, verður svo bætt um þessa vegi.

Þá er hér í frv. Köldukinnarvegur, sem hv. þm. S.-Þ. er nú kunnugri en ég. Ég tel víst, að vegur þessi sé nauðsynlegur og að hann sé kominn hér í frv. af sömu ástæðu og hinir, sem sé þeirri, að sýslan eigi erfitt með að leggja fé til hans.

Ég geri ráð fyrir, að þetta frv. fari til hv. samgmn., og treysti henni til að athuga vel allt, sem mælir með þessu frv. Ég mælist því til þess, að frv. verði vísað til samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 11 shlj. atkv.

---

Fram kom brtt. við frv., á þskj. 541, en nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 50. Fangelsi.

Á 25. fundi í Ed., 30. okt., var útbýtt:
**Frv. til l. um fangelsi** (þmfrv., A. 250).

Á 27. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Magnús Guðmundsson)**: Þetta frv. er í raun og veru flutt af fjvn. Sþ. Þegar n. fór að fara í gegnum fjárl., kom það í ljós, að ýms erindi lágu þar fyrir um fjárframlög til fangelsa. Og þar sem engin l. eru til um þetta efni, þótti n. rétt að flytja nú frv. um, á hvern hátt þessum kostnaði skyldi fyrir komið, hvaða aðilar skyldu greiða hann. Það varð ofan á í n. að skipta þessum kostnaði á milli kaupstaða og kauptúna og ríkissjóðs, þannig, að kaupstaðir og kauptún greiddu helming kostnaðarins og ríkissjóður helming á móti. Þetta var þannig hugsað með tilliti til þess, að löggæzlustarfið

hvíldi bæði á kaupstöðum og kauptúnum, og auðvitað á ríkissjóði líka.

Ég ætla, að ekki þurfi mörg orð um nauðsyn þessa máls. N. býst við, að ómögulegt sé að halda uppi góðri löggæzlu í kaupstöðum og kauptúnum án fangelsa, en víða á þessum stöðum er það svo, að annaðhvort eru engin fangelsi til, eða þá að þau eru svo aum, að ekki er hægt að setja þar inn ölvaðan mann, eða aðra, sem brotið hafa lög. Það er tilætlun n., að í hvers árs fjárl. verði tekin upp einhver upphæð í þessu skyni, sem stj. svo úthlutar eftir þeim reglum, sem settar eru hér í þessu frv.

Jafnvel þótt að vissu leyti megi segja, að þetta mál sé komið frá n., þá þykir mér samt réttara, af því að frv. er samið í flýti, að því verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 51. Símalagabreyting (frv. JBald).

Á 26. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:

**Frv. til l. um viðauka við l. nr. 38 14. júní 1920 [Ritsíma- og talsímakerfi]** (þmfrv., A. 266).

Á 28. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

**Flm. (Jón Baldvinsson):** Þetta litla frv. um breyt. á símalögunum ætti ekki að þurfa að valda ágreiningi. Efni frv. er að taka upp í símalögin línu frá Setbergi við Grundarfjörð að Hallbjarnareyri. Á þessari leið eru 12 bæir, sem fá not þessarar línu. Þarna eru nú mjög erfiðar samgöngur, og þótt gert sé ráð fyrir, að vegur verði lagður til Grundarfjarðar, getur orðið dráttur á því, að sá vegur komi, því að þarna er mjög örðugt að leggja veg. Ég get ekki sagt um það með vissu, hve löng þessi símalína verður, en geri ráð fyrir, að vegalengdin sé 5—8 km. Ég vil svo mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 52. Hússtjórnar- og vinnuskóli kvenna í Reykjavík.

Á 31. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:

**Frv. til l. um almennan hússtjórnar- og vinnuskóla fyrir konur í Reykjavík** (þmfrv., A. 324).

Á 33. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Flm. (Guðrún Lárusdóttir):** Á fyrstu síðu þessa frv. er yfirlit yfir þau störf, sem heimtuð eru af húsmæðrum landsins, þar sem tekið er fram allt það, sem húsmæður þurfa að leysa af hendi í starfi sínu á heimilunum. Það er ekkert smáræði, eins og allir sjá, og þar af leiðandi er það ekki svo lítið, sem þær þurfa að geta og kunna til þess að leysa þetta allt vel af hendi. Nú er það svo, að húsmæðrafræðsla hefir aukizt mikið í landinu síðustu áratugi; er nú farið að leggja mikla áherzlu á það, sem áður þekktist ekki, að kenna konum að þekkja efnasamsetningu þess, sem í matinn er haft, frá vísindalegu sjónarmiði, svo fólkið viti, hvað það leggur sér til munns. Ennfremur er þeim kennt margt annað, sem vaxandi kröfur menningarinnar krefjast. Konur verða líka skilyrðislaust að fá slíka þekkingu. Þetta hefir verið viðurkennt með því að starfrækja skóla, þar sem slík fræðsla er á boðstólum. Hv. þdm. er kunnugt um, hvar slíkir skólar hafa verið starfræktir og hvar þeir hafa ekki verið starfræktir, og þeim er líka kunnugt um það, að í Reykjavík, þar sem fólkið er flest og unga fólkið leitar sér menntunar, er enginn starfandi húsmæðraskóli sem stendur. Að vísu fer hér fram töluverð kennsla í þessum efnum. Ber þar fyrst og fremst að telja hússtjórnardeild Kvennaskólans; sú kennsla er þó í mjög smáum stíl, samanborið við þann mannfjölda, sem hér er, þar sem deildin tekur aðeins 12 stúlkur, og svo er þetta þar að auki heimavistarskóli, og þess vegna ekki eins heppilegur bæjarstúlkum. Þá hefir bærinn líka styrkt námskeið, sem frk. Kristín Thoroddsen hefir haldið undanfarna vetur. Að síðustu ber svo að telja þá fræðslu, sem barnaskólarnir veita í þessum efnum, en í efstu bekkjum þeirra er stúlkubörnum kennd matreiðsla og ýmislegt, sem að henni lýtur. Þetta er nú allt gott og gagnlegt, en þetta er samt ekki viðunanlegt fyrir höfuðstað landsins, heldur verður hann að eignast myndarlegan húsmæðraskóla, og eins og það er orðað hér, húsmæðraskóla og vinnuskóla. Menn sjá, að bak við þetta frv. stendur allsterkur vilji kvenþjóðarinnar yfir höfuð að tala, þar sem margar mætar konur hafa komið saman á fund til þess að ræða þetta mál og hafa ritað það, sem hér má lesa á fskj. Ennfremur get ég upplýst það, að á Bandalagsfundi kvenna, þar sem fulltrúar voru mættir frá 7 kvenfélögum hér í Rvík, var einróma samþ. að skora á Alþ. að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir.

Það er engum blöðum um það að fletta, að það er einróma vilji okkar kvenna, að slíkur skóli sem þessi verði settur á stofn hér, og þegar litið er til þess, að aðrir landshlutar hafa sumir jafnvel 2 slíka skóla, en Suðurlandsundirlendi ásamt Rvík engan, þá virðist það ekki vera ofmælt, þó að sagt sé, að tímabært sé að leysa úr þessu á þann hátt, að hér verði stofnaður og starfræktur myndarlegur hússtjórnar- og vinnuskóli. Menn munu kannske spyrja, hvað sé meint með vinnuskóla. Það, sem vakti fyrir þeim, sem að frv. standa, var það, að ungum stúlkum yrði gefinn kostur á að læra og æfa alla þá vinnu og öll þau störf, sem heimilin þurfa með, og að þeim yrði kennt að vinna þau á hagkvæman hátt. Það er sorglegur sannleikur, að mörg konan og stúlkan gengur afarilla undirbúin að sínum störfum, hvort heldur hún tekur við stjórn heimilis eða á að starfa á heimilinu undir annara stjórn, og það er satt að segja eðlilegt, eftir því fyrirkomulagi, sem við höfum átt við að búa að mörgu leyti, að svo sé. Til þess að ráða bót á þessu og fá sem fullkomnasta krafta á þessu sviði, þar sem heimili landsins eru annarsvegar, þá hefir þetta frv. orðið til og verið borið hér fram.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira að sinni, en vil mælast til, að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

---

Á 52., 53., 54., 56. og 59. fundi í Ed., 4., 5., 6., 8. og 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 13. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 324, n. 612 og 626).

**Forseti (EÁrna):** Ég ætlaði að taka fyrir 6. mál á dagskránni, en af því að tíminn er orðinn naumur, vildi ég vita hjá hv. 5. landsk., hvort hann óskar eftir því, að málið sé tekið til umr.

**Guðrún Lárusdóttir:** Það er að vísu langt síðan þetta mál var borið fram, og hefir því gefizt nægur tími til að ræða um það, en ég sé, að ef afgreiðsla málsins fer á þann veg, að dagskráin, sem því fylgir, verður samþ., þá er það þar með úr sögunni. En þrátt fyrir það vonast ég til, að málið komi til umræðu, annaðhvort nú eða seinna.

**Forseti (EÁrna):** Ég mun þá taka málið á dagskrá seinna, en tek það af dagskrá í þetta sinn.

Á 64. fundi í Ed., 18. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 324, n. 612 og 626).

**Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson)** [óyfirl.]: Menntmn. hefir athugað málið og komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé vænlegt að samþ. það eins og það lá fyrir. Ber til þess m. a. það, hve erfiðir eru tímarnir, svo að Alþingi hefir hallazt að því að leggja ekki mikið fé í húsabygg-ingar. Kemur það t. d. fram í því, hve litlar upphæðir hafa verið lagðar til byggingar gagnfræðaskóla í Reykjavík og Flensborgar í Hafnarfirði.

Þar sem n. kom saman um, að nauðsynlegt er að fá hússtjórnarskóla í Rvík, en sá hinsvegar, hve lítið er um fé, kom henni saman um, að rétt væri að skjóta þessu til stj., að hún athugi, hvort ekki sé hægt að breyta Kvennaskólanum í Rvík í hússtjórnarskóla. Minni hl. n. er okkur ekki samdóma í þessu, og mun hann gera frekari grein fyrir sinni afstöðu.

Ég skal ekki fjölyrða um málið, en aðeins geta þess, að nauðsynlegt var að stofna sérstakan kvennaskóla 1880. Það var sjálfsagt þá, því að konur áttu ekki rétt á því að ganga í ýmsa þá skóla, er þá voru hér á landi. Þetta var nauðsynleg sjálfsvörn kvenna. Sú eina kona, sem á sæti hér á þingi, lét það í ljós í n., að hún hefði haft í huga að ganga í menntaskóla Rvíkur, en yfirvöldin meinuðu henni það, af því að hún var kona. En nú er skólunum ekki lengur lokað fyrir konum, nema þá að um sé að ræða sérskóla, sem lúta að sérstökum störfum karlmanna. Því var kvennaskólanum á Blönduósi breytt í hússtjórnarskóla. Þörfin á þessu var svo mikil, bæði á Blönduósi og Laugum, að árlega er vísað frá um 50 konum, sem vilja komast í skólana. Sýnir þetta, að hérlendar konur kunna að meta hússtjórnarskólana. Við ættum að læra af Húnvetningum í þessu efni. Fyrsta sporið til að greiða fyrir sérmenntun kvenna er að breyta kvennaskólanum hér í hússtjórnarskóla. Mætti byrja á að breyta honum svo, með litlum tilkostnaði, að 50—60 stúlkur gætu stundað þar hússtjórnarnám. Þessa leið þyrfti að rannsaka.

**Frsm. minni hl. (Guðrún Lárusdóttir):** Eins og þskj. 626 ber með sér, gat ég ekki orðið samferða meiri hl. n. í þessu máli. Hefi ég gert grein fyrir því í nál. mínu. Að breyta kvennaskólanum í hússtjórnarskóla væri sama og að leggja hann niður sem þá sérstöku stofnun, er hann hefir verið. Nýlega var 60 ára afmæli skólans, og má í nýútkominni skólaskýrslu sjá yfirlit yfir starfsemi skólans á þessu tímabili. Ber skýrslan með sér, hve mikið það starf er og hve margar íslenzkar konur hafa sótt þangað menntun sína. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, eru nú aðrar ástæður fyrir konur um menntun en áður var. En samt eru margar stúlkur og foreldrar í landinu, sem kjósa heldur menntun í kvennaskóla en samskólum, þó margt gott megi segja um þá síðarnefndu.

Kvennaskólinn í Rvík hefir lagt mikla stund á að undirbúa stúlkur undir framhaldsnám. Hann hefir leitazt við að kenna ekki aðeins bókleg fræði, heldur jafnframt að manna stúlkurnar.

Ég hefði gaman af að lesa, með leyfi hæstv. forseta, nokkur orð úr riti því, sem ég minntist á, ritað af forstöðukonu skólans. Mér þykir það hlýða, þegar annarsvegar er verið að bollaleggja að leggja niður Kvennaskólann. Hún segir svo:

„Þann 14. maí 1934 lauk skólinn 60. starfsári sínu. Öll þessi ár hefir skólinn aldrei brugðið

frá þeirri stefnu, er honum í upphafi var mörkuð sem skóla, er veitti ungum stúlkum staðgóða fræðslu til munns og handa. Skólinn hóf starf sitt í mjög smáum stil og með litlum *föngum, en hefir vaxið jöfnum vexti hægt og* hægt, enda aldrei lagt aðaláherzluna á að gerast æðifjölmennur skóli, en frekar lagt stund á hitt, að nemendur þeir, er hann sóttu, fengju þar þá fræðslu, sem gæti orðið þeim gott vegarnesti, þá er út í alvöru lífsins kæmi. Þegar litið er til baka yfir hina löngu æfi skólans, dylst engum, að hann hefir átt því láni að fagna, að nemendur hans hafa reynzt góðar og nýtar konur og hæfar um að leysa af hendi þau störf, er þær hafa haft aðgang að, og er það von mín og ósk skólanum til handa, að svo verði og *um ókomin ár*".

Ég les ekki lengra. Þetta nægir til að gefa þeim, sem þingtíðindin lesa, hugmynd um, hve miklu máli það skiptir, að skólinn fái að vinna í friði sitt göfuga starf. Hér um bil 3000 konur hafa sótt þangað *menntun sína undanfarin 60 ár.*

Nú liggur hér annarsvegar fyrir uppástunga þess efnis, að sérstakur hússtjórnarskóli verði stofnaður fyrir Rvík. Þó er líklega til lítils að ræða það mál nú, og munu örlög þess vera fyrirfram ákveðin með hinni rökst. dagskrá hv. meiri hl. n. Meiri hl. viðurkennir að vísu þessa þörf, en skilur hana þó ekki betur en svo, að hann vill leggja niður Kvennaskólann. En þetta getur varla komið til mála af þeirri ástæðu, að Kvennaskólinn er ekki ríkisstofnun, enda þótt hann hafi nokkurn ríkisstyrk. Væri það hugsanlegt, að *ríkið kippti að sér hendinni um styrkveitingar* til skólans? Því get ég varla trúað.

Sú skólastofnun, sem vakir fyrir konum í þessum bæ, er slík, sem lesa má um á þskj. 324. Má reyndar segja, að ekki séu miklir fjárhagsmöguleikar *fyrir stofnun slíks skóla nú.* En það ætti þó ekki að standa í vegi fyrir löggjöf í þessu efni. Við höfum nú l., samþ. 1917, um stofnun hússtjórnarskóla á Norðurlandi, þó að þau lög séu ekki komin til framkvæmda ennþá.

Því lengra sem líður verða gerðar meiri kröfur til kunnáttu kvenna í heimilisstörfum. Mikið er kvartað undan því, að konur, sem vinna að heimilisstörfum, séu ekki nægilega vel að sér til þess að sinna störfunum. Þetta er engan veginn vandalítið starf. — Sú hugmynd, að við þennan hússtjórnarskóla verði deild til að undirbúa stúlkur, svo að þær geti verið sem þjónustustúlkur á heimilum, á að létta lífið, bæði þeim sjálfum og húsmæðrum þeirra. Að vinna á góðum heimilum, undir stjórn nærgætinna húsmæðra, mun svo oft verða heilladrjúgur undirbúningur undir það að *stjórna sjálf heimili.* Það hefir verið gert ráð fyrir því að veita fátækum stúlkum, sem vinna fyrir sér t. d. í formiðdagsvist, möguleika til að mennta sig á þessum skóla í húsmæðra- og heimilisstörfum. Að þetta sé þarft, þarf ekki að efa. Og menn geta athugað, hvort námsgreinar þær, sem þarna eru taldar, tilheyra ekki verkahring kvenfólksins í þarfir heimilanna.

En það er raunar ekki til annars en eyða tíma deildarinnar að fjölyrða um þetta mál frekar nú, því að það á ekki fram að ganga hvort sem er. En þeir, sem láta sér annt um fræðslu kvenna, ættu að geta séð aðra leið til þess en þá, að leggja niður okkar gamla og góða Kvennaskóla.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

## 53. Háskóli Íslands.

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um Háskóla Íslands** (þmfrv., A. 405).

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. *of seint fram komið.* — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 52., 53., 54. og 56. fundi í Ed., 4., 5., 6. og 8. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 54. Atvinnudeild við Háskóla Íslands.

Á 36. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands** (þmfrv., A. 406).

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. *of seint fram komið.* — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og menn hafa tekið eftir í grg. fyrir báðum þessum frv., frv. um Háskóla Íslands og þessu, eru bæði málin flutt samkv. beiðni hæstv. kennslumálaráðh. Ég skoða það sem sjálfsagðan hlut, að menntmn., sem flytur þessi mál og getur þess í grg., að hún *muni ef til vill síðar bera fram* brtt. við þau, muni taka þau á ný til athugunar, þótt þeim sé ekki sérstaklega til hennar vísað. Ég álít þetta liggja í hlutarins eðli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 52., 53., 54. og 56. fundi í Ed., 4., 5., 6. og 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 406, n. 653).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 55. Friðun náttúruminja.

Á 38. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:
**Frv. til l. um friðun náttúruminja** (þmfrv., A. 435).

Á 40. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og getið er um í grg., er frv. þetta flutt af allshn. að tilhlutun forsrh. Efni þess er það, að rétt þykir að setja sérkennilegar náttúruminjar undir eftirlit hins opinbera, til varnar því, að þær verði af vangá skemmdar eða eyðilagðar. N. hefir ekki getað athugað frv. nógu vel ennþá, og áskilur sér rétt til þess að koma fram með aths. hér við frekari meðferð málsins í d., en hinsvegar þótti ekki rétt að draga það að flytja frv., þar sem orðið er áliðið þings. Ég sé ekki ástæðu til að vísa því formlega til allshn., því að hún mun halda áfram að athuga málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 43. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Allshn. hefir ekki unnizt tími til að athuga þetta mál til fullnustu. En ég geri ráð fyrir, að það verði ekki um miklar breyt. að ræða á því frá n., og þess vegna hefir n. ekkert við það að athuga, þó að frv. verði samþ. til 3. umr. En ég vil aðeins beina þeirri ósk til hæstv. forseta, fyrir hönd n., að hann taki þetta mál ekki á dagskrá til 3. umr. fyrr en n. hefir unnizt tími til að ljúka athugunum sínum á frv., sem ég geri ráð fyrir, að verði næstu daga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

---

Á 45. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.

**Frsm. (Ingvar Pálmason):** Allshn. hefir haft frv. til athugunar milli umr., og síðan það var til 2. umr. hefir n. komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt muni vera að breyta 4. gr. þannig, að bæta nýrri málsgr. inn á eftir fyrri málsgr. og fella niður seinni hlutann af síðari málsgr. En n. hefir ekki unnizt tími til að láta prenta þessar brtt. og leggur þær því hér með skrifl. fram, og vænti ég, að hæstv. forseti taki þær til greina, enda eru þær svo ljósar, að ekki ætti að þurfa að valda misskilningi, þó skrifl. séu. Brtt. er í 2 stafliðum. Fyrri stafl. bætir inn í greinina heimild til að taka eignarnámi land kringum friðaðar náttúruminjar, eftir því sem nauðsynlegt er talið. En seinni liður brtt. er um að fella niður síðari hlutann af síðari málsgr. 4. gr. N. lítur svo á, að niðurlag gr. geti ekki staðizt, því við nánari athugun taldi n. áreiðanlegt, að það kæmi í bága við vatnalögin. Þó sérstaklega sé undanskilið, að taka megi mannvirki eignarnámi án endurgjalds, lítur n. svo á, að því er snertir nytjar náttúruafla, að þar verði einnig að koma fullar bætur fyrir. Ég vil svo afhenda hæstv. forseta brtt. með tilmælum um, að hann lesi hana upp og hv. d. taki hana til greina.

**Forseti (EÁrna):** Mér hefir verið afhent skrifl. brtt. frá hv. allshn., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 620.]
Til þess að brtt. þessa megi taka til meðferðar á þessum fundi, verður að veita afbrigði frá þingsköpum, og mun ég nú leita þeirra afbrigða.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

**Magnús Jónsson:** Ég held, að það væri jafnvel ástæða fyrir hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá, svo að maður sæi brtt. prentaðar. Ég er ákaflega hræddur um, að það þurfi að athuga málið betur áður en það fer út úr d.
Ég er út af fyrir sig hlynntur l., sem fara í þessa átt, eins og sjá má af því, að ég hefi á 2 undanförnum þingum flutt frv. um þessi mál. Ef menn vilja bera það frv. mitt saman við þetta frv., er það ákaflega miklu víðtækara og skýrara. Og mér finnst satt að segja stappa nærri, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé hrein vitleysa, eða a. m. k. sé fjarstæða að samþ. það eins og það er nú. Í 1. gr. stendur, að ráðh. eigi að láta semja skrá yfir alla muni, landsvæði, ár, vötn og fossa o. s. frv., sem honum þykir líklegt, að innlendir eða erlendir ferðamenn vilji sjá. En hér eru engar reglur til að fara eftir. Þetta er þó svo stórbrotið og stórkostlegt, að full ástæða sýnist til að setja um það einhverjar reglur. Þegar þetta er komið á skrá, er það fallið undir ráðuneytið og alveg á valdi ráðh., og má enginn nytja þessa hluti eða hrófla við þeim án hans leyfis. Undir þetta geta fallið stórar ár, t. d. Sogið, það er mjög fallegt, og Þjórsá. Einnig Esjan og þannig mætti halda áfram að telja. Ef ráðh. hefir látið semja skrá um þetta og birt hana í Stjtíð., má ekki hagga við því eða hrófla, og varðar brot á því 500—10000 kr. sekt, sé það bætanlegt með peningum, annars allt að 2 ára betrunarhúsvinnu. En hér eru ráðh. ekki settar neinar reglur eða það skilgreint nánar, hvernig þetta skuli framkvæmast. Ég vil minna hv. þdm. á frv. það, sem ég hefi flutt hér áður, og benda á, hvort ekki sé hér um svo stórt mál að ræða, að ástæða væri til að skipa t. d. 5 manna n., sem áhuga og þekkingu hafa á þessum málum, sem athugaði þetta allt nánar og gerði tillögur um, hvernig með skyldi fara. Ef friðunarn. þykir svo rétt að

fríða eitthvert ákveðið svæði, gerir hún grein fyrir, hvað stórt það þurfi að vera, hvað kostnaður muni verða, og athugar, að friðunin rekist ekki á annara réttindi. N. sendir svo ráðuneytinu álitsgerð og till., og ef ráðh. er þeim ekki mótfallinn, þá staðfestir hann þær. Þó skal það tekið skýrt fram, ef kostnaður fylgir slíkum ráðstöfunum, að tryggt sé, að nóg fé liggi fyrir til þess að greiða með, ef um eignarnám eða skaðabætur er að ræða. Einnig til þess að greiða þann árlega kostnað, sem leiðir af því að framkvæma friðunina.

Í 7. gr. þess frv., sem ég flutti, er tekið fram, að sé hætta á, að staður verði fyrir skaða eða skemmdum, megi gera bráðabirgðaráðstafanir þar til friðunarn. hefir gert álitsgerð og ráðh. staðfest með úrskurði. Finnst mér þannig gengið frá því frv., sem hér liggur fyrir, að óverjandi sé að samþ. það. Nú er það einnig auðséð, að hv. n. hefir farið að hika við, og sennilega hugsað, að það væri nú kannske fulllangt gengið, að ráðh. þyrfti ekki annað en telja upp og láta setja á skrá fallvötn og fossa o. s. frv., og þá sé það orðið öllum óheimilt til allra nytja. Og mig skal ekkert undra, þó hv. n. hafi hikað ögn við slíka ráðstöfun. Í 6. gr. sama frv. er gert ráð fyrir, að staður, sem af einhverjum ástæðum missir gildi, sé tekinn af skrá og leystur undan friðun, eftir till. friðunarnefndar. En mér skilst, að hér megi setja á skrá hvað sem dómsmrh. sýnist. Það var á sínum tíma lengi deilt um friðun sjálfra Þingvalla og sett um hana sérstök lög. En nú er borin fram skrifl. till., og þarf ekki annað en setja nafn staðarins á skrá og birta það í Stjtíð. — Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þdm. á þessu; og þó að ég sé málinu hlynntur, finnst mér ekki vansalaust fyrir þessa hv. d. að láta það fara frá sér í þessu formi.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

## 56. Hafnarlög Siglufjarðar.

Á 39. fundi í Ed., 15. nóv., var útbýtt:

**Frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað** (þmfrv., A. 440).

Á 41. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — *Deildin leyfði* með 10 shlj. atkv., að frv. yrði tekið til meðferðar.

**Bernharð Stefánsson:** Eins og grg. frv. ber með sér, er það flutt samkv. beiðni bæjarstj. Siglufjarðarkaupstaðar.

Það eru ekki mörg nýmæli í frv., en engan þarf að furða, þótt lagt sé fram frv. um hafnarlög Siglufjarðar, því að þau lög, sem bærinn á nú við að búa, eru frá 1915, eða m. ö. o. frá þeim tíma, þegar Siglufjörður var aðeins hreppur innan Eyjafjarðarsýslu. Vitanlega hafa margar og miklar breytingar orðið síðan á atvinnuháttum þar, og fólksfjölgun hefir orðið þar mikil síðan.

Ákvæðið í 1. gr. frv. um tillag ríkissjóðs til hafnarbóta á Siglufirði er shlj. gildandi fjárl. og fjárlfrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu. Ég vildi samt skjóta því til þeirrar n., sem fær málið til athugunar, að ná tali af vitamálaskrifstofunni um þessi ákvæði, þar sem nýr samningur mun standa til viðvíkjandi þessum mannvirkjum, sem fyrirhuguð eru á Siglufirði, sem kynni að gera það nauðsynlegt, að þessu ákvæði sé breytt að einhverju leyti. — Ennfremur skal ég geta þess, að bæjarfógetinn á Siglufirði er annaðhvort á leiðinni hingað til borgarinnar eða jafnvel kominn, svo að hv. n. getur náð tali af honum um málið.

Það er ekki ástæða til þess að orðlengja frekar um þetta mál við 1. umr. Ég vona, að það nái fram að ganga, og vil ég leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

---

Á 49. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 440, n. 591).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** *Eitt ákvæði í* þessu frv. er nýmæli, að því er snertir hafnarlög, og það er að heimila bæjarstj. að leggja aukavörugjald á inn- og útfluttar vörur til þarfa bæjarsjóðs. Þetta ákvæði ætti frekar heima í sérstökum lögum en í hafnarlögunum, en það er nauðsynlegt vegna sérstöðu Siglufjarðar að fá slíka heimild nú þegar, en óvíst, að slík almenn heimild geti, vegna þess hvað áliðið er þings, náð lögfestu á þessu þingi. Það má benda á, að nýlega hafa þarna orðið skemmdir á eignum bæjarsjóðs, og þarf á næstu árum tugi þúsunda til að endurbæta þær. *Til þess að tefja ekki* fyrir þessari nauðsynlegu heimild, þá hefir það orðið að samkomulagi, a. m. k. milli tveggja nm., að láta þetta ákvæði halda sér í frv. með þeirri breyt., að það gildi aðeins í hafnarl. þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið með almennum lögum. Það eru fleiri bæjarfélög, sem hafa farið fram á slíka heimild, en Vestmannaeyjar eru eini staðurinn, sem hefir fengið slíka heimild. Það er svo um mörg bæjarfélög, að þau eru svo aðkreppt um gjaldstofna, að það er nauðsynlegt fyrir þau að fá eitthvað nýtt til uppbótar útsvörunum, sem bregðast svo mjög á svona tímum, og þá einkum nú, þegar tekju- og eignarskattur til ríkisins verður hækkaður svo mjög sem útlit er fyrir, að gert verði á þessu þingi. N. kemur því með þá brtt., að ákvæðið haldi sér í frv., en gildi aðeins þangað til öðruvísi verður ákveðið með almennum lögum.

Þá er ákvæðið um ríkissjóðstillag, sem á að greiðast á næstu 4 árum. N. hefir ekkert við það að athuga, en það verður að fara eftir getu

ríkissjóðs í hvert skipti og hvað hafnarsjóður getur innt af hendi í greiðslur til framkvæmda verkinu.

**Bernharð Stefánsson:** Ég þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. — Út af brtt. þeirri, sem n. ber fram, vil ég segja það, að mér finnst hún eðlileg og við flm. frv. föllumst á hana. Það er ekkert við því að segja, þó þessi heimild til hækkunar hafnargjalda sé tímabundin og fari eftir almennum l., ef þau verða sett um þetta atriði. Það er auðvitað dálítið hæpin braut, að leyfa bæjarsjóðum að tolla vöru, en eins og hv. frsm. n. gat um, hefir Siglufjörður sérstöðu. Hann benti á tjónið, sem þar hefir orðið. Það má líka benda á, að því hagar svo til, að þar er mjög lítil verzlun við nágrennið, eða við önnur héruð, og það er dálítið annað að leyfa þetta bæjum, sem hafa mikla verzlun, því þá hafa þeir heimild til að skattleggja fleiri menn en borgara þess bæjarfélags. Ég vona svo, að þetta mál gangi greiðlega gegnum þingið.

**Sigurjón Á. Ólafsson:** Eins og sjá má á þskj. 591, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, og skal ég nú skýra frá því, í hverju minn fyrirvari er fólginn. Það er vegna þessa ákvæðis í 10. gr. frv., þar sem bæjarstj. Siglufjarðar er heimilað að leggja 100% aukavörugjald til þess að standast tekjuhalla bæjarsjóðs. Meiri hl. n. hefir tekið þann kost að láta þetta gilda fyrir eitt ár, og er ég ósamþykkur þessu ákvæði. Ég sé ekki, að það sé hægt að gera svona ráðstafanir til þess að heimila tekjustofna án þess að rannsaka, hvernig bæjarsjóður ætlar að tryggja sér þetta gjald, án þess að það komi niður á nauðsynjum almennings. Það mun nú vera í ráði hjá Siglufjarðarkaupstað að leggja þetta gjald sérstaklega á þungavöru, svo sem kol og salt, og á vörur, sem tilheyra aðalatvinnurekstrinum þar, síldarútgerðinni. Þó að gjald þetta sé ekki hátt samkv. ákvæðum reglugerðarinnar, þá skýtur þó hér skökku við, að um leið og verið er að létta sköttum af síldarútveginum, þá er tekið með annari hendinni það, sem er gefið með hinni. Það er á móti grundvallarskoðun minni, að bæjarsjóðir afli sér tekna á þennan hátt, og sízt að einstök bæjarfélög séu tekin út úr. Ég sé, að í hv. Nd. er frv. viðvíkjandi Akureyrarkaupstað, sem fer í svipaða átt, og eru þá 3 bæir komnir inn á þessa braut. En þá eru eftir aðrir bæir, og ætli Rvík teldi ekki réttmætt að fá slík fríðindi? En ef svo langt væri gengið, þá hygg ég, að raddir myndu heyrast á móti þessari stefnu. Ég hefi ekki borið fram brtt. við þessa umr., en mun koma með hana við 3. umr., um það, að fella niður þetta ákvæði. Ég tel líklegt, að þetta ætti frekar heima í sérstökum lögum, sem ættu þá að vera fyrir öll bæjarfélögin í einu. Ég tel ekki þörf að fara frekar út í þetta.

Það hefir verið bent á, að Siglufjörður ætti hér sérstöðu, þar sem hann hefði núna nýlega beðið svo mikið tjón af ofviðri. Það verður auðvitað að bæta á einhvern hátt, og tel ég líklegt, að ríkissjóður taki á sig eitthvað af því. En viðvíkjandi þeim mannvirkjum, sem einstaklingar eiga, þá tel ég, að þeir verði sjálfir að halda við sínum mannvirkjum. Ég er ekki kunnugur á Siglufirði, en ég býst við, að hann sé ekki það verr staður en aðrir kaupstaðir, að ástæða sé til að veita honum þessi sérstöku fríðindi.

**Magnús Guðmundsson:** Ég vildi spyrjast fyrir um það, hvort tilætlunin sé sú, að þessar 50 þús., sem á að borga árlega í 4 ár úr ríkissjóði samkv. frv., séu hinar sömu og ræðir um í 13. gr. fjárlagafrv., eða hvort hér sé um nýjar 200000 kr. að ræða til hafnargarðs á Siglufirði. Ég vil benda á, ef hér er um nýja fjárveitingu að ræða, að það fer nokkuð mikið úr ríkissjóði til þessa eina staðar, og er óviðkunnanlegt að ákveða, að svo og svo mikið skuli borga úr ríkissjóði í nokkur ár, þegar vitað er, að margir aðrir kaupstaðir og kauptún verða alltaf að sækja undir fjárveitingavaldið til þess að fá slíkar greiðslur. Mér finnst, að hér sé gert upp á milli, að ákveða, að ríkissjóður sé skyldugur til þess að borga upphæð í nokkur ár, en svo eiga aðrir bæir undir högg að sækja með að fá greiðslur til hafna á hverju þingi. Ég tek undir það, sem hv. frsm. sagði, að það er óvanalegt að sjá í hafnarlögum heimild til þess að leggja gjald á vörur, sem farið er með um höfnina, ekki til þess að láta það renna í hafnarsjóð, heldur í bæjarsjóð. Þetta er þó ekki einsdæmi, og ég skil vel, af hverju það er komið. Bæjarsjóðir sjá sér ekki fært að ná í nægilegar tekjur með beinum sköttum, af því að ríkið er að seilast lengra og lengra inn á þá skattstofna, sem ætlaðir eru bæjarfélögunum, og þetta leiðir til þess, að það verður að leyfa bæjar- og sveitarfélögum að innheimta tolla. Ef haldið er lengra áfram á þessari braut, að ríkissjóður sölsi undir sig skattstofna bæjanna, þá verður hann að láta þeim eftir nokkuð af sínum tekjustofnum, t. d. tollana eða hluta af þeim. Þá verður skipt um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga annarsvegar og ríkissjóðs hinsvegar.

Það hefir verið bent á þetta áður, og það er sýnilegt, að það munu koma fleiri og fleiri og biðja um þetta sama. Ég get skýrt frá því, að ég hefi verið beðinn um að flytja slíkt frv. fyrir hreppa í mínu kjördæmi, en ég hefi ekki viljað ganga inn á þessa braut fyrr en séð er, að það sé ómögulegt að komast hjá því. En það skal sannast, að ef tekjuskattshækkun sú, sem hæstv. stjórn biður um nú, verður samþ. hér á þessu þingi, þá mun rigna niður á næsta þingi beiðnum í þessa átt, af því að sveitar- og bæjarfélög geta ekki náð þeim tekjum, sem þau þurfa, með útsvörum ofan á þennan stórhækkaða tekjuskatt.

Ég mun því greiða atkv. með þessari till. n., því að ég skil vel nauðsynina á þessu, og það er ekki til neins að berjast á móti því að útvega bæjarfélögunum nýja tekjustofna, þegar ríkið hefir hnuplað þeim tekjustofnum, sem þau áttu að hafa.

**Bernharð Stefánsson:** Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. vil ég taka það fram, að við flm. þessa frv. lítum svo á, að hér sé ekki um neina viðbót að ræða, heldur er í 1. gr. frv. það tekið

upp, sem komið er í fjárl. Annars held ég, að það sé ekki einsdæmi, eins og hv. þm. virtist álíta, ákvæðið í hafnarlögum um framlag ríkissjóðs. (**MG**: Það sagði ég aldrei).

Ég skal ekki blanda mér inn í það, sem hv. 1. þm. Skagf. var að ræða um tekju- og eignarskattshækkun í sambandi við bæjargjöld. En í því sambandi vil ég þó benda á það, að ég hygg, að það sé önnur orsök, sem má sín miklu meira í þessu tilfelli, en það er eins og kunnugt er, að stærsti atvinnureksturinn á Siglufirði er ríkisrekstur, eins og menn vita, og allur sá rekstur er sama sem útsvarsfrjáls. Þá má einnig benda á þá miklu skaða, sem hafa orðið þar nyrðra í haust, sem óhjákvæmilega verður að bæta á einhvern hátt. En það getur ekki verið ástæðan til þess, að Siglufjörður biður um þessa heimild, þó að fyrir þessu þingi liggi frv. um tekju- og eignarskatt, því að það er ekki farið að verka neitt enn, og ég efast um, að bæjarstj. Siglufjarðar hafi verið kunnugt um það, þegar hún bað um, að þessi l. væru sett.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að mér finnst óviðkunnanlegt að setja svona ákvæði í frv. eins og þetta er. Ég sé ekki heldur, að það sé nauðsynlegt á neinn hátt. Fjárlagaákvæðið er komið, og mér finnst eðlilegt, að það haldi áfram að vera fjárlagaatriði.

Annars var það annað atriði, sem kom mér til að biðja um orðið. Það er ákvæðið í niðurlagi 3. gr. Þar segir, að ekki beri að greiða prestlaunasjóði það, sem ræðir um. Þar sem þar er um opinbert fé að ræða, þá sé ég ekki ástæðu til, að farið sé að gefa þessum kaupstað allmikið fé svona alveg með beinum l. Vitanlega skiptir það hér minna máli, að hér er um kirkjujarðasjóð að ræða, en ekki prestlaunasjóð. Mér finnst þess vegna, að hér sé gengið inn á afaróviðeigandi braut með þessu ákvæði.

Jafnframt þessu vil ég minnast á það, að þessi 100% hækkun á hafnargjöldum, sem eigi að renna beint í bæjarsjóð, til þess að hægt verði að lækka útsvör í Siglufjarðarkaupstað, það álít ég varhugaverða braut.

Þá vil ég sérstaklega benda á eitt atriði, sem ekki hefir verið bent á áður, og það er það, að ef samþ. verður þessi heimild handa þessum kaupstað, þá koma fleiri kaupstaðir á eftir, og þá er kaupstöðunum gefinn réttur til að skattleggja ekki aðeins þær vörur, sem bæjarbúar nota, heldur einnig að leggja neyzluskatt á íbúa nærliggjandi héraða, en það tel ég mjög hættulegt. Við skulum hugsa okkur, að Rvík komi næst á eftir og fái slíka heimild. Þá er það ekki lítið verzlunarsvæði, sem Rvík öðlast þannig rétt til að skattleggja, því að það eru ekki aðeins sveitirnar austan fjalls, heldur einnig Borgarfjörður, sem verzlar meira og minna við Rvík, og þannig hefði þá Rvík rétt til að skattleggja nauðsynjavörur annara landsmanna.

Í þessu efni er nokkuð einstakt með einn kaupstað á landinu. Það eru Vestmannaeyjar. Sá kaupstaður mundi ekki nema að litlu leyti geta fengið aðstöðu til að skattleggja aðrar sveitir, en það er þá líka eina undantekningin, því að þótt Siglufjörður sé nú afskekktur, þá líða ekki mörg ár þangað til verzlunarsvæði Siglufjarðar færist allmikið vestur um Skagafjörð, og ef þetta ákvæði verður samþ., þá fær Siglufjörður þar aðstöðu til að skattleggja þá, sem verða að kaupa vörur þar.

**Magnús Guðmundsson**: Ég heyri, að þessar 50 þús., sem hér um ræðir, séu þær sömu og ræðir um í fjárlfrv., og ég er þá ánægður með það. En ég verð að segja, að mér finnst óþarfi að lögfesta þetta á tveimur stöðum, en ef hv. flm. vilja éta smjör við smjöri í þessu, þá hefi ég ekkert við það að athuga.

Hv. 1. þm. Eyf. hélt, að beiðnin um vörutoll handa bæjarsjóði Siglufjarðar væri komin fram vegna þess, að ríkið borgaði svo lítið útsvar á Siglufirði. Ég held, að það sé ekki, því að það er ekki svo lítið, sem það borgar þar. Ég hygg, að Siglufjörður græði talsvert á atvinnurekstri ríkisins þar, en tapi ekki.

Hann segir, að þetta geti ekki stafað af þeim tekjuskattsauka, sem nú liggur hér fyrir þinginu, því að þeir hafi ekki einu sinni vitað um hann, þegar farið var fram á þessa heimild. En það er ekki í fyrsta skipti, sem þessi skattur er hækkaður. Hann hefir einmitt verið hækkaður mikið nú á undanförnum árum, fyrst um 25%, og síðan tvisvar sinnum um 40%, og nú er það meiningin að halda áfram með mikla hækkun. Ástæðan hygg ég því, að sé sú, sem ég benti á, að ríkið er að seilast inn á tekjusvið Siglufjarðarkaupstaðar eins og annara.

Þá segir hann, að þetta ákvæði hér um það, að innheimta toll af öllum vörum, sem fara um höfnina á Siglufirði, komi ekki við aðra, af því að aðrir verzli þar ekki. Þetta er alveg rangt, því að t. d. síldveiðendur hvaðan sem er af landinu verzla þarna. Auk þess eru þó 2—3 hreppar úr mínu kjördæmi, sem verzla þar mikið, og nú á að leggja skatt á þessa hreppa. En mér dettur samt ekki í hug að vera á móti þessu, því að ég skil þessa nauðsyn Siglfirðinga, en ég vildi bara benda á, að svona er þetta.

Annars þarf ég ekki að deila um þetta við hv. 1. þm. Eyf., því að ég ætla að fylgja frv. eins og það er. En ég vildi nota þetta tækifæri til að sýna fram á, að afleiðingin af tekjuskattshækkuninni er sú, að það verður að láta bæjar- og síðan sveitarfélögin fá leyfi til að taka tolla af vörum.

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson)**: Það er rétt, sem hv. 10. landsk. benti á, að það er kirkjujarðasjóður, sem á þessa eign, en ekki prestlaunasjóður, og mun verða athugað til 3. umr. að breyta frv. í því sambandi.

Menn hafa talað um, að með þessu sé leyft að skattleggja fleiri en bæjarbúa sjálfa. Það er vissulega rétt, en það er gert nú með því að leggja vörugjöld á vörur, sem fluttar eru til hafna, jafnvel fyrir aðra en íbúa bæjanna, og sé ég ekki mun á því, hvort vörugjaldið hækkar um helming og það sé látið renna í hafnarsjóð eða hækka það um helming og sá viðauki sé látinn renna í bæjarsjóð. Það kemur alveg í sama stað niður fyrir þá, sem eiga að greiða þetta gjald.

**Bernharð Stefánsson:** Það var helzt að heyra á hv. 10. landsk., að ákvæðið um framlag til hafnarbóta á Siglufirði væri einstakt í þessu frv. En þetta er ekki, því að þetta ákvæði er blátt áfram í öllum þeim hafnarlögum, sem sett hafa verið á seinni árum. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri óþarfi að hafa þetta ákvæði bæði í fjárl. og eins í þessum l., það væri að eta smjör við smjöri. En þetta er bara það, sem alstaðar er. Það er ákvæði í öllum nýju hafnarlögunum, t. d. á Akranesi, Skagaströnd, Sauðárkróki og Dalvík, að leggja fram vissan hluta úr ríkissjóði, þegar það er tekið upp í fjárl. Munurinn er aðeins sá, að hér er það komið inn í fjárl. áður en það kemur inn í hafnarl., en í hinum tilfellunum kemur það inn í fjárl. á eftir. Ég sé þá ekki annað en að Skagfirðingar eti smjör við smjöri alveg eins og Siglfirðingar í þessu efni. T. d. er í hafnarl. fyrir Akranes ákvæði um framlag úr ríkissjóði á móti framlagi úr hafnarsjóði, og síðan kom fjárveitingin inn í fjárl., og m. ö. o., það stendur þá í tvennum l. Þetta, sem hér um ræðir, er því alveg í samræmi við það, sem áður hefir verið ákveðið annarsstaðar.

Svo er það þetta um það, að hækka gjöld á vörum. Hv. 1. þm. Skagf. var að tala um það, að þótt Siglfirðingar verzluðu lítið við önnur héruð ennþá, þá mundi það breytast, þegar samgöngurnar bötnuðu, og þá kæmi að því, að þetta yrði skattur á fleiri en bæjarbúa eina. Þetta kann að vera, en samkv. brtt. n., sem við flm. föllumst á, þá er líka svo ákveðið, að þetta sé aðeins heimild um takmarkaðan tíma.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væru a. m. k. tveir hreppar í hans kjördæmi, sem verzluðu nær eingöngu við Siglufjörð. Ég efast um, að það sé rétt, en þótt svo væri, þá er þess að gæta, að þessir hreppar munu líka hafa þann allra bezta markað fyrir innlendar afurðir, sem til er á þessu landi, því að a. m. k. um síldveiðitímann er hvergi hér á landi eins hátt verð á íslenzkum afurðum eins og á Siglufirði, og ég hugsa, að á meðan þessir hreppar halda þeirri aðstöðu að sitja sama sem einir að þessum markaði á Siglufirði, þá hafi þeir ekki yfir svo miklu að kvarta, enda var hv. þm. ekki að kvarta yfir því, heldur kvaðst hann mundu fylgja þessu máli. Kann ég honum þakkir fyrir það, og sé ég því ekki ástæðu til að deila meira um málið.

**Magnús Guðmundsson:** Ég er hissa á því, að hv. 1. þm. Eyf. skuli ekki finna muninn á því, að fá hafnarl., þar sem er ákveðið, hvað eigi að borga á hverju ári. (**BSt:** Það er búið að ákveða það í fjárl.). En er ekki munur á að fá það ákveðið í hafnarl. eða að þurfa á hverju ári að sækja það undir fjárveitingavald þingsins? Það er mikill munur á að fá þetta tryggt í l. eða að verða að eiga það undir fjárveitingavaldinu á hverju þingi.

Ég þarf ekki mikið að ræða um verzlun Fljótamanna við Siglufjörð, en það er vitað, að hún er mikil. Ég sagði aldrei, að þeir verzluðu eingöngu við Siglufjörð, heldur að þeir verzluðu þar mikið. Og það eru fleiri en tveir hreppar; þeir eru þrír, og jafnvel hluti af þeim fjórða, sem verzla þar mikið.

**Jónas Jónsson** [óyfirl.]: Ég er einn af þeim mönnum, sem hér á þingi hafa oftast reynt að styðja mál Siglfirðinga, vegna þeirra alþekkta dugnaðar og margháttaða myndarskapar. Hefi ég því reynt hér á þingi að styðja mörg góð mál þeim til handa. En þegar ég sá þetta frv., fannst mér þar kenna óþægilegrar stefnu, sem gæti verið beinlínis hættuleg. Að vísu er engin ástæða til að draga það í efa, að Siglfirðingar hafa nú orðið fyrir þeim óhöppum, að þeir verða að auka tekjur bæjarins til að bæta þar um. En þó að það sé viðurkennt, þá er það allt annað en að ganga inn á alveg nýja stefnu um álagningarmöguleika, sem gæti vel gert það að verkum, að þingið neyddist til, ekki eingöngu vegna Siglufjarðar, heldur vegna flestra kaupstaða, að ganga inn á þá braut, sem hér er farið fram á. En það er engin ástæða til að gera það í neinu augnabliksfáti. Ef á að leyfa þessa nýju leið, þá verður að vera búið að rannsaka málið vel og hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sé a. m. k. ekki ófær leið og menn vilji una henni til langframa.

Nú er það fullvíst, að undirbúningur hefir ekki farið fram í þessu skyni. Þetta frv. er borið fram að ósk bæjarfélagsins á Siglufirði og af þm. héraðsins, og það er alveg víst, að þeim er það sjálfum ljóst, að þessi nýjung er ekki að öllu leyti heppileg, og þeir hafa látið í ljós við Siglfirðinga, hvaða annmarkar væru á að fá þetta lögfest.

Ég vil ennfremur benda á, að það er sérstök ástæða til að gjalda varhuga við þessari aðferð Siglfirðinga, og hún er sú, að landið allt á á Siglufirði verksmiðju, sem hefir verið byggð, ekki fyrir Siglufjörð einan, heldur fyrir landið allt. Það er því enginn vafi, að hér er að ræða um skatt á alla landsmenn, og þar sem Siglfirðingar óskuðu ákaflega mikið eftir að fá þessa nýju verksmiðjuviðbót, sem þeir fengu, þá verði þeir að gæta hófs vegna þess, hvað þeim var trúað fyrir miklu. Ástæðan til þess, að ég mun greiða atkv. á móti þessu frv., er því sú, að ég álít varasamt að gefa Siglufirði þessa heimild vegna verksmiðjunnar þar.

**Þorsteinn Briem** [óyfirl.]: Af því að það kemur ekki mjög oft fyrir, að hv. þm. S.-Þ. tekur í sama strenginn og ég, vil ég nú færa honum þakkir fyrir hans miklu velvild í minn garð. Mér þykir vænt um að heyra, að orð mín hafa nú fengið hljómgrunn hjá honum, þegar ég benti á það, hversu varhugaverð þessi leið væri fyrir viðkomandi verzlunarhéruð, og þó að hann benti ekki á það sérstaklega, þá vænti ég, að svo verði hjá fleirum.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um ákvæði 1. gr., þá hefi ég bent á, að þetta ákvæði væri þegar í fjárl., og vil ég þar taka undir það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að þar þurfi ekki að eta smjör við smjöri. (**BSt:** Þetta var gert á Akranesi). Þeir fengu pappírsgagnið fyrst og framkvæmdirnar ekki fyrr en á eftir, öfugt við það, sem Siglfirðingar vilja fá. Ég áskil mér því rétt til þess að flytja við 3. umr. brtt. við síðari málsgr. 3. gr., því að ég tel óviðeigandi, að opinber sjóður leggi fram mikið fé í þessu skyni,

án þess að bætur komi fyrir. Að fara slíka leið sem þessa til þess að ná meiru opinberu fé til hafnargerðarinnar á Siglufirði en lögin mæla fyrir, er alveg óvenjulegt. Annars þarf Siglufjarðarkaupstaður ekki að kvarta yfir viðskiptum sínum við Kirkjujarðasjóð, því að það eru aðeins skóbætur einar, sem sjóðurinn hefir fengið fyrir allt það, sem hann hefir látið kaupstaðnum í té.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 591 samþ. með 10:3 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 9:4 atkv.
11.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 51. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 604, 605).

**Frsm. (Jón Auðunn Jónsson):** N. hafði ekki athugað, að málið myndi koma svona fljótt á dagskrá, og ber því fram tvær skrifl. brtt. við frv. Fyrri brtt. gerir ráð fyrir, að framan við orðin „50 þús. kr." í 1. gr. frv. komi „allt að". Þetta þykir réttara, ef svo skyldi fara, að kaupstaðurinn geti ekki lagt fram sína upphæð alla. 2. brtt. er við 3. gr. frv., að í stað orðsins „Þrestlaunasjóði" komi „Kirkjujarðasjóði".

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 629) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

**Þorsteinn Briem** (óyfirl.): Ég á tvær brtt. við frv. Sú fyrri er við 3. gr., að síðasti málsl. falli niður. Hann hljóðar svo í frv.:

„Prestlaunasjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ræðir um í grein þessari".

Við 2. umr. gerði ég grein fyrir þessu. Þetta er ekki annað en aukaframlag af opinberu fé til hafnarinnar á Siglufirði. Kann ég illa við, að því sé laumað þarna inn í og komi ekki fram sem framlag beint úr ríkissjóði, heldur úr öðrum sjóðum, fráskildum ríkissjóði. Veit enginn, hve mikið framlag hér er um að ræða, og getur það orðið mikið fé. Tel ég þetta því ástæðulausara, sem kirkjujarðasjóður hefir ekki fengið nema mjög lítið afgjald af þessu landi. Sjóðurinn hefir borið mikinn þunga af þessum eignum, hann hefir lagt fé til sjóvarnargarða og kostað þar miklu til, en bæjarstj. hefir hinsvegar leyft sandtöku undir garðinum og stórspillt þar með eigninni, enda þótt vitamálastjóri hafi kvartað um þetta. Ég tel, að hér sé um aukaframlag að ræða, sem ekki hefir verið flutt áður, og að öðrum aðilum en skyldi sé gert að leggja þetta fram.

Hin brtt. er við 10. gr., að aftan við 4. málsl. 2. málsgr. komi: „enda séu almennar neyzluvörur ávallt undanskildar hækkuninni".

Þarna er í frv. verið að ganga braut, sem, ef áfram er gengin, stefnir til þess, að kaupstöðum sé gefinn réttur til að skattleggja nærliggjandi verzlunarhéruð. Þó að Siglufjörður sé ekki mikill verzlunarstaður, liggja þar þó góðar sveitir að, og verður þó meira um það, þegar vegur kemur yfir Siglufjarðarskarð. Því vil ég ekki, að þetta nái til almennra neyzluvara.

**Bernharð Stefánsson:** Brtt. n. við frv. eru sjálfsagðar, og hefi ég sem flm. ekkert við þær að athuga. Sé ég ekkert við að athuga, þó að bætt sé inn orðunum „allt að". Hin brtt. er sjálfsögð leiðrétting. En fyrri brtt. hv. 10. landsk. á þskj. 605 byggist á því, að það sé framlag af opinberu fé, ef kirkjujarðasjóði beri ekki endurgjald fyrir þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem um getur í 3. gr. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Ég held, að þótt Hvanneyrarland láti eitthvað endurgjaldslaust undir mannvirki, þá rýri það ekki gildi eignarinnar, heldur þvert á móti. Þessar framkvæmdir verða mikill gróði fyrir kirkjujarðasjóð, sem kemur fram í hækkuðu verði, og er því sízt ranglátt, að þetta sé af hendi látið endurgjaldslaust.

Hvað síðari brtt. hv. þm. snertir, er það að segja, að hún er gagnslaus, en líka meinlaus, því að hafnargjöld eru svo á Siglufirði, að neyzluvörur eru undanþegnar þeim, a. m. k. flestar. Ég leggst því ekki á móti því, að till. sé samþ., en tel hana þýðingarlausa. Aftur er frv. spillt, ef fyrri brtt. hv. þm. nær samþykki. Það er nú orðið áliðið fundartíma, en ég vil þó vona, að málinu verði lokið á þessum fundi.

**Þorsteinn Briem:** Ég skal ekki tefja umr. mjög. Það eina, sem ég hefi verulega að athuga við síðasta málsl. 3. gr., er það, hve hann er óákveðinn. Má eftir honum ganga nær ótakmarkað á landið, taka afnotarétt og leggja á það eignakvaðir. Hér er verið að ganga á sérstakan sjóð, og er ekki víst, að það verði honum til gróða. Það er óviðeigandi, þar sem kirkjujarðasjóður hefir tekið á sig allar kvaðir í þessu efni, en ekkert fengið í aðra hönd.

Viðvíkjandi seinni brtt. get ég þess, að það má vera, að hafnargjöldum á Siglufirði sé nú svo háttað, að þetta komi ekki að sök, þegar um neyzluvörur er að ræða, en ég vil, að þetta ákvæði brtt. minnar sé þó sett sem fordæmi. Auk þess veit ég enga tryggingu fyrir því, að ástand það, sem nú er, haldist framvegis.

ATKVGR.
Brtt. 629,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 605,1 felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
**já:** MG, MJ, PM, ÞBr, ÞÞ, GL, HG.
**nei:** JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, HermJ, IngP, JAJ, EÁrna.
Einn þm. (JBald) fjarstaddur.
Brtt. 629,2 samþ. án atkvgr.
— 605,2 samþ. með 8:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 630).

Á 51. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

---

Á 64. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 20. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 630, n. 883, 895).

**Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég get ekki séð, að það þurfi að tefja fyrir málinu, þó brtt. á þskj. 895 séu ekki teknar aftur. Það er þannig lagað, að í frv. eru — eftir því sem mér skilst — gerðar 3 breyt. á núgildandi hafnarlögum fyrir Siglufjörð, 1., 2. og 10. gr. þeirra. Í 1. gr. eru ákvæði um, að veita skuli 50 þús. kr. úr ríkissjóði næstu 4 ár. Hér er um að ræða endurveitingu, því þetta er í gildandi fjárl. Sama er um 2. gr. frv., er í felst ábyrgðarheimild handa ríkissjóði á 400 þús. kr. Þar er líka um endurveitingu að ræða.

Ég hefi ásamt hv. 6. þm. Reykv. borið fram brtt. við báðar þessar gr. um það, að í þær sé bætt til skýringar orðunum „til öldubrjóts á Siglufjarðareyri“ í svigum. Við viljum, að þetta sé tekið fram til samræmis við það, sem hefir verið í fjárlögum, svo ekki sé um að villast, að fjárveitingin sé til öldubrjóts.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir, að bæjarstj. sé heimilt að hækka núverandi vörugjald um 100%. Við þessa gr. frv. hefi ég ásamt hv. 6. þm. Reykv. borið fram brtt. um það, að á eftir orðunum „almennum lögum“ komi: „þó ekki lengur en árin 1935 og 1936“. Menn minnast þess, að hér á þinginu lá fyrir frv. um slík gjöld frá hv. þm. Ak., en þar var farið fram á heimild fyrir lengri tíma. Nú viljum við hv. 6. þm. Reykv. ganga inn á, að Siglufjarðarkaupstað sé heimilt að hækka vörugjaldið um 100%, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, t. d. sett lög um hæfilega gjaldstofna fyrir bæjarfélögin, auk útsvara. En við viljum ekki binda þetta yfir lengri tíma en árin 1935 og 1936, og þetta er gert alveg með sérstöku tilliti til þess, að Siglufjörður hefir hlotið tjón af ofsaveðri því, sem nýlega gekk yfir Norðurland, braut þar bryggjur, eyðilagði hús kaupstaðarbúa og matvæli o. s. frv. Er því greinilegt, að gjaldstofnar bæjarsjóðs hafa rýrnað mjög og nauðsynlegt er að fá nýja tekjustofna fyrir bæinn. Við leggjum því til, að frv. sé samþ. með þessum brtt. Eins og sést á þskj. 883, er n. öll sammála um að samþ. frv., en nm. hafa óbundnar hendur um að bera fram brtt. En ennþá eru það aðeins við tveir, sem orðið höfum til þess. Ég tel brtt. okkar skaðlausar, en þær eru sumpart til þess að ákveða greinilegar og sumpart til aukins öryggis um hæfilegt vörugjald. Vona ég, að hv. deild samþ. frv. með brtt. okkar.

**Guðbrandur Ísberg:** Út af hafnarlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, skal ég ekki hafa mörg orð. Það er aðeins eitt ákvæði í 10. gr. frv., sem ég ætla að gera hér að umtalsefni, að gefnu tilefni. Snemma á þessu þingi flutti ég frv. um bæjargjöld á Akureyri, þess efnis, að bæjarstj. væri heimilt að leggja vörugjald á þær vörur, sem fluttar væru að og frá Akureyri. Þetta frv. var drepið við 2. umr. mjög svo harkalega með öllum atkv. stjórnarflokkanna. Þar var þó ekki farið fram á annað en lítilfjörlega hækkun á vörugjaldinu. Í þessu frv. er farið fram á það sama, bara í stærri stíl. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, þó að stefnubreyt. sé orðin hjá þessum mönnum, að koma með þetta nú, þó þeir fyrir stuttu síðan væru á móti því, og skal ég ekki setja mig upp á móti því, að þetta verði samþ. En ég vildi aðeins benda á mismuninn í afstöðu þessara manna, sem er harla einkennilegur. Ég benti á í sambandi við mitt frv., að það var flutt eftir einróma beiðni bæjarstj. á Akureyri. Þar hreyfðu flokksmenn þeirra í bæjarstj. ekki mótmælum, heldur samþ. að fara fram á slíka heimild. Þessir hv. þm. hafa því gert sig að dómurum yfir flokksmönnum sínum, sem hlutu að þekkja betur til, skilja og vita betur, hvers þurfti. Yfir þessum flokksmönnum sínum felldu þm. stjórnarflokkanna þann dóm, að þetta væri bjánaskapur.

Ég vil benda á, að sá maður, sem af hálfu jafnaðarmanna gekk fram fyrir skjöldu gegn þessu frv. mínu, var hv. þm. Ísaf., einmitt sá maður, sem er form. sjútvn., sem þessu máli var vísað til. Hv. n. hefir skilað áliti, og maður skyldi nú ætla, að hv. þm. Ísaf. hefði ekki skrifað undir það nál., sem lýsir samþ. á frv., einmitt sá hv. þm., sem talaði af mestum móð gegn slíku ákvæði fyrir nokkrum dögum, og er þar að auki form. þessarar nefndar. (**FJ:** Vill ekki hv. þm. lesa nál.?). Þegar menn sjá nú nafn hans á þskj. 883, mætti halda, að hann hefði skrifað undir með fyrirvara, en það er ekki heldur svo, eða þá að fyrirvarinn fælist í nál. sjálfu, eða áskilinn réttur til að bera fram brtt. Ég hefi ekki heldur orðið var við það, og engin brtt. frá honum er komin fram. Ég vil sérstaklega benda á, að engin hliðstæða er í 10. gr. hafnarl.frv. fyrir Siglufjörð og í frv. því um bæjargjöld á Akureyri, sem ég bar fram. Þar var gert ráð fyrir hækkuðu gjaldi á öllum vörum, sem fluttar væru að eða frá Akureyri, en hér eru skildar undan þær vörur, sem bæjarbúar sjálfir nota. Þetta á því að dynja yfir þá menn, sem stunda atvinnu á Siglufirði yfir síldveiðitímann, en Siglfirðingar hafa nú ekki getað undanfarið náð til með útsvarsálagningu vegna þrengdra ákvæða útsvarslaganna. Þá er enn atriði, sem ég vil minna á sérstaklega og hv. þm. Ísaf. gerði að umtalsefni í sambandi við mitt frv., og með nokkrum rétti, að ef það ætti að gilda fyrir Siglufjörð, kæmi Síldarverksmiðja ríkisins til með að borga tugi þúsunda í vörugjald. Taldi hann þetta mestu óhæfu, og í því er ég honum sammála. Taldi hann nægilegt, að ríkið legði fram millj. kr. til að auka atvinnu í bænum, þó það fari ekki að borga tugi þúsunda í svona skatta. Í þessu er ég honum líka sammála. Þau fáu ár, sem ég hefi setið á þingi, hefi ég orðið var við ýmiskonar hringsnúning,

en ekkert í líkingu við þetta. Vantar ekkert annað en að hv. 1. landsk. hefði líka átt sæti í n. og skrifað undir nál. fyrirvaralaust.

Ég get ekki gengið framhjá því, sem hv. þm. Barð. bar blákalt fram, að í minu frv. hefði vörugjaldið verið ótímabundið, en það er ekki rétt, því í frv. var gert ráð fyrir, að lögin gildi aðeins til ársloka 1937. En fjhn. lagði til, að því yrði breytt, þannig, að lögin giltu aðeins til ársloka 1936, og gekk ég inn á þá brtt. Og svo segir hv. þm., að vörugjaldið hafi verið ótímabundið. Hvar hefir þessi hv. þm. þskj., eða les hann þau ekki?

***Finnur Jónsson*** [óyfirl.]: Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af aths. hv. þm. Ak. um nál. Hann sagði, að það eina, sem hefði vantað, væri að hv. 1. landsk. hefði skrifað undir nál. fyrirvaralaust. Ég verð að segja, að það eina, sem vantaði í ræðu hv. þm., er, að hann hefði lesið nál. áður en hann talaði um það, því það er ekki annað en fyrirvari við þessar þrjár gr. frv. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp úr nál.: „Allir nefndarmenn hafa þó áskilið sér rétt til þess að bera fram brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Á það aðallega við ákvæði 1., 2. og 10. gr." — Þegar um það var að ræða að taka málið á dagskrá, lýsti ég því yfir, að ég mundi koma með brtt. sérstaklega við 10. gr. frv., og er því óþarfi að álasa mér um það atriði, enda hefi ég fullan fyrirvara í nál. Það, að Siglfirðingar undanskilja nauðsynjavörur, en Akureyringar ekki, telur hv. þm. vera goðgá, og sýnir þetta bara þá stefnu, sem hann hefir í skattamálum.

Ég skal ekki vera meinsmaður þess, að þetta frv. fari til 3. umr., en lýsi því yfir, að ég mun koma með brtt. við frv. í fullu samræmi við afstöðu mína til frv. hv. þm. Ak., og endurtek það, að nál. er ekkert annað en fyrirvari.

Ég skal geta þess, að það, sem farið er fram á, að Siglufjörður fái hér, er ekkert smáræði, samkv. skeyti frá bæjarfógetanum á Siglufirði, eða nálega 87724,57 kr. Þessa uppbót vill bæjarstj. Siglufjarðar fá leyfi til þess að leggja *100% á og taka í bæjarsjóð. Mér skilst hv. frsm.*, þm. Barð., telja sérstaka nauðsyn á þessu vegna skaða þess, sem bæjarsjóður hafi átt að verða fyrir í ofviðrinu í vetur, en ég vil benda á það í þessu sambandi, að þetta tjón lenti aðallega á eignum einstaklinga, en lítið sem ekkert á eignum hafnarsjóðs. Þess vegna verða eignir hafnarsjóðs ekki bættar með þessu lagafyrirmæli, heldur með því að hækka vörugjaldið í hafnarsjóð.

Ég vil ekki segja, að ég muni verða því meðmæltur, að slík samþykkt verði gerð, því að vörugjaldið til hafnarsjóðs er mjög hátt. Vörugjaldið frá ríkisverksmiðjunni einni mundi hækka um 25—30 þús. kr. á ári, samkv. upplýsingum kunnugs manns. (GÞ: Allt vörugjaldið er 60 þús. kr.). Það er gagnslaust fyrir hv. 8. landsk. að fara með ósannindi í þessu máli. Ef hv. þm. hefir skeyti frá bæjarfógeta Siglufjarðar, þá ætti hann að lesa það í stað þess að vera að rengja mínar tölur. (GÞ: Vill hv. þm. lesa skeytið?). Ég hefi lesið það upp úr skeytinu, að vörugjöld fyrir árið 1933 eru 87724,57 kr., og ég vona, að hv. þm. fái það sama út úr sínu skeyti.

Ég sagði, að mér fyndist sanngjarnt, að Siglufjörður fengi tekjur af ríkisverksmiðjunni í útsvari, að hún borgaði eitthvað svipað í útsvar eins og aðrar ríkisstofnanir gera til þeirra bæja, sem þær eru í. Ég mundi, þegar tími væri til, taka slíka till. til athugunar, en ég get ekki fallizt á, að lagður sé á óbeinn skattur á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 10. gr.

Skal ég svo efna orð mín um að tefja ekki fyrir málinu við þessa umr., og vona ég, að málið gangi til 3. umr., því að þá mun ég leggja fram brtt. í samræmi við nál.

**Frsm. (Bergur Jónsson)**: Ég vil leiðrétta misskilning, sem fram kom hjá hv. þm. Ak. viðvíkjandi afstöðu hv. þm. Ísaf. og annara sjútvnm. til þessa frv. Hv. þm. undraðist það, að hv. þm. Ísaf. skrifaði undir nál. án fyrirvara, en ef hv. þm. hefir lesið nál. og athugað það, þá sér hann, að allir nm. áskilja sér rétt til þess að bera fram brtt. við frv., og það er ennfremur tekið fram, að það séu aðallega ákvæði 1., 2. og 10. gr., sem þeir vilji breyta. M. ö. o., nál. segir ekki annað en að nm. séu sammála um að leyfa Siglufirði að fá staðfestingu á núv. hafnarlögum, en þeir vilja hafa óbundnar hendur viðvíkjandi breyt., sem frv. gerir á núv. hafnarlögum. Í þessu liggur vitanlega sterkari fyrirvari heldur en þótt hv. þm. Ísaf. hefði skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég veit, að hv. þm. Ak. er svo glöggur maður, að hann skilur þetta.

Við hv. 6. þm. Reykv. höfum borið fram nokkrar brtt. við þessa umr. Þær ganga í þá átt, að við viljum samþ. 1., 2. og 10. gr. frv. næstum óbreyttar. Við vildum, að það kæmi greinilega fram, að heimildin til að hækka vörugjaldið samkv. 10. gr. sé tímabundin.

Hv. þm. Ak. hneykslaðist á því, að ég álít, að hækkun bæjargjalda á Akureyri sé ekki tímabundin. Það er rétt, að hv. þm. fór fram á það, að þetta gilti til ársloka 1937. Mér finnst þetta of langur tími. Ég vona, að næsta eða næstu þing geti gengið frá gjaldstofnum bæjarfélaga yfirleitt fyrir langan tíma, svo að það er óþarfi að binda nú á þessu þingi heimild fyrir bæjarsjóði til þess að heimta tekjur með vörugjaldi til svo langs tíma eins og til ársloka 1937.

Mín afstaða í þessu máli er sérstaklega mörkuð af því, að ég álít, að Siglufjarðarkaupstaður hafi orðið fyrir miklu tjóni af náttúrunnar völdum, á bryggjum, húsum og matvælum, svo að gjaldþegnar kaupstaðarins séu síðan miklu lélegri gjaldstofn en hingað til hefir verið á þessu eina sviði, sem kaupstaðurinn hefir heimild til þess að nota þar, sem sé útsvarskröfur. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til þess að mæla með því, að kaupstaðnum sé bætt þetta tjóa upp, eftir því sem unnt er.

Aðeins frá þessu sjónarmiði vil ég ganga inn á þetta, þó ég álíti hinsvegar ekki rétt að ganga inn á þá leið, að ákveða nú nýjan gjaldstofn fyrir bæjarsjóðinn, án þess að taka *tillit* til þeirra tekjuöflunarlaga, sem nú gilda fyrir ríkissjóð sjálfan, svo að hægt sé að hafa samræmi

milli þess, hvernig ríkissjóður krefur þegnana um gjöld, og hvernig bæjarsjóðir gera það.

Ég tel sérstaka ástæðu fyrir hendi í þessu tilfelli til þess að veita Siglufjarðarkaupstað hjálp, svo að hann geti komið áfram því nauðsynjamáli sínu að ljúka við lagfæringu á öldubrjót á Siglufirði.

Við tökum aftur till. okkar til 3. umr. eftir áskorun.

**Guðbrandur Ísberg:** Tveir hv. þm. hafa borið mér það á brýn, að ég hafi ekki lesið nál. það, sem fylgir þessu frv. Þetta er mesti misskilningur. Ég hefi einmitt lesið það vel og vandlega, og undraðist sumt af því, sem þar stendur. Þar stendur t. d. skýrt í byrjun nál., að n. hafi athugað málið og sé sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Mig furðar á hinum skriflega fyrirvara hv. form. n., þm. Ísaf., sérstaklega þegar tekið er tillit til þeirrar afstöðu, sem hann hafði áður tekið til annars jafnmikilsverðs atriðis og hér um ræðir. Þetta er aðalumr. málsins, og hv. þm. Ísaf. hefir ekki enn borið fram neina brtt., og mér er ekki kunnugt um, að von sé á brtt. frá honum, enda er hann nú genginn út úr deildinni. Hv. þm. lét orð falla í þá átt, að ég væri mótfallinn því, að fellt yrði niður í 10. gr. frv. það ákvæði, sem snertir hækkun vörugjalds, að fellt sé niður það ákvæði, að það megi leggja það á nauðsynjavörur. Það er ekki rétt, að þetta beri á milli, heldur hitt, að samkv. minu frv., því sem ég hefi borið fram hér í hv. d. f. h. bæjarstj. Akureyrar um bæjargjöld þar, var Akureyrarkaupstað gefin heimild til þess að leggja aukin gjöld á sína eigin borgara. En Siglfirðingar vilja fá leyfi til þess að reyta gjöldin af öðrum, og þá fyrst og fremst af síldarverksmiðjum ríkisins og síldarútgerðarmönnum, er gera út frá Siglufirði, þar á meðal mörgum Akureyringum.

ATKVGR.
Brtt. 895 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15:2 atkv.
2.—16. gr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

## 57. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1935.

Á 53. fundi í Ed., 5. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935** (þmfrv., A. 661).

Á 54. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þessu litla frv. þurfa ekki að fylgja mörg orð. Varð ekki hjá því komizt að setja l. um þetta efni, því að fyrirsjáanlegt er, að Alþingi getur ekki komið saman á reglulegum tíma. Hefir nokkuð verið um það deilt, hvenær það ætti að koma saman, og er í frv. gert ráð fyrir, að samkomudagurinn sé 15. marz. Ýmsir eru e. t. v. þeirrar skoðunar, að þessi undirbúningstími sé of stuttur. Væri e. t. v. heppilegra að færa hann yfir á 20. eða 25. marz. Mun ég ekki láta það neinu máli skipta, þótt svo yrði gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

---

Á 56. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

---

Á 57. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.

**Magnús Jónsson:** Ég vildi aðeins spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj., hvers vegna samkomudagur Alþ. hefir verið ákveðinn svona seint. Eins og kunnugt er, hefir verið mikið um það deilt, hvaða tími væri heppilegastur fyrir þingtíma, og hefir verið hringlað með hann undanfarin ár. Annars virðist það vera nokkuð sameiginlegt álit manna, að vetrartíminn stuttu eftir nýár sé heppilegasti tíminn. Fæstir, sem setu eiga á þingi, eru þá mjög bundnir við störf, en gallinn á því hefir þó þótt sá, að reynslan hefir verið sú, að þingið hefir jafnan dregizt langt fram á vor, og er það mjög óheppilegt. Það, að þingið hefir ekki verið ákveðið fyrr en þetta, býst ég við að stafi af því, að það hefir verið óskað eftir, að nokkurt yfirlit gæti fengizt yfir afkomu næsta árs á undan áður en fjárl. eru samin. En mér finnst það eðlilegt, að sem minnst sé að því gert að fresta samkomudegi Alþ., þó ekki verði komizt hjá því að gera það að einhverju leyti, og vil ég því spyrja þann hæstv. ráðh., sem hér er staddur, hvers vegna ekki var hægt að ákveða t. d. 1. marz, og hvort hann áliti ekki hættu á því, að þinghaldið dragist fram á vor, ef samkomudagurinn er ekki ákveðinn fyrr en 15. marz.

**Atvmrh. (Haraldur Guðmundsson):** Þetta frv. er að vísu fram komið vegna tilmæla hæstv. forsrh., en ég hygg þó, að ég geti svarað fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv., hvers vegna frestað er þinghaldinu. Það er að sjálfsögðu í fyrsta lagi vegna þess, að þessu þingi verður ekki lokið fyrr en öðruhvoru megin við áramót, og stj. lítur svo á, að ekki veiti af þeim tíma til miðs marz til þess að undirbúa þingmál, og hygg ég, að hv. þd. geti fallizt á, að það sé rétt. Ég get

sagt það persónulega fyrir mig, að ég hefði heldur kosið, að þinghaldinu væri frestað öllu lengur, jafnvel fram til mánaðamóta marz og apríl. Mér þykir ekki ósennilegt, að ástandið geti orðið þannig á næsta ári, að menn telji ráðlegt, þó þingið komi saman í marz, að ljúka því ekki, heldur fresta afgreiðslu fjárl. Mér sýnist fullar horfur vera á því, að ástandið geti orðið þannig, að slíkt verði óhjákvæmilegt. Ef svo yrði, væri ástæða til að athuga, hvort ekki væri heppilegast að taka upp haustþing, eins og komið hefir til tals. Að því er snertir fjárl. er það bezt, þó ég játi, að ýms vandkvæði séu á því.

**Þorsteinn Þorsteinsson:** Áður en frv. þetta verður afgr. héðan úr d., vildi ég láta mína skoðun í ljós með örfáum orðum. Ég er þeirrar skoðunar, að haustþing sé heppilegast. Það hafa áður komið fram raddir um það, að til þess að hægt sé að fá sæmilega fjárlaáætlun sé heppilegast að vera sem næst áramótunum, og hvað snertir ástæður þm. utan af landi, þá hygg ég, að flestum þætti haustþingið þægilegast. En það hefir komið í ljós á þessu þingi, að tíminn er of naumur frá 1. okt. til jóla, en ef samkomudagurinn væri t. d. 20. sept., ætti að mega ljúka þinginu á þeim tíma. Það hefði mér þótt langæskilegasti þingsetutíminn, en úr því það fæst ekki, þá ætla ég, eins og hv. 1. þm. Reykv. minntist á, að heppilegast sé fyrir flesta þm., að þingið hefjist sem fyrst upp úr áramótum. Ég skil reyndar, að það sé erfitt fyrir stj. að vera búin að undirbúa næsta þing á svo stuttum tíma sem er frá nýári til 15. febr. En færi svo, að eitt þing yrði næsta ár og því yrði lokið í vor, þá teldi ég alveg sjálfsagt að sjá svo um, ef haustþing fæst ekki, að byrja á þinghaldi sem fyrst eftir áramót, t. d. um 20. jan., eins og stundum hefir verið. Ég fyrir mitt leyti gæti að mörgu leyti fellt mig bezt við það, eins og nú horfir við, að þinginu, sem saman kemur seinni partinn í vetur, yrði frestað, og því svo lokið að hausti. Þetta hefir vitanlega sína ókosti. Það verður dýrara, þar sem ferðakostnaður þm. verður meiri. Það verður kannske ekki eins heppilegt að gera hlé á þingstörfum eins og að halda þeim óslitið áfram. En ef Alþ. á framvegis að byrja 15. marz — (**MG:** Frv. er aðeins miðað við þetta eina ár). Ég veit það, en ég á við það, að ef ætti að kalla þing saman á þessum tíma áfram, þá væri ég mjög óánægður með það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

---

Á 55. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 661).

Á 56. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þetta frv. er borið fram af því, að fyrirsjáanlegt er, að ekki verður nógur tími fram að 15. febr. til þess að undirbúa þau mál, sem þarf að bera fram á Alþ. Þetta frv. er því fram borið einungis til þess að fá frest, en hann er hafður eins stuttur og mögulegt er.

Það er óþarfi að fylgja þessu frv. úr hlaði með frekari skýringu. Ég hefi ekkert á móti því, að samkomudagurinn verði færður fram til 20. eða 25. marz, ef menn óska þess.

Ég óska eftir, að málinu verði vísað til 2. umr.

**Pétur Ottesen:** Ég vil í sambandi við breyt. þá á samkomudegi Alþ., sem hér liggur fyrir, benda á það, að ég tel mjög svo óheppilegt og óþægilegt fyrir bændur yfirleitt, sem eiga sæti á þingi, að þinginu verði frestað um svo langan tíma sem gert er ráð fyrir í frv., því að það er mjög sennilegt, að það verði næstum óhjákvæmilegt, að þingið nái þá fram á vor. En vortíminn er mjög mikill annatími í sveitinni. Það er kunnugt, að bændur eiga ekki eins örðugt með að vera burtu frá búum sínum á neinum öðrum tíma ársins, að heyannatímanum undanskildum. Frá minu sjónarmiði sem bónda er þessi breyt. því mjög til hins verra, miðað við það sem nú er ákveðið í lögum um samkomudag Alþingis.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, vil ég taka það fram, að það er ómögulegt að undirbúa þingmál á skemmri tíma en þeim, sem frv. gerir ráð fyrir. Eftir áramót liggur m. a. fyrir staðfesting á þeim lögum, sem þetta þing skilar frá sér, og síðan er ekki nema 1½ mán. til þess að undirbúa málin til næsta þings.

Hvað því viðvíkur að halda þing á haustin, vil ég taka það fram, að eftir þeirri reynslu að dæma, sem fengizt hefir þetta haust, yrði óhjákvæmilegt að byrja haustþing fyrr en gert var síðastl. haust. Það eru mörg mál eftir á þinginu, sem ekki er búið að ljúka við, sökum þess hvað tíminn var stuttur. Byrji þingið aftur á móti fyrr en í haust, þá er sá tími mjög óheppilegur fyrir bændur. Þess vegna er ekki farið fram á annað en að gera þessa undantekningu, sem óhjákvæmileg er í þetta skipti.

**Thor Thors:** Það er svo ákveðið í 30. gr. stjskr., að reglulegt Alþ. skuli koma saman 15. febr. ár hvert, ef konungur hefir ekki ákveðið annan samkomudag fyrr á árinu. En þessu má breyta með lögum. Það hefir oft heyrzt, að heppilegra væri, að þingið kæmi saman á haustin heldur en á þeim tíma, sem stjskr. gerir ráð fyrir. Á haustin eru betri skilyrði til þess að kynnast afkomu þjóðarinnar í heild og fjárhagsafkomu ríkissjóðs, og þess vegna er auðveldara að ganga frá fjárl. á þeim tíma heldur en í ársbyrjun. Ég tel æskilegt, að það yrði ákveðið í eitt skipti fyrir öll, að þingið kæmi saman á haustin.

Ég get fallizt á það með hæstv. forsrh., að það sé mjög stuttur frestur fyrir ríkisstj. til þess að undirbúa frv. fyrir næsta þing, ef það á að koma saman aftur á venjulegum tíma. Hæstv. forsrh. sagði, að 1. okt. væri of seint að hafa fyrir samkomudag þingsins, til þess að

hægt væri að ganga frá málum þingsins. Það hefir ef til vill reynzt svo á þessu þingi, en það stafar af því, að hæstv. ríkisstj. hefir leitt svo mikið af frv. inn í þingið, sem mörg eru óþörf og til óheilla.

Ef farið væri meira eftir kröfum þjóðarinnar í þessum efnum, þá er ég viss um, að tímabilið frá 1. okt. fram til jóla yrði kappnógur þingtími. Ég mun því bera fram brtt. við þetta frv., um það, að reglulegt Alþ. komi saman að jafnaði 1. okt., ef annar dagur verður ekki tiltekinn.

**Hannes Jónsson:** Ég vil taka það fram, að ég tel þennan samkomudag, sem ákveðinn er í frv., mjög óheppilegan. Hv. þm. Snæf. benti réttilega á það, að bezt væri að hafa samkomudag Alþ. í byrjun haustsins. En ég hefi heyrt, að það sé ákvörðun hæstv. ríkisstj., að þingið komi aftur saman í marz, standi yfir stuttan tíma í það skiptið, en verði svo frestað til næsta hausts. Ég fyrir mitt leyti tel það mjög varhugavert að taka upp slíka tilhögun. Ég tel, að nauðsynlegt sé, að einhver áætlun liggi a. m. k. fyrir um tilvonandi störf þessa fyrrihlutaþings, svo að fullum notum gæti komið.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj., hver meiningin sé í þessu efni, og fá upplýsingar um það, hvort um slíka tilhögun geti verið að ræða.

Hæstv. stj. hefir fengið sér nefnd til aðstoðar, sem maður skyldi ætla, að létti eitthvað undir með undirbúning þingmála. Þessi n. hefir starfað um þingtímann, svo að hún ætti að geta látið eitthvað eftir sig liggja.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þeirri fyrirspurn hefir verið beint til mín, hvort fresta eigi næsta þingi til hausts. Það fer alveg eftir því, hve tíminn notast vel á þinginu seinni partinn í vetur. Það er vitanlega ómögulegt að segja um það fyrirfram.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Snæf. sagði um frv. þau, sem borin hafa verið fram á Alþ. núna, vil ég taka það fram, að það er jafnan svo um minni hl., að honum finnst málin sjaldan vera við sitt hæfi.

Það er ómögulegt að segja, hve mörg ágreiningsmál verða lögð fyrir næsta þing. Þess vegna vil ég ekki segja annað en það, að stj. mun reyna að gera sitt bezta í þessu efni.

**Thor Thors:** Mér þætti æskilegt, að það kæmi fram í þessum umr., hvernig hæstv. forsrh. lítur á það, að tekin verði upp sú aðalregla, að þing verði kallað saman á haustin.

Annars vil ég vekja athygli hv. þingheims á því, sem hæstv. forsrh., foringi „lýðræðisflokkanna" hér á landi, lét í ljós í þessu sambandi. Hann sagði, að bezt væri vitanlega að reyna að losna við þingið. Þarna finnst mér koma fram hugur hæstv. ráðh. til þingsins. Ég vil undirstrika þessi ummæli hæstv. forsrh.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þeirri ímyndun hv. þm. Snæf., að ég vilji helzt losna við þingið, er ástæðulaust að svara. Ég sagði aðeins, að æskilegt væri að losna við að fresta þinghaldi til haustsins. Þetta hljómar svo í eyrum þessa hv. þm., að ég vilji losna við þingið fyrir fullt og fast.

Viðvíkjandi því atriði, hvort ég álíti heppilegt að halda þing á haustin, vil ég taka það fram, að engin afstaða hefir verið tekin til þess í Framsfl., svo að ég get ekkert beinlínis um það sagt að svo stöddu.

**Hannes Jónsson:** Ég fekk ekki glögg svör við því, hvort hæstv. stj. ætlar sér að fresta næsta þingi fram á haust. Hæstv. forsrh. sagði, að það væri komið undir hv. þm. sjálfum, sem sé hve greiðlega gengi að afgreiða málin. Ef þingið á að standa yfir í 3 mán., eins og vant er og ekki að ganga lengra fram á vorið en venja er til, þá er gefið mál, að þingi, sem byrjar í marz, verður að fresta. Vitanlega er ekki útilokað að halda þinginu áfram langt fram á vor, en sá tími er afaróhentugur fyrir bændur.

**Pétur Halldórsson:** Ég tel mjög illa farið, ef tilgangurinn með þessu frv. er, að haldin verði tvö þing á næsta ári, sem bæði verða án efa löng, dýr, afkastalítil og gagnslítil. Ég tel hæstv. stj. vorkunnarlaust að ganga þannig frá þingmálum, að þingið þurfi ekki að standa lengur yfir en á meðan fjárl. eru til meðferðar.

Hér á þessu hv. þingi verður ekkert mál eftir, sem er svo nauðsynlegt, að nokkur minnsta ástæða sé til þess að kalla saman þing eftir nokkra mánuði til þess að ganga frá þeim málum. Það hafa verið skipaðar svo margar nefndir til þess að létta undir með hæstv. stj., að mér sýnist, að haga mætti undirbúningnum þannig, að þingið þyrfti ekki að taka mjög langan tíma. Ég álít, að heppilegast væri að hafa fjárlagaþing að haustinu til, vegna þess að á þeim tíma fæst bezt yfirlit yfir fjárhag ríkissjóðs. Það gleður mig, að hv. þm. Snæf. skuli ætla að bera fram brtt. við þetta frv. þess efnis, að þingið verði kvatt saman á haustin.

Ég verð að segja það, að það sæti sízt á núv. hæstv. stj. að taka upp þá reglu að láta þing sitja 6—8 mán. ársins, í viðbót við alla þá örðugleika, sem þjóðfélagið á nú við að búa. Langt og leiðinlegt þing er ekki aðeins þreytandi fyrir hv. þm., heldur einnig sannkölluð plága fyrir þjóðina. Þess vegna á Alþ. að sitja sem stytztan tíma, og á þeim tíma ársins, sem beztur er fyrir afgreiðslu fjárl. — Ég er því mótfallinn, að hv. Alþ. verði gert að einskonar dýrtíðaruppbót fyrir okkur þm., sem erum svo ólánssamir að hafa verið kosnir til þess að eiga sæti á þingi, sérstaklega ef þinghaldið á að taka meiri hluta ársins.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að innleiða eldhúsumr. um þetta mál. Deilan snýst í raun og veru aðeins um það, hvort rétt sé að samþ. þennan samkomudag eða annan.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á það, að hv. 5. þm. Reykv. virðist vera farinn að halda eldhúsumr. yfir sjálfum sér og hv. minni hl. þingsins. Menn þurfa ekki annað en að fara í gegnum þingræðurnar til þess að sjá, að það eru

þessir menn, sem eiga mesta sökina á því, hve þingið hefir staðið lengi.

**Jón Sigurðsson:** Það er þegar búið að taka ýmislegt fram af því, sem ég ætlaði að segja. Þó vil ég taka það fram, að þegar ég kom suður til Rvíkur í haust, þá gerði ég í huga mínum ráð fyrir, að sú regla yrði tekin upp að halda þing á haustin. Mér er kunnugt um það, að víðsvegar um sveitir landsins gera menn ráð fyrir þessu. Ég varð því fyrir vonbrigðum, þegar ég varð þess var, að þetta er ekki meiningin, heldur þvert á móti að fara að halda þing seinni partinn í vetur. Ég sem bóndi get lýst því yfir, að ég tel haustið bezta tíma, sem völ er á til þinghalds. Og svo er um fjölda bænda um gervallt land.

Aftur á móti er þessi tími, sem ákveðinn er í frv., svo óheppilegur, að það getur varla farið hjá því, að með þessum samkomudegi standi þingið fram í miðjan júní. Eins og hv. þm. Borgf. tók réttilega fram, þá er þetta einhver allra versti tími, sem til er fyrir bændur. Mér liggur við að segja, að með þessu móti yrðu þeir bændur, sem sæti eiga á hv. Alþ., útilokaðir frá þingsetu.

Ég get ekki séð, að það sé á fullum rökum reist, að þingið geti ekki byrjað á haustin yfirleitt, eins og síðastl. haust. Á haustin er vafalaust bezt að afgreiða fjárl. Það er einu sinni venja, sem venjulega er nokkurn veginn fylgt, að þegar fjárl. hafa verið afgr., þá er litið svo á, að aðalstarfi þingsins sé lokið og að þau mál, sem þá er eftir að afgr., séu yfirleitt ekki svo aðkallandi, a. m. k. ef komið er að endanlegri afgreiðslu þeirra, að þau mættu ekki bíða næsta hausts.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði, að það væri sök okkar sjálfstæðismanna, hversu lengi þingið hefði staðið og hve afgreiðsla mála hefði gengið illa, vil ég aðeins segja það, að mér skilst, að hann kjósi helzt að binda fyrir munn andstæðinganna, til þess að þeir geti ekki látið skoðun sína í ljós.

**Sigurður Kristjánsson:** Ég tel það fullkomlega tímabært að ræða um samkomudag Alþingis. Ég verð að játa það, að mér kom það allmjög á óvart, þegar ég heyrði, að 15. marz hefði verið ákveðinn samkomudagur næsta Alþingis. Með því er Alþingi flutt yfir á þann tíma ársins, sem ég held, að engum lifandi manni þyki æskilegur eða hafi nokkurn tíma þótt.

Það hefir nú verið rætt töluvert um það áður, hvaða tími væri hentugastur til þinghalds. Öllum hefir auðvitað komið saman um, að það væri sá tími, er þingmenn hefðu minnstum störfum að gegna heima fyrir. Menn ætluðu í fyrstu, að 15. febrúar væri hentugur samkomudagur Alþingis, en það kom brátt í ljós, að þingið stóð langt fram á vorannir, eða fram í júní, sum árin. Þá hefir og verið stungið upp á haustþingum. En á þeim tíma þurfa bændur að vera bundnir við fjárförgun og sláturstörf. (**TT:** Er ekki eins hægt að standa í þeim á þingi?). Jú, en þau sláturstörf eru öllu óheppilegri en hin, því að á þingi er oftast slátrað því, sem er lífvænlegast.

Ef menn vilja ekki sætta sig við haustþingin, virðist það liggja næst að hafa vetrarþing, eins og verið hefir, en byrja þingið nokkru fyrr, t. d. 20. jan. Með því að ákveða samkomudag Alþ. 15. marz er auðsætt, að þingið stendur fram í júlímánuð, nema því verði frestað til hausts og þingið þannig háð mestallt árið, og þá teldi ég farið inn á ranga braut. Þó að órói og sprikl sé í mörgum um þessar mundir, má setja einhverjar hömlur á þær hræringar, og við erum ekki stærri eða umsvifameiri en það, að okkur ætti alveg að duga 3 mánaða þing. Lengra þinghald leiðir aðeins til þess að rubba upp leiðinlegu og skaðlegu lagadrasli í viðbót við allt það, sem fyrir er.

Ég fer ekki út í þau ummæli hæstv. forsrh., að hv. 5. þm. Reykv. hefði verið að halda eldhúsdag yfir sjálfum sér, vegna þess, að sjálfstæðismenn ættu sök á því, hve þingstörfin hefðu gengið seint. Við sjálfstæðismenn leggjum það óhræddir undir dóm þjóðarinnar, þegar hún les Alþt. frá þessu þingi, hverjir hafi rætt málin af viti og þekkingu og hverjir ekki. Og þjóðin mun líka sjá það af **þingskjölunum**, hvernig rignt hefir niður frá stj. og fylgifiskum hennar gersamlega vanhugsuðum og greinargerðalausum frv., sem eiga að hafa endaskipti á núv. þjóðfélagsskipun og leggja hana í rústir. Um þessi afkvæmi sín ætlar svo stj. og flokkar hennar að banna andstæðingum sínum að tala, og hefir jafnvel gert tilraunir til að hefta málfrelsi þeirra með ofbeldi. Fyrst bera þeir þetta góðgæti fram fyrir þingið, banna síðan andstæðingum sínum að ræða málin og hælast svo um á eftir.

Ég tel það alveg nægilega að verið af hæpnum meiri hl., að drepa allar till. andstæðinganna með ráðnum hug, hversu skynsamlegar sem þær eru, þótt ekki bætist þar við að ætla að taka af andstæðingunum það málfrelsi, sem mönnum er áskilið í stjskr. Ég vil alvarlega vara hæstv. forsrh. við að ganga lengra á þeirri tæpu og hálu braut, að reyna að svipta andstæðinga sína löghelguðum rétti þeirra til að láta í ljós skoðanir sínar um endemisfrv. stjórnarinnar á þingi.

**Ólafur Thors:** Hv. 6. þm. Reykv. hefir nú að mestu tekið af mér ómakið og sagt það, er ég vildi mælt hafa, bæði um sjálft málið, samkomutíma Alþingis, og ræðu hæstv. forsrh.

Ég tel, að tvennskonar þingtími komi til greina, að annaðhvort sé háð haustþing eins og nú, eða þá að þingið hefjist svo snemma vetrar, að því geti jafnan verið lokið fyrir miðjan maí, eða 20. maí í síðasta lagi. Sjálfum stendur mér persónulega á sama um, hvor tíminn er valinn.

Ég hefði getað látið þetta mál afskiptalaust, ef hæstv. forsrh. hefði ekki komið með þá slettu til Sjálfstfl., að hann ætti sök á því, hve þingstörfin gengju illa. Það er annaðhvort, að hæstv. forsrh. gengur hér blindandi til verks, eða hann er ósvífinn í meira en meðallagi. Allir vita það, að andstöðuflokkar stj. eru í meiri hl. meðal þjóðarinnar, en stjórnarflokkarnir í minni hl. Og nú á að banna fulltrúum þjóðarmeirihlut-

ans að tala á þingi, og það þrátt fyrir það, að þau lagafyrirmæli, sem stj. leggur fyrir þingið, eru með þeim einsdæmum, bæði að efni og frágangi, að hverjum manni hlýtur að blöskra. Ef hæstv. forsrh. er enn óljóst, hvað hér er að gerast, skal ég benda honum á það í fáum dráttum. Það er verið — og þegar búið að nokkru leyti — að draga innflutningsverzlunina að mestum hluta úr höndum þeirra einstaklinga, sem hingað til hafa rekið hana, og svipta þannig fjölda manna atvinnu og framfærslumöguleikum, þrátt fyrir eindregin mótmæli verzlunarstéttarinnar og þrátt fyrir það, að fullvíst er, að þessi verzlun er á allan hátt verr komin í höndum ríkisins. Og auk þessa hafa stjórnarflokkarnir ráðizt inn á hin viðkvæmustu svið einkarekstrarins, fiskverzlunina, sem hagur allrar þjóðarinnar og ríkissjóðs er undir kominn. Og svo langt er gengið í niðurrifsstarfseminni, að stjórnarflokkarnir hafa látið sér sæma að bera fram nýtt frv. um einkasölu á síld, þrátt fyrir milljónatöp hinnar gömlu einkasölu, sem ríkið er nú af veikum mætti að greiða.

Ég tel, að Sjálfstfl. sé miklu fremur ámælisverður fyrir það, að hafa ekki notað sér, meira en hann hefir gert, rétt sinn til gagnrýni á afglöp og ósvífni stj. Það má vel vera, að sjálfstæðismenn hafi talað mest á þessu þingi, en þeir hafa líka talað mest af viti.

Það er annars engu líkara en að hæstv. forsrh. haldi, að þegar hann varð ráðherra, hafi forsjónin komið í hans eigin gervi norðan af Hornströndum, kannske komið við í Hriflu í leiðinni, og sezt í stól forsætisráðherra. Það er engu líkara en að hin unga stjórn ætli sér í einni svipan að leysa öll þau vandamál, sem hingað til hafa hvílt á herðum margra og þar til bærra einstaklinga. Og ef þjóðin á til lengdar að búa við þá ógæfu, að sá maður sé í stjórnarforsæti, sem þar er nú, þá held ég, að ekki geti hjá því farið, að hann læri það, að það er ekki hygginna stjórna háttur að ætla sér að umturna í einu vetfangi atvinnu- og verzlunarháttum þjóðarinnar og tryggja framgang mála sinna með því að beita andstæðingana ólöglegu ofbeldi.

**Garðar Þorsteinsson:** Ég vil aðeins taka það fram, að mér finnst engin ástæða til þess að stj. sé að gera sér leik að því að hafa þingtímann lengri en þörf er á. En það er alveg augljóst mál, að þing, sem kemur saman í marz, verður frestað í vor og kemur saman aftur að hausti, hlýtur að standa lengur en eitt samfellt þing myndi gera.

Ég álít, að yfirleitt eigi þingtíminn að miðast við afgreiðslu fjárl. Þetta þing, sem nú situr, hefir haft umfangsmeiri mál með höndum en flest önnur þing, og þó eru horfur á, að afgreiðslu fjárl. geti orðið lokið 17. des., eða eftir rúml. 2½ mánuð frá þingbyrjun.

Hæstv. forsrh. kom við umr. um þetta mál með þá upptuggu úr Nýja dagbl., að það væri Sjálfstfl., sem tefði þingstörfin. Stjórnarflokkarnir hafa gert talsvert til að reyna að koma þeirri blekkingu inn hjá kjósendum, að þeir vildu halda sér við málefnin og hafa sem stytztan umræðutíma. Í þessu skyni komu þeir í vetur með tilmæli um reglur um ræðutíma og fjölda ræðumanna, sem þeir hafa að vísu ekki minnzt á síðan.

En þegar dæma skal um umr. og umræðutíma á þingi, ber ekki síður á það að líta, hverjir gefa tilefni til umr. en hitt, hverjir halda þeim uppi. Það er alkunnugt, að stj. hóf feril sinn með því að gefa út hver bráðabirgðalögin á fætur öðrum. Með þessi bráðabirgðalög kemur stj. síðan til þingsins til að leita samþykkis þess, og þau voru sannarlega svo úr garði gerð, sum þeirra, að það hefði verið til of mikils mælzt, að við þeim hefði verið þagað. Ein þessara bráðabirgðalaga fengu nú þá útreið, að meiri hl. þings lýsti yfir því, að forsrh. hefði brotið stjskr. með því að ekki hefði verið nægilegt tilefni til útgáfu laganna. Ég held, að það hefði hvergi getað viðgengizt í þingræðislandi, nema hér, að stj. sæti að völdum, eftir að hafa fengið áminningu frá meiri hl. þings fyrir að hafa brotið stjskr. Og sérstaklega er þetta leiðinlegt fyrir stj., sem alltaf er með lýðræðið á vörunum.

Andstæðingar stj. munu ekki þola það þegjandi, að fram séu borin einkasölufrv. í tugatali, sem svipta einstaklinga hundruðum og þúsundum saman atvinnu þeirra. Enda hafa þegar borizt mótmæli gegn þessum fyrirætlunum stj. frá þúsundum manna. Stj. þarf ekkert að furða sig á því, þó að sjálfstæðismenn taki hanzkann upp fyrir þessa menn. **(Fjmrh.:** Hvað er þetta annað en málþóf?). Mér er sagt, að á síðasta þingi hafi hæstv. fjmrh. verið einhver allra mesti málþófsmaður, þótt hann hafi hægt um sig nú, af því að hann finnur, að hann er ekki starfi sínu vaxinn, enda mun hann hafa fengið bendingu um það frá flokksbræðrum sínum í fjhn., að bezt myndi vera, að hann hefði sig ekki mikið í frammi. Þessi hæstv. ráðh. hefir borið fram hvert skattafrv. á fætur öðru, án þess að gera nokkra grein fyrir, hvaða tekjur þau myndu gefa, og eitt slíkt síðast í dag.

Stj. má vita, að meðan hún ber fram frv., sem ganga svo mjög á rétt alþýðu manna sem einkasölu- og skattafrv. hennar, mun Sjálfstfl. ekki taka þeim með þögn og þakklæti. Hún þarf ekkert að furða sig á því, þó að þeir, sem unna frelsi og einstaklingsframtaki í landinu, spyrni á móti kúgunartilraunum hennar. Stj., sem lofaði sparnaði, en hefir lagt nýjar milljónabyrðar á skattþegna ríkisins, getur ekki búizt við því, að andstæðingarnir hummi slíkt fram af sér þegjandi.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þær umr., sem lent hafa vítt og breitt í sambandi við þetta mál, heldur ætla ég að minnast á tvö atriði í umr., sem virðast byggð á misskilningi. Ég vil taka það skýrt fram, að það hefir aldrei verið sagt af hálfu stj., eða flm. frv., að það ætti að setja þing í vor og fresta síðan nokkrum hluta þess þangað til að hausti. Hitt atriðið er, að hér er ekki verið að ræða um neitt framtíðarskipulag, heldur aðeins bráðabirgðafyrirkomulag. Ég tel, að þessar tvær skýringar frá minni hendi sé nægilegt svar við því, sem fram hefir komið í umr., af því ég tel ástæðulaust, að farið sé að innleiða almennar eldhúsdagsumr. í sambandi við þetta mál.

**Jóhann Jósefsson:** Það eru sjálfsagt skiptar skoðanir um það meðal hv. þdm., hver tími sé heppilegastur til þingsetu og þinghalds. Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði aldrei verið sagt, að það ætti að fresta þingi í vor þangað til að hausti, þannig að láta það hefjast 15. marz og standa fram á vorið, en fresta því síðan. Það er rétt, þetta hefir ekki verið sagt, en ég er ákaflega hræddur um, að niðurstaðan verði sú, að fjárl. verði ekki afgr. fyrr en í haust. Eins og aðstaðan er nú, er það ákaflega erfitt fyrir alla, ekki síst stj., að afgr. fjárl. fyrri part árs. Það er almennt viðurkennt, að heppilegast sé að afgr. fjárl. síðari hluta árs. Þó ég þori ekki að fullyrða, að svo muni fara, þá leyfi ég mér að láta í ljós fullkominn ótta um það, að afleiðing þessa frv., ef samþ. verður, verði tvö þinghöld. En ef á að forðast allt það, sem leitt geti til þess, að tvö þinghöld verði á árinu, þá er ráðið það, að hafa þingið að haustinu; þá er bezt aðstaða til þess að setja fjárl. og þá er líka aðhald með það, að ljúka þingi fyrir áramót. Þinghaldið kostar nú kringum ¼ millj. kr. á ári, og ef áfram heldur í sömu stefnu og nú horfir, gæti maður búizt við, að kostnaðurinn yrði tvöfalt meiri, og jafnvel helmingi meiri en það. Hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. kom með, er ekki ástæða til að ræða meira; því hefir verið svarað af hv. 6. þm. Reykv. o. fl. Ég vildi aðeins láta í ljós skoðun mína um þinghaldið. Ég tel, að ekki megi koma fyrir, að halda þurfi nema eitt þing á næsta ári, og ég tel, að heppilegur tími til þess, að svo megi verða, sé ekki sá, sem í frv. er lagt til.

**Jón Pálmason:** Ég skal ekki tefja umr. lengi, en ég vil aðeins víkja að því máli, sem fyrir liggur, nefnilega á hvaða tíma næsta þing skuli byrja. — Ég sé það í hendi minni, að það mun horfa til nokkurra vandræða að koma þingtímanum svo fyrir að þessu sinni, að ekki verði nokkur árekstur af við atvinnurekstur ýmsra þeirra manna, sem á þingi sitja, því hagsmunir þeirra rekast allmikið á. Kemur þetta sérstaklega fram nú vegna þess, að breytt var til með þinghaldið á þessu ári, svo að stutt líður á milli, ef þing kemur saman aftur á lögskipuðum tíma. Frá hagsmunalegu sjónarmiði minnar stéttar mun hentugast, að þingið komi jafnan saman á þeim tíma, sem stjskr. nú tiltekur, 15. febr., og sé ég þá enga ástæðu til, undir venjulegum kringumstæðum, að ekki sé hægt að ljúka því fyrir miðjan maí, eða á þremur mánuðum.

Nú hefir hæstv. forsrh. lýst því yfir, að ekki muni vera hægt að koma við í þetta skipti að byrja þing eins snemma og stjskr. tiltekur, og er ég ekki fær um að dæma, hvort þar ástæður, sem hann færði fram, eru á svo sterkum rökum reistar, að svo hljóti að verða. En ég hygg, að ef ljúka á þinginu í einu, þá verði annaðhvort að byrja það fyrr en frv. gerir ráð fyrir, eða það reki sig herfilega á atvinnuhagsmuni a. m. k. þeirra þm., er landbúnað stunda. Um þá tilhögun, sem höfð var í ár, að láta þingið koma saman að haustinu, er það að segja, að það er ákaflega óhentugt fyrir marga að fara frá heimilum sínum, þó ekki sé fyrr en 1. okt., hvað þá ef byrja ætti í september, eins og sumir hafa stungið upp á. Þá verð ég að segja, þó leiðinlegt sé að ýmsu leyti og óhentugt að sitja þing fram yfir hátíðar, að það væri skárra heldur en að gera mönnum svo erfitt fyrir sem hlyti að verða, ef byrja ætti þingið í september.

Að öllu þessu athuguðu vil ég láta eindregið í ljós, að ég kysi langhelzt, ef hægt væri að byrja næsta þing fyrr heldur en tiltekið er í þessu frv., og ljúka því svo snemma, að ekki horfi til vandræða fyrir mig og aðra, sem svipað stendur á um hvað atvinnu snertir.

Ég þarf svo ekki að fara um þetta fleiri orðum, því ég ætla ekki að fara að tala um orsakirnar til þess, að þetta þing hefir orðið svo tafsamt sem raun ber vitni um; að þeim hafa ýmsir af flokksbræðrum mínum réttilega vikið. En mér er fyllilega ljóst, að fyrir næsta þing hljóta að koma ýms tafsöm mál, sem gera það að verkum, að naumast er hægt að vænta, að því verði lokið á miklu styttri tíma en þessu. Má þar til nefna launamálið, sem að öllu sjálfráðu hlýtur að verða eitt af aðalmálum næsta þings.

**Pétur Halldórsson:** Mér þótti óþarft af hæstv. forsrh. að láta þau orð, er ég sagði hér áðan, ganga svo nærri sér, að gefa þeirra vegna tilefni til allra þeirra umr., sem síðan hafa farið hér fram. En það er ekki í fyrsta sinn sem svipaðar ástæður verða til að lengja hér umr. Og ég vil taka það fram aftur, að aðalatriðið í þessu efni fyrir ríkisstj. og þm. tel ég að eigi að vera það, að hafa þingið stutt næsta ár. Er þarfleysa að hafa þingið lengra en það, sem tekur til endanlegrar afgreiðslu fjárl. Það hefir verið og á að vera reglan um þinghaldið. Það er játað af öllum, að heppilegasti tíminn til samningar fjárl., þannig að líkur séu til, að áætlun standist, sé haustið. Á síðustu árum hefir aukizt þörfin til að vita um afkomu líðandi árs við samningu fjárl. Er því sérstök ástæða til þess nú að hafa þing að hausti. Er ríkari nauðsynin á að gæta þessa atriðis en tillit til þess, á hvaða tímum þm. eiga auðveldast um að mæta á þingi. Þess vegna á aðalreglan að vera sú, að haldin séu haustþing. Eins og hv. 7. landsk. vil ég benda á það atriði, að sérstök hvöt er fyrir þm. að ljúka af þinginu áður en jól fara í hönd. Þetta yrði góð og nauðsynleg hvöt. Finnst mér iskyggilegt þetta frv. um þinghald þegar í byrjun næsta árs, og er engu líkara en þingi sé ætlað að standa nær helming ársins 1935. Er það og þvert á móti vilja þjóðarinnar, að þm. auki að gamni sínu kostnað við þinghald. Þingið á ekki að þurfa að standa miklu lengur en þann tíma, sem það tekur að afgreiða fjárl. En nú er það sérstaklega iskyggilegt, að hæstv. stj. hefir komið upp fjölda stofnana, sem ætlazt er til, að ausi frv. inn á þingið að ári, sem mörg eru til þess líkleg að verða mikil umr.efni, og kynni þá svo að fara, að þingtíminn yrði harla langur, ef taka ætti það allt til fullrar meðferðar. Er þarflaust að miða þingtímann við slík mál, heldur á að miða hann við afgreiðslu fjárl. og halda stutt þing. Hitt gæti tekið meira en helming ársins.

Mér þykir frv. iskyggilegt, og er ég því andvígur, að þing komi saman þegar í marz næstk.

Liggja ekki heldur fyrir þau mál, að þau megi ekki bíða til hausts, eins og fjárl. Legg ég því rika áherzlu á, að þingið verði ekki haldið í byrjun næsta árs og þingkostnaðurinn þannig tvöfaldaður. Er engin þörf á að lengja þingtimann þannig vegna þessara mála, sem rigna mun yfir þingið, og mega þau vel bíða hentugra tækifæris. Þetta virðist mér vera aðalatriði málsins, og mun ég halda mér að því við atkvgr.

**Hannes Jónsson:** Það er víst tilgangslaust að ræða þetta mál, því að það mun vera fyrirfram ákveðið af stj.flokkunum, hvernig því verður hagað, og líka það, hvort þing verður haldið aftur að hausti. Þeir hafa reyndar ekkert ákveðið svar gefið í því efni, og hefir verið látið heita svo, sem það færi eftir því, hvernig næsta þing ynnist. Ég hefi ekkert svar getað fengið þessu viðvíkjandi, utan það, sem lesa má út úr orðum hæstv. ráðh., en ekkert hefir þó verið látið uppi um það, hvernig störfum þingsins skuli háttað, svo að ekki valdi óþarfa tímatöf. Þetta einræði er nú orðið svo algengt, að ekkert stoðar í móti að mæla. Bendi ég þar á sem dæmi þá fádæma málsmeðferð, sem Framsfl. hafði í Sþ. áðan, þar sem ósvífnin náði út yfir öll takmörk (Mér þætti vænt um, ef hæstv. forseti vildi undirstrika þetta með hringingu). Þessi ásökun á þó ekki við nema um Framsfl., því að Alþfl. kom drengilega fram í þessu máli og vildi viðurkenna rétt Bændafl. til að hafa mann í lögjafnaðarn. Til þess að sýna, hversu hróplegt ranglæti hér er látið fram fara, bendi ég á það, að í Danmörku hefir það alltaf verið talið sjálfsagt af stærri flokkunum, að hinir smærri flokkar ættu fulltrúa í þessari n. Störf þessarar n. eru svo þýðingarmikil fyrir þjóðina, þegar að því rekur, að útkljá verður afstöðu okkar til sambandsþjóðarinnar. Þetta dæmi, ásamt mörgu fleiru, sýnir þvílíkt ofbeldi af hálfu Framsfl. gagnvart þingi og þjóð, að búast má við öllu úr þeirri átt, sérstaklega þegar það er athugað, sem ég hefi fyrir satt, að Framsfl. hefir ekki stillt upp nema einum manni í n., en einn maður eða fáir hafa tekið sér það vald að útnefna annan, aðeins til þess að koma í veg fyrir þátttöku Bændafl., enda þótt formannsómyndin hafi þegar verið búinn að lýsa yfir því, að hann ætlaði ekki að koma að nema einum manni fyrir sinn flokk.

**Forseti (JörB):** Þetta var dálitið utan við efnið hjá hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

---

Á 64., 65. og 66. fundi í Nd., 19., 20. og 21. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 22. des., lokafundi deildarinnar, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 661, 767, 795, 833, n. 885, 892, 896).

**Forseti (JörB):** Þetta mál hefi ég hugsað mér að taka út af dagskrá.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég vil spyrjast fyrir um það, hvort ekki hé hægt að koma málinu til 3. umr.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég óska eftir, að hæstv. forseti taki málið fyrir. (**PO:** Það er ekki hægt, það er búið að taka málið af dagskrá).

**Forseti (JörB):** Það er að vísu svo, að búið er að taka málið af dagskrá, þar sem ég bjóst ekki við, að tími ynnist til málsins, sakir þess að margar brtt. liggja fyrir. Þótt hinsvegar sé búið að taka málið af dagskrá, tel ég, að ekki þurfi að binda sig svo einstrengingslega við þetta atriði þingskapanna, og þar eð fram hefir komið ósk um, að málið yrði tekið fyrir, get ég orðið við þeirri ósk, og tek hér með málið fyrir til 2. umr. (**PO:** Þarf þá ekki að setja nýjan fund?). Þetta er leiðrétting, eins og þegar þm. hefir kvatt sér hljóðs og fær að tala eftir að slitið er umr.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Það varð ekki samkomulag um annað í n. en það, að æskilegt væri að hafa samkomudaginn ekki 15. febrúar, en nm. hafa óbundnar hendur um till. Hefi ég ekki sem frsm. meira að segja um frv., annað en það, að verði ekki í dag samþ. l. um samkomudaginn, verður hann að vera á venjulegum tíma í febrúarmánuði. Nú eru rétt möguleikar á því, að samkomulag gæti fengizt ennþá milli flokka á þingi, og vildi ég því mælast til, að menn tækju brtt. sínar aftur til 3. umr., létu frv. ganga áfram en leituðu þess milli funda, hvaða samkomulagi sé hægt að ná.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég á þrjár brtt. við þetta frv. og get gjarnan orðið við þeirri ósk, að taka þær aftur til 3. umr. En ég skal þó láta fá orð fylgja þeim.

1. brtt. er um það, að samkomudagur næsta Alþingis verði eigi síðar en 2. maí næstk. Er hún flutt af þeirri ástæðu, að ég fæ ekki séð, að nokkur möguleiki sé fyrir hæstv. stj. að hafa séð um framkvæmd ýmissa þeirra laga og ákvæða, sem afgr. eru á þessu þingi, og hafa jafnframt undirbúið ýmsa stóra lagabálka, sem sennilega koma fyrir næsta þing, á hinum stutta tíma til 15. marz. Mér virðist slíkt útilokað. Og ef þingið ætti að hefjast svo snemma, myndu ýmis merkileg mál ekki koma til þingsins kasta fyrr en 4—6 vikur eru af þingi. Sjá það allir, hvernig farið er með tíma þingsins, ef þessu fer fram. Hitt kann að vera, að maí og júní séu ekki sem heppilegastur tími mörgum þm. til brottveru. En ég er hræddur um, að það sé enginn sá tími til á næsta ári, sem fellur hæstv. stj. og þm. öllum vel í geð.

Nú er þing háð í árslok, og ef taka á aftur upp þann sið að kalla það saman 15. febr., þá verður á næsta ári að finna millitíma, þannig að bilin milli þinganna jafnist eðlilega, eins og störf þeirra krefjast.

Hinar till. eru kannske ekki svo áríðandi, þó að ég hafi flutt þær nú og geri ráð fyrir, að þær beri á sínum tíma einhvern árangur. Önnur er

um það, að utanbæjarþingmenn fái hærra kaup en innanbæjarþingmenn. Það er óforsvaranlegt, hvað þeim er greitt lágt kaup, þar sem þeim verður veran í Rvík um þingtímann miklu dýrari en þeim, sem hér eiga heima, en verða hinsvegar að sleppa hendi af búi sínu eða öðrum atvinnurekstri á meðan.

3. till. er um það, að þinghald skuli yfirleitt ekki standa lengur en 60 daga. Ég gæti þó eins vel fylgt till. hv. 2. þm. Skagf., um að tiltaka heldur, að þm. sé greitt kaup í 70 daga, eða þá 75, ef slík till. kemur fram. Það var yfirlýst af öllum flokkum, að þeir teldu, að þingtíminn gæti stytzt um 2—4 vikur fyrir hið nýja ákvæði stjskr., að fjárlög séu rædd í sameinuðu þingi. Til þess að stuðla að því, að þessi tilgangur náist, hygg ég sé rétt að ákveða annaðhvort eins og hér er lagt til, að greiða þm. laun fyrir ákveðinn starfstíma og svo ekki meira, þó að þing starfi lengur, eða hitt, að greiða þeim ákveðið fast kaup, hvort sem þing stendur lengur eða skemur, og þá hærra til utanbæjarþingmanna.

Ég skal ekki ræða þessar till. nánar að þessu sinni. En þær mega bera árangur síðar. Nú er hin mesta nauðsyn að afgreiða l. um samkomudag næsta þings. Og það er sama og að eyðileggja störf þingsins, ef það kemur saman á venjulegum tíma, að óundirbúnum flestum málum. Um það atriði ættu allir þingflokkar að geta verið sammála.

**Frsm. (Héðinn Valdimarsson):** Ég tek aftur til 3. umr. brtt. á þskj. 892, og skilst mér, að það muni fara sömu leið með hana og till. hv. þm. V.-Sk. Það mun verða reynt að ná samkomulagi við hv. þm. Snæf. um það sama.

**Jón Pálmason:** Það þýðir náttúrlega ekki að ræða þetta mál mikið nú; en ég vildi rétt láta þess getið, að ég er talsvert á annari skoðun en hv. þm. V.-Ísf. um það, að bezt muni vera að hafa þing að vorinu. Þetta kemur eðlilega til af því, að hagsmunir okkar utanbæjarmanna rekast allalvarlega á þá tilhögun, raunar ekki síður en ef horfið yrði á þá braut að setja þing snemma eða seint í september, sem má heita sama og að útiloka, að þeir fáu bændur, sem sitja á þingi, geti þar mætt, nema ganga gersamlega á snið við alla sína atvinnulegu hagsmuni.

Eins og komið er málum, sýnist mér réttast, að þetta frv. dagi uppi og þingið komi saman sem næst því, sem ákveðið er í stjskr., því að þótt raunar sé stuttur tími fyrir hæstv. stjórn til að undirbúa mál, þá sýnist mér það ekki myndi gera stórt til, þó að ekki yrði hrúgað inn öðrum eins ósköpum eins og á þessu þingi. Og ef það er ætlun manna að breyta þingtímanum aftur í hið gamla horf, sem ég tel hentugast, verður ekki hjá því komizt, að sú breyting komi ónotalega niður í eitt skipti. En það er ekki heldur nema um eitt skipti að ræða.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Það er misskilningur hjá síðasta ræðumanni, að það felist í minni till., að vortíminn og sumarið sé heppilegastur þingtími yfirleitt. Mín till. miðar einungis við þetta ár, og það vegna þess, að nú er þing í árslok, og í stað þess að heyja reglulegt þing aftur í ársbyrjun, verðum við að fara einhverja millileið á næsta ári. Þetta kann að verða einhverjum til óþæginda, en það má ekki miða við óþægindi einstakra þingmanna, heldur fyrst og fremst við það, hvenær þinghald kemur að fullu gagni. Og það verður ekki, ef þing verður látið hefjast fyrr en með maí. Það mætti hefjast síðar; en því síðar sem er, því minni möguleiki er fyrir þingi á reglulegum tíma árið eftir.

Mín till. er því bundin við þetta sérstaka tilfelli á næsta ári.

**Pétur Ottesen:** Mér hefir skilizt á hæstv. forseta, að mál þetta mundi vera úr sögunni og ekki eyðandi tíma í það, sakir hinna mjög sundurleitu skoðana manna á málinu í öllum flokkum. Fyrir liggur fjöldi till., og þar sem komið er alveg fast að þingslitum, er vitanlega tilgangslaust og ástæðulaust að taka málið fyrir. Enda vildi hæstv. forseti taka málið út af dagskrá, sem er mjög í samræmi við það, sem hann sagði mér og öðrum fyrir fundinn.

Út af því, sem fram hefir komið nú, vil ég taka það fram, að þessi færsla þingtímans, eins og gert er ráð fyrir í frv., er ákaflega óþægileg fyrir bændur. Ég tala ekki um þá till., sem kom frá hv. þm. V.-Ísf., því að verði hún ofan á, er það hreint og beint sama sem að byggja bændum algerlega út úr þinginu og færa þingvaldið gersamlega í hendur kaupstaðanna. Ég veit ekki, hvort hv. þm. meinar þetta með sinni till. Ég ætla, að hann skorti heldur skilning á því, hversu ákaflega erfið og ómöguleg bændum er brottvist frá heimilum sínum um háannatímann.

Ég held, að eins og málum er komið, sé bezt að láta sitja við það, sem er, að þing komi saman á lögmæltum tíma, og sé ekki verið að grauta meir í þessu máli. Það er sýnilegt, að það fæst ekki samkomulag. Og þó að tækist með hörku að knýja málið fram á síðustu stundu, þegar ekki er tækifæri til að viðhafa neina eðlilega meðferð málsins, þá myndu úrslitin áreiðanlega verða á móti vilja mikils meiri hl. Alþingis.

**Ásgeir Ásgeirsson:** Minn tilgangur er ekki sá, að ofsækja bændur og flæma þá úr Alþingi. Enda er það vitað, að bændur sátu á sumarþingum meðan þau voru, og rétt eins margir eins og eftir að þingtíminn fluttist á veturinn. Hitt veit ég líka, að það er bezt fyrir bændur eins og fyrir aðrar stéttir og þjóðina í heild sinni, að næsta þing geti orðið starfshæft vegna undirbúnings þingmála og frv. En að stefna þinginu saman nú eftir hálfan annan mánuð er sama og að fella niður að töluverðu leyti þinghald á næsta ári eða lengja þingtímann um helming frá því, sem þyrfti. Og ég hygg, að hvorugt af þessu gefi bezta útkomu fyrir bændastéttina.

**Pétur Ottesen:** Í sambandi við þau ummæli hv. þm. V.-Ísf., að áður fyrr hafi verið haldin sumarþing og bændur setið þar ekki færri en nú, vil ég benda á það, að það er nú orðin ærin breyting á fyrir bændastétt þessa lands og örð-

ugra að komast frá heimilum sínum en þá var. Og þó að hv. þm. V.-Ísf. þekki ekki vel til í sveitum landsins, þá ætti hann að geta farið nærri um þetta breytta viðhorf bænda, ef þeim er valinn sá allra óhentugasti tími til að yfirgefa heimili sín, eins og gert yrði samkv. hans till.

Þá kvað hv. þm. ekki vera nægan tíma fyrir hendi til undirbúnings þingmálum. Hvar eru þá öll þessi „ráð“ og allir þessir dráttarklárar, sem hv. 2. landsk. talaði um, að hæstv. stj. beitti fyrir plóginn hjá sér? Hvar er þá allt þetta mikla afl og mannvit, sem hæstv. stj. hrúgar í kringum sig til að leysa vandamál þjóðarinnar, ef það getur ekki komið fram í undirbúningi þingmála? (MT: Segjum tveir!). Já, segjum tveir!

**Ásgeir Ásgeirsson:** Ég ætla aðeins að benda hv. þm. Borgf. á það, að það er með störf í nefndum eins og þegar menn verða samferða, að fimm menn eru ekki fimm sinnum fljótari en einn maður. Fimm menn vinna ekki fimm sinnum fljótar að tekjuskattsmálum en einn maður eða heldur en stjórnin. Menn þurfa rétt sinn tíma til að koma málunum áfram, þó að fleiri séu, og kannske lengri tíma.

Ég veit, að það er mannfæð í sveitunum hjá því, sem áður var. En ég hefi lagt til í minni till., að þeim, sem búa utan Rvíkur, sé goldið hærra kaup. Og ég hygg, að yfir vortímann sé kannske kostur á að fá mann fyrir allt að 16 kr. á dag. Og flestir bændur segja mér, að þessi tími sé ekki óheppilegri en október, sem kannske er allra óheppilegastur tími fyrir bændur landsins.

***Pétur Ottesen:*** *Ég vil aðeins benda á, að það er skrítið við þessar nefndarskipanir, ef þær eiga nú aðeins að tefja undirbúning mála. Þó að bændur og aðrir utanbæjarþm. eigi hér að njóta einhverra sérstakra vildarkjara, eins og hv. þm. V.-Ísf. þykist hafa gert till. um, þá held ég, að ávinningurinn yrði hæpinn, miðað við þann þingtíma, sem verið hefir að undanförnu, því að eftir því ættu þessir þm. að vinna þriðjung þingtímans fyrir ekkert, og þá hækkar nú fyrst hagurinn fyrir bændurna að kaupa sér menn í sinn stað á meðan þeir eru á þingi.*

Umr. varð ekki lokið, og tók forseti málið af dagskrá.

## 58. Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Á 61. fundi í Ed., 14. des., var útbýtt:
**Frv. til l. um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins** (þmfrv., A. 791).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.